Hæstaréttardómar 1973

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar gallar á bls. 191, 255, 862 og 883 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1973

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Ábyrgð ... 584
Aðiljaskipti ... 27
Áfengislög ... 690, 912
Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins ... 405
Áfrýjun ... 27
Áfrýjunarfrestur ... 789
Ákvæðisvinna ... 129
Almenn hegningarlög, 210. gr. ... 452
Almenn hegningarlög, 220. gr. ... 912
Árekstur bifreiða ... 494
Áskorunarmál ... 885
Banaslys ... 62, 339
Bifreiðar:
a) Einkamál ... 113, 240, 247, 494, 584
b) Refsimál ... 62, 69, 339, 690, 912
Björgun ... 667
Blóðrannsókn, bifreiðarstjórn ... 690, 912
Bréfhelgi ... 1013
Byggingarfrestur ... 1000
Dómarar ... 45
Endurgreiðsla ... 907
Fargjald ... 887
Fasteignakaup ... 278
Fasteignasala, þóknun ... 901
Firma ... 771
Fiskveiðabrot ... 207, 379, 561, 648
Fjárdráttur ... 442
Fjárnám ... 215
Forgangskrafa ... 521
Frávikning úr starfi ... 164
Frávísun 12, 39, 74, 93, 137, 262, 308, 505, 510, 513, 528, 570, 601, 608, 617, 624, 656, 660, 789, 802, 837, 846, 885, 893, 974, 984, 1037
Frestur ... 1015

Bls.
Gatnagerðargjald 1000
Gengi 887
Gjaldþrot 521
Gæzluvarðhald 1, 33, 37, 306, 474, 581, 583, 622, 644, 646
Heimilsaðstoð 907
Heimvísun 3, 157, 178, 215, 254, 373, 418, 476, 811
Jarðhiti 390
Kaupgjaldsmál 129, 164, 794
Kennarar 974
Kjarasamningar **366, 552, 794**
Kærumál:
a) Bréfhelgi 1013
b) Dómarar 45
c) Frávísun 12, 93, 137, 308, 505, 510, 528, 570, 601, 608, 617, 624, 656, 660, 802, 837, 893
d) Gæzluvarðhald 1, 33, 37, 306, 474, 581, 583, 622, 644, 646
e) Heimvísun 418
f) Lögmannafélag Íslands, úrskurður 570
g) Málflutningsstörf, endurgjald 826
h) Ómerking 418
Lausafjárkaup 113, 962
Líkamsmeiðingar 912
Lóðarleiga 1000
Lóðaskrárritari 1026
Lögheimili 484
Lögmannafélag Íslands, úrskurður 570
Lögtak 224, 700, 1017
Málflutningsstörf, endurgjald 826
Málskostnaður 27, 1012
Manndráp, tilraun 912
Ómaksbætur 47, 206, 269, 417
Ómerking 3, 74, 157, 178, 215, 254, 262, 373, 418, 476, 811, 846, 885, 984, 1037
Óréttmætir verzlunarhættir 469
Rangur framburður 690
Riftun samninga 113
Samningar 742
Samningsslit 270
Segulband, notkun í þinghaldi 278
Sératkvæði 62, 143, 224, 254, 278, 339, 347, 405, 584, 608, 690, 811, 837, 962, 1026
Sjálfskuldarábyrgð 536
Sjóveðréttur 667
Skaðabótamál 51, 240, 247, 278, 310, 347, 390, 435, 494, 584, 708, 742, 803, 866, 974
Skattamál 194, 224, 676, 700, 736, 782, 1017

Bls.
Skiptamál 1037
Skjalafals 442
Skuldamál 143, 778
Slysatryggingarfé 1037
Stjórnsýsla 974
Söluskattur 194, 736, 1017
Tekjuskattur 224, 676, 700
Tilraun til manndráps 912
Tómlæti 552
Tryggingarbréf 231
Umferðarlög 62, 69, 339, 690, 912
Uppboð 231, 459
Útboð 742
Útivistardómar 1, 47, 48, 49, 50, 206, 269, 417, 676, 781, 900, 1012
Vegagerð ríkisins, ábyrgð 584
Verzlunarhættir, óréttmætir 469
Vinnulaun 366
Vinnusamningar 521
Vinnuslys 51, 347, 435, 708
Vörumerki 469
Þinghöld, segulband 278
Þinglýsing 1026
Þjófnaður 310, 684
Þóknun, fasteignasala 901

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LIV. árgangur **1973**

Mánudaginn 8. janúar 1973.

Nr. 33/1973. **Gunnar Petersen**
gegn
Guðmundi J. Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 10. janúar 1973.

Nr. 2/1973. **Valdstjórnin**
gegn
Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni og
Páli Konráði Konráðssyni Þormar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. desember 1972, sem barst Hæstarétti 4. janúar 1973, hafa varnaraðiljar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála skotið máli

þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1972.

Ár 1972, föstudaginn 29. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að í dag, kl. 0045, barst lögreglunni kæra um árás fjögurra manna á vegfaranda, sem leið átti um Grjótagötu.

Um það bil klukkutíma síðar var óskað lögregluaðstoðar að Bárugötu 3, Reykjavík, vegna fjögurra manna, sem veitzt hefðu að húsráðanda á staðnum, og saknaði hann peningaveskis síns. Þá kveðst hann hafa verið neyddur til að skrifa ávísun að upphæð kr. 3.000.00.

Lögreglan kom á staðinn og handtók þar fjóra menn, þá Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, Pál Konráð Konráðsson Þormar, Guðmund Rúnar Sveinsson og Vilhjálm Svan Vilhjálmsson.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni játuðu tveir hinir síðastnefndu að hafa ásamt þeim Páli og Óskari ráðizt að vegfaranda á Grjótagötu og tekið af honum veski hans og síðan hlaupið á brott og farið að Bárugötu 3.

Rannsóknarlögreglunni hefur ekki borizt kæra vegna árásar á mann fyrir utan Hábæ, en tilkynning um það mál mun hafa komið frá leigubílstjóra, sem varð sjónarvottur að því.

Rannsókn máls þessa er enn á frumstigi, og þykir því nauðsyn til bera með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 82/1961 að úrskurða þá Pál Konráð og Óskar Elías Héðin í gæzluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár varðhaldinu ekki til fyrirstöðu, þar sem brot þetta gæti varðað þá fangelsisrefsingu eftir XXIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, ef sannaðist.

Úrskurðarorð:

Kærðu Óskar Elías Héðinn Guðmundsson og Páll Konráð

Konráðsson Þormar skulu sæta gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 15. janúar 1973.

Nr. 121/1970. **Gísli Sveinbjörn Magnússon**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Jóhanni Þorsteinssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1970. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur fébótaskyldur vegna slyss þess, sem áfrýjandi varð fyrir um borð í m/b Hrönn II, GK 241, hinn 15. ágúst 1967. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti 12. september 1972.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa aðiljar komið aftur fyrir dóm og greint nánar frá málsatvikum. Skipstjóri bátsins kom þá fyrst fyrir dóm. Dómendur í héraði leggja til grundvallar, að kastblökk hafi verið til um borð, en samkvæmt framburði skipstjórans var svo ekki. Tæki þetta og annar blakkabúnaður bátsins, sem ekki er nægilega upplýst um, koma mjög við sögu, er meta skal, hvort rétt vinnubrögð voru viðhöfð, eins og á stóð, um borð í bátnum. Af gögnum málsins er ekki leitt í ljós, hvort hægt var „að nota spil trollvindunnar". Ýmis önnur atriði eru vanprófuð, svo sem hvort rétt var að halda áfram að hífa, eftir að stýrimaður varð fyrir handarmeiðslinu, en skipstjóri var þá í sjónum. Ljóst er, að gagnaöflun í

héraði var mjög áfátt. Átti sjódómurinn að beina því til aðilja, að úr yrði bætt, áður en hann legði dóm á málið.

Vegna þessara annmarka verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með þinghaldi hinn 21. maí 1970 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi hinn 21. maí 1970 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. júní 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Gísli Sveinbjörn Magnússon, Álftamýri 28, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. júlí 1969, á hendur Jóhanni Þorsteinssyni útgerðarmanni, Fálkagötu 24, Reykjavík, og til réttargæzlu Samvinnutryggingum g/t.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda eru þær, að honum verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 972.060.70 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. ágúst 1967 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins. Til vara, að stefnufjárhæðin verði stórlega lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður þá látinn niður falla. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur í málinu, og gerir hann heldur ekki sjálfstæðar kröfur.

Sáttaumleitanir í málinu báru ekki árangur.

Tildrög máls þessa eru þau, að vélbáturinn Hrönn II, GK 241, var staddur í Faxaflóa að morgni hins 15. ágúst 1967. Hafði báturinn verið að veiðum. Var hann að koma úr Breiðafirði á leið til Reykjavíkur. Eigendur báts þessa eru stefndi og bróðir hans, Pétur Þorsteinsson, kaupfélagsstjóri á Tálknafirði. Skipstjórinn á bátnum í ferð þessari var Kristófer Reykdal. Stefnandi var stýrimaður, en stefndi Jóhann Þorsteinsson I. vélstjóri. Hafði þó hvorugur tilskilin réttindi, en nutu undanþágu. Tveir aðrir menn voru meðal áhafnar bátsins. Var annar þeirra Svavar Rúnar Guðnason, sem kemur við mál þetta. Báturinn Hrönn II. ber nú nafnið Sindri, RE 410, og er það 60 tonna bátur.

Er báturinn var staddur á Faxaflóa vestur af Þormóðsskeri, var ákveðið að taka eitt kast enn. Báturinn var með botnvörpu. Logn var og sléttur sjór. Eftir að kastað hafði verið, fór skipstjórinn í koju og sagði stefnanda að toga og taka síðan trollið inn og fara til Reykjavíkur. Þegar togað hafði verið og unnið var við að hífa botnvörpuna, tókst svo slysalega til, að varpan festist í skrúfunni. Þegar trollið var orðið fast í skrúfunni, ræsti stefnandi út skipstjórann. Fór hann í froskmannabúning og stakk sér til sunds til þess að reyna að losa úr skrúfunni. Er skipstjórinn hafði kannað ástandið, bað hann um tóg, sem hann festi síðan í trollið. Þeir, sem eftir voru um borð, tóku síðan tógið í gegnum blökkina á gálganum og síðan á koppinn á línuspilinu. Hafa verið lagðar fram myndir, þar sem sett er á svið aðferð þeirra. Þegar farið var að hífa, kom í ljós, að brögðin á koppnum héldu ekki.

Stefnandi stóð fyrir framan koppinn, en Svavar Rúnar Guðnason stjórnaði glussagjöfinni á spilinu. Stefnandi hélt í tógið og fann, að álagið var að verða of mikið. Hann gaf þá hásetanum við glussagjöfina fyrirmæli um að stoppa spilið, til þess að hægt væri að koma fleiri brögðum á koppinn, en áður en spilið stöðvaðist, missti hann af tóginu, sem slengdist í þumalfingur hans vinstri handar. Eftir að stefnandi missti af tóginu, greip Svavar Rúnar, sem stóð við glussagjöfina, tógið og hélt í það. Skipstjórinn, sem var í sjónum við skut skipsins, kallaði þá „hífið", og hífði þá Svavar Rúnar, en álagið var það mikið, að hann missti af tóginu. Slengdist það í hægra auga stefnanda, sem hlaut við það alvarlegan áverka.

Skipverjar náðu fljótlega úr skrúfunni, og var haldið til Reykjavíkur og komið þangað kl. 2—3 um daginn. Var pantaður fyrir stefnanda leigubíll, og hélt hann heim til sín, enda mun hann

hafa haldið í fyrstu, að aðeins væri um glóðarauga að ræða. Þegar hann kom heim, gat hann ekki enn opnað augað og fór til læknis, hann mun þó ekki hafa komizt til læknis fyrr en kl. 5—6.

Stefndu gerðu engar ráðstafanir til þess að láta fara fram sjópróf. Réttargæzlustefnda, Samvinnutryggingum g/t, var tvívegis sem ábyrgðartryggjanda skrifuð beiðni um að láta fara fram sjópróf, en án árangurs. Hinn 18. janúar 1969 var síðan sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu skrifuð beiðni um, að fram yrðu látin fara sjóferðapróf. Sjópróf fóru síðan fram 20. janúar 1969. Komu þá fyrir dóm stefnandi, stefndi Jóhann og vitnið Svavar Rúnar Guðnason.

Við sjóprófið kvaðst stefnandi vera fæddur 17. apríl 1936 og hafa verið skráður stýrimaður á Hrönn II. Hann kvaðst hafa verið í þjónustu stefnda um hálfan mánuð, þar af viku á skipinu, er slysið varð. Hann sagðist ekki hafa stýrimannsréttindi, en hafa haft undanþágu. Hann kvaðst hafa verið til sjós frá 16 ára aldri og jafnan starfað sem háseti, þar til hann réðst á Hrönn II. Hann sagðist ekki vera sjómannaskólagenginn. Um tildrög slyssins fórust honum m. a. orð á þessa leið: „... Þeir hafi allir verið staddir aftur á við að koma skipstjóranum í sjóinn, þ. á. m. útgerðarmaður bátsins, Jóhann Þorsteinsson, sem hafi verið vélstjóri á bátnum. Skipstjórinn hafi komið fljótlega upp aftur og beðið um að láta sig hafa tóg.

Skipstjórinn hafi síðan fest tógið í trollið. Þeir hafi síðan tekið tógið í gegnum blökkina á gálganum og síðan á koppinn á línuspilinu ...“.

Stefnandi taldi, að er hásetinn missti af tóginu, hafi myndazt bugt á tógið, sem hafi slengzt fram og í hægra auga hans. Hann kvaðst halda, að það hefði verið sá partur af tóginu, sem var laus, sem slóst í auga hans. Tógið hafi ekki slitnað. Hann kvaðst ekki hafa séð, hvort tógið hafi sloppið af koppnum, enda hafi hann fundið til mikils sársauka við höggið á augað og ekki getað opnað augun. Hann kvaðst fljótlega hafa getað opnað vinstra augað, en hægra augað ekki fyrr en nokkrum dögum seinna. Aðspurður um sjón sína nú og varnanlegar afleiðingar slyssins sagði hann, að hann sæi rétt skímu með hægra auganu og Úlfar Þórðarson augnlæknir segði, að það yrði blint. Hann kvaðst þola illa að horfa mikið, t. d. á sjónvarp. Augað verði þurrt og sárt. Hann sagðist þola illa að lesa, hann fengi fljótlega höfuðverk og yrði að hætta. Hins vegar taldi hann allt í lagi með vinstra augað.

Stefndi Jóhann Þorsteinsson sagði m. a. við sjóprófið, að hann

hefði verið staddur aftan til í gangi stjórnborðsmegin, er slysið varð. Hann kvaðst ekki hafa séð sjálft slysið. Hann hefði verið að huga að skipstjóranum, sem hafi verið að koma úr kafi. Hann kvaðst hafa heyrt Gísla gefa frá sér hljóð og farið fram á. Hafi honum skilizt, að það hefði farið bragð á koppnum og einhver bugt af tóginu slegizt í Gísla. Hann hafi þá verið fyrir framan spilið. Svavar Rúnar Guðnason hafi einnig verið við spilið. Hann kvaðst ekki vita til þess, að aðrir sjónarvottar hefðu verið að slysinu en Svavar Rúnar. Aðspurður að ósk lögmanns tryggingafélagsins, hvort hann teldi, að sú vinnutilhögun, sem viðhöfð var, hafi verið varhugaverð, og ef hann teldi, að svo væri, hver önnur vinnutilhögun hefði verið tiltæk eða öruggari. Svaraði hann því til, að hann teldi, að sú aðferð, sem beitt hafi verið, sé tvímælalaust stórhættuleg, og þó enn hættulegri gagnvart þeim manni, sem ekki lenti í slysinu í þessu tilviki. Hann sagði, að aðferð þessi væri hættuleg vegna þess, að tógið kom á ská á koppinn, og þegar hífað sé, fari það nær undantekningalaust upp af. Hins vegar sé sú aðferð t. d. tiltæk að draga tógið í gegnum blökk, sem mundi stýra því beint inn á koppinn.

Hann sagðist einnig telja, að heppilegra hefði verið að hífa á kopp á trollspilinu. Átakið hefði þá komið beinna. Þeir koppar koma láréttir. Hann kvað hífingu á kopp alltaf vera að koma fyrir. Hins vegar þyrfti sjaldan að hífa troll úr skrúfu.

Hann kvað það ekki venjulegt að hífa gegnum þessa blökk á þennan hátt.

Venjulegast sé það annar maður, sem stjórni olíugjöf á spili en dragi tógið af því. Þó komi það fyrir, að sami maður geri hvort tveggja.

Aðspurður kvaðst hann ekki hafa tekið eftir því, áður en slysið varð, hvernig verkið var framkvæmt, enda hafi hann haft öðrum störfum að sinna á skipinu.

Þegar stefnanda var kynntur þessi framburður stefnda, taldi hann aðferð þá, sem beitt var við að hífa í tógið, ekki hafa verið óvenjulega eða að um aðra hættuminni aðferð hafi verið um að ræða. Hann kvað trollspilið hafa verið teppt í þessu tilviki og því ekki mögulegt að nota það.

Vitnið Svavar Rúnar Guðnason, fæddur 14. janúar 1951, kom fyrir dóm við sjóprófin. Staðfesti hann þar yfirlýsingu, þar sem fram kemur, að skoðun hans sé sú, að stefnandi eigi enga sök á slysinu og hefði ekki getað afstýrt því, eins og á hafi staðið.

Vitnið sagði aðspurt um slysið, að Gísli hafi meiðst á fingri og

hafi vitnið þá tekið við af honum við að halda í tógið. Hann kvaðst einnig hafa verið á glussagjöfinni. Skipstjórinn hafi þá kallað að hífa, en spilið hafi þá verið stoppað. Gísli hafi þá staðið við mastrið ca. 1½ metra frá spilinu. Hann kvaðst hafa sett spilið af stað, þegar skipstjórinn hafi kallað að hífa, og ætlað að reyna að halda tóginu með annarri hendinni, en misst af því. Hann sagði, að tógið hefði ekki sloppið upp af koppnum.

Hann var spurður að því, hvernig tógið hefði slengzt í Gísla, og sagðist hann þá ekki muna það alveg, hvort það hefði skotizt beint út frá sér eða eitthvað á hlið.

Hann sagði, að þegar hann hafi ætlað að hífa, hafi hann kallað í skipstjórann og sagt honum, að ekki væri hægt að hífa meira. Tógið væri alveg orðið „straight". Skipstjórinn hafi þá sagt: „Hífa þangað til það slitnar". Hann kvaðst alveg sérstaklega muna eftir þessum síðustu orðum skipstjórans. Hann kvaðst ekki geta sagt um það, hvort aðrir hefðu heyrt þessi orð skipstjórans.

Kristófer Reykdal, skipstjóri á skipinu, þegar slysið varð, hefur gefið yfirlýsingu, sem lögð hefur verið fram í málinu. Segir þar, að hann hafi ekki verið sjónarvottur að slysinu og geti því ekki sagt um það, hvernig það vildi til. Hann kveðst minnast þess, að slakað hafi á tóginu í eitt skipti, áður en slysið varð. Hann segir það munu hafa verið, þegar það slóst í hönd Gísla. Hann hafi þá kallað og beðið um, að hífað væri vel í.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að leggja ætti framburð hans til grundvallar, þar sem sjópróf hefðu ekki farið fram að tilhlutan stefnda. Það sé upplýst af stefnanda, að ekki hafi verið hægt að nota annað spil, eins og á hafi staðið, og aðferð sú, sem beitt hafi verið við að hífa í tógið, hafi ekki verið óvenjuleg og ekki hafi verið um aðra hættuminni aðferð að ræða. Ljóst sé, að slysið verði á þann hátt, að hásetinn Svavar missi af enda tógsins, sem slengdist við það í auga stefnanda. Því var algerlega mótmælt, að slysið hafi orðið á þann hátt, að tógið hafi farið upp af koppnum eða að það hafi getað það. Myndir þær, sem fram hafa verið lagðar í málinu, og séu vinnuaðstæðurnar settar á svið, sýni, að enginn möguleiki sé á þessu.

Var á því byggt af hálfu stefnanda, að orsök slyssins megi rekja til mistaka af hálfu Svavars Rúnars, sem hafi ætlað sér hvort tveggja í senn að stjórna glussagjöf spilsins og halda í enda tógsins. Jafnframt hafi hann verið að framkvæma fyrirskipun skipstjórans, sem honum hafi tvímælalaust borið samkvæmt sjó-

manna- og siglingalögum. Því miður hafi skipun skipstjórans ekki verið rétt, eins og á stóð.

Af hálfu stefnda var því lýst, að engar réttarfarslegar aðfinnslur væru gerðar vegna þess, að Jóhanni Þorsteinssyni væri einum stefnt, en ekki honum og bróður hans, Pétri Þorsteinssyni, sem einnig væri eigandi bátsins.

Því var haldið fram, að slysið ætti ekki lögum samkvæmt að valda stefnda nokkurri fébótaábyrgð. Var það rökstutt þannig í fyrsta lagi, að í skýrslu stefnda fyrir sjódómi væri gerð grein fyrir því, að vinnubrögð þau, sem höfð hafi verið í frammi við að hífa tógið, sem skipstjórinn hafði fest í trollið, hafi verið röng og hættuleg. Þessu hafi valdið hallinn á tóginu frá blökkinni í gálganum að ásnum á línuspilinu. Þegar átak hafi komið á tógið, hafi verið óhjákvæmilegt, að það spynnist upp af ásnum, sem hafi verið lóðréttur. Augljós nauðsyn hafi verið á því, að tógið væri lárétt eða því sem næst. Þess hafi verið hægur kostur með því móti t. d. að draga tógið í gegnum aðra blökk, sem beindi því í lárétta stöðu inn á ásinn, eða bregða tóginu á ás trollvindunnar. Sá ás væri láréttur og því mun hægar og raunar leikur einn að hemja tógið á honum. Slík vinnubrögð hafi verið sjálfsögð í umræddu tilviki. Hefði þá alls ekki til slyssins komið.

Í öðru lagi var því haldið fram, að stefnandi hafi verið stýrimaður á bátnum og hafi því haft verkstjórn með höndum á þilfarinu. Hann hafi því haft allan veg og vanda af umræddu verki og það því fremur sem skipstjórinn var í sjónum og varð að setja allt sitt traust á stýrimanninn. Stefnandi hafi brugðizt hlutverki sínu og verði því sjálfur að gjalda afleiðinga þess.

Ef svo mundi fara, að eigi yrði fallizt á þessa sýknuástæðu, þá var því haldið fram, að stefnandi hafi verið hættulega staðsettur með tilliti til þeirrar hættu, sem á því var, að tógið yrði eigi hamið á ásnum. Honum hafi borið að standa þannig að verkinu, að eigi væri hætta á því, að tógið slægist í hann, enda þótt það losnaði af ásnum. Enn ríkari ástæða hafi verið til þess, eftir að stýrimaður var úr leik um stund og aðstoðarmaður hans varð að bæta á sig hans starfi. Þetta hafi stefnandi vanrækt og hafi verið alveg óviðbúinn því, að þau hrakföll endurtækju sig, sem þegar höfðu áþreifanlega bitnað á honum. Hafi hann þó gerla mátt vita, að hættan á því, að eins færi og áður, ykist að mun, þegar aðstoðarmaður hans varð með annarri hendi að hemja enda tógsins á ásnum. Var því haldið fram, að ekki væri efni til þess að sakast við Svein Rúnar um, hvernig til tókst, þar sem

engin von hafi verið til þess, að hann fengi hamið tógið á ásnum með annarri hendi.

Ef svo ólíklega færi, að framangreindar sýknuástæður teldust eigi hafa við gild rök að styðjast, þá var því haldið fram, að niðurstaðan ætti að verða sú, að um óhappatilviljun væri að ræða.

Því var sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda, að slysið yrði rakið til þess, að fyrirskipun skipstjórans hafi verið röng „ eins og á stóð", svo sem haldið er fram í stefnu. Skipstjórinn hafi mátt treysta því, að stefnandi rækti rétt það starf, sem hann fól honum, án þess að stofna sjálfum sér og öðrum í hættu. Skipstjórinn hafi verið fjarstaddur og því útilokað fyrir hann að vita, að fyrirmæli hans, sem voru bæði eðlileg og óhjákvæmileg, dragi þann dilk á eftir sér, sem raun varð á.

Varakrafa stefnanda var, að því er til ábyrgðarinnar tekur, studd sömu rökum og aðalkrafan. Haldið var fram, að það væri ótvírætt, að um verulega gáleysislega háttsemi væri að ræða hjá stefnanda, sem a. m. k. hlyti að valda meðsök hans í tjóninu.

Í þinghaldi í dag var málið endurupptekið með tilvísan í 120. gr. einkamálalaga, þar sem dómurunum þótti á vanta upplýsingar um fjárhæð.

Aðiljar lýstu því þá yfir, að þeir æsktu þess, að málið yrði sótt, varið og dæmt eingöngu um skaðabótaskylduna. Var með samþykki dómara horfið að því ráði.

Svo sem fram kemur í framburðum, m. .a. stefnanda sjálfs, var skipstjórinn í sjónum, þegar slys það varð, sem er tilefni máls þessa. Hann var því hindraður frá verkstjórn um borð, enda gaf hann samkvæmt framburðum ekki fyrirmæli um vinnubrögð á þilfari. Stefnandi var ráðinn stýrimaður á bátinn og bar sem slíkum að taka stjórnina í sínar hendur, meðan skipstjórinn var forfallaður, enda ómótmælt af stefnanda, að hann hafi stjórnað því, hvernig farið var að við hífinguna. Byggja verður á því, að ljósmyndir þær, sem lagðar hafa verið fram í málinu, sýni, hvernig að var farið. Það er skoðun hinna sérfróðu dómenda, að réttari vinnubrögð, sem vel hafi mátt viðhafa, hafi verið að draga tógið í gegnum kastblökk, eftir að hún var dregin í gegnum blökkina í gálganum. Með þessari aðferð hefði tógið komið lárétt á spilkoppinn, síðan hafi átt að byrja að bregða tóginu á spilkoppinn neðst og halda upp eftir, hefði þá mátt bregða aukalykkju á koppinn, ef á þurfti að halda. Þá er það skoðun hinna sérfróðu meðdómenda, að heppilegri vinnubrögð hefðu verið að nota spil trollvindunnar. Þeir geta ekki fallizt á, að það hafi verið teppt.

Þau vinnubrögð, sem myndirnar sýni, séu óvenjuleg og stórvarhugaverð.

Eins og nú hefur verið rakið, verður dómur reistur á því, að aðalorsök slyssins megi rekja til rangra vinnubragða, sem stefnandi átti að segja fyrir um. Aðstoðarmaður hans, Svavar Rúnar, hélt áfram verkinu einn og tók einnig á sig störf stefnanda.

Enda þótt stefnandi hafi meiðzt lítillega á hendi, verður ekki talið, að hann hafi verið hindraður frá verkstjórn. Samkvæmt framansögðu bar stefnanda sem stýrimanni skipsins að koma í veg fyrir, að Svavar Rúnar héldi verkinu áfram og hlýddi skipunum skipstjórans, sem ekki gat gert sér grein fyrir aðstæðum á þilfari. Framangreind skylda stefnanda var þeim mun brýnni, þegar haft er í huga ungur aldur Svavars Rúnars og staðsetning hans sjálfs.

Þegar á allt þetta er litið, verður ekki hjá því komizt að leggja alla ábyrgð af tjóninu á stefnanda sjálfan.

Málskostnaður fellur niður.

Dóm þennan kváðu upp Hrafn Bragason, dómari í héraði, Andrés Guðjónsson tæknifræðingur og Jón Björnsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Þorsteinsson, skal sýkn af kröfum stefnanda, Gísla Sveinbjörns Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 17. janúar 1973.

Nr. 6/1973. **Kjartan Stefánsson**
Skúlína Stefánsdóttir
Höskuldur R. Stefánsson
Páll A. R. Stefánsson og
Össur Stefánsson
gegn
Halldóri Guðbjartssyni og
Jarðeignasjóði ríkisins.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í 21. gr., 1. mgr., 1. tl. b laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. desember 1972, sem Hæstarétti barst 9. janúar 1973. Krefjast þeir þess, að frávísunardómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu, uppkveðinn 28. nóvember 1972, sem sóknaraðili fékk vitneskju um 8. desember 1972, verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast báðir staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eigi var lögskylt samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 að stefna Mosvallahreppi í máli þessu, en dómur í því mundi að sjálfsögðu ekki binda hreppinn, sbr. 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936. Sóknaraðiljar eiga rétt á því að fá úr því leyst, hvort þeim sé gagnvart varnaraðiljum rétt að fá jörðina Kirkjuból keypta með sömu kjörum og hún var seld Jarðeignasjóði ríkisins 21. nóvember 1969. Að svo vöxnu máli ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið í heild til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum málalokum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðiljum óskipt kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið í heild til meðferðar og dæma það að efni til.

Varnaraðiljar, Halldór Guðbjartsson og Jarðeignasjóður ríkisins, greiði óskipt sóknaraðiljum, Kjartani Stefánssyni, Skúlínu Stefánsdóttur, Höskuldi R. Stefánssyni, Páli A. R. Stefánssyni og Össuri Stefánssyni, kr. 10.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 28. nóvember 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 19. f. m., hafa Kjartan Stefánsson, Bólstaðarhlíð 54, Reykjavík, Skúlína Stefánsdóttir, Arnarhrauni 48, Hafnarfirði, Höskuldur R. Stefánsson, Nýbýlavegi 24 C, Kópavogi, Páll A. R. Stefánsson, Kleppsvegi 28, Reykjavík, og Össur Stefánsson, Hörðalandi 9, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu á hendur Halldóri Guðbjartssyni, er áður bjó að Kirkjubóli í Korpudal, Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, en síðar í Kristjánssandi í Noregi, og Ingólfi Jónssyni, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, fyrir hönd Jarðeignasjóðs ríkisins með stefnu, útgefinni 28. ágúst 1970. Málið var þingfest 22. september 1970.

Í stefnu hafa stefnendur gert þær dómkröfur, að rift verði sölu þeirri, sem fram fór 21. nóvember 1969 á jörðinni Kirkjubóli í Korpudal í Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og þeim heimilað að kaupa jörðina með sömu kjörum og hún var seld samkvæmt samningi gegn yfirtöku þeirra á veðskuldbindingum þeim, sem á jörðinni hvíla, og gegn peningagreiðslu á eftirstöðvum kaupverðs jarðarinnar. Kaupverðið verði hins vegar fundið sem hluti af heildarsöluverði jarðanna Kirkjubóls og Efstabóls í Mosvallahreppi, sem seldar voru saman samkvæmt framangreindum samningi, og verði við þá skiptingu miðað við matsverð jarðanna. Þá krefjast stefnendur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefndi Halldór Guðbjartsson hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þeir verði dæmdir til þess að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndi Jarðeignasjóður hefur krafizt sýknu af kröfum stefnenda og að þeir verði dæmdir til að greiða sér málskostnað.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður Jarðeignasjóðs þá kröfu aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara gerði hann framangreinda sýknukröfu.

Á síðara stigi málsins í þinghaldi 26. júní 1972 lögðu aðiljar fram yfirlýsingu, er kveður á um svofellt samkomulag varðandi hluta fyrrnefndrar kröfugerðar stefnenda:

„Komi til þess, að afsalsgerningi frá 21/11 1969 fyrir jörðunum Kirkjubóli og Efstabóli verði riftað með dómi, erum við sammála um, að andvirði Kirkjubóls verði reiknað kr. 552.800 af heildarverði beggja jarðanna kr. 650.000.00."

Riftunarmál var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 6. apríl 1970, en var fellt niður, þar sem rétt þótti að höfða mál þetta á varnarþingi fasteignarinnar í Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1964 keypti Halldór Guðbjartsson jörðina Kirkjuból í Korpudal, Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, af Stefáni Pálssyni, þáverandi bónda á Kirkjubóli, en hann er faðir stefnenda málsins. Þann 17. apríl 1964 gaf Stefán út afsal fyrir jörðinni til Halldórs. Næst síðasta málsgrein í afsali þessu var svohljóðandi:

„Ef kaupandi síðar selur jörðina, er börnum seljanda áskilinn forkaupsréttur að henni".

Á afsal þetta var ritað neðanmáls svohljóðandi:

„Afsal þetta er háð því, að Mosvallahreppur falli frá forkaupsrétti varðandi eignina."

Afsal þetta var móttekið til þinglýsingar af sýslumanni Ísafjarðarsýslu með áritun þar um 23. júní 1964.

Á árinu 1969 seldi síðan Halldór Guðbjartsson Jarðeignasjóði ríkisins umræddа jörð, Kirkjuból, ásamt jörðinni Efstabóli. Afsal var útgefið af Halldóri til Jarðeignasjóðs þann 21. nóvember 1969 og er svohljóðandi:

„Ég undirritaður Halldór Guðbjartsson, Kirkjubóli, Korpudal, Önundarfirði, Vestur-Ísafjarðarsýslu, geri með bréfi þessu kunnugt, að ég sel hér með og afsala Jarðeignasjóði ríkisins eignarjörð mína Kirkjuból ásamt Efstabóli í Korpudal innan Mosvallahrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu með öllum húsum og mannvirkjum, sem á jörðinni eru, ásamt öllum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja og fylgja ber, fyrir umsamið kaupverð að upphæð

kr. 650.000.00 — sexhundruðogfimmtíuþúsund krónur 00/100 —.
Kaupverðið greiðir kaupandinn — Jarðeignasjóður ríkisins — sem hér segir:

1.	Með því að taka að sér skuld við Stofnlánadeild Búnaðarbankans	kr. 126.239.76
2.	Með því að greiða skuld við Samvinnubankann	— 87.952.00
3.	Með því að greiða skuld við Stefán Pálsson	— 226.003.00
4.	Með því að greiða skuld við Orkusjóð	— 22.541.00
5.	Með því að greiða í peningum við undirskrift þessa afsalsbréfs	— 100.000.00
6.	Með því að greiða í janúar 1971	— 87.264.24
		Samtals kr. 650.000.00“

Undir þetta afsal skrifa f. h. seljanda Trausti Friðbertsson eftir umboði og f. h. kaupanda Ingólfur Jónsson landbúnaðarráðherra.

Afsal þetta var móttekið til þinglýsingar af sýslumanni Ísafjarðarsýslu 4. desember 1969.

Aðdragandi að sölu þessari á umgetnum jörðum var sá að sögn forsvarsmanns Jarðeignasjóðs, að á árinu 1968 fór Halldór Guðbjartsson þess á leit, að Jarðeignasjóður ríkisins keypti af honum nefndar jarðir samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 54/1967 um Jarðeignasjóð ríkisins, þar sem hann yrði að hætta búskap vegna heilsubrests. Tilmæli sín um fyrrgreind kaup ítrekaði Halldór við Jarðeignasjóð síðar. Auk þess mun Halldór hafa þá og síðar auglýst jörðina til sölu.

Þann 9. júní 1969 sendi Halldór Guðbjartsson Jarðeignasjóði svofellt bréf:

„Hér með óska ég undirritaður eftir, að Jarðeignadeild ríkisins kaupi af mér eignarjörð mína Kirkjuból í Korpudal, Önundarfirði, þar sem mér er nauðugur einn kostur samkvæmt meðf. vottorðum þar um að hætta búskap vegna atvinnusjúkdóms.

Jörðin hefur að undanförnu verið auglýst til sölu án árangurs, og meðfylgjandi er yfirlýsing um, að Mosvallahreppur muni ekki nota forkaupsrétt sinn að jörðinni.

Vænti svars yðar við allra fyrstu hentugleika.“

Í framhaldi af þessu og að beiðni forráðamanna Jarðeignasjóðs

fór fram skoðun og mat á umgetnum jörðum samkvæmt 8. gr. laga um Jarðeignasjóð. Matsnefnd skipuðu þeir Gizur Bergsteinsson, þáverandi hæstaréttardómari, Árni Jónsson ráðunautur og Pálmi Einarsson, þáverandi landnámsstjóri. Í matsgerðinni er talað um jörðina Kirkjuból, en af gögnum málsins má sjá, að hér er einnig um að ræða jörðina Efstaból.

Samkvæmt matsgerð, sem dagsett er 1. september 1969, eru báðar jarðirnar metnar sem hér segir:

1.	Landverð og hlunnindi	kr. 425.000.00
2.	Húsaverð	— 225.000.00
	Matsverð alls	kr. 650.000.00

Sveinbjörn Dagfinnsson hæstaréttarlögmaður sagðist hafa aðallega annazt kaup jarðanna f. h. Jarðeignasjóðs. Hann sagði, að honum hafi ekki verið kunnugt um fyrrnefnt forkaupsréttarákvæði í afsali frá 17. apríl 1964, þegar kaup voru gerð. Hann sagðist hafa aflað veðbókarvottorða frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu varðandi nefndar jarðir, en eigi sé getið um neitt forkaupsréttarákvæði á veðbókarvottorði varðandi jörðina Kirkjuból. Veðbókarvottorðin eru dagsett 27. október 1969. Endanleg ákvörðun um kaup jarðanna mun eigi hafa verið tekin, fyrr en matsgerð lá fyrir.

Halldór Guðbjartsson mun hafa flutzt til Noregs sumarið 1969, en áður fól hann Trausta Friðbertssyni, Flateyri, að annast sölu nefndra jarða.

Þann 20. maí 1969 skrifaði Trausti Stefáni Pálssyni, föður stefnenda, svofellt bréf:

„Sendi hér með eftirrit af tilboði um kaup á jörðinni Kirkjuból í Korpudal, Önundarfirði, V-Ís. Samkvæmt samtölum okkar í síma og ákvæði í afsali þínu fyrir nefndri jörð býð ég þér og þínum börnum forkaupsrétt að jörðinni með þeim skilmálum, er koma fram í kauptilboðinu.

Vinsamlegast svaraðu sem allra fyrst."

Með nefndu bréfi fylgdi svofelld greinargerð, dags. sama dag.

„Í framhaldi af símtali okkar í dag varðandi verð og kaup á Kirkjubóli í Korpudal, Önundarfirði, vil ég hér með gefa þér upp lánsupphæðir, sem hvíla á jörðinni og hugsanlegt væri að fá lánaðar áfram.

Skuldareigandi	Eftirst. í okt. 68	Vanskil m/vöxtum greiðist strax	Afborg. 69		Vextir
Búnaðarbanki Íslands v. stofnlán og veðd. I. og II.	112.863.31	11.500.00	nóv.	11.500.00	m/vöxtum
Orkusjóður III. veðr.	14.444.00				
Stefán Pálsson Innheimt í Búnaðarb. v. IV. veðr.	120.000.00	um 70.000.00	1/11	20.000.00	9.000.00
Samvinnnubankinn v/Kf. Önfirðinga V. veðr.	80.000.00		ág.	10.000.00	7.600.00
Kr.	327.000.00	81.500.00		41.500.00	16.600.00

Eins og ég gat um, hefi ég umboð til þess að bjóða nefnda jörð til kaups á kr. 600.000.00, sem greiddust þannig:

Kaupandi fengi hlutaðeigandi skuldareigendur til að lána	kr. 327.000.00
Kaupandi greiði áhvílandi vanskil	— 81.000.00
Greiði til eiganda jarðarinnar í einni eða fleiri greiðslum	— 191.500.00
	kr. 600.000.00

Vinsamlegast láttu vita fljótlega."

Hinn 3. júní 1969 sendi Stefán Pálsson f. h. barna sinna svofellt símskeyti til Trausta Friðbertssonar:

„Undirritaður óskar eftir að fá sent afrit af kauptilboði í Kirkjuból í Korpudal, er fram hefur komið, sé það bindandi af hálfu væntanlegs kaupanda og samþykkt af seljanda."

Eftir að fyrrnefnt afsal hafði verið útgefið til Jarðeignasjóðs, þá töldu stefnendur, að þeim hafi ekki verið boðinn forkaupsréttur, er þau töldu, að þau ættu samkvæmt afsali frá 17. apríl

1964, og áttu um það viðræður við forsvarsmenn Jarðeignasjóðs. Í framhaldi þar af sendi lögmaður stefnenda svofellt bréf til Jarðeignasjóðs, dags. 10. febrúar 1970:

„Umbjóðendur mínir, Kjartan Stefánsson, Höskuldur Stefánsson, Skúlína Stefánsdóttir, Páll Stefánsson og Össur Stefánsson, hafa í framhaldi af viðræðum okkar falið mér að tjá yður, að þau hyggjast neyta forkaupsréttar síns að jörðinni Kirkjubóli í Korpudal í Mosvallahreppi, V-Ísafjarðarsýslu, sem ríkissjóður mun nú nýlega hafa gert samning um kaup á af Halldóri Guðbjartssyni. Eins og ég hefi áður tjáð yður, var í afsali fyrir jörðinni til Halldórs Guðbjartssonar, dags. 17. apríl 1964, svofellt ákvæði: „Ef kaupandi síðar selur jörðina, er börnum seljanda áskilinn forkaupsréttur að henni". Forkaupsréttarákvæði þessu var þinglýst í afsalinu árið 1964.

Umbjóðendur mínir hafa nú árangurslaust beðið þess að vera gefinn kostur á að ganga inn í kauptilboð eða kaupsamning um jörðina, en þar sem þér hafið nú tjáð þeim, að ekki verði tekið tillit til þessa réttar þeirra og ríkissjóður keypt jörðina, eru þau nú kúnin til að leita réttar síns.

Þar sem seljandinn, Halldór Guðbjartsson, mun nú fluttur af landi brott, óska ég viðræðna við yður á framangreindum grundvelli, svo unnt megi reynast að leysa málið án milligöngu dómstóla."

Þann 20. febrúar 1970 sendi landbúnaðarráðuneytið f. h. Jarðeignasjós svofellt svarbréf:

„Ráðuneytinu hefur borizt bréf yðar, dags. 10. febrúar, varðandi kaup Jarðeignasjóðs ríkisins á jörðunum Kirkjubóli og Efstabóli í Korpudal, Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Á árinu 1968 kom Halldór Guðbjartsson, Kirkjubóli, í Jarðeignadeild ríkisins og fór þess á leit, að Jarðeignasjóður ríkisins keypti af honum jarðirnar Kirkjuból og Efstaból skv. 1. 54/1967, þar sem hann yrði að hætta búskap vegna heilsubrests.

Jafnframt munu jarðirnar hafa verið margsinnis auglýstar til sölu.

Tilmæli sín við Jarðeignasjóð ítrekaði Halldór oft, síðast 9. júní sl., lagði hann þá fram skriflegt tilboð.

Hann lét þess aldrei getið, að umbjóðendur yðar ættu forkaupsrétt að jörðunum.

Landbúnaðarráðuneytið lét um síðir tilleiðast að kaupa nefndar jarðir.

Skv. veðbókarvottorðum, dags. 27. okt., frá sýslumanni Ísafjarðarsýslu eru engin þinglýst eignabönd á jörðunum.

Afsal fyrir jörðunum til Jarðeignasjóðs var gefið út 21/11 sl., og samkvæmt því ber Jarðeignasjóði m. a. að greiða til Stefáns Pálssonar kr. 226.003.00, og var sú fjárhæð gefin upp nokkru áður af yður.

Síðar eftir útgáfu afsals var upphæð þessi hækkuð um kr. 6.574.00 samkv. upplýsingum yðar, og létuð þér þess þá jafnframt getið, að börn Stefáns Pálssonar ættu forkaupsrétt.

Ekki er upplýst, hvort þau hefðu verið í aðstöðu til að neyta forkaupsréttar síns, þar sem hreppsnefnd Mosvallahrepps á lögákveðinn forkaupsrétt skv. 1. 40/1948.

Það var sótt fast á Jarðeignasjóð um þessi jarðakaup, og aðdragandi þeirra stóð lengi yfir.

Umbjóðendum yðar hlýtur að hafa verið lengi ljóst, að jarðirnar voru falar til sölu.

Jarðeignasjóður keypti jarðir þessar í góðri trú skv. tilboði eiganda, studda veðbókarvottorðum.

Eftir að Jarðeignasjóður hefur þannig gerzt eigandi jarðanna, er ekki kleift að lögum að láta umbjóðendur yðar ganga inn í kauptilboð eða kaupsamning".

Ef umbjóðendur yðar vilja þrátt fyrir undanfarandi aðgerðarleysi vefengja afsalsgerninginn frá 21. nóv. 1969, verður slíkt að gerast fyrir dómstólum.

Dæmist afsal Halldórs ógilt, mundi Jarðeignasjóður gæta þeirra hagsmuna sinna að vera skaðlaus af viðskiptunum, en engir hagsmunir Jarðeignasjóðs eru tengdir því að hafa eignarhald á jörðum þessum."

Eins og fyrr er getið, annaðist Trausti Friðbertsson sölu jarðanna fyrir hönd Halldórs Guðbjartssonar.

Trausti hefur komið fyrir dóm.

Hann kvaðst fyrst hafa haft afskipti af máli þessu vorið 1969 og hafi þá tvennt eða þrennt komið til að skoða jörðina, en ekki orðið af sölu. Hann sagðist hafa fengið skriflegt umboð frá Halldóri til þess að annast sölu umræddra jarða, en umboðið hafi náð til þess að undirrita afsal og annað, er beinlínis laut að sölunni.

Hann sagði, að Halldór hafi farið utan til Noregs sumarið 1969, líklega í júlí. Hann sagðist hafa haft nokkrum sinnum samband við syni Stefáns Pálssonar, þá Kjartan, Pál og Höskuld, í Reykjavík, eftir að hann sendi áðurnefnt bréf, dags. 20. maí 1969, og lét þá á hverjum tíma fylgjast nákvæmlega með, hvað var að

gerast í málinu. Einnig sagðist hann hafa látið umboðsmann stefnenda, Jóhann Ragnarsson hæstaréttarlögmann, vita lauslega um gang málanna. Trausti sagðist hafa talið, að fram hefði komið í munnlegum samtölum við Pál og Kjartan Stefánssyni, að þeir hefðu ekki ætlað að neyta forkaupsréttar, hvorki áður en fyrrnefnt bréf, dags. 20. maí 1969, var sent né eftir. Trausti sagði í þinghaldi 24. apríl 1972, að hann hefði haft samband við Kjartan í síma, rétt eftir að Jarðeignasjóður ákvað að kaupa jörðina, en líklega degi áður en afsal var undirritað. Hann sagðist hafa þá sagt Kjartani um gang málsins. Hann sagði, að Kjartan hefði þá spurt sig, hvað gera þyrfti, og sagðist hann þá hafa svarað því til, að greiða þyrfti það, sem Halldór ætti í jörðinni, og greiða eða semja við aðra skuldareigendur. Hann kvaðst hafa skilið Kjartan þá þannig, að viðhorf hans væri óbreytt, og mundi hann því ekki neyta forkaupsréttar, en hann sagðist hafa sagt Kjartani þá, að afsalið yrði undirritað þann sama dag eða næsta. Hann sagðist hafa hringt í Kjartan af skrifstofu Jóhannesar Þ. Jónssonar, starfsmanns hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, og muni Jóhannes hafa haft vitneskju um, að hann hringdi í Kjartan. Hann sagði, að Jóhannes hefði ekki fylgzt með samtalinu. Hann sagðist ekki hafa haft samband við systkini Kjartans, þegar málið var komið á þetta stig.

Trausti sagðist ekki minnast þess, að það hefði verið minnzt á fyrrnefnt forkaupsréttarákvæði við fulltrúa Jarðeignasjóðs.

Trausti sagðist ekki hafa talað við Skúlínu og Össur varðandi sölu jarðanna.

Trausti sagði, að Stefán Pálsson hefði, eftir að jörðin hafði verið seld Jarðeignasjóði, sérstaklega þakkað sér, að þetta væri komið í kring og hann, Stefán, fengi sínar veðkröfur greiddar.

Trausti kvaðst hafa haft samband við Stefán Pálsson, eftir að fyrrnefnt skeyti kom frá Stefáni, dags. 3. júní 1969, og sagt honum, að hann, Trausti, hefði ekki upp á annað að bjóða en það, sem fælist í skilmálum, sbr. bréf Trausta, dags. 20. maí 1969, en því hefði Stefán engu svarað.

Trausti sagðist hafa talað við lögfræðing Stefáns síðla sumars 1969 um söluna á jörðinni, þegar að því kom, að hún færi á uppboð, og sagt honum þá, að hann teldi líkur á sölu til Jarðeignasjóðs, og einnig hefði hann látið lögfræðinginn vita, dagtíma áður en hann undirritaði afsalið. Trausti sagði, að sér hefði verið ljóst, er hann undirritaði fyrrnefnt afsal, að forkaupsréttar væri getið á afsalinu frá 1964, en hefði talið vegna veðbókarvottorða,

er lágu frammi við söluna, ekki ástæðu til að geta um það í afsalinu til Jarðeignasjóðs, þar sem ekki væri getið um forkaupsrétt á veðbókarvottorðinu.

Allir stefnendur hafa komið fyrir dóm.

Kjartan Stefánsson sagði, að hann hefði ekki litið á áðurnefnt bréf Trausta Friðbertssonar, dags. 20. maí 1969, til föður síns sem tilboð um kaup á jörðinni. Þess vegna hefðu systkinin kallað saman fund ásamt föður sínum og hafi niðurstaða þess fundar orðið sú, að ákveðið var að senda áðurnefnt skeyti til Trausta, dags. 3. júní 1969. Kjartan sagði, að Trausti hefði ekki haft samband við sig eftir þetta og ekki látið sig vita um, að Jarðeignasjóður hygðist kaupa jörðina Kirkjuból. Hann sagðist ekki hafa fengið vitneskju um jarðasöluna, fyrr en hún var um garð gengin, en sagðist ekki muna nákvæmlega, hvenær vitneskjan barst honum. Hann sagði, að Trausti hefði haft samband við sig og beðið sig að kanna hjá systkinum sínum, hvort þau hefðu hug á að neyta forkaupsréttar að jörðinni. Skömmu síðar hafi Trausti borið upp sama erindi, en þá hafi hann bent Trausta á að hafa samband við Skúlínu og Höskuld. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær viðtöl þessi áttu sér stað, en hann minnti þó, að þau hefðu átt sér stað fyrir 20. maí 1969. Kjartan kvaðst hafa haft vitneskju um vanskil Halldórs Guðbjartssonar við föður hans, Stefán Pálsson, vegna kaupa Halldórs á jörðinni 1964 og að Stefán hefði krafizt uppboðs á henni þess vegna. Hann kvaðst eigi hafa haft vitneskju um, að Halldór Guðbjartsson skrifaði Jarðeignasjóði.

Samprófun á framburðum Trausta Friðbertssonar og Kjartans Stefánssonar bar eigi árangur.

Páll Ágúst Stefánsson sagði, að Trausti Friðbertsson hefði einu sinni skýrt sér frá því, að jörðin Kirkjuból væri til sölu. Það hafi verið í ágúst 1969, að því er hann taldi, og hafi það samtal átt sér stað í húsnæði Rafiðjunnar h/f að Vesturgötu 11, Reykjavík.

Trausti Friðbertsson hélt því fram í sama þinghaldi, að hann hefði oftar en einu sinni talað við Pál. Við samprófun náðist eigi samræmi í framburðum þeirra varðandi þetta atriði.

Páll sagði, að sér hafi fundizt ekki neitt ákveðið koma fram um sölu jarðarinnar í umræddu viðtali við Trausta, hvorki um kaupanda né söluverð.

Páll sagði, að sér hafi borizt vitneskja um sölu jarðarinnar um

miðjan desember 1969 frá umboðsmanni stefnenda og hafi hann um 20. s. m. ásamt Höskuldi bróður sínum rætt við Sveinbjörn Dagfinnsson hæstaréttarlögmann, forstöðumann Jarðeignasjóðs.

Páll sagði, að þau systkinin hafi falið umboðsmanni sínum, strax eftir að þeim var ljóst, að salan hafði farið fram, að gæta hagsmuna sinna. Páll taldi, að hann hafi gert Trausta Friðbertssyni grein fyrir því, að áhugi þeirra fyrir kaupum á jörðinni væri fyrir hendi. Páll sagði til skýringar á því, hvers vegna hann hefði ekki strax hafizt handa og látið gera ráðstafanir til að kaupa jörðina, eftir að hann talaði við Trausta í ágúst 1969, að hann hafi viljað hafa fasta viðmiðun við væntanleg kauptilboð, áður en afstaða væri tekin um kaup. Hann taldi, að hann hafi ekki getað sætt sig við kaupverðið 600 þús. krónur, en sagði jafnframt, að sér hafi ekki fundizt vera um raunverulegt verð í skilmálum, sbr. bréf Trausta, dags. 20. maí 1969, og þess vegna hafi hann beðið með að taka afstöðu til þess að neyta forkaupsréttar síns.

Höskuldur Stefánsson sagðist hafa hitt Trausta Friðbertsson í Garðastræti í Reykjavík í aprílmánuði 1969 og frétt þá um væntanlega brottför Halldórs Guðbjartssonar af jörðinni. Síðan kveðst Höskuldur ekki hafa haft fregnir um mál þetta, fyrr en bréf Trausta, dags. 20. maí, barst föður hans, Stefáns. Hafi þau systkinin haldið þá fund, en niðurstaða fundarins varð sú, að Trausta var sent skeyti, dags. 3. júní 1969, sem fyrr er getið um. Höskuldur sagðist ekki hafa rætt við Trausta um söluna á jörðinni Kirkjubóli, en frétt um miðjan desember, að jörðin væri þá seld Jarðeignasjóði. Höskuldur kvaðst eigi hafa látið Trausta Friðbertsson vita um áhuga sinn á að neyta forkaupsréttar síns utan það, sem kemur fram í nefndu símskeyti. Í réttarhaldi síðar taldi Trausti, að rétt gæti verið hjá Höskuldi um framangreint samtal þeirra.

Skúlína Stefánsdóttir kveðst fyrst hafa vitað um sölu jarðarinnar Kirkjubóls í Korpudal í desember 1969. Hún sagði, að hana rámaði í, að hún hafi verið á fundi með bræðrum sínum, þar sem þessi mál voru rædd, þegar henni var sýnt skeyti það, sem Trausta Friðbertssyni var sent, dags. 3. júní 1969. Hún sagði enn fremur, að Trausti hafi ekki haft samband við sig um jarðarsöluna.

Össur Stefánsson sagðist hafa verið á fundi með systkinum sínum, er ákvörðun var tekin um að senda Trausta Friðbertssyni umrætt skeyti, dags. 3. júní 1969. Hann sagði, að Trausti hefði aldrei haft samband við sig. Hann sagðist ekki hafa haft vitneskju um, að Jarðeignasjóður ætlaði að kaupa og ekki vitað um

kaupin, fyrr en þau voru afgerð, en mundi hins vegar ekki nákvæmlega, hvernær vitneskja um það barst honum.

Vitnið Stefán Pálsson, faðir stefnenda, kvaðst hafa verið á fundi með börnum sínum vorið 1969, eftir að bréf Trausta Friðbertssonar, dags. 20. maí þ. á., barst. Eftir þann fund hafi verið sent símskeyti, áður nefnt, dags. 3. júní 1969, sem innihélt samþykki allra þeirra, er voru á fundinum. Vitnið taldi ástæðuna fyrir samþykktinni hafa verið þá meðal annars, að þeim hefði ekki fundizt koma nægilega ákveðið fram í bréfi Trausta og skilmálum, hvort tilboðið væri bindandi. Vitnið vildi ekki fullyrða neitt um það, hvort það hafi vitað um sölu jarðarinnar til Jarðeignasjóðs, áður en hún fór fram. Vitnið sagðist ekki hafa haft frekara samband við Trausta út af jarðasölunni. Trausti sagði hins vegar í sama réttarhaldi, að hann hefði hringt til Stefáns eftir viðtöku nefnds skeytis og sagt honum, að hann, Trausti, hefði engu við að bæta, sem fram hefði komið í bréfi hans frá 20. maí 1969 og meðfylgjandi skilmálum. Um þetta atriði náðist eigi samræmi við samprófun.

Vitnið, sem er 75 ára að aldri, kvaðst vera orðið nokkuð gleymið og ekki geta munað það, sem vitnið Trausti Friðbertsson sagði um þakklæti hans vegna afskipta Trausta af jarðasölunni.

Vitnið segist ekki hafa verið umboðsmaður barna sinna nema við sendingu umrædds skeytis.

Í réttarhaldi 23. september 1970, eftir að stefnendur Kjartan Stefánsson og Páll Stefánsson höfðu komið fyrir dóm, sagði vitnið Trausti Friðbertsson, að hann hefði rætt þessi mál við Kjartan og Pál saman og hvorn í sínu lagi. Vitnið kvaðst ekki muna greinilega, á hvaða tíma viðræður þessar við Kjartan og Pál fóru fram, en telur, að þær hafi átt sér stað, áður en það fékk skeytið, sem áður er nefnt, en einnig eflaust eftir það.

Jóhannes Þ. Jónsson hefur komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið kvaðst muna eftir því, að Trausti Friðbertsson hafi komið á skrifstofu sína síðari hluta nóvember 1969. Vitnið sagði, að Trausti hefði þá rætt um hugsanlega sölu á jörðunum Kirkjubóli og Efstabóli og hafi komið til mála, að Trausti framseldi vitninu umboð til þess að annast sölu jarðanna. Vitnið sagði, að í þetta sinn hafi Trausti hringt í síma og áður haft við orð að hringja í Kjartan Stefánsson, einn af stefnendum málsins. Vitnið segist ekki hafa fylgzt með samtalinu, en hafa heyrt ávæning af því, en geta þó ekki skýrt frá efni þess.

Í málinu hefur verið lögð fram yfirlýsing hreppsnefndar Mos-

vallahrepps um, að hreppurinn muni ekki neyta forkaupsréttar. Yfirlýsing þessi, dags. 6. júní 1969, var send til Jarðeignasjóðs með bréfi Halldórs Guðbjartssonar, sem áður er um getið og er svohljóðandi:

„Hreppsnefnd Mosvallahrepps hefur ákveðið að nota ekki forkaupsrétt sinn að jörðinni Kirkjubóli í Korpudal í Önundarfirði, en telur mjög æskilegt, að Jarðakaupasjóður ríkisins kaupi hana".

Yfirlýsingin er undirrituð af oddvita Mosvallahrepps f. h. hreppsnefndar.

Í málinu hefur verið lagt fram svofellt bréf oddvita hreppsnefndar Mosvallahrepps, dags. 28. september 1972:

„Árið 1969 var Mosvallahreppi gefinn kostur á að nota forkaupsrétt sinn að jörðinni Kirkjubóli í Korpudal, en því boði hafnaði sveitarstjórnin. Segir svo í gerðabók hreppsnefndar: „Fyrir lá, að Jarðeignasjóður ríkisins var líklegur kaupandi að jörðinni. Afstaða var tekin til málsins á þeim grundvelli og samþykkt að nota ekki forkaupsréttinn."

Þetta vottast.

Kirkjubóli í Bjarnardal, 28. sept. 1972.

Guðmundur Ingi Kristjánsson oddviti Mosvallahrepps."

Guðmundur Ingi Kristjánsson, oddviti Mosvallahrepps, kom fyrir dóm 19. október 1972 sem vitni.

Hann sagði, að ákvörðun hreppsnefndar hafi ekki legið til grundvallar ákvörðun þeirri, er umrædd bókun í gerðabók hreppsnefndar Mosvallahrepps felur í sér, heldur hafi hann haft munnlegt samband við aðra hreppsnefndarmenn og ritað í gerðabókina og undirritað einn nefnda bókun, sem hafi verið í samræmi við vilja annarra hreppsnefndarmanna. Hann var spurður að því, hvort vitneskja um fyrrnefnt forkaupsréttarákvæði samkvæmt afsali frá 1964 hefði legið fyrir hjá honum, þegar fyrrgreind ákvörðun var tekin að neyta eigi forkaupsréttar. Hann sagðist halda, að hann hafi ekki vitað um það þá. Hins vegar kvaðst hann ekki muna, hvenær hann komst að því, að börn Stefáns áttu forkaupsrétt að jörðinni, en taldi sennilegt, að það hefði verið eftir að mál þetta byrjaði, sennilega á árinu 1970. Hann sagði, að afstaða hreppsnefndar gagnvart máli þessu, eins og það horfði við núna, lægi ekki fyrir. Hann sagði, að hreppsnefndin hefði stundum notað forkaupsrétt sinn að jörðum, þegar ekki væri vitað um neinn væntanlegan ábúanda, er vildi kaupa viðkomandi jörð. Hann sagði, að hann hefði talið það líklegt, að Jarðeignasjóður, ef hann keypti Kirkjuból, reyndi að fá einhvern ábúanda á jörðina. Hann sagði,

að sjálfsagt bæri að líta einnig á fyrrnefnda yfirlýsingu hreppsnefndar sem meðmæli hennar með, að Jarðeignasjóður keypti jörðina, meðal annars vegna stuðnings og tillitssemi við Halldór Guðbjartsson, þáverandi eiganda jarðarinnar, til þess að hann gæti losnað við jörðina, þar sem hann var þá orðinn heilsulaus. Hann sagði, að bréf hefði komið frá börnum Stefáns Pálssonar, stefnendum málsins, einhvern tíma á árinu 1971 til hreppsnefndar Mosvallahrepps. Efni bréfs þessa sagði hann hafa verið það að óska eftir meðmælum hreppsnefndar um, að þau systkinin fengju jörðina keypta, og sögðust þau hafa ónefndan ábúanda. Hann sagði, að hreppsnefndin hefði svarað þessu erindi á þá leið, að hún mælti helzt með því, að væntanlegur ábúandi fengi jörðina keypta. Hann sagði, að áður, líklega í ársbyrjun 1970, hefði hreppsnefnd mælt með því, að Ólafur Þórðarson, skólastjóri á Suðureyri, og Pétur bróðir hans fengju jörðina keypta og sætu hana.

Verður nú fjallað um frávísunarkröfu stefnda Jarðeignasjóðs ríkisins.

Við munnlegan flutning málsins krafðist lögmaður stefnda Jarðeignasjóðs, að málinu yrði vísað frá dómi, þar sem eigi væri um dómtæka kröfu að ræða. Taldi hann, að Mosvallahreppur ætti forkaupsrétt gagnvart stefnendum, ef riftunarkrafan yrði tekin til greina, og væri því eigi hægt að leggja efnisdóm á málið. Afstaða Mosvallahrepps til þess, hvort hreppurinn neytti þessa forkaupsréttar, lægi ekki fyrir nú, en hann gæti gert rétt sinn gildandi, hvenær sem væri.

Lögmaður stefnda Halldórs Guðbjartssonar mótmælti eigi framkominni frávísunarkröfu.

Lögmaður stefnenda mótmælti frávísunarkröfunni. Kröfu sína studdi hann þeim rökum, að krafan væri fyrir það fyrsta of seint fram komin. Að öðru leyti væri ekkert því til fyrirstöðu, að leggja mætti efnisdóm á málið. Mosvallahreppur hefði með yfirlýsingu sinni til Jarðeignasjóðs gefið skýlausa og afdráttarlausa yfirlýsingu um, að hann félli frá forkaupsrétti, og væri því fjarstæða að álíta, að Mosvallahreppur ætti nokkurn forkaupsrétt gagnvart stefnendum málsins, sem hefðu átt samningsbundinn forkaupsrétt samkvæmt áðurnefndu afsali, er Stefán Pálsson seldi Halldóri Guðbjartssyni jörðina á árinu 1964, en því afsali hefði verið þinglýst. Af fyrrgreindum ástæðum bæri því eigi að vísa málinu frá dómi.

Við úrlausn þessa máls verður eigi hjá því komizt að huga að réttarstöðu Mosvallahrepps.

Hreppurinn hafnaði með skriflegri yfirlýsingu forkaupsrétti sínum að jörðinni Kirkjubóli, þegar hún var á sínum tíma seld Jarðeignasjóði. Í yfirlýsingunni kom það jafnframt fram, að hreppurinn taldi æskilegt, að Jarðeignasjóður keypti hana. Í lok rannsóknar málsins kom oddviti Mosvallahrepps fyrir dóm. Kom þar fram hjá honum, að afstaða hreppsnefndar Mosvallahrepps gagnvart máli þessu lægi eigi ljós fyrir. Hann gat þess og, að hreppurinn hefði stundum neytt forkaupsréttar, þegar ekki væri vitað um ábúanda, er kaupa vildi viðkomandi jörð í slíkum tilfellum. Einnig gat hann þess, að stefnendur málsins hefðu á árinu 1971 leitað eftir meðmælum hreppsnefndar um að fá jörðina keypta, en því hafi verið synjað. Í máli þessu hefur því ekki komið fram, hver er afdráttarlaus afstaða hreppsins til málsins.

Dómarinn telur, að eigi sé rétt að taka efnislega afstöðu til þess, hvort Mosvallahreppur eigi hér forkaupsrétt gagnvart stefnendum málsins eða ekki, þar sem Mosvallahreppur er eigi aðili að málinu.

Ljóst má þó telja, að Mosvallahreppur getur hér átt hagsmuna að gæta, og mundu því væntanleg úrslit málsins geta raskað þeim hugsanlegu hagsmunum hreppsins.

Mosvallahreppur hefur ekki tekið þátt í málshöfðun, og honum hefur ekki verið stefnt. Af þeim sökum telur dómarinn, að eigi sé fært að kveða upp fullnaðar efnisdóm í málinu.

Kröfugerð stefnenda í málinu er tvíþætt. Annars vegar er gerð krafa um, að rift verði sölu þeirri, er fram fór 21. nóvember 1969 á fyrrgreindri jörð, svo og að stefnendum verði heimilað að kaupa jörðina með sömu kjörum og hún var seld samkvæmt þeim samningi gegn yfirtöku þeirra á veðskuldbindingum þeim, sem á jörðinni hvíla, og gegn peningagreiðslu á eftirstöðvum kaupverðs.

Dómarinn lítur svo á, að dómur geti gengið um þann hluta málsins, er lýtur eingöngu að kröfunni um riftun. Eigi verður séð, að Mosvallahreppur geti verið aðili að þessum hluta málsins. Hugsanlegur réttur Mosvallahrepps vaknar því aðeins, að riftunarkrafa stefnenda verði tekin til greina. Það er því eðlilegt, að aðiljar geti fengið úrlausn þessa sakarefnis, og sýnist því ástæðulaust að vísa málinu í heild frá dómi.

Með vísun til framanritaðs, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936, ber að vísa frá dómi kröfu stefnenda um, að þeim verði heimilað að kaupa umrædda jörð Kirkjuból með sömu kjörum og hún var seld samkvæmt afsali, útgefnu 21. nóvember 1969 af Halldóri Guðbjartssyni til Jarðeignasjóðs ríkisins, gegn yfirtöku þeirra á veð-

skuldbindingum þeim, sem á jörðinni hvíla, og gegn peningagreiðslu á eftirstöðvum kaupverðs jarðarinnar.

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við uppkvaðningu væntanlegs efnisdóms í málinu.

Með úrskurði, uppkveðnum 17. nóvember 1970, vék hinn reglulegi dómari, Björgvin Bjarnason sýslumaður, sæti í málinu.

Hinn 24. júní 1971 var Þorleifur Pálsson stjórnarráðsfulltrúi skipaður setudómari í máli þessu. Hefur hann frá þeim tíma farið með mál þetta og kveðið upp dóm þennan.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppsögn dóms þessa, stafar meðal annars af veikindum dómarans eftir dómtöku málsins svo og vegna anna, meðal annars vegna nauðsynlegra ferðalaga utan bæjar.

Dómsorð:

Kröfu stefnenda um, að þeim verði heimilað að kaupa framangreinda jörð, er vísað frá dómi.

Fötudaginn 19. janúar 1973.

Nr. 55/1972. **Plógur h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Eggert Hjartarsyni
(enginn)
og Kjarna s/f
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfrýjun. Aðiljaskipti. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnum 4. maí og 7. júní 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að málskostnaður í hér-

aði verði hækkaður og stefndu dæmt að greiða hann óskipt. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndi Kjarni s/f krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara sýknu af kröfum áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Eggert Hjartarson hefur ekki sótt þing fyrir Hæstarétti og engar kröfur gert.

Stefndi Kjarni s/f byggir frávísunarkröfu sína á því, að máli verði eigi áfrýjað til Hæstaréttar í því skyni einu fá breytt málskostnaðarákvæði héraðsdóms, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962.

Samkvæmt fyrrgreindu ákvæði verður ákvörðun héraðsdóms um málskostnað einungis skotið til Hæstaréttar í sambandi við áfrýjun dóms eða dómsathafnar. Ákvæði þetta girðir eigi fyrir, að áfrýja megi máli í heild, þótt ekki sé krafizt breytinga á öðru en ákvörðun um málskostnað. Verður því frávísunarkrafan eigi til greina tekin.

Á dómþingi 21. febrúar 1972 lagði héraðsdómari fram bréf, sem honum hafði borizt frá stefnda Eggert, þar sem hann lýsir því, að hann hafi framselt stefnda Kjarna s/f mál þetta og það sé honum óviðkomandi. Bréfi þessu fylgdi útdráttur úr samningi þessara aðilja, dagsettum 13. október 1971, þar sem segir, að stefndi Eggert afsali í hendur stefnda Kjarna s/f „öllum réttindum og skyldum fylgjandi stefnu og málshöfðun á hendur Plógi h/f ... fyrir ágang á einkaleyfisrétt ...“.

Á þessu sama dómþingi lýsti lögmaður Kjarna s/f því, að hann hefði „tekið að sér mál þetta fyrir hönd sóknaraðilja, sem nú sé Kjarni s/f ....“ Eigi var sótt þing í umrætt sinn af hendi stefnda Eggerts. Á dómþinginu var ekki af hendi áfrýjanda tekin afstaða til þessa, en í bréfi lögmanns hans 1. marz 1972 til lögmanns stefnda Kjarna s/f segir, að hann geti að svo stöddu ekki tekið afstöðu til krafna um aðiljaskiptin. Er mál þetta kom næst fyrir dóm 21. marz 1972, var hvorki sótt þing af hendi stefndu Eggerts né Kjarna s/f, og

krafðist áfrýjandi þess þá, að málið yrði hafið og stefndu dæmt að greiða honum málskostnað óskipt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um hafningu máls þessa.

Samkvæmt framangreindu hafði stefndi Kjarni s/f gerzt sóknaraðili málsins í héraði, þegar það var hafið, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936. Bar því samkvæmt 1. mgr. 180. gr. þeirra laga að dæma hann til greiðslu málskostnaðar. Áfrýjandi hafði ekki fallið frá málskostnaðarkröfu á hendur stefnanda málsins, Eggert Hjartarsyni. Var því rétt að dæma hann einnig til málskostnaðargreiðslu. Eins og málssókninni var háttað, þykir eftir atvikum mega ákveða málskostnað í héraði úr hendi beggja stefndu hér fyrir dómi kr. 30.000.00, sem þeir greiði óskipt.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 18.000.00.

Á dómþingi í málinu 1. október 1968 var ákveðinn munnlegur málflutningur, og lögmenn aðilja fengu sameiginlegan frest um óákveðinn tíma til öflunar gagna. Næst var þingað í málinu 21. febrúar 1972. Ekki verður séð, að aflað hafi verið gagna um efni málsins á þessum tíma. Ber að víta þennan óhæfilega drátt á rekstri málsins.

Við uppsögu dóms hefur héraðsdómari lagt fram skjal, sem honum hafði borizt frá lögmanni áfrýjanda eftir dómtöku málsins og eigi hafði verið kynnt stefndu. Þá er í héraðsdómi vísað til bréfs, sem héraðsdómara barst eftir dómtöku málsins frá lögmanni stefnda Kjarna s/f og hvorki hafði verið lagt fram né kynnt áfrýjanda. Er þetta mjög aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um hafningu máls þessa er staðfest.

Stefndu, Eggert Hjartarson og Kjarni s/f, greiði óskipt áfrýjanda, Plógi h/f, kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. marz s.l., hefur Eggert Hjartarson, Hvammstanga, Vestur-Húnavatnssýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. júlí 1968, á hendur Plógi h/f, Hólahreppi, Skagafjarðarsýslu, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 1.500.000.00 auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 16. maí 1968 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en stefnandi dæmdur til að greiða honum mjög ríflegan málskostnað að mati dómsins.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hið stefnda félag hafi látið smíða lokræsaplóg og notað hann sumarið 1967 til að rista lokræsi, sem séu um 1500 km að lengd. Kveðst stefnandi telja, að smíði plógsins og aðferð sú, sem notuð hafi verið við ristunina, brjóti í bága við einkaleyfisrétt hans samkvæmt einkaleyfisumsókn nr. 1386 frá 25. janúar 1965. Hér sé því um einkaleyfiságang að ræða samkvæmt 21. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. 6. gr., 2. málsgrein, sömu laga. Kveðst stefnandi áskilja sér allan rétt til að gera til þess kröfur síðar, að umræddur plógur stefnda verði afhentur honum í samræmi við 21. gr. laga nr. 12/1923.

Stefnandi tekur fram í greinargerð, að hann hafi ekki enn fengið einkaleyfi fyrir uppfinningu sinni né heldur hafi honum verið synjað um einkaleyfi. Mál þetta sé allt í athugun, en rannsókn slíkra mála taki að jafnaði fleiri ár, áður en niðurstaða fáist.

Stefnandi styður m. a. dómkröfur sínar með tilvitnun í 2. mgr. 6. gr. laga um einkaleyfi nr. 12/1923, en þar segir svo m. a.: „Nú hefur maður notað uppgötvun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrétti (sbr. 21. gr.) ....“ Stefnandi kveður af þessu ákvæði ljóst, að vernd einkaleyfisbeiðanda hefjist, er einkaleyfisbeiðni sé borin upp og að frá þeim tíma geti því verið um einkaleyfiságang að ræða, að sjálfsögðu að því tilskyldu, að einkaleyfi fáist síðar. Í 22. gr., 2. mgr., séu síðan ákvæði um fyrningu skaðabótaréttar, sem valdi því, að einkaleyfisbeiðanda geti rekið réttarfarslegar nauður til að höfða mál, svo að hann missi einskis í af skaðabótakröfum sínum, þótt einkaleyfi sé ekki fengið, og sé svo í því tilfelli, sem hér um ræðir.

Stefnandi kveður stefnufjárhæðina miðaða við það, að stefndi

greiði honum kr. 1.00 fyrir hvern ristan metra fyrir hina heimildarlausu notkun á aðferð hans.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að stefnandi hafi ekki öðlazt neitt einkaleyfi hér á landi. Einkaleyfisumsókn hans nr. 1386 frá 23. janúar 1965 liggi enn óafgreidd í iðnaðarmálaráðuneytinu. Fyrr en einkaleyfi hafi verið veitt stefnanda í samræmi við nefnda umsókn, hafi stefnandi ekki öðlazt neinn einkarétt til notkunar á tæki því og aðferð, sem um sé að ræða. Um ágang á slíkan „rétt" geti því ekki verið um að ræða, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins. Skilyrði skaðabóta samkvæmt 21. gr. laga um einkaleyfi nr. 12/1923 sé, að einkaleyfi hafi verið veitt, sbr. orðalag, „hver sá, er gengur á rétt þann, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur o. s. frv.". Í 5. gr. sé einnig talað um, að „án samþykkis einkaleyfishafa megi enginn gera sé að atvinnu eða gróða af því: 1. að tilbúa, flytja inn, eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er", o. s. frv. Um sjálft einkaleyfið eftir umsókn stefnanda hafi enn ekki verið fjallað af réttum aðiljum. Umsóknin sjálf ein út af fyrir sig veiti stefnanda engan rétt, fyrr en einkaleyfi hafi verið gefið út. Þá fyrst komi ákvæði 2. mgr. 6. gr. til greina, en fyrr ekki. Þá megi telja alveg víst, að einkaleyfisumsókn stefnanda verði algerlega hafnað, þar sem umsókn hans brjóti í bága við íslenzkt einkaleyfi nr. 508, dags. 5. marz 1962, sem sé í eign Vélasjóðs ríkisins, sbr. dskj. nr. 6. Þá er því í öðru lagi algerlega neitað af hálfu stefnda, að tæki það og aðferð, sem hann hafi smíðað og notað, sé brot á uppgötvun stefnanda samkvæmt einkaleyfisumsókn hans, sem fyrr sé nefnd. Stefndi kveðst samkvæmt framanrituðu ekki fá annað séð en að mál þetta sé algerlega að ófyrirsynju höfðað. Stefndi kveður vísan stefnanda til 22. gr., 2. mgr., einkaleyfislaganna ekki heldur afsaka málssókn þessa á nokkurn hátt. Fyrningarreglur þær, er um er að ræða, eigi eingöngu við um hegningu og skaðabætur til handa „einkaleyfishafa". Reglur þessar eigi því aðeins við um ágang á veitt einkaleyfi, en ekki um umsókn um einkaleyfi. Af þessari ástæðu hafi heldur engin réttarfarsleg nauðsyn verið fyrir stefnanda að höfða mál þetta. Að því er snerti sjálfa skaðabótaupphæð þá, sem krafizt sé í máli þessu, kr. 1.500.000.00 auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 16. maí 1968, þá sé það berum orðum viðurkennt af stefnanda, að ekki verði lagður dómur á þessa kröfu endanlega, fyrr en endanleg úrslit séu fengin um einkaleyfisumsókn hans. Samkvæmt

lögum um einkaleyfi nr. 12/1923 sé það aðalreglan, að einkaleyfi verði ekki veitt, fyrr en rannsókn hafi farið fram, annað hvort fyrir atbeina viðkomandi ráðuneytis eða erlendis í einhverju þeirra ríkja, er veita einkaleyfi að rannsókn fram farinni, sbr. 15. og 16. gr. einkaleyfislaganna. Í umsókn stefnanda á dskj. nr. 3 komi hins vegar fram, að stefnandi hafi ekki óskað eftir því, að rannsókn færi fram á uppfinningu hans hér, þar sem ætlunin sé að sækja um einkaleyfi í öðrum löndum. Ekki hafi stefnandi upplýst í máli þessu, hvort nokkrar slíkar umsóknir hafi verið lagðar fram í öðrum löndum, sem veiti enkaleyfi að rannsókn fram farinni. Það sé því í raun réttri allt á huldu og í lausu lofti um það, hvort einkaleyfisumsókn stefnanda verði nokkru sinni rannsökuð, eins og lögin þó geri að skilyrði fyrir veitingu einkaleyfisbeiðnar hans. Komi því ekki til nokkurra mála, að stefndi verði að sætta sig við það, að máli þessu verði frestað, þar til hin nauðsynlega rannsókn á uppfinningu stefnanda fari fram.

Hinn 21. febrúar 1972 kom fyrir dóminn ásamt lögmanni stefnanda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, Jón Brynjólfsson verkfræðingur og skýrði frá, hvað liði rannsókn á hinni umstefndu uppfinningu erlendis. Jafnframt kvað lögmaðurinn sóknaraðilja málsins nú vera Kjarna s/f, Sauðárkróki, sbr. dskj. nr. 8, sem þá var lagt fram. Í þessu þinghaldi var ákveðið og fært til bókar, að næsta þinghald málsins yrði þriðjudaginn 21. marz 1972, kl. 1400. Þennan sama dag á hádegi hitti dómarinn lögmann stefnanda, Pál S. Pálsson hæstaréttarlögmann, og minnti hann á þinghaldið, sem fram skyldi fara kl. 1400 þá um daginn. Kvaðst lögmaðurinn mundu verða upptekinn sjálfur allan daginn við málflutning, en tjáði dómaranum, að hann mundi láta fulltrúa sinn mæta í sinn stað. Á tilsettum tíma, kl. 1400, umræddan dag, 21. marz 1972, mætti lögmaður stefnda, Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, en lögmaður stefnanda mætti ekki né heldur neinn fyrir hann, og er liðnar voru 20 mínútur fram yfir þann tíma, sem þinghald skyldi hefjast, án þess að nokkur væri mættur af hálfu stefnanda, bókaði dómarinn þá kröfu lögmanns stefnda, að málið yrði hafið og honum tildæmdur málskostnaður in solidum úr hendi Eggerts Hjartarsonar og Kjarna s/f, Sauðárkróki.

Þess skal getið, að dómaranum hefur borizt bréf frá lögmanni stefnanda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, þar sem hann gerir grein fyrir ástæðunum til þess, að þingsókn féll niður af hálfu stefnanda, en hann kveður mistök hafa valdið því.

Eigi verður efni bréfs þessa hins vegar talið breyta neinu um

það, að hefja beri málið, og með tilvísan til 119. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, 2. tl., ber því að hefja mál þetta.

Eins og þegar er fram komið, hefur lögmaður stefnda krafizt þess, að stefnandi málsins, Eggert Hjartarson, og Kjarni s/f, sem síðar er af stefnanda talinn hafa öðlazt réttindi þau, sem málið fjallar um, verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar.

Þegar þingsókn féll niður af hálfu stefnanda, hafði dómarinn eigi tekið afstöðu til þess, hvort lögmæt aðiljaskipti hefðu átt sér stað í sóknaraðild málsins samkvæmt 53. gr. einkamálalaga. Eigi lá þá heldur fyrir viðurkenning stefnda á því, að áðurgreind aðiljaskipti hefðu átt sér stað.

Samkvæmt þessu þykja eigi efni til að dæma Kjarna s/f til greiðslu málskostnaðar í máli þessu, og ber því að dæma stefnanda, Eggert Hjartarson, til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Þess skal getið, að dómsuppsaga hefur dregizt lítið eitt um venju fram vegna mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið. Stefnandi, Eggert Hjartarson, greiði stefnda, Plógi h/f, kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fötudaginn 19. janúar 1973.

Nr. 11/1973. **Valdstjórnin**
gegn
Johann Erlaft Hammerski.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Þorgeir Þorsteinsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli.

Með kæru 5. þ. m., sem barst Hæstarétti 15. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3 tl. 172 gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Eins og í hinum kærða úrskurði greinir, var varnaraðili með úrskurði 8. desember 1972 gert að sæta gæzluvarðhaldi 30 daga vegna sakargiftar um brot gegn lögum nr. 77/1970, en í úrskurði þessum segir svo: „Um kl. 1500 í dag handtóku lögreglumenn á Keflavíkurflugvelli og frá varnarliðinu tvo menn, er grunaðir voru um að hafa í fórum sínum fíkniefni, sem þeir hefðu hug á að koma í verð.

Fór handtakan fram í bílaleigubifreið R 25702, sem hinir grunuðu höfðu til umráða, og var þá með þeim í bifreiðinni 3. maður, sem talið er, að þeir hafi ætlað að falast eftir viðskiptum við.

Var þegar framkvæmd nákvæm leit á hinum grunuðu og í bifreið þeirra, og eftir mjög nákvæma leit fundust 950 grömm af efni, sem bæði samkvæmt útliti og lykt gefur til kynna, að um „cannabis" sé að ræða. Var efni þetta falið í spjöldum á fýsibelg, sem fannst í bifreiðinni, og mjög hugvitsamlega komið þar fyrir.

Þá fannst í vörzlum þeirra óeðlilega há fjárhæð peninga í ýmsum myntum að jafngildi nokkuð á annað hundrað þúsund íslenzkum krónum.

Menn þeir, er hér um ræðir, eru Peter Antheunis, hollenzkur þegn og samkvæmt vegabréfi búsettur í Leiden, Hollandi, og Johann Hammerski, vegabréfslaus, en samkvæmt öðrum skilríkjum, er hann hafði meðferðis, með heimilsfang í Bandaríkjunum.

Með því að hér er upplýst, að menn þessir hafa haft í vörzlum sínum mikið magn efna, er sterkar líkur benda til, að séu fíkniefni, er falla undir refsiákvæði laga nr. 77/1970 um tilbúning á ópíum o. fl. (sic), og með því að grunur leikur á, bæði með tilliti til þess magns meintra fíkniefna, sem þeir höfðu meðferðis, svo og þeirra peninga, sem á þeim fundust, að þeir hafi stundað dreifingu og sölu á óleyfilegum

fíkniefnum, og mál þetta er enn á frumstigi rannsóknar, sem fyrirsjáanlega verður viðamikil og tímafrek, þykir nauðsyn til bera í þágu rannsóknar málsins og til að hindra spillingu sakargagna svo og með tilliti til mjög alvarlegra sakargifta að úrskurða greinda tvo menn í gæzluvarðhald.

Er gæzluvarðhaldsvist ákvörðuð í 30 daga, eða þar til öðru vísi verður ákveðið."

Hinn 8. desember s.l. var samkvæmt úrskurði, uppkveðnum sama dag í sakadómi Reykjavíkur, gerð húsleit í herbergi varnaraðilja að Túngötu 43 hér í borg.

Við húsleit fannst m. a. nokkurt magn af efnum, „er líktust fíkniefni", og svonefnd „hassvikt". Þá fundust verulegar fjárhæðir bæði í íslenzku og erlendu fé.

Hinn 11. desember s.l. sendi rannsóknardómari málsins prófessor Þorkeli Jóhannessyni, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, til rannsóknar sýni af efni því, er fannst í áðurnefndum fýsibelg. Í bréfi prófessors Þorkels Jóhannessonar, dags. 13. desember 1972, segir svo: „Rannsóknastofunni hefur borizt sýni til rannsóknar með tilliti til kannabis, sbr. bréf yðar, sem dagsett er 11. 12. 1972. Sýnið var mosagrænt, kornótt og mótað stykki. Hliðar voru sléttar, en lögunin nokkuð óregluleg. Sýnið var 29 g að þyngd og hafði greinilega kannabislykt.

Við smásjárskoðun sást mjög mikið af kirtilhárum, sem eru einkennandi fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg rannsókn staðfesti og, að svo væri.

Samkvæmt framangreindu var því um kannabis að ræða".

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa átt þátt í því að reyna að selja kannabis, en framburður hans er allur mjög óljós, og óupplýst er, hvernig efni þetta var flutt hingað inn í landið, enda málið allt enn á frumrannsóknarstigi.

Af því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970 um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. og 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961, sbr. og 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944.

Aðfinnsluvert er, að til rökstuðnings gæzluvarðhaldi í hin-

um kærða úrskurði vísar héraðsdómari að nokkru til forsendna hins fyrra gæzluvarðhaldsúrskurðar frá 8. desember 1972.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 5. janúar 1973.

Hinn 8. desember s.l. voru tveir erlendir ferðamenn, þeir Johann Erlaft Hammerski, bandarískur þegn, og Peter Antheunis, hollenzkur þegn, úrskurðaðir í sakadómi Keflavíkurflugvallar í 30 daga gæzluvarðhald, en þeir höfðu þá fyrr um daginn verið handteknir með um 950 gr. af cannabisefni í fórum sínum, svo og fannst í vörzlum þeirra óeðlilega mikið magn peninga í lausum seðlum, sem ekki hefur fengizt viðhlítandi skýring á, hvernig þeir eru að komnir.

Hófst rannsókn máls þessa þegar, og hefur hún meðal annars leitt í ljós sterkan grun um, að annar hinna kærðu, Johann E. Hammerski, hafi átt undanfarandi viðskipti með cannabisefni við Íslendinga. Óupplýst er hins vegar enn, hversu víðtæk slík viðskipti hafa verið svo og hvernig cannabisefni það, er hinir kærðu hafa haft á boðstólnum, hefur borizt hingað til landsins. Er meðal annars beðið eftir upplýsingum varðandi hina kærðu frá heimalöndum þeirra um fjárreiður þeirra og fleira. Með því að fyrrgreindur gæzluvarðhaldsúrskurður frá 8. desember s.l. rennur út næstkomandi sunnudag 7. janúar, og rannsókn máls þessa á enn langt í land, þykir nauðsyn til bera í þágu rannsóknar málsins að framlengja gæzluvarðhaldsvist hinna kærðu.

Til frekari rökstuðnings vísast að öðru leyti til forsendna upphaflegs gæzluvarðhaldsúrskurðar yfir hinum kærðu frá 8. desember s.l. Með tilvísun til framanritaðs þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist hinna kærðu í 30 daga til viðbótar við fyrri úrskurðartíma.

Því úrskurðast:

Kærðu, Johann Erlaft Hammerski og Peter Antheunis, sæti hvor fyrir sig gæzluvarðhaldi í 30 daga frá og með 7. janúar 1973, kl. 1930. Skulu þeir taka gæzluvarðhaldsvistina út í einrúmi.

Þriðjudaginn 23. janúar 1973.

Nr. 12/1973. **Valdstjórnin**
gegn
Magnúsi Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhaldsúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. janúar 1973, sem barst dóminum 16. s. m., og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Kærði var handtekinn í Reykjavík um kl. 0300 hinn 11. janúar og færður í fangageymslu. Kl. 1555 þann dag kom hann fyrir rannsóknarlögreglu og var sakaður um að hafa framið þjófnað, svo sem greinir í hinum kærða úrskurði. Dómþing í sakadómi Reykjavíkur var háð síðar þennan sama dag. Í endurriti úr sakadómsbók segir: „Í dóminum liggja frammi skýrsla tæknideildar rannsóknarlögreglunnar og ófullgerð skýrsla rannsóknarlögreglunnar. — Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi **úrskurður:** . . . .“

Eftir að úrskurður var færður til bókar, segir svo í endurriti úr þingbók: „Kl. 1640 er færður fyrir dóminn kærði, Magnús Einarsson sjómaður . . . Úrskurðarorð er lesið í heyranda hljóði í dóminum . . .“

Sýnt er af endurriti úr sakadómsbók, sem nú hefur verið rakið, að kærði kom ekki fyrir dómara, fyrr en eftir að hann kvað upp úrskurð um að hneppa skyldi kærða í gæzluvarðhald. Brýtur það í bága við boð 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 82/1961. Vegna þessara annmarka ber að ómerkja hinn kærða úrskurð. Kærumálskostnaðar hefur eigi verið krafizt.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. janúar 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 11. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að í nótt var brotizt inn að Holtsgötu 10 hér í borg og þar stolið ca. 200 U. S. dollurum, fjórum skartgripaskrínum, ferðatösku, fyrstadagsumslögum og krukku með einseyringum.

Við rannsókn tæknideildar rannsóknarlögreglunnar kom í ljós fingrafar á peningakassa, sem dollararnir höfðu verið í, og var það samkennt við far í safni tæknideildar, og reyndist það vera af Magnúsi Einarssyni, Mosgerði 5 hér í borg, sem fæddur er 6. desember 1948.

Kærði hefur eindregið neitað öllum sakargiftum, eftir að hann var handtekinn um kl. 0300 í nótt á Hótel City.

Einn af gestum hótelsins, Ingvar Diðrik Júníusson, afhenti rannsóknarlögreglunni krukku með einseyringum í og 21 fyrstadagsumslag, og reyndist hér vera um hluta þýfisins að ræða. Ingvar Diðrik sagðist í fyrstu hafa veitt þessum munum móttöku úr hendi Magnúsar Einarssonar, en breytti síðan framburði sínum og sagði, að ekki væri víst, að kærði hefði komið með þá, þar sem um fleira fólk hefði verið að ræða.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og þykir því nauðsyn til bera með hliðsjón af framansögðu og tilvísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærða í gæzluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár varðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Einarsson, skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 29. janúar 1973.

Nr. 21/1972: **Jón I. Jóhannesson**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Einari Jóhannessyni
(Sigurður Baldursson hrl.)
og skiptaráðandanum í Hafnarfirði
(enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir stefnda skiptaráðandann í Hafnarfirði að taka til opinberrar skiptameðferðar dánar- og félagsbú hjónanna Jóhannesar Einarssonar, er lézt 10. apríl 1942, og Steinunnar Pálmadóttur, er lézt 1. apríl 1946. Þá krefst áfýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Einars Jóhannessonar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti 21. janúar 1972.

Stefndi Einar Jóhannesson krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hann fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti 23. janúar 1973.

Af hálfu stefnda skiptaráðandans í Hafnarfirði hefur ekki verði sótt þing hér fyrir dómi og engar kröfur verið hafðar uppi.

Lagaheimild skortir til áfrýjunar máls þessa, sem sætir kæru samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962. Verður því ekki hjá því komizt að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðra talsmanna áfrýjanda og stefnda Einars Jóhannessonar fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00, og málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnda Einars Jóhannessonar, Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Úrskurður skiptadóms Hafnarfjarðar 2. nóvember 1971.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar í dag að loknum munnlegum málflutningi, liggur fyrir það ágreiningsefni til úrlausnar, hvort taka beri til opinberra skipta nú dánar- og félagsbú hjónanna Jóhannesar Einarssonar, er lézt 10. apríl 1942, og Steinunnar Pálmadóttur, er lézt 1. apríl 1946, en hin látnu hjón bjuggu síðast að Strandgötu 19, Hafnarfirði.

Erfingjar eru þrjú börn hinna látnu hjóna, Jón I. Jóhannesson, Móabarði 10, Hafnarfirði, Einar Jóhannesson, Strandgötu 19, Hafnarfirði, og Guðfinna Jóhannesdóttir, sem búsett er í Osló.

Skiptabeiðandi er erfinginn Jón I. Jóhannesson, og gerir hann þær réttarkröfur, að umrætt bú verði tekið til opinberra skipta og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu í þessum þætti málsins.

Erfinginn Einar Jóhannesson mótmælir því, að umrætt bú verði tekið til skipta nú, þar sem skiptum sé löngu lokið. Hann gerir þær réttarkröfur, að öllum kröfum skiptabeiðanda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hans.

Erfingjanum Guðfinnu Jóhannesdóttur hefur verið tilkynnt um málarekstur þennan. Af hennar hálfu hefur ekki verið mætt í málinu, en hins vegar hefur réttinum borizt bréf hennar, þar sem m. a. segir: „Frá minni hálfu er ég persónulega mótfallin, að farið sé að taka upp skipti, hvað viðkemur mínum hlut, þar sem ég tel þeim skiptum löngu lokið."

Eignir í umræddu búi voru við andlát þess hjónanna, er lengur lifði, hluti fasteignarinnar að Strandgötu 19 hér í bæ, þ. e. þriðja hæð og ris nefndrar fasteignar, auk innbús og nokkurra peninga. Ekki hafði skiptaráðandi neinn atbeina að því að skipta um-

ræddu búi, og ekki leituðu erfingjar eftir því, og erfðafjárskattur var enginn greiddur.

Með eignir búsins var farið sem hér segir:

1. Eignarhluta fasteignarinnar að Strandgötu 19 tók erfinginn Einar Jóhannesson í sína vörzlu og til sinna afnota. Eigninni hafði aldrei verið þinglýst á nafn arfláta, heldur á nafn föðurbróður erfingjanna, sem hinn 1. júlí 1947 undirritaði yfirlýsingu um, að erfinginn Einar væri eigandi að eignarhluta búsins í fasteigninni. Þessari yfirlýsingu var þinglýst hinn 21. júlí 1947, og hefur erfinginn Einar síðan verið þinglýstur eigandi að eignarhlutanum og búið í húsinu.

Það er óumdeilt, að umræddur föðurbróðir erfingjanna var aldrei eigandi að eignarhluta þeim, sem um ræðir. Erfinginn Jón heldur því fram, að umræddur gerningur hafi verið gerður án sinnar vitundar og án síns samþykkis.

2. Peninga og sparisjóðsbækur dánarbúsins tók erfinginn Einar í sína vörzlu. Hann kvaðst hafa séð um „allar útréttingar", þ. á. m. hafa séð um útförina og frágang á leiði. Hann afhenti meðerfingjum sínum nokkrar fjárhæðir af umræddum innstæðum. Einar telur erfingjann Guðfinnu hafa fengið kr. 7.000.00 og bræðurna hvorn um sig kr. 2.500.00, en Jón telur sig hafa fengið kr. 2.000.00 og Guðfinnu kr. 6.000.00, en kveðst ekki vita, hvaða fjárhæð Einar hafi fengið.

3. Ekki er fyllilega upplýst, hvað af innbúi varð. Í bréfi erfingjans Einars til Jóns bróður síns, dags. 11. janúar 1971, kemur þó fram, að hann telur innbúið hafa verið mjög óverulegt. Meiri hluti þess hafi brunnið í eldsvoða á aðfaranótt gamlársdags árið 1942 og þeir fáu hlutir, sem þá björguðust, hafi allir verið stórskemmdir vegna brunans. Guðfinna hafi þó fengið píanó og, að því er helzt verður skilið á bréfinu, einnig saumaborð. Að öðru leyti virðist innbú ekki hafa verið flutt úr húsinu, og virðist það því hafa verið í vörzlu Einars.

Á árinu 1959 eða 1960 greiðir svo Einar systkinum sínum kr. 30.000.00 í peningum hvoru um sig. Því er haldið fram af Jóni, að á þessa fjárhæð hafi verið litið sem innborgun upp í arfshluta af báðum aðiljum og kona Einars hafi sagt, að „meira kæmi seinna", þegar Einar reiddi féð af höndum.

Einar heldur því hins vegar fram, að litið hafi verið á þessa greiðslu sem fullnaðaruppgjör og þar með væri öllum skiptum lokið, þótt eigi væri gengið frá því í formi skiptagerðar. Eigi þetta jafnt við um Jón og Guðfinnu.

Af hálfu skiptabeiðanda er á því byggt, að umrætt dánarbú hafi aldrei fengið löglega skiptameðferð, og telur skiptabeiðandi því óhjákvæmilega lagaskyldu að taka það til skipta nú. Þar sem ekki sé samkomulag með erfingjum um einkaskipti, verði opinber skipti að fara fram.

Því er alfarið mótmælt, að erfingjar hafi skipt með sér búinu í raun. Erfinginn Einar hafi fengið í hendur meginhluta eigna búsins. Sönnunarbyrðin hvíli því á honum fyrir því, að hann hafi greitt meðerfingjum sínum þeirra arfshluta að fullu.

Af hálfu erfingjans Einars er aftur á móti á því byggt, að erfingjar hafi skipt búinu með sér í raun og eigi því engar frekari arfskröfur.

Á það er bent, að eftir að eldsvoði varð að Strandgötu 19 á aðfaranótt gamlársdags 1942, hafi Einar lagt fram mikla vinnu og fé til endurbyggingar og viðgerða á húsinu og því í raun átt hluta af húsinu, eða a. m. k. verið stór kröfuhafi í búið. Ef tekið sé tillit til verðrýrnunar peninga, frá því Einar greiddi meðerfingjum sínum kr. 30.000.00 hvoru um áramótin 1959—1960, sé fyllilega ljóst, að hann hafi síður en svo borið meira úr býtum en aðrir erfingjar. Til vara er því haldið fram, að þar sem nú eru liðin meira en 25 ár, frá því arfur tæmdist, og um 12 ár, frá því síðustu greiðslur milli erfingjanna fóru fram, þá sé um slíkt tómlæti að tefla af þeirra hálfu, að útilokað sé fyrir neinn þeirra að krefjast skipta nú. Loks sé á það að líta, að allar hugsanlegar arfskröfur séu löngu fyrndar og glataðar, ýmist vegna hefðar eða vangeymslu, og enn fremur hugsanleg krafa hins opinbera til erfðafjárskatts. Skiptaráðanda hafi borið að taka bú arfláta til skipta þegar í stað og í síðasta lagi innan 18 mánaða frá andláti ekkjunnar. Fyrningarfrestur á kröfu til erfðafjárskatts sé 4 ár. Því hljóti krafa hins opinbera til erfðafjárskatts ætíð að vera fyrnd fjórum árum og 18 mánuðum, þ. e. 5½ ári, eftir andlát arfláta, sbr. einnig 76. gr. laga nr. 3/1878.

Þá er því haldið fram, að skipti séu í raun óframkvæmanleg nú, þar sem útilokað sé að staðreyna eignir búsins eftir svo langan tíma, þ. e. aldarfjórðung.

Af hálfu skiptabeiðanda er á það bent, að ástæðan fyrir drætti á skiptum á dánarbúinu sé fyrst og fremst sú, að Einari hafi tekizt eftir krókaleiðum að fá íbúðina að Strandgötu 19 skráða á sitt nafn með því að útvega sér yfirlýsingu 3ja manns, sem aldrei var eigandi íbúðarinnar, og fá þeirri yfirlýsingu þinglýst. Honum hafi því tekizt að fá formlega eignarheimild, án þess að

skipti færu fram og skiptagerð eða skiptayfirlýsingu væri þinglýst. Það sé alkunna, að í raun hafi búskipti um langan aldur borið þannig að hjá flestum skiptaráðendum landsins, ef erfingjar hefjast ekki sjálfir handa, þá reki erfingjar sig fljótlega á það, að þá skorti formlega eignarheimild fyrir viðkomandi eignum, svo sem fasteignum og bifreiðum, geti því ekki selt slíkar eignir eða veðsett þær og verði því að leita til skiptaráðanda um skiptameðferð. Bú, sem ekki eigi fasteignir eða bifreiðar, geri í fæstum tilvikum meira en að hrökkva fyrir útfararkostnaði og skattskuldum. Ákvæðum skiptalaga um fresti til búskipta hafi því naumast verið beitt í raun undanfarna áratugi.

Á það beri enn fremur að líta, að 18 mánaða reglan í 36. grein gjaldþrotaskiptalaganna og reglan í 76. gr. laga nr. 3/1878 sé leiðbeiningarregla, og auk þess verði að telja óheimilt að lögjafna frá fyrstnefndri lagagrein, þegar um er að ræða dánarbú, þar sem gengizt er við skuldum.

Þá sé löng hefð fyrir því að miða upphaf fyrningarfrests á erfðafjárskatti við lok skipta. Sú regla sé raunar engin undantekning, heldur meginregla íslenzkra laga um skattkröfur, þær geti aldrei gjaldfallið, fyrr en skattar hafi verið lagðir á, og upphaf fyrningarfrests miðist við eindaga skattskuldarinnar, en eindaga skuldarinnar geti aldrei borið að fyrir þann tíma, er skuldin gjaldfellur.

Þá bendir skiptabeiðandi enn fremur á það viðhorf erfingjans Einars, að hann líti ekki svo á, að arfskröfur meðerfingjanna séu fyrndar, þegar hann greiðir þeim kr. 30.000.00 hvorum um áramótin 1959—1960, þótt þá væri liðið á fjórtánda ár frá því arfurinn tæmdist. Það beri enn fremur vott um hið raunverulega viðhorf hans til búskiptanna, að í júní 1970 hafi erfinginn Einar ritað á blað yfirlýsingu, sem lögð hefur verið fram í málinu og hljóðar svo:

„Við undirrituð viðurkennum, að Einar Jóhannesson, bróðir okkar, sé löglegur eigandi að efstu hæð hússins nr. 19 við Strandgötu í Hafnarfirði."

Þessa yfirlýsingu hafi Einar talið nauðsynlegt að fá meðerfingja sína til að undirrita, þar sem hann hafi vitað, að skiptum var eigi lokið og talið arfskröfur systkina sinna kynnu að koma fram. Honum hafi tekizt að fá Guðfinnu til að undirrita yfirlýsinguna hinn 11. júní 1970, sbr. hið framlagða dómsskjal, en skiptabeiðandi hafi synjað um þá beiðni fyrir sitt leyti, enda talið, að tímabært væri orðið að ganga frá búskiptunum.

Loks er krafa skiptabeiðanda studd þeim rökum, að opinber skipti geti aldrei leitt til annars en réttlætis. Ef í ljós kæmi við skiptin, að búið væri uppgert, þá fengi skiptaþoli staðfestingu á því.

Það er upplýst í máli þessu, að fasteignin að Strandgötu 19 hér í bæ hefur verið í umráðum erfingjans Einars Jóhannessonar hefðartíma fullan samkvæmt 2. gr. laga nr. 46/1905 og hann farið með eignina eins og hann ætti beinan eignarrétt að henni. Lausafjármunir búsins skiptust milli erfingja, og einnig þeir hafa verið í þeirra umráðum hefðartíma fullan. Það verður því ekki talið, að búið geti nú heimt framangreindar eignir úr höndum margnefndra systkina, þar sem fyrir liggur í málinu, að þau hafa unnið á þeim eignarhefð.

Erfinginn Einar Jóhannesson tók undir sig sparifjárinnstæður og peninga búsins og greiddi meðerfingjum sínum hluta fjárins. Krafa búsins til fjárins er fyrnd. Það verður því að synja um töku umræddra bús til opinberra skipta nú þegar af þeirri ástæðu, að sannað er, að engar eignir eru lengur í búinu, en samkvæmt fyrirmælum 10. gr. laga nr. 3/1878 fara eigi fram opinber skipti á slíkum búum, þó annars bæri nauðsyn til, samanber einnig 42. gr. sömu laga. Það athugast, að í raun hafa erfingjar í búinu gengizt við arfi og skuldum, og einnig, að eigi hefur verið boðin fram trygging fyrir skiptakostnaði, sbr. meginreglu 33. gr. laga nr. 25/1929.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktunarorð:

Synjað er um töku dánar- og félagsbús hjónanna Jóhannesar Einarssonar, er lézt 10. apríl 1942, og Steinunnar Pálmadóttur, er lézt 1. apríl 1946, og síðast bjuggu að Strandgötu 19 í Hafnarfirði, til opinberra skipta.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. janúar 1973.

Nr. 17/1973. **Ákæruvaldið**
gegn
Agli Grímssyni Thorarensen
Birgi Þorvaldssyni og
Sigurði Ívari Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurði um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur saksóknari ríkisins með vísan til 1. töluliðs 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1973, er hingað barst 23. s. m. Er þess krafizt, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að héraðsdómarinn, Ármann Kristinsson sakadómari, víki ekki sæti í málinu. Greinargerðir hafa hvorki borizt frá héraðsdómaranum né verjanda þeim, er greinir í hinum kærða úrskurði.

Héraðsdómari varð ekki við þeim tilmælum verjanda að leggja tilteknar spurningar fyrir ákærðu Birgi Þorvaldsson og Sigurð Ívar Sigurðsson varðandi þann hátt, sem héraðsdómari hafði haft á að áminna þá, er þeir komu fyrir dómarann og gáfu skýrslur. Verjandinn skaut ekki þessari synjun dómarans til Hæstaréttar, sbr. 10. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961, heldur krafðist hann þess, að dómarinn viki sæti í málinu. Synjun dómarans um að bera upp spurningar þær, er í málinu greinir, fyrir framangreindum mönnum gerir hann ekki vanhæfan til að fara með mál þetta, sbr. 2. málsgr. 15. gr. laga nr. 82/1961 og 36. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. desember 1972.

Ár 1972, fimmtudaginn 21. desember, var úrskurður þessi kveð-

inn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur af Ármanni Kristinssyni sakadómara.

Málsatvik eru þessu:

Með ákæru, dagsettri 4. nóvember 1971, höfðaði saksóknari ríkisins opinbert mál á hendur Agli Grímssyni Thorarensen tæknifræðingi, Dalalandi 8, Reykjavík, fyrir brot gegn ákvæðum 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27 gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 6., 1. mgr. 24. gr., sbr. 35. og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Við rannsókn máls þessa komu m. a. fyrir dóm sem vitni þeir Birgir Þorvaldsson framleiðslustjóri, Grýtubakka 18, Reykjavík, og Sigurður Ívar Sigurðsson vélstjóri, Melholti 2, Hafnarfirði. Með ákæru, dagsettri 19. maí 1972, voru allir hinir framangreindu menn sakaðir um brot gegn 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hinn fyrsttaldi sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Þá er leggja skyldi fram skriflegar varnir í málinu hinn 7. júlí 1972, krafðist Þórður Ásgeirsson héraðsdómslögmaður, skipaður verjandi ákærða Egils Grímssonar Thorarensens, þess, að frekari rannsókn færi fram í málinu og 13 nánar tilgreindar spurningar yrðu lagðar fyrir ákærða Birgi og 11 fyrir ákærða Sigurð Ívar. Rannsókn þessi var háð hinn 6. október 1972 að öðru leyti en því, að dómari taldi ekki rétt, að hann legði fyrir hina ákærðu nokkrar spurningar, sem lutu að því, hvort hann hefði rækt embættisskyldu sína að lögum við fyrri yfirheyrslur í málinu.

Þegar skipaður verjandi ákærða Egils Grímssonar Thorarensens skyldi leggja fram skriflega vörn hinn 6. þ. m., taldi hann hættu á því, að dómari fengi „ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu“ og áréttaði, að hann liti svo á, að dómur yrði ekki réttilega lagður á í málinu, fengjust ekki svör við áðurnefndum spurningum.

Dómari þessa máls er að sjálfsögðu ekki bær um að rannsaka, hvort hann hafi sjálfur framkvæmt ólöglega rannsókn í málinu og þannig brotið gegn 131. gr. almennra hegningarlaga, en að slíku hefur Þórður Ásgeirsson látið liggja í bréfi, sem hann lagði fram á dómþingi sakadóms hinn 6. þ. m.

Af nefndum sökum telur dómari rétt, að hann víki sæti í máli þessu ex officio.

Ályktunarorð:

Dómari víkur ex officio sæti í máli þessu.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 58/1972. **Áki Jakobsson**
gegn
Skiptaráðandanum í Reykjavík
vegna þrotabús Karls Ó. Jónssonar

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Áki Jakobsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, skiptaráðandanum í Reykjavík vegna þrotabús Karls Ó. Jónssonar, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 79/1972. **Vörður — tryggingar h/f**
gegn
Skiptaráðandanum í Reykjavík
f. h. þrotabús Vátryggingafélagsins h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vörður — tryggingar h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 139/1972. **Karl Jörgensen**
gegn
Kaupfélaginu Fram, Neskaupstað.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Karl Jörgensen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 165/1972. **Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri**
f. h. Þjóðleikhússins
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 166/1972. **Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 167/1972. **Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinn Einarsson þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 10/1973 **Árni Jóhannsson**
gegn
Gjaldheimtustjóranum
f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 15/1973. **Gjaldheimtustjórinn**
f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík
gegn
Árna Jóhannssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 8/1972 **Hjallur h/f**
(Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Guðrúnu Þóru Bragadóttur og gagnsök
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. janúar 1972. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. febrúar 1972. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 637.087.00 með 7% ársvöxtum frá 20. ágúst 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað skýrslna Öryggiseftirlits ríkisins um skoðanir á vélabúnaði aðaláfrýjanda, að því er öryggisráðstafanir varðaði. Við skoðun 12. október 1967 er ekkert talið athugavert. Í skoðunarskýrslu 7. nóvember 1968 er skráð, að setja skuli öryggisrofa á fiskvals fyrir 10. desember s. á. Það virðist þó ekki hafa verið gert, því að í skoðunarskýrslu 27. nóvember 1969 er skráð, að umbætur hafi ekki verið gerðar og skuli framkvæmdar strax. Öryggisrofi mun síðar hafa verið settur á umrætt tæki, og í skoðunarskýrslu 3. desember 1970 er engin athugasemd gerð. Að beiðni lögmanna aðilja skoðaði starfsmaður Öryggiseftirlitsins vél þessa 16. janúar 1973 og lýsti henni. Segir svo í skýrslu hans: „Hraði valsa reyndist 25 snúningar á mínútu. Þvermál valsa 105 mm. Hæð frá borði að hlíf 28 mm. Frá hlífarbrún að valsi 50 mm. Frá hlífarbrún að inngripi valsa 75 mm. Ummál valsa 325 mm."

Í héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum,

er talið, að áfátt hafi verið öryggisbúnaði vélar þeirrar, sem gagnáfrýjandi vann við, og til þess megi að nokkru rekja orsakir slyssins. Þessu mati meðdómenda hefur ekki verið hnekkt með álitsgerðum annarra sérfróðra manna eða á annan hátt. Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur gagnáfrýjandi lýst því fyrir dómi, að þegar hún slasaðist, hafi hún verið að láta lítinn óvalsaðan fiskhluta í vélina. Engin tæki hafi verið tiltæk til að ýta slíkum litlum fiskbitum undir öryggishlífina og að völsunum, heldur hafi til þess verið notuð önnur óvölsuð fiskstykki. Í umrætt sinn hafi engin óvölsuð fiskstykki verið við hendina og því hafi hún ýtt á eftir þessum fiskbita með hendinni. Í málflutningi aðaláfrýjanda var á það fallizt, að hér hafi verið um venjuleg vinnubrögð að ræða á starfsstöð hans. Það verður að teljast óvarleg vinnutilhögun að láta eigi nota áhald í þessu skyni.

Samkvæmt þessu verður að telja, að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda vegna slyss þessa.

Fallast má á það álit héraðsdóms, að gagnáfrýjandi, sem unnið hafði hjá aðaláfrýjanda um skeið, hafi sýnt nokkra óvarkárni í umrætt sinn. Á hún því sjálf einnig sök á, hvernig fór. Þykir eftir atvikum mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, að því er sakarskiptingu varðar, og gera aðaláfrýjanda að bæta tjón gagnáfrýjanda að hálfu.

Kröfur sínar hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi sundurliðað þannig:

1.	Örorkubætur	kr. 583.392.00
2.	Útlagður kostnaður vegna slyssins	— 20.023.00
	Miskabætur	— 200.000.00
		Kr. 803.415.00

Frá þessari fjárhæð hefur gagnáfrýjandi dregið bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 166.328.00.

Um 1. kröfulið.

Hinn 19. október 1973 reiknaði Þórir Bergsson tryggingafræðingur með líkindatölum fjárhagstjón gagnáfrýjanda vegna slyssins. Í reikningi þessum tók tryggingafræðingur-

inn tillit til launahækkana þeirra, sem orðið höfðu frá 22. janúar 1971, er hann síðast reiknaði tjón gagnáfrýjanda, svo og hækkana þeirra á launum, sem hann gerði ráð fyrir, að verða mundu hinn 1. marz 1973. Eru niðurstöðutölur tryggingafræðingsins þær, að þannig reiknað nemi verðmæti tjóns gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku alls kr. 583.392.00.

Með hliðsjón af líkindareikningi þessum og öðru því, sem hér skiptir máli, þykir tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið kr. 300.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er hún hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2. kröfulið.

Þessi kröfuliður hefur ekki verið vefengdur af aðaláfrýjanda og verður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 3. kröfulið.

Tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið þykir hæfilega metið í héraðsdómi kr. 90.000.00.

Samkvæmt þessu telst heildartjón gagnáfrýjanda vegna slyss þessa hæfilega metið kr. 410.023.00.

Ber aðaláfrýjanda að bæta gagnáfrýjanda helming þess, eða kr. 205.011.50 með 7% ársvöxtum frá slysdegi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hjallur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu Þóru Bragadóttur, kr. 205.011.50 með 7% ársvöxtum frá 20. ágúst 1968 til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 26. nóvember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út-

gefinni hinn 9. febrúar 1970 af Braga Ásbjörnssyni, Hjallabrekku 2, Kópavogi, f. h. ófjárráða dóttur hans, Guðrúnar Þóru Bragadóttur, sama stað, gegn Geir Ólafssyni, Grafarholtsbletti 5 við Vesturlandsveg í Reykjavík, f. h. Hjalls h/f, Hafnarbraut 6, Kópavogi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð samtals kr. 612.450.00 með 8% vöxtum frá 20. ágúst 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar, allt að frádregnum kr. 166.328.00, sem greitt var af Tryggingastofnun ríkisins, eða samtals að eftirstöðvum kr. 446.122.00 auk vaxta og málskostnaðar.

Við munnlegan málflutning lagði lögmaður stefnanda fram kröfugerð byggða á nýjum útreikningum Þóris Bergssonar tryggingafræðings, er hljóðaði upp á kr. 687.253.00.

Af hálfu stefnda, Hjalls h/f, hafa verið gerðar þær kröfur aðallega, að sefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð. Hvernig sem málið fer, krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Málsatvik eru þau, að hinn 8. júlí 1968 réðst stefnandi, Guðrún Þóra Bragadóttir, til starfa í harðfiskverksmiðju stefnda í Kópavogi. Var hún m. a. látin vinna þar við harðfiskvalsara, sem notaður er til að tæta og berja harðfisk. Var það hlutverk þess, sem við valsara þennan vann, að ýta fiskstykkjum inn á milli stálsívalninga, sem tæta og berja fiskinn. Var venjulega staðið til hliðar við valsarann og fiskbitunum ýtt inn á milli valsanna með vinstri hendi, en tekið á móti þeim með hinn hægri. Í skýrslu Markúsar Kristinssonar, starfsmanns Öryggiseftirlits ríkisins, er vél þessari lýst þannig: „Harðfiskvalsinn er tvö gaddakefli, sem þrýstast saman með gormum. Yfir völsunum er hlíf, bogadregin ca. 50 mm frá völsunum, en slétt borð báðum megin við valsana. Upp undir borðinu á hægra horni, þegar staðið er við þann enda vélarinnar, sem fiskurinn er mataður í hana, er rofi fyrir straumin til vélarinnar."

Hinn 20. ágúst 1968 var stefnandi að vinna við umræddan valsara. Gerðist það þá, að hún lenti með fingur vinstri handar milli valsanna með þeim afleiðingum, að allir fingurnir nema þumalfingur voru meira og minna brotnir og holdið tætt sundur inn að sinum. Tók nokkurn tíma að losa höndina úr vélinni, þar eð spenna þurfti valsana sundur með kúbeini til að losa hana.

Um aðdraganda slyssins sagðist stefnanda svo frá, er starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins tók af henni skýrslu hinn 26. ágúst 1968 á Landspítalanum:

„Ég var að vinna við að valsa og pakka harðfisk. Ég stóð til hliðar við valsinn og tók með hægri hendi fisk, sem búinn var að fara í gegn, og rétti hann yfir valshlífina til að setja hann aftur í með vinstri hendi. Þegar slysið skeði, var ég með lítinn fiskbita, sem var þynnri í annan endann, og lét þann enda ganga á undan að völsunum. Treglega gekk að fá valsana til að grípa bitann, og ýtti ég á eftir honum með hendinni, en gætti þess þá að fara ekki með fingurna inn undir hlífina, sem er undir völsunum. Allt í einu gripu valsarnir bitann, en höndin klemmdist einhvern veginn milli hans og borðsins, og skipti það þá engum togum, að höndin dróst með bitanum inn á milli valsanna."

Hinn 3. september gaf stefnandi skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Kópavogi um atvik þetta, og sagðist henni þá svo frá m. a.: „Þegar ég fór í valsana, snéri lófinn niður að borðinu. Ég gat svo ekki áttað mig á þessu, fyrr en ég var komin með höndina inn í valsana. Vélin stoppaði sjálf, þegar efstu kögglar fingra minna voru komnir á milli valsanna. Ég öskraði upp, þegar ég fann, að ég var komin inn í valsana, og fólkið, sem var að vinna með mér, kom til mín, og Helgi tók vélina úr sambandi, en þá hafði vélin stoppað sjálf. Ég var losuð úr vélinni með því að kúbein voru spennt á milli valsanna, og það gekk hálf illa að losa mig, m. a. hreyfðust valsarnir einu sinni á meðan, en ekki veit ég, hvort þeir drógu mig lengra inn eða hvort þeir hreyfðust á hinn veginn. En ég fann, að það kom óþægilega við mig."

Fyrir dómi hinn 4. júní 1970 skýrði stefnandi svo frá, að ekki hafi verið notuð nein tæki til að ýta litlum fiskum inn í vélina, en til þess hafi þó oft verið notaðir aðrir fiskar og hafi henni verið bent á það af verkstjóranum og samstarfsstúlkum. Fiskbitinn, sem hún hafði lent með höndina undir í vélina, hafi verið síðasti bitinn í kassanum og því hafi hún engan fisk haft til að ýta á eftir honum. Að vísu hafi verið til staðar fiskbitar, sem þegar hafi verið búnir að fara í gegnum vélina, en þeir hafi yfirleitt ekki verið notaðir í þessum tilgangi, þar eð þeir höfðu linast við það að fara í gegnum vélina og því síður hæfir til þessa. Hún sagði, að er hún hóf vinnu hjá stefnda í júlí 1968, hafi henni verið sýnd vinnubrögðin af samstarfsstúlkum sínum og taldi líklegt, að verkstjóri hefði einnig gefið henni fyrirmæli. Hún kvaðst m. a. hafa fengið fyrirmæli um að nýta fiskinn vel.

Helgi Guðlaugsson, framkvæmdastjóri stefnda, skýrði svo frá fyrir dómi hinn 19. janúar 1971, að stefnandi hafi verið ráðin til stefnda í júlímánuði 1968 og hafi hún unnið við vinnslu harð-

fisks á ýmsum stigum, þar til hann var kominn pakkaður í söluhæft ástand, þ. e. við völsun fisksins, viktun og pökkun. Kvað hann starfsstúlkur fyrirtækisins hafa skipzt á um að framkvæma hina ýmsu þætti vinnslunnar, og var hver stúlka aldrei lengur en u. þ. b. hálfa klukkustund í einu við að valsa fiskstykkin og síðan ekki skemur en eina klukkustund við önnur störf á milli. Hann kvaðst hafa leiðbeint stefnanda um, hvað helzt þyrfti að varast í sambandi við vinnu við völsunarvélina og þá sérstaklega það að varast að fara með fingur inn undir hlífarbrúnina á vélinni. Hann taldi, að stefnandi, sem var u. þ . b. 17 ára, er þetta var, hafi verið nokkuð skrafhreifin við vinnu sína, og virtist honum hún ekki mjög áhugasöm við vinnuna. Þegar slysið skeði, kvaðst hann hafa verið nærstaddur í salnum og heyrt, að stúlkan hrópaði og sagði, að hönd sín væri föst í valsinum, en vélin hafði stöðvazt samstundis og stúlkan hrópaði upp, en á vélinni sé öryggisrofi, sem rjúfi sambandið, þegar valsarnir mæti of mikilli mótstöðu. Kvað Helgi það álit sitt, að slysið hefði orðið fyrir stórfellt gáleysi stefnanda, en hún hafi, að því er hann álíti, verið að tala við samstarfsstúlkur sínar og því snúið andliti sínu til þeirra, en frá vélinni. Hann kvaðst þó ekki geta fullyrt þetta, þar eð hann hafði ekki augun á stúlkunni þetta augnablikið.

Stefnandi telur stefnda bera skaðabótaábyrgð á slysi þessu, þar eð útbúnaði harðfiskvalsarans hafi verið ábótavant, bæði að því er varðar gerð hlífarinnar yfir völsunum svo og að því er varðar staðsetningu rofans, sem rýfur strauminn til vélarinnar, er á hann er þrýst, svo og hitt, að sjálfvirkur rofi, ef einhver sé, hafi ekki virkað sem skyldi. Þessi atriði öll, hvert fyrir sig og öll í sameiningu, hafi valdið slysinu. Þá heldur stefnandi því fram, að óforsvaranlegt hafi verið að láta hana og aðrar starfsstúlkur renna í gegnum vélina svo smáum harðfiskbitum, að bókstaflega hafi þurft að fara með fingur inn undir hlífina til að ýta á eftir þeim, þannig að valsarnir næðu að grípa í þá. Telur hún þetta hafa átt sinn þátt í slysinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi alla sök á slysi þessu. Hlíf sú, sem á vélinni sé, eigi að veita fullkomna vörn. Frá brún hlífarinnar að völsunum sé u. þ. b. 5 cm, þannig að ómögulegt sé að meiða sig á vélinni, nema stinga a. m. k. tveim fremstu kögglum fingranna inn fyrir hlífina, sem vart sé ætlandi fólki með fullu viti, enda hverjum manni augljóst, sem við vélina vinnur, hvers konar tæki er um að ræða. Harðfiskur sá, sem valsaður er í vélinni, beri það með sér, hvernig vélin fari

með hann. Vél þessi hafi verið í mörg ár hjá stefnda og aldrei áður komið fyrir óhapp við notkun hennar. Sé og allur öryggisbúnaður vélarinnar í samræmi við fyrirmæli Öryggiseftirlits ríkisins. Þá telur stefndi, að umrætt slys hafi orðið með svo snöggum hætti, að nærtækari rofi en sá, sem á vélinni er, hefði engu breytt um afleiðingar slyssins, þar eð vélin hafi stöðvazt svo til samstundis vegna öryggisútbúnaðar. Stefndi telur það og vera gersamlega hættulausa vinnu og vandalausa fyrir hvern þann, sem við vélina vinnur, að rétta fiskstykkin undir hlífina, þannig að vélin grípi þau. Ef lítil fiskstykki séu innan um hin, sé vandalaust að ýta þeim að valsinum með öðrum stærri stykkjum, eins og starfsfólk við vélina hafi jafnan gert. Sé alger óþarfi að fara með fingur inn fyrir brún hlífarinnar, enda ekki til þess ætlazt, þar sem hlífin sé einmitt til að varna því, að slíkt sé gert. Telur stefndi, að stefnandi hafi sýnt fullkomið gáleysi við vinnu sína, ekki haft hugann við starfið og verið með þarflaust fikt, sem ástæðulaust hafi verið að ætla henni við þetta starf, sem sé með öllu hættulaust, ef rétt sé unnið, en alltaf megi bjóða hættunni heim, ef vélar séu annars vegar.

Harðfiskvél sú, sem stefnandi var að vinna við, er slysið varð, hlýtur að teljast hættulegt tæki, sem krefjist sérstakrar varúðar, enda ljóst, að hver sá, sem setti hönd eða fingur milli gaddakeflanna, hlyti af mikil meiðsli. Vegna þessa er vélin útbúin með bogadreginni hlíf yfir gaddakeflunum, en undir brún þessarar hlífar fór stefnandi, er slysið varð. Um þennan útbúnað vélarinnar segir Markús Kristinsson, eftirlitsmaður Öryggiseftirlits ríkisins, í skýrslu sinni: „Enda þótt hlíf sú, sem á vélinni er, virðist veita næga vörn gegn snertingu valsanna, tel ég slys þetta hafa sýnt, að svo er ekki. Ég tel, að hlífina þurfi að framlengja meðfram borðinu, að ekki verði náð snertingu við valsana með hendi.“ Að því er varðar rofaútbúnað, segir hann: „Þá tel ég æskilegt, að sjálfvirkur rofabúnaður, sem rjúfi strauminn, áður en hönd nær völsunum, verði settur á vélina eða rofi sá, sem nú er á henni, settur á þann stað, sem ávallt verði náð til með hvorri hendi sem er, hvernig svo sem staðið er að vélinni.“

Með hliðsjón af því, hve varhugavert tæki hér er um að ræða, telur dómarinn með tilvísan til ofanritaðs og eftir að hafa skoðað umrædda vél, að stefnda hafi borið að sjá fyrir enn frekari öryggisútbúnaði á vélinni til að fyrirbyggja slík slys, sem hér um ræðir, og verði því að virða honum það til sakar að einhverju leyti. Að hinu leytinu er og ljóst, að stefnandi hefur sýnt af sér

stórfellt gáleysi og skort á aðgæzlu, er hún fór með hönd inn á milli valsanna þrátt fyrir þann öryggisútbúnað, sem á vélinni er. Vinna við vélar sem þessa krefst jafnan aðgæzlu og athygli, og það hlaut stefnanda að vera fullljóst. Með allt framansagt í huga þykir eðlilegt, að stefnandi beri sjálf tjón sitt af hálfu, en stefnda verði gert að bæta henni helming þess.

Fjárhæð dómkröfunnar sundurliðast þannig:

1.	Tímabundin og varanleg örorka ..	kr. 469.730.00
2.	Útlagður kostnaður samkvæmt framlögðum reikningum	— 17.523.00
3.	Miski	— 200.000.00
	Samtals	kr. 687.253.00
	Frá eru dregnar bætur, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt	kr. 166.328.00
		Kr. 520.925.00

Um 1.

Eftir slysið var stefnandi flutt á slysavarðstofuna í Reykjavík og síðan á Landspítalann. Í vottorði, dags. 25. nóvember 1968, segir Guðmundur Bjarnason, læknir á Landspítalanum, um meiðsl stefnanda:

„Við hingaðkomu var slasaða þjáð af verkjum í hendinni, og skoðun leiddi í ljós, að II. III. IV. og V. fingur voru mjög kramdir upp að Metacarpophalangedal lið og fram í fingurgóma. Dorsalt á þessum fingrum voru ótal gaddaför eftir valsarann, en engin stærri sár, en lófamegin voru fingurnir miklu tættari, og á löngutöng volert voru tvö 5 cm löng sár, mjög rifin. Á hinum fingrunum einnig nokkur contusionssár. Á löngutöng og baugfingri var opið inn að beygisinum og þær nokkuð sargaðar, en þó ekki í sundur. Röntgenmynd sýndi comminut brot í proximalphalanx II., IV. og V. fingur, án verulegrar dislocationar.

Strax eftir að slasaða kom hingað, voru sárin revideruð og sumum lokað primert.

Sjúklingurinn útskrifaðist þ. 28. 8. s.l., og voru þá sárin á góðum batavegi.

Síðan sjúklingurinn útskrifaðist, hefir hún komið hér nokkrum sinnum til eftirlits, en að öðru leyti fengið æfingameðferð. Hreyfanleikinn hefur komið talsvert til baka í fingurna, en er þó enn langt frá eðlilegur."

Hinn 30. október 1969 gaf Árni Björnsson læknir vottorð um meiðsli stefnanda. Þar sem segir m. a.:

„Strax eftir komu var gert að sárum slösuðu. Sár saumuð og brot sett í skorður. Var þetta gert í svæfingu. Þrem dögum síðar var skipt á umbúðum í svæfingu og sjúkl. útskrifaðist hinn 28. 8. 1968. Gekk þá um tíma í skiptingar, og jafnframt fékk hún æfingameðferð á höndina.

Hún var lögð inn að nýju hinn 23. 6. 1969 til lagfæringar á hendinni, en aðalkvartanir voru, að II. og IV. fingur voru of mikið bognir og hætti við að festast, er hún notaði höndina.

Hinn 25. 6. 1969 var gerð aðgerð, og voru þá liðir í III. og IV. fingri gerðir stífir í hagstæðari stellingum. Var gangur eftir þá aðgerð eðlilegur, og sjúkl. útskrifaðist hinn 26. 6. 1969.

Í ágúst var enn gerð aðgerð. Að þessu sinni var slasaða ekki lögð á sjúkrahús, og var aðgerðin gerð í deyfingu. Þá var rétt úr distala interphalangal liðnum á löngutöng og hann gerður alveg stífur.

Ástand í dag er þannig, að slasaða segist nota höndina allvel, en getur þó ekki beitt henni við neina fíngerða vinnu né við meiri háttar áreynslu. Hún hefur enga verki, en segir þó, að höndin verði gjarnan köld í köldu veðri.

Skoðun leiðir í ljós, að vinstri hönd er allmiklu rýrari en sú hægri. Hreyfingar í þumalfingri eru eðlilegar, vísifingur er réttur, en 2 cm vantar á, að fingurgómar komist alla leið inn í lófa. Proximali interphalangeal liður á III. fingri er fastur í 45° horni, og distali interphalangeal liður er fastur í 15° horni. IV. fingur hefur 20° activa hreyfingu í proximal interphalangeal liðnum, en distali liðurinn er alveg stífur í 20° horni. Á V. fingri vantar um 3 cm upp á fulla beygju inn í lófann.

Ekki eru líkur til, að hægt sé að bæta ástand handar þessarar neitt úr þessu. Búast má við, að slasaða venjist bækluninni að einhverju leyti, en hún hlýtur ávallt að takmarka starfsgetu hennar. Þá er allveruleg útlitslýti á hendinni.

Um er að ræða handarslys hjá ungri stúlku, sem leitt hefur til þess, að hún hefur lítið sem ekkert getað notað höndina í rúmlega eitt ár. Þá er varanleg bæklun á hendinni, sem veldur bæði útlitslýti og verulega minnkaðri starfsgetu."

Hinn 2. desember 1969 framkvæmdi Stefán Guðnason læknir örorkumat á stefnanda, og er ályktun hans á þessa leið:

„Um er að ræða 18 ára gamla verkakonu og menntaskólanema, sem slasaðist við harðfiskvölsun fyrir rúmu ári. Hún hlaut brot og sköddun á 4 fingrum vinstri handar og lá tvisvar á sjúkrahúsi vegna aðgerða á þessum meiðslum, en þriðja aðgerðin var gerð ambulant. Fékk auk þess æfingameðferð í rúma 7 mánuði af þessum sökum.

Talið er nú, að ekki sé að vænta frekari bata en fengizt hefur á meiðslum stúlkunnar, en afleiðingar slyssins taldar varanleg bæklun á vinstri hendi hennar, sem veldur verulega minnkaðri starfsgetu auk útlitslýta.

Slasaða var óvinnufær frá slysdegi til septemberloka 1968, stundaði menntaskólanám veturinn 1968 til 1969 og telst þá lítt vinnufær, en varð aftur óvinnufær vegna lagfæringaraðgerða frá 23. júní 1969 til 31. okt. 1969. Eftir það er um að ræða nokkra varanlega örorku.

Örorka sú, sem slasaða hefur hlotið af völdum þessa slyss, telst hæfilega metin sem nú greinir:

Frá 20. ágúst 1968 til 31. okt. 1968: 100%
Frá 1. nóv. 1968 til 22. júní 1969: 75%
Frá 23. júní 1969 til 31. okt. 1969: 100%
Eftir það varanlega 15%."

Þórir Bergsson, cand. act., hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli ofangreinds örorkumats. Gerir hann vinnutekjuáætlun og áætlar vinnutekjutap, þegar varanlega örorkan er metin 15% frá slysdegi og tímabundna örorkan samkvæmt mati læknisins að frádregnum 15%. Er útreikningur hans svohljóðandi:

		Áætlað vinnutekjutap	
	„Áætlun vinnutekna	v/tímab. örorku	v/varanl. örorku
1. árið eftir slysið	kr. 139.130.00	kr. 82.825.00	kr. 20.870.00
2. — — —	— 153.823.00	— 16.373.00	— 23.073.00
3. — — —	— 187.375.00		— 28.062.00
síðan árlega	— 187.584.00		— 28.137.00

Verðmæti vinnutekjutapsins á slysdegi reiknast mér þá nema:

Vegna tímabundinnar örorku ..... kr. 94.831.00
— varanlegrar — ..... — 374.899.00

Samtals kr. 469.730.00“

Við útreikning sinn hefur tryggingafræðingurinn notað 7% ársvexti, dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir minni starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu. Þar sem stúlkan starfaði sem iðnverkakona, hefur hann ætlað henni tekjur samkvæmt því. Í útreikningum sínum hefur hann ekki dregið frá bætur, er Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt, né reiknað með frádrætti vegna opinberra gjalda.

Við kröfugerð sína leggur stefnandi fram greindan útreikning til grundvallar að fullu.

Af hálfu stefnda er bæði örorkumati Stefáns Guðnasonar og útreikningi Þóris Bergssonar mótmælt sem of háum. Ekki sé tekið tillit til þess í útreikningi tryggingafræðingsins, að bætur sem þessar séu tekjuskatts- og tekjuútsvarsfrjálsar.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um örorku stefnanda af völdum slyssins og útreikning örorkutjóns, þykir hæfilegt að meta tjón hennar samkvæmt þessum lið kr. 250.000.00. Hafa þá verið dregnar frá þær bætur, sem hún hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt framansögðu, og jafnframt tekið tillit til skattfrelsis bóta.

Um 2.

Þessi liður hefur ekki verið vefengdur af hálfu stefnda, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3.

Stefndi hefur mótmælt miskakröfu stefnanda sem allt of hárri. Í málinu hafa verið lagðar fram ljósmyndir af höndum stúlkunnar, teknar 4. júní 1970. Sést af þeim, að vinstri hönd hennar ber greinileg lýti eftir slysið. Þegar meiðslin og afleiðingar þeirra eru virt, þykir miski stefnanda hæfilega metinn kr. 90.000.00.

Samkvæmt framansögðu þykir tjón stefnanda vegna slyssins hæfilega metið kr. 357.523.00 (kr. 250.000.00+kr. 17.523.00+ kr. 90.000.00). Af þeirri fjárhæð ber stefnda að greiða helming, eða kr. 178.761.50. Jafnframt verður hann dæmdur til að greiða 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá slysdegi, 20. ágúst 1968, til

greiðsludags. Þá þykir og rétt, að stefndi, Hjallur h/f, greiði stefnanda kr. 35.000.00 í málskostnað.

Dómur þessi er uppkveðinn af Haraldi Henrýssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Björnssyni vélaverkfræðingi og Steinari Steinssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Hjallur h/f, greiði stefnanda, Guðrúnu Þóru Bragadóttur, kr. 178.761.50 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 20. ágúst 1968 til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1973.

Nr. 143/1972. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurði Hólm Guðmundssyni
(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Banaslys. Brot gegn umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Í framburði ákærða fyrir rannsóknarlögreglu 21. maí 1971, sem hann staðfesti í sakadómi Reykjavíkur 1. febrúar 1972, kveðst ákærði hafa séð „til ferða hjólreiðamannsins á nokkuð löngu færi". Samkvæmt framburði ákærða virtist honum hjólreiðamaðurinn, þegar bifreiðin nálgaðist hann, „sveigja aðeins út í götuna, en síðan til baka aftur". Ákærða bar við þessar aðstæður og gæta sérstakrar varúðar. Á uppdrætti þeim, er löggæzlumenn bjuggu út eftir könnun á vettvangi, eru mörkuð hemlaför eftir bifreiðina. Eru þau samkvæmt uppdrættinum a. m. k. 16 metra löng. Leggja

verður til grundvallar, að uppdrátturinn gefi til kynna hemlaför í samræmi við ummerki á slysastað. Þegar þetta er virt og sakargögn að öðru leyti, verður ekki talið, að ákærði hafi stillt hraða bifreiðar sinnar svo í hóf sem skylt var. Sannað er, að ákærði gaf eigi hljóðmerki, er hann nálgaðist hjólreiðamanninn. Samkvæmt sakargögnum sveigði hjólreiðamaðurinn skyndilega og án þess að gefa viðvörunarmerki í veg fyrir bifreið ákærða. Verður slysið að verulegu leyti rakið til þeirra aksturshátta. Háttsemi ákærða varðar við þau refsiákvæði, sem greinir í héraðsdómi, þó þannig, að telja verður, að 1. málsgrein 52. gr. laga nr. 40/1968 taki til hlítar til þeirrar vanrækslu ákærða að gefa eigi hljóðmerki. Verður því eigi refsað samkvæmt 4. málsgr. 47. gr. laga nr. 40/1968, eins og hér hagar til. Þykir refsing ákærða og ökuleyfissvipting réttilega ákveðin í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing verði 5 daga varðhald, ef sekt er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Rannsókn málsins er eigi jafnrækileg og skyldi, þar á meðal var eigi reynt að leiða í ljós, svo að séð verði, hvert för hjólreiðamannsins var heitið, og löggæzlumenn, sem könnuðu vettvang, komu eigi fyrir dóm, m. a. í því skyni að skýra frá athugunum sínum á vettvangi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vararefsing fjársektar verði 5 dagar, ef sekt greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sigurður Hólm Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Einars Arnalds og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Akreinarnar voru tvær á slysstaðnum, Hringbraut. Hinn látni hjólreiðamaður ók á hægri akrein, en ákærði á þeirri vinstri. Báðir óku vestur. Hjólreiðamaðurinn snarbeygði skyndilega og án nokkurra viðvörunarmerkja fyrir bifreið ákærða. Rannsókn málsins var ábótavant í öndverðu, sérstaklega um hemlaför, en samkvæmt gögnum þess verður ekki talið sannað, að akstur ákærða hafi verið ógætilegur. Er því ekki leitt í ljós, að ákærði eigi refsiverða sök á slysi því, sem í málinu greinir, og ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hólm Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 2. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 331/1972: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hólm Guðmundssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 14. desember 1971, gegn ákærða, Sigurði Hólm Guðmundssyni fisksala, Hjaltabakka 6, Reykjavík, fæddum 28. júní 1932 á Vopna-

ákæröi, „fyrir umferðarbrot, með því að aka, mánudaginn 17. maí 1971, bifreiðinni R 22048 vestur Hringbraut í Reykjavík á vinstri akrein án þess að sýna nægilega aðgæzlu og of hratt miðað við aðstæður, en ákærði hugðist aka fram úr manni á reiðhjóli, sem hjólaði eftir hægri akrein í sömu stefnu, en gaf honum engin viðvörunarmerki, og þegar maðurinn, Þórður Halldórsson, Bólstaðarhlíð 48, Reykjavík, hjólaði af hægri akrein í veg fyrir ákærða, þá tókst ákærða ekki að forðast ákeyrslu, og kastaðist maðurinn af reiðhjólinu upp á bifreiðina og þaðan í götuna. Hann slasaðist mikið og lézt 25. október 1971 án þess að hafa komizt til meðvitundar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 4. mgr. 47. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 52. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1959 12/2 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1959 3/12 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 261 gr. hegningarlaga.
1961 19/10 í Reykjavík:Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.
1965 7/1 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1966 29/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 51. gr. umferðarlaga.
1969 11/8 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 17. maí 1971, klukkan 0755, barst lögreglunni vitneskja um, að umferðarslys hefði orðið litlu fyrr á Hringbraut skammt austan við veg, er liggur að Háskóla Íslands. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman maður á reiðhjóli, sem var á leið vestur Hringbraut, og bifreiðin R 22048, sem ákærði ók í sömu átt. Ákærði skýrði lögreglu svo frá á slysstað, að hann hefði ekið á vinstri akrein á 50 km hraða miðað við klukkustund og séð manninn á reiðhjólinu á hægri akrein, sem ákærði taldi,

að hefði farið að færa sig yfir á vinstri akreinina án þess að líta aftur fyrir sig.

Þegar ákærði sá, hvað verða vildi, kvaðst hann hafa reynt að færa bifreið sína eins nálægt umferðareyjunni og unnt var, en það ekki dugað til og bifreiðin hafnað aftan á reiðhjólinu og ökumaður þess kastazt upp á vélarlok bifreiðarinnar og síðan fallið á götuna. Sýnilegar skemmdir á bifreiðinni R 22048 voru þær, að lakk var rispað af höggvara fyrir miðju og vélarlok dældað, einnig fyrir miðju, en reiðhjólið reyndist mikið beyglað. Yfirborð vegar var malbikað, veður skýjað og regn og færi blautt. Um 20 metra löng samfelld hemlaför meðfram götueyjunni eru sýnd eftir bifreiðina á vettvangsteikningu, og er slysstaður þar markaður um 20 metra austan við gatnamót Hringbrautar og vegar, er liggur að Háskóla Íslands. Skömmu eftir slysið skoðaði Bifreiðaeftirlitið bifreiðina og reyndi í akstri. Þá er henni var ekið á 45 km hraða og snögghemlað, mældust hemlaför um 8½ metra. Rúður bifreiðarinnar voru hreinar, og hún var með vinstri hliðar stýri.

Hinn slasaði maður var fluttur í sjúkrabifreið á Borgarspítalann. Reyndist hann vera Þórður Halldórsson, Bólstaðarhlíð 48, Reykjavík, fæddur 19. apríl 1910. Lá hann meðvitundarlaus á sjúkrahúsinu, þar til hann lézt að morgni hins 25. október 1971. Bjarki Magnússon læknir krufði lík hans, og er niðurstaða álitsgerðar hans svofelld: „Við krufninguna fundust mjög útbreiddar heilaskemmdir, gamlar blæðingar og höfuðkúpubrot, sem eru afleiðingar höfuðáverkans, sem maðurinn hlaut í bílslysinu þann 17/5 1971. Hin beina dánarorsök hefur verið heilabjúgur, sem er afleiðing hinna miklu heilaskemmda, sem hlutust við bílslysið."

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði greint sinn ekið vestur Hringbraut eftir vinstri akrein á 50 km hraða miðað við klukkustund, að því er hann gizkaði á. Hann kvaðst hafa séð til ferða hjólreiðamannsins á nokkuð löngu færi og hann þá hjólað alveg meðfram gangstéttinni hægra megin. Þá er ákærði nálgaðist hann, fannst honum hann sveigja aðeins út á götuna, en síðan til baka aftur án þess þó að líta í átt til ákærða. Þegar hljóreiðamaðurinn hreyfði sig þannig til, kvaðst ákærði aðeins hafa dregið úr ferðinni, en ekki gefið hljóðmerki. En skyndilega og án nokkurra viðvörunarmerkja hefði hjólreiðamaðurinn þverbeygt til vinstri og stefnt í veg fyrir bifreið ákærða og hún hafi þá aðeins átt fáeina metra eftir að honum. Ákærði kveðst hafa hemlað og reynt að aka bifreiðinni frá manninum og upp á götueyjuna, en ekki tek-

izt að koma í veg fyrir slysið, bifreiðin rekizt á hjólreiðamanninn, hann hafnað uppi á vélarhlífinni, en síðan kastazt fram af og fallið í götuna, um leið og bifreiðin fullstöðvaðist, en reiðhjólið hrokkið upp á götueyjuna. Þegar vinstra framhjól bifreiðarinnar hefði rekizt á brún götueyjarinnar, hefði hún rykkzt til að aftan og kastið, þegar maðurinn hrökk fram af henni, því orðið mun meira en ella. Ákærði hugði, að nokkur hluti hemlafara, er sýnd voru á vettvangsteikningu lögreglu, væru hjólför, sem myndazt hefðu, þá er hann dró fyrst úr ferð bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hafa gert ráðstafanir til að kalla lögreglu og sjúkrabifreið á slysstað og ekkert hefði verið hreyft við hinum slasaða, á meðan beðið var eftir þeim. Ákærði fullyrti, að hann hefði í alla staði verið vel fyrirkallaður, haft allan hugann við aksturinn og ekki orðið fyrir neins konar truflunum. Ákærði sagði, að blautt hefði verið á götunni, rigning og nokkur umferð.

Vitnið Borgar Þór Guðjónsson verkamaður, B-götu 9, Blesugróf, Reykjavík, sem sat í vinstra aftursæti bifreiðar ákærða, taldi, að ákærði hefði ekið á venjulegum innanbæjarhraða. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir hjólreiðamanninum, sem verið hafði hægra megin á akbrautinni, en ekki gefið honum sérstakan gaum. Skyndilega hefði hann án viðvörunarmerkja sveigt til vinstri og stefnt á akreinina fyrir framan bifreiðina og hann þá verið það nærri, að vitnið hugði, að bifreiðin hlyti að lenda á honum, því orðið mikið um og rekið upp óp, en í sömu andrá hefði ákærði hemlað og beygt undan til vinstri. Hjólreiðamaðurinn hefði hafnað uppi á vélarhlíf bifreiðarinnar, hrokkið fram af henni og fallið í götuna, en bifreiðin stöðvazt rétt um leið. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hefði gefið hljóðmerki, og gat ekki lýst færð né skyggni umrætt sinn.

Vitnið Brynja Sigurjónsdóttir nemandi, Miðtúni 42, Reykjavík, sem sat í hægra aftursæti bifreiðar ákærða, kvaðst hafa gefið umferðinni mjög lítinn gaum, en séð hjólreiðamanninn, sem skyndilega og án viðvörunarmerkja hefði hjólað í veg fyrir bifreið ákærða, sem ekið var á venjulegum innanbæjarhraða vestur syðri akrein Hringbrautar. Vitnið kvað ákærða hafa hemlað bifreiðinni, en engum togum skipt, að maðurinn skall framan á bifreiðina og féll síðan í götuna.

Vitnið Erna Hafdís Berg Kristinsdóttir, B-götu 9, Blesugróf, Reykjavík, kvað ákærða hafa ekið vestur syðri akrein Hringbrautar á ekki miklum hraða, skyggni verið slæmt og gatan blaut. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir hjólreiðamanni á nyrðri akrein-

inni, og fannst því hann hjóla heldur vinstra megin á þeirri akrein. Vitninu, sem sat í hægra framsæti bifreiðarinnar, virtist ákærði einnig veita hjólreiðamanninum athygli, því að hann hafi dregið heldur úr ferð, nokkru áður en þau komu að honum. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hefði gefið hljóðmerki, en hugði, að svo hefði ekki verið. Vitnið kvað hjólreiðamanninn skyndilega og án nokkurra viðvörunarmerkja hafa snarbeygt fyrir bifreið ákærða, hann hemlað, en maðurinn í sömu svipan skollið framan á bifreiðina.

Þá er til þess er litið, að ákærði var að aka fram hjá hjólreiðamanni á fjölfarinni götu skammt frá gatnamótum, og hann varð þess var, að hjólun mannsins var ekki hnökralaus, bar honum að sýna sérstaka og ýtrustu varkárni og gefa hljóðmerki. Ákærði kvaðst að vísu hafa dregið úr hraða, en honum bar að stilla hraðanum svo í hóf, að bifreiðin yrði stöðvuð skyndilega, en ummerki á slysstað benda til, að svo hafi ekki verið. Á hinn bóginn verður að telja, að rætur slyssins verði að verulegu leyti raktar til þess, á hvern hátt hinn hjólandi maður hagaði ferðum sínum. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 6 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Hólm Guðmundsson, greiði 6.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 6 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. febrúar 1973.

Nr. 142/1972. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Stefáni Ingólfssyni
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Dómendur:
hæstarqttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Einar Ingimundarson bæjarfógeti.

Bifreiðar. Of hraður bifreiðarakstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa lögreglumenn þeir, er í héraðsdómi getur, komið fyrir dóm og staðfest vætti sín með eiði. Ákærði hefur og komið aftur fyrir dóm og eiginkona hans, Guðrún Ragnarsdóttir, hefur gefið skýrslu fyrir dómi, en hún hefur ekkert getað borið um hraða bifreiðarinnar.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi, og þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja, en brot ákærða varða við þau ákvæði umferðarlaga nr. 40/1968, er í ákæru greinir.

Akstur ákærða var mjög hraður og vítaverður. Samkvæmt mælingu lögreglumanna og framburði ákærða ók hann bifreiðinni með um 90 km hraða miðað við klukkustund niður Ártúnsbrekku, og eftir mælingu og framburðum lögreglumanna jók hann síðar hraðann í um eða yfir 100 km miðað við klukkustund, en þá kveðst ákærði ekki hafa litið á hraðamæli bifreiðar sinnar. Þykir því rétt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta hann ökuréttindum 1 mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til að greiða kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, kr. 8.000.00, en saksóknarlauna hefur ekki verið krafizt.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdómsins um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Stefán Ingólfsson, er sviptur ökuréttindum 1 mánuð frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. apríl 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 19. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 213/1972: Ákæruvaldið gegn Stefáni Ingólfssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 21. janúar 1972, höfðað „á hendur Stefáni Ingólfssyni skriftvélavirkja, Hraunbæ 40, Reykjavík, fæddum þar í borg 12. maí 1946, fyrir að aka laugardagskvöldið 16. janúar 1971 bifreiðinni R 1003 á vítaverðan hátt niður Elliðaárbrekku og vestur Miklubraut í Reykjavík með því að aka á allt of miklum hraða, eða allt að 110 km miðað við klst. og aka á þessum hraða fram úr bifreið á mótum Elliðavogar, en lögreglumenn náðu að stöðva akstur ákærða við Réttarholtsveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. og 3. mgr. c liðs 49. gr. og 1. mgr. 50 gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Laugardaginn 16. janúar 1971, kl. 2235, voru tveir lögreglumenn staddir í löggæzlubifreið R 8534 við vegamót Vesturlandsvegar og Bæjarháls. Sáu þeir þá, hvar bifreiðinni R 1003 var ekið töluvert greitt norður Bæjarháls að nefndum gatnamótum. Bifreiðinni var þar beygt til vinstri og ekið með örtvaxandi hraða

í átt til borgarinnar. Lögreglumenn veittu bifreið þessari eftirför í löggæzlubifreiðinni, og er komið var í hallann austan Elliðaáa, náðu lögreglumenn að halda jöfnu bili milli bifreiðanna, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá 90 km miðað við klst. Er bifreiðin R 1003 kom að Elliðaárbrú, var lítið eitt dregið af hraða hennar samkvæmt skýrslum lögreglu, en hraðinn var síðan aukinn verulega og ekið fram úr bifreið, sem þá var stödd við gatnamót Elliðavogar. Var bifreiðinni R 1003 nú ekið á miklum hraða fram hjá gatnamótunum eftir vinstri akrein og áfram vestur Miklubraut. Lögreglumönnum tókzt að halda í við bifreiðina, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar, að nú var hraðinn 110 km miðað við klukkustund. Lögreglumönnum tókzt loks að stöðva akstur bifreiðarinnar R 1003 nokkuð fyrir vestan mót Réttarholtsvegar. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu, Stefán Ingólfsson. Aðspurður af lögreglu á vettvangi kvaðst ákærði ekki hafa fylgzt með hraðamæli bifreiðar sinnar umræddan vegarspotta. Þegar umræddur akstur ákærða fór fram, var veður þurrt og bjart í lofti, vegur þurr og auður, náttmyrkur og léleg lýsing við akbraut, en lítil umferð.

Að framanlýstum akstri ákærða loknum var hann færður á lögreglustöðina fyrir varðstjóra, er taldi rétt að svipta ákærða ökuréttindum sínum til bráðabirgða. Ákærða var jafnframt gert að mæta hjá fulltrúa lögreglustjóra næsta mánudag, eða 18. janúar 1971. Ákærði mætti þá fyrir lögregluvarðstjóra og viðurkenndi þar að hafa ekið með allt að 90 km hraða í umrætt skipti um Elliðaárbrekku. Fulltrúa lögreglustjóra þótti eigi alveg næg ástæða til að viðhafa bráðabirgðasviptingu gagnvart ákærða, og varð ákæra því afhent ökuskírteini að nýju.

Hinn 5. febrúar 1971 var ákærða sent bréf og gefinn þess kostur að ljúka máli sínu án dómsmeðferðar gegn greiðslu sektar að upphæð 1.300 krónur. Ákærði sinnti ekki sektarboði lögreglu.

Hinn 25. október 1971 kom ákærði fyrir dóm og skýrði þá svo frá, að hann hefði ekið niður Ártúnsbrekku laugardagskvöldið 16. janúar 1971 með um það bil 90 km hraða miðað við klukkustund. En ákærði kveðst í brekkunni hafa litið á hraðamæli bifreiðar sinnar. Ákærði hefur þá skýrt svo frá, að er hann hafi komið að brúnni yfir árnar, hafi hann hægt ferðina vegna þess, að hann vissi, að hæðarmunur var á götunni á brúargólfinu. Ákærði viðurkenndi að hafa ekið fram úr annarri bifreið á brúnni eftir því, sem að hann taldi. Þá hefur ákærði skýrt svo frá, að er

hann var kominn yfir brúna og fram hjá gatnamótum Elliðavogs og Miklubrautar, hafi hann aukið hraða bifreiðar sinnar lítils háttar, en ákærði hefur ekki getað greint frá því, hversu hratt hann ók þá, en telur, að hraðinn geti ekki hafa verið meiri en 90 km miðað við klukkustund. Ákærði skýrði að lokum frá því fyrir dómi, að hann hefði ekki litið á hraðamæli bifreiðar sinnar, eftir að hann leit á hann í Ártúnsbrekkunni í umrætt skipti. Lögreglumenn þeir er handtóku ákærða eftir akstur hans 16. janúar 1971 hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið Sigurður Viðar Benjamínsson, lögregluþjónn nr. 94, Jörvabakka 8 hér í borg, kvaðst fyrir dómi muna vel eftir atvikum málsins og hafi þeir lögregluþjónarnir verið í eftirlitsbifreiðinni skammt austan við Bæjarháls, er þeir sáu bifreið ákærða, sem ekið var hratt í átt til borgarinnar. Þeir hafi elt bifreið ákærða og tekizt að mæla hraða hennar tvívegis. Ekki mundi vitnið með nákvæmni, með hvaða hraða var ekið, en minnir, að hraðinn hafi verið um það bil 100 km miðað við klukkustund. Hraðamælingin hafi farið fram á þann hátt, að jöfnu bili hafi verið haldið á milli ökutækjanna og hraðinn lesinn þá af hraðamæli eftirlitsbifreiðarinnar.

Vitnið Steinþór Ingebrekt Nygaard, lögregluþjónn nr. 64, Víghólastíg 7, Kópavogi, hefur skýrt frá atvikum á svipaðan hátt og vitnið Sigurður Viðar, þannig að hraði bifreiðar ákærða hafi tvívegis verið mældur. Í fyrra skiptið hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 90 km miðað við klukkustund, en í síðara skiptið 110 km miðað við klukkustund.

Mælingin hafi verið framkvæmd á þann hátt að halda jöfnu bili milli bifreiða. Vitnið kvaðst fyrir dómi ekki muna, hve langt bil hafi verið milli bifreiðanna, er framangreind mæling fór fram, en hefur þó tekið fram, að föst regla sé hjá því í sambandi við slíkar hraðamælingar að geta þeirra ekki sérstaklega í skýrslum, ef bilið milli bifreiða sé svo langt, að orkað geti tvímælis, að mæling sé nákvæm.

Hámarkshraði á vegarspotta þeim, er hraðamæling lögreglumannanna fór fram á, var 60 km miðað við klukkustund, er atvik máls þessa urðu.

Hefur nú verið rakið það helzta, er fram kom við rannsókn máls þessa.

Sannað þykir í máli þessu með játningu ákærða sjálfs fyrir dómi, framburðum vitnanna Sigurðar Viðars Benjamínssonar og Steinþórs Ingebrekts Nygaards, að ákærði hafi ekið bifreið sinni

R 1003 langt yfir lögleyfðan hámarkshraða laugardagskvöldið 16. janúar 1971, er hann ók um Elliðaárbrekku og vestur Miklubraut, enda þótt dómurinn telji, að ekki sé unnt með fullkominni nákvæmni að ákvarða hraða bifreiðar ákærða þá, þegar höfð er í huga mælingaraðferð og aðstæður allar við hraðamælinguna í umrætt skipti.

Þykir ákærði með framferði sínu hafa gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem rakin eru í ákæru saksóknara frá 21. janúar síðastliðnum.

Ákærði hefur hlotið refsingar sem hér segir:

1965 19/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1966 3/5 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga.

1968 25/ í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða ákveðst 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Í ákæruskjali saksóknara hefur þess verið krafizt, að ákærði yrði með dómi sviptur ökuréttindum sínum samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.

Þegar litið er til þess, að ákærði ók bifreið sinni í umrætt skipti við allgóð ökuskilyrði, í lítilli umferð um breiðgötu, þar sem tæpast má vænta gangandi vegfarenda, þykir ekki alveg næg ástæða að gera ákærða ökuréttindasviptingu með dómi þessum, og er því kröfu saksóknara um slíka sviptingu hafnað í máli þessu.

Svo sem lyktir máls þessa hafa orðið, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Ingólfsson, greiði 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1972.

Nr. 14/1972: **Sigurður A. Magnússon**
(Jón E. Ragnarsson hdl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1972. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 75.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi hér fyrir dómi var því lýst, að ríkissjóður hafi „greitt að fullu málskostnað áfrýjanda í héraði" samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961.

Í máli þessu sækir áfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs um fébætur, vegna þess að hann sætti handtöku, er hann telur ólögmæta, hinn 21. desember 1968. Málssóknin er reist á ákvæðum XVIII. kafla laga nr. 82/1961, og er sú málssóknarleið valin, sem mælt er fyrir um í 3. tölulið 154. gr. laganna. Í þessari lagagrein er mælt fyrir um, að stefna skuli „saksóknara ... fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess ...".

Áfrýjandi hagar málatilbúnaði sínum svo bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að hann stefnir aðeins fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Hins vegar hefur hann ekki stefnt saksóknara ríkisins, svo sem skýlaust er boðið í áðurnefndu ákvæði laga nr. 82/1961.

Vegna framangreindra annmarka á málatilbúnaði áfrýjanda þykir ekki verða komizt hjá því að ómerkja hinn áfrýj-

aða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti ákveðst kr. 20.000.00 og greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eru ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málsflutningsþóknun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., höfðaði Sigurður A. Magnússon ritstjóri, Kleppsvegi 2, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 24. júní 1969, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta og miskabóta að fjárhæð kr. 50.000.00 vegna frelsisskerðingar, ólögmætrar fangelsunar, móðgana, þjáninga af hálfu lögreglunnar í Reykjavík og fyrir vísvitandi orsökun á álitshnekki fyrir stefnanda með yfirlýsingum og umtali opinberlega um þennan atburð og fyrir það að hafa eftir handtökuna margsynjað stefnanda um það að hafa samband við fjölskyldu sína og að hafa synjað stefnanda um það að hafa sjálfur símasamband við einhvern aðstandenda. Þá krefst stefnandi 8% ársvaxta af fjárhæðinni frá 21. desember 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Í þinghaldi 19. marz 1971 hækkaði stefnandi dómkröfu sína í kr. 75.000.00 með samþykki lögmanns stefnda án framhaldsstefnu, en hélt að öðru leyti við gerðar kröfur í stefnu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að kröfurnar verði verulega lækkaðar og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrögum að kröfum stefnanda er þannig lýst í stefnu: „.... að hinn 21. desember s.l. í lok fundar í Tjarnarbúð í Reykjavík, þegar Sigurður hugðist ganga heimleiðis, en hann átti brýnt er-

indi heim, þá var hann stöðvaður af lögregluþjóni á leiðinni til Austurvallar, nokkra metra frá tröppum Tjarnarbúðar. Var honum bannað að halda leiðar sinnar og gefið í skyn, að hann hyggðist taka þátt í óspektum. Urðu nokkur orðaskipti milli Sigurðar og lögreglumannsins, en síðan skipti engum togum, að Sigurður var handtekinn, settur inn í lögreglubifreið með öðru fólki, látinn bíða þar um stund og síðan ekið til fangageymslunnar við Síðumúla og án skýringa látinn vera þar fangi í fangaklefa ásamt sjö öðrum föngum, synjað þráfalldlega um það að hringja heim til sín, en að lokum hringdi lögreglumaður heim til Sigurðar og tilkynnti skýringalaust um handtöku hans. Sigurður hafði þó skýrt frá mjög viðkvæmum aðstæðum á heimili sínu. Að klukkustundu liðinni var Sigurði síðan sleppt án skýringa."

Út af atburði þeim, sem mál þetta er sprottið af, fór fram ítarleg rannsókn í sakadómi Reykjavíkur. Verða framburðir úr þeirri rannsókn nú raktir til upplýsinga á málsatvikum og þá sérstaklega að því er stefnanda máls þessa varðar. Að öðru leyti snerist rannsóknin að átökum milli hóps fundarmanna og lögreglu.

Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn skýrði þar svo frá, „að laugardaginn 21. desember s.l. hafi lögreglustjóra borizt bréf frá Félagi róttækra stúdenta og Æskulýðsfylkingunni, þar sem greind félög tilkynna hópgöngu og blysför um borgina kl. 17 greindan dag. Í bréfinu var jafnframt greint frá þeirri leið, sem gengin yrði. Á fundi, sem haldinn var í yfirstjórn lögreglunnar, var samþykkt að leyfa ekki göngu þá leið, sem félögin tilkynntu, þar sem slíkt yrði til mikillar truflunar á umferð. Var vitninu falið að reyna að hafa samband við forráðamenn göngunnar og fá þá til að fara aðra leið. Náði vitnið ekki sambandi við neinn fyrr en Leif Jóelsson á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar um kl. 1440. Hann kvaðst ekki geta samið um eitt né neitt í því sambandi, en gaf vitninu samband við Ragnar Stefánsson. Skýrði vitnið Ragnari frá ákvörðun yfirstjórnar lögreglunnar og ástæðum hennar og óskaði eftir samkomulagi um aðra leið. Sagði Ragnar þá: „Þetta eru pólitískar ofsóknir, og við göngum, þar sem okkur sýnist, án þess að biðja ykkur um leyfi. Við höfum tilkynnt ykkur, hvar við ætlum að fara, og það er nóg." Ekki kvaðst Ragnar mega vera að frekari umræðum um málið, og lauk viðtali þeirra með því, að vitnið bað Ragnar um skilaboð til Hafsteins Einarssonar, sem undirritað hafði bréfið til lögreglustjóra. Voru skilaboðin þess efnis, að Hafsteinn hefði samband við vitnið. Ekki hafði Hafsteinn samband við vitnið, og þegar dró að fundarlokum í

Tjarnarbúð, hélt vitnið þangað í því skyni að hafa tal af greindum Hafsteini. Náði vitnið tali af honum. Taldi hann í fyrstu tormerki á því að breyta um gönguleið, þar sem hún hefði verið samþykkt á fundinum, eins og í bréfinu greindi, og jafnframt hefði verið samþykkt að brjótast í gegn, ef reynt yrði að hindra það. Hafsteinn samþykkti að gera sitt til þess að fá þessu breytt, og í því skyni gengu hann og vitnið út úr húsinu. Sá vitnið þá, hvar verið var að handtaka Ragnar Stefánsson. Rétt á eftir frétti vitnið, að Sigurður A. Magnússon hefði verið handtekinn. Vitnið heyrði, að Ragnar hrópaði til fólksins: „Allir út á Austurvöll." Vitnið segir, að lögreglumenn hafi verið til staðar fyrir utan húsið, og reyndu þeir að fá fólkið til þess að bíða, á meðan reynt væri að semja um aðra gönguleið. Margir hlýddu þessu ekki og voru þegar komnir á stað út á Austurvöll með logandi kyndla og mótmælaspjöld. Virtust menn hlýða kalli Ragnars, og þyrptist fólkið út á Austurvöll. Stöðvuðu lögreglumenn fólkið þar. Vitnið kveðst hafa gengið með Hafsteini út á Austurvöll, og voru þá byrjuð átök þar. Vitnið sá, að inni í mannþrönginni voru átök, en getur ekki borið um, hverjir þar áttust við.... Síðan varð samkomulag við Hafstein um að breyta gönguleiðinni, og bað Hafsteinn fólkið að hlýða, og var það gert. Einu tafirnar á leiðinni urðu á mótum Pósthússtrætis og Skólabrúar, er göngumenn köstuðu blysi undir lögreglumótorhjól, er þar stóð. Síðan stöðvaðist gangan á Skálholtsstíg við Laufásveg, en þaðan átti sendinefnd göngumanna að fara með fundarsamþykkt að bandarískа sendiráðinu, en úr því varð ekki, þar sem fundarsamþykktin var í höndum Ragnars Stefánssonar, sem handtekinn hafði verið."

Yfirlögregluþjónninn tók það fram í framburði sínum, að hann hefði ekki séð annað af handtöku stefnanda en fætur hans, er hann var færður inn í lögreglubifreiðina, en verið tjáð síðar, að það hafi verið stefnandi málsins.

Guðmundur Kristján Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn staðfesti í rannsókn sakadóms skýrslu, er hann ritaði lögreglustjóra um „handtökur Sigurðar A. Magnússonar og Ragnars Stefánssonar" (dskj. nr. 11), en skýrsla þessi hljóðar svo:

„Laugardaginn 21. des. 1968 kl. 17.00 hafði verið boðuð hópganga og blysför um miðborgina frá Tjarnarcafé að sendiráði Bandaríkjanna við Laufásveg, sbr. skýrslu yfirlögregluþjóns, Bjarka Elíassonar. Undirritaður var staddur við Tjarnarcafé og lögreglumenn í þrem lögreglubifreiðum vegna þess, að lögreglustjórnin hafði neitað hlutaðeigendum um leyfi fyrir göngunni

um þær umferðargötur, sem tilteknar voru í tilkynningu. Þá stóð yfir fundur í Tjarnarcafé. Ég fékk fréttir frá fundinum, að samþykkt hafi verið að virða að vettugi bann lögreglunnar og ganga umræddda leið. Yfirlögregluþjónn fór inn í Tjarnarcafé til viðræðna við þann, er tilkynnt hafði bréflega um gönguna. Áður en hann kom út aftur, kom út hópur fólks með spjöld og virtist ætla í átt að Austurvelli. Ég gekk í veg fyrir fólkið, bað það að fara ekki lengra, skýrði fyrir því, að neitað væri um leyfi fyrir göngu þess í hóp um miðborgina, en verið væri að semja um aðra leið. Maður, sem ég þekki fyrir Sigurð A. Magnússon, spurði þá strax mjög hvassyrtur, hvort ég ætlaði að meina sér að ganga um borgina. Ég sagði honum, að samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar væri lögreglunni heimilt að banna mannsöfnuð á almannafæri, þegar ætla mætti, að af honum leiddi óspektir. Auk þess væri umferð takmörkuð í miðborginni vegna jólaanna. Er hér var komið, reiddist Sigurður mjög og var æstur og hávær, er hann sagði við fólkið, sem með honum var, að hlusta ekki á mig. Hann sagði því, að ég væri „kraftaidiot, sem væri þekktur um allt land fyrir ofbeldi". Ég fann, að Sigurður æsti fólkið upp gegn lögreglunni, gekk því til hans og bað hann að endurtaka stóryrðin, og gerði hann það. Á meðan leiddi ég hann að lögreglubifreið, sem var nokkra metra frá, og setti hann þar inn. Ekki veit ég, hvort Sigurður hefir haft það hlutverk að veita þessum hópi forustu, eða hvort það hefur gerzt óvart, en ég tel, að með þeim stóryrðum, sem hann lét falla, hafi hann hvatt til óhlýðni við lögregluna. Ég hirði ekki um að nefna öll lýsingarorðin eftir Sigurði.

Stuttu síðar kom Ragnar Stefánsson út úr Tjarnarcafé og hafði gjallarhorn meðferðis. Hópur manna fylgdi honum. Ég gekk í veg fyrir hann og ætlaði að ræða við hann, en hann vildi ekki hlusta á mig. Ég tók í hann, til að hann veitti mér athygli og áheyrn, en hann sleit sig lausan og hljóp í átt að Austurvelli. Ég hljóp á eftir honum og náði honum, áður en hann kom að Kirkjustræti. Færði ég hann að lögreglubifreiðinni, sem fyrr getur, en þar tóku lögreglumenn við honum. Hallgrímur Jónsson varðstjóri og Indriði Jóhannsson lögrþj. brugðu handjárnum á hann og settu hann í lögreglubifreið. Á meðan þessu fór fram, hrópaði Ragnar til fólksins í sífellu: „Farið út á Austurvöll."

Sigurður A. Magnússon var færður ásamt fleirum að lögreglustöðinni við Síðumúla, en Ragnar Stefánsson að lögreglustöðinni

við Pósthússtræti. Um einni klst. síðar var þeim báðum leyft að fara leiðar sinnar."

Síðan er framburður Guðmundar Kristjáns á þessa leið: „Vitnið kveðst hafa verið statt fyrir utan Tjarnarbúð ásamt fleiri lögreglumönnum, um það leyti sem fundi var að ljúka þar þann 21. desember s.l., þar var einnig staddur í bifreið Bjarki Elíasson, yfirlögregluþjónn. Vitnið hitti þarna á staðnum mann, sem verið hafði á fundinum, og sagði hann vitninu, að fundinum væri að ljúka og að þar hefði verið samþykkt að ganga þá leið, sem fyrirsvarsmenn fundarins höfðu áður boðað. Sagði vitnið Bjarka frá þessu, og fór hann inn í húsið til að hafa tal af Hafsteini Einarssyni til að semja við hann um aðra gönguleið. Á meðan Bjarki var inni í húsinu, kom hópur fólks út úr því með spjöld. Gekk vitnið ásamt Hallgrími Jónssyni, varðstjóra, í veg fyrir fólkið og bað það að bíða, þar sem verið væri að reyna að semja um aðra gönguleið. Hópur þessi mun hafa verið í kringum 20-30 manns, og í miðjum hópnum var maður, sem vitnið þekkti fyrir Sigurð A. Magnússon, en hafði þá aldrei talað við hann áður. Vitnið heyrði einhverjar óánægjuraddir í hópnum, og Sigurður A. Magnússon snéri sér að vitninu og spurði það, hvort það ætlaði að meina sér að ganga um borgina. Endurtók þá vitnið ósk um, að fólkið dokaði við. Sigurður spurði vitnið, hvaðan því kæmi heimild til að stoppa sig af. Tjáði vitnið honum, að samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar væri lögreglunni heimilt að banna mannsafnað á almannafæri, þegar ætla mætti, að af honum leiddi óspektir. Einnig tjáði vitnið Sigurði, að umferð væri takmörkuð vegna jólanna. Spurði Sigurður þá: „Ætlar þú að fara að kenna mér stjórnarskrána, fíflið þitt." Síðan beindi Sigurður orðum sínum að fólkinu og sagði því að hlusta ekki á þennan asna, hann væri kraftidíót og þekktur um land allt fyrir ofbeldi. Þegar hér var komið, fann vitnið, að Sigurður var að æsa fólkið upp gegn lögreglunni. Gekk vitnið því til hans og spurði hann, hvort hann vildi endurtaka ummælin um sig, og gerði hann það, um leið og vitnið leiddi hann að lögreglubifreið, sem var þarna rétt við. Fór Sigurður inn í bifreiðina mótþróalaust, og lauk þar með afskiptum vitnisins af Sigurði."

Hallgrímur Jónsson lögregluvarðstjóri skýrði svo frá í framburði sínum í sakadómsrannsókninni, að því er stefnanda varðar, á þessa leið:

„Vitnið segir, að Guðmundur Hermannsson hafi ávarpað hóp

manna, sem komnir voru út úr húsinu, og beðið þá um að fara ekki niður í miðborgina fyrirhugaða gönguleið. Vitnið segir, að Sigurður A. Magnússon hafi orðið fyrstur til að andmæla Guðmundi. Heyrði vitnið, að hann sagði við Guðmund, að hann væri kraftaidiót og landskunnur ofbeldismaður. Heyrði vitnið, að Guðmundur spurði Sigurð, hvort hann vildi endurtaka þetta, og gerði Sigurður það, a. m. k. að því er snertir fyrri hluta ummælanna. Að öðru leyti fylgdist vitnið ekki með orðaskiptium þeirra, þar sem það var upptekið við önnur störf á staðnum. Hins vegar sá vitnið, að Guðmundur færði Sigurð að lögreglubifreiðinni. Í framhaldi af handtöku Sigurðar handtóku aðrir lögreglumenn fleiri fundarmanna."

Einar Halldórsson lögreglumaður segir svo frá í rannsókn sakadóms:

„Vitnið kveðst hafa verið statt fyrir utan fundarstaðinn við Tjarnarbúð ásamt fleiri lögreglumönnum. Vitnið kvaðst hafa verið statt skammt frá Guðmundi Hermannssyni og heyrði, að hann átti í hörðum deilum við mann, sem vitnið bar ekki kennsl á í fyrstu. Vitnið kveðst hafa fært sig nær þeim og heyrði þá orðaskil. Heyrði vitnið Sigurð fullyrða, en vitnið tekur fram, að það hafi séð, að um var að ræða Sigurð A. Magnússon, að hann hefði fullan rétt á að fara, hvar sem hann vildi, þar sem hann hefði verið gestur fundarins, en bæri ekki ábyrgð á honum. Þá heyrði vitnið Sigurð segja, að Guðmundur væri kraftaidiót. Annað þorir vitnið ekki að fullyrða um viðræður þeirra."

Helgi Sigurður Jónsson lögreglumaður skýrði þar svo frá m. a.:

„Vitnið kveðst hafa verið statt fyrir utan Tjarnarbúð, þegar fundinum var að ljúka þar. Vitnið stóð álengdar þar, sem Guðmundur Hermannsson var að ræða við Sigurð A. Magnússon. Heyrði vitnið Sigurð fara niðrandi orðum um Guðmund og taldi hann ekki geta heft för sína. Ekki telur vitnið sig geta fullyrt orðrétt, hvað þeim fór á milli."

Hafsteinn Einarsson, stud. jur., skýrði frá því við sakadómsrannsóknina, að hann væri einn af þremur í stjórn Félags róttækra stúdenta og einnig vera í sjö manna framkvæmdanefnd Æskulýðsfylkingarinnar, en hún hafi staðið einnig að greindum fundi og fyrirhugaðri göngu. Síðan skýrði Hafsteinn svo frá á þessa leið:

„Mætti kannast við að hafa undirritað bréf það, sem lögreglustjóra var sent, þar sem fyrirhuguð gönguleið var tilkynnt. Mætti segir, að gönguleiðin hafi verið ákveðin á fimmtudeginum eða

föstudeginum fyrir fundinn. Mætti kveðst ekki hafa rætt við Bjarka Elíasson um þá ósk lögreglunnar, að gönguleiðinni yrði breytt, fyrr en að loknum fundi eða í þann mund, sem gangan skyldi hefjast. Mætti kveðst hafa frétt það á fundinum, að lögreglan hefði óskað eftir því, að gönguleiðinni yrði breytt, en segir, að það hafi verið almennt samkomulag fundarmanna að fara fyrirhugaða gönguleið. Mætti kveðst hafa álitið, að fundarmenn fengju að ganga fyrirhugaða leið þrátt fyrir tilmæli lögreglunnar um annað, og ekki kveðst hann hafa skilið tilmæli hennar á þann veg, að til banns myndi koma. Segist hann hafa fyrst heyrt það á Bjarka Elíassyni í lok fundarins, að um bann yrði að ræða við fyrirhugaðri gönguleið. Kveðst mætti þá hafa lofað Bjarka Elíassyni að ræða við félaga sína um breytta gönguleið, en þegar þeir Bjarki komu út úr fundarhúsinu, var búið að handtaka Ragnar Stefánsson. Segir mætti, að það hafi ekki bætt aðstöðuna til að ræða við forystumenn samtakanna.

Mætti kveðst hafa fylgzt með Bjarka Elíassyni langleiðina út á Austurvöll, og þegar þangað var komið, kveðst hann hafa gert sitt til þess að fá fólkið til að fara aðra gönguleið, eftir að til nokkurra átaka var komið."

Þá var í sakadómsrannsókninni einnig tekin skýrsla af stefnanda. Þar segir orðrétt svo:

„Mætti kveðst hafa verið að koma út af fundinum í Tjarnarbúð og hafa verið kominn nokkurn spöl frá tröppum hússins, þegar Guðmundur Hermannsson gekk í veg fyrir mætta. Mætti var einn á ferð, en kunningi hans rétt á eftir. Ekki man mætti til þess, að neinn hafi verið í kringum þá, en lögreglumenn rétt á næstu grösum. Mætti segir, að Guðmundur hafi sagt við sig, að hann færi ekki út á Austurvöll. Kveðst mætti hafa spurt Guðmund að því, hvaða heimild hann hefði til að hefta ferðir sínar. Vísaði Guðmundur í því efni til ákveðinnar greinar í stjórnarskránni, sem heimilaði lögreglunni að hefta ferðir manna, ef hætta væri á óspektum. Þá svaraði mætti Guðmundi á þann veg, að hann væri kraftidiót, ef hann héldi, að hann gæti túlkað stjórnarskrána á þann veg, að hann gæti heft ferðafrelsi mætta án nokkurs tilefnis. Ekki kannast mætti við það að hafa sagt við Guðmund, að hann væri landskunnur ofbeldismaður. Síðan bað Guðmundur mætta að endurtaka ummæli sín, og gerði hann það, og var hann síðan færður í lögreglubifreið af Guðmundi og öðrum lögreglumanni til."

Það kemur fram í framburði Ragnars Kristjáns Stefánssonar í

sakadómsrannsókninni, að áformuð gönguleið fundarmanna skyldi vera um Aðalstræti og Austurstræti að bandaríska sendiráðinu, og skyldi gangan hefjast frá Austurvelli.

Í bréfi til lögmanns síns, dags. 18. marz 1969, lýsir stefnandi ítarlega atburðarás, að því er sig varðar. Þó þar sé að sumu leyti endurtekning á því, sem fram kemur í skýrslu hans í sakadómsrannsókninni, þá þykir rétt til frekari upplýsinga í málinu að rekja þá skýrslu, en þar segir svo:

„Umræddan dag fór ég á fund um Víetnammálið í Tjarnarbúð, sem haldinn var að tilhlutan Æskulýðsfylkingarinnar og Félags róttækra stúdenta. Aðalræðumaður var bandarískur stúdentaleiðtogi, sem skýrði frá baráttunni gegn Víetnam-stríðinu í heimalandi sínu. Með mér á fundinum var þýzkur maður, Peter Behrens auglýsingateiknari, sem nú er kennari norður í Miðfirði. Í fundarlok skýrði Ragnar Stefánsson viðstöddum frá því, að fyrir stundarfjórðungi hefði borizt bann lögreglunnar við fyrirhugaðri mótmælagöngu um ákveðnar götur í miðbænum, en hvatti menn til að virða það að vettugi, þar eð hér væri um að ræða pólitíska ofsókn. Kvað hann gönguna mundu hefjast frá Austurvelli strax að fundi loknum.

Síðan var fundi slitið, og fólk gekk af fundarstað. Við Peter vorum innarlega í salnum, þannig að við lentum einhversstaðar nálægt miðri þvögunni, sem kom út úr Tjarnarbúð, og urðum viðskila í anddyrinu. Þegar ég hafði gengið nokkra metra frá tröppum Tjarnarbúðar, varð fyrir mér Guðmundur Hermannsson lögregluþjónn og einhverjir samstarfsmenn hans. Guðmundur lagði blátt bann við því, að ég legði leið mína út á Austurvöll. Ég spurði, með hvaða rétti hann hefti ferðafrelsi friðsamra borgara um borgina. Hann kvaðst gera það samkvæmt 74. grein stjórnarskrárinnar, sem heimilaði lögreglunni að banna mönnum að safnast saman, ef hætta væri á óspektum. Ég þóttist hvorki ætla að efna til óspekta né taka þátt í óspektum, og voru því viðbrögð mín við yfirlætisfullri og gikkslegri framkomu lögregluþjónsins þau, að ég kallaði hann *kraftidjót* (sem hann mun hafa tekið fyrir kraftaidjót), ef hann teldi sig geta heft ferðir mínar á þeirri fáránlegu forsendu, að hann hefði afráðið, að ég hygðist hvetja til, efna til eða taka þátt í óspektum. Lögregluþjónninn bað mig endurtaka þessi orð, sem ég gerði fúslega, og skipti þá engum togum, að ég var gripinn af Guðmundi og félaga hans og færður í nálægan lögreglubíl. Þar var löng bið, meðan verið var að fylla vagninn, en um síðir var ekið inn í Síðumúla, þar sem fangarnir,

átta talsins, voru lokaðir inni í klefa, þar sem einungis voru sæti fyrir fimm. Hin þrjú urðu að sitja á gólfinu eða standa. Við reyndum að fá upplýsingar um sakargiftir, en fengum þau svör ein hjá viðstöddum lögregluþjónum, að þeir vissu ekkert um málavexti. Þá báðu þrír bandingjanna um leyfi til að hringja, en var synjað um það, enda þótt enginn vissi, hve lengi okkur yrði haldið. Svo vildi til, að konan mín lá á fæðingardeildinni og fjögur börn heima, sem áttu að vera í gæzlu ömmu sinnar fram að kvöldmat, og sennilega hafa þessar aðstæður valdið því, að varðstjórinn varð við ítrekuðum tilmælum mínum og hringdi heim til mín. Þar varð tengdamóðir mín fyrir svörum og fékk þær upplýsingar einar, að ég væri í haldi hjá lögreglunni, en var synjað um allar frekari skýringar. Hinsvegar var henni tjáð, að hún gæti fengið nánari upplýsingar á lögreglustöðinni. Þar varð fyrir svörum Axel Kvaran varðstjóri og veitti þær upplýsingar, að „kommalýður", „Tjarnargötuskríll" og annar óþjóðalýður hefði staðið að óspektum í miðbænum, og því væri ég í haldi. Morguninn eftir hringdi hún í Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra og kvartaði yfir munnsöfnuði varðstjórans, en fékk þau svör, að hann væri kurteis og siðprúður starfsmaður. Lögreglustjóri lét þess getið, að full ástæða hefði verið til að handtaka mig, enda hefði hann fjölda vitna um framferði mitt við Tjarnarbúð. Ef ég hefði málssókn í huga, kvaðst hann geta upplýst, að hún væri vitavonlaus, og mundi ég ekki hafa betra af að leggja út í málaferli.

Þegar við bandingjarnir höfðum verið í haldi um klukkustund og nöfn okkar, fæðingardagar og heimilisföng skráð hjá varðstjóranum, var okkur sleppt skýringarlaust — eins og ekkert væri eðlilegra eða sjálfsagðara en svipta óbreytta borgara frelsi, þegar einstökum lögregluþjónum byði svo við að horfa.

Í sjónvarpsfréttum að kvöldi 21. desember og í Morgunblaðinu daginn eftir lét Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn hafa það eftir sér, að ég hefði komið út úr Tjarnarbúð í broddi fundarmanna og hvatt til óspekta, og þess vegna hefði ég verið tekinn. Þessum framburði breytti yfirlögregluþjónninn svo í útvarpsþættinum „Daglegt líf", þegar við leiddum saman hesta okkar um viðburðina 21. desember. Þá sagði hann, að ég hefði verið handtekinn vegna þess, að ég hefði tekið þátt í mótmælagöngunni, sem hefði hafizt við dyrnar á Tjarnarbúð. Hann viðurkenndi þó, að gangan sjálf hefði ekki verið bönnuð, heldur einungis för hennar um tilteknar götur, þannig að þessi skýring hans virðist á veikum

stoðum reist, auk þess sem ég og allir, sem ég hef talað við um málið, telja það fjarstæðu, að gangan hafi hafizt við Tjarnarbúð. Hún átti að hefjast á Austurvelli og var ekki hafin, þegar ég og fleiri vorum sviptir ferðafrelsi."

Bréf þetta staðfesti stefnandi hér fyrir dómi og kvað þar rétt skýrt frá atburðum. Í sama þinghaldi skýrði hann einnig svo frá, að hann hefði ekki vitað um fyrirhugaða göngu, er hann fór á fundinn, en kvaðst hafa frétt um hana á fundinum sjálfum. Um fundinn kvaðst hann ekki hafa vitað með neinum fyrirvara. Kvaðst hann hafa verið með nokkrum kunningjum sínum í veitingahúsinu Nausti um kaffileytið umræddan dag, þ. á m. Thor Vilhjálmssyni, og kvaðst hann muna, að enginn þeirra manna hafi vitað um fundinn. Hann kvaðst telja, að hann hafi hitt Peter Behrens í miðbænum eftir fundinn með kunningjum sínum og farið með honum á margnefndan fund.

Thor Vilhjálmsson rithöfundur skýrði svo frá hér fyrir dómi, að hann hafi verið með nokkrum kunningjum sínum á fundi í veitingahúsinu Nausti um eftirmiðdag nefndan dag. Tók hann það fram, að á þeim fundi hafi ekki verið um það rætt milli þeirra félaga, að fundur um Víetnam-mál yrði í Tjarnarbúð þá um daginn. Hann kvað þá félagana hafa farið hvern í sínu lagi eftir þann fund, sem þeir áttu saman í veitingahúsinu. Kvaðst hann sjálfur ekki muna eftir því, að hann hafi þá vitað um fundinn í Tjarnarbúð.

Peter Behrens tamningamaður hefur komið hér fyrir dóm. Staðfesti hann þá bréf sitt til lögmanns stefnanda, dags. 28. marz 1968 (sic), en það hljóðar svo:

„Við Sigurður A. Magnússon hittumst að kvöldi 21. des. 68 í Tjarnarbúð. Ég sat einn við borð í salnum, þegar Sigurður kom inn og settist hjá mér. Samtal okkar snerist um persónulegt mál, þangað til fundurinn byrjaði. Á meðan á fundinum stóð, spurði ég eitt og annað í sambandi við ræðumennina, sem ég kannaðist ekki við. Ekki var mér kunnugt um, er ég fór á fundinn, að nein kröfuganga ætti að vera að honum loknum. Ég var óákveðinn, hvort ég skyldi taka þátt í göngunni, og beið með nokkurri forvitni, hvort Sigurður mundi ekki tala um, hvort hann ætlaði að taka þátt eða ekki. En Sigurður minntist ekki á það. Nokkur þrengsli sköpuðust, þegar fólk fór fram í anddyrið til þess að ná í yfirhafnirnar. Ég sá Sigurð taka frakkann sinn, rétt áður en ég kom að fatahenginu. Mundi ég svo, að ég hafði gleymt tösku við borðið í salnum, og fór að ná í hana. Þegar ég gekk svo úr

húsinu, sá ég, að á götunni úti var allt á ringulreið. Voru þar lögregluþjónar og fólk á hlaupum, hávaði nokkur, hróp og köll, og heyrði ég einhvern segja, að S.A.M. hefði verið handtekinn. Ég átti bágt með að trúa því, spurði næsta mann og fékk staðfestingu á því, að svo væri. Ákvað ég þá að reyna að finna Sigurð til þess að komast að því, hvað skeð hafði. Við lögreglubíl, sem stóð rétt hjá, var lögregluþjónn að berja mann, sem lá að hálfu leyti í bílnum. Aðrir lögregluþjónar stóðu þar aftan við bílinn. Spurði ég þá, hvort Sigurður A. Magnússon væri í bílnum. Því var neitað. Ég fór á varðstöð lögreglunnar í Pósthússtræti, spurði þar eftir Sigurði, en fékk engar upplýsingar. Hringdi ég þá í lögreglustöð Síðumúla, og var mér synjað svars við spurningu minni. Seinna um kvöldið hringdi ég heim til Sigurðar, og var hann þá kominn heim til sín."

Vitnið Grímur A. S. Engilberts ritstjóri hefur skýrt frá hér fyrir dómi á þessa leið:

„Vitnið kveðst hafa verið að koma úr vinnu sinni milli kl. 4 og 6 laugardaginn 21. desember. Kveðst vitnið hafa ætlað sér á fund þennan, en um það leyti, sem hann hafi að komið, hafi fundinum verið að ljúka. Kveðst vitnið hafa komið Vonarstrætismegin að Tjarnarbúð, og er hann hafi þar að komið, hafi hann séð, að lögregluþjónar voru við inngang hússins. Segir vitnið, að þarna hafi verið menn að koma út úr húsinu með áletruð spjöld, sem vitnið kveðst ekki muna nú, hvað á stóð, en er mennirnir hafi komið út með spjöldin, hafi lögregluþjónarnir rifið spjöldin af mönnunum og brotið.

Vitnið segir, að hann hafi tekið eftir, að stefnandi málsins hafi verið í „pexi" við lögregluþjóna við dyrnar. Segir vitnið, að það hafi séð, að stefnandi hafi verið í „pexi" við Guðmund Hermannsson, lögregluþjón, sem að áliti vitnisins hafi verið í fyrirsvari fyrir lögreglumennina á staðnum. Vitnið kveðst muna, að lögregluþjónninn hafi tekið í öxl stefnanda, en kveðst þó ekki geta fullyrt um það, hvort stefnandi hafi verið færður inn í lögreglubíl, en lögregluþjónninn hafi farið með stefnanda út úr hópnum á staðnum, enda hafi verið í sundinu við staðinn mikið uppnám.

Vitnið segir, að þá er hann hafi komið á staðinn, hafi fundarmenn verið að koma út af fundinum. Hafi þeir verið með spjöld og fána, en lögreglusveit hafi rifið af þeim spjöldin og brotið, eins og áður segir. Vitnið segir, að lögreglumennirnir hafi verið all margir, og segir, að þeir hafi verið við dyrnar, er fundinum lauk, en síðan hafi fleiri lögreglumenn bætzt við frá lögreglu-

bifreiðum, sem að áliti vitnisins hafi verið í námunda við húsið. Vitnið segir, að af þessari ástæðu hafi orðið átök í sundinu við húsið. Tekur vitnið fram, að honum hafi verið ógnað af lögreglumönnunum, og hafi honum verið skipað að koma sér burtu, en vitnið segir, að lögreglumennirnir hafi verið með kylfur á lofti, og því hafi sér skilizt, að með ógnuninni fælist hótun um barsmíðar eða handtöku."

Ásta Jónasdóttir, tengdamóðir stefnanda, hefur gefið vottorð í málinu, dags. 10. janúar 1969, en það hljóðar svo:

„Milli klukkan 5 og 6 mánudaginn 23. desember 1968 hringdi síminn á heimili dóttur minnar, Svanhildar Bjarnadóttur, og tengdasonar, Sigurðar A. Magnússonar, að Kleppsvegi 2, en ég var þar stödd við gæzlu fjögurra barnabarna minna, því Svanhildur var rúmliggjandi á fæðingardeildinni eftir að hafa alið fimmta barn sitt. Í símanum var varðstjóri lögreglunnar í Síðumúla og tjáði mér, að Sigurður „sæti inni", eins og hann orðaði það. Þegar ég bað um frekari skýringar, kvaðst hann ekki geta veitt þær, en benti mér að hringja niður á lögreglustöð, ef ég vildi fá nánari upplýsingar. Ég hringdi þangað, og þar varð fyrir svörum Axel Kvaran varðstjóri. Þegar ég bað hann veita mér upplýsingar um handtöku Sigurðar, fór hann fyrst undan í flæmingi, en sagði svo að lokum, að það væri þetta venjulega: kommalýður og Tjarnargötuskríll hefði staðið fyrir óspektum í miðbænum, og auðvitað hefði Sigurður tekið þátt í þeim.

Morguninn eftir, þriðjudaginn 24. desember, hringdi ég í Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra og bar mig upp undan svörum varðstjórans og þeirri óvirðingu, sem hann hefði sýnt aðstandendum Víetnamfundarins í Tjarnarbúð, meðan hann gegndi embættisstörfum. Lögreglustjórinn svaraði því til, að Axel Kvaran væri kurteis og siðprúður maður, og hann sagði mér ennfremur í löngu og mjög óhefluðu máli, að full ástæða hefði verið til að handtaka Sigurð A. Magnússon, enda hefði hann fjölda vitna að framferði Sigurðar fyrir utan Tjarnarbúð. Sigurður hefði viljað fá óeirðir og fengið þær, hann hefði viljað fá að fara í Steininn og fengið það, enda hefði hann átt það fyllilega skilið. Hann gat þess sérstaklega, að ef Sigurður hefði í huga málssókn, þá gæti hann upplýst mig um það, að hún væri vitavonlaus. Sigurður mundi ekki hafa betra af að leggja út í málaferli. Öll framkoma lögreglustjóra var að mínu viti fruntaleg og ósamboðin opinberum embættismanni. Eftir samtalið við lögreglustjóra hef ég ekki haft önnur afskipti af þessu máli."

Vottorð þetta staðfesti Ásta hér fyrir dómi að vera rétt skýrt frá atburðum með þeirri athugasemd þó, að í stað þess, að í vottorðinu er getið mánudagsins 23. desember 1968, eigi að vera laugardaginn 21. það ár.

Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn hefur komið fyrir dóm. Skýrði hann svo frá, að hann kvaðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi átt þátt í boðun margnefnds fundar eða framkvæmd hans að öðru leyti. Gat hann þess, að afskipti sín sem embættismanns af fundinum hafi eingöngu verið að ákveða leið fundarmanna að bandaríska sendiráðinu utan við sjálfan miðbæinn, sem í upphafi var ákveðið, að farin yrði af fundarboðendum. Lögmaður stefnanda óskaði Bjarka spurðan þessara spurningar: „Veit vitnið til þess, að stefnandi hafi með einhverjum hætti tekið þátt í eða vitað um undirbúning og framkvæmd umræddsfundar og mótmælagöngu?“ Þessari spurningu svaraði Bjarki neitandi. Bjarki tók fram, að leiðin frá húsinu hafi verið greið í Vonarstræti, þannig að hverjum fundarmanni hefði verið auðvelt að fara fá húsinu til Vonarstrætis án þess að mæta hindrun lögreglumanna. Undir Bjarka voru borin ummæli, sem eftir honum eru höfð í Morgunblaðinu 24. desember 1968, en þau hljóða svo:

„... Er við komum út úr Tjarnarbúð, þá var verið að handtaka Sigurð A. Magnússon, ritstjóra, og Ragnar Stefánsson. Sigurður hafði komið út og var stöðvaður eins og aðrir. Hvatti hann fólkið til þess að sinna ekki tilmælum lögreglunnar, og svo gerði einnig Ragnar. Loks lenti Sigurður í orðaskaki við Guðmund Hermannsson, aðstoðaryfirlögregluþjón, sem hann kallaði „landsþekktan kraftidiot og ofbeldismann“. Endurtók Sigurður þetta og hvatti enn fólk til að sinna ekki tilmælum lögreglunnar.“

Bjarki kvaðst ekki vefengja, að eftir sér séu höfð ummæli þessi, en gat þess, að hann hefði við blaðamanninn byggt á lögregluskýrslu Guðmundar Hermannssonar, sem áður getur (dskj. nr. 11).

Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn kom og hér fyrir dóm. Fyrir hann var lesin lögregluskýrslan á dskj. nr. 11, en hann kvaðst hafa samið skýrsluna og taldi sig nokkuð öruggan um það, að hann hafi samið skýrsluna að kvöldi 21. desember 1968.

Lögmaður stefnanda lagði síðan orðrétt bókaðar spurningar fyrir Guðmund, er hann svaraði og orðrétt. Þykir af þeim sökum rétt að taka það allt í heild, en það hljóðar svo:

„Lögamaður stefnanda spyr vitnið: „Telur vitnið, að stefnandi

hafi verið forsprakki eða fyrirsvari fyrir fólkið þarna á staðnum?"

Vitnið svarar: „Ég held ekki, enda hef ég ekki tilefni til að álíta svo."

„Veit vitnið um það, hvort stefnandi var einn á ferð í umrætt sinn eða ásamt öðrum?"

„Ég veit ekki til þess."

„Kom það fram í umrætt sinn, hvort stefnandi ætlaði þessa leið til þess að taka þátt í hópgöngu eða hvort hann var í öðrum erindum, t. d. á heimleið?"

„Það kom ekki fram, en ég álít, að hafi hann ætlað einn eitthvað annað en hópurinn, hafi engin fyrirstaða verið til slíks."

„Hver var ástæða, að vitnið handtók stefnanda í umrætt sinn?"

„Ég fann, að hann hvatti hóp fólks til að óhlýðnast skipunum mínum og að sú hvatning bar árangur."

„Í hverju var sú hvatning fólgin, og beindi stefnandi hvatningum eða orðum til annarra en vitnisins í umrætt sinn?"

„Hvatningin var sögð til fólksins um að taka ekki mark á orðum mínum, og henni var fylgt með áherzlu á, að ég væri kraftidiot og þekktur fyrir ofbeldi."

Lögmaður stefnanda spyr: „Hver var tilgangur vitnisins með því að biðja stefnanda að endurtaka ummæli sín í umrætt sinn?"

„Ég gerði það til þess að leiða hug hans frá því, að ég væri að fara með hann að lögreglubifreiðinni."

„Taldi vitnið ekki hættu á því, að endurtekin ummæli hefðu hvetjandi áhrif á þá, sem til heyrðu?"

„Ég hugsaði ekki út í það, mat það meira að þurfa ekki að beita harðræði við handtöku, enda hættulegt í hópi fólks."

„Var nokkur ástæða til þess að ætla, að stefnandi myndi sýna líkamlegan mótþróa við handtöku eða geta gert það með nokkrum árangri?"

„Nei, en hann var umkringdur af fólki."

„Er það mat vitnisins, að nauðsynlegt hafi verið að fangelsa stefnanda?"

„Svarar vitnið þessu neitandi.""

Matthías Sveinbjörnsson lögregluvarðstjóri skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hafi á hér umræddum tíma verið varðstjóri í fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla. Síðan á sama við um þetta vitni um spurningar og svör, eins og getið er, að því er Guðmund Hermannsson varðar, og verður framburðurinn orðrétt upptekinn, en hann hljóðar svo:

„Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Hver gaf fyrirmæli um það, að stefnandi skyldi settur í klefa?“

Vitnið kveður þá varðstjórana í fangageymslunni ekki taka ákvörðun um réttmæti geymslu á mönnum á staðnum, heldur taki þeir við þeim án þess að kanna sérstaklega réttmæti gæzluvistar.

„Hver gaf fyrirmæli um það, að stefnandi skyldi látinn laus?“

Vitnið segir, að fyrirmæli um slíkt hafi komið símleiðis frá aðalstöð lögreglunnar.

„Minnist vitnið þess, að stefnandi bæði um að fá að hringja heim til sín, áður en hann var settur í fangaklefann eða á meðan hann var í fangaklefanum?“

Vitnið segir, að fólk það, sem flutt var til fangageymslunnar, hafi ekki verið sett í fangaklefa, heldur hafi það verið í sérstöku biðherbergi, en það sé þó lokað til útgöngu. Kveðst vitnið telja sig muna, að stefnandi hafi beðið um að fá að hringja til þess að láta vita, hvar hann væri niður kominn, þar sem kona sín væri um það leyti að ala barn. Telur vitnið sig minna, að hann hafi leyft stefnanda að hringja í símann.

Sérstaklega aðspurður kveður vitnið vel geta verið, að hann hafi sjálfur hringt á heimili stefnanda, enda segir vitnið, að það sé venja varðstjóra fangageymslunnar, að varðstjórinn hringi í slíkum tilvikum, en ekki sá, sem færður er til geymslu. Hafi vitnið sjálft hringt, þá muni hann hafa neitað stefnanda að hringja sjálfum.“

Kröfur stefnanda eru byggðar á 18. kafla laga nr. 82/1961, 150. og 151. gr. Engin ákæra hafi verið gerð á hendur þeim aðiljum, sem til margnefnds fundar hafi boðað, eða öðrum þeim, sem kynnu að hafa æst til mótþróa gegn lögreglumönnum á staðnum. Sjálfur hafi hann á engan hátt átt þátt í slíku. Hann hafi farið til fundarins eingöngu til áheyrnar sem aðrir borgarar. Að fundinum loknum hafi hann ætlað að hraða sér til heimilis síns skemmstu leið, sem var yfir Austurvöll, en ekki taka þátt í mótmælagöngunni, enda hafi hann þurft að hraða sér þangað af persónulegum ástæðum. Er hann hafi verið kominn nokkra metra frá tröppum hússins, hafi hins vegar Guðmundur Hermannsson lögreglumaður heft ferð sína og neitað sér að halda áfram hina ætluðu leið. Hafi hann eingöngu viljað fá skýringu lögreglumannsins á aðgerðum hans, en sér verið svarað með þjósti. Hafi hann og lögreglumaðurinn lítillega karpað um rétt til aðgerða lögreglunnar. Hafi þá engum

togum skipt, að lögreglumaðurinn hafi fært sig að lögreglubifreið, sem skammt frá stóð, hann verið settur inn í hana ásamt nokkrum öðrum fundarmönnum og sér ekið til fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla, þar sem sér hafi verið haldið föngnum án nokkurra skýringa. Hafi sér og þar verið meinað að hringja til heimilis síns til að láta vita um dvalarstað sinn. Hafi öll þessi meðferð á sér verið gerð með eins særandi og móðgandi hætti og unnt var af hálfu lögreglunnar. Eigi stefnandi því skilyrðislaust rétt til skaðabóta samkvæmt framangreindum lagaákvæðum. Vísar stefnandi og í þessu efni til auglýsingar nr. 11/1954 um fullgildingu Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, 5. gr., 5. tölul.

Þá reisir stefnandi kröfur sínar einnig á því, að síðari aðgerðir lögreglu með því að gefa í skyn í sjónvarpi og dagblöðum, að hann hafi verið hvatamaður að umræddum atburðum, hafi mjög skert æru sína og valdið sér hnekki.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að lögreglan í umrætt sinn hafi verið í fullum rétti samkvæmt 74. grein stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 til að banna fundarmönnum tiltekna umferð. Í hér umræddu tilviki hafi einmitt verið ástæða til slíkrar ráðstöfunar. Þótt einhver mistök hafi átt sér stað í því að telja stefnanda vera í fyrirsvari fundarmanna, þá gaf hann lögreglu með mótmælum sínum um að hlíta banninu ástæðu til þess að ætla hann meðal þeirra fundarmanna, sem hafi ætlað að virða bannið að vettugi, og því var lögreglunni heimil handtaka hans. Stefnandi hafi ekki verið beittur neinum harðræðum og hann hafi heldur ekki verið settur í fangaklefa, heldur hafi hann aðeins dvalizt í klukkustund í skrifstofuherbergi í fangageymslunni. Um ummæli Bjarka Elíassonar í sjónvarpi og dagblöðum þá tekur stefndi fram, að þar hafi Bjarki komið fram sem einstaklingur, en ekki sem opinber starfsmaður, og á slíku beri stefndi eigi ábyrgð.

Varakrafan er studd þeim rökum, að ef stefnandi eigi rétt til einhverra skaðabóta vegna margnefnds atviks, þá komi einungis smávægilegar bætur til álita.

Eins og fram er komið hér að framan, tilkynntu félög þau, sem að margnefndum fundi stóðu í Tjarnarbúð, lögregluyfirvöldum, að þau ætluðu að hafa hópgöngu og blysför að honum loknum um tilgreindar götur í miðborginni, nánar tiltekið um Aðalstræti og Austurstræti að bandarísku sendiráðinu, og skyldi gangan hefjast frá Austurvelli. Eigi fengu þó fundarboðendur sérstakt

leyfi lögregluyfirvalda til þessarar ráðstöfunar. Á fundi í yfirstjórn lögreglunnar fundardaginn var samþykkt að leyfa ekki þá gönguleið, sem fundarmenn boðuðu, og var reynt að ná til fyrirsvarsmanna þeirra til að ákvarða aðra leið. Náðist þó eigi til þeirra til viðræðna um ákvörðun lögreglunnar, svo að til árangurs mætti verða, fyrr en í lok fundarins. Jafnframt því að reyna að ná samkomulagi við fyrirsvarsmennina í þessu skyni fóru lögreglumenn á fundarstað til að fylgja eftir samþykkt lögreglunnar, ef nauðsyn krefði. Sú varð raunin á, enda hluti fundarmanna kominn út úr húsinu og ætlaði að fara hina fyrirhuguðu leið.

Þessi ákvörðun og framkvæmd lögreglunnar að banna mönnum hina fyrirhuguðu leið fundarboðenda og beina þeim á aðra braut var lögreglunni heimil samkvæmt 10. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 og var eigi brot gegn 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Stefnandi málsins hugðist leggja leið sína í átt að Austurvelli, er hann kom að fundinum, en var stöðvaður af lögreglumanni. Taldi stefnandi sér heimilt að fara þá leið um götur borgarinnar, sem sér hentaði, og lögreglumanninn skorta heimild til að aftra sér slíks. Lentu þeir tveir í orðasennu af þessu tilefni. Var stefnanda þó greið önnur leið frá fundarstað.

Það er ósannað í málinu, að stefnandi hafi hvatt aðra fundarmenn á staðnum til að virða bann lögreglunnar að vettugi. Synjun hans um að fara eftir fyrirmælum lögreglumannsins og orðasenna við hann fól hins vegar í sér mótþróa gegn lögmætu banni og var til þess fallin að hafa áhrif á aðra fundarmenn í sömu átt. Var því lögreglumanninum heimilt að fjarlægja stefnanda frá hópnum og halda honum þaðan frá, meðan ókyrrð var.

Stefnandi fór af frjálsum vilja með lögreglumanninum og kom því eigi til þess að beita hann líkamlegu valdi. Hann var eigi látinn í fangaklefa, þótt honum væri haldið föngnum. Sú vist hans varaði í eina klukkustund, en þá var honum leyft að fara. Þessi vistun hans þykir hafa verið lögreglunni heimil af sömu ástæðu og handtaka stefnanda svo og einnig það að meina honum sjálfum að hafa samband við heimili sitt.

Með vísan til alls þess, er hér að framan hefur verið rakið, þykir, eins og atvikum öllum er háttað, bresta næg skilyrði til skaðabóta til handa stefnanda úr hendi stefnda vegna handtöku hans í margnefnt skipti. Þá þykja ummæli, sem eftir Bjarka Elíassyni eru höfð, við fjölmiðla, þau er áður getur, eigi skapa stefnanda sjálfstæðan bótarétt úr hendi stefnda. Ber því að sýkna stefnda

af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregizt fram yfir venju vegna anna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar A. Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 14. febrúar 1973.

Nr. 148/1972: **Austurbakki h/f**
B. Sigurðsson s/f
G. S. Júlíusson, umboðs- og heldverzlun
Glóbus h/f
Hervald Eiríksson s/f
Harpa h/f
Kristján Ó. Skagfjörð h/f
Marínó Pétursson, umboðs- og heildverzlun
Plastprent h/f
S. Óskarsson & Co h/f
Smjörlíkisgerð Akureyrar h/f
Valdimar Baldvinsson,
umboðs- og heildverzlun
Valgarður Stefánsson h/f
Verzlun O. Ellingsen h/f og
Þórður Sveinsson & Co h/f,
allir f. h. þrotabús Kaupfélags Siglfirðinga
(Jóhann Ragnarsson hrl.)
gegn
Sparisjóði Siglufjarðar og
Sambandi íslenzkra samvinnufélaga
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tölul. b, laga nr. 57/1962. Var kæran afhent héraðsdómara innan lögmæts kærufrests, en skjöl málsins bárust Hæstarétti 7. nóvember 1972. Með heimild í 31. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1962 hefur mál þetta verið flutt munnlega hér fyrir dómi.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að úr gildi verði felldur dómur bæjarþings Siglufjarðar 9. október 1972 um frávísun máls þessa og að lagt verði fyrir héraðsdóminn að leggja efnisdóm á málið. Þá er einnig krafizt kærumálskostnaðar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Kröfur sóknaraðilja fyrir bæjarþingi Siglufjarðar eru í fyrsta lagi um riftun samnings þess frá 1. nóvember 1969, sem tekinn er upp í héraðsdóminn. Samning þennan gerðu annar varnaraðilja, Sparisjóður Siglufjarðar, og Kaupfélag Siglfirðinga, sem nú er gjaldþrota. Haldið hefur verið fram, að með þessum samningi hafi þeir, sem áttu innstæður í innlánsdeild kaupfélagsins, fengi aðra og tryggari fjárhagslega stöðu en þeir mundu hafa notið, ef fé þeirra hefði enn staðið inni hjá kaupfélaginu, þegar það varð gjaldþrota. Þó að mál þetta kunni því að varða hagsmuni innstæðueigendanna, eru þeir ekki aðiljar þess, og dómur í því mundi ekki binda þá. Þeir stóðu ekki að samningsgerðinni 1. nóvember 1969 og verða ekki taldir eiga óskipt réttindi eða bera óskiptar skyldur með þeim, er það gerðu. Af þeim sökum stendur 46. gr. laga nr. 85/1936 því ekki í vegi, að riftunarkröfu sé beint að Sparisjóði Siglufjarðar, án þess að innstæðueigendum sé stefnt til varnaraðildar, og ekki eru önnur lagaákvæði því heldur til fyrirstöðu.

Kröfur sóknaraðilja eru í öðru lagi um riftun veðsetninga samkvæmt veðskuldabréfi Kaupfélags Siglfirðinga frá 1. nóvember 1969, og eru veðböndin talin í héraðsdómnum. Þar er og getið sjálfsskuldarábyrgðar Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Af sömu ástæðum og að framan er lýst varðandi samning frá 1. nóvember 1969 verður að telja heimilt að leita efnisdóms um riftun þessa.

Þegar mál þetta var flutt munnlega á bæjarþingi Siglufjarðar 2. október 1972, var bókað, að sóknaraðiljar gerðu þær dómkröfur, að varnaraðiljum „verði sameiginlega gert að þola, að ógiltur verði með dómi samningur frá 1/11 1969 milli Sparisjóðs Siglufjarðar og Kaupfélags Siglfirðinga og að ógild verði með dómi veðsetning Kaupfélags Siglfirðinga

samkvæmt veðskuldabréfi", dagsettu sama dag. Er misræmi milli þessa og frásagnar um kröfugerð í héraðsdómi. Þess er og að geta, að í stefnu í frumsök er ekki vikið að skilum verðmæta fremur en í kröfugerðinni 2. október. Bókunina 2. október verður að leggja til grundvallar, þegar virða á, hvort kröfugerð sóknaraðilja uppfylli lagakröfur, að því er varðar skýrleika. Telja verður, að sóknaraðiljar hafi hagsmuni af að fá dóm um þau atriði, sem nefnd eru í kröfugerðinni 2. október, og að hún sé nægilega ljós, til að um hana megi dæma.

Samkvæmt framansögðu eiga sóknaraðiljar rétt til, að haldið sé áfram efnismeðferð máls þessa. Verður því að fella úr gildi hinn kærða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 9. október 1972.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. október s.l., höfaði Jóhann Ragnarsson hæstaréttarlögmaður vegna Austurbakka h/f, Reykjavík, B. Sigurðssonar s/f, Reykjavík, G. S. Júlíussonar, umboðs- og heldverzlunar, Reykjavík, Glóbus h/f, Reykjavík, Hervalds Eiríkssonar s/f, Reykjavík, Hörpu h/f, Reykjavík, Kristjáns Ó. Skagfjörðs h/f, Reykjavík, Marinós Péturssonar, umboðs- og heildverzlunar, Reykjavík, Plastprents h/f, Reykjavík, S. Óskarssonar & Co. h/f, Reykjavík, Smjörlíkisgerðar Akureyrar h/f, Akureyri, Valdimars Baldvinssonar, umboðs- og heildverzlunar, Akureyri, Valgarðs Stefánssonar h/f, Akureyri, Verzlunar O. Ellingsens h/f, Reykjavík, og Þórðar Sveinssonar & Co. h/f, Reykjavík, fyrir hönd þrotabús Kaupfélags Siglfirðinga, Siglufirði, með stefnu útgefinni 15. júlí 1971, gegn Sparisjóði Siglufjarðar. Heimild til málshöfðunar þessarar fyrir hönd þrotabúsins er byggð á ákvörðun skiptaráðandans í búinu frá 5. júlí 1971, þar sem heimilað er að höfða mál til riftingar veðsetningar á eignum Kaupfélags Sigl-

firðinga frá 1. nóvember 1969. Málshöfðunarheimild þessi var veitt með því skilyrði, „að málssóknin verði búinu að skaðlausu og þann kostnað, er af málinu leiddi og lagður kynni að verða á sóknaraðila, tækju umbjóðendur Jóhanns Ragnarssonar hrl. á sig," sbr. dskj. nr. 5.

Í fyrsta þinghaldi í málinu hinn 28. júlí 1971 vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu, og skipaði dómsmálaráðuneytið hinn 6. september 1971 Jónas Gústavsson lögfræðing til að vera setudómari í málinu. Hefur hann farið með mál þetta síðan og kveðið upp dóm þennan.

Með sakaukastefnu, útgefinni 10. september 1971, var Sambandi íslenzkra samvinnufélaga stefnt inn í mál þetta, og með ákvörðun skiptaráðanda hinn 8. október 1971 var málshöfðunarheimildin rýmkuð, þannig að hún næði með sömu skilyrðum einnig til riftunar á samningi milli Kaupfélags Siglfirðinga og Sparisjóðs Siglufjarðar frá 1. nóvember 1969.

Stefnendur gera þær dómkröfur, að stefndu verði sameiginlega gert að þola riftingu á samningi Kaupfélags Siglfirðinga og Sparisjóðs Siglufjarðar, dags. 1. nóvember 1969, og enn fremur riftingu veðsetningar Kaupfélags Siglfirðinga á brauðgerðarhúsi við Hvanneyrarveg 42, húseignunum Suðurgötu 2 (A og B), Suðurgötu 4, Aðalgötu 32 B, Aðalgötu 9, Lækjargötu 1, Lækjargötu 4 og Aðalgötu 32 A, öllum á Siglufirði, samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu 1. nóvember 1969.

Þá gera stefnendur þá kröfu, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Í sakaukastefnu krefjast stefnendur þess einnig „að búinu verði skilað hinum afhentu verðmætum", og við munnlegan málflutning gerðu stefnendur þá kröfu, að þeir fjármunir, sem vinnast kynnu við riftingu á samningnum og veðsetningunni, renni inn í þrotabú Kaupfélags Siglfirðinga.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

II.

Málavöxtum lýsa stefnendur m. a. þannig í stefnu á dskj. nr. 1: „Samkvæmt ársreikningi Kaupfélags Siglfirðinga fyrir árið 1967, útg. 7. maí 1968, var rekstrarhalli ársins 1967 kr. 1.195 þús., og skuldir félagsins umfram eignir voru í árslok 1967 orðnar kr. 1. 963 þús. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 1968, sem út var gefinn

11. maí 1969, var rekstrarhalli ársins 1968 kr. 3.319 þús., og voru þá skuldir félagsins umfram eignir orðnar kr. 5.283 þús. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 1969 var rekstrarhalli þess árs kr. 2.931 þús., og verður því að gera ráð fyrir, að hinn 1. nóvember 1969 hafi skuldir félagsins umfram eignir numið a. m. k. 8 millj. kr.

Samkvæmt þessu hafði árum saman verið brotið freklega ákvæði 1. greinar laga nr. 25 frá 14. júní 1929, og hlaut stjórn félagsins og öllum, sem til þekktu og viðskipti reka, að vera það ljóst, að milljónir vantaði á, að félagið gæti staðið við skuldbindingar sínar og að stöðugt hallaði á ógæfuhið í því efni. Jafn ljóst var stjórn félagsins, að inneignir, sem stjórnin og aðrir félagsmenn kaupfélagsins áttu í innlánsdeild félagsins, hlutu að tapast, þegar að því kom, að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta, sem þó gat ekki dregizt nema um takmarkaðan tíma. Undir þessum kringumstæðum var gripið til þess ráðs, til þess að stjórn og félagsmenn kaupfélagsins gætu tryggt sínar persónulegu inneignir og fjölskyldna sinna hjá félaginu, að gerður var samningurinn við Sparisjóð Siglufjarðar um það, að stjórnin með milligöngu sparisjóðsins afhenti félagsmönnum, þ. á m. sjálfum sér, nær öll verðmæti félagsins til þess að tryggja inneignir þeirra, sem ella mátti búast við, að töpuðust með öllu við væntanlegt og fyrirsjáanlegt gjaldþrot. Samkvæmt samningnum frá 1. nóvember 1969 nam þessi eignaafhending samtals kr. 7.832.256.00. Var sparisjóðnum þannig afhent inneign kaupfélagsins á bindireikning hjá Seðlabanka Íslands, að upphæð kr. 1.332.256.00, og var gefið út veðskuldabréfið, sem ógildingar er krafizt á, að upphæð 6,5 millj. króna, en það var tryggt með veði í nær öllum fasteignum félagsins. Fyrir sína fyrirgreiðslu í máli þessu virðist sparisjóðurinn hafa fengið greiðslu á kr. 629. 384.00 upp í ótryggðar kröfur sínar hjá kaupfélaginu, sem greiddar voru með eftirstöðvum bindireiknings kaupfélagsins — innlánsdeildar — hjá Seðlabanka Íslands. Eftir að hinum „óvenjulegu" björgunaraðferðum var lokið, var kaupfélagið rekið fram yfir hinn venjulega riftunartíma ráðstafana þrotamanna. Á því tímabili voru hins vegar lítils háttar kannaðir möguleikar til nauðasamninga, en án árangurs. Telja verður ráðstafanir þessar vera alvarlegt brot á 250. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 og riftanlegar samkvæmt 23. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929. Samkvæmt tilvitnaðri 23. gr. gjaldþrotaskiptalaga er það riftanlegt, ef þrotamaður hefir á undan gjaldþroti sínu og þegar hann hlaut að sjá, að það mundi bráðlega að höndum bera,

ívilnað sumum lánardrottnum sínum hinum til tjóns o. s. frv. Hversu augljóst er þá ekki riftunarheimildin, þegar félagsmenn í félagi með takmarkaðri ábyrgð afhenda sjálfum sér persónulega og fjölskyldum sínum nær allar eignir félagsins, sem sýnilega hefir verið á gjaldþrotabarmi árum saman og hagur þess versnað um u. þ. b. 6,2 milljónir á tæpum tveim árum."

Og í greinargerð á dskj. nr. 2 er málavöxtum m. a. þannig lýst:

„En því fremur, sem gefa bar félagið upp til gjaldþrotaskipta snemma vors 1968, þá er ljóst, hve alvarlegt brot það er að halda áfram rekstri félagsins við síversnandi afkomu og árlegan stórfelldan rekstrarhalla, sem nam milljónum — allt árið 1968, allt árið 1969 og megin hluta ársins 1970, auk þess að gera slíkar ráðstafanir bæði í rekstrinum og starfsemi félagsins honum óviðkomandi, sem mál þetta snýst um og rakið verður.

En því er þessi þáttur rakinn svo ítarlega og rík áherzla á hann lögð, að ljóst er, að stjórn og framkvæmdastjóra hins gjaldþrota félags, og auk þess auðvitað endurskoðendum þess, hefur a. m. k. allt frá því í maí 1968 verið eða átt að vera eftirfarandi ljóst:

Að milljónir vantaði á, að félagið ætti fyrir skuldum.

Að engar líkur voru til þess, að sífellt vaxandi hallarekstur yrði stöðvaður.

Að vöruúttektir félagsins, sem svo var komið fyrir, yrðu a. m. k. að hluta aldrei greiddar, og áframhaldandi rekstur mundi því valda lánardrottnum stórfelldu tjóni.

Að samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga um gjaldþrotaskipti bæri tafarlaust að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta."

Og síðar í sama skjali:

„Eins og rakið hefur verið, var stjórn Kaupfélags Siglfirðinga eða mátti vera það ljóst allt frá vori 1968 eða fyrr, að félagið átti ekki fyrir skuldum. Þessi mynd skýrðist svo að sjálfsögðu eftir því sem tími leið og varð beinlínis aðalatriðið, er í ljós kom, hvert hafði stefnt um reksturinn 1968. Ársskýrslan fyrir það ár er útgefin 11. maí 1969 og sýnir, eins og fyrr er rakið, kr. 3.319 þús. rekstrarhalla og skuldir umfram eignir í árslok 1968 að upphæð kr. 5.213 þús. Það atriði, sem valdið hefir stjórn félagsins mestum áhyggjum, er, að ljóst var, að inneignir hennar, annarra félagsmanna og fjölskyldna þeirra í innlánsdeild félagsins mundu að sjálfsögðu tapast við væntanlegt og fyrirsjáanlegt gjaldþrot. Er þetta ljóst af því, að á stjórnarfundum um þetta leyti er farið að ræða um að bjarga innlánsdeildinni. Er málið rætt á stjórnarfundum fram eftir árinu 1969, er enn varð ljósara, hvert stefndi

í rekstri félagsins. En nú voru góð ráð dýr. Undir þessum kringumstæðum kom fram sú snjalla hugmynd frá stefnda Sparisjóði Siglufjarðar til þátttöku í því, að stjórnin afhenti sjálfri sér, öðrum félagsmönnum ásamt fjölskyldum sínum allar eignir félagsins, sem fært var á þessu stigi. Erfitt hefði reynzt að afhenda eignirnar milliliðalaust, en í því skyni, að svo mætti verða, var aðstoð stefnda Sparisjóðsins dýrmæt. Með samningum frá 1. nóvember 1969 taldi stjórn Kaupfélagsins sér unnt að afhenda allar eignirnar og skjóta þeim þannig undan fyrirsjáanlegum skiptum hins væntanlega þrotabús á mjög hagkvæman hátt. Þannig varð stefndi Sparisjóður Siglufjarðar skuldari gagnvart innistæðueigendum, og var hagur þeirra þannig vel tryggður. Sem greiðslu á móti inneignunum fékk stefndi Sparisjóður Siglufjarðar veð í nær öllum fasteignum félagsins auk þess sem krafizt var og í té látið sjálfskuldarábyrgð S. Í. S. Þannig var veðsett allt raunverulegt og veðsetjanlegt verðmæti Kaupfélags Siglfirðinga og með þessum hætti afhentar allar raunverulegar og veðsetjanlegar eignir félagsins. Heildarverðmæti eignanna, sem afhentar voru, kann að liggja nokkuð undir skuld innlánsdeildarinnar, sem samtals var u. þ. b. 7,8 milljónir króna. Voru það allt almennar skuldakröfur í væntanlegu þrotabúi og hefðu tapazt að langmestu leyti við hlið annarra almennra krafna. Með því að reka félagið síðan áfram eftir þessar ráðstafanir fram yfir hinn venjulega riftunartíma ráðstafana þrotamanns skv. 19. og 20. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 þá átti málinu að vera borgið. Auk þess sem sú vörn kemur væntanlega fram, að veðsetningin sé ekki riftanleg, þar sem skuldin við sparisjóðinn hafi stofnazt á sama tíma og veðsetningin, og sé veðsetningin því ekki riftanleg af þeirri ástæðu. Eins og ég hefi nú rakið, verður þó á hvoruga þessa röksemd fallizt. Við hlið þessara ráðstafana, og að því er bezt verður séð af skjölum málsins, þá hefir sparisjóðurinn fengið það fyrir sinn snúð, að hann fékk afhentar eftirstöðvar bindireiknings innlánsdeildar hjá Seðlabanka Íslands að upphæð kr. 629.384.00, sem virðist hafa verið greiðsla á ótryggðum kröfum sparisjóðsins hjá kaupfélaginu. Í hæsta máta má segja, að með orðalagi 19. greinar gjaldþrotaskiptalaganna sé þetta „óvanalegur gjaldeyrir". En gjalda skal keisaranum það, sem keisarans er."

III.

Hinn 1. nóvember 1969 var svohljóðandi samningur gerður milli Sparisjóðs Siglufjarðar og Kaupfélags Siglfirðinga:

„SAMNINGUR

Við undirritaðir Kjartan Bjarnason sparisjóðsstjóri f. h. Sparisjóðs Siglufjarðar og Skarphéðinn Guðmundsson kaupfélagsstjóri f. h. Kaupfélags Siglfirðinga gerum með okkur í dag svohljóðandi samning vegna yfirtöku Sparisjóðs Siglufjarðar á Innlánsdeild Kaupfélags Siglfirðinga.

Sparisjóður Siglufjarðar yfirtekur innstæður Innlánsdeildar K. F. S. eins og þær eru þann 1. nóvember 1969, að upphæð kr.. 7.832.256.00 — sjö milljónir áttahundruð þrjátíu og tvö þúsund tvöhundruð fimmtíu og sex 00/100. Upphæð þessa skuldbindur Sparisjóðurinn sig til að greiða innstæðueigendum eða ávaxta sparifé þeirra áfram samkvæmt reglum Sparisjóðs Siglufjarðar um ávöxtun sparifjár.

Kaupfélag Siglfirðinga greiðir innlánsdeildarféð til Sparisjóðs Siglufjarðar með útgáfu veðskuldabréfs, dags. 1. nóvember 1969, að upphæð kr. 6.500.000.00 — sex milljónir og fimmhundruð þúsund 00/100 — eftirstöðvarnar kr. 1. 332.256.00 — ein milljón þrjúhundruð þrjátíu og tvöþúsund tvöhundruð fimmtíu og sex 00/100 — greiðast af bindireikningi Kaupfélags Siglfirðinga hjá Seðlabanka Íslands í bindireikning Sparisjóðs Siglufjarðar. Eftirstöðvar bindireiknings Kaufélags Siglfirðinga, að viðbættum vöxtum til 1. nóvember 1969 eða kr. 629.384.00 — sexhundruð tuttugu og níuþúsund þrjúhundruð áttatíu og fjórar 00/100 — greiðist í viðskiptareikning Sparisjóðs Siglufjarðar no. 102 hjá Seðlabanka Íslands.

Samningur þessi er gerður í þrem samhljóða eintökum, og halda samningsaðilar sínu eintakinu hvor, en afrit sendist Seðlabanka Íslands, Bankaeftirliti Reykjavík.

Siglufirði, 1. nóvember 1969
Sparisjóður Siglufjarðar
Kjartan Bjarnason
p. p. Kaupfélag Siglfirðinga
Skarph. Guðmundsson.

Vottar að undirskrift
og dagsetningu.
Björn Jónasson
Ásgeir Björnsson.“

Sama dag undirritaði stjórn Kaupfélags Siglfirðinga veðskuldabréf að fjárhæð kr. 6.500.000.00 og veðsetti með skuldabréfi þessu Sparisjóði Siglufjarðar eftirtaldar húseignir kaupfélagsins á Siglu-

firði: brauðgerðarhús við Hvanneyrarbraut 42 Suðurgötu 2 (A og B), Suðurgötu 4, Aðalgötu 32 B, Aðalgötu 9, Lækjagötu 1, Lækjargötu 4 og Aðalgötu 32 A.

Skuld þessi skyldi greiðast með jöfnum missirislegum greiðslum á 20 árum, 1. maí og 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóvember 1970. Skyldu ársvextir af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma, vera 10%.

Neðst á veðskuldabréf þetta var rituð svo felld sjálfskuldarábyrgð:

„SJÁLFSKULDARÁBYRGÐ

Samband íslenzkra samvinnufélaga tekst hér með á hendur sjálfskuldarábyrgð á veðskuldabréfi þessu, enda öðlist það að öllu leyti sama rétt og veðhafi til að leita fullnustu í hinum veðsettu eignum fyrir þeim greiðslum afborgana og vaxta, er það kann að þurfa að inna af hendi.

Ekki verður veðskuldabréfið eindagað án samþykkis Sambandsins svo framarlega sem það greiði áfallnar afborganir og vexti innan mánaðar frá því, að krafa var gerð á hendur því um greiðslu.

Reykjavík, 4/10 1969

pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga

E. Einarsson."

Eftir árangurslausar tilraunir til nauðasamninga var bú Kaupfélags Siglfirðinga tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, uppkveðnum 9. október 1970.

Samkvæmt vottorði Sparisjóðs Siglufjarðar á dskj. nr. 25 greiddi Samband ísl. samvinnufélaga afborgun og vexti af framangreindu skuldabréfi í samræmi við skuldbindingu sína og öðlaðist þar með sama rétt og veðhafi til að ganga að veðinu.

Hinn 27. júlí 1971 var húseignin Hvanneyrarbraut 42 seld á nauðungaruppboði, og var Samband ísl. samvinnufélaga hæstbjóðandi í eignina. Hæstbjóðandi krafðist útlagningar sem ófullnægður veðhafi samkvæmt framangreindu veðskuldabréfi, og tók uppboðshaldari útlagningarkröfuna til greina, með þeim fyrirvara þó, að veðsetningin yrði ekki dæmd ógild í máli því, sem hér er til meðferðar.

IV.

Hingað fyrir dóminn hafa komið til að gefa skýrslur kaupfélagsstjóri og stjórnarmeðlimir Kaupfélags Siglfirðinga, sparisjóðsstjóri og stjórnarmeðlimir Sparisjóðs Siglufjarðar, forstjóri, fram-

kvæmdastjóri skipulagsdeildar og stjórnarformaður Sambands ísl. samvinnufélaga og auk þess einn af stefnendum máls þessa. Verður nú gerð grein fyrir framburðum þessara aðilja eftir því sem þurfa þykir. Alls staðar hér á eftir, þar sem rætt er um „samninginn" án frekari skilgreiningar, er átt við samning Sparisjóðs Siglufjarðar og Kaupfélags Siglfirðinga frá 1. nóvember 1969.

Skarphéðinn Guðmundsson kaupfélagsstjóri kom fyrir dóminn hinn 11. september 1971 og skýrði þá m. a. svo frá, að ástæðan til þess, að Kaupfélag Siglfirðinga varð gjaldþrota, hafi verið sú, að skortur á rekstrarfé og þung vaxtabyrði hafi knúið félagið til að leita nauðasamninga, en er þeir báru ekki árangur, hafi stjórn félagsins ekki séð sér fært að halda rekstrinum áfram, þar eð áframhaldandi rekstur mundi rýra möguleika lánardrottna á að fá fullnustu úr búinu.

Skarphéðinn lýsti þeirri skoðun sinni, að kaupfélagið hafi átt fyrir skuldum hinn 1. nóvember 1969, og byggði þá skoðun á brunabótamati á fasteignum búsins, en taldi þó vafasamt, að fasteignirnar hefðu verið á þeim tíma seljanlegar fyrir brunabótamat.

Skarphéðinn skýrði svo frá, að þegar ársskýrslan fyrir 1969 lá fyrir í maí 1970, hafi hann og kaupfélagsstjórnin talið nauðsynlegt að leita nauðasamninga og hafi hann þá fyrst séð, að gjaldþrot yrði ekki umflúið, þegar nauðasamningar tókust ekki.

Aðspurður um, hvort ekki hafi verið ástæða til að gefa félagið fyrr upp til gjaldþrotaskipta, svaraði hann: „Nei, alls ekki."

Skarphéðinn kvaðst ekki vilja slá því föstu, að hann hafi um áramótin 1969-70 talið raunverulegt söluverðmæti eigna félagsins 8.2 millj. krónum hærra en bókfært verð, en telur það hins vegar tvímælalaust hafa verið a. m. k. 5.3 millj. krónum hærra en bókfært verð um áramótin 1968-69.

Skarphéðinn sagði, að honum hefði aldrei dottið í hug, að til gjaldþrots félagsins kynni að koma, fyrr en ársskýrslan fyrir 1969 lá fyrir, og nauðasamningar eða gjaldþrot hefðu aldrei komið til tals á stjórnarfundi fyrr en í júní 1970, en hann og stjórn kaupfélagsins hafi þrátt fyrir taprekstur nokkurra ára talið það skyldu sína að reyna að rétta við hag félagsins. Einn lið í því að rétta hag félagsins segir Skarphéðinn hafa verið samninginn við sparisjóðinn um yfirtöku innlánsdeildar kaupfélagsins. Á árunum 1967-69 hafi verið teknar út rúmar 5 millj. króna umfram innlán og hafi því verið nauðsynlegt að breyta skuld innlánsdeildarinnar í fast veðlán. Í sambandi við yfirtökuna á innlánsdeildinni losnuðu

kr. 629.384.00 á bindireikningi hjá Seðlabanka Íslands, og gekk sú fjárhæð til sparisjóðsins til lækkunar á hlaupreikningsskuld kaupfélagsins. Sagði Skarphéðinn það ekki hafa verið skilyrði fyrir samningsgerðinni af hálfu sparisjóðsins, að fé þetta gengi til lækkunar á hlaupareikningsskuldinni, en oft hefði hins vegar verið óskað eftir því, að skuldin yrði lækkuð. Tryggingar fyrir yfirdrætti námu kr. 2.750.000.00, en yfirdráttur var iðulega hærri en sem því nam. Einu ástæðuna fyrir því, hve mikið fé var tekið út úr innlánsdeildinni, sagði Skarphéðinn hugsanlega vera þá, að örðugleikar í rekstri kaupfélagsins hafi veikt trú innstæðueigenda á félaginu.

Skarphéðinn upplýsti, að frá því að hann varð kaupfélagsstjóri hinn 1. september 1961 og fram til ársins 1970, hafi aldrei verið gert lögtak eða fjárnám í eignum félagsins.

Skarphéðinn Guðmundsson kom aftur fyrir dóminn hinn 18. október 1971 og skýrði þá nokkru nánar frá undirbúningi að gerð samningsins. Kvaðst hann hafa nefnt þann möguleika, að sjálfskuldarábyrgð Sambands ísl. samvinnufélaga kynni að fást, þar eð hann hafi fundið inn á efasemdir sparisjóðsstjóra um, að kaupfélagið gæti staðið í skilum með fyrstu afborganir af skuldabréfinu. Hafi því sjálfskuldarábyrgðin átt að tryggja greiðslu á réttum gjalddögum. Hann sagði, að sparisjóðsstjórinn hafi þá ekki viljað sjálfskuldarábyrgðina eina sér, heldur einnig viljað fá veð í eignum kaupfélagsins.

Í þessu þinghaldi skýrði Skarphéðinn og frá því, að hann og stjórnarmeðlimir kaupfélagsins hafi gengið persónulega í ábyrgð gagnvart sparisjóðnum, vegna þess að neitað hafði verið um aukningu á yfirdrætti kaupfélagsins. Höfðu hann og stjórnin gefið út og ábakið 200 þús. króna víxil, sem ætlunin hefði verið að greiða með fé því, sem losna mundi á bindireikningnum í Seðlabankanum. Það var hins vegar ekki gert, þar eð sparisjóðsstjóri vildi fá allt bindifé til lækkunar á hlaupareikningsskuldinni. Víxill þessi var framlengdur tvisvar til 6 mánaða í senn og nam kr. 100 þúsund, er kaupfélagið varð gjaldþrota.

Loks skýrði Skarphéðinn frá því, að innstæðueigendur í innlánsdeild hefðu verið félagsmenn kaupfélagsins og fjölskyldur þeirra, en hvorki hafi hann sjálfur né fjölskylda hans átt innstæðu í innlánsdeildinni.

Jóhann Þorvaldsson, stjórnarformaður Kaupfélags Siglfirðinga allt frá árinu 1945, kom fyrir dóminn 11. september 1971. Hann skýrði svo frá, að nauðasamningar hafi fyrst komið til tals hjá

stjórnarmeðlimum í ágúst 1970 og hafi hann ekki séð fyrir, að gjaldþrot yrði ekki umflúið fyrr en 3-4 dögum fyrir gjaldþrotið, þ. e. þegar ljóst var, að ekki tækjust nauðasamningar. Jóhann var spurður, hvert hafi verið álit hans á stöðu félagsins 1. nóvember 1969, og svaraði hann þá: „Mín skoðun er sú, að kaupfélagið hafi átt fyrir skuldum allt fram að þeim tíma, er kaupfélagið varð gjaldþrota," og kvaðst hann hafa byggt þá skoðun á því, að eignir væru meira virði en bókfært verð. Honum hafi þó verið ljóst, að yrði félagið gjaldþrota, fengist ekki nægilegt verð fyrir eignirnar til greiðslu skulda, ef þær væru seldar á nauðungaruppboði á Siglufirði. Hann kvaðst ekki vilja fullyrða, að allar eignir félagsins hefðu verið seljanlegar fyrir 8 millj. króna umfram bókfært verð um áramótin 1969-70, en hann hafi þó álitið félagið eiga fyrir skuldum.

Jóhann skýrði síðan frá aðdraganda að samningnum við sparisjóðinn og sagði m. a., að sparisjóðsstjóri hefði í fyrstu verið tregur til samninga. Sparisjóðsstjóri hefði óskað eftir sjálfskuldarábyrgð S. Í. S. til þess að tryggja, að staðið yrði við greiðslur samkvæmt skuldabréfinu á réttum gjalddaga, og sparisjóðsstjóri hefði sett það skilyrði, að kaupfélagið setti ekki aftur á stofn innlánsdeild. Jóhann sagðist hafa rætt við kaupfélagsstjórann, að hann gengi frá því við sparisjóðsstjóra, að fé, sem losna mundi af bindireikningi, yrði notað til greiðslu á víxli, sem stjórnarmeðlimir höfðu ábyrgzt persónulega fyrir kaupfélagið, en honum var ókunnugt um, hvort þetta atriði var rætt við sparisjóðsstjóra. Hann skýrði svo frá, að víxill þessi hefði verið þannig til kominn, að greiða hefði þurft út innstæðu í innlánsdeildinni. Synjað hafi verið um hækkun á yfirdrætti kaupfélagsins, en samþykkt að kaupa víxil, sem stjórnarmenn og kaupfélagsstjóri ábyrgðust persónulega. Jóhann sagðist aðspurður hafa átt 25 þúsund króna innstæðu í innlánsdeildinni. Hafi hann ekki viljað taka féð úr rekstri félagsins, þegar innlánsdeildin var flutt. Hafi inneignin því verið flutt á viðskiptareikning sinn hjá félaginu og sé þar enn. Enginn annar í hans fjölskyldu átti inneign í innlánsdeildinni.

Kristján Sturlaugsson, meðlimur í stjórn kaupfélagsins í 10 ár, kom fyrir dóm 12. september 1971. Hann sagði m. a., að honum hafi allt fram til gjaldþrots félagsins ekki verið ljóst annað en það ætti fyrir skuldum, og taldi hann „miðað við eðlilegar aðstæður," að eignir félagsins hefðu um áramótin 1969-70 verið seljanlegar fyrir meira en 8 millj. króna umfram bókfært verð. Hann sagði tryggingar vegna lántöku hjá sparisjóðnum hafa ver-

ið settar samkvæmt ósk sparisjóðsstjóra. Kristján sagði, að sér væri ókunnugt um ástæðuna til þess, að stjórnarmenn ábyrgðust persónulega víxil fyrir kaupfélagið. Hann sagði, að hann og fjölskylda hans hefði átt 5-10 þúsund krónur í innlánsdeild kaupfélagsins og hafi þær fylgt öðrum innstæðum við flutning í sparisjóðinn. Aðspurður sagði Kristján, að honum hefði árið 1969 verið ókunnugt um reglur laga um það, hvenær fyrirsvarsmönnum félags bæri að gefa það upp til gjaldþrots, enda hafi á þeim tíma ekki komið til umræðu, að gjaldþrot væri yfirvofandi. Það hafi fyrst verið, eftir að ljóst var, að nauðasamningar tækjust ekki.

Hjörleifur Magnússon, meðlimur í stjórn kaupfélagsins í 26 ár, kom fyrir dóm 11. febrúar 1972. Hann sagði, að sér hefði verið kunnugt um, að um taprekstur hefði verið að ræða seinustu árin og að skuldir umfram eignir námu 8.2 milljónum króna samkvæmt ársreikningi fyrir 1969, en hann hafi þó talið, að félagið ætti fyrir skuldum miðað við „eðlilegt ástand" og sölu eignanna á frjálsum markaði. Lýsti hann þeirri skoðun sinni, að félagið hafi raunverulega átt fyrir skuldum allt til þess tíma, að það varð gjaldþrota. Gjaldþrot sagði hann ekki hafa komið til tals hjá stjórninni, fyrr en eftir að nauðasamningar mistókust, og kvaðst hann vilja benda á, að hvorki hann né aðrir stjórnarmeðlimir hefðu gengið persónulega í ábyrgð fyrir félagið, ef þeir hefðu álitið, að félagið væri á barmi gjaldþrots. Hvorki Hjörleifur né fjölskylda hans áttu fé í innlánsdeildinni.

Einar Magnús Albertsson, meðlimur í stjórn kaupfélagsins í 2-3 ár, kom fyrir dóm 11. febrúar 1972 og sagðist m. a. hafa vitað, að tap hefði verið á rekstri félagsins nokkur seinustu árin, en honum hefði verið ókunnugt um, að bókhald félagsins hafi sýnt í árslok 1969 skuldir umfram eignir, og hafi hann ekki hugleitt, hvort félagið ætti fyrir skuldum á hverjum tíma. Einar kvaðst hafa átt innan við 10 þúsund krónur í innlánsdeildinni og hafi það fé fylgt öðru yfir í sparisjóðinn.

Kristján Sigurðsson, meðlimur kaupfélagsstjórnar í a. m. k. 20 ár, kom fyrir dóm 11. febrúar 1972 og sagðist hann hafa vitað um taprekstur nokkur seinustu árin, en honum hafi verið ókunnugt um, að reikningar félagsins sýndu bókfærðar skuldir umfram eignir. Hann kvaðst aldrei hafa hugleitt möguleika á gjaldþroti kaupfélagsins, fyrr en eftir að nauðasamningar mistókust. Hann kvaðst hafa átt innstæðu í innlánsdeildinni, sem hafi fylgt öðrum í sparisjóðinn við yfirtökuna á innlánsdeildinni.

Kjartan Bjarnason sparisjóðsstjóri kom fyrir dóm 11. septem-

ber 1971. Hann skýrði fyrst frá undirbúningi að samningnum frá 1. nóvember 1969 og sagði m. a., að Erlendur Einarsson, forstjóri S. Í. S., og Sigurður Markússon, framkvæmdastjóri hagdeildar S. Í. S., hafi komið til Siglufjarðar og komið að máli við sig. Þeir hafi óskað eftir, að sparisjóðurinn yfirtæki innlánsdeild kaupfélagsins gegn veði í fasteignum kaupfélagsins, og hafi þeir jafnframt boðið fram sjálfskuldarábyrgð S. Í. S. Á fundinum hefðu verið ræddar ástæður þær, sem lágu til óskarinnar um yfirtöku á innlánsdeildinni, en þær hafi verið þær, að mikið fé hafi verið tekið út úr innlánsdeildinn næstu ár á undan og að stjórn kaupfélagsins vildi fá fast veðlán til langs tíma í stað óvissunnar, sem rekstur innlánsdeildarinnar hafði í för með sér. Hann sagðist ekki minnast þess, að á fundinum með Erlendi og Sigurði hafi verið minnzt á það, hvort fjárhagsleg afkoma kaupfélagsins var góð eða slæm. Hann kvaðst ekki minnast þess, að á fundinum hafi verið fullyrt, að rekstur kaupfélagsins væri ekki í hættu. Hann sagði, að aldrei hefði borið á góma að yfirtaka á innlánsdeildinni væri til að tryggja hag innstæðueigenda.

Kjartan sagði, að sér hefði verið kunnugt af ársreikningum félagsins um rekstrarörðugleika hjá félaginu, en kvaðst ekki hafa kynnt sér sérstaklega, hvort um skuldir umfram eignir væri að ræða. En hann kveðst hafa álitið, að rekstur félagsins væri ekki í hættu. Hann tók fram, að sparisjóðurinn hefði haft með höndum innheimtu vöruvíxla á hendur kaupfélaginu og hefði það verið afar fátítt 1969, að slíkar innheimtur væru ekki greiddar á gjalddaga.

Kjartan sagði, að yfirdráttarskuld kaupfélagsins hafi verið tryggð með veðum, samtals kr. 2.750.000.00, en ekki hafi verið formlega gengið frá því, hversu hár yfirdrátturinn mátti vera umfram þær kr. 2.750.000.00, sem veðtryggðar voru, og kveðst Kjartan sjálfur hafa metið hverju sinni, hvort innleystir skyldu tékkar frá kaupfélaginu. Aðspurður um, hver hafi átt frumkvæði að því, að afgangur af bindireikningnum, kr. 629.384.00, var færður til lækkunar á hlaupareikningsskuld kaupfélagsins, sagði hann það hafa verið samkomulag milli aðilja og að sig minnti, að Skarphéðinn Guðmundsson hefði sagt, að eðlilegast væri, að fé þetta rynni inn í viðskiptareikninginn.

Kjartan Bjarason kom aftur fyrir dóm 21. október 1971, og sagðist honum þá m. a. svo frá, að af hálfu sparisjóðsins hafi ástæðan til samningagerðarinnar við kaupfélagið verið sú, að kaupfélagið hafi verið einn af stærstu viðskiptavinum sparisjóðs-

ins, og hafi samningurinn verð í og með gerður til þess að bæta hag þessa viðskiptavinar. Auk þess hafi það verið sparisjóðnum í hag að fá á þennan hátt aukin viðskipti.

Hann tók það skýrt fram, að sparisjóðurinn hafi ekki átt frumkvæðið að því, að sjálfskuldarábyrgð S. Í. S. var fengin, heldur hafi Erlendur Einarsson forstjóri boðið hana fram. Hins vegar sagði hann, að sparisjóðurinn hefði aldrei veitt neinum aðilja svo hátt lán til svo langs tíma sem hér var um að ræða nema gegn samsvarandi tryggingum og þeim, sem settar voru af kaupfélaginu. Hann kveðst þó, aðspurður, hafa álitið, að veðsetningin á fasteignum félagsins væri nægjanleg trygging fyrir 6.5 millj. króna láninu.

Aðspurður um það, hvort komið hafi fyrir, að stjórnarmeðlimir kaupfélagsins hafi gengið persónulega í ábyrgð fyrir skuldum félagsins við sparisjóðinn, skýrði Kjartan svo frá, að sparisjóðurinn hafi keypt 200 þúsund króna víxil, sem samþykktur var af félaginu, en útgefinn og ábakinn af kaupfélagsstjóra og nokkrum stjórarmeðlimum félagsins. Taldi Kjartan víst, að víxill þessi væri til kominn vegna þess, að hann hafi neitað kaupfélaginu um hækkun á yfirdrætti, sem þessari fjárhæð nam. Hann kvaðst ekki hafa hugleitt, þegar gengið var til samninga við kaupfélagið, hvort fé kynni að losna af bindireikningi við Seðlabankann, en eftir að samningar voru ákveðnir, hafi kaupfélagsstjóri sagt sér, að nokkur fjárhæð mundi losna af bindireikningnum, og kvað hann sig minna, að Skarphéðinn hafi sagt, að eðlilegast væri, að fé þetta rynni í viðskiptareikning kaupfélagsins. Var Kjartan þá spurður: „Kom það ekki til tals, að fé þetta rynni að einhverju eða öllu leyti til greiðslu á víxli þeim, sem kaupfélagsstjóri og stjórnarmeðlimir voru ábyrgir fyrir?“ Svaraði Kjartan: „Nei, það kom ábyggilega ekki til tals þá, að minnsta kosti ekki, svo ég muni; hins vegar kom það til tals seinna.“ Sagði Kjartan það vera rétt, sem Skarphéðinn kaupfélagsstjóri bar fyrir dómi 18. október 1971, að víxillinn hafi ekki verið greiddur af bindifénu vegna þess, að Kjartan vildi fá allt féð til lækkunar hlaupareikningsskuldar. Loks skýrði Kjartan frá því, að sparisjóðurinn hafi sumarið 1970 gengið í ábyrgð að fjárhæð 93-94 þúsund krónur fyrir kaupfélagið gagnvart Landsbanka Íslands vegna hveitikaupa erlendis frá. Sparisjóðurinn krafði kaupfélagið ekki um neina tryggingu vegna ábyrgðar þessarar, enda var það ekki venja sparisjóðsins í slíkum viðskiptum við kaupfélagið.

Gústav Þórðarson, stjórnarmeðlimur í Sparisjóði Siglufjarðar, kom fyrir dóm 11. september 1971. Hann sagði m. a., að hann

hefði kynnt sér reikninga kaupfélagsins og að honum hefði verið kunnugt um taprekstur í nokkur ár og bókfærðar skuldir umfram eignir, en hann taldi, að eignir hefðu verið of lágt metnar á reikningum, þótt hann treysti sér ekki til þess að svara því, hvort eignir félagsins hefðu verið seljanlegar fyrir svo miklu hærra verð en í reikningum greindi, að næmi mismun á eignum og skuldum. Honum var ókunnugt um, hve hár yfirdráttur kaupfélagsins á hlaupareikningi mátti vera og hvort settar voru tryggingar vegna yfirdráttarins.

Haukur Jónasson, stjórnarmeðlimur í Sparisjóði Siglufjarðar, kom fyrir dóm 11. febrúar 1972. Hann sagðist hafa vitað, að samkvæmt ársreikningi 1968 hafi skuldir umfram eignir verið taldar 5.3 millj., en kvaðst skilyrðislaust hafa álitið, að kaupfélagið ætti fyrir skuldum, er samningarnir voru gerðir, þar eð eignir félagsins hafi verið of lágt metnar. Hann kvaðst vilja taka skýrt fram, að í sínum huga hafi yfirtaka á innlánsdeildinni ekki verið hugsuð sem björgunaraðgerð, heldur verið liður í eðlilegum viðskiptum.

Bjarni Marinó Þorsteinsson, stjórnarmeðlimur í Sparisjóði Siglufjarðar, kom fyrir dóm 11. febrúar 1972. Sagði hann, að sér hefði verið ókunnugt um fjárhag kaupfélagsins, er samningurinn var gerður, og lýsti hann þeirri skoðun sinni, að engum Siglfirðingi hafi dottið í hug, að kaupfélagið væri gjaldþrota, fyrr en það reyndist vera svo.

Erlendur Einarsson, forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, kom fyrir dóm 3. nóvember 1971 og skýrði frá þætti S. Í. S. í samningsgerðinni milli kaupfélagsins og sparisjóðsins. Sagði hann m. a. frá fundi, sem hann og Sigurður Markússon áttu með sparisjóðsstjóra í júlí 1969. Hafði á fundi þessum komið fram ósk frá sparisjóðsstjóra um, að S. Í. S. gengi í ábyrgð fyrir kaupfélagið vegna lántöku. Sagði hann, að sparisjóðsstjóra hafi verið kunnugt um greiðsluerfiðleika kaupfélagsins, en ekki hafi á fundinum verið rætt um hugsanlegt gjaldþrot kaupfélagsins, enda hafi áreiðanlega engum fundarmanna dottið í hug, að gjaldþrot væri yfirvofandi, a. m. k. hafi sér ekki dottið það í hug. Rökstyður hann það með því, að Kaupfélag Siglfirðinga hafi á þessum tíma að sínu áliti og að áliti annarra fyrirsvarsmanna S. Í. S. verið efnahagslega sæmilega sterkt. Hafi félagið með hliðsjón af brunabótamati fasteigna félagsins átt eignir umfram skuldir, þrátt fyrir það að reikningar félagsins sýndu hið gagnstæða. Erlendur kvaðst ekki muna, hvort frumkvæðið að samningnum um yfirtöku inn-

lánsdeildarinnar kom frá stjórn kaupfélagsins eða hagdeild S. Í. S. Hann kvaðst ekki minnast þess, að það hafi komið til tals milli forráðamanna S. Í. S. fyrr en sumarið 1970, að gjaldþrot Kaupfélags Siglfirðinga væri yfirvofandi.

Sigurður Markússon, framkvæmdastjóri skipulagsdeildar S. Í. S., kom fyrir dóm 3. nóvember 1971. Hann skýrði m. a. svo frá, að honum sé ekki fullkunnugt um það, hver átt hafi frumkvæðið að flutningi innlánsdeildarinnar, en telur þó, að það hafi verið kaupfélagsstjórinn, enda hafi slíkur flutningur á innlánsdeild kaupfélags ekki verið neitt einsdæmi,og sé það yfirleitt stjórn viðkomandi kaupfélags, sem óski eftir slíkum flutningi, og í nokkrum tilfellum hafi lánastofnanir á viðkomandi stöðum óskað eftir að yfirtaka innlánsdeildirnar. Sigurður skýrði frá því, að hann og Erlendur Einarsson hafi átt fund með kaupfélagsstjóra og stjórnarformanni kaupfélagsins á Siglufirði og hafi kaupfélagsstjóri sagt þeim, að sparisjóðurinn mundi ekki samþykkja yfirtökuna, nema til kæmi ábyrgð S. Í. S. í einhverri mynd. Hann kveðst muna þetta sérstaklega, því að Erlendur hafi hringt í stjórnarformann S. Í. S. til Akureyrar til að skýra honum frá þessu nýja viðhorfi í málinu. Hafi þeir Erlendur síðan rætt við sparisjóðstjóra, og var niðurstaða af þeim fundi, að S. Í. S. tækist á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna lántöku kaupfélagsins. Sigurður kvaðst ekki muna eftir, að rætt hafi verið um það á fundinum, að fjárhag kaupfélagsins væri engin hætta búin og að ekki væri hætta á gjaldþroti félagsins, og sagðist hann hafa á þessum tíma verið þess fullviss, að ekki væri hætta á, að félagið yrði gjaldþrota, þar eð hægt yrði að leysa þau vandamál, sem rekstrarerfiðleikar félagsins stöfuðu af. Það hefði ekki verið fyrr en haustið 1970, að honum varð ljóst, að gjaldþrot var yfirvofandi.

Sigurður var að lokum spurður, hvers vegna birgðastöð S. Í. S. hefði hætt að eiga lánsviðskipti við kaupfélagið, og sagði hann það vera fasta venju hjá birgðastöðinni að afgreiða ekki vörur til kaupfélags, sem á eldri víxla í vanskilum, og tók hann fram, að slík lokun væri langt frá að vera einsdæmi.

Hinn 15. júní 1972 kom fyrir dóminn einn af stefnendum máls þessa, Valdimar Baldvinsson, heildsali á Akureyri. Sagðist hann hafa heyrt orðróm um, að Kaupfélag Siglfirðinga ætti í erfiðleikum, og hafi hann því farið til Siglufjarðar í ágúst 1970 til viðræðna við kaupfélagsstjórann, sem hafi skýrt sér frá ráðstöfunum, sem verið væri að reyna til þess, að kaupfélagið yrði ekki gjaldþrota. Meðal annars hefði kaupfélagsstjórinn sagt frá flutn-

ingi innlánsdeildarinnar, og sagðist Valdimar þá hafa orðið hræddur og hafa hætt viðskiptum við félagið. Sagðist hann hafa álitið, að yfirfærsla innlánsdeildarinnar væri ráðstöfun til þess að tryggja hluta af kröfuhöfum félagsins, ef til gjaldþrots kæmi, og einnig til þess að tryggja hagsmuni S. Í. S., en hann vissi, að S. Í. S. hafði ábyrgzt greiðslu innlánsdeildar kaupfélagsins á Seyðisfirði, er það félag varð gjaldþrota. Valdimar sagðist hafa leitað til Jakobs Frímannssonar, stjórnarformanns S. Í. S., til þess að fá upplýsingar um hag kaupfélags Siglfirðinga. Hafi Jakob í samræðum þeirra m. a. sagt: „Veiztu það ekki, að fyrirtækið hefur verið rekið gjaldþrota síðastliðin 3 ár?"

Valdimar sagðist hafa átt töluvert mikil og góð viðskipti við Kaupfélag Siglfirðinga frá árinu 1967-68 og fram til ágústloka 1970. Vöruúttektir félagsins voru greiddar með víxlum, sem nær undantekningalaust voru greiddir á gjalddaga. Man hann eftir einum víxli, sem greiðsla dróst á um ca. hálfan mánuð. Hann sagði kaupfélagið hafa greitt sér einn víxil, eftir að hann lokaði fyrir viðskiptin, og taldi hann, að sá víxill hafi numið nokkrum tugum þúsunda.

Jakob Frímannsson, stjórnarformaður Sambands ísl. samvinnufélaga, kom fyrir dóm 22. ágúst 1972. Hann kvaðst minnast samtals við Valdimar Baldvinsson, sem gæti hafa verið um mánaðamótin ágúst-september 1970, en þá hafi Valdimar spurt sig, hvort S. Í. S. mundi vilja greiða víxla, sem Kaupfélag Siglfirðinga skuldaði Valdimar, og kvaðst Jakob hafa talið það fjarstæðu. Jakob kvaðst hafa lýst undrun sinni á því, að Valdimar skyldi hafa byrjað víxlaviðskipti við kaupfélagið, eftir að K. E. A. og S. Í. S. höfðu hætt slíkum viðskiptum við félagið. Hann sagði það fjarstæðu, að hann hefði talað um, að kaupfélagið hefði verið rekið gjaldþrota s.l. 3 ár, enda hafi honum verið ókunnugt um, að gjaldþrot félagsins væri yfirvofandi, fyrr en leitað var nauðasamninga á árinu 1970.

Jakob sagði, að Kaupfélag Eyfirðinga hafi hætt víxlaviðskiptum við Kaupfélag Siglfirðinga í október-nóvember 1968 og hafi það verið vegna þess, að víxlar Kaupfélags Siglfirðinga, sem greiðast áttu þá, hafi lent í vanskilum, enda sé það föst regla að hætta víxlaviðskiptum við þá viðskiptaaðilja, sem eiga víxla í vanskilum. Aðspurður sagðist Jakob hafa verið undrandi á því, að Valdimar vildi taka áhættu í viðskiptum við kaupfélagið, sem K. E. A. ekki vildi taka, en hann kvaðst hafa álitið það haustið 1968, að það væri veruleg áhætta samfara því að eiga víxlaviðskipti við

Kaupfélag Siglfirðinga. Jakob upplýsti einnig, að stjórn S. Í. S. hafi gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að forða því, að innstæðueigendur í innlánsdeildum yrðu fyrir tjóni við gjaldþrot kaupfélags.

V.

Stefnendur byggja kröfur sínar um riftun samningsins og veðsetningarinnar fyrst og fremst á riftunarreglu þeirri, sem felst í 23. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 25/1929. Enn fremur á 27. gr. sömu laga og meginreglu 19.-27. greinar laganna, samanber 250. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Telja stefnendur, að öll skilyrði til riftunar samkvæmt 23. gr. séu fyrir hendi. Það hafi verið hverjum manni augljóst 1. nóvember 1969, að gjaldþrot var yfirvofandi. Samningurinn hafi verið gerður til þess að ívilna innstæðueigendum, sem hafi verið stjórnarmenn félagsins, fjölskyldur þeirra og félagsmenn félagsins, með því að afhenda þessum aðiljum allar veðsetjanlegar eignir félagsins og tryggja þannig kröfur þessara aðilja, sem að öðrum kosti mundu tapast að mestu leyti við gjaldþrot. Loks telja stefnendur engan vafa á, að bæði félagsmönnum og fyrirsvarsmönnum sparisjóðsins hafi verið ljóst, að gjaldþrot var óumflýjanlegt, þegar samningurinn var gerður.

Stefnendur telja einnig, að riftunarregla 27. gr. eigi hér við, þar eð stjórnarmeðlimir félagsins hafi verið að ívilna sjálfum sér og meðlimum félags síns og sé því hér um að ræða ráðstafanir, sem riftanlegar séu samkvæmt 27. gr. gjaldþrotaskiptalaganna.

Aðalstefndi, Sparisjóður Siglufjarðar, byggir sýknukröfu sína á því, að riftunarreglur 23. greinar eigi ekki við gagnvart honum. Það sé skilyrði til þess, að unnt sé að rifta samkvæmt 23. gr., að lánardrottni hafi verið ívilnað hinum til tjóns, svo saknæmt sé, en samningurinn við kaupfélagið hafi ekki falið í sér neina ívilnun til handa sparisjóðnum, heldur hafi hann verið liður í starfsemi sparisjóðsins.

Aðalstefndi telur það einnig felast í 23. gr., að lögsókn skuli beina gegn þeim lánardrottni, sem ívilnað hefur verið, þ. e. innstæðueigendunum í innlánsdeildinni, en hins vegar beri að sýkna aðalstefnda vegna aðildarskorts, þar eð honum hafi ekki verið ívilnað.

Loks krefst aðalstefndi sýknu, þar eð síðasta skilyrði 23. gr. sé ekki fyrir hendi. Hann hafi enga ástæðu haft til þess að ætla, að Kaupfélag Siglfirðinga yrði gjaldþrota, og því síður, að það væri eins skammt undan og reyndin varð.

Sakaukastefndi, Samband ísl. samvinnufélaga, krefst sýknu af

kröfunni um riftingu á samningnum og byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi hvorki beint né óbeint verið aðili að samningnum, og beri því að sýkna hann af þessum lið málsins vegna aðildarskorts.

Hann krefst einnig sýknu af kröfunni um riftingu veðsetningarinnar, þar eð honum hafi í engu verið ívilnað og hann hafi engan hagnað haft á kostnað annarra kröfuhafa, heldur þvert á móti. Eigi því riftunarreglur gjaldþrotaskiptalaganna ekki við hann og beri því að sýkna hann af öllum kröfum stefnenda.

VI.

Stefnendur máls þessa hafa haldið því fram undir öllum rekstri málsins, að samningurinn frá 1. nóvember 1969 milli Sparisjóðs Siglufjarðar og Kaupfélags Siglfirðinga hafi falið í sér saknæma ívilnun til handa innstæðueigendum í innlánsdeildinni og Sparisjóði Siglufjarðar öðrum kröfuhöfum í þrotabúi kaupfélagsins til tjóns.

Samkvæmt orðalagi 23. greinar laga 25/1929 verður að líta svo á, að beina beri riftunarkröfu og kröfu um skil verðmæta gegn þeim lánardrottni eða lánardrottnum, sem talið er, að ívilnað hafi verið.

Samkvæmt samningnum skuldbatt Sparisjóður Siglufjarðar sig til að greiða innstæðueigendum innlánsdeildar K. F. S. kr. 7.832.256.00, og varðaði því krafa um riftingu samningsins mjög mikilvæga hagsmuni innstæðueigendanna, án þess að þeim væri þó gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna við málarekstur þennan.

Kröfugerð stefnenda, að því er varðar skil verðmæta í búið, er mjög ófullkomin. Þess er krafizt í sakaukastefnu, „að búinu verði skilað hinum afhentu verðmætum," og við munnlegan málflutning var þess krafizt, að þeir fjármunir, sem vinnast kynnu við riftingu samningsins og veðsetningarinnar, rynnu í þrotabú Kaupfélags Siglfirðinga.

Kröfugerð þessi er svo ófullkomin og málið að þessu leyti svo vanreifað, að eigi verður dómur á það lagður.

Með tilliti til þeirra galla á málatilbúnaði stefnenda, sem að framan eru raktir, þykir ekki verða hjá því komizt að vísa málinu í heild frá dómi án kröfu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnendur in solidum til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt 180. gr. laga 85/1936. Þykir sá málskostnaður eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn kr. 120.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Stefnendur, Austurbakki h/f, Reykjavík, B. Sigurðsson s/f, Reykjavík, G. S. Júlíusson, umboðs- og heildverzlun, Reykjavík, Globus h/f, Reykjavík, Hervald Eiríksson s/f, Reykjavík, Harpa h/f, Reykjavík, Kristján Ó. Skagfjörð h/f, Reykjavík, Marinó Pétursson, umboðs- og heildverzlun, Reykjavík, Plastprent h/f, Reykjavík, S. Óskarsson & Co. h/f, Reykjavík, Smjörlíkisgerð Akureyrar h/f, Akureyri, Valdimar Baldvinsson, umboðs- og heildverzlun, Akureyri, Valgarð Stefánsson h/f, Akureyri, Verzlun O. Ellingsen h/f, Reykjavík, og Þórður Sveinsson & Co. h/f, Reykjavík, greiði in solidum Sparisjóði Siglufjarðar og Sambandi ísl. samvinnufélaga kr. 120.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. febrúar 1973.

Nr. 149/1971. **Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Sigríði Ársælsdóttur
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Lausafjárkaup. Kröfu um riftun hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1971. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa stefndu er, að rift sé bifreiðakaupum þeim, sem málið fjallar um.

Í matsgerð dómkvaddra manna 4. maí 1971 segir m. a. svo um ástand bifreiðarinnar:

„Við skoðun kom í ljós, að bifreiðin er búin að standa ónotuð úti síðan 1966 og teljum okkur því ekki fært að athuga þá galla, sem óskað er eftir í matsbeiðninni, þar sem ástand bifreiðarinnar nú er allt annað en það var þá og bifreiðin númerslaus og ógangfær."

Samkvæmt annarri matsgerð dómkvaddra manna, dags. 19. janúar 1973, segir m. a. svo:

„1. Bíllinn virðist hafa staðið mjög lengi úti og er þessvegna mikið skemmdur af ryði. Einnig virðist hann ekki hafa verið gangsettur um langan tíma, og þess vegna má gera ráð fyrir skemmdum á vél og öðru gangverki bílsins, einnig af ryði. Hjólbarðar eru mjög líklega fúnir af langri stöðu. Ljósasamlokur eru frá tímum vinstri umferðar og þess vegna ónothæfar, einnig má gera ráð fyrir, að rafgeymir sé ónýtur. Aftur á móti mun bíllinn vera óvenju lítið ekinn, miðað við árgerð, og ættu þessvegna margir hlutar bílsins að vera lítið slitnir.

Að þessu athuguðu, þá er niðurstaða okkar sú, að bíllinn yrði annaðhvort keyptur af viðgerðarmanni eða af manni, sem ætti samskonar bíl og myndi nota hann í varahluti, og teljum við raunhæft verð kr. 32.000.00.

2. Eins og að framan er nefnt, þá virðist bíllinn hafa staðið mjög lengi úti. Það er ekki hægt að merkja, að hann hafi verið bónaður, krómhlutir varðir né undirvagn varinn með ryðvarnarefnum. Bíllinn stendur á óheppilegum stað varðandi sjávarseltu í norðan áhlaupum, og óræktargróður virðist fá að vaxa upp með honum óhindrað. Því verður að teljast, að bíllinn hafi hlotið mjög laklega umhirðu."

Þótt stefnda kunni að hafa átt rétt á að rifta kaupunum, þá gætti hún eigi fyrirmæla 55. gr. laga nr. 39/1922, og samkvæmt framangreindum matsgerðum getur hún ekki fullnægt skilyrðum 57. gr. greindra laga fyrir riftun. Hún hefur í málinu aðeins haft uppi kröfu um riftun og endurgreiðslu

kaupverðs vegna galla þeirra, er voru á bifreiðinni. Að svo vöxnu máli verður að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnda greiði áfrýjanda kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Sigríðar Ársælsdóttur, í máli þessu.

Stefnda greiði áfrýjanda kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Sigríður Ársælsdóttir, Kambsvegi 1, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. desember 1966, gegn fyrirtækinu Bifreiðum- og Landbúnaðarvélum h/f, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, til greiðslu á kr. 147.068.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1966 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu, þar á meðal matskostnaði, kr. 2.900.00, allt gegn afhendingu bifreiðarinnar R 2066.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í greinargerð *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. *Til vara* krefst stefndi þess, að hann verði sýknaður af stefnukröfum gegn því, að hann geri við alla galla, sem fram kunna að hafa komið á bifreiðinni og rekja má til framleiðslu- og/eða efnisgalla og afhendi hana síðan einhverjum hlutlausum aðilja, sem sé fær um að meta, hvort bifreiðin sé í lagi, t. d. tæknifulltrúa íslenzkra bifreiðaeigenda, og gegn greiðslu á reikningum, sem stefnandi hefur greitt, að upphæð kr. 3.600.00. *Til þrautavara* krefst stefndi þess, að fallizt rétturinn ekki á sýknukröfu sína, verði frá stefnukröfunni dregnar kr. 50.000.00 vegna afnota stefnanda af bifreiðinni og kr. 8.000.00 vegna slælegrar umhirðu, enda verði bifreiðin afhent kvaðalaus. Hvernig sem málið fer, krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefndi sömu aðalkröfu og í greinargerð, en *til vara* gerði hann þá kröfu, að hann verði sýknaður af stefnukröfum gegn því, að hann greiði stefnanda

bætur fyrir alla þá galla, sem fram kunna að hafa komið á bifreiðinni og rekja má til framleiðslu- og/eða efnisgalla, þó að hámarki kr. 7.495.75, og gegn greiðslu á reikningum, sem stefnandi hefur greitt, að upphæð kr. 3.600.00. *Til þrautavara* gerði stefndi þá kröfu við munnlegan flutning málsins, að fallizt rétturinn ekki á sýknukröfu sína, verði frá stefnukröfunni dregnar kr. 50.000.00 vegna afnota stefnanda af bifreiðinni og kr. 70.000.00 vegna slælegrar umhirðu, enda verði bifreiðin afhent kvaðalaus. Hvernig sem málið fer, krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að þann 1. febrúar 1966 hafi hún keypt bifreið af Moskvitch gerð (1966) hjá stefnda. Bifreið þessi hafi reynzt með afbrigðum illa, og kveðst hún telja meinsemdum bezt lýst á dskj. nr. 3 í skýrslu Marteins Davíðssonar, eiginmanns stefnanda, en skýrsla hans hljóðar svo:

„Er ég ætlaði að fá mér nýjan bíl í febrúar 1966, snéri ég mér til Bifreiða- og Landbúnaðarvéla, þar sem ég hafði áður átt Moskvitz 1963, sem reyndist mér ágætlega. Ég átti tal við Jón Guðjónsson, starfsmann þar. Taldi hann nýju bílana ekki síðri en það model, er ég átti áður. Varð það því úr, að ég keypti nýjan bíl af árgerð 1966. Fékk ég bílinn afhentan í febrúar 1966. Strax á fyrsta þúsundi keyrðra km komu eftirfarandi gallar í ljós: Bifreiðin eyddi svo óhóflega miklu benzíni, að ég lét m. a. athuga, hvort bensíntankur læki. Er svo var ekki, gekk ég úr skugga um, hve eyðslan væri mikil á langkeyrslu, og reyndist hún vera 24-26 lítrar á hverja 100 km. Þá bar svo við, að smurolían virtist hverfa af bílnum, þar sem ég þurfti að bæta ½-1 lítra við hverja benzíntöku. Þá fóru legur í öðru afturhjóli og nokkru síðar í hinu. Er hér var komið, snéri ég mér til umboðsins og taldi, að hér væri um stórgallaða vél að ræða, þar sem eyðslan átti að vera samkvæmt upplýsingum umboðsmannsins frá 10-14 lítrar á 100. Ég fékk það svar, að skipta þyrfti um blöndung og setja þyrfti í bílinn blöndung úr Fíat 1800. Fékk ég blöndung af þeirri gerð eftir 1½ mánuð, og hefur eyðslan síðan verið um 15 lítrar á 100. Eftir ca. 3000 km akstur brotnaði ventill í vél, og nefndi ég það einnig til umboðsins, en þeir vísuðu mér til Þóris Jónssonar. Lofaði umboðið að greiða allt efni til viðgerðarinnar, en ekki var við það staðið. Við 4000 km bilar kúpling. Þá fer ég aftur til umboðsins, og þeir segjast ekki geta gert við bílinn fyrr en eftir hálfan mánuð og ætla þá jafnframt að athuga olíulekann. Ekki var annað gert en að eiga lítils háttar við kúplinguna, þannig að hún

skánaði í bili, en olíuneyzlan fór einungis vaxandi, jafnvel svo, að eftir 900 km akstur vantaði 3 lítra af olíu á bílinn og það svo, að ekki sér á kvarða. Hurðir fóru strax að skrölta, enda bíllinn óþéttur með afbrigðum, heldur hvorki vatni né vindi. Verkstæðið hefur ekkert gert við skrölti þessu, nema líma gúmmí og laga á hurðum, og hefur skröltið aðeins skánað, en er þó töluvert. Spennubreytir (cutout) er ónýtur, og hefur umboðið ekkert gert varðandi það. Vélarhljóð er mjög óeðlilegt, en engin skýring hefur fengizt á því. Kostnaður minn af bíl þessum hefur verið 8-10 þúsund til dagsins í dag."

Framangreind skýrsla, sem undirrituð er af Marteini Davíðssyni f. h. konu sinnar, Sigríðar Ársælsdóttur, er dags. 26. júlí 1966.

Stefnandi kveðst oftlega hafa kvartað við starfsmenn stefnda vegna hinna ýmsu galla, er fram hafi komið, en án þess að úr yrði bætt. Þann 27. júlí 1966 kveður stefnandi bifreiðina hafa verið færða til Bifreiðaeftirlits ríkisins til skoðunar og hafi niðurstaða eftirlitsins verið svohljóðandi, sbr. dskj. nr. 14.

„Við skoðun, er fram fór í dag, kom í ljós, að lagfæra þarf: Fóthemlar ganga að gólfi. Stefnuljós óvirk. Gengur ekki í fyrsta gír. Tengsli heldur ekki í brekku. Sýnist strax af lokinni viðgerð. Notkun bifreiðarinnar er bönnuð, þar til viðgerð hefur farið fram."

Stefnandi kveður, að er hér var komið, hafi sér ekki þótt bifreið þessi reynast sem skyldi af 5 mánaða gamalli bifreið, og þar sem ekkert hafði fyrir hana komið, þ. e. árekstrar eða önnur slík óhöpp, á þeim ca. 8000 km, sem henni hafði verið ekið, kveðst hún hafa leitað til umboðsins, en umleitun sú hafi ekki borið árangur. Stefnandi kveður bifreiðinni hafa verið lagt þann 19. júlí og hafi hún ekki verið í notkun síðan. Þann 5. september 1966 kveðst stefnandi hafa beðið um mat á ástandi bifreiðarinnar, sbr. dskj. nr. 7, en í því mati segir m. a. svo: „Lýsing okkar á ástandi ofangreindrar bifreiðar fer hér á eftir í samræmi við beiðni um gjörð þessa:

1. Aðaltengsli (kúpling) er að miklu leyti óvirk.
2. Handhemill og fóthemlar eru gjörsamlega óvirkir.
3. Straumloka fyrir rafal er óvirk og bifreiðin þar af leiðandi rafmagnslaus.
4. Innispegill (baksýnisspegill) er laus.
5. Gíraskipting í ólagi, þannig að ókleift reyndist að skipta í fyrsta gír.
6. Óvirk loka fyrir hitunarkerfi.
7. Klæðning á vinstri hurðarstaf laus.

8. Báðar vinstri hurðir skrölta.
9. Smurolía lekur lítilsháttar út með pönnutappa á vél.
10. Greinilegt er, að vélin brennir óeðlilega mikilli smurolíu, þar sem olían virðist innihalda mikið sót, og einnig kemur olíureykur frá útblástursröri bílsins, þegar vélin er í gangi.

Með tilliti til þess, sem upp hefur verið talið hér, og með það og í huga, hve lítið bifreiðinni hefur verið ekið, teljum við, að núverandi ástand hennar geti ekki hafa skapazt vegna eðlilegs slits."

Hefur nú verið rakin málavaxtalýsing, eins og hún er í greinargerð stefnanda og aðiljaskýrslu. En samkvæmt því, sem fram kemur í skjölum málsins, er gangur þess nánar á þá leið, að hinn 4. júlí 1966 fór stefnandi ásamt Inga B. Ársælssyni og Bjarna Ársælssyni til stefnda, Bifreiða- og Landbúnaðarvéla, til þess að ræða um galla og bilanir, sem fram höfðu komið á bifreiðinni. Var þeim vísað til sölumanns, Samúels Ólafssonar. Kveðst Ingi hafa gert honum grein fyrir ágöllum og þeim viðgerðum, sem þá þegar höfðu farið fram á bifreiðinni, og jafnframt spurzt fyrir um það, hvaða meðferð slík mál fengju hjá seljendum. Kveður Ingi sölumann þá hafa upplýst, að rússneskur verkfræðingur hefði eins konar æðsta vald í slíkum málum. En eftir að sölumaður og verkfræðingur höfðu skoðað bifreiðina, kveðst Ingi hafa spurt framangreindan sölumann, hvers vænta mætti, að fyrirtækið vildi gera til úrbóta í máli þessu. Hafi sölumaður fallizt á, að kanna þyrfti þessa óvnjulegu galla, en kostnað allan ætti kaupandi að greiða. Kveðst Ingi hafa tekið greinilega fram, að hann væri á annarri skoðun, og teldi hann umboðinu skylt að bera sjálft allan kostnað vegna athuganar og úrbóta á þeim gölum, sem fram höfðu komið á bílnum, þar sem hér væri um nýjan bíl að ræða, sem fengið hefði fullkomlega eðlilega meðferð og umhirðu. Kveður Ingi sölumann hafa heitið því að ræða mál þetta við forráðamenn fyrirtækisins í samræmi við óskir hans.

Hinn 27. júlí 1966, eða sama daginn og bifreiðin var færð til Bifreiðaeftirlits ríkisins til skoðunar þeirrar, sem að framan greinir, skrifaði lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem þess er krafizt, að kaupin á umræddri bifreið gangi til baka og stefnanda verði endurgreitt kaupverð hennar, kr. 147.068.00, vegna galla þeirra, sem fram hefðu komið á henni. Þessu bréfi svaraði stefndi næsta dag, eða 28. júlí 1966, á þann veg, að hann mundi ekki fallazt á, að kaupin gengju til baka, enda væri þá búið að aka bifreiðinni 8000 km og væri hægt að gereyðileggja bifreið, jafnvel þótt skemmra

hefði verið ekið. Hinn 5. september 1966 biður lögmaður stefnanda um dómkvaðningu tveggja óvilhallra manna til að lýsa ástandi umræddrar bifreiðar, R 2066 (Moskvitch), eins og það var þá. Hinn 9. sama mánaðar voru þeir Finnbogi Eyjólfsson bifvélavirkjameistari og Sigþór Guðjónsson, verkstjóri í Ræsi, dómkvaddir í þessu skyni, og er skoðunargerð þeirra dags. 8. október 1966, en efni hennar er þegar fram komið í málavaxtalýsingu í greinargerð.

Stefndi hefur gefið svofellda skýrslu í máli þessu í bréfi til lögmanns síns, dags. 23. desember 1966.

„Vér viljum samkvæmt ósk yðar gefa yður eftirfarandi skýrslu um viðskipti fyrirtækis vors við Martein Davíðsson og eiginkonu hans, frú Sigríði Ársælsdóttur.

Í janúar s. l. kom Marteinn Davíðsson múrarameistari, Kambsvegi 1, og falaðist eftir kaupum á Moskvitch bifreið, sem hann óskaði eftir að kaupa og afgreidd yrði á nafni konu hans, frú Sigríðar Ársælsdóttur. Geta má þess hér, að viðskipti þessi voru eingöngu gerð við Martein, þar sem ekki er vitað til, að frúin hafi fyrr eða síðar komið til þess að eiga nein viðskipti þessu máli viðvíkjandi við fyrirtæki vor. Þann 1. febrúar 1966 afhentum vér Marteini Davíðssyni Moskvitch bifreið af gerðinni M-408, sem hlaut skrásetningarnúmer R 2066. Bifreiðin var þá afhent í fullkomnu lagi, enda engin athugasemd gerð um annað af Marteini, þegar hann tók við bifreiðinni. Þann 27. maí s.l. kom Marteinn með bifreiðina og óskaði eftir, að gert yrði við olíuleka, þéttikant og kúplingu, og var viðgerð þessi framkvæmd af verkstæði voru, Marteini að kostnaðarlausu, af Vagni Gunnarssyni, bifvélavirkjameistara, undir yfirumsjón verkstæðisformanns vors, Sigurðar Helgasonar, bifvélavirkjameistara, og voru þá lagfærðir allir gallar, sem að eigandinn taldi vera á bifreiðinni. Sömuleiðis í þetta skipti var bifreiðinni veitt móttaka af kaupanda, án nokkurrar athugasemdar um, að ekki hefði verið gert við það, sem um var beðið, og að bifreiðin væri ekki í lagi. Fyrri part júlímánaðar s.l. kom Marteinn Davíðsson á skrifstofu vora og hitti þá að máli Guðmund Gíslason og Jón V. Guðjónsson, og var erindi hans þá ekki að kvarta um galla á ofangreindri bifreið eða krefjast þess, að henni yrði skilað aftur, heldur til þess að spyrjast fyrir um kaup á annarri bifreið af gerðinni GAZ-69M fyrir atvinnurekstur sinn. Meðan á samtali þessu stóð, spurðu fulltrúar fyrirtækisins Martein að því, hvernig Moskvitch bifreiðin hefði reynzt, og taldi hann, að bifreiðin hefði reynzt eðlilega, en þó hefði hann haft einhvern

óverulegan kostnað í sambandi við stillingar og viðgerðir að undanförnu, en þegar honum var bent á, að hann skyldi safna slíkum reikningum og nótum saman og leggja það inn til athugunar, þar sem að vel gæti verið, að endurgreiðsla fengizt á reikningum þessum að einhverju eða öllu leyti. Marteinn lýsti því þá yfir, að hér væri aðeins um óverulegar upphæðir að ræða og ekki alvarlegri eða meiri bilanir eða stillingar en gera mætti ráð fyrir í sambandi við bifreið í svo ódýrum verðflokki. Þá skal ennfremur undirstrika, að Guðmundur Gíslason tók það fram við Martein Davíðsson í þessu samtali, að ef hann yrði var við einhvern óeðlilegan galla á bifreiðinni í náinni framtíð, þá skyldi hann hafa samband við sig og þá yrði séð um, að þeir yrðu bættir að kostnaðarlausu. Það skal sérstaklega fram tekið, að ekki komu þá fram neinar óskir eða kröfur frá Marteini um að skila bifreiðinni aftur, enda lýsti hann því yfir, að hann væri ánægður með viðskiptin. Nokkrum dögum seinna, eða hinn 27. júlí, móttökum vér allt í einu bréf frá Þorvaldi Lúðvíkssyni, hrl., sem hér fylgir með í afriti, þar sem að farið er fram á það, að vér tökum bifreiðina aftur, eftir að búið er að nota hana í fulla 5 mánuði og aka henni ca. 8000 km. Þessu bréfi svöruðum vér 28. júlí samkvæmt hjálögðu afriti og neituðum að fallazt á kröfu hæstaréttarlögmannsins. Í septembermánuði s.l. fengum vér tilkynningu um, að yfirborgardómarinn í Reykjavík hefði verið beðinn um að útnefna matsmenn til þess að lýsa ástandi ofangreindrar bifreiðar, og fór mat þetta fram 8. október s.l. og var framkvæmt af bifvélavirkjameisturunum Sigþóri Guðjónssyni og Finnboga Eyjólfssyni. Fulltrúar vorir við matið, Jón V. Guðjónsson og Páll Sigurgeirsson, bifvélavirkjameistari, mótmæltu matinu á þeim forsendum, að ekki hefði verið kvartað um neina galla á bifreiðinni né heldur hafi fyrirtæki voru verið gefið tækifæri til að bæta úr göllum, ef einhverjir væru fram yfir það, sem áður er fram tekið hér að ofan. Með bréfum, dags. 19. og 20. október s.l., móttókum vér frá Þorvaldi Lúðvíkssyni, hrl., fyrrnefnda matsgjörð, dags. 8. október s.l., og fylgir með bréfi þessu afrit af skjölum þessum. Í sambandi við matsgjörðina sérstaklega viljum við benda á eftirfarandi:

1. Aðaltengsli (kúpling) er talin að mestu leyti óvirk, og getur það átt sér margar orsakir, en ekkert segir um, af hverju tengslið er óvirkt, og höfum vér ekki fengið tækifæri til að kanna það.
2. Handhemill og fóthemill eru taldir gjörsamlega óvirkir, og er það rétt, að þeir voru það, er bifreiðin var færð til skoð-

unar, og átaldi annar matsmanna, Finnbogi Eyjólfsson, mann þann, er færði bifreiðina til skoðunar, fyrir að hreyfa bifreiðina í slíku ástandi. Þegar farið var að kanna þar á staðnum, hvað að hemlunum væri, kom í ljós, að eiganda hafði láðst að bæta á hemlavökva, en nauðsynlegt er að fylgjast með slíku á öllum bifreiðum, og eftir að bætt hafði verið hemlavökva á, kom í ljós, að hemlarnir virkuðu eðlilega. Það skal sérstaklega fram tekið, að mjög er auðvelt að fylgjast með hemlavökvanum á bifreið af þessari gerð, þar sem tankur sá, sem hér um ræðir, er staðsettur á mjög áberandi stað undir vélarhlífinni og er auk þess gagnsær, þannig að fylgjast má með innihaldi hans. Eins og áður segir, unnu hemlarnir eðlilega, eftir að bætt hafði verið hemlavökva á, og ekki var vart við neinn leka á hemlakerfi.

3. Straumloka fyrir rafal er talin óvirk. Hér getur verið um smástillingaratriði að ræða, sem lagfæra má með mjög lítilli vinnu.
4. Innispegill er talinn laus, en hann er festur með skrúfum, sem herða má á andartaki.
5. Gírskipting í ólagi. Hér getur verið um stillingaratriði að ræða utan á gírkassanum, sem mjög auðvelt er að lagfæra, eða gírkassinn hafi orðið fyrir höggi, sem kann að hafa orsakazt, af því, að ekið hafi verið yfir grjót eða aðrar ójöfnur.
6. Óvirk loka fyrir hitunarkerfi. Hér er um að ræða svipaða aðgerð, eins og vér höfum nefnt undir lið 4.
7. Klæðning á vinstri hurðarstaf laus. Sama er að segja um þetta atriði eins og í lið nr. 4 og 6 hér að framan.
8. Báðar vinstri hurðir skrölta. Hér er um mjög óverulegt atriði að ræða, sem nánast flokkast undir viðhald og umhirðu, enda virtist í flestum tilfellum mega bæta úr því á sams konar aðgerðum og eiga við liði nr. 4, 6 og 7 hér að framan.
9. Smurolía lekur lítilsháttar út með pönnutappa á vél. Hér getur verið um þrjár ástæður að ræða, í fyrsta lagi, að tappinn hafi ekki verið nægilega hertur, þegar skipt var um olíu á vélinni, en þá er þessi tappi losaður, að gleymzt hafi að setja pakkningu á tappann, þegar hann var hertur í gatið aftur, eða að tappinn hafi verið forskrúfaður einnig, þegar skipt var um olíu, þannig að ekki hafi verið mögulegt að herða hann nægilega til þess að fá hann þéttan.
10. Í sambandi við olíubrennslu þá, er um getur í þessum lið, viljum við sérstaklega taka fram, að ályktanir þær, sem

að dregnar eru í sambandi við sótinnihald smurningsolíunnar og reykinn á útblástursrörinu, þá teljum vér, að ekki sé hægt að slá neinu föstu með olíubrennslu, nema það sé sérstaklega kannað á annan hátt. Þó skal á það bent, að ekki er óeðlilegt, að nýjar vélar brenni smurningsolíunni, meðan vélin er að slípast saman. Vél sú, sem hér um ræðir, er byggð þannig, að eðlileg olíunotkun hennar er 100-125 gr. á hverjum 100 km, sem ekið er, og er því ekki óeðlilegt, að olían innihaldi nokkurt sót og að merkja megi olíureyk úr útblástursröri, þegar vélin er í gangi. Þá kemur það heldur ekki fram, hvort að skipt hafi verið um olíusigti, eins og nauðsynlegt er.

Að síðustu kemur það fram í matinu, sem við getum algjörlega fallizt á, að ástand bifreiðarinnar geti ekki hafa skapazt vegna eðlilegs slits, en hins vegar segir ekkert um það í álitsgerðinni, að þetta óeðlilega ástand hafi ekki að mestu eða öllu leyti getað skapazt vegna óeðlilegrar meðferðar á bifreiðinni, og bendir m. a. liður nr. 2 að svo sé, svo og allt útlit bifreiðarinnar, þegar hún var færð til skoðunar. Nokkru eftir að okkur barst í hendur umrætt bréf hæstaréttarlögmannsins, talaði Guðmundur Gíslason við Martein Davíðsson í síma og vitnaði þar í samtal það, sem fram hafði farið á skrifstofu fyrirtækisins í júlímánuði s.l., og endurtók þá tilmæli þau, er þar komu fram, um, að fyrirtækið væri reiðubúið til að lagfæra alla galla þá, sem kynnu að vera á bifreiðinni, og að gjörsamlega hefði verið ástæðulaust á þessu stigi málsins að afhenda málið lögfræðingi og fá matsgjörð til þess að auka á kostnað, fyrr en séð yrði, hvort viðgerð myndi takast, eftir að fyrirtækinu hefði verið gefið tækifæri til að stilla og gera við bifreiðina.

Að endingu viljum vér taka það fram, að vér erum ennþá tilbúnir til að taka við bifreiðinni til viðgerðar og bæta það að fullu, sem kynni að vera gallað, og afhenda hana í fullkomnu lagi til Marteins eða hvers annars aðila, sem vill taka við bifreiðinni fyrir Marteins hönd og hefur tæknilega þekkingu á bifreiðum. Hins vegar leiðir það af sjálfu sér, að þar sem að okkur hefur ekki verið gefið tækifæri til að bæta galla þá, sem kunna að vera á bifreiðinni, þá munum vér ekki greiða mats- eða málfærslulaun til hans. Séu ofangreindir málavextir hafðir í huga svo og þau óverulegu atriði, er fram koma í matsgjörðinni, sem ekkert kveður á um það, hvers vegna þessir hlutir séu ekki í lagi, þá teljum vér, að allar forsendur bresti fyrir því, að við tökum bifreiðina aftur,

eftir að henni hefur verið ekið a. m. k. 8000 km og verið í notkun um 5 mánuði.“

Í bréfi stefnda til lögmanns síns, dags. 8. febrúar 1967, á dskj. nr. 19, segir svo:

„Í framhaldi af fundi, sem haldinn var á skrifstofu yðar í morgun, þar sem mættir voru auk yðar þeir Guðmundur Gíslason og Jón V. Guðjónsson fyrir fyrirtæki vort og hr. Böðvar Bragason, hdl., fyrir þau hjónin, frú Sigríði Ársælsdóttur og hr. Martein Davíðsson, vegna meintra galla á Moskvitch bifreið þeirra hjóna, R 2066, og leyfum vér oss að staðfesta eftirfarandi tilboð, sem gert var af fyrirtæki voru í sambandi við þetta mál:

1. Vér bjóðumst til að taka bifreiðina, gera við allt það, sem gallað kann að reynast, eiganda að kostnaðarlausu, og skila henni síðan aftur í hendur einhvers þess aðila, er samkomulag verður um og vit hafi á bifreiðum og er fær um að kveða upp óvilhallan dóm um það, að bifreiðin sé í fullkomnu lagi að viðgerð lokinni, og nefnum vér þar sem tillögu tæknifulltrúa Félags íslenzkra bifreiðaeigenda.
2. Þá bjóðumst vér einnig til þess að veita móttöku öllum þeim reikningum, sem eigendur bifreiðarinnar töldu sig hafa greitt á undanförnum mánuðum vegna meintra galla á bifreiðinni, og athuga, hvað af þeim vér töldum oss fært að endurgreiða.
3. Ef bíllinn að lokinni viðgerð seldist á lægra verði en sambærilegir bílar af sömu tegund, jafnmikið notaðir og á sviputum aldri, þá lýstum vér því yfir, að vér værum tilbúnir til að ræða slíkan mismun við eigendur bifreiðarinnar.“

Í bréfi lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda á dskj. nr. 20, dags. 7. febrúar 1967, er því lýst yfir, að stefnandi hafi algerlega neitað að taka tilboði því, er fyrirsvarsmenn stefnda hafi þann dag gert stefnanda.

Á dskj. nr. 21 í málinu er svofelld yfirlýsing áðurgreinds sölumanns stefnda, Samúels Ólafssonar, dags. 10. febrúar 1967:

„Ég undirritaður starfsmaður Bifreiða- og Landbúnaðarvéla h.f. staðfesti hér með, að mánudaginn 4. júlí 1966 kom hr. Ingi B. Ársælsson á skrifstofu fyrirtækisins og bar fram ýmsar umkvartanir í sambandi við bifreið frú Sigríðar Ársælsdóttur, R 2066, sem maður hennar, hr. Marteinn Davíðsson, hafði keypt á sínum tíma. Eftir að hafa hlýtt á umkvartanir Inga, hafði ég samband við verkstæði fyrirtækisins, og varð það að samkomulagi á milli mín og Inga B. Ársælssonar, að komið skyldi með bifreiðina á verkstæð-

ið miðvikudaginn 6. sama mánaðar til skoðunar og eftirlits svo og til að kanna, hvort um meinta verksmiðjugalla væri að ræða í einhverjum tilfellum og hvernig mætti bæta úr þeim, ef álit Inga væri rétt, að um slíka galla væri að ræða. Þá skal það einnig tekið fram, að aldrei var staðið við samkomulag þetta af hálfu eigenda bifreiðarinnar, þar sem að ekki var komið með bifreiðina þann dag, sem um var samið, eða síðar."

Matsmenn og aðiljar hafa komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar skýrslur sínar, sem raktar hafa verið hér að framan.

Matsmaðurinn Sigþór Guðjónsson sagði þá meðal annars, að hjá fyrirtæki því, sem hann ynni hjá, Ræsi, sé það talin venja, að ef gallar komi fram á bifreið á fyrstu 6 mánuðunum eða á fyrstu eknu 10 þús. km, sé af þeirra hálfu litið svo á, að um verksmiðjugalla sé að ræða, sem bættur hafi verið af ábyrgð á bifreiðinni af hálfu framleiðanda.

Stefnandi, Sigríður Ársælsdóttir, hefur komið fyrir dóm í málinu, og kveðst hún vera skráður eigandi umræddrar bifreiðar. Hún segir, að þau hjónin hafi bæði ekið bifreiðinni, maðurinn hafi ekki farið reglulega á bifreiðinni til vinnu sinnar, en stundum gert það. Segir stefnandi sér ekki vera kunnugt um, að eiginmaður hennar hafi flutt tæki í bifreiðinni í sambandi við vinnu sína.

Komið hefur fyrir dóm í málinu sem vitni Jón Vilberg Guðjónsson verzlunarstjóri. Vitnið kveðst hafa verið starfsmaður stefnda, er umrædd kaup fóru fram, og ganga næst forstjóra stefnda að starfi. Vitnið staðfesti skýrsluna á dskj. nr. 18 að því leyti, er hún tekur til afskipta þess af málinu. Kveðst vitnið hafa samið skýrsluna ásamt aðalforstjóranum, Guðmundi. Vitnið segir, að ekki hafi verið algengara, að Moskvitch bifreiðar biluðu nýjar á þessu tímabili en aðrar bifreiðar í sama verðflokki. Segir vitnið, að Marteinn hafi ekki komið oftar en aðrir til umkvörtunar út af bifreiðinni. Telur vitnið, að Marteinn hafi aðeins einu sinni komið beinlínis til að kvarta út af bifreiðinni. Hins vegar hafi verið rætt um bifreiðina, þegar Marteinn hafi komið tvisvar eða þrisvar út af öðrum erindum til fyrirtækisins, en í þau skipti hafi Marteinn aðeins lýst ánægju sinni með bifreiðina. Vitnið segir, að helzt hafi komið fram kvartanir í sambandi við aðaltengsli. Hafi það þá verið „praxis" hjá fyrirtækinu að endurnýja aðaltengslið á þeim bifreiðum, sem ekið hafði verið minna en 10.000.00 km. Hafi annað hvort verið settar nýjar rússneskar kúplingar, bíleigendum að kostnaðarlausu, eða enskar og hafi þá bíleigandi borgað mismun. Í sambandi við hér umrædda bifreið segir vitnið,

að eigendum hennar hafi verið gefinn kostur á að koma með hana þann 6. júlí 1966 til athugunar og viðgerðar á kúplingu, en þá hafi ekki verið komið með bifreiðina. Varðandi lið nr. 2 í dskj. nr. 18 segir vitnið, að það hafi sérstaklega athugað, hvort hemlavökva vantaði á bifreiðina, og hafi svo verið. Varðandi lið nr. 10 í dskj. nr. 18 segir vitnið, að varðandi hér umrædda bifreið hafi átt að athuga óeðlilega olíubrennslu áðurnefndan 6. júlí 1966, en almenn venja hafi verið hjá fyrirtækinu að gera við slíka bilun bifreiðaeigendum að kostnaðarlausu, eftir að við sérstaka athugun hjá fyrirtækinu hafi verið búið að slá því föstu, að um óeðlilega mikla olíubrennslu hafi verið að ræða hverju sinni.

Eiginmaður stefnanda, Marteinn Davíðsson, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar skýrslu sína á dskj. nr. 3. Vitnið kveðst ekki sérstaklega kannast við samtal það, sem greinir í dskj. nr. 18 (5. mgr.), en kveðst þó muna eftir því að hafa spurzt fyrir um umrædda GAZ bifreið. Vitnið segist alltaf hafa verið að kvarta vegna bilana á bifreiðinni. Vitnið kveðst ekki hafa gert stífar kröfur strax vegna þessa, enda hafi það ekki vit á slíkum göllum á bifreiðum, en að síðustu hafi það hálfpartinn gefizt upp á þessu, því þjónustan hafi verið svo léleg. Vitnið segist hafa kannast vel við Guðmund Gíslason og hafa oft rætt við hann, einnig í síma. Segir vitnið, að Guðmundur eða fyrirtæki hans hafi aldrei boðizt til að gera við galla á bifreiðinni eiganda að kostnaðarlausu, fyrr en eftir að málssókn hafi verið byrjuð.

Komið hefur fyrir dóm í málinu sem vitni Ingi Björgvin Ársælsson og staðfest þar skýrslu sína á dskj. nr. 4, og telur vitnið þar vera rétt og satt skýrt frá. Vitnið kveðst ekki muna, að samkomulag hafi orðið milli þess og Samúels um, að koma mætti með umrædda bifreið á verkstæði stefnda þann 6. júlí 1966 til athugunar á meintum göllum á bifreiðinni. Vitnið segist heldur ekki muna, að Samúel hafi gert Sigríði slíkt boð í því samtali, sem frá greinir á dskj. nr. 4. Dskj. nr. 21, það er yfirlýsing Samúels Ólafssonar, var borin undir vitnið, og heldur vitnið eigi að síður fast við framburð sinn. Vitnið kveðst hafa ekið umræddri bifreið í tvö eða þrjú skipti innan bæjar og minnist þess sérstaklega, að í eitt af þessum skiptum hafi það fengið bifreina að láni hluta úr seinni parti dags og hafi þá meðal annars orðið vart við, að rafmagnskerfi bifreiðarinnar var ekki í lagi, það er, að erfitt hafi verið að ræsa bifreiðina. Vitnið kveðst hafa ekið bifreiðinni þann 4. júlí fyrir stefnda og hafi það í þeim akstri orðið vart við, að

kúpling bifreiðarinnar hafi „snuðað" mikið, hemlar hafi ekki virkað fullnægjandi og hurðarfestingar hafi verið lausar.

Fyrir dóm hefur komið í málinu sem vitni Samúel Jón Ólafsson. Vitnið kveðst hafa verið starfsmaður stefnda frá því í júnílok 1964 til 1. febrúar 1968. Vitnið hefur staðfest skýrslu sína á dskj. nr. 21 og kveður þar vera rétt og satt frá greint. Sérstaklega varðandi dagsetninguna 6. júlí í skýrslunni segir vitnið, að þeir starfshættir hafi verið viðhafðir, að vitnið hafi rætt við viðskiptavini, sem kvartanir hafi borið fram, tekið niður „punkta" um þau atriði, sem viðkomandi taldi þurfa að bæta úr, síðan hafi viðkomandi verið úthlutaður tími til að koma með bifreiðar, eftir því hvernig staðið hafi á á verkstæðinu. Þetta hafi allt verið skrifað á blað sem og hinn umsamdi tími og þetta blað geymt. Svo hafi einnig verið í þetta sinn, og sýndi vitnið í dóminum slíkt blað, sem það kveður eiga við um bifreið stefnanda, og hefur blað þetta verið lagt fram sem dskj. nr. 23. Vitnið kveður á þessu minnisblaði vera í stórum dráttum það, sem fram hafi farið í samtalinu 4. júlí. Vitnið kveðst sjálft hafa skrifað þessa punkta og segir, að kílómetrafjöldi sá, sem greindur sé á blaði þessu, hafi verið sá, er mælir bifreiðarinnar hafi sýnt þann dag, en þó muni á blaðinu vera miðað við 100 km aðeins. Vitnið kveðst hafa sagt Inga B. Ársælssyni, að ef eftir athugun stefnda kæmi í ljós, að um verksmiðjugalla væri að ræða, mundi umboðið greiða kostnað við úrbætur, en annars ekki.

Vitnin Samúel Ólafsson og Ingi B. Ársælsson voru nú samprófuð um það, sem á milli ber. Vitnið Ingi kvaðst nú ekki geta sagt til með vissu, hvort Samúel hafi þann 4. júlí að vitninu viðstöddu skrifað minnisblað á dskj. nr. 23, en ekki sé það ósennilegt. Frekara samræmi náðist ekki um framburði þessara tveggja vitna.

Forstjóri hins stefnda fyrirtækis, Guðmundur Gíslason, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar skýrslu sína á dskj. nr. 18. Kveðst hann hafa samið skýrslu þessa ásamt Jóni V. Guðjónssyni og borið hana undir aðra þá, sem skrifuðu undir hana. Guðmundur segir, að Marteinn hafi aldrei kvartað við hann út af göllum á umræddri bifreið. Hins vegar segir hann, að sér sé kunnugt um, að Marteinn hafi kvartað við Jón V. Guðjónsson, að því er hann minnir í maí/júní 1966. Guðmundur kveður það rétt í framburði Marteins, að þeir hafi oft rætzt við í síma, en tekur fram, að þær viðræður hafi snúizt um greiðslur vegna umræddrar bifreiðar og hafi það oftast verið hann, sem hafi haft samband við Martein. Guðmundur segir, að á sínum tíma hafi honum

ekki verið kunnugt um, að Marteinn hafi viljað fá borgaðan blöndung. Hins vegar hafi hann lesið framburð Jóns um þetta atriði nú. Tekur Guðmundur fram, að það hafi verið regla hjá fyrirtækinu að borga ekki þessa blöndunga, sem hafi verið ítalskir. Hann kveðst aldrei hafa orðið var við það, að Marteinn hafi komið með reikninga eða reynt að fá greiðslu fyrir annað en áðurnefndan blöndung. Guðmundur tekur fram, að það fyrsta, sem hann hafi boðið Marteini varðandi viðgerð á meintum göllum, sé það, sem segir í 5. mgr. á dskj. nr. 18. Síðan kveðst hann persónulega hafa boðið Marteini það sama í símtali, eftir að bréf á dskj. nr. 5 hafi borizt stefnda. Þá kveðst Guðmundur næst hafa boðið Marteini hið sama, eftir að mat hafði farið fram. Það tilboð hafi verið gert símleiðis. Guðmundur kveðst ekki hafa gert lögfræðingi stefnanda þetta tilboð. Guðmundur segir, að ekki hafi komið fram neinir meiri gallar á árgerð 1966 en öðrum árgerðum af Moskvitch bifreiðum. Raunar sé varla hægt að tala um galla í þessu sambandi, en sérstaklega að því er varðaði árgerð 1966 þá hafi virzt þurfa að stilla þá árgerð meira en aðrar. En eini raunverulegi verksmiðjugallinn, sem fram hafi komið, hafi verið of mikil olíubrennsla, eftir að ekið hafði verið meira en 10-15.000 kílómetra, og hafi það stafað af því, að hringirnir hafi ekki setzt að cylinderunum. Lagfæring á þessu hafi farið fram eigendum að kostnaðarlausu. Að því er varðar aðaltengsli segir Guðmundur, að kvartanir út af því hafi verið meiri en varðandi hið sama á árgerðinni á undan. Guðmundur kveður það hafa verið reglu hjá fyrirtækinu að hafa ákveðinn mann, sem tæki á móti kvörtunum. Hann hafi skrifað niður meinta galla og síðan verið ákveðinn staður og stund, þegar eigandinn mætti koma með bifreiðina til skoðunar. Guðmundur segir, að umræddan starfa hafi Samúel haft.

Þeir Guðmundur Gíslason og Marteinn Davíðsson voru nú samprófaðir um það, sem á milli ber í framburðum þeirra. Hélt hvor um sig fast við sinn framburð, og náðist því ekki frekara samræmi.

Rakið hefur nú verið það úr vitnaframburðum og aðiljayfirheyrzlum, sem einkum þykir skipta máli.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að bifreið sú, sem hún keypti af stefnda, hafi reynzt svo gölluð, að hún eigi rétt til riftingar samkvæmt 42. gr.. laga nr. 39/1922.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína á því, að ósannað sé, að um framleiðslu- eða efnisgalla hafi verið að ræða á bifreiðinni. Í því sambandi kveðst stefndi vilja benda á, að bifreiðin hafi bæði verið notuð sem heimilisbifreið af stefnanda, Sigríði

Ársælsdóttur, og eiginmanni hennar og sem atvinnutæki hans, en hann sé múrarameistari að iðn og aki því um nýbyggingarsvæði og kunni það að koma fram á bifreiðinni. Auk þess kveðst stefndi ekki þrátt fyrir margítrekuð tilboð hans þar um hafa fengið tækifæri til að skoða og bæta úr meintum göllum á bifreiðinni, og kveðst hann telja það eitt nægja sýknuástæðu.

Eins og fram kemur í skoðunargerð á dskj. nr. 8, er það ljóst, að talsverðar bilanir- og/eða gallar hafa komið í ljós á hinni umræddu bifreið þann tíma, sem hún var í notkun, en það var í um það bil hálft ár, og telja skoðunarmenn, að ástand hennar geti ekki hafa skapazt vegna eðlilegs slits. Upplýsingar liggja hins vegað ekki fyrir í málinu um það, að bifreiðin hafi sætt verri meðferð en almennt gerist.

Eins og áður greinir, hefur stefnandi með bréfi, dags. 27. júlí 1966, sbr. dskj. nr. 5, krafizt riftunar á kaupunum á umræddri bifreið vegna galla á henni og farið þess á leit, að stefndi taki aftur bifreiðina gegn endurgreiðslu á kaupverði hennar, enda hafði þá Bifreiðaeftirlit ríkisins bannað notkun hennar vegna ófullnægjandi ástands, þar til viðgerð hefði farið fram. Þessari kröfu vildi stefndi ekki sinna.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að umrædd bifreið hafi þegar, frá því að kaupin um hana gerðust, verið haldin galla, og reisa þeir það álit sitt fyrst og fremst á því, sem segir í 10. tölulið skoðunargerðar á dskj. nr. 8, þar sem segir, að vélin brenni óeðlilega mikilli smurolíu, að olían virðist innihalda mikið sót og að einnig komi olíureykur frá útblástursröri, þegar vélin sé í gangi. Þá telja þeir og, að olíuleki út með pönnutappa á vél, sbr. 9. tölulið nefndrar skoðunargerðar, svo og óeðlilega tíðar bilanir á bifreiðinni af öðru tagi leiði til frekari staðfestingar á þessari niðurstöðu.

Eigi liggur fyrir í málinu, að stefndi hafi gert ákveðið tilboð um að bæta þá galla eða þær bilanir, sem fram komu á bifreiðinni, fyrr en eitt ár var liðið, frá því að kaupin gerðust og eftir að stefnt hafði verið í málinu, og eigi hefur stefndi heldur leitt að því sönnur, að umræddir gallar eða bilanir eigi rætur að rekja til slæmrar meðferðar stefnanda á bifreiðinni.

Að öllu þessu athuguðu og eins og máli þessu er háttað telja dómendur, að hin umrædda bifreið hafi verið haldin slíkum göllum, er kaupin gerðust, að taka beri riftunarkröfu stefnanda til greina, sbr. 42. og 43. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 147.068.00

ásamt 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1966 til greiðsludags gegn afhendingu bifreiðarinnar R 2066, sem er Moskvitch bifreið, árgerð 1966.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 28.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Valdimar Leonhardssyni og Eyjólfi Tómassyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Bifreiðar- og Landbúnaðarvélar h/f, greiði stefnanda, Sigríði Ársælsdóttur, kr. 147.068.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1966 til greiðsludags og kr. 28.000.00 í málskostnað gegn afhendingu bifreiðarinnar R 2066, sem er Moskvitch bifreið, árgerð 1966.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. febrúar 1973.

Nr. 4/1972: **Jón S. Árnason**
(Hörður Einarsson hrl.)
gegn
Borgarlögnum h/f
Benedikt Geirssyni
Páli Magnússyni og
Jóhannesi Árnasyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Kaupgjaldsmál. Ákvæðisvinna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða hon-

um óskipt kr. 60.277.50 með 7% ársvöxtum frá 29. nóvember 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þ. á m. málefnasamningur milli pípulagningamanna og pípulagningameistara frá 19. janúar 1965, sem í gildi var allan starfstíma áfrýjanda.

Um áramót 1971 og 1972 var fyrirtækinu Borgarlögnum s/f slitið, en í stað þess var stofnað fyrirtækið Borgarlagnir h/f. Var hlutafélagið tilkynnt til hlutafélagaskrár og auglýsing um það birt í Lögbirtingablaði 24. maí 1972. Hinn 26. s. m. birtist í Lögbirtingablaði auglýsing um, að fyrirtækið Borgarlagnir s/f hefði hætt rekstri og verið afmáð úr firmaskrá, en hlutafélagið hefði frá nefndum áramótum tekið við öllum rekstri sameignarfélagsins, skuldum þess og eignum.

Með skriflegu samkomulagi 10. október 1972 lýstu tveir stjórnendur Borgarlagna h/f og lögmaður áfrýjanda því yfir, að Borgarlagnir h/f hefðu gerzt aðili máls þessa í stað Borgarlagna s/f, og við munnlegan málflutning hér fyrir dómi staðfestu lögmenn aðiljaskipti þessi.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

Áfrýjandi og stefndu eru sammála um, að kaup áfrýjanda fyrir uppsetningu hreinlætistækjanna skyldi greitt samkvæmt tímaskrá fyrir ákvæðisvinnu pípulagningamanna. Samkvæmt 7. gr. fyrrgreinds málefnasamnings Félags pípulagningameistara og Sveinafélags pípulagningamanna er svonefndri taxtanefnd, sem skipuð er fulltrúum beggja félaganna, veitt úrskurðarvald um skilning á ákvæðisvinnugrundvellinum samkvæmt tímaskránni. Eftir málflutningi verður við það að miða, að taxtanefnd hafi úrskurðað, áður en tilboð var gert í uppsetningu hreinlætistækjanna svo og eftir að ágreiningur reis með málsaðiljum, að rétt væri samkvæmt 14. gr. tímaskrárinnar að veita 30% afslátt frá venjulegu ákvæðisvinnugjaldi fyrir uppsetningu tækjanna. Samkvæmt þessu og þar sem aðilja greinir einungis á um það, hvort áfrýjanda hafi

verið skylt að hlíta fyrrgreindri lækkun á hinu almenna ákvæðisvinnugjaldi, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti. Er hann hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón S. Árnason, greiði stefndu, Borgarlögnum h/f, Benedikt Geirssyni, Páli Magnússyni og Jóhannesi Árnasyni, kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1971.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 23. júní 1969. Málið var munnlega flutt þann 5. apríl s.l. og dómtekið að því loknu.

Stefnandi málsins er Jón S. Árnason pípulagningamaður, nú til heimilis að Stórholti 7, Akureyri.

Stefndu eru Benedikt Geirsson, Hvammsgerði 6, Páll Magnússon, Skipholti 64, og Jóhannes Árnason, Ásgarði 75, allir í Reykjavík, persónulega og fyrirtæki þeirra, Borgarlagnir s/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 60.277.50 með 1% dráttarvöxtum á mánuði og hluta úr mánuði frá 29. nóvember 1968 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar sér til handa að mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Í stefnu skýrir stefnandi svo frá málavöxtum:

„Fyrirtæki hinna stefndu pípulagningameistara, Borgarlagnir s.f., tók að sér sem verktaki að annast um pípulagnir og uppsetningu hreinlætistækja í húsum þeim, sem Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hefur nýverið látið byggja í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

Í byrjun ársins 1968 réðst stefnandi í vinnu til Borgarlagna s.f. í sambandi við framangreint verk.

Að þeim þáttum verksins, sem stefnandi starfaði við, vann hann yfirleitt með öðrum starfsmanni fyrirtækisins, Skúla Gestssyni, pípulagningamanni. Stefnandi og starfsfélagi hans unnu m. a. við uppsetningu á hreinlætistækjum, lagningu leiðslna í þvottahús, miðstöðvarlögn í eitt stigahús, ýmiss konar viðgerðir o. fl. Ennfremur þurftu þeir oft að sjá um aðdrátt á efni.

Ekki var um annað rætt við stefnanda, er hann réð sig til vinnu þessarar eða nokkru sinni síðar, meðan hann starfaði hjá fyrirtækinu, en að hann ynni eftir tímaskrá yfir ákvæðisvinnu pípulagningamanna, sem gefin er út af Félagi pípulagningameistara, sem stefndu eru aðilar að, og Sveinafélagi pípulagningamanna, sem er stéttarfélag stefnanda.

Sá háttur var á kaupgreiðslu til stefnanda, að hann fékk vikulega greitt kaup, sem svaraði til kr. 100.00 fyrir hverja unna klst., en síðan skyldi gert upp öðru hverju eftir uppmælingu. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli fékk stefnandi þó ekki gert upp skv. uppmælingu fyrr en í lok nóvembermánaðar 1968, er hann hætti starfi hjá Borgarlögnum s.f.

Samkvæmt uppgjöri Borgarlagna s.f. til stefnanda, dags. 29. nóv. 1968, höfðu þeir stefnandi og fyrrgreindur Skúli eftir mælingum gerðum af Mælingastofu pípulagningamanna unnið fyrir samtals kr. 315.062.60. Eftir sama uppgjöri höfðu þeir unnið í samtals 3.158 tíma (stefnandi í 1.410 tíma og Skúli í 1.748 tíma), svo að hver tími kom út á kr. 99/77. Töldust laun stefnanda því kr. 140.675.70 (kr. 99.77 x 1.410), sem hann hefur fengið greiddar.

Við samanburð á mælingablöðum og tímaskrá yfir ákvæðisvinnu pípulagningamanna kom í ljós, að mælingin var 30% lægri en vera átti samkvæmt tímaskránni. Hefði mælingin verið gerð samkvæmt tímaskránni, eins og stefnandi telur, að átt hafi að gera, ættu heildarlaun stefnanda og starfsfélaga hans Skúla, að vera kr. 450.089.43 og kæmi þá hver vinnustund út á kr. 142.52 (kr. 450.089.43:3.158). Hlutur stefnanda væri þá kr. 200.953.20 (kr. 142.52x1.410). Er stefnukrafan mismunurinn á þessari fjárhæð, kr. 200.953.20, og því, sem stefnandi hefur fengið greitt, kr. 140.675.70, eða kr. 60.277.50."

Í formlegri aðiljaskýrslu fyrir dómi hefur stefnandi sérstaklega tekið fram, að uppsetning hreinlætistækjanna hafi ekki verið unnin samfellt. Stefnandi kvaðst ásamt Skúla Gestssyni hafa verið kallaður í önnur verkefni, á meðan á verkinu stóð, m. a. við-

gerðir og nýlagnir á miðstöð í hverfinu. Auk þess hafi þeir haft með efnisútvegun að gera að nokkru, t. d. hafi þeir tekið efni á geymslulager stefndu niður í Iðngörðum.

Í formlegri aðiljaskýrslu stefnda Benedikts Jóns Geirssonar kemur fram, að um hafi verið að ræða stærsta verk sinnar tegundar á sviði pípulagna, sem framkvæmt hafi verið í einum áfanga. Meginuppistaðan í verkinu hafi verið að setja hreinlætistæki í 312 íbúðir í Breiðholti, en hreinlætistæki þau, sem stefnandi hafi sett upp, hafi öll verið af sömu gerð.

Stefndi Benedikt taldi vinnulýsingu stefnanda rétta, en benti á, að stefnandi hafi fengið alla aðra vinnu en uppsetningu á hreinlætistækjum greidda að fullu og án afsláttar. Hann kvaðst telja, að þeir stefnandi og Skúli Gestsson hafi sett upp hreinlætistæki í yfir 150 íbúðir fyrir endurgjald það, sem krafið sé um í málinu.

2.2. Málavextir, eins og þeir eru raktir í *2.1.*, eru óumþrættir. Í málinu hefur verið lagður fram úrdráttur úr tímaskrá yfir ákvæðisvinnu pípulagningamanna, útgefinni af Félagi pípulagningameistara og Sveinafélagi pípulagningamanna. Í henni er að finna svofelld ákvæði um sjálfan ákvæðisgrundvöllinn.

„1. Ákvæðisgrundvöllur þessi er ekki tæmandi, hvað viðvíkur starfi pípulagningamanna.
Breytingar verða gerðar eftir því, sem reynslan sker úr, og viðbætur eftir því sem tilefni gefast til.

2. Ný tækni, efni, vinnuvélar og verkframkvæmdir hafa í för með sér breytingar og leiðréttingar á tímaþörf einstakra verkþátta. Verður því tímaskráin í stöðugri endurskoðun Taxtanefndar."

Ákvæði um taxtanefnd þessa er að finna í málefnasamningi milli Sveinafélags pípulagningamanna og Félags pípulagningameistara í Reykjavík. Í 4. gr. þessa málefnasamnings segir m. a. svo:

„a) Félögin tilnefna hvort fyrir sig þrjá menn í fastanefnd, sem sjái um og beri ábyrgð á rekstri mælingaskrifstofunnar ásamt breytingum og viðbótum við ákvæðisvinnutaxtann.

b) Skal nefndin heita Taxtanefnd.

c) Taxtanefnd kýs sér sjálf formann, gjaldkera og ritara.

d) Skal formaður Taxtanefndar bjóða til fundar, þegar þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en hálfsmánaðarlega.

e) Mælingafulltrúum er skylt að sitja fundi Taxtanefndar, með málfrelsi og tillögurétti, þó eigi atkvæðisrétti."

Undir fyrirsögninni „uppbætur“ í tilvitnaðri tímaskrá er loks að finna svofellt ákvæði í 14. grein: „14. Þegar um er að ræða síendurtekin, samskonar verk í samfelldri vinnu (seríuvinnu) t. d. uppsetningu á sömu tegund hreinlætistækja, skal afsláttur vera eftir samkomulagi, þá aldrei meiri en 30%.“

Af vinnuskýrslum má ráða, að framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hafi sótt fast á taxtanefndina að fá almenna lækkun frá taxtanum við pípulagningavinnu í Breiðholti, bæði vegna umfangs verksins í heild svo og vegna hagræðingar. Framkvæmdanefndin hafi knúið á að fá úrslit um þetta, áður en byrjað var á verkinu, til þess að þeir, sem byðu í pípulagningavinnuna, gætu miðað tilboð sín við þann afslátt.

Af vitnaskýrslum og öðrum gögnum kemur einnig fram, að taxtanefndin hafi ekki fallizt á að veita almennan afslátt af verkinu, en á hinn bóginn hafi orðið full samstaða um að veita hámarksafslátt, 30%, við uppsetningu hreinlætistækja. Ákvörðun taxtanefndar hafi í þessu tilviki verið tekin, áður en byrjað var á verkinu, en taxtanefndin hafi þó haft teikningar af verkinu öllu fyrirfram til athugunar. Af vitnaskýrslum er ljóst, að taxtanefnd tekur ákvarðanir sínar um svonefndan „seríuafslátt“ yfirleitt, eftir að viðkomandi verki er lokið. Ef upplýsingar komi ekki annars staðar frá, þá afli taxtanefndin sér upplýsinga um verkið hjá mælingamönnum þeim, sem hafi mælt viðkomandi verk, enda séu þeir í beztri aðstöðu til að meta vinnuaðstöðu á staðnum. Enn fremur liggi oft fyrir upplýsingar um það, hversu mikill tími hafi farið í verkið, og með hliðsjón af þeim upplýsingum geti taxtanefnd séð, hvort ástæða sé til að veita afslátt.

Í því tilviki, sem hér um ræðir, töldu þá taxtanefndarmenn einsýnt að veita 30% afslátt, enda hafi verið um að ræða stærra og umfangsmeira verk en áður hafi þekkzt.

Í vitnaskýrslum taxtanefndarmanna segir, að taxtanefnd líti svo á, að hún þurfi ekki að bera ákvarðanir sínar undir einstaka sveina eða meistara. Því geti svo farið, að sveinn viti ekki, hvað hann fái fyrir verk, fyrr en að mælingu lokinni. Að vísu telja þeir, að þetta eigi jafnt við um mælingar í heild sinni og auk þess megi hverjum félagsmanni vera ljóst, að þeir megi búast við lækkun á taxta, þegar um „seríuvinnu“ sé að tefla.

3.0.

3.1. Stefnandi styður dómkröfur sínar svofelldum rökum: „1. Umbj. m. hefur aldrei samþykkt að gefa stefndu neitt eftir

af vinnulaunum sínum, hvorki er hann var ráðinn til starfans né síðar. Fóru stefndu heldur aldrei fram á slíka eftirgjöf.

2) Rök þau, sem fram hafa verið borin fyrir afslættinum, að um seríuvinnu hafi verið að ræða — eru með öllu haldlaus. Vinna umbj. m. getur ekki talizt seríuvinna, þ. e. síendurtekin sams konar verk í samfelldri vinnu. Auk vinnu við uppsetningu á hreinlætistækjum vann umbj m., eins og fram kemur í stefnu, við lagningu leiðslna í þvottahús, miðstöðvarlögn í eitt stigahús, efnisaðdrætti, viðgerðir o. fl. o. fl. Voru því engin efni til þess, að hann veitti stefndu afslátt skv. 3. kafla 14. gr. almennu ákvæðanna í tímaskránni, sízt af öllu hámarksafslátt. Ekkert samráð var haft við umbj. m., áður en afslátturinn var ákveðinn.

3) Ekki verður fallizt á þá röksemd, að rétt hafi verið að neyta hámarksafsláttarheimildar „vegna stærðar verksins" (sbr. dskj. nr. 6). Hvort sem laun umbj. m. voru 140 þús. kr., eins og hann hefur fengið greiddar, eða 200 þús. kr., eins og hann krefst, getur það með engu móti talizt stórt verk.

4) Því er harðlega mótmælt, að ákvæði 1. og 2. gr. 9. kafla almennu ákvæða tímaskrárinnar veiti svokallaðri taxtanefnd, sem stefndi Benedikt Geirsson er formaður fyrir, heimild til þess að ákveða hírudrátt af einstökum pípulagningamönnum. Samkvæmt greindum ákvæðum er henni aðeins ætlað að vinna að almennri endurskoðun tímaskrárinnar."

3.2. Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að taxtanefndin hafi haft heimild til þess að veita umræddan afslátt samkvæmt ákvæðum 9. kafla tímaskrárinnar og ákvæðum málefnasamningsins, sbr. *2.2.*

Taxtanefndin sé skipuð mönnum bæði frá meisturum og sveinum og fullt samkomulag hafi orðið innan taxtanefndarinnar um að veita umræddan afslátt.

Stefndu hafi aðeins farið eftir ákvörðun taxtanefndar og því geti stefnandi ekki krafið stefndu með neinum rétti um hærri upphæð en taxtanefndin hafi ákveðið.

4.0.

4.1. Aðiljar deila aðeins um það, svo sem rakið er í *2.1.*, hvort ákvörðun taxtanefndar um 30% afslátt af uppsetningu hreinlætistækja þeirra, sem um getur í málinu, sé skuldbindandi gagnvart stefnanda. Stefnandi kveðst ekki hafa verið félagi í Sveinafélagi pípulagningamanna, þá er hann innti umrætt verk af hendi, en

ágreiningslaust er engu að síður, að um lögskipti aðilja skyldi farið eftir tímaskránni.

Nefnd tímaskrá er gefin út af Félagi pípulagningameistara og Sveinafélagi pípulagningamanna. Á vegum þessara aðilja starfar taxtanefnd, og er hún fastanefnd. Í henni eiga sæti 6 menn, 3 frá hvorum aðilja. Taxtanefndin hefur m. a. það verk með höndum að gera almennar breytingar og viðbætur á sjálfum ákvæðisvinnugrundvelli tímaskrárinnar, eftir því sem reynsla og önnur atvik segja til um, og er sú ákvörðun taxtanefndar bindandi.

Sé til þess litið, sem nú var sagt, og jafnframt höfð í huga rök þau, sem 7. gr. laga nr. 80/1938 er reist á, verður að skilja umrætt ákvæði um seríuafslátt þannig, að taxtanefnd eigi bindandi ákvörðunarvald um það, hvenær afslætti skuli beita og hversu háum, allt innan þeirra marka, sem tímaskráin setur.

Gat stefnandi og eigi vænzt hærri launa en af framangreindu leiðir. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að umrædd ákvörðun taxtanefndar hafi brotið gegn ákvæðum tímaskrárinnar eða sé með öðrum hætti ólögmæt.

Af framangreindu leiðir, að sýkna verður stefndu af kröfum stefnanda, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Meðdómsmenn voru Óskar Smith pípulagningameistari og Ragnar Ingimarsson verkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, Benedikt Geirsson, Páll Magnússon og Jóhannes Árnason persónulega og fyrir hönd Borgarlagna s/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns S. Árnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. febrúar 1973.

Nr. 34/1973: **Jón I. Jóhannesson**
gegn
Einari Jóhannessyni og
skiptaráðandanum í Hafnarfirði.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. febrúar 1973, sem barst Hæstarétti 15. s. m., hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að honum verði hrundið.

Varnaraðili Einar Jóhannesson krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Skiptaráðandinn í Hafnarfirði hefur engar kröfur gert í máli þessu.

Með stefnu 14. febrúar 1972 áfrýjaði sóknaraðili hinum kærða úrskurði, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 29. janúar 1973, var því áfrýjunarmáli vísað frá Hæstarétti, þar eð lagaheimild skorti til áfrýjunar málsins, sem sætir kæru samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962.

Umboðsmaður sóknaraðilja var viðstaddur uppsögu hins kærða úrskurðar 2. nóvember 1971. Kærufrestur samkvæmt 22. gr. laga laga nr. 57/1962 var liðinn, er sóknaraðili lýsti kæru sinni. Að svo vöxnu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Einari Jóhannessyni kærumálskostnað, er ákveðst kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jón I. Jóhannesson, greiði varnaraðilja

Einari Jóhannessyni kærumálskostnað, kr. 4.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Hafnarfjarðar 2. nóvember 1971.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar í dag að loknum munnlegum málflutningi, liggur fyrir það ágreiningsefni til úrlausnar, hvort taka beri til opinberra skipta nú dánar- og félagsbú hjónanna Jóhannesar Einarssonar, er lézt 10. apríl 1942, og Steinunnar Pálmadóttur, er lézt 1. apríl 1946, en hin látnu hjón bjuggu síðast að Strandgötu 19, Hafnarfirði.

Erfingjar eru þrjú börn hinna látnu hjóna, Jón I. Jóhannesson, Móabarði 10, Hafnarfirði, Einar Jóhannesson, Strandgötu 19, Hafnarfirði, og Guðfinna Jóhannesdóttir, sem búsett er í Osló.

Skiptabeiðandi er erfinginn Jón I. Jóhannesson, og gerir hann þær réttarkröfur, að umrætt bú verði tekið til opinberra skipta og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu í þessum þætti málsins.

Erfinginn Einar Jóhannesson mótmælir því, að umrætt bú verði tekið til skipta nú, þar sem skiptum sé löngu lokið. Hann gerir þær réttarkröfur, að öllum kröfum skiptabeiðanda verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hans.

Erfingjanum Guðfinnu Jóhannesdóttur hefur verið tilkynnt um málarekstur þennan. Af hennar hálfu hefur ekki verið mætt í málinu, en hins vegar hefur réttinum borizt bréf hennar, þar sem m. a. segir: „Frá minni hálfu er ég persónulega mótfallin, að farið sé að taka upp skipti, hvað viðkemur mínum hlut, þar sem ég tel þeim skiptum löngu lokið."

Eignir í umræddu búi voru við andlát þess hjónanna, er lengur lifði, hluti fasteignarinnar að Strandgötu 19 hér í bæ, þ. e. þriðja hæð og ris nefndrar fasteignar, auk innbús og nokkurra peninga. Ekki hafði skiptaráðandi neinn atbeina að því að skipta umræddu búi, og ekki leituðu erfingjar eftir því, og erfðafjárskattur var enginn greiddur.

Með eignir búsins var farið sem hér segir:

1. Eignarhluta fasteignarinnar að Strandgötu 19 tók erfinginn Einar Jóhannesson í sína vörzlu og til sinna afnota. Eigninni hafði aldrei verið þinglýst á nafn arfláta, heldur á nafn föðurbróður erfingjanna, sem hinn 1. júlí 1947 undirritaði yfirlýsingu um, að erfinginn Einar væri eigandi að eignarhluta búsins í fasteigninni. Þessari yfirlýsingu var þinglýst hinn 21. júlí 1947, og

hefur erfinginn Einar síðan verið þinglýstur eigandi að eignarhlutanum og búið í húsinu.

Það er óumdeilt, að umræddur föðurbróðir erfingjanna var aldrei eigandi að eignarhluta þeim, sem um ræðir. Erfinginn Jón heldur því fram, að umræddur gerningur hafi verið gerður án sinnar vitundar og án síns samþykkis.

2. Peninga og sparisjóðsbækur dánarbúsins tók erfinginn Einar í sína vörzlu. Hann kvaðst hafa séð um „allar útréttingar", þ. á m. hafa séð um útförina og frágang á leiði. Hann afhenti meðerfingjum sínum nokkrar fjárhæðir af umræddum innstæðum. Einar telur erfingjann Guðfinnu hafa fengið kr. 7.000.00 og bræðurna hvorn um sig kr. 2.500.00, en Jón telur sig hafa fengið kr. 2.000.00 og Guðfinnu kr. 6.000.00, en kveðst ekki vita, hvaða fjárhæð Einar hafi fengið.

3. Ekki er fyllilega upplýst, hvað af innbúi varð. Í bréfi erfingjans Einars til Jóns bróður síns, dags. 11. janúar 1971, kemur þó fram, að hann telur innbúið hafa verið mjög óverulegt. Meiri hluti þess hafi brunnið í eldsvoða á aðfaranótt gamlársdags árið 1942 og þeir fáu hlutir, sem þá björguðust, hafi allir verið stórskemmdir vegna brunans. Guðfinna hafi þó fengið píanó og, að því er helzt verður skilið á bréfinu, einnig saumaborð. Að öðru leyti virðist innbú ekki hafa verið flutt úr húsinu, og virðist það því hafa verið í vörzlu Einars.

Á árinu 1959 eða 1960 greiðir svo Einar systkinum sínum kr. 30.000.00 í peningum hvoru um sig. Því er haldið fram af Jóni, að á þessa fjárhæð hafi verið litið sem innborgun upp í arfshluta af báðum aðiljum og kona Einars hafi sagt, að „meira kæmi seinna", þegar Einar reiddi féð af höndum.

Einar heldur því hins vegar fram, að litið hafi verið á þessa greiðslu sem fullnaðaruppgjör og þar með væri öllum skiptum lokið, þótt eigi væri gengið frá því í formi skiptagerðar. Eigi þetta jafnt við um Jón og Guðfinnu.

Af hálfu skiptabeiðanda er á því byggt, að umrætt dánarbú hafi aldrei fengið löglega siptameðferð, og telur skiptabeiðandi því óhjákvæmilega lagaskyldu að taka það til skipta nú. Þar sem ekki sé samkomulag með erfingjum um einkaskipti, verði opinber skipti að fara fram.

Því er alfarið mótmælt, að erfingjar hafi skipt með sér búinu í raun. Erfinginn Einar hafi fengið í hendur meginhluta eigna búsins. Sönnunarbyrðin hvíli því á honum fyrir því, að hann hafi greitt meðerfingjum sínum þeirra arfshluta að fullu.

Af hálfu erfingjans Einars er aftur á móti á því byggt, að erfingjar hafi skipt með sér búinu í raun og eigi því engar frekari arfskröfur.

Á það er bent, að eftir að eldsvoði varð að Strandgötu 19 á aðfaranótt gamlársdags 1942, hafi Einar lagt fram mikla vinnu og fé til endurbyggingar og viðgerða á húsinu og því í raun átt hluta af húsinu, eða a. m. k. verið stór kröfuhafi í búið. Ef tekið sé tillit til verðrýrnunar peninga, frá því Einar greiddi meðerfingjum sínum kr. 30.000.00 hvoru um áramótin 1959-1960, sé fyllilega ljóst, að hann hafi síður en svo borið meira úr býtum en aðrir erfingjar. Til vara er því haldið fram, að þar sem nú eru liðin meira en 25 ár, frá því arfur tæmdist, og um 12 ár, frá því síðustu greiðslur milli erfingjanna fóru fram, þá sé um slíkt tómlæti að tefla af þeirra hálfu, að útilokað sé fyrir neinn þeirra að krefjast skipta nú. Loks sé á það að líta, að allar hugsanlegar arfskröfur séu löngu fyrndar og glataðar, ýmist vegna hefðar eða vangeymslu, og enn fremur hugsanleg krafa hins opinbera til erfðafjárskatts. Skiptaráðanda hafi borið að taka bú arfláta til skipta þegar í stað og í síðasta lagi innan 18 mánaða frá andláti ekkjunnar. Fyrningarfrestur á kröfu til erfðafjárskatts sé 4 ár. Því hljóti krafa hins opinbera til erfðafjárskatts ætíð að vera fyrnd fjórum árum og 18 mánuðum, þ. e. 5½ ári, eftir andlát arfláta, sbr. einnig 76. gr. laga nr. 3/1878.

Þá er því haldið fram, að skiptin séu í raun óframkvæmanleg nú, þar sem útilokað sé að staðreyna eignir búsins eftir svo langan tíma, þ. e. aldarfjórðung.

Af hálfu skiptabeiðanda er á það bent, að ástæðan fyrir drætti á skiptum á dánarbúinu sé fyrst og fremst sú, að Einari hafi tekizt eftir krókaleiðum að fá íbúðina að Strandgötu 19 skráða á sitt nafn með því að útvega sér yfirlýsingu 3ja manns, sem aldrei var eigandi íbúðarinnar, og fá þeirri yfirlýsingu þinglýst. Honum hafi því tekizt að fá formlega eignarheimild, án þess að skipti færu fram og skiptagerð eða skiptayfirlýsingu væri þinglýst. Það sé alkunna, að í raun hafi búskipti um langan aldur borið þannig að hjá flestum skiptaráðendum landsins, ef erfingjar hefjast ekki sjálfir handa, þá reki erfingjar sig fljótlega á það, að þá skorti formlega eignarheimild fyrir viðkomandi eignum, svo sem fasteignum og bifreiðum, geti því ekki selt slíkar eignir eða veðsett þær og verði því að leita til skiptaráðanda um skiptameðferð. Bú, sem ekki eigi fasteignir eða bifreiðar, geri í fæstum tilvikum meira en að hrökkva fyrir útfararkostnaði og skattskuldum. Ákvæð-

um skiptalaga um fresti til búskipta hafi því naumast verið beitt í raun undanfarna áratugi.

Á það beri enn fremur að líta, að 18. mánaða reglan í 36. grein gjaldþrotaskiptalaganna og reglan í 76. gr. laga nr. 3/1878 sé leiðbeiningarregla, og auk þess verði að telja óheimilt að lögjafna frá fyrstnefndri lagagrein, þegar um er að ræða dánarbú, þar sem gengizt er við skuldum.

Þá sé löng hefð fyrir því að miða upphaf fyrningarfrests á erfðarfjárskatti við lok skipta. Sú regla sé raunar engin undantekning, heldur meginregla íslenzkra laga um skattkröfur, þær geti aldrei gjaldfallið, fyrr en skattar hafi verið lagðir á, og upphaf fyrningarfrests miðist við eindaga skattskuldarinnar, en eindaga skuldarinnar geti aldrei borið að fyrir þann tíma, er skuldin gjaldfellur.

Þá bendir skiptabeiðandi enn fremur á það viðhorf erfingjans Einars, að hann líti ekki svo á, að arfskröfur meðerfingjanna séu fyrndar, þegar hann greiðir þeim kr. 30.000.00 hvorum um áramótin 1959-1960, þótt þá væri liðið á fjórtánda ár frá því arfurinn tæmdist. Það beri enn fremur vott um hið raunverulega viðhorf hans til búskiptanna, að í júní 1970 hafi erfinginn Einar ritað á blað yfirlýsingu, sem lögð hefur verið fram í málinu og hljóðar svo:

„Við undirrituð viðurkennum, að Einar Jóhannesson, bróðir okkar, sé löglegur eigandi að efstu hæð hússins nr. 19 við Strandgötu í Hafnarfirði."

Þessa yfirlýsingu hafi Einar talið nauðsynlegt að fá meðerfingja sína til að undirrita, þar sem hann hafi vitað, að skiptum var eigi lokið og talið arfskröfur systkina sinna kynnu að koma fram. Honum hafi tekizt að fá Guðfinnu til að undirrita yfirlýsinguna hinn 11. júní 1970, sbr. hið framlagða dómsskjal, en skiptabeiðandi hafi synjað um þá beiðni fyrir sitt leyti, enda talið, að tímabært væri orðið að ganga frá búskiptunum.

Loks er krafa skiptabeiðanda studd þeim rökum, að opinber skipti geti aldrei leitt til annars en réttlætis. Ef í ljós kæmi við skiptin, að búið væri uppgert, þá fengi skiptaþoli staðfestingu á því.

Það er upplýst í máli þessu, að fasteignin að Strandgötu 19 hér í bæ hefur verið í umráðum erfingjans Einars Jóhannessonar hefðartíma fullan samkvæmt 2. gr. laga nr. 46/1905 og hann farið með eignina eins og hann ætti beinan eignarrétt að henni. Lausafjármunir búsins skiptust milli erfingja, og einnig þeir hafa ver-

ið í þeirra umráðum hefðartíma fullan. Það verður því ekki talið, að búið geti nú heimt framangreindar eignir úr höndum margnefndra systkina, þar sem fyrir liggur í málinu, að þau hafa unnið á þeim eignarhefð.

Erfinginn Einar Jóhannesson tók undir sig sparifjárinnstæður og peninga búsins og greiddi meðerfingjum sínum hluta fjárins. Krafa búsins til fjárins er fyrnd. Það verður því að synja um töku umræddra bús til opinberra skipta nú, þegar af þeirri ástæðu, að sannað er, að engar eignir eru lengur í búinu, en samkvæmt fyrirmælum 10. gr. laga nr. 3/1878 fara eigi fram opinber skipti á slíkum búum, þó annars bæri nauðsyn til, samanber einnig 42. gr. sömu laga. Það athugast, að í raun hafa erfingjar í búinu gengizt við arfi og skuldum, og einnig, að eigi hefur verið boðin fram trygging fyrir skiptakostnaði, sbr. meginreglu 33. gr. laga nr. 25/1929.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktunarorð:

Synjað er um töku dánar- og félagsbús hjónanna Jóhannesar Einarssonar, er lézt 10. apríl 1942, og Steinunnar Pálmadóttur, er lézt 1. apríl 1946, og síðast bjuggu að Strandgötu 19 í Hafnarfirði, til opinberra skipta.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. febrúar 1973.

Nr. 146/1971: **Haraldarbúð h/f**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Björgvin Þorbjörnssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Skuldamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september s. á. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 48.299.84 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt nokkur ný gögn.

Ráða má af héraðsdómsstefnu, greinargerð áfrýjanda fyrir héraðsdómi og endurrit af svonefndum „viðskiptareikningi" stefnda, er áfrýjandi lagði fram í héraði samtímis greinargerð sinni, að stefnukröfur málsins séu taldar vera vegna vöruúttektar stefnda í verzlun áfrýjanda á tímabilinu 1. janúar 1956 til 30. júní 1960. Áfrýjandi hefur krafizt þess fyrir Hæstarétti, að stefndi verði enn fremur dæmdur til að greiða honum skuld vegna vöruúttektar á tímabilinu 1. júlí 1960 til 31. desember s. á. að því marki, sem fjárhæð stefnukröfunnar leyfi, ef talið verði, að eldri skuldir stefnda séu að einhverju leyti niður fallnar.

Ekki verður séð, að áfrýjandi hafi haft uppi fyrir héraðsdómi kröfur vegna vöruúttektar stefnda á síðastgreindu tímabili. Koma þær því ekki til álita í Hæstarétti, enda er eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962.

Greinargerð áfrýjanda um viðskipti þau, sem kröfur hans

eru af risnar, er alfarið reist á svonefndum „viðskiptareikningi“ stefnda hjá áfrýjanda, þeim sem greinir í hinum áfrýjaða dómi. Það yfirlit sýnir aðeins mánaðarlega heildarúttekt stefnda hjá áfrýjanda, og hefur áfrýjandi enga grein gert fyrir einstökum úttektum stefnda. Stefndi hefur vefengt yfirlit þetta. „Viðskiptareikningur“ þessi verður ekki talinn veita fulla sönnun um skuld stefnda við áfrýjanda, sbr. 7. og 16. gr. laga nr. 62/1938. Við það verður að vísu að miða, að stefndi hafi tekið út vörur í reikning hjá áfrýjanda á þeim tíma, sem stefnukröfurnar taka til. Að því er varðar úttekt stefnda í ágúst til desember 1958, verður þó að telja sannað með kvittuðum reikningum frá áfrýjanda, sem studdir eru vætti Guðbjargar Stefánsdóttur og vottorði Gunnars R. Magnússonar, löggilts endurskoðanda, að sú vöruúttekt stefnda hafi verið greidd áfrýjanda af Haraldi Árnasyni Heildverzlun h/f. Ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda um greiðslur á þessum hluta kröfu hans. Aðrar kröfur áfrýjanda eru ekki studdar þeim gögnum, að stefndi verði dæmdur til greiðslu þeirra. Ber þegar af framangreindum ástæðum að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hefur orðið mikill dráttur á meðferð málsins í héraði. Lögmenn aðilja höfðu sameiginlega fresti og framhaldsfresti til öflunar gagna í nærfellt tvö ár, unz þeir lýstu gagnaöflun lokið 7. marz 1967.

Ekkert var aðhafzt í málinu, svo séð verði, fyrr en 14. september 1970, en þá var það tekið fyrir á bæjarþinginu og hafizt handa um gagnaöflun af nýju. Var málið síðan tekið fyrir nokkrum sinnum á bæjarþingi, unz það var loks flutt munnlega 21. desember 1970. Verður að víta héraðsdómara svo og lögmenn aðilja, hæstaréttarlögmennina Jón Bjarnason og Pál S. Pálsson, fyrir þann óhæfilega drátt, sem orðið hefur á málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldarbúð h/f, greiði stefnda, Björgvin

Þorbjörnssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 21. desember s.l. hefur Haraldarbúð h/f, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. desember 1964, gegn Björgvin Þorbjörnssyni, Sörlaskjóli 3, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 48. 299.84 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans og við málskostnaðarákvörðun verði tekið sérstakt tillit til dómsskj. nr. 35, sem er reikningur frá endurskoðanda yfir ýmiss konar endurskoðun og athuganir vegna viðskipta Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f og Haraldarbúðar h/f, að fjárhæð kr. 12.000.00.

Við munnlegan flutning sagðist lögmaður stefnda í tilefni af framburði vitnisins Bjarna Bjarnasonar gera þann fyrirvara varðandi málskostnaðarkröfu, að ef Haraldarbúð h/f yrði ekki talin löglegt félag vegna þess, að aðalfundur hefði ekki verið haldinn í því félagi um langan tíma, að stjórnarmenn félagsins eða lögmaður stefnanda yrðu persónulega dæmdir til greiðslu málskostnaðar.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

Rétt þykir að rekja nokkuð gang þessa máls, sem er höfðað hér fyrir bæjarþinginu, áður en undirritaður dómsformaður hóf störf hjá borgardómaraembættinu.

Mál þetta var þingfest þann 12. janúar 1965. Tók stefnandi sjálfur frest í málinu til 19. janúar s. á., en stefndi fékk síðan frest til skila á greinargerð, fyrst til 2. febrúar s. á. og allt til 2. marz s. á., er greinargerð hans var lögð fram. Báðir aðiljar fengu síðan sameiginlega fresti til gagnaöflunar allt til 7. marz 1967, að þeir lýstu því yfir, að gagnaöflun í málinu væri lokið. Engin gagnaöflun átti sér þó stað, frá því greinargerð stefnda ásamt fylgiskjölum kom fram í þinghaldi þann 2. marz 1965, svo sem áður getur.

Þann 14. september 1970 var málið endurupptekið með heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936 per analogiam. Fór þá fram aðiljaog vitnaleiðsla, og lögð voru fram ný skjöl í málinu. Málið var

næst tekið fyrir 25. þess mánaðar, og fengu þá umboðsmenn aðilja enn frest til frekari gagnaöflunar til 2. október s. á. Þá hafði lögmaður stefnanda boðað lögmæt forföll, og af þeim ástæðum var lögmaður stefnda afboðaður, og dómarinn frestaði málinu sjálfur um óákveðinn tíma. Málið var næst tekið fyrir þann 10. nóvember s.l. og lagði lögmaður stefnanda þá fram nokkur skjöl, og enn var málinu frestað að beiðni umboðsmanna aðilja til 25. nóvember s. á., og lagði þá lögmaður stefnda fram nokkur skjöl, og enn óskuðu umboðsmenn aðilja eftir fresti til að leiða fleiri vitni fyrir réttinn og leggja fram skjöl. Var málinu frestað í því skyni til 9. desember s.l. Hafði dómari óskað eftir því, að málið yrði flutt munnlega í því þinghaldi. Í því réttarhaldi var m. a. eftirfarandi bókað:

„Dómurinn beinir því nú til lögmanns stefnanda, að honum sé gefinn kostur á að leggja fram frumreikninga frá Haraldarbúð h/f yfir úttektir stefnda hjá stefnanda, ef stefndi samþykkir.

Þá gefur dómarinn lögmanni stefnanda kost á að upplýsa, hvort færður hafi verið viðskiptareikningur hjá stefnanda yfir viðskiptin við stefnda, og leggja þann viðskiptareikning fram, ef til er. Ef slíkur viðskiptareikningur hefur ekki verið færður, er lögmanninum gefinn kostur á að upplýsa, hvort Haraldarbúð h/f hafi fært viðskiptareikning yfir viðskipti þess fyrirtækis og Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f, og í því sambandi, hvort viðskipti stefnda við stefnanda hafi verið færð yfir á þann reikning, ef stefndi samþykkir."

Lögmaður stefnanda lýsti því þá yfir, að hann mundi afla þessara gagna, ef hann gæti. Lögmaður stefnda óskaði bókað: „Ég mótmæli frekari fresti málsins, enda tel ég, að í greinargerð minni 1. marz 1965 felist áskorun til stefnanda um að leggja fram þessi umbeðnu gögn eða önnur jafngild og hafi hann haft til þess nægan tíma s.l. 5 ár."

Lögmaður stefnanda óskaði þá eftir úrskurði vegna frestneitunar stefnda. Lögmönnum aðilja var gefinn kostur á að tjá sig um ágreiningsatriðið. Lögmaður stefnanda rökstuddi frestbeiðni sína með því, að það hafi ekki verið fyrr en 14. september 1970, er yfirheyrslur í málinu hófust, að málið hafi tekið að skýrast, og á grundvelli þeirra upplýsinga, er þar hafi komið fram, hafi gögn verið lögð fram og sýnd í réttinum.

Lögmaður stefnda rökstuddi frestneitun sína til viðbótar fyrri bókun með því, að stefnandi hefði ekki gætt þess í tíma að afla

gagna í efnihlið málsins, t. d. með yfirheyrslum, en stefnandi hefði forræði málsins.

Umrætt ágreiningsefni var þá tekið til úrskurðar. Úrskurður var kveðinn upp þann 16. desember 1970 með svofelldu úrskurðarorði: „Frestur í máli þessu er ekki veittur." Munnlegur málflutningur fór fram með samþykki beggja aðilja þann 21. desember s.l., en áður í sama réttarhaldi voru lögð fram nokkur ný skjöl, og vitnið Bjarni Bjarnason kom fyrir dóminn.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu málsins: „Skuld þessi er vegna vöruúttektar stefnda í verzlun stefnanda. Stefnda var ritað kröfubréf hinn 10. desember 1964." Í greinargerð stefnanda segir, að stefndi hafi allmörg ár haft viðskipti við stefnanda, þannig að hann hafi tekið út í reikning vörur í verzlun hans. Um hver mánaðamót hafi hann fengið afhentan reikning, en fjárhæð reikningsins að frádregnum 10 af 100, sem stefndi hafi fengið í afslátt af viðskiptunum, hafi verið færð í viðskiptamannabók stefnanda. Þær bækur nái aftur til ársins 1953, en í bók þess árs hafi verið færð inneign stefnda frá fyrri árum, kr. 1.015.76. Frekari skýrslu um málavexti og málsástæður er ekki að finna af hálfu stefnanda í stefnu og greinargerð.

Stefnandi hefur sundurliðað dómkröfur sínar á dskj. nr. 2, sem ber yfirskriftina: „Viðskiptareikningur: Björgvin Þorbjörnsson", en það er vélritað yfirlit úr bókum, sem stefnandi nefnir viðskiptamannabækur. Þær bækur hafa verið sýndar í réttinum, og ljósrit úr þeim varðandi úttektir stefnda í þessu máli hafa verið lögð fram í málinu sem dskj. nr. 21-25, og hafa þau af dómsformanni verið borin saman við bækurnar. Framangreint yfirlit nær yfir úttekt stefnda á vörum hjá stefnanda árin 1955, 1956, 1957, 1958, 1959 og 1960 fram til 31. júlí það ár. Á yfirlitinu er þann 1. janúar 1953 talinn inneign stefnda frá fyrri árum, kr. 1.015.76. Auk þess hefur stefnandi lagt fram sem dskj. nr. 14-20 afrit af úttektarnótum stíluðum á stefnda, dags. 2. júlí 1960, 12. júlí s. á., 15. ágúst s. á., 16. ágúst s. á., 19. ágúst s. á., 30. ágúst s. á., 31. ágúst s. á., 1. september s. á., 10. september s. á., 30. september s. á. og 15. október s. á. Á yfirlitinu á dskj. nr. 2 svarar færsla hinn 31. júlí 1960 til fjárhæða tveggja fyrst töldu nótnanna. Heildarniðurstaða dómsskjals nr. 2 er kr. 48.165.53, en fjárhæð þá, sem á vantar til þess, að stefnufjárhæð verði náð, byggir stefnandi á hinum öðrum úttektarnótum á dskj. nr. 15-20 að því marki, sem til þarf, en að öðru leyti hefur stefnandi fallið frá kröfum samkvæmt þessum síðasttöldu dómsskjölum.

Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 12 bréf þriggja manna í stjórn Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f, þeirra Kristjáns L. Gestssonar, Páls Árnasonar og Sigurðar Halldórssonar, til lögmanns stefnda í málinu, dags. 11. febrúar 1965, svohljóðandi orðrétt:

„Við viljum hérmeð leyfa okkur að senda yður greinargerð okkar varðandi mál þau, er Haraldarbúð h.f. hefur höfðað gegn 6 starfsmönnum okkar, þeim Kristjáni L. Gestssyni, Björgvini Þorbjörnssyni, Bjarna Sigursteindórssyni, Páli Kr. Árnasyni, Ólafi Þorleifssyni og Sigurði Halldórssyni, en mál þessi eru höfðuð vegna vöruúttektar þessara starfsmanna vorra hjá Haraldarbúð h.f. síðustu árin fyrir lokun hennar.

Á þessum árum, sem um er að ræða, áttum við mikil viðskipti við Haraldarbúð hf. Aðallega voru þau fólgin í því, að við seldum þeim vörur, sem síðan voru greiddar með víxlum. Lítill hluti viðskipta okkar við Haraldarbúð hf var á þann veg, að við keyptum af þeim vörur. Var þá sá háttur hafður á, að við fengum einn reikning frá Haraldarbúð hf í lok hvers mánaðar með vöruúttekt okkar, en auk þess var alltaf á reikningnum öll vöruúttekt starfsmanna okkar í mánuðinum. Var heildarniðurstaða reiknings Haraldarbúðar hf dregin frá okkar reikningum, og samþykkti Haraldarbúð hf síðan víxil fyrir mismuninum.

Þannig gerðum við upp í lok hvers mánaðar alla mánaðarúttekt starfsmanna okkar hjá Haraldarbúð hf öll þau ár, sem um er að ræða í ofangreindum málshöfðunum.

Máli okkar til stuðnings viljum við sýna eftirfarandi yfirlit yfir vöruúttekt starfsmanna okkar hjá Haraldarbúð hf síðustu 5 mánuði ársins 1958 samkvæmt sundurliðunum þeim, er Haraldarbúð hf lagði fram á bæjarþingi Reykjavíkur 12. og 19. janúar 1965, og bera þær saman við reikninga þá, er við fengum hjá Haraldarbúð hf í lok hvers mánaðar fyrir ofangreint tímabil, en ljósrit af þeim reikningum fylgja hér með:

Ágúst 1958:	Kristján L. Gestsson	kr. 3.620.88
	Björgvin Þorbjörnsson	— 286.29
	Bjarni Sigursteindórsson	— 270.00
	Páll Kr. Árnason	— 224.64
	Ólafur Þorleifsson	— 1.679.85
	Sigurður Halldórsson	— 1.224.00
	Samtals úttekið af starfsfólki	kr. 7.305.66

Plús greitt skv. uppgjöri Haraldarbúðar hf, dags. 1/9 1958		kr.	7.305.66
	Ógreitt	kr.	0.00
September 1958:	Kristján L. Gestsson	kr.	191.16
	Björgvin Þorbjörnsson	—	871.20
	Bjarni Sigursteindórsson	—	756.00
	Páll Kr. Árnason	—	98.19
	Ólafur Þorleifsson	—	2.205.10
	Samtals úttekið af starfsfólki okkar	kr.	4.121.65
Mínus greitt skv. uppgjöri Haraldarbúðar hf, dags. 1/10 1958		—	4.121.65
	Ógreitt	kr.	0.00
Október 1958:	Kristján L. Gestsson	kr.	604.30
	Björgvin Þorbjörnsson	—	1.478.97
	Páll Kr. Árnason	—	353.16
	Ólafur Þorleifsson	—	29.52
	Sigurður Halldórsson	—	703.80
	Samtals úttekið af starfsfólki okkar	kr.	3.169.75
Mínus greitt skv. uppgjöri Haraldarbúðar hf, dags. 1/11 1958		—	3.169.75
	Ógreitt	kr.	0.00
Nóvember 1958:	Kristján L. Gestsson	kr.	1.372.68
	Björgvin Þorbjörnsson	—	841.68
	Páll Kr. Árnason	—	1.477.72
	Sigurður Halldórsson	—	113.40
	Samtals úttekið af starfsfólki okkar	kr.	3.805.48
Mínus greitt skv. uppgjöri Haraldarbúðar hf, dags. 1/12 1958		—	3.805.48
	Ógreitt	kr.	0.00

Desember 1958:	Kristján L. Gestsson	kr. 2.349.72
	Björgvin Þorbjörnsson	— 3.010.41
	Páll Kr. Árnason	— 2.304.45
	Samtals úttekið af starfsfólki okkar	kr. 7.664.58
	Mínus greitt skv. uppgjöri Haraldarbúðar hf, dags. 1/1 1959	— 7.664.58
	Ógreitt	kr. 0.00

Yfirlitið sýnir skýrt, að allar úttektir starfsmanna okkar hjá Haraldarbúð hf hafa verið greiddar af okkur í lok hvers mánaðar, og hefur skrifstofustjóri Haraldarbúðar hf á þeim tíma, Guðbjörg Stefánsdóttir, kvittað fyrir greiðslunum. Við viljum að lokum ítreka, að við greiddum á þennan hátt allar úttektir starfsmanna okkar hjá Haraldarbúð. hf"

Á dskj. nr. 13 er svohljóðandi vottorð: „Reykjavík 17. febrúar 1965. Ég undirrituð hefi lesið bréf Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f til Páls S. Pálssonar hrl., dags. 11. febrúar 1965, þar sem skýrð eru viðskipti fyrirtækisins og Haraldarbúðar h/f á árunum 1954-1960 á þessa leið: „Á þessum árum, sem um er að ræða, 1954-1960, áttum við mikil viðskipti við Haraldarbúð h/f. Aðallega voru þau í því fólgin, að við seldum þeim vörur, sem síðan voru greiddar með víxlum. Lítill hluti viðskipta okkar við Haraldarbúð h/f var á þann veg, að við keyptum af þeim vörur. Var þá sá háttur hafður á, að við fengum einn reikning frá Haraldarbúð h/f í lok hvers mánaðar með vöruúttekt okkar, en auk þess var alltaf á reikningnum öll vöruúttekt starfsmanna okkar í mánuðinum. Var heildarniðurstaða reiknings Haraldarbúðar h/f dregin frá okkar reikningum og samþykkti Haraldarbúð h/f síðan víxil fyrir mismuninum. Þannig gerðum við upp í lok hvers mánaðar alla mánaðarúttekt starfsmanna okkar hjá Haraldarbúð h/f öll þau ár, sem um er að ræða."

Ég var fulltrúi hjá Haraldarbúð h/f með prókúruumboði á árabilinu 1955-1959.

Get ég vottað, að ofanrituð lýsing er í alla staði rétt að því er ég bezt man og veit. Guðbjörg Stefánsdóttir."

Vitnið Guðbjörg Stefánsdóttir hefur komið fyrir dóm og staðfest framangreint vottorð. Vitnið Guðbjörg sagðist hafa hætt störfum hjá Haraldarbúð h/f þann 31. október 1959, en þar hafi hún m. a. starfað sem gjaldkeri og einnig hafi hún fært kassabók

svo og umræddar bækur, sem vitnið sagðist ekki vilja kalla viðskiptamannabækur, heldur minnisbækur.

Sagði vitnið, að afgreiðslumenn hafi skrifað úttektirnar á nótur í sams konar formi og dskj. nr. 14-20, en síðan hefðu úttektirnar verið færðar á reikningseyðublöð sams konar og dskj. nr. 8-11, stíluð á hvern einstakan starfsmann, sem úttekt gerði, en þeir reikningar hafi síðan verið látnir fylgja með yfirlitsreikningi stíluðum á Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f, en hvort tveggja hafi verið sent því fyrirtæki, sem síðan hafi gert upp við Haraldarbúð h/f fyrir hönd starfsmanna sinna. Vitnið sagðist ekki minnast þess, að nokkur af starfsmönnum Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f hafi sjálfur gert upp viðskipti sín í mánaðarlok, en hins vegar hafi starfsmenn Haraldarbúðar h/f yfirleitt sjálfir gert upp viðskipti sín. Ekki sagðist vitnið muna, hvort greiðslur starfsmanna Haraldarbúðar h/f hefðu verið færðar í umræddar minnisbækur, en taldi þó líklegast, að þær hefðu yfirleitt verið færðar sem pro-færslur í þær bækur. Hins vegar hefði Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f gert upp viðskipti sinna starfsmanna við stefnanda við hver mánaðamót, en ekki hafi starfsmönnum verið sent neitt reikningsyfirlit um áramót. Ekki hafi starfsmönnum Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f heldur verið sendir neinir mánaðarreikningar, þar sem umrædd heildverzlun hafi alltaf séð um að gera viðskiptin upp fyrir starfsmenn sína. Vitnið sagðist ekki minnast þess, að umræddar minnisbækur hafi náð yfir fleiri aðilja en starfsmenn Haraldarbúðar h/f og Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f. Vitnið var að því spurt, hvernig á því gæti staðið, að umræddar minnisbækur gætu við áramót sýnt skuld hjá Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f, ef heildverzlunin hefði gert upp fyrir starfsmennina um hver mánaðamót. Vitnið svaraði svo orðrétt: „Við tókum þessar bækur ekki svo hátíðlega, að hægt væri að líta á þær sem skuldabækur. Þeim var bara ætlað að sýna viðskipti hvers starfsmanns yfir árið. Ég átti ekki upptökin að því, að þessar bækur væru færðar, og kannski hefði verið óþarfi að færa viðskipti starfsmanna Haraldar Árnasonar, Heildverzlunar h/f, í þær."

Þá sagði vitnið, að ekki hafi verið fyrir hendi annað sönnunargagn um úttektir starfsmanna Haraldarbúðar h/f en umræddar minnisbækur, en hins vegar hafi verið varðandi starfsmenn Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f fyrir hendi yfirlitsreikningar sams konar og þeir, sem væru á dskj. nr. 8-11. Sagðist vitnið telja, að umræddir yfirlitsreikningar sýndu, að Heildverzlun Har-

aldar Árnasonar h/f hefði gert upp fyrir starfsmenn sína. Vitnið sagði og, að aldrei hefðu verið skrifaðir neinir reikningar í tvíriti, að því er það myndi.

Vitnið Sigurður Halldórsson sagði fyrir dómi, að það hefði unnið við afgreiðslu á vörulager hjá Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f og sem stjórnarmaður í því fyrirtæki. Hafi það nokkuð fylgzt með reikningum þess og því væri þess vegna sérstaklega kunnugt um þann hátt, sem hafður hefði verið á varðandi uppgjör á úttektum starfsmanna fyrirtækisins hjá Haraldarbúð h/f. Staðfesti vitnið fyrir dómi bréfið á dskj. nr. 12.

Vitninu bar í meginatriðum saman við framburð vitnisins Guðbjargar. Vitnið sagðist sjálft hafa gert þannig upp við Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f við hver mánaðamót, að laun fyrir eftirvinnu vitnisins hafi verið látin mæta úttektarreikningnum frá Haraldarbúð h/f. Þá upplýsti vitnið, að Páll Kr. Árnason væri látinn og Kristján L. Gestsson fársjúkur, og sagðist vitnið telja útilokað, að hann gæti komið fyrir rétt.

Vitnið Bjarni Bjarnason sagðist hafa verið í stjórn Haraldarbúðar h/f frá stofnun þess fyrirtækis og í stjórn Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f til ársins 1962, en ekki hafi hann starfað hjá framangreindum fyrirtækjum. Vitnið sagðist hafa tekið út í reikning vörur hjá Haraldarbúð eitthvað í hverjum mánuði, að minnsta kosti á árabilinu 1952-1960, og við hver mánaðamót hafi það fengið afhentan reikning með viðfestum úttektarnótum. Vitnið sagðist ekkert hafa greitt af þessum úttektum fyrr en eftir árið 1960, þegar farið var að gera upp hag stefnanda. Vitnið sagðist ekki hafa fengið sendan yfirlitsreikning um áramót yfir úttektir á ári hverju.

Vitnið sagðist kannast við Sæunni B. Jónsdóttur og vita, að hún hafi starfað á skrifstofu Heildverzlunar Haraldar Árnsonar h/f á tímabilinu 1945-1965. Lagði þá lögmaður stefnanda fram sem dskj. nr. 33 ljósrit reiknings, stílaðs á Sæunni B. Jónsdóttur, þar sem sýndar eru úttektir á vörum annars vegar og inngreiðslur peninga hins vegar.

Vitnið sagðist hafa verið hluthafi í Haraldarbúð h/f frá stofnun fyrirtækisins og setið þá stjórnarfundi þess félags og Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f, sem það hafi verið boðað til. Vitnið segir, að hvorki á stjórnarfundum Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f né ella hafi það heyrt ávæning af því, að heildverzlunin greiddi úttektir fyrir stefnda í máli þessu. Það hafi ekki heyrt þess getið, fyrr en vitnið hafi verið statt í réttarhaldi

í máli þessu þann 9. desember s.l. Á stjórnarfundum Haraldarbúðar h/f hafi heldur ekki komið til umræðu úttektir starfsmanna Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f fyrr en eftir 1960, er uppgjör á hag stefnanda hafi farið fram, og þá hafi skuld stefnda í þessu máli komið í ljós.

Almennt um viðskipti stefnda við stefnanda sagði vitnið orðrétt: „Ég veit ekki mikið um þau frá eigin brjósti, en hitt man ég, að undir árslok 1964 kom Kristján L. Gestsson, framkvæmdastjóri Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f, að máli við mig og fleiri stjórnarmenn stefnanda svo og stærstu hluthafa stefnanda. Hann lagði fast að okkur að fella niður fyrirhugaða málsókn á hendur stefnda og starfsfélögum hans, en hann íaði ekki að því, að skuldir þeirra væru þegar greiddar."

Vitnið sagði, að Haraldarbúð h/f hefði hætt að starfa sem verzlunarfyrirtæki á árinu 1960.

Stefndi sagði fyrir dómi, að hann hefði starfað hjá Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f við sölumennsku og almenn skrifstofustörf, en haft lítil afskipti af bókhaldi fyrirtækisins. Hann lýsti fyrir réttinum uppgjöri Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f og við Haraldarbúð h/f á þann hátt, sem segir á dskj. nr. 12 og áður er rakið. Um uppgjör stefnda við Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f sagði stefndi orðrétt:

„Reikningar mínir við Haraldarbúð h/f eru greiddir með milligreiðslum þeim, sem áður er getið, en það er mitt mál og Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f, hvernig okkar uppgjör fór fram." Í framhaldi af því sagði stefndi, að hann hefði hætt störfum hjá Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f þann 15. maí 1964 og hefði talið sig þá skuldlausan við það fyrirtæki, enda hefði hann ekki fengið neina reikninga frá því. Stefndi sagði og fyrir réttinum, að hann hefði aldrei heyrt stefnukrafnanna getið eða fengið neina rukkun frá stefnanda fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda í desember 1964. Stefndi sagðist ekki hafa fengið neinn yfirlitsreikning yfir umræddar úttektir frá Haraldarbúð h/f um hver áramót. Stefndi sagði, að eftir því, sem hann bezt vissi, hefði frá upphafi, þ. e. frá stofnun Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f, sá háttur verið hafður á við uppgjör á úttektum starfsmanna heildverzlunarinnar hjá Haraldarbúð h/f, að heildverzlunin hafi greitt reikninga yfir úttektir starfsmannanna á þann hátt, sem áður hefur verið greint frá. Fyrst muni þó hafa verið um að ræða uppgjör einu sinni á ári, en hvenær það hafi breytzt, sagðist stefndi ekki geta sagt til um.

Stefnda voru sýnd dskj. nr. 14-20 og hann að því spurður, hvort hann kannaðist við, að úttektir samkvæmt nótunum væru hans eða á hans vegum. Stefndi svaraði orðrétt: „Nóturnar eru stílaðar á mig, en eftir svo langan tíma get ég ekki sagt um, hvort þetta séu mínar úttektir. Hins vegar á ég dóttur, sem heitir Guðbjörg, og getur verið, að það sé hennar nafn á nótunum, en hvort um hennar skrift er að ræða, get ég ekki sagt til um, en það má vel vera." Stefndi tók fram, að hann hefði aldrei fyrr séð umræddar nótur.

Stefnandi byggir mál sitt á því, að framlögð skjöl af hans hálfu sýni, að stefndi hafi tekið út vörur hjá stefnanda, enda hafi hann ekki synjað fyrir þær úttektir. Stefndi hafi hins vegar ekki sýnt fram á, að hann hafi greitt þær, og því beri honum að greiða stefnukröfur málsins. Stefnandi hefur mótmælt því, að Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f hafi greitt umræddar úttektir fyrir stefnda, en jafnvel þótt svo hefði verið, hefði það verið gert algerlega í óleyfi og slíkar greiðslur hefðu enga réttarlega þýðingu í þessu máli.

Stefnandi hefur sérstaklega mótmælt kröfu stefnda um, að stjórnarmenn stefnanda persónulega eða lögmaður stefnanda persónulega greiddu málskostnað, ef dæmdur yrði. Þá hefur stefnandi einnig mótmælt sérstaklega kröfu stefnda um greiðslu kostnaðar vegna endurskoðunar, sbr. dskj. nr. 35, enda hefði af stefnanda hálfu eigi verið óskað slíkrar endurskoðunar og hún hefði verið óþörf fyrir mál þetta.

Við hinn munnlega flutning málsins lagði lögmaður stefnanda fram sem dskj. nr. 36-39 ljósrit reikninga úr bókhaldi stefnanda, eitt fyrir árið 1954, eitt fyrir árið 1955, eitt fyrir árið 1956, eitt fyrir árið 1960, er lögmaðurinn kvað sýna uppgjör viðskipta stefnanda og Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f, en á þessum reikningum komi ekki fram, að Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f hafi gert upp einhver viðskipti starfsmanna sinna við stefnanda, svo sem haldið sé fram af hálfu stefnda.

Þá var því haldið fram af hálfu stefnanda við munnlegan málflutning, að viðskipti stefnda við stefnanda hafi verið þess eðlis, að krafan í þessu máli byrjaði ekki að fyrnast fyrr en við upphaf næsta árs á eftir, þ. e. að fyrningarfrestur byrjaði ekki fyrr en í ársbyrjun 1961, og skipti ekki máli, hvort stefndi hafi fengið einhvern árlegan viðskiptareikning eða ekki, þar sem hann hafi, svo sem fram sé komið í málinu, fengið afhenta reikninga yfir úttektir sínar.

Stefndi hefur stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að svo sem lýst sé á dskj. nr. 12, sé hér um að ræða sex mál, er stefnandi hafi höfðað samtímis á hendur starfsmönnum Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f, fyrrum systurfyrirtæki stefnanda, og þar á meðal gegn stefnda. Öllum sé málunum það sammerkt, að til þeirra sé stofnað á röngum forsendum. Úttektarskuldirnar, hverjar sem þær hafi verið, hafi verið fulluppgerðar um hver mánaðamót, þ. á m. úttektir stefnda í þessu máli. Það, sem stefnandi leyfi sér að nefna „viðskiptamannabók", muni vera einhvers konar minniskladdi um vöruúttektir, en eigi ekkert skylt við bókhald í verzlunarlegum skilningi.

Vegna þess að úttekt stefnda hafi verið gerð upp mánaðarlega af Heildverzlun Haraldar Árnasonar h/f, hafi verið litið á þetta sem staðgreiðslu af forstöðumönnum stefnanda. Aldrei hafi stefnda verið sendir yfirlitsreikningar um áramót, sem þó hafi þurft að gera, ef slíta hafi átt fyrningarfrest, sbr. 3. gr., 1. mgr., laga nr. 14/1905, enda viti hann ekki betur en vöruúttekt hans hjá stefnanda hafi verið gerð upp og greidd jafnóðum.

Þá sé þess enn að geta fyrningarkröfum til áréttingar, að aldrei hafi stefndi heyrt umstefndrar kröfu getið í einu né neinu fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda í desember 1964.

Þess vegna sé krafizt sýknu af kröfum stefnanda þegar af þeim ástæðum, að krafan hafi verið fallin niður fyrir fyrningu, er til dómsmáls þessa hafi verið stofnað. Þó vilji hann leiða í ljós, hve rakalaus málshöfðunin sé án tillits til fyrningarástæðnanna með því að leggja fram sem dskj. nr. 5-8 nokkur sýnishorn kvittaðra reikninga stefnanda til Heildverzlunar Haraldar Árnasonar h/f á árinu 1958 ásamt skýringum á dskj. nr. 12. Sýni þessi skjöl, að þannig hafi hinar umþráttuðu vöruúttektir verið greiddar. Þá fylgi í sama skyni sem sönnun vottorð Guðbjagar Stefánsdóttur, dags. 17. febrúar 1965. Einnig fylgi ljósrit þriggja reikninga frá 1959, er sýni, að þá sem endranær hafi sami háttur verið hafður á um greiðslu.

Svo sem að framan er rakið, hefur gagnaöflun í málinu gengið treglega og reifun þess er nokkuð ábótavant, en eigi þykir þó nægileg ástæða til þess að vísa málinu ex officio frá dómi af þeim ástæðum.

Stefndi fékk ekki árlegan viðskiptareikning frá stefnanda, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14 frá 1905. Kröfur stefnanda á hendur stefnda vegna viðskipta þeirra fram til 31. desember 1959, sbr. 1. mgr. 5. gr. nefndra laga, voru því fyrndar, er stefna var birt í málinu,

sbr.. 3. gr. sömu laga, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af þeim.

Stefnandi hefur ekki lagt fram fullnægjandi bókhaldsgögn, svo sem t. d. frumreikninga með viðurkenningu stefnda um úttektir, eða viðskiptamannabók, sbr. 7. gr. laga nr. 62 frá 1938, er hér átti við, er sýni skuld stefnda við stefnanda vegna viðskipta árið 1960.

Eins og mál þetta er lagt í dóm, hefur stefnandi ekki gegn andmælum stefnda sannað, að stefndi skuldi honum fé fyrir úttektir nefnt ár, og ber því einnig að sýkna stefnda að þessu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson dómsformaður ásamt meðdómsmanninum Egger Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda.

Dómsorð:

Stefndi, Björgvin Þorbjörnsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Haraldarbúðar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði

meðdómsmannsins Jóhanns J. Ólafssonar stórkaupmanns

Ég er samþykkur ofangreindri niðurstöðu að öðru leyti en því, að eftir málavöxtum ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Föstudaginn 23. febrúar 1973.

Nr. 104/1972: **Davíð Sigurðsson**
(Jón E. Ragnarsson hdl.)
gegn
Málmi h/f
(Jón Finnsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu.

Áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði og hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með gjafsóknarleyfi 11. ágúst 1972, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1972. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.277.998.00 með 7% ársvöxtum frá 23. október 1969 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál..

Stefndi gerir þessar dómkröfur: „Að stefnda verði sýknað af kröfum áfrýjanda í máli þessu og því tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Til vara er þess krafizt, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar."

Lagður hefur verið fyrir Hæstarétt nýr útreikningur Guðjóns Hansens tryggingastærðfræðings, dags. 4. september 1972, vegna örorkutjóns áfrýjanda.

Munnlegur málflutningur í máli þessu fór fram hinn 3. marz 1972, en dómur var kveðinn upp 23. maí s. á. Með þessum drætti á dómsuppsögu hefur héraðsdómari freklega brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlazt, þá

er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 3. marz 1972 og skylda dómarann til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, kr. 30.000.00.

Það athugazt, að héraðsdómara hefur láðzt að kveða á um málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, sem hafði gjafsókn í héraði, sbr. 3. tölulið 173. gr. og 2. mgr. 174. gr. laga nr. 85/1936. Þá er athugavert, að ekki er annað bókað í þingbók um munnlegan málflutning í héraði en að báðir málflytjendur hafi talað tvisvar og lagt „málið í dóm með venjulegum fyrirvara".

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 3. marz 1972 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómara að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 30.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 23. maí 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. marz s.l. að loknum munnlegum málflutningi, var þingfest 2. júní 1971, er höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu af Davíð Sigurðssyni verkamanni, Blönduósi, með stefnu, útgefinni 23. maí 1971, gegn Málmi h/f til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 1.277.998.00 auk 8% ársvaxta frá 23. október 1969 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður

að kröfu stefnanda og dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Til vara gerir hann þá kröfu, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Stefnandi málsins, Davíð Sigurðsson, var fastur starfsmaður hjá Málmi h/f í naglaverksmiðju fyrirtækisins hér á Blönduósi. Vann hann við naglavélarnar. 23. október 1969 vann hann að venju við vélarnar, en hann og annar maður, Jóhannes Þórðarson, voru þá einu starfsmenn í verksmiðjunni. Aðalmaðurinn í verksmiðjunni og óskráður verkstjóri, eins og stjórnarformaður fyrirtækisins kallar hann, Sveinbjörn Magnússon, var þennan dag forfallaður vegna veikinda. Einhver rafmagnstruflun var, og stöðvuðust vélarnar, og var Sævar Snorrason rafvirki fenginn til þess að líta á bilunina. Hvorugur þessara aðilja var þó sjónarvottur að slysinu. Þó var ekki önnur bilun finnanleg en að öryggi höfðu farið. Þegar svo stefnandi, Davíð Sigurðsson, ætlaði að setja vélina í gang aftur, vildi það óhapp til, að nagli hrökk upp úr vélinni og í auga Davíðs með þeim afleiðingum, að augað má heita honum ónýtt, og var hann frá vinnu um langan tíma á eftir, eins og síðar verður getið.

Um þessa atvikalýsingu eru aðiljar í höfuðdráttum sammála. Í vitnaleiðslu, sem fram fór 3. marz s.l., kom fram hjá vitninu Sveinbirni Magnússyni, sem hafði unnið hjá fyrirtækinu nokkuð langan tíma, og einnig hjá stefnanda, Davíð Sigurðssyni, að vélin eða vélarnar urðu eiginlega ekki settar í gang nema á einn veg, það er, að starfsmaðurinn hjálpar til með því að taka í kasthjólið og teygir sig um leið í hnapp, sem ræsir vélina. Og þannig fór stefnandi að í þetta sinn, þannig að viðbrögð hans við gangsetningu voru eðlileg á allan hátt miðað við það, sem hann hafði lært og við gekkst, og raunar eina færa leiðin til þess að setja vélina í gang.

Það kemur fram af gögnum málsins, að vélarnar hafi verið og hafi átt að vera hlífðarlausar, og vart verið viðkomið hlífum á þeim, og alls öryggis gætt eða þess öryggis, sem krafizt er af þessum vélum samkvæmt skýrslu til Öryggiseftirlits ríkisins.

Starfsmennirnir eða í þessu tilfelli stefnandi, Davíð Sigurðsson, hafði ekki hlotið neina sérstaka þjálfun í meðferð vélanna, ekki aðra en þá, að honum var sagt, hvernig þær ynnu, og hann kunni sem sagt að fara með þær. Ekki hafði hann neinar öryggishlífar. Fyrst í stað ekki eyrnahlífar, en svo komu þær síðar. En ekki til þess að hlífa aldlitinu eða augunum. Telja vitnin Sveinbjörn Magn-

ússon og Jón Hannesson, að erfitt sé að vinna með andlitshlífíar, vegna þess að nauðsyn sé að hafa heyrnahlífar og komið sé þá svo mikið á höfuðið, að það geri þeim erfitt um vik.

Þá hefur stefndi lagt fram mynd af nýrri naglavél, en þessar naglavélar, sem Málmur h/f á, eru orðnar nokkuð gamlar, og á þessari nýju naglavél er ekki hægt að sjá neinar hlífar, og virðist hún í fljótu bragði líkjast mjög þessum gömlu naglavélum að öllum frágangi.

Það virðist því svo, að aðbúnaður allur hafi verið í góðu lagi og þetta slys sé ekki hægt að rekja beint til vanbúnaðar af hálfu vinnuveitanda. Né heldur er hægt um að kenna vanrækslu eða klaufaskaps starfsmanns á nokkurn hátt, nema þá helzt því að hafa ekki hreinsað naglann úr vélinni, áður en hann ræsti hana, en ósannað er, að honum hafi verið kennt að gera það.

Skaðabótaskylda atvinnurekanda eða húsbónda er því ekki fyrir hendi sökum vanbúnaðar á nokkurn hátt né heldur verður um hana að ræða vegna mistaka af hendi starfsmanna hans. Ekki verður heldur séð, að þessi starfsgrein sé hættuleg í sjálfu sér. Getur því skaðabótaskylda ekki byggzt á þeirri forsendu. Háttsemi og framferði starfsmannsins, stefnanda, virðist einnig í einu og öllu hafa verið óaðfinnanleg. Hér er því um að ræða óhappatilviljun, sem skeður vegna orsaka, sem ekki eru kunnar. En naglinn, sem meiðslunum olli, spýttist úr naglavélinni, um það er ekki deilt. Þessi möguleiki er því til, að naglavélarnar geti verið hættulegar, þótt þær hafi ekki verið taldar það. Þykir því rétt að leggja skaðabótaskylduna á herðar Málmi h/f, þar sem ekki er grundvöllur fyrir sakarskiptingu þegar af þeirri ástæðu, að ekki verður séð, að um sök hjá aðiljum hafi verið að ræða. Verður því sú varavarnarástæða stefnda ekki tekin til greina við ákvörðun bóta fyrir vinnutjón, en höfð til hliðsjónar við ákvörðun um miskabætur.

Dómarinn lítur því svo á, að stefnda, Málmi h/f, beri að bæta stefnanda tjón hans að verulegu leyti.

Kröfur stefnanda eru þríþættar. 1. Missir atvinnutekna. 2. Miskabætur fyrir þjáningar og lýti. 3. Útlagður kostnaður. 1. Samkvæmt örorkumati Stefáns Guðnasonar tryggingayfirlæknis, dags. 12. desember 1970, er örorka stefnanda metin 100% frá slysdegi 23. október 1969 til 30. nóvember 1970 og síðan 20% varanleg örorka. Svona útfærsla á örorkumötum mun vera samkvæmt venjum Tryggingastofnunar ríkisins. Annað hvort er sá slasaði vinnu-

fær eður eigi, en rökrétt er það ekki, þótt ekki verði farið nánar út í það, enda örorkumatið ekki vefengt.

Guðjón Hansen, cand. act., hefur reiknað út vinnutjón stefnanda samkvæmt þessu örorkumati. Stefnandi virðist hafa haft mjög litlar tekjur næstu árin á undan, svo erfitt hefur reynzt að meta tjón hans, en venja er að taka að jafnaði 3 næstu árin á undan. Tryggingafræðingurinn hefur tekið þrjá valkosti: a. miðað við vinnutekjur stefnanda árið 1969, b. miðað við dagvinnutekjur iðnverkamanns og c. miðað við algengar tekjur verkamanna.

Tekjur manna eru einstaklingsbundnar. Þess vegna er eðlilegt, að miðað sé við tekjur stefnanda þrjú síðustu ár, en dómari getur fallizt á, að í þessu tilviki verði aðeins miðað við árið 1969, enda útreikningnum ekki mótmælt af gagnaðilja og tjónið metið samkvæmt því eða eftir grundvelli a, en tjónið er þá vegna tímabundins örorkutaps til 30. nóvember 1970 kr. 95.591.00 og vegna varanlegs örorkutaps eftir þann tíma kr. 241.503.00, eða samtals kr. 337.094.00. Frá þessu dragast slysabætur Tryggingastofnunar ríkisins, eða kr. 279.220.00, eða tap stefnanda er samkvæmt þessu kr. 59.774.00, sem rétt er, að stefndi, Málmur h/f, greiði stefnanda með 8% vöxtum frá 1. janúar 1970. Er þá tekið tillit til jafngreiðslna slysabóta, en ekki er hægt að miða við slysdag þegar af þeim ástæðum, að stefnandi fær kaup greitt í viku frá slysi samkvæmt kjarsamningum.

2. Miskabætur. Slíkar bætur verða alltaf álitamál. Auðvitað fylgja svona áverka þjáningar og óþægindi. Lýti vegna þessa slyss verða, sem betur fer, ekki varanleg. Í örorkumati á fskj. nr. 7 er vitnað í vottorð Gissurar Péturssonar, augnlæknis á Akureyri, dags. 26. maí 1970:

„Horfur augans: Eins og er hefur sjúklingurinn ekkert gagn af auganu. Markmiðið, sem nú er stefnt að, er að lægja bólguna, sem er með auganu hið innra. Ef það tækist og halda mætti því bólgufríu upp frá því, er möguleiki á því, að með aðgerð mætti fjarlægja augasteininn og eftirstandandi lithimnuleifar og þá mætti ef til vill með linsu á hornhimnu (contact lens) með áteiknaðri lithimnu gefa honum nothæfa sjón á auganu, sem yrði honum a. m. k. mikils virði, t. d. í því tilfelli, að eitthvað kæmi fyrir hægra augað og það yrði honum gagnslaust. Ef ekki tekst að lægja bólguna í auganu og hún verður alveg chronisk, hlýtur augað að eyðileggjast fyrr eða síðar. Einnig er alltaf möguleiki

á sjónhimnulosi í svona útleiknu auga og gæti það átt sér stað eftir eitt, tvö eða fleiri ár, um slíkt verður ekkert sagt með vissu. Einnig er góður möguleiki á því, að þótt bólgan verði yfirunnin, geti hvenær sem er þar eftir hafizt gláka í auganu. Nema því aðeins, að áðurgreind aðgerð verði framkvæmd, verður augað honum alveg gagnslaust, og jafnvel þótt sú aðgerð tækist með ágætum, verður augað aldrei hálfdrættingur á við það heilbrigða, þótt um notagildi þess verði ekkert fullyrt á þessu stigi.

Varðandi höfuðverk þann, sem þjáð hefur sjúklinginn að undanförnu og meðal annars valdið því, að hann hefur orðið óvinnufær, er það mitt álit, að hann standi ekki í beinu sambandi við augað, eins og það nú er eða hefur verið frá áramótum. Hins vegar eru líkur fyrir því, að augnaskaðinn sé óbeinlínis valdur að höfuðverknum eða þáttur í honum, en sjúklingur er í eðli sínu taugaóstyrkur og reykir mikið, og kom þetta glöggt fram við sjúkrahúslegu.

Hann hlaut í bernsku höfuðáverka, sem m. a. leiddi til rannsóknar í ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn, og kann þetta að vera tengt. Sjúklingi var ráðlagt að leita tauga- og geðsjúkdómasérfræðings, Kristjáns Þorvarðssonar læknis í Reykjavík, vegna höfuðverkjar síns, en hann hafði með sjúklinginn að gera í sambandi við áðurgreindan höfuðáverka."

Og síðan vitnað í vottorð Kristjáns Þorvarðssonar læknis, Reykjavík, dags. 5. júní 1970:

„Davíð Sigurðsson, f. 12. 9. 1937, til heimilis að Blönduósi, hefir verið hjá mér til athugunar síðan 28. sl. (sic) vegna afleiðinga af áverka á auga, er hann hlaut 23. okt. s.l. Síðan hefur hann ekki getað unnið vegna stöðugs höfuðverkjar, sem hann segir, að hafi ágerzt mjög við áreynslu og kulda. Auk þess hefur hann orðið mjög skapillur og geðstirður á heimili, og hefur hann þess vegna leitað mín sem tauga- og geðlæknis.

Ég tel, að höfuðverkurinn geti hæglega verið vefrænn (angiospastiskur), en auk þess blandast psykogenar orsakir, áhyggjur um fjárhagslega afkomu vegna fjölskyldunnar. Hann er því haldinn psykaneurotiskri depression. Ég hef gefið honum stemetil og valium, og er hann nú betri, höfuðverkurinn minni, en ég tel ekki, að hann sé fær til vinnu enn og of snemmt að gera tilraun til vinnu. Hann mun leita mín síðar, ef ástandið ekki batnar að fullu."

Eins og fram kemur í mati Guðjóns Hansens, cand. act., á fskj. 8, voru tekjur stefnanda sáralitlar, vegna þess að hann hefur lít-

ið unnið næstu árin fyrir slysið. Eru líkur fyrir því, að heilsa hans hafi ekki verið í fullkomnu lagi fyrir slysið, svo hann hafi ekki af þeim sökum getað aflað tekna sem aðrir menn.

Í sjálfu sér skiptir ekki máli hvort sjúkdómur er vefrænn eða á sálinni. Miðað við það, sem áður er fram komið, verður að telja, að stefnandi hafi ekki verið alveg heill heilsu fyrir slysið, og hefur það vafalítið áhrif á líðan hans eftir slysið, þannig að augnmissirinn hefur lagzt þyngra á hann en annars. Þegar allar aðstæður eru vegnar og haft í huga, að stefnda er gert að greiða fullt vinnutjón og aðeins eitt ár reiknað aftur, sem er stefnanda mikið hagstæðara, þykir rétt, að hann beri að nokkru þjáningar án bótagreiðslu, og þykja kr. 75.000.00 hæfilegar bætur.

3. Krafa um endurgreiddan kostnað. Stefnandi gerir kröfu um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar, kr. 33.193.00. Fylgiskjöl eru fyrir kr. 20.803.00. Þar eru m. a. reikningar vegna örorkumats og fyrir útreikninga tryggingafræðings, samtals að upphæð kr. 6.200.00. Svo virðist sem þessi upphæð eigi ekki að fylgja þessum lið, heldur málskostnaði. Einnig er þarna lyfjareikningur, kassakvittun að upphæð 1.771.00 án frekari skýringar, eða t. d. hvort endurgreiðsla hafi fengizt frá sjúkrasamlagi. Það vantar yfirlit yfir þennan kostnað, aðeins tíndar saman kvittanir án nánari skýringa. Í sjálfu sér vefengir dómarinn ekki kostnaðinn, en ekki er hægt gegn mótmælum stefnda að dæma hann til greiðslu alls þessa kostnaðar. Hæfileg greiðsla er metin 14.000.00, en það er nálægt sú upphæð, sem fylgiskjölum er skilað fyrir.

Þá hefur stefnandi gert kröfu um málskostnað, og þykir verða að taka hana til greina í höfuðatriðum.

Málskostnaður sundurliðast þannig:

Málflutningslaun	kr. 39.000.00
Ferðalög, dagpeningar	— 6.000.00
Vottorð vegna málssóknar	— 6.200.00
Útlagður ferðakostnaður	— 15.353.00
	Kr. 66.553.00

Dómsorð:

Stefndi í máli þessu, Málmur h/f, Blönduósi, greiði stefnanda, Davíð Sigurðssyni, kr. 173.774.00 — eitthundraðsjötíuogþrjúþúsundsjöhundruðsjötíuogfjórar — með 8% vöxtum frá 1. janúar 1970.

Þá greiði stefndi stefnanda kr. 66.553.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. febrúar 1973.

Nr. 89/1972: **Baldur Freyr Guðjónsson**
(Örn Clausen hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Fávikning úr starfi. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. júlí 1972. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 104.184.00 með 7% ársvöxtum af kr. 34.728.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar 1969, af kr. 69.456.00 frá þeim degi til 1. marz 1969 og af kr. 104.184.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti 8. nóvember 1972.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Hér fyrir dómi hefur stefndi lýst yfir því, að hann falli frá þeirri varnarástæðu, að hann eigi ekki aðild máls þessa og að hann viðurkenni greiðsluskyldu sína gagnvart áfrýjanda, ef áfrýjandi verði talinn eiga rétt á bótum vegna brott-

vikningar úr starfi hjá varnarliði Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Í ráðningarsamningi áfrýjanda frá 19. maí 1968 er greint frá launum og öðrum ráðningarkjörum áfrýjanda. Um uppsagnarfrest skyldi fara eftir ákvæðum 13. gr. kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands 9. marz 1966, sem málsaðiljar eru sammála um, að gilt hafi á þessum tíma. Segir þar, að gagnkvæmur uppsagnarfrestur skuli vera þrír mánuðir miðað við mánaðamót.

Bréf fyrirsvarsmanns varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi til áfrýjanda 29. ágúst 1968 fól ekki í sér lögmæta uppsögn. Stefndi hefur ekki heldur sannað þær sakir á hendur áfrýjanda, er heimiluðu að vísa honum fyrirvaralaust úr starfi án bóta.

Viðurkennt er í málinu, að áfrýjandi hafi verið látinn hætta störfum 22. nóvember 1968 og að honum hafi ekki verið greidd laun nema til loka nóvembermánaðar það ár. Á áfrýjandi því rétt á bótum vegna missis launa sinna í þrjá mánuði frá 1. desember 1968 að telja.

Bótakröfu sína fyrir hvern mánuð sundurliðar áfrýjandi þannig:

1.	Grunnlaun og vísitöluuppbót ..	kr. 23.487.00
2.	Laun fyrir yfirvinnu	— 1.675.00
3.	Laun fyrir ferðir frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur ..	— 5.566.00
4.	Bifreiðastyrkur	— 4.000.00
		Kr. 34.728.00

Um 1-3. Kröfuliðir þessir sættu ekki andmælum í héraði og verða því teknir til greina.

Um 4. Af ráðningarsamningi áfrýjanda má ráða, að bifreiðastyrkur þessi sé greiðsla til áfrýjanda fyrir notkun eigin bifreiðar í sambandi við skyldustörf hans. Verður við það að miða, að áfrýjanda hafi sparazt þessi kostnaður, er hann

hætti störfum hjá varnarliðinu. Verður kröfuliður þessi því ekki tekinn til greina.

Samkvæmt þessu verður stefnda dæmt að greiða áfrýjanda kr. 92.184.00 með 7% ársvöxtum af kr. 30.728.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar s. á., af kr. 61.456.00 frá þeim degi til 1. marz 1969 og af kr. 92.184.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málalokum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði, sem ákveðst kr. 28.000.00. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Baldri Frey Guðjónssyni, kr. 92.184.00 með 7% ársvöxtum af kr. 30.728.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar s. á., af kr. 61.456.00 frá þeim degi til 1. marz 1969 og af kr. 92.184.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 28. 000.00.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1972.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 30. júní 1970. Munnlegur málflutningur fór fram 10. apríl s.l., og var málið dómtekið að honum loknum. Málið var endurupptekið þann 28. apríl s.l., nokkur ný gögn voru lögð fram og málið dómtekið á sama degi að endurflutningi loknum.

Stefnandi máls þessa er Baldur Freyr Guðjónsson endurskoðandi, nú búsettur í Danmörku.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að

greiða kr. 104.184.00 með 8% ársvöxtum af kr. 34.728.00 frá 1. janúar 1969 til 1. febrúar sama ár og af kr. 69.456.00 frá þeim degi til 1. marz 1969 og af kr. 104.184.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til vara hefur stefndi krafizt þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur eigi borið árangur.

2.0.

2.1. Stefnandi máls þessa hóf störf hjá bandaríska varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, þ. e. Navy Exchange, þann 15. nóvember 1967 sem skrifstofustjóri. Þann 19. maí 1968 að reynslutíma loknum gerði varnarliðið við hann sérstakan launasamning, sem hljóðar í meginatriðum svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„SÉRSTAKUR LAUNASAMNINGUR.

Eftirfarandi samningur er hér með gerður milli yfirmanns Navy Exchange, flotastöð Bandaríkjanna, Keflavík, sem í samningi þessum nefnist vinnuveitandi, og hr. Baldurs F. Guðjónssonar, sem í samningi þessum nefnist vinnuþegi:

1. Vinnuþeginn er ráðinn til að annast stjórnunarstörf, sem greinilega eru ofar 10. launaflokki skv. samningi skrifstofu- og verzlunarmanna í Reykjavík. Vinnuþega er gert skylt að framkvæma öll skyldustörf samkvæmt stöðu sinni að eigin frumkvæði og samkvæmt fyrirmælum eftirlitsmanns og eftir beztu getu.

2. Vinnuþegi fellst á, að notuð verði ámóta starfsflokkun í flotastöðinni og gildir fyrir borgaraleg störf í Bandaríkjunum.

3. Starfsflokkur, laun og skilmálar vinnuþegans ákvarðast eins og hér segir:

a)	*Starfsflokkur:*	IS-8
b)	*Starfsheiti:*	Skrifstofustjóri
c)	*Laun:*	Kr. 20.603.00 á mánuði að kaupvísitölu meðtalinni.
d)	*Bifreiðastyrkur:*	Vinnuþegi fær bifreiðastyrk, er nemur kr. 4.000.00 á mánuði, og sama ferðakostnað og greiddur er öðrum ís-

lenzkum starfsmönnum (strætisvagnagjöld og greiðsla að og frá hliði). Greiðsla bifreiðastyrksins telst bætur fyrir notkun bifreiðar í einkaeign vinnuþega í sambandi við opinber skyldustörf vinnuþega.

.....

f) *Aukabætur:* Vinnuþega verður greiddur aukalegur mismunur, er nemi 14% af mánaðarlegu grunnkaupi (að launavísitölu meðtalinni) í bætur fyrir yfirtíð eða helgidagavinnu, sem krafizt er umfram 40 tíma vinnuviku.

g) *Vinnutími:* Vinnutími grundvallast á fimm daga, fjörutíu tíma viku, og af þeim tímum eru 38 taldir reglulegar vinnustundir og 2 klukkustundir eftirvinna .....

i) *Aðrir skilmálar:* Aðrir ráðningarskilmálar ákvarðast þeir sömu og er að finna í sameiginlegum samningum milli Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands. Hækkanir eða lækkanir samkvæmt ofangreindum samningum leiða til sams konar lagfæringa á launum samkvæmt samningi þessum, nema breytingar takmarkist við viss lágmarks- eða hámarkslaun skv. lögum eða öðrum venjum.

4. Samningur þessi tekur gildi 19. maí 1968.

Baldur F. Guðjónsson
(Vinnuþegi)

E. F. Mouton
yfirmaður Navy Exchange
birgðaskrifst. flotans
Karl H. Masters
vinnumálafulltrúi."

Starfsráðning stefnanda fór fram fyrir milligöngu ráðningarskrifstofu varnarmáladeildar. Í vottorði ráðningarskrifstofu þessarar, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir, að svo sem venja sé til, hafi ráðning stefnanda farið fram svo sem um geti í 6. gr., 4. mgr., varnarsamnings Íslands og Bandaríkja Ameríku frá 8.

maí 1951, þ. e. að starfsráðning stefnanda hafi verið framkvæmd með aðstoð og farið um hendur ráðningarskrifstofu varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli.

Þann 29. ágúst 1968 ritaði E. F. Mouton flotaliðsforingi, yfirmaður Navy Exchange, bréf til stefnanda, en efni þess nefnist í þýðingu „Aðvörunarbréf vegna ófullnægjandi starfs". Eru þar bornar fram aðfinnslur á hendur stefnanda máls þessa, sem eigi þykir þó ástæða til að geta nánar hér, en í lok bréfsins segir svo: „Þér eruð hér með settur á reynslutíma næsta þriggja mánaða tímabil frá dagsetningu bréfs þessa. Úrbætur á göllum yðar þurfa þegar að koma í ljós, og krafizt mun áframhaldandi úrbóta að reynslutíma loknum. Sjáist ekki fullnægjandi lagfæring, kann að vera nauðsynlegt að ljúka ráðningu yðar í lok reynslutíma þessa samkvæmt tilvísun b)."

Ekki er um það deilt í málinu, að yfirmaður Navy Exchange, sem þá var C. P. Scruggs, hafi látið stefnanda hætta störfum þann 22. nóvember 1968. Ástæður til uppsagnarinnar er að finna í bréfi fyrrnefnds yfirmanns, dags. 21. nóvember 1968, til stefnanda, en bréf þetta virðist ekki hafa borizt stefnanda fyrr en eftir miðjan desember 1968. Bréf þetta hljóðar svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Hjálagt sendist eintak af eyðublaði fyrir breytingar á launakjörum (SS/129) vegna uppsagnar yðar frá Navy Exchange.

Hinn 29. ágúst 1968 setti yfirmaður Navy Exchange yður á þriggja mánaða reynslutíma og tilkynnti yður, að ef ekki sæist úrbót á reynslutímanum, yrði nauðsynlegt að ljúka ráðningu yðar að reynslutímanum afloknum.

Hinn 21. nóvember 1968 lauk ráðningu yðar hjá Navy Exchange vegna þess, að fullnægjandi úrbót á starfsemi yðar var ekki sýnd á þriggja mánaða reynslutímabilinu. Þeir sérstöku gallar, sem um gat í aðvörunarbréfinu um ófullnægjandi störf, eru enn fyrir hendi.

Uppsögn yðar stafar af því, að ekki hefur komið til fullnægjandi úrbóta á þriggja mánaða reynslutímabilinu og að um ámælisverða vanrækslu hefur verið að ræða, með því yður hefur láðst að gera jákvæðar ráðstafanir til að gegna skyldustörfum yðar á réttan hátt. Meðal gallanna er það, sem hér segir:

1. Fölsun umsóknar. Þér undirrituðuð vottorð á umsókn yðar þess efnis, að efni umsóknarinnar væri sannleikanum samkvæmt eftir beztu vitund yðar. Í vottorðinu segir svo: „Mér er ljóst, að

ef einhver frásögn eða upplýsingar reynast ósannar eða villandi, getur slík fölsun orsakað fyrirvaralausan brottrekstur minn". Yður láðist að gefa fullkomna skýrslu um störf yðar, og þar af leiðandi er það eitt nægilegt fyrir brottrekstri yðar frá Navy Exchange.

2. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að halda fullkomnar og kerfisbundnar skrár um viðskipti. Þessi vanhöld á nauðsynlegum störfum samkvæmt vinnulýsingu yðar hafa orsakað það, að reikull og skakkur ágóði kemur fram í rekstrarreikningum birgðaskrifstofu flotans. Þér reyndust algerlega óhæfur til að skilja og túlka rekstrarreikningana og til að koma því í verk, að tryggt yrði, að bókhald væri rétt og skýrslur gefnar og það þegar á þurfti að halda.

3. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að koma af stað tafarlausri eftirgrennslan eftir vörum, sem vantaði, og að gefa skýrslur um skemmdar og/eða glataðar vörur. Vanræksla yðar við að gera ráðstafanir í tíma til að semja skýrslur, eins og ætlast var til af yður sem skrifstofustjóra, hefur þegar kostað Navy Exchange þúsundir dala og enn fleiri þúsundir dala munu tapast á því. Þér hafið ekki rækt skyldur skrifstofustjóra sem skyldi.

4. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að svara fyrirspurnum birgðaskrifstofu flotans og seljenda. Þér báruð ábyrgð á því að tryggja, að þegar væru gerðar ráðstafanir til að láta útbúa svör við öllum fyrirspurnum varðandi starfsemi undir yðar stjórn. Vanræksla yðar við að svara í tíma og að láta undir höfuð leggjast að svara hefur stórskaðað Navy Exchange. Vanræksla yðar við að gera vátryggingaskýrslur gæti hafa haft alverlegar afleiðingar, ef viðkomandi starfsmenn hefðu látizt. Starfsmennirnir og væntanlegir eftirlifandi ættingjar þeirra töldu, að þeir væru tryggðir fyrir þúsundir dala. Vanræksla yðar og aðgerðarleysi var mjög alvarleg yfirsjón. Algjört aðgerðarleysi yðar varðandi forgöngu í sambandi við framkvæmd skrifstofustarfa í tíma og eins og vera bar varð til þess, að fyrirspurnir bárust frá birgðaskrifstofu flotans og seljendum um það, hvers vegna vissir hlutir væru ekki framkvæmdir eða hvers vegna reikningar seljenda væru ekki greiddir. Fyrirspurnir þessar voru ekki afgreiddar, og gerði það vandamálin enn flóknari.

5. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að sjá yfirmanni Navy Exchange fyrir nothæfum upplýsingum varðandi rekstrarafkomu sérhverrar sölubúðar. Var þessara upplýsinga krafizt af yður sem skrifstofustjóra, og sem slíkur báruð þér ábyrgð á að útvega þær.

6. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að gegna skyldustörfum yðar, með því að þér eydduð fleiri klukkustundum af greiddum vinnutíma Navy Exchange í persónuleg langlínusamtöl. Þér greidduð mjög fá þessara langlínusamtala. Vinnutímasóun yðar í að sinna eigin hagsmunum, sem kostað hafa stofnunina tíma yðar og vangoldna símareikninga, hefur verið Navy Exchange mjög skaðleg.

7. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að sinna skyldum yðar, þegar þér tókuð við kr. 4.000.00 ferðastyrk á mánuði um meira en þriggja mánaða tímabil frá því í júlí þar til í nóvember 1968, þegar þér höfðuð ekki gangfæra bifreið, en þá var Navy Exchange bifreið til reiðu, ef nauðsynlegt var fyrir yður að nota hana.

8. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að gera ráðstafanir í tíma til að láta gera við skrifstofuvélar og fylgja eftir tilraunum til að fá viðgerðir framkvæmdar svo og að gefa yfirmanni Navy Exchange skýrslu um varahlutaþarfir fyrir skrifstofuvélar í tíma.

9. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að gera ráðstafanir til að gera breytingar á kaupi íslenzkra starfsmanna og að fylla út eyðublöð undir starfsskýrslur fyrir starfsmenn, sem þér höfðuð eftirlit með.

10. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að gefa umbeðnar skýrslur um ferðalög yðar fyrir Navy Exchange og að gefa skýrslur um ferðalög annarra starfsmanna Navy Exchange.

11. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að upplýsa yfirmann Navy Exchange um utanaðkomandi beiðnir um upplýsingar varðandi starfsfólk Navy Exchange.

12. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að gera ráðstafanir og það í tíma til að lagfæra það, sem aflaga fór á svæði því, sem þér báruð ábyrgð á, samkvæmt skýrslu um heimsóknir ráðgefandi fulltrúa birgðaskrifstofu flotans í febrúar, maí, júní og ágúst 1968.

13. Þér vanræktuð á ámælisverðan hátt að senda birgðaskrifstofu flotans beiðni um sérstaka hóptryggingu (líftryggingu) í febrúar 1968, eins og krafizt var. Umsókn þessi var lögð fram í nóvember 1968 og ekki fyrr en eftir móttöku fyrirspurnar vegna birgðaskrifstofu flotans. Vanræksla þessi hefði getað kostað bótaþega þúsundir dala.

Í handbók Navy Txchange segir, að óánægður starfsmaður, sem sagt hefur verið upp og uppsögnin hefur þegar komið til framkvæmda, verði að leggja vandamál sitt skriflega og beint fyrir

yfirmann Navy Exchange innan tveggja vikna frá dagsetningu uppsagnar.

Vinsamlegast,
C. P. Scruggs
liðsforingi Bandaríkjaflota
yfirmaður Navy Exchange."

Hér fyrir dómi og í bréfi, dags. 24. nóvember 1969, hefur stefnandi tjáð sig um þær aðfinnslur, sem fram koma í áðurgreindu bréfi yfirmanns Navy Exchange, dags. 21. nóvember 1968. Eftir atvikum er hér rétt að rekja efni síðastgreinds bréfs, en þar eru skýringar stefnanda raktar í sömu töluröð og í framangreindu bréfi yfirmanns Navy Exchange. Meginefni bréfs þessa hljóðar annars svo:

„1. Þetta atriði var einungis af misgáningi. Umsókn sú, sem fyllt er út, þegar sótt er um vinnu á Kef.flugvelli, er vélrituð af skrifstofustúlku hjá ráðningarstjóra. Umsækjandi skrifar síðan undir þessa umsókn. Atvinnuumsókn mína hjá N. E. (Navy Exchange) skrifaði ég síðan eftir þeirri fyrrnefndu, en þar hafði fallið niður að geta um, að ég hafði starfað hjá Loftleiðum..

2. Út í hött. Þarna er verið að gera úlfalda úr mýflugunni, því að það eina, sem orsakaði skekkju á reikningum N. E., voru reikningsskekkjur, sem þá voru leiðréttar í næsta mánuði.

3. Í sambandi við þetta atriði getur starfsfólkið borið þess vitni, hversu mikil áherzla var einmitt lögð á að hreinsa upp þesshátt mál, það er einnig hægt að sanna það með tölum úr skýrslum og reikningum N. E., að á þessu sviði var gert stórt átak.

4. Allir reikningar frá sölufyrirtækjum (Vendors) voru ávallt greiddir, um leið og öll gögn höfðu borist mér í hendur, sem nauðsynleg voru til þess, að greiðsla gæti farið fram.

5. Hér er um að ræða atriði, sem fyrst kom til sögunnar, þegar Scruggs tók við sem N. E. O. (N. E. Officer) 25/9 1968. Áður hafði þessa ekki verið krafizt. Ég hófst strax handa við að útbúa nauðsynleg eyðublöð til þessa og útskýra og undirbúa starfsfólk til að inna þetta af hendi. Þar eð ekki vannst tími til sökum annríkis að ganga frá þessu fyrir októbermánuð, var það samþykkt af Scruggs, að þessi skýrsla yrði fyrst gerð í nóvember, og var verið að vinna að þessu samhliða öðrum störfum, er ég lét af starfi hjá N. E.

6. Þess hafði aldrei verið getið, hvorki munnl. eða skriflega, að ekki væri heimilt að hringja til Reykjavíkur. Persónuleg sam-

töl borgaði ég ávallt fyrir. Þessi samtöl fóru ýmist fram í venjul. vinnutíma eða að kvöldi, er ég þurfti að vinna eftirvinnu. Þessi samtöl fóru sjaldnast yfir 3 mín. Varðandi þann tíma, sem þarna fór í persónuleg samtöl, má geta þeirra stunda, sem ég vann umfram það, er ég fékk greitt fyrir, um kvöld, helgar og á öðrum frídögum.

7. 29. ágúst, þegar ég fékk aðvörunarbréf frá N. E. O., útskýrði ég fyrir þáverandi N. E. O. LTCR Mouton, að þegar bifreið mín var á verkstæði, og ég þyrfti á bíl að halda fyrir fyrirtækið, tæki ég ýmist leigubíl eða fengi lánaðan bíl hjá kunningjum og samstarfsmönnum, og greiddi ég þeim þá fyrir á einn eða annan hátt, og sá hann ekkert athugavert við það. Þegar um var að ræða flutning á tækjum eins og skrifstofuvélum eða öðrum skrifstofuáhöldum, notaði ég bifreið fyrirtækisins, þó ávallt með samþykki N. E. O., enda hafði hann einn lykil að þessari bifreið. Eins vissi hann um allar launagreiðslur til mín, þar eð hann einn gat samþykkt launaskrá og undirritað launaávísanir, eins hlaut það að vera hans að gera launabreytingar hjá mér, en að öðru leyti vísast til áðurnefnds samkomul. þ. 22/8.

8. Bæði starfsfólk og viðgerðarmenn eru til vitnis um, að gert var við allar skrifstofuvélar, eins fljótt og auðið var. Þó er rétt að geta þess, að tvær vélar, sem skemmdust eða biluðu eftir aðeins fárra daga notkun, og þegar ekki reyndist unnt að fá varahluti hérlendis, fór ég þess á leit við aðila hjá N. S. S. O. (aðalskrifstofa N. E. í New York) að sjá um útvegun á umræddum varahlutum. Þegar þeir ekki bárust, bað ég einn þeirra manna, sem komu til þess að endurskoða hjá N. E., að annast þetta fyrir mig, þar eð það var fljótlegra en með bréfi og hefði átt að tryggja fljótari lausn málsins. Þegar ekkert skeði, sendi ég sjálfur bréf ásamt brotnu varahl. Svar hafði ekki borizt, þegar ég lét af störfum.

9. W. P. R. voru alltaf fyllt út, þegar það átti að framkvæmast, svo og Change in Payroll Status. Þegar um miklar og víðtækar launabreytingar var að ræða í sambandi við umfangsmikla launasamninga, þurftum við að hafa í höndunum gögn svo sem launataxta og umburðarbréf frá starfsmannahaldinu á Kef.v.flv. Það kom fyrir, að umrædd gögn bárust það seint, að ekki reyndist unnt að ganga frá Change in Payroll Status fyrir útborgunardag.

10. Travel Reports þurfti að gera á sérstök eyðubl. Þessi eyðubl. voru ekki fyrir hendi þrátt fyrir beiðni til N. S. S. O. að láta slíkt í té. Þessi beiðni var ítrekuð, og bárust umrædd eyðubl. mér

í hendur í okt.-nóv. 1968. Þar eð ekki lá ljóst fyrir mér um ýmiss atriði í útfyllingu þessa eyðubl., ákvað ég að bíða endurskoðanda frá N. S. S. O., sem von var á í nóv.

11. Það var þá hans að spyrja. En ég lét N. E. O. fá allar þær uppl., sem ég taldi, að hann hefði þörf fyrir. Þó er kannski rétt að geta þess, að LTCR Mouton skipti sér sáralítið af mínu starfi og krafði ekki upplýsinga að sama skapi og Scruggs, en ég hélt áfram að framkvæma störf, eins og ég hafði gert, áður en Scruggs kom.

12. Öll þau atriði, sem fram komu frá umræddum endurskoðendum, voru leiðrétt. Þessar skýrslur þyrftu að koma fram fyrir rétt, því umsögn í þeim um skrifstofuhaldið er síður en svo mér í óhag.

13. Umrædd umsókn glataðist, og vissi ég ekki betur en hún hefði verið send, hún kom síðar í ljós og var þá send strax til N. S. S. O., og hafði þá ekkert komið að sök, þótt þetta hefði dregizt. Hér gæti verið um að ræða mistök hjá þeim aðilum, sem sáu um póst og annað slíkt, en allur póstur fór um hendur einkaritara N. E. O. Öll bréf (út og inn) lágu í hrúgum á afgreiðsluborði eða á gólfinu, og um gekk fjöldi manns til að ná í eigin bréf."

Hér fyrir dómi hefur stefnandi m. a. borið, að er hann tók við störfum skrifstofustjóra, hafi legið fyrir ólokin verkefni, sem hann hafi reynt að greiða úr eftir beztu getu. Ýmislegt hafi mátt vinna fyrr, en til þess hafi þó hvorki verið tími né mannafli. Hann sagði, að er hann hætti störfum, hafi verið búið að vinna upp það, sem fyrir hafi legið, er hann byrjaði.

Stefnandi kvaðst örugglega ekki hafa þegið laun lengur hjá varnarliðinu en til 1. desember 1968. Hann kveðst hafa reynt að fá vinnu, eftir að uppsögnin tók gildi, en það hafi ekki tekizt, fyrr en hann fékk lausavinnu í maí eða júní 1969 við endurskoðun.

Upplýst er, að umboðsmaður stefnanda ritaði bréf til yfirmanns Navy Exchange þann 6. marz 1969 og krafðist greiðslu á umsömdum launum og bifreiðastyrk fyrir stefnanda fyrir mánuðina desember 1968 og janúar og febrúar 1969. Bandaríska varnarliðið hafnaði kröfum stefnanda með bréfi, dags. 18. apríl 1969, á þeim forsendum, að heimilt hafi verið að láta stefnanda hætta störfum þann 22. nóvember 1968 af þeim ástæðum, sem raktar eru í áðurgreindu bréfi til stefnanda, dags. 21. nóvember 1968.

3.0.

3.1. Stefnandi telur, að málssókn þessari sé réttilega beint að stefnda samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna,

enda hafi varnarliðið neitað að greiða stefnanda kaup fyrir uppsagnartímann.

Stefnandi heldur því fram, að samkvæmt samningum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur við Vinnuveitendasamband Íslands eigi stefnandi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, en þeir samningar eigi hér við samkvæmt ákvæðum launasamnings stefnanda við varnarliðið. Slík uppsögn hafi hins vegar ekki farið fram, enda verði að líta á framangreint bréf varnarliðsins til stefnanda, dags. 29. ágúst 1968, sem aðfinnslu- og ábendingarbréf, en eigi sem lögmætt uppsagnarbréf í merkingu íslenzkra laga eða samninga milli stéttarfélaga og atvinnurekenda. Í þessu sambandi bendir stefnandi sérstaklega á, að hann telji, að engin skilorðsbundinn uppsagnarfrestur sé til í íslenzkri löggjöf.

Á hinn bóginn segir stefnandi, að sér hafi verið sagt upp fyrirvaralaust þann 22. nóvember 1968, enda hafi hann þá verið raunverulega látinn hætta störfum. Þá uppsögn telur stefnandi með öllu ólögmæta. Kveðst hann eigi á nokkurn hátt hafa brotið svo af sér, að réttlætt gæti fyrirvaralausa uppsögn af hálfu varnarliðsins.

Bótakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig fyrir hvern mánuð:

1.	Umsamin grunnlaun	kr. 20.603.00
2.	14% af kr. 20.603.00	— 2.884.00
3.	Eftirvinna, tveir tímar á viku	— 1.675.00
4.	Laun fyrir 80 mín. á dag vegna ferðalaga til og frá Reykjavík, 21.6 dagar	— 5.566.00
5.	Bifreiðastyrkur	— 4.000.00
		Samtals kr. 34.728.00

3.2. Aðalkröfu kveðst stefndi í fyrsta lagi byggja á aðildarskorti, þar sem engin heimild sé í varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna til þess að krefjast bóta úr hendi fjármálaráðherra fyrir brot á samningum varnarliðsins við einstakar stofnanir eða einstaklinga á Íslandi.

Í annan stað kveðst stefndi byggja aðalkröfu sína á því, að uppsögn stefnanda hafi í alla staði verið lögmæt. Það sé að vísu rétt, að í 13. gr. samnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur frá 9. marz 1969 eigi starfsuppsögn að vera þrír mánuðir að reynslutíma loknum, en þau uppsagnarákvæði gildi þó ekki, ef starfs-

maður sýni vítaverða vanrækslu í starfi sínu eða vinnuveitandi gerist brotlegur gagnvart starfsmanni. Telur stefndi, að varnarliðið hafi því getað sagt stefnanda upp störfum fyrirvaralaust þann 29. ágúst 1968, en þess í stað hafi hann verið settur á nýjan reynslutíma og gefinn kostur á að bæta ráð sitt. Þar sem hann hafi ekki gert það, hafi fyllilega verið réttmætt að láta hann hætta störfum í lok hins nýja reynslutíma, sem einmitt hafi verið þrír mánuðir, eins og segir í kjarasamningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Uppsögn stefnanda hafi því verið lögmæt, jafnvel þótt ekki yrði fallizt á það, að vanræksla hans á starfsskyldum sínum hafi réttlætt fyrirvaralausa uppsögn hans. Uppsögn stefnanda hafi ekki verið fyrirvaralaus, þar sem hann hafi verið settur á nýjan reynslutíma og tilkynnt, að hann mætti búast við því að vera látinn hætta störfum að honum loknum, ef hann þá hefði ekki bætt ráð sitt.

Varðandi varakröfuna telur stefndi vafasamt, að rétt sé að miða hana við þriggja mánaða tímabil. Hann telur auk þess sennilegt, að stefnandi hafi haft einhverjar atvinnutekjur á því tímabili, og telur þær eiga að koma til frádráttar kröfu hans í málinu. Kröfu um bifreiðastyrk, kr. 4.000.00 á mánuði, er sérstaklega mótmælt, þar sem sú greiðsla er talin sama eðlis og greiðsla á fargjöldum með áætlunarvögnum og sé því endurgreiðsla á kostnaði, en ekki laun. Loks hefur vaxtafæti verið mótmælt sem of háum.

4.0.

4.1. Bótakrafa sú, sem hér er til meðferðar á hendur ríkissjóði, stafar af uppsögn ráðningarsamnings, er stefnandi gerði við eina af stofnunum varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi, en uppsögn þessa telur stefnandi ólögmæta, svo sem rakið hefur verið.

Rétt varnaraðild ríkissjóðs í máli þessu verður eigi reist á 2. tl. 12. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sem veitt var lagagildi hér á landi með lögum nr. 110/1951, enda eru samningskröfur undanskildar greiðsluskyldu af Íslands hálfu í tilvitnuðu lagaákvæði.

Starfsráðning stefnanda var framkvæmd og fór um hendur íslenzkra aðilja í samræmi við 4. tl. 6. gr. áður tilvitnaðra laga. Þrátt fyrir þessa milligöngu af hálfu íslenzkra aðilja heimilar hvorki þetta ákvæði né önnur í hinum tilvitnuðu lögum stefnanda máls þessa að beina hinni umdeildu kröfu á hendur ríkissjóði, jafnvel þótt varnarliðið njóti úrlendisréttar hér á landi samkvæmt lögunum.

Í flutningi máls þessa hefur ekki verið á því byggt eða gagna

aflað um það, að starfsmönnum, sem stefndi ber ábyrgð á, kunni að hafa orðið á bótaskyld mistök með afskiptum sínum af stofnun eða framkvæmd ráðningarsamningsins eða að stefndi hafi tekið á sig ábyrgð á efndum samningsins með öðrum hætti. Rétt aðild ríkissjóðs verður því heldur ekki á slíkum sjónarmiðum reist í máli þessu. Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, verður að sýkna stefnda af kröfum stefnanda vegna aðildarskorts. Eftir atvikum er þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Baldurs Freys Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 26. febrúar 1973.

Nr. 132/1971: **Bjarni Bender og**
Ingi B. Ársælsson
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Hljómsveit Guðjóns Pálssonar:
Guðjóni Pálssyni
Ómari Axelssyni
Guðjóni Inga Sigurðssyni
Eyþóri Þorlákssyni og
Sigurbjörgu Sveinsdóttur
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1971. Krefjast þeir sýknu af kröfu stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Munnlegur málflutningur í máli þessu fór fram í héraði hinn 18. marz 1971, og var málið þá tekið til dóms. Næst þingaði héraðsdómari í málinu 14. júlí 1971, og er þá fært til bókar: „Mál þetta, sem dómtekið var 18. marz s.l., er nú endurupptekið til munnlegs flutnings að nýju, þar sem efnisdómur hefur eigi enn verið á það lagður.

Af hálfu stefnanda sækir þing Hörður Einarsson, hrl., en af hálfu hinna stefndu Þorvaldur Lúðvíksson, hrl.

Lögmönnum málsaðilja er gefinn kostur á að flytja málið að nýju, en þeir vísuðu til fyrri málflutnings og ítrekuðu gerðar dómkröfur og lögðu málið í dóm, enda taldi dómarinn ekki þörf á endurflutningi málsins sín vegna.“ Var dómur síðan kveðinn upp sama dag.

Samkvæmt þessu hafa liðið tæpir 4 mánuðir frá munnlegum málflutningi, þar til dómur var upp kveðinn.

Með þessum drætti á dómsuppsögu hefur héraðsdómari freklega brotið fyrirmæli 191. gr. laga nr. 85/1936, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlazt, þá er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 18. marz 1971 og skylda dómara til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju..

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði frá og með þinghaldi 18. marz 1971 og héraðsdómur eiga að vera ómerk, og ber héraðsdómara að taka málið upp af nýju til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Guðjón Pálsson hljóðfæraleikari, Bókhlöðustíg 8, Reykjavík, f. h. hljómsveitar Guðjóns Pálssonar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. janúar 1968, á hendur Bjarna Bender veitingamanni, Skipasundi 15, og Inga B. Árssælssyni veitingamanni, Ljósheimum 18, báðum í Reykjavík, til þess að þeir verði in solidum persónulega og vegna einkafyrirtækis síns, Leikhúskjallarans, Þjóðleikhúsinu við Hverfisgötu, einnig í Reykjavík, dæmdir til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 275.790.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 197.600.00 frá 15. september 1967 til útgáfudags stefnu þessarar, 12. janúar 1968, og af kr. 275.790.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og lágmarksgjald L. M. F. Í.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Málavöxtum er lýst í stefnu á þessa leið:

„Frá 1. maí 1967 var hljómsveit Guðjóns Pálssonar, sem skipuð

var hljóðfæraleikurunum Guðjóni Pálssyni, hljómsveitarstjóra, Ómari Axelssyni, Guðjóni Inga Sigurðssyni, Eyþóri Þorlákssyni og Sigurbjörgu Sveinsdóttur, söngkonu, ráðin til hljóðfæraleiks í veitingastaðnum Leikhúskjallaranum, einkafyrirtæki stefndu. Meðlimir hljómsveitarinnar sögðu allir upp föstum störfum við hljóðfæraleik í öðrum veitingahúsum, þegar þeir réðu sig til Leikhúskjallarans. Ráðningarkjörin voru þau, að laun hljómsveitarinnar skyldu vera kr. 1.235.00 á klukkustund (að meðtöldu orlofi o. fl.) og hljómsveitinni tryggð a. m. k. 17 klukkustunda vinna á viku, sem innt skyldi af hendi á fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum. Kauptrygging hljómsveitarinnar varð þannig kr. 20.995.00 á viku. Ráðningartímabilið var 6 mánuðir, þ. e. frá 1. maí til 1. nóvember 1967. Ráðningarsamningurinn var munnlegur. Um mánaðamót maí - júní 1967 skýra stefndu hljómsveitarstjóranum frá því, að verið geti, að þeir verði að loka veitingastaðnum um smátíma á næstunni, þar sem heilbrigðisyfirvöld hafi krafizt breytinga á salernum hússins. Stefndu kváðust þó ætla að reyna að komazt hjá lokun með því að láta vinna að viðgerðum í áföngum fyrri hluta viku, enda væri rekstrarstöðvun ákaflega óheppileg fyrir þá. Ef til lokunar kæmi, sögðu stefndu útilokað, að hún stæði lengur en 1 mánuð, og jafnframt tóku þeir skýrt fram, að hljómsveitin mundi fá sitt kaup, meðan á lokuninni stæði, enda vildu þeir umfram allt halda hljómsveitinni. Síðan er ekkert á þetta efni minnzt fyrr en um það bil einni viku fyrir mánaðamótin júní - júlí 1967, en þá skýra stefndu frá því, að húsinu verði lokað um mánaðartíma, þ. e. júlímánuð, vegna fyrrnefndra breytinga. Færa stefndu það nú í tal við hljómsveitarstjórann, hvort hljómsveit hans mundi fáanleg til að leika á héraðsmótum Framsóknarflokksins á Austurlandi í júlímánuði. Meðlimir hljómsveitarinnar voru tregir til að takast á hendur slíka ferð, en féllust þó á það til þess að létta undir með stefndu. Af þessu varð þó ekki, þar sem stefndu tókst ekki að fá þessa vinnu fyrir hljómsveitina. Gerði stefndi Bjarni þá tilraun til að fá vinnu fyrir hljómsveitina á Hótel Sögu í júlímánuði, en hótelstjórinn, Konráð Guðmundsson, kvaðst ekki hafa þörf fyrir aðra hljómsveit fyrr en í ágústmánuði, þegar hin fastráðna hljómsveit Hótels Sögu færi í sumarleyfi. En stefndi Bjarni sagði það vera of seint, því að þá yrði búið að opna Leikhúskjallarann aftur. Eftir helgina 1.-2. júlí 1967 var Leikhúskjallaranum lokað vegna fyrirhugaðra viðgerða, og átti húsið þá að vera lokað júlímánuð, eins og fyrr segir. Í þau skipti, sem hljómsveitarstjórinn kom að máli við

stefnda Bjarna í júlímánuði út af kaupgreiðslum til hljómsveitarinnar, gerði Bjarni mikið úr erfiðleikum, sem stefndu ættu í vegna rekstrarstöðvunarinnar, en hafði við orð, að úr þeim mundi rakna, strax og húsið yrði opnað aftur. Fékk hljómsveitin engin laun greidd, eftir að Leikhúskjallaranum var lokað í byrjun júlímánaðar. Þegar hljómsveitarstjórinn hafði samband við stefnda Bjarna í lok júlímánaðar, tjáði Bjarni honum, að Leikhúskjallarinn yrði ekki opnaður aftur fyrstu helgina í ágúst, eins og ráðgert hafði verið, heldur næstu helgi þar á eftir. Svo fór þó, að veitingahúsið var ekki opnað þá helgi heldur, og var opnun hússins þannig frestað frá einni viku til annarrar, þar til það loks var opnað aftur um aðra helgi í september. Þegar nokkuð var komið fram í ágústmánuð og rekstur Leikhúskjallarans hófst ekki að nýju, tók hljómsveitarstjórinn að ganga harðar eftir vinnulaunaskuld stefndu við hljómsveitina og fékk í lið með sér starfsmann Félags íslenzkra hljóðfæraleikara, Sverri Garðarsson. Varð stefndi Ingi nú aðallega í fyrirsvari fyrir stefndu, og varð brátt ljóst, að hann ætlaði að reyna að komast hjá greiðslum með alls kyns undanbrögðum. Náði hann lengzt í glæsilegri rökfimi sinni, þegar hann studdi synjun sína um greiðslu með þeim „rökum", að honum hefði ekki dottið annað í hug en meðlimir hljómveitarinnar færu á síld, á meðan Leikhúskjallarinn væri lokaður. Þegar að því leið, að Leikhúskjallarinn opnaði aftur á s.l. hausti, og stefndu ræddu við hljómsveitarstjórann um leik hljómsveitar hans í Leikhúskjallaranum það, sem eftir væri ráðningartímans, skýrði stefndi Ingi frá því, að stefndu yrðu nú að gera þá breytingu á rekstri sínum að hafa veitingahúsið opið aðeins tvö kvöld í viku, og lét hann á sér skilja, að stefndu væru ekki lengur sjálfráðir um rekstur fyrirtækis síns. Af þessum ástæðum vildu stefndu nú afnema umsamda kauptryggingu hljómsveitarinnar og greiða henni einungis eftir raunverulegum vinnustundafjölda. Meðlimir hljómsveitarinnar töldu sér ekki fært að fallast á þessa kauplækkun, og á fundi hljómsveitarstjórans og Sverris Garðarssonar, starfsmanns F. Í. H., með stefndu gerði hljómsveitarstjórinn stefndu það tilboð, að hljómsveit hans léki í Leikhúskjallaranum út septembermánuð, en leystu stefndu síðan frá ráðningarsamningnum og kjör hljómsveitarinnar væru óbreytt þennan eina mánuð. Kveður hljómsveitarstjórinn sér hafa skilizt, að stefndu samþykktu þetta tilboð, enda hafi þeir ekki hreyft neinum athugasemdum. Hóf hljómsveitin síðan á ný leik í Leikhúskjallaranum um aðra helgi í september. Þegar kom til greiðslu launa fyrir

fyrstu vikuna (4. - 10. september), neituðu stefndu að greiða meira en nam launum fyrir unnar vinnustundir (13½ klukkustund), samtals kr. 16.672.50. Vegna þessara vanefnda tilkynnti Félag íslenzkra hljóðfæraleikara f. h. hljómsveitarinnar stefndu með bréfi, dags. 15. september 1967, að hljómsveitin mundi hætta störfum í Leikhúskjallaranum frá og með 21. september 1967 jafnframt því sem félagið krafði stefndu um vangoldin vinnulaun hljómsveitarinnar, þá kr. 197.600.00, og áskildi hljómsveitinni jafnframt rétt til skaðabóta vegna vanefnda stefndu. Fyrir vinnuvikuna 11. - 17. september greiddu stefndu hljómsveitinni laun á sama hátt og vikuna þar á undan, kr. 16.672.50. Eftir að hljómsveitin sagði upp starfi sínu hjá stefndu, fóru fram samkomulagsviðræður á milli aðilanna, meðal annars með þátttöku fulltrúa F. Í. H. og lögmanns stefndu, en þær viðræður báru engan árangur. Til stóð, að F. Í. H. efndi til verkfalls hjá stefndu, en frá því ráði var horfið, þar sem ágreiningsefni aðilanna í máli þessu mun naumast geta talizt vinnudeila í merkingu laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hljómsveitin lagði niður störf hjá stefndu frá og með 21. september 1967, og leystist hljómsveitin þá upp."

Af hálfu hinna stefndu er skýrt svo frá málavöxtum í greinargerð, að í marz - apríl 1967 hafi Guðjón Pálsson komið að máli við þá og falað vinnu í Þjóðleikhúskjallaranum fyrir hljómsveit sína. Hafi það orðið að samkomulagi, að hann gæti fengið vinnu þar fyrir hljómsveitina frá 1. maí. Jafnframt hafi honum verið tjáð, að Þjóðleikhúskjallaranum yrði lokað um mánaðamótin júní - júlí vegna viðgerða og breytinga á húsnæðinu, en viðgerð sú tæki eigi skemmri tíma en mánuð. Hafi orðið að samkomulagi, að hljómsveitin tæki eigi laun fyrir þann tíma, er lokað yrði. Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur. Hinir stefndu kveða viðgerðina hafa tekið lengri tíma en ætlað hafi verið og hafi eigi verið opnað aftur fyrr en viku af september. Nokkrum dögum áður hafi stefnandi komið að máli við þá og krafizt launa fyrir tímabil það, sem lokað hafi verið. Hafi því umsvifalaust verið hafnað. Hljómsveitin hafi eigi að síður hafið störf, er opnað hafi verið aftur, og unnið í hálfan mánuð og fengið kaup sitt skilvíslega greitt sem alltaf áður. Hafi hún að þeim tíma liðnum horfið frá störfum.

Aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu.

Stefnandi, Guðjón Pálsson, hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að eins og fram komi í málavaxtalýsing-

unni, hafi verið samið um ákveðna upphæð á klukkustund og ákveðna kauptryggingu á viku, en þessi samningur byggðist ekki á samningi Félags íslenzkra hljóðfæraleikara og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda (S. V. G.). Tekur hann fram, að það sé aðeins tímakaupið, sem ekki sé í samræmi við áðurgreindan samning, en að öðru leyti sé hann í samræmi við hann.

Guðjón segir, að hljómsveitarmeðlimir hafi ekkert unnið júlímánuð 1967 og ágústmánuð, eða þar til opnað var aftur, nema þeir, sem áður höfðu unnið aðra vinnu jafnhliða hljóðfæraleiknum. Segir hann það vera aðeins tvo menn úr hljómsveitinni, sem haft hafi fasta vinnu með, en þeir séu Guðjón Ingi Sigurðsson og Ómar Axelsson. Vinni Ómar skrifstofustörf hjá Flugfélagi Íslands h/f, en Guðjón Ingi vinni við trésmíðar. Stefnandi, Guðjón, kveðst ekki kannast við, að samkomulag hafi verið um, að hljómsveitin tæki ekki laun fyrir júlímánuð, meðan veitingahúsinu var lokað. Kveðst hann ekki hafa heyrt það, fyrr en hann hafi séð það í greinargerð stefndu. Þá segir hann og, að fram að þeim tíma, sem Leikhúskjallaranum var lokað, hafi hljómsveitin alltaf fengið greiðslu, sem miðuð hafi verið við 17 tíma á viku, og hafi þeir fengið greitt fyrir meira, hafi þeir unnið lengri tíma. Þá segir hann og, að þegar komið hafi til tals, að hljómsveitin léki á héraðsmótum Framsóknarflokksins á Austurlandi í júlímánuði, hafi ætlunin verið sú, að þær greiðslur, sem hljómsveitin fengi fyrir það starf, gengju upp í kaupgreiðslur frá stefndu fyrir júlímánuð. Stefnandi, Guðjón, segir, að hljómsveitin hafi ráðið sig til stefndu síðast í marzmánuði 1967, þar sem þeir hafi þurft að segja upp starfi sínu hjá þeim, þar sem þeir unnu áður, með mánaðarfyrirvara. Kveðst hann hafa spurt stefndu um það, hvort veitingastaðurinn ætti að vera opinn allt sumarið, og hafi þeir sagt svo vera, það er að segja Bjarni Bender, og hafi hann sagt, að ætlunin væri að reka skemmtistaðinn með skemmtikröftum allt sumarið. Kveður stefnandi þetta hafa verið forsendur fyrir því, að þeir stefnendurnir fóru úr öðru starfi og réðu sig hjá hinum stefndu. Guðjón kveðst hafa starfað sem hljómsveitarstjóri á Hótel Borg næst áður en hann réð sig til stefndu og hafi þeir Guðjón Ingi og Ómar Axelsson verið með sér í hljómsveitinni á Hótel Borg. Stefnandi, Guðjón, kveðst hafa byrjað að starfa hjá Loftleiðum hinn 1. október 1967, og kveður hann tekjur sínar hjá Loftleiðum frá 1. október 1967 til nóvember sama ár vera innifaldar í tölulið 3 b á bls. 3 í stefnu.

Sigurbjörg Sveinsdóttir, ein af stefnendum, hefur skýrt svo frá

fyrir dómi, að hún hafi ekki haft nein afskipti af samningsgerð, þegar hljómsveit stefnanda var ráðin til hinna stefndu í Þjóðleikhúskjallarann, en hún segir, að sér hafi skilizt, að hljómsveitin væri fastráðin til 6 mánaða með ákveðinni 17 stunda vinnutryggingu á viku. Hún kveðst ekki hafa verið viðstödd samningsgerð þá, sem um ræðir í máli þessu, og kveðst hún hafa sínar upplýsingar um það, hvernig samið hafi verið, frá hljómsveitarstjóranum. Hún segir hljómsveitarstjórann ekki hafa minnzt á það, að til stæði, að lokað yrði Leikhúskjallaranum, fyrr en rétt áður en það var gert, og hafi hann þá ekki vitað, hversu lengi það yrði. Telur hún, að talað hafi verið um, að það yrði í allra lengsta lagi 1 mánuð, sem lokað yrði. Hún kveður meðlimi hljómsveitarinnar hafa alltaf verið til staðar og hafi þeir verið tilbúnir að hefja vinnu á ný, þegar opnað yrði. Þá kveður Sigurbjörg hljómsveitarstjórann hafa haft það eftir hinum stefndu, að hljómsveitin fengi kaup, meðan lokað væri.

Eyþór Þorláksson, einn af stefnendum, hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að hann hafi ekki haft nein afskipti af samningsgerð, þegar hljómsveit stefnanda var ráðin til hinna stefndu í Leikhúskjallarann og ekki heldur hafa verið viðstaddur, þegar samningar fóru fram. Hann kveður hljómsveitarstjórann hafa skýrt sér frá því, að hljómsveitin væri ráðin til 6 mánaða með 17 stunda vinnutryggingu á viku. Kveður hann trygginguna hafa verið bundna við ákveðna daga vikunnar, þ. e. fimmtudaga frá kl. 2000—2330, föstudaga frá kl. 2000—0100, laugardaga frá kl. 2000—0100 og sunnudaga frá kl. 2000—2330. Eyþór kveður hljómsveitarstjórann ekki hafa minnzt á það við sig, að til stæði, að Leikhúskjallaranum yrði lokað á ráðningartímanum vegna lagfæringa. Kveðst hann hafa fært það í tal við hljómsveitarstjórann að fá mánaðarfrí á samningstímanum, enn hann hafi ekki séð sér fært að veita það. Eyþór kveður það hafa verið hinn 30. júní 1967, sem hljómsveitarstjórinn hafi tilkynnt þeim í hljómsveitinni, að veitingastaðnum yrði lokað um sinn vegna lagfæringa. Segir hann, að stefndi Bjarni hafi þetta sama kvöld tilkynnt hljómsveitarstjóaranum þessa ákvörðun, en eigi getað sagt með vissu, hversu lengi lokað yrði, þar sem þeir hefðu ekki með framkvæmdirnar að gera, kannski yrði það hálfur mánuður, kannski maðnuður, en þó ekki gert ráð fyrir, að það yrði lengra en einn mánuður. Segir Eyþór, að hljómsveitarstjórinn hafi tilkynnt þeim í hljómsveitinni um leið eftir stefnda Bjarna, að hljómsveitin fengi kauptrygginguna greidda fyrir þann tíma, sem lok-

að væri. Eyþór kveðst hafa verið til staðar allan tímann, meðan lokað var, og ekki farið neitt burtu né heldur unnið annars staðar á meðan. Kveðst hann hafa byrjað aftur að vinna, þegar Leikhúskjallarinn var opnaður aftur hinn 8. september 1967 og unnið þar til og með 17. september sama ár, þegar hljómsveitin hætti í Leikhúskjallaranum. Kveðst hann síðan ekkert hafa unnið að hljóðfæraleik fram til áramóta 1967—1968, er hann byrjaði að leika á Hótel Borg. Á þessu tímabili kveðst hann lítillega hafa fengizt við kennzlu, einnig á meðan hann var starfandi í Leikhúskjallaranum.

Guðjón Ingi Sigurðsson, einn af stefnendum, hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi ekki verið viðstaddur samningsgerð þá, sem um ræðir í málinu. Hins vegar kveðst hann hafa þær upplýsingar frá hljómsveitarstjóranum, að hljómsveitin hafi verið ráðin með 17 vinnustunda tryggingu á viku, sem bundin hafi verið við fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Guðjón Ingi kveður, að hljómsveitarstjórinn hafi alls ekki minnzt á það, að Leikhúskjallaranum mundi lokað um tíma umrætt sumar 1967, þvert á móti hafi verið um það rætt, að haldið yrði áfram á fullum krafti með skemmtiatriði ráðningartímabilið, en hann kveður það hafa verið 6 mánuði. Guðjón kveður hljómsveitarstjórann hafa tilkynnt hljómsveitinni þann 30. júní 1967, að Leikhúskjallaranum yrði lokað um tíma vegna lagfæringa, og hafi verið talað um, að það yrði aðeins mjög stuttur tími, sem lokað yrði af þessum ástæðum. Hann telur, að hljómsveitarstjórinn hafi ekki vitað um þessa lokun, fyrr en um leið og hann tilkynnti það hljómsveitinni. Segir Guðjón, að talað hafi verið um, að trygging yrði greidd, á meðan á lokuninni stæði, samkvæmt því, sem hljómsveitarstjórinn hafði tilkynnt hljómsveitinni. Allan þann tíma, sem Þjóðleikhúskjallaranum var lokað, eða rúma tvo mánuði, að mætti telur, kveðst hann hafa verið til staðar hér í bænum og aldrei farið neitt burtu í lengri tíma. Hann kveðst hafa byrjað að starfa í hljómsveit á Hótel Sögu hinn 1. október 1967, eftir að hann hafi hætt störfum í Leikhúskjallaranum.

Ómar Axelsson, einn af stefnendum, hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi verið starfandi í hljómsveit Guðjóns Pálssonar sumarið 1967, eða á þeim tíma, sem um ræðir í máli þessu, en kveðst ekki hafa verið viðstaddur samningsgerð við forráðamenn Leikhúskjallarans. Hann kveður hljómsveitarstjórann hafa tjáð sér, að samið væri um 17 vinnustunda tryggingu á viku, bundna við fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og

sunnudagskvöld. Minnizt Ómar þess ekki, að hljómsveitarstjórinn gæti þess neitt í upphafi, að lokað yrði á sumrinu, en hinn 30. júní hafi hann skýrt þeim hljómsveitarmönnum frá því, að lokað yrði um tíma vegna lagfæringa, og kveðst hann telja, að hljómsveitarstjórinn hafi ekki vitað það fyrr en ákveðið var, að svo yrði gert. Segir hann, talað hafi verið um, að lokað yrði í mánuð eða jafnvel styttri tíma. Ómar segir, að þeim hljómsveitarmönnum hafi verið sagt, að þeir yrðu á kaupi, meðan lokað yrði. Hann segir, að liðin muni hafa verið vika af septembermánuði, þegar hljómsveitin byrjaði að leika á ný í Leikhúskjallaranum. Kveðst hann hafa verið til staðar í bænum allan þann tíma og hafa ekkert unnið annað í millitíðinni, þ. e. a. s. nein önnur aukastörf, en hann kveðst alltaf hafa verið í föstu starfi sem skrifstofumaður með hljóðfæraleiknum. Ómar kveðst ekki hafa fengið starf sem hljómlistarmaður aftur fyrr en í nóvember 1967 og þá aðeins einu sinni í viku. Hann segir, að talað hafi verið um, að ráðningartími hljómsveitarinnar væri 6 mánuðir.

Vitnið Sverrir Garðarsson hljómlistarmaður hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að það hafi verið um mitt sumar 1967, að Guðjón Pálsson, hljómsveitarstjóri í Þjóðleikhúskjallaranum, hafi komið til sín og tjáð sér, að búið væri að loka honum, og kveður vitnið Guðjón hafa sagt sér, að stöðvaðar hefðu verið launagreiðslur hljómsveitarinnar um líkt leyti og þyrfti hann því aðstoðar í sambandi við innheimtu launanna. Vitnið segir, að er það hafi farið að inna Guðjón eftir því, hvernig samið hefði verið, þá hafi Guðjón sagt sér, að hljómsveitin hefði verið ráðinn frá 1. maí 1967 til 1. nóvember 1967, og segir vitnið, að sér hafi skilizt, að það hafi verið ákveðið til að byrja með. Vitnið segir, að hljómsveitin hafi haft 17 tíma tryggingu á viku, en um það bil mánuði eftir að þeir hafi byrjað að leika, eða um 1. júní 1967, hafi veitingamennirnir tjáð hljómsveitinni, að það gæti orðið um mánaðarstopp vegna lagfæringa á salernum Þjóðleikhússins. Vitnið kveður hljómsveitina hins vegar hafa ráðið sig í þeirri góðu trú, að um framtíðarstarf væri að ræða. Vitnið kveður Guðjón einnig hafa sagt sér, að veitingamennirnir í Þjóðleikhúskjallaranum væru að reyna að selja hljómsveitina á aðra staði til þess að létta á útgjöldum fyrir sjálfa sig. Kveður vitnið Svavar Gests, sem þá hafi verið formaður Félags íslenzkra hljómlistarmanna, hafa kannað, hvort eitthvað væri hæft í því, að veitingamennirnir væru að reyna að selja hljómsveitina á aðra staði, og hafi hann í því sambandi talað við Konráð Guðmundsson, veitingamann á

Hótel Sögu, og hafi Konráð viðurkennt, að veitingamenn Þjóðleikhúskjallarans hefðu boðið honum hljómsveitina í júlímánuði umrætt sumar, en hann hafi hins vegar boðizt til þess að taka hljómsveitina í ágústmánuði, en þá hafi veitingamennirnir talið, að þeir yrðu byrjaðir aftur í Þjóðleikhúskjallaranum. Vitnið segir, að þeir hafi litið svo á, hann og Svavar, að með tilraunum hinna stefndu til þess að selja hljómsveitina hafi þeir viðurkennt greiðsluskyldu sína. Hinn 29. ágúst umrætt sumar kveðst vitnið hafa farið með hljómsveitarstjóranum, Guðjóni Pálssyni, og rætt við Inga B. Ársælsson, annan hinna stefndu, og þar hafi Ingi viðurkennt að hafa ráðið hljómsveitina með 17 klukkustunda tryggingu á viku, sem hún hafi átt að inna af hendi á 4 dögum vikunnar, en þar sem hann hafi viljað halda hljómsveitinni, hafi hann beðið um, að tryggingin yrði lækkuð niður í 10 tíma á viku, sem inntir væru af hendi á tveimur dögum. Vitnið segir, að hinn 6. september 1967 hafi það farið með Guðjóni Pálssyni til Bjarna Bender og þar hafi Bjarni ekki neitað réttmæti kaupkrafna hljómsveitarinnar og hafi Bjarni þá haft samband við Inga B. Ársælsson símleiðis og hafi Bjarni haft það eftir Inga, að hann skildi vel sjónarmið hljómsveitarmanna í sambandi við kaupkröfurnar, en hljómsveitin yrði að sækja það eftir öðrum leiðum. Vitnið kveður Bjarna í þetta sinn hafa sagt, að hann hefði getað selt hljómsveitina á Hótel Sögu í ágústmánuði og tvo mánuði á veitingahúsið Röðul og sparað sér þar með útgjöld. Enn fremur kveður vitnið Bjarna hafa sagt, að viðgerðin hefði alltaf dregizt frá viku til viku fram yfir það, sem þeir hefðu í upphafi búizt við. Þá segir vitnið, að næsta dag, þ. e. 7. september, hafi þeir aftur hitt Bjarna Bender og hafi hann þá viðurkennt, að þeir veitingamennirnir hafi ráðið hljómsveitina allt sumarið.

Ingi Björgvin Ársælsson hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að það hafi verið tekið fram af hálfu hinna stefndu, þegar stefnandi réð sig til þeirra, að veitingastaðnum yrði lokað að minnsta kosti mánaðartíma, og segir stefndi Ingi, að það hafi ekki verið á sínu valdi eða þeirra stefndu að hafa áhrif á tímalengd framkvæmdanna, þar sem framkvæmdir þessar hafi heyrt undir þjóðleikhússtjóra, sem hafi verið leigusali. Stefndi Ingi segir, að legið hafi fyrir bréf um lagfæringar á húsnæðinu frá heilbrigðiseftirlitinu, þar sem þess hafi verið skilyrðislaust krafizt, að umræddar lagfæringar færu fram. Segir hann, að það hafi komið skýrt fram af hálfu hinna stefndu þegar í upphafi, að hljómsveitin fengi eigi greidd laun, meðan á lagfæringum þessum stæði.

Einnig hafi verið svo um samið, að hljómsveitin hæfi aftur störf hjá stefndu að loknum umræddum lagfæringum og hafi talazt svo til, að hljómsveitinni væri frjálst að leita sér annarra starfa á meðan, hvort sem væri hljómsveitarstörf eða á öðrum sviðum. Stefndi Ingi kvaðst hafa haft hönd í bagga með ráðningu hljómsveitarinnar, en þó muni hljómsveitarstjórinn fyrst hafa talað við meðstefnda Bjarna Bender, enda muni þeir hafa verið eitthvað kunnugir fyrir, en sjálfur kveðst stefndi Ingi ekki hafa þekkt hljómsveitarstjórann, Guðjón Pálsson, neitt persónulega. Hann segir, að þegar ráðning hljómsveitarinnar hafi átt sér stað, hafi þeir stefndu báðir og hljómsveitarstjórinn hitzt einu sinni, að hann telur, og kveðst hann geta bætt því við, að hljómsveitarstjórinn hafi sótt það nokkuð fast að fá þetta starf. Varðandi efni ráðningarsamningsins segir stefndi Ingi, að svo hafi verið um samið, að hljómsveitin léki fjögur kvöld í viku, meðan leikár Þjóðleikhússins stæði yfir og leikið væri í Þjóðleikhúsinu. Og kveðst hann vilja taka fram í þessu sambandi, að starfsemi Leikhúskjallarans sé ákaflega nátengd starfsemi Þjóðleikhússins. Þessi fjögur kvöld, sem um hafi verið samið, segir stefndi Ingi, hafa verið fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Þá kveðst hann vilja bæta því við, að ráð hafi verið fyrir því gert, að hljómsveitin væri reiðubúin að taka að sér vinnu önnur kvöld, ef vinna félli til eða tilefni gæfist. Stefndi Ingi segir, að svo hafi verið um samið, að hljómsveitin fengi greitt fyrir þá vinnu, sem hún innti af hendi, en ekki hafi verið samið um neina hámarkstryggingu fyrir hana á viku. Tekur hann og sérstaklega fram, að þegar hljómsveitin hafi unnið fjögur kvöld í viku, þá hafi það verið um það bil 17 tímar. Stefndi Ingi tekur einnig fram, að hljómsveitarstjóranum hafi verið fullkunnugt, hvers eðlis vinnan væri, eða mátt vera það, þar sem hann muni áður hafa starfað við hljóðfæraleik í Leikhúskjallaranum. Stefndi Ingi tekur fram, að Leikhúskjallarinn hafi verið opnaður að viðgerð lokinni, eins fljótt og frekast hafi verið kostur á, og hafi það verið gert með undanþágu, þar sem ekki hafi verið lokið endanlega frágangi á salernisskálum. Hann segir, að Leikhúskjallarinn hafi verið opnaður 7. september um haustið 1967, en þá hafi Þjóðleikhúsið ekki verið byrjað starfsemi sína og hafi þá verið haft opið aðeins þrjú kvöld í viku, meðan svo hafi verið, en að öðru leyti hafi starfsemi Þjóðleikhúskjallarans verið með eðlilegum hætti. Stefndi Ingi segir, að þeir stefndu hafi frekar gert ráð fyrir því, að lagfæringin tæki skemmri tíma en raun hafi orðið á, en hann kveðst

vilja ítreka það, að þeir hafi ekki haft neina aðstöðu til að hafa áhrif á gang framkvæmdanna, enda þótt þeir hafi rekið á eftir framkvæmdum við þjóðleikhússtjóra, eins og aðstæður hafi leyft, svo og við aðra þá, sem með viðgerðirnar hafi haft að gera. Stefndi Ingi gerir þær athugasemdir, eftir að honum hafði verið kynnt málavaxtalýsing stefnanda svo og framburður hljómsveitarstjórans, að hljómsveitarstjóranum hafi verið kunnugt um það þegar í upphafi, að húsinu yrði lokað um tíma vegna lagfæringa. Þá segir stefndi Ingi og, að stefnanda hafi verið gert ljóst í upphafi ráðningar, að ekki yrði um neinar kaupgreiðslur að ræða, meðan húsinu væri lokað. Tekur hann fram, að í sumum veitingahúsum sé venja að ráða hljómsveit aðeins frá degi til dags, og megi m. a. af því sjá, hvílík fjarstæða það hafi verið að ráða hljómsveit á fullu kaupi tiltekinn tíma, meðan engin starfsemi hafi átt sér stað í veitingahúsinu og þar af leiðandi engar tekjur. Stefndi Ingi segir, að tímakaup það, sem samið hafi verið um við stefnendur, hafi verið hærra en kjarasamningar Sambands veitinga og gistihúsaeigenda og Félags íslenzkra hljóðfæraleikara hafi gert ráð fyrir á þeim tíma. Tekur hann og fram, að hann telji, að ekki hafi í þessu tilfelli verið um svo frábæra starfskrafta að ræða, að raunverulega væri tilefni til að greiða þeim hærra kaup en öðrum. Kveðst hann því líta á þessar greiðslur til þeirra sem ívilnun, enda hafi hljómsveitin ekki verið búin að geta sér neitt orð sem slík. Stefndi Ingi tekur fram, að allan þann tíma, sem hér um ræðir, hafi verið alveg örðugleikalaust að ráða hljómsveitir, enda hafi verið verulegt framboð á þeim á þessum tíma. Stefndi Ingi viðurkennir, að rétt sé, að þeir stefndu hafi gert tilraunir til þess að fá inni fyrir hljómsveitina, á meðan á lokun Leikhúskjallarans stæði, án þess þó að hann teldi þá stefndu á nokkurn hátt skuldbundna til þess, og telur stefndi þetta einungis hafa verið af velvilja gert. Þá segir stefndi Ingi, að launakröfur af hálfu stefnanda fyrir þann tíma, sem lokað hafi verið veitingahúsinu, hafi ekki verið hreyft, fyrr en örfáum dögum áður en opnað var. Stefndi Ingi segir, að í viðræðum þeim, sem farið hafi fram milli hans og hljómsveitarstjórans og fulltrúa F. Í. H., hafi stefnandi, Guðjón Pálsson, látið í ljós, að honum þætti þetta ekki nægilega mikil vinna, en stefndi kveðst hafa gert honum fulla grein fyrir því, að starfsemi Leikhúskjallarans yrði með þessum hætti, jafnframt sem hann hafi gefið honum kost á því, sem áður hafi verið ráð fyrir gert, að annast hljómsveitarstörf í Leikhúskjallaranum innan þess ramma, sem stefndi kvaðst mundu

ákveða, eftir því sem tilefni gæfist til. Stefndi kveðst vilja taka fram til skýringar á framanrituðu, að rekstur hússins sé með þeim hætti, að aðra daga, t. d. þriðjudaga og miðvikudaga, komi fyrir, að samkvæmi séu haldin í húsinu, þar sem hljómsveitin leiki, t. d. frá klukkan 0900—0100 eða 0200. Þá tekur stefndi Ingi fram, að eftir viðræður þær, sem fram hafi farið við hljómsveitarstjórann, hafi hann orðið þess var, að viðhorf hans hafi verið mjög einhliða, sem hafi komið m. a. fram í því, að hann hafi haft uppi óbilgjarnar og óraunhæfar kröfur, en haldi sig hins vegar ekki hafa neinar skyldur við stefndu sem atvinnurekanda. Segir stefndi Ingi, að þessum viðskiptum við stefnanda hafi lokið með þeim hætti, að hann og hljómsveit hans hafi hætt störfum í Leikhúskjallaranum, og að því er stefndi segir sér virðast, af þeirri ástæðu, að hljómsveitarstjórinn hefði ekki aðstöðu til að ákvarða sjálfur sinn vinnutíma og í rauninni rekstrarfyrirkomulag hússins. Stefndi Ingi segir, að lagfæring sú, sem fram hafi farið á veitingahúsinu í umrætt sinn, hafi verið umfangsmikil, en upphaflega, þegar þeir stefndu hafi rætt við þjóðleikhússtjóra um lagfæringar þær, sem staðið hafi fyrir dyrum, þá hafi verið ráð fyrir gert, að framkvæmdir mundu taka einn mánuð. Raunin hafi hins vegar orðið sú, að framkvæmdirnar hafi staðið yfir í 9 vikur. Stefndi Ingi tekur fram, að aldrei hafi orðið neitt samkomulag á milli hans og Sverris Garðarssonar.

Stefndi Bjarni Bender Róbertsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu eftir að hafa staðfest málavaxtalýsingu í greinargerð á dskj. nr. 4, að tímakaupið sé rétt tilgreint af hálfu stefnanda, en hins vegar hafi stefnandi ekki verið tryggð nein lágmarkskauptrygging á viku, en á þeim tíma, sem ráðning hljómsveitarinnar hafi farið fram, hafi yfirleitt verið um 17 klukkustunda vinnu að ræða á viku og stundum meira. Hafi og verið rætt um, að stefnandi nyti þeirrar vinnu, sem til félli, auk framangreindra fjögurra daga, sem opið hafi verið. Stefndi Bjarni Bender segir, að stefnanda hafi verið gert það ljóst þegar við ráðningu, að veitingahúsinu yrði lokað um tíma, þar sem lægi fyrir bréf frá heilbrigðisyfirvöldum, þar sem krafizt væri lagfæringa að viðlagðri lokun. Segir stefndi Bjarni Bender, að þó hafi komið til tals að reyna að komast hjá lokun, ef hægt væri, en það hafi komið á daginn hins vegar, að það væri óumflýjanlegt að loka um tíma, meðan lagfæring færi fram. Um mánaðamót maí - júní segir stefndi Bjarni Bender, að þeir stefndu hafi aftur haft tal um þetta við stefnanda með það fyrir augum að

segja hljómsveitinni upp með mánaðarfyrirvara, þar sem séð hafi verið, að ekki yrði komizt hjá því að loka veitingastaðnum um sinn af áðurgreindum orsökum. Segir stefndi Bjarni Bender, að hljómsveirastjórinn, Guðjón Pálsson, hafi þá sagt, að það kæmi sér mjög illa að fá uppsögn, þar sem hann væri tiltölulega nýráðinn í húsið og búinn að ráða menn úr öðrum hljómsveitum til sín, og hafi þá orðið að samkomulagi, að stefnanda yrði ekki sagt upp og gagnkvæmur skilningur kæmi til, er til lokunar kæmi og hljómsveitin byrjaði aftur, þegar opnað yrði á ný. Segir stefndi Bjarni Bender, að komið hafi til tals, að báðir aðiljar reyndu að útvega stefnanda vinnu, þ. e. hljómsveitinni, á meðan á lokun veitingahússins stæði, og kveðst hann hafa reynt það, en þó án allra skuldbindinga, en það hafi ekki tekizt. Kveðst stefndi Bjarni Bender í þessu sambandi hafa hringt út á land og leitað fyrir sér með vinnu fyrir hljómsveitina og einnig hér innanbæjar. Hins vegar kveður hann aldrei hafa komið til greina, að stefnandi fengi greitt kaup frá stefndu þann tíma, sem lokað væri vegna viðgerðarinnar. Stefndi Bjarni Bender segir, að hann hafi ekki vitað neitt, hvað lagfæring á Leikhúskjallaranum tæki langan tíma, en hann segir, að talað hafi verið um einn mánuð. Stefndi Bjarni Bender segir, eins og áður sé komið fram, hafi aldrei komið til, að stefnandi fengi neinar greiðslur frá hinum stefndu, meðan Leikhúskjallaranum væri lokað vegna viðgerðanna. Hins vegar segir hann, að hljómsveitarstjórinn, Guðjón Pálsson, hafi komið til sín á þeim tíma, sem lokað var, og tjáð sér, að hljómsveitarmenn væru févana, og leitað fyrir sér um, hvort stefndu vildu greiða þeim eitthvað sem fyrirframgreiðslu, er kæmi til frádráttar, þegar þeir hæfu störf að nýju, eftir að opnað væri. Kveðst hann hafa svarað þessari málaleitan hljómsveitarstjórans neitandi, þar sem enginn rekstur væri í veitingahúsinu. Stefndi Bjarni Bender segir, að þeir stefndu hafi gert það, sem í þeirra valdi hafi staðið, til þess að framkvæmdum í Leikhúskjallaranum yrði hraðað, eins og hægt væri, þannig að hægt væri að opna sem fyrst á ný. Hann segir, að það sé rétt, að þeir stefndu hafi orðið að takmarka rekstur veitingahússins við tvö kvöld í viku, fyrst eftir að opnað hafi verið á ný í september, enda hafi þá Þjóðleikhúsið ekki verið tekið til starfa að loknu sumarleyfi. Tekur hann fram, að það hafi verið að sjálfsögðu þeirra stefndu að ákveða rekstrarfyrirkomulag veitingahússins, enda hafi hljómsveitin alltaf fengið greidda þá vinnu, sem þeir hafi unnið, enda hafi þeir leikið meira en þessa tvo föstu daga, sem áður séu nefndir. Stefndi Bjarni

Bender kveðst munu hafa átt frumkvæðið að því að tala við hljómsveitarstjórann, Guðjón, um það, að þá stefndu kæmi til með að vanta músik í Leikhúskjallarann, og síðan hafi það þróast á þann veg, að Guðjón hafi ráðið sig hjá þeim stefndu með hljómsveit sína.

Hefur nú verið rakið það helzta, sem fram hefur komið við aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur í málinu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar sem hér segir:

1.	Laun fyrir vinnuvikurnar 3/7—3/9, 9 vikur, kr. 20.995.00 pr. viku	kr. 188.995.00
2.	Eftirstöðvar vinnulauna fyrir vinnuvikurnar 4/9—17/9, 2 vikur, kr. 4.322.50 pr. viku	— 8.645.00
		Kr. 179.600.00
3.	Bótakrafa vegna samningsrofa	
a.	Umsamin laun fyrir vinnuvikurnar 18/9—29/10, 6 vikur, kr. 20.995.00 pr. viku, samtals kr. 125.970.00	
b.	Frá dragast tekjur hljómsveitarinnar af hljóðfæraleik 21/9—1/11, kr. 47.780.00	kr. 78.190.00
		Samtals kr. 275.790.00

Eins og þegar er komið fram, reisir stefnandi dómkröfur sínar í máli þessu á því, að um samningsrof hafi verið að ræða af hálfu hinna stefndu, og eigi hann því bótakröfu á hendur þeim vegna þess tjóns, sem hann hafi af því beðið. Samið hafi verið munnlega um það, að ráðningartímabilið skyldi vera 6 mánuðir, þ. e. frá 1. maí til 1. nóvember, en ráðningarkjörin þau, að laun hljómsveitarinnar skyldu vera kr. 1.235.00 á klukkustund (að meðtöldu orlofi o. fl.) og hljómsveitinni tryggð að minnsta kosti 17 klukkustunda vinna á viku, sem innt skyldi af hendi á fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum. Kauptrygging hljómsveitarinnar hafi þannig verið kr. 20.995.00 á viku. Þennan samning hafi hinir stefndu vanefnt með því að neita að greiða stefnanda fyrir þann tíma, sem Leikhúskjallaranum hafi verið lokað á samningstímanum, og draga síðan af kaupinu, eftir að opnað var á ný, en enginn fyrirvari hafi verið gerður af hálfu

hinna stefndu um, að lokað yrði og að greiðslur til stefnanda féllu niður á meðan eða lækkuðu af þeim sökum.

Hinir stefndu reisa hins vegar sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi þegar í upphafi verið tjáð, að Þjóðleikhúskjallaranum yrði lokað um mánaðamótin júní - júlí vegna viðgerða og breytinga á húsnæðinu, en sú viðgerð tæki eigi skemmri tíma en mánuð. Hafi orðið að samkomulagi, að hljómsveitin tæki eigi laun fyrir þann tíma, sem lokað yrði, heldur fengi hún aðeins greitt fyrir þá vinnu, sem hún innti af hendi, og ekki hafi verið samið um neina lágmarkstryggingu fyrir hana á viku.

Hljómsveitin hafi fengið alla þá vinnu, sem hún hafi innt af hendi fyrir stefndu, skilvíslega greidda og eigi því engar kröfur á hendur hinum stefndu í máli þessu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, er ekki ágreiningur um lengd upphaflegs ráðningartíma, það er 6 mánuði. Hins vegar greinir aðilja á um eftirgreind atriði:

1. Hvort stefnanda hafi verið það ljóst, þegar við upphaf ráðningartímans, að gera mætti ráð fyrir eins mánaðar hléi (eða lengra) án launa.

2. Hvort samið hafi verið um lágmarkskauptryggingu.

Eins og þegar er fram komið, var ekki gerður neinn skriflegur samningur um ráðningu þá, sem mál þetta er risið af, heldur samið munnlega.

Samkvæmt vottorðum á dskj. nr. 5 og nr. 8, sem ekki hefur sérstaklega verið mótmælt, sögðu allir meðlimir hljómsveitarinnar upp föstum störfum í hljóðfæraleik í öðrum veitingahúsum, þegar þeir réðu sig til hinna stefndu. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda, sem studd eru með framburði vitnisins Sverris Garðarssonar, þykja stefndu eigi hafa fært sönnur að þeirri staðhæfingu sinni, að svo hafi samizt, að stefnandi nyti eigi launa allt samningstímabilið. Hið sama gildir, að því er tekur til staðhæfingar hinna stefndu um það, að eigi hafi verið um neina lágmarkskauptryggingu samið.

Stefnandi hefur dregið frá kröfum sínum í málinu laun fyrir hljóðfæraleik, sem hann hefur fengið frá öðrum aðiljum á samningstímabilinu, eftir að hann hætti hjá hinum stefndu. Þykir því bera að taka kröfur hans, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega, til greina að fullu, þó þannig, að vextir ákveðast 7% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum ber því að dæma hina stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Bender og Ingi B. Ársælsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan persónulega og vegna einkafyrirtækis síns, Þjóðleikhússkjallarans (sic), stefnanda, hljómsveit Guðjóns Pálssonar, kr. 275.790.00 með 7% ársvöxtum af kr. 197.600.00 frá 15. september 1967 til 12. janúar 1968 og sömu ársvöxtum af kr. 275.790.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1973.

Nr. 123/1972: **Björn Halldórsson**
(Sigurður Gizurarson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. október 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Kreft hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 9.689.00 með 8% ársvöxtum frá 20. október 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 10. apríl 1972.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt málflutningi krefur áfrýjandi stefnda um endurgreiðslu á viðbót við söluskatt, sem áfrýjanda var gert að

greiða og hann galt, vegna þess að skattayfirvöld hækkuðu söluskattsskylda veltu hans á árinu 1969 frá framtali á söluskattsskýrslum. Var hækkun þessi vegna greiðslna, sem áfrýjandi fékk vegna hárskerastarfa fyrir stofnanir þær, er í héraðsdómi greinir. Fyrir Hæstarétti er því ekki haldið fram af stefnda, að áfrýjandi hafi með fyrirvaralausri greiðslu á söluskattinum firrt sig rétti til að vefengja skattlagninguna og endurkrefja stefnda um það fé, sem hann galt, og enginn ágreiningur er með aðiljum um fjárhæð dómkröfu áfrýjanda. Þykir því mega leggja dóm á málið að efni til, þótt nokkuð skorti á rækilega gagnaöflun.

Áfrýjandi hafði fasta starfsstöðu sem hárskeri. Þau störf, sem hann vann fyrir Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, Elli- og dvalarheimilið Ás, vistheimilið í Arnarholti og Hrafnistu, voru þáttur þeirrar starfsemi, þótt unnin væri utan hárskerastofunnar. Verður að telja, að honum hafi borið að innheimta söluskatt vegna þeirrar þjónustu, sem hann lét stofnunum þessum í té, sbr. 2. mgr. 2. gr. og f lið 4. gr. laga nr. 10/1960, en ekki verður álitið, að þær hafi endurselt vistmönnum þá þjónustu, þannig að áfrýjandi væri undan þeirri skyldu þeginn að krefja þær um söluskatt vegna ákvæða 3. gr. nefndra laga. Ekki verður undanþága frá þeirri skyldu heldur reist á 6. tl. 7. gr. laganna, sbr. og 7. tl. 10. gr. reglugerðar nr. 15/1960, sem eigi brýtur gegn greindu ákvæði laganna. Og þar sem áfrýjanda var skylt að standa skil á söluskattinum, þótt hann heimti hann ekki hjá þeim, sem hann vann fyrir, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að málskostnaður í héraði falli niður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en tekur til ákvæðis um málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Björns Halldórssonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. janúar s.l., hefur Sigurður Gizurarson héraðsdómslögmaður höfðað f. h. Björns Halldórssonar, Lynghaga 14, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. janúar 1971, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 9.689.00 með 8% dráttarvöxtum frá 20. október 1970 til greiðsludags ásamt málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málið var þingfest 7. janúar 1971 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 17. janúar s.l. Áður hafði verið leitað um sáttir, en án árangurs. Hinn 24. janúar s.l. var málið endurupptekið og dómtekið að nýju 31. janúar s.l.

Málavextir eru þeir, að stefnandi rekur rakarastofu hér í borg, en jafnframt starfar hann að rakaraiðn fyrir Elliheimilið Grund í Reykjavík og Hveragerði og fyrir vistheimilið að Arnarholti. Stefnandi starfaði um tíma einnig fyrir elliheimilið Hrafnistu, en hætti þeim starfa fyrir um það bil tveimur árum að eigin sögn.

Við endurskoðun á söluskatti stefnanda hækkaði skattstjóri söluskattsskylda veltu hans um tekjur frá þessum aðiljum, samtals að fjárhæð kr. 122.366.00, en tekjur þessar komu fram á framtali stefnanda til tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1969. Þar af leiðandi var söluskattur hækkaður um kr. 8.537.00. Jafnframt voru reiknaðir dráttarvextir af þessari fjárhæð fyrir tímabilið frá 15. janúar 1970 13.5%, eða kr. 1.152.00, þegar ríkisskattanefnd tók til úrskurðar kæru stefnanda út af söluskattslagningu þessari.

Eftir skjölum málsins kærði stefnandi söluskatt þennan með kæru til skattstjóra, dags. 12. október 1970 og með kæru til ríkisskattanefndar, dags. 15. október 1970. Hinn 9. nóvember 1970 kvað ríkisskattanefnd upp úrskurð sinn vegna kæru þessarar, og er úrskurður ríkisskattanefndar svohljóðandi:

„Reykjavík 9. nóv. 1970.

Í tilefni söluskattskæru Björns Halldórssonar, Lynghaga 14, Reykjavík, nafnnr. 1333-4684, dags. 15. okt. 1970, hefur ríkisskattanefnd kveðið upp svofelldan úrskurð:

„Kröfur kæranda:

Að söluskattsviðbót fyrir árið 1969, kr. 8.537.00, auk dráttarvaxta, verði felld niður.

Forsendur ríkisskattanefndar:

Við endurskoðun á söluskatti hækkaði skattstjóri söluskattsskylda veltu um tekjur frá Hrafnistu D. A. S., Borgarsjóði (Arnarholt), Elli- og hjúkrunarheimilinu Grun og Elli- og dvalarheimilinu Ási í Hveragerði, samtals að upphæð kr. 122.366.00, sem fram komu á framtali kæranda til tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969, og er ofangreindur söluskattur á lagður samkv. því.

Kæra til skattstjóra, dags. 12. okt. 1970, hljóðar svo:

„Með tilkynningu yðar, dags. 5. þ. m., teljið þér söluskatt minn fyrir árið 1969 vanreiknaðan um kr. 8.537.00 auk dráttarvaxta.

Að fengnum upplýsingum hjá yður er hér um að ræða það, að þér reiknið söluskatt á vinnu mína hjá Elli-og hjúkrunarheimilinu Grund og hjá Hrafnistu (D. A. S.).

Hér hlýtur að vera um leiðinlegan misskilning að ræða.

Samkvæmt yfirlýsingum, sem hér með fylgja frá viðkomandi líknarstofnunum, hefi ég haft hjá þeim ákveðið mánaðarkaup fyrir vinnu mína hjá þeim og ákveðinn vinnutíma án tillits til fjölda þeirra, sem þjónustu minnar nutu. Báðar stofnanirnar lögðu til húsnæði, húsgögn og aðra aðstöðu til framkvæmda starfs míns, en kaup mitt var fast fyrir hvern mánuð, og er það talið fram á skattaskýrslu minni.

Þessari vinnu minni má algjörlega jafna við aðra heilbrigðis- og hreinlætisþjónustu, sem þessar stofnanir láta vistmönnum sínum í té, svo sem viðhald og þvott fatnaðar, fótaaðgerðir, o. s. frv., og mun það fólk, sem þessa þjónustu innir af hendi, ekki vera krafið um söluskatt af launum sínum.

Ég hefi ekki fengið neinn söluskatt greiddan á þessi laun mín. Sé þetta starf mitt söluskattsskylt, ber yður því að innheimta það hjá viðkomandi stofnunum.

Af framangreindum rökum mótmæli ég algjörlega réttmæti fyrrgreindrar kröfu yðar um vangoldin söluskatt og tel hana á misskilningi byggða — og neita því greiðslu hennar."

Vottorð Sigrúnar V. Ásgeirsdóttur f. h. Elli- og hjúkrunarheim-

ilisins Grundar og f. h. Elli- og dvalarheimilisins Áss, dags. 12. okt. 1970, hljóðar svo:

„Hér með vottast, að hr. Björn Halldórsson, hárskeri, Lynghaga 14, R., hefur fengið föst mánaðarlaun sem hárskeri við stofnanir Elli- og hjúkrunarh. Grund og Elli- og dvalarheimilið Ás í Hveragerði frá 1/9 1965 fram til þessa dags. Upphæðin nam á s.l. ári kr. 3.170.00 per mánuð."

Rétt er að geta þess hér, að samkv. áðurnefndu framtali kæranda til tekjuskatts og eignarskatts námu laun kæranda frá Grund kr. 33.641.00 og frá Ási kr. 14.850.00 fyrir árið 1969.

Vottorð Guðlaugar Sigurbjörnsdóttur f. h. Hrafnistu D. A. S., dags. 12. okt. 1970, er svohljóðandi:

„Ég staðfesti hér með, að Björn Halldórsson, rakarameistari, hefur verið á föstum mánaðarlaunum á Hrafnistu D.A.S. þau ár, sem að hann hefur unnið hér."

Í kæru til ríkisskattanefndar, dags. 15. okt. 1970, segir m. a. svo:

„Þar sem ég var fastur starfsmaður Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar og Hrafnistu þetta ár og áður með föst mánaðarlaun, eins og meðfylgjandi vottorðsafrit bera með sér, leyfi ég mér nú og hér með að kæra til yðar yfir þessari álagningu vangoldins söluskatts og óska, að hann verði niður felldur, þar sem mér ber ekki að greiða söluskatt af föstum launum frekar en aðrir launþegar."

Kærandi er rakarameistari að iðn og rekur rakarastofu að Hjarðarhaga 47 (Rakarastofu Vesturbæjar) samkv. skattgögnum. Hann telur fram til frádráttar tekjum bifreiðanotkun vegna atvinnu sinnar, sem væntanlega mun eiga við iðnþjónustu hans utan rakarastofu hans. Það er alkunna, að það hefur lengi tíðkazt, að rakarar láti í té þjónustu sína utan vinnustofa sinna. Samkv. o-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt er vinna eða þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum söluskattsskyld. Þótt kærandi hafi í þeim tilvikum, sem um ræðir í þessu kærumáli, samið um mánaðarlega þóknun á hverjum vinnustað, og þá væntanlega með tilliti til fjölda dvalarmanna á hverjum stað, þykir það ekki fyrra hann söluskattsskyldu.

Umrædd starfsemi kæranda utan vinnustofu sinnar þykir ekki falla undir undanþáguákvæði 9. töluliðs 10. gr. reglugerðar nr. 15/1960 um söluskatt, enda lítur ríkisskattanefnd svo á, að hér sé um venjuleg rakarastörf að ræða.

Samkv. 10. gr. áðurnefndra laga um söluskatt ber kæranda að standa skil á skattinum, jafnvel þótt hann hafi vanrækt að taka söluskatt af umræddri vinnu sinni utan vinnustofu sinnar.

Samkv. framanrituðu verður ekki fallizt á kröfu kæranda um niðurfellingu söluskattsviðbótarinnar.

Tilkynning skattstjóra um álagningu söluskattsviðbótarinnar er dags. 5. okt. 1970, og bar því að reikna dráttarvexti fyrir tímabilið 15. janúar til 14. okt. 1970 13.5% af kr. 8.537.00, eða kr. 1.152.00 í stað kr. 1.024.00. Ber því að hækka dráttarvexti fyrir tímabilið um kr. 128.00.

Úrskurðarorð:

Söluskattsviðbót fyrir árið 1969, kr. 8.537.00, standi óbreytt. Dráttarvextir fyrir tímabilið 15. jan. til 14. okt. 1970 hækki um kr. 128.00, eða úr kr. 1.024.00 í kr. 1.152.00.““

Þessum málalokum vildi stefnandi eigi una og höfðaði mál það, sem hér liggur fyrir. Í stefnu er reyndar ekki tekið fram, að stefnukrafan sé krafa um endurgreiðslu á söluskatti, og er málatilbúnaði lögmanns stefnanda áfátt að þessu leyti, en þegar litið er á greinargerð lögmanns stefnda á dskj. nr. 4, þá telur hann, að hér sé um endurgreiðslukröfu að ræða, og virðist það einnig liggja fyrir af skjölum málsins, og sama kom fram í málflutningi.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar m. a. með því, að aðalákvæði laga um söluskatt nr. 10/1960 séu í 2. og 3. gr. laganna. Til áréttingar á þeim greinum komi svo 4. gr., sem sé eins konar leiðbeiningarákvæði.

Í 2. mgr. 2. gr. laganna segi: „Hver sá, sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti, og hver sá, sem innir af höndum vinnu eða þjónustu, skal með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í lögum þessum, innheimta söluskatt skv. 1. mgr. og standa skil á honum í ríkissjóð.“

Í 3. gr., 1. mgr., laganna er svo sett sú takmörkun, sem í þessu tilviki skipti höfuðmáli: „Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, það er sölu til neytanda, en neytandi telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. næstu málsgr. hér á eftir.

Sé eigi annað fram tekið í lögum þessum, er sala á vörum skattfrjáls til aðilja, sem kaupir þær til að selja aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða

eða selja, enda hafi hann tilkynnt starfsemi sína skv. 11. gr. Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu til aðilja, sem endurselur verðmæti hennar."

Í 2. mgr. 3. gr., sé sett sem skilyrði, að sá, sem hafi atvinnu af því að selja vinnu, hafi tilkynnt starfsemi sína samkvæmt 11. gr. laganna. Tilkynningarskylda þessi hvíli á þeim, sem hafi atvinnu af að selja vinnu til neytenda, og séu það vinnuveitendur stefnanda í máli þessu.

Af greindum lagastöðum megi ljóst vera, að stefnanda beri ekki að gjalda söluskatt af vinnulaunum sínum, þar sem vinna hans sé ekki söluskattsskyld. Söluskatsskylda sé bundin við síðasta stig sölu á vinnu rakara, en það sé sala stofnana þeirra, sem stefnandi starfi hjá, til vistmanna sinna á þjónustunni.

Samkvæmt 11. gr. virðist þessum stofnunum vera skylt að tilkynna sölu sína á hárskurði o. fl. til vistmanna sem söluskattsskylda þjónustu. Það virðist þær ekki hafa gert. Sé þá fjarstæða, að heimilt sé að láta þá vanrækslu bitna á mönnum, sem taki föst laun hjá stofnunum þessum fyrir vinnu sína. Sé ljóst, að jafnvel þótt stefnandi þessa máls hefði tekið laun hjá stofnunum þessum miðað við tölu seldra hárskurða hverju sinni, hefði hann samt ekki átt að gjalda söluskatt af þeirri sölu, þar sem hann hefði ekki selt til neytanda, heldur til stofnunar, sem síðan endurselji til neytanda.

Það virðist vera ljóst, að greiða beri söluskatt af hárskurði og þess háttar þjónustu, sbr. f lið 4. gr. laga nr. 10/1960, en skatt skuli greiða af síðasta viðskiptastiginu. Í tilvitnuðu ákvæði sé talað um, að söluskattsskyld sé þjónustan, þegar hún sé látin í té í rakarastofum og öðrum snyrtistofum. Það megi til sanns vegar færa, að þjónusta stefnanda hafi verið látin í té í rakarastofu eða snyrtistofu, en það hafi ekki verið hans eigin rakarastofa, heldur rakara- eða snyrtistofur þeirra stofnana, sem hann starfi hjá, enda vinni hann þar störf sín með tækjum þessara stofnana.

Það virðist stórhættuleg stefna af hendi skattayfirvalda að kinoka sér við að innheimta söluskattinn af þeim aðiljum, sem lögum samkvæmt eigi að greiða hann, ef einhver eigi að greiða hann á annað borð, þ. e. þeim stofnunum, sem stefnandi vinni hjá. Slíkt yrði söluskattsskyldum aðiljum hvatning til að vanrækja tilkynningarskyldu samkvæmt 11. gr. laga nr. 10/1960.

Hitt sé og ótvírætt, að vanræki söluskattsskyldur aðili, sem selji þjónustu til neytenda, að tilkynna söluskattsskyldu sína, þá geti skattstjórnin ekki lagt skattinn á sarfsmenn þessa aðilja, nema

ótvíræð lagaheimild sé til þess. Hún sé ekki hér fyrir hendi. Þetta leiði m. a. af svonefndri lagaheimildarreglu, sem kveði svo á, að stjórnvöld verði í öllum skiptum sínum við borgarana að hafa ótvíræða heimild til athafna sinna í settum lögum eða rótgróinni réttarvenju. Því sé ekki að heilsa í því tilviki, sem hér sé um að ræða.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi samið um ákveðin mánaðarlaun, hann fái þau, hvort sem hann klippi eða ekki. Áhættan sé því stofnunarinnar en ekki stefnanda, enda séu mánaðarlaunin ákveðin að öllum líkindum að sama skapi lægri en ef stefnandi hefði áhættuna af því, að enginn léti klippa sig hjá honum. Það séu haldlaus rök með söluskattsskyldu, að samningar manna geti ekki haft áhrif á skyldur þeirra gagnvart hinu opinbera. Samningar stefnanda um föst mánaðarlaun hafi aldrei verið gerðir í því skyni að komast hjá söluskatti. Ef það hefði við samningsgerð hvarflað að stefnanda, að hann ætti að greiða söluskatt af föstum launum sínum, hefði hann vitaskuld áskilið sér hærri mánaðarlaun.

Enda þótt starf stefnanda falli ekki undir undanþáguákvæði frá söluskatti, sé ekki þar með unnt að leggja á hann söluskatt, þegar hann sé ekki söluskattsskyldur samkvæmt meginreglu laga um söluskatt í 3. gr., 1. mgr. Til þess að vikið verði frá aðalreglu þessari, verði að vera ótvírætt sérákvæði, er felli söluskattsskyldu á stefnanda. Slíku sérákvæði sé ekki til að dreifa í lögum um söluskatt nr. 10/1960.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi hafi selt þjónustu sína til endurseljenda. Í öðru lagi sé seljandi söluskattsskyldrar vöru eða þjónustu söluskattsskyldur af henni, nema sá, sem kaupi, hafi í höndum skírteini um það, að hann hafi tilkynnt starfsemi sem endurseljandi vöru eða vinnu, sbr. 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 8. gr. söluskattslaga. Þar sem þeir, sem stefnandi telji vera endurseljendur þjónustu hans, hafi ekki tilkynnt starfsemi sína né fengið söluskattsskírteini, sé hann sjálfur söluskattsskyldur af henni, og það jafnvel þótt um raunverulega endurseljendur hennar væri að ræða, en því sé mótmælt, eins og áður segi, þar sem líta verði svo á, að stefnandi selji þjónustu sína beint til neytenda, þ. e. þeirra aðilja, sem greiða fyrir hana, þó að þær greiðslur séu inntar af höndum fyrir vistfólk umræddra stofnana.

Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um ráðningarkjör sín, en samkvæmt gögnum, sem lögmaður stefnda leggi fram, sbr. dskj. nr. 6, 7 og 8, hafi honum verið greitt eftir reikningi, en

ekki mánaðarlega eftir samningi, eins og hann haldi fram. Eins og fram komi í dómsskjölum, þá sé sala á þjónustu iðnaðarmanna söluskattsskyld samkvæmt c lið 4. gr. söluskattslaga og í f lið sömu greinar sé sérstaklega tekið fram, að þjónusta, sem látin sé í té í rakarastofum, sé söluskattsskyld. Líta verður því svo á, að þjónusta stefnanda sé söluskattsskyld, og sömuleiðis, að það skipti ekki máli í því sambandi, þótt hún sé innt af höndum á mörgum stöðum, en hann muni þó aðallega inna hana af höndum á einum stað.

Kröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt á þeim forsendum, að hann hafi greitt umræddan söluskatt án fyrirvara.

Kröfunni um 8% vexti er sérstaklega mótmælt.

Eins og áður er rakið, kærði stefnandi álagðan söluskatt til skattstjóra og svo til ríkisskattanefndar. Í 14. gr. laga nr. 10/1960 segir, að ágreining um skattskyldu og skatthæð megi bera undir dómstóla, en það skuli þó gert innan 6 mánaða, frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði málið. Mál þetta höfðaði stefnandi innan 6 mánaða, frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði málið. Í söluskattslögum er ekki að finna ákvæði að því lútandi, að söluskattsgreiðendur verði að greiða með fyrirvara, ef þeir hyggjast endurkrefja ríkissjóð um þann skatt, sem þeir telja ofgreiddan eða ranglega á lagðan. Eina skilyrðið til málshöfðunar er samkvæmt 14. gr., eins og áður er rakið, að málið hafi áður verið kært til skattstjóra til ríkisskattanefndar og að ekki hafi liðið 6 mánuðir frá úrskurði ríkisskattanefndar, þar til mál er höfðað. Verður því ekki fallizt á það með stefnda, að stefnandi hafi firrt sig rétti með því að greiða án fyrirvara, sbr. og í þessu sambandi 5. mgr. 13. gr. söluskattslaga.

Hinn 10. janúar s.l., kom stefnandi málsins fyrir dóm til yfirheyrslu. Stefnandi sagðist vera hættur að vinna fyrir Hrafnistu og séu um tvö ár síðan hann hætti störfum þar, en hann vinni enn fyrir Elliheimilið Grund í Reykjavík og í Hveragerði. Einnig vinni hann fyrir vistheimilið í Arnarholti. Stefnandi sagðist hafa föst mánaðarlaun fyrir vinnu sína fyrir Elliheimilið Grund og fái hann rúmar kr. 3.000.00 á mánuði fyrir vinnu sína fyrir Elliheimilið í Reykjavík og rúmar kr. 2.000.00 á mánuði fyrir vinnu sína í Hveragerði. Greiðslur þessar breytist bara í samræmi við hækkun á vísitölu, en ekki skipti máli, hversu margir séu klipptir í hverjum mánuði. Fyrir vinnuna í Arnarholti sagðist stefnandi ekki hafa föst mánaðarlaun, heldur miðist greiðslur við það, hve margir séu klipptir í hvert skipti, en stefnandi sagði, að taxti sá,

sem hann vinni eftir í Arnarholti, sé mun lægri en sá, sem rakarar vinni almennt eftir, og hafi hann m. a. þess vegna talið, að inni í þessum greiðslum væri ekki söluskattur.

Stefnandi sagði, að þá er hann vann fyrir Hrafnistu, þá hafi launakjör sín verið algerlega sambærileg við launakjör stefnanda á Elliheimilinu Grund, þ. e. að hann hafi haft fast mánaðarkaup og ekki hafi skipt máli, hversu margir voru klipptir hverju sinni.

Stefnandi sagði, að vistmenn greiði sjálfir ekkert fyrir klippingu, og sagðist stefnandi halda, að þessi þjónusta sé innifalin í vistgjöldum vistmanna, þannig að kostnaður lendi á heimilunum sjálfum, en ekki vistmönnum. Stefnandi tók fram, að hann væri þess fullviss, að vistmenn greiði ekki til heimilanna sérstaklega fyrir þessa þjónustu.

Lög um söluskatt eru nr. 10 frá 1960, og á þeim tíma, sem viðskipti þau áttu sér stað, sem mál þetta er af risið, var í gildi reglugerð um söluskatt frá 31. marz 1960.

Það verður að fallast á það sjónarmið stefnanda, að meginregla laganna sé sú, að söluskatt beri að leggja á síðasta stig viðskipta. En í 3. gr. laganna segir svo: „Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, það er sölu til neytanda, en neytandi telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. næstu málgr. hér á eftir.

Sé eigi annað fram tekið í lögum þessum, er sala á vörum skattfrjáls til aðila, sem kaupir þær til að selja aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða eða selja, enda hafi hann tilkynnt starfsemi sína skv. 11. gr. Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu til aðila, sem endurselur verðmæti hennar."

Í 11. gr. laganna er ákvæði þar að lútandi, að allir þeir, sem skattskyldir séu samkvæmt II. kafla laganna, skuli innan eins mánaðar frá því lögin öðlast gildi tilkynna skattstjóra eða skattanefnd, þar sem þeir eru heimilisfastir, um rekstur sinn eða starfsemi. Í 3. mgr. 11. gr. er ákvæði um það, að sá, sem tilkynnt hafi starfsemi sína samkvæmt 1. og 2. mgr. og er heimilt að kaupa vöru eða vinnu án söluskatts samkvæmt 2. mgr. 3. gr., fái hjá skattstjóra eða skattanefnd skírteini um, að hann hafi tilkynnt starfsemi sem endurseljandi vöru eða vinnu.

Í 7. gr. laganna, 6. tl., er rekstur sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra þvílíkra stofnana undanþeginn söluskatti. Í 7. tl. 10. gr. reglugerðar frá 15. marz 1960 um söluskatt er rekstur sjúkrahúsa, fæðingarheimila, heilsuhæla og annarra

þvílíkra stofnana undanþeginn söluskatti, en tekið er fram í þessari grein, að undanþágan nái aðeins til þeirrar þjónustu, sem nefndar stofnanir láti í té, en ekki til vara, vinnu eða þjónustu, sem þær sjálfar þurfi að kaupa. Í reglugerðinni segir einnig: „Til hliðstæðra stofnana í þessu sambandi teljast elliheimili, vöggustofur, barnaheimili, o. fl.“

Af því, sem hér hefur verið rakið, þá eru elliheimilin og vistheimilið í Arnarholti ekki söluskattsskyld og munu þar af leiðandi ekki hafa fengið söluskattsskírteini, sbr. 11. gr. laganna.

Samkvæmt 12. gr. reglugerðarinnar er seljanda vöru eða þjónustu ekki heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjandi sé, að ekki sé um sölu til neytenda að ræða. Enn fremur er sala söluskattsskylds verðmætis án söluskatts aldrei heimil, nema kaupandi hafi tilkynnt starfsemi sem endurseljandi þeirrar vöru eða vinnu, sem seld er, og hafi í höndum skírteini, sbr. 16. gr. reglugerðarinnar og 11. gr. laganna.

Starfsemi elliheimila er í því fólgin að veita vistmönnum ýmiss konar þjónustu, vistmönnum er séð fyrir húsnæði, fæði, þvotti, læknishjálp, ýmiss konar umönnun, og verður að telja það að sjá vistmönnum fyrir rakstri eðlilegan þátt í starfsemi elliheimila, þótt svo ekki sé hægt að telja, að starfræksla elliheimila sé í því fólgin að kaupa þjónustu rakara og selja hana aftur.

Það verður að fallast á það með stefnanda, að hann hafi selt stofnunum þjónustu sína, en stofnanir hafi svo aftur selt vistmönnum sínum þjónustu stefnanda. Stefnandi hefur gert alla sína samninga við stofnanirnar, en ekki vistmenn. Hann mun hafa samið við stofnanirnar um vinnutíma og launakjör, en ekki við vistmenn. Stofnanirnar hafa svo boðið vistmönnum sínum að notfæra sér þessa þjónustu eins og aðra þjónustu, sem stofnanirnar veita vistmönnum. En vistmenn munu almennt ekki eiga annað val en það, hvort þeir þiggja boðna þjónustu eða ekki.

Ekki skiptir máli, hvort stefnandi hafi unnið fyrir föstum launum eða ekki. Það hefur ekki áhrif á söluskattsskyldu, að samið sé um mánaðarlegar greiðslur fyrir söluskattsskylda þjónustu. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ef honum hefði dottið í hug, að hann ætti að greiða söluskatt, hefði hann áskilið sér hærri mánaðarlaun. Það losar ekki söluskattsskyldan aðilja undan skattskyldu, að honum hafi láðst að innheimta skattinn, sbr. 10. gr. laganna og 14. gr. reglugerðarinnar.

Við niðurstöðu málsins verður lagt til grundvallar, að þjónusta stefnanda er söluskattsskyld, hann hafi selt þessa þjónustu sína

stofnunum, sem eru söluskattsfrjálsar samkvæmt 6. tl. 7. gr. laganna og 7. tl. 10. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt 7. tl. 10. gr. reglugerðarinnar er söluskattsfrelsi elliheimilanna og vistheimilisins bundið við það, sem heimilin selja, en ekki það, sem þau kaupa. En samkvæmt lögunum þá ber þeim, sem selur söluskattsskylda vöru eða þjónustu, að innheimta og greiða söluskatt af vörunni eða þjónustunni, nema því aðeins að viðsemjendur hans hafi í höndum skírteini samkvæmt 11. gr. laganna, sbr. og 16. gr. reglugerðarinnar. Það, að seljandi innheimtir ekki söluskatt, losar hann ekki undan skyldunni að greiða söluskattinn, sbr. 10. gr. laganna. Það eitt, sem getur undanþegið söluskattsskyldan aðilja frá því að þurfa að innheimta og greiða söluskatt, er, að viðsemjandi hans hafi í höndum skírteini samkvæmt 11. gr. laganna, sbr. og 16. gr. reglugerðarinnar.

En eins og áður er rakið, þá eru elliheimilin og vistheimilið í Arnarholti undanþegin söluskattsskyldu af því, sem þau selja, en ekki því, sem þau kaupa, þannig að þau hafa ekki fengið þessi skírteini. Samkvæmt söluskattslögunum er það á ábyrgð seljanda söluskattsskyldrar vöru eða þjónustu, að hann selur vöru sína án söluskatts, og verður hann jafnt að standa skil á söluskattinum, hvort sem hann hefur innheimt skattinn eða ekki, sbr. 10. gr. laganna.

Niðurstaða málsins verður því sú, að krafa stefnanda verður ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Dómari málsins var Auður Þorbergsdóttir. Uppkvaðning dómsins hefur dregizt vegna veikinda dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Björns Halldórssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. marz 1973.

Nr. 21/1973: **Benedikt V. Gunnarsson**
gegn
Ingjaldi Guðmundssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Benedikt V. Gunnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ingjaldi Guðmundssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. marz 1973.

Nr. 22/1973: **Benedikt V. Gunnarsson**
gegn
Gunnari Guðmundssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Benedikt V. Gunnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Gunnari Guðmundssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. marz 1973.

Nr. 146/1972: **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sigurði Georgssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kváðu upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Einar Guðmundsson og Páll Þorbjörnsson, fyrrverandi skipstjórar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa komið fyrir dóm Sigurður Þorkell Árnason, skipherra á Óðni, og Kristján Þorbergur Jónsson, stýrimaður á sama skipi. Telja þeir báðir, að svo stöðug gát hafi verið höfð á athugunartímanum á báti þeim, sem ákærði stjórnaði, að fyrir það sé girt, að farið hafi verið bátavillt. Varði skýrslur þeirra um aðför að báti ákærða með örugrri vissu þann bát og engan annan.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir, sem gerðar voru af skipstjórnarmönnum varðskipsins Óðinn og lúta að báti þeim, v/b Heimaey, VE 1, sem ákærði stjórnaði hinn 19. september 1972, og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Segir m. a. svo í greinargerð skólastjórans, dags. 8. desember 1972:

„Ég hef kosið að setja athuganirnar út í sjókort nr. 32, þar sem það er í stærri mælikvarða en sjókort nr. 30 auk þess sem mælistaðir eru greinilegri í því korti.

Á kortinu eru staðir varðskipsins auðkenndir með svörtum lit, en staðir bátsins með rauðum lit. Þar eru:

A = staður varðskipsins kl. 0135 h. 19/9 '72. Þá mælist báturinn á stað a um 1,65 sjóm. frá landi, eða um 1,35 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 0141. Þá mælist báturinn á

stað **b** um 1,0 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 0147. Þá mælist báturinn á stað **c** um 0,75 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 0153. Þá mælist báturinn á stað **d** um 0,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

E = staður varðskipsins kl. 0201 við bátinn. Staður **e** mælist um 0,2 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Hraði bátsins miðað við fjarlægðir milli mælistaða reiknast mér þannig: a—b um 4,5 sjóm., b—c um 4,0 sjóm., c—d um 5,5 sjóm. og d—e um 3,6 sjóm.

Við þessa útreikninga er það að athuga, að tíminn milli mælistaða er aðeins tiltekinn með mínútu nákvæmni, auk þess að hér er um stutt tímabil að ræða. Má því gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðanum milli mælistaða.

Meðalhraði milli a og E reiknast mér samkvæmt þessu um 4,4 sjóm.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Sperry-radars varðskipsins viðurkenna, mundi það gefa stað bátsins mest innan við 0,1 sjóm. utar frá landi."

Samkvæmt gögnum máls þykir sannað, að skip ákærða v/b Heimaey, VE 1, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem ákæra lýtur að. Varðar brot hans við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir, þó svo, að til viðbótar lögum nr. 89/1971 komi lög nr. 101/1972, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og í stað reglugerðar nr. 3/1961 komi reglugerð nr. 186/1972, en heimilt er með vísan til 118. gr. laga nr. 82/1961 að dæma ákærða áfall samkvæmt henni, enda var mál reifað að því leyti í málflutningi fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 1. marz 1973, jafngilda 100 gullkrónur 5.394.87 seðlakrónum. Stærð skipsins er rétt greind í héraðsdómi.

Samkvæmt framangreindum refsiákvæðum, sbr. lög nr. 4/1924, þykir refsing hæfilega ákveðin krónur 60.000.00 sekt, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði

héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Heimaeyjar, VE 1, svo og málskostnaðarákvæði héraðsdómsins.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Georgsson, greiði kr. 60.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Heimaeyjar, VE 1, skulu óröskuð svo og málskostnaðarákvæði hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vesmannaeyja 21. september 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dags. 20. þ. m., á hendur Sigurði Georgssyni, Austurhlíð 1, Vestmannaeyjum, skipstjóra á vélbátnum Heimaey, VE 1, fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 89/1971 og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndu skipi laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 19. september 1972 út af Hjörleifshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum D 2 og D 1 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Sigurður Georgsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr. laga nr.

62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds skips og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, Sigurður Georgsson, er fæddur 1. marz 1941 í Vestmannaeyjum og hefur ekki sætt refsingu eða öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Í skýrslu Landhelgisgæzlu Íslands, dagsettri 19. þ. m., segir svo:

„Þriðjudaginn 19. september 1972 var m.b. Heimaey, VE-1, skipstjóri Sigurður Georgsson, fæddur 1. marz 1941, til heimilis að Austurhlíð 1, Vestmannaeyjum, staðinn að ólöglegum togveiðum undan Hjörleifshöfða.

Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

Þriðjudaginn 19. september 1972 var varðskipið á eftirlitsferð undan Kötlutöngum. Kl. 0119 var tekið eftir fiskibát skammt frá landi undan Hjörleifshöfða, og hafði hann austlæga stefnu, en beygði skömmu síðar til stjórnborða og hélt SV-læga stefnu.

Kl. 0135 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Báturinn miðast r/v	350	fjarl.	6.5 sml.
Reynisdrangur		—	11.4 —
Arnardrangur		—	9.2 —

Gefur það stað bátsins um 1.7 sml. frá landi.

Kl. 0141 var staðarákvörðunin endurtekin.

Báturinn miðast r/v	344	fjarl.	4.7 sml.
Reynisdrangur		—	10.2 —
Arnardrangur		—	7.6 —

Gefur það stað bátsins um 2.1 sml. frá landi.

Kl. 0147 var staðarákvörðunin endurtekin.

Báturinn miðast r/v	336	fjarl.	3.05 sml.
Reynisdrangur		—	9.0 —
Arnardrangur		—	6.2 —

Gefur það stað bátsins um 2.3 sml. frá landi.

Kl. 0153 var staðarákvörðunin endurtekin.

Báturinn miðast r/v	320	fjarl.	1.4 sml.
Reynisdrangur		—	7.9 —
Arnardrangur		—	5.1 —

Gefur það stað bátsins um 2.8 sml. frá landi.

Kl. 0201 var komið að m.b. HEIMAEY, VE-1, sem var að toga með stb. vörpu og hafði V-læga stefnu. Um leið var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið bátsins

Reynisdrangur		fjarl.	6.45 sml.
Arnardrangur		—	4.8 —

Dýpi 91 metrar

Gefur það stað bátsins um 3.2 sml. frá landi.

Haft var samband við skipstjóra bátsins og honum tilkynnt, að hann hefði verið að ólöglegum togveiðum. Var hann spurður að því, hvort hann viðurkenndi brotið, og neitaði hann því. Var honum þá sagt að hífa inn vörpuna og halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði rannsakað.

Skömmu síðar hífði báturinn inn vörpuna og hélt til Vestmannaeyja.

Veður: VSV 2-3 vindstig, skýjað.

Framanskráðar mælingar voru framkvæmdar af undirrituðum og stýrimanni varðskipsins með gýrókompás, sem er af gerðinni Sperry MK E I, og ratsjá, sem er af gerðinni SPERRY MK 12. Á meðan á mælingum stóð, var lausi fjarlægðarhringurinn borinn saman við föstu fjarlægðarhringina, og var hann réttur.

Með skýrslu þessari fylgir úrklippa úr sjókorti nr. 30, þar sem staðir bátsins og varðskipsins kl. 0135, kl. 0141, kl. 0147, kl. 0153 og kl. 0201 eru markaðir."

Sigurður Þorkell Árnason, skipherra á v/s Óðni, kom fyrir dóm í máli þessu og staðfesti skýrslu sína. Kvað vitnið skýrsluna rétta og gerða eftir beztu vitund.

Vitnið kvaðst fyrst hafa séð togvíra bátsins kl. 0157, en þó ógreinilega, en þegar varðskipið nálgaðist bátinn meira, sá vitnið, að það hafði séð það rétt, að hér var um togvíra að ræða.

Aðspurt kvað vitnið útilokað, að báturinn hafi kastað, eftir að fyrst sást til hans, því hann hélt sig ætíð á jafnri togferð.

Vitnið sá, er varpan var hífð upp, og sá það, að aflinn var u. þ. b. tveir pokar.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Kristján Þorbergur Jónsson, III. stýrimaður á v/s Óðni, kom fyrir dóm í máli þessu.

Vitnið kvað skýrslu skipherra rétta eftir því, sem það vissi bezt.

Vitnið skýrði frá því, að fyrst hefði það séð til bátsins í radar, en sá svo til bátsins skömmu síðar í kíki, og var það skömmu áður en önnur mæling var framkvæmd. Var báturinn þá með siglingaljós uppi, en ekki vinnuljós.

Vitnið sá togvíra bátsins fyrst u. þ. b. fimm mínútum áður en komið var að honum, og sáust vírarnir þá greinilega.

Vitnið taldi útilokað, að báturinn hefði kastað, áður en komið var að honum. Hélt báturinn alltaf sínu striki og sást aldrei snúast, og hélt hann ætíð sama hraðanum.

Vitnið kveðst hafa séð, er híft var, og var aflinn u. þ. b. tveir pokar.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Ákærði, Sigurður Georgsson, kom fyrir dóm í máli þessu Skýrði hann frá því, að hann hafi ekki vitað, hvað klukkan var, og skýrði hann enn fremur frá því, að hann hafi engar tímasetningar tekið í sambandi við þetta tog. Áætlaði ákærði, að þeir hafi verið búnir að toga í á að gizka 15 mínútur til ½ klukkustund, þegar varðskipið kom að bátnum.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hafi litið í radarinn, þegar kastað var, og var báturinn þá u. þ. b. 3 mílur frá landi.

Sagði hann, að togað hefði verið í V og VNV. Skýrði ákærði frá því, að hann hefði verið einn í brúnni, frá því kastað var og þar til varðskipið kom að. Hefði hann verið einn í brúnni frá því kl. 0100.

Ákærði skýrir frá því, að aflinn í þessu togi hafi verið u. þ. b. 300 kg. Var aflinn tekinn inn í tveim pokum, en mikill hluti var sandkoli.

Þá skýrir ákærði frá því, að áður en kastað var, hafi hann lónað og jafnvel keyrt í suðaustlæga stefnu, en áður hafi hann keyrt í austur.

Ákærði kveðst hafa litið í radar frá þeim tíma, að kastað var og þar til varðskipið kom að, og hafi hann þá verið 3.2—3.3 sml frá ströndinni. Aðspurður kvaðst ákærði einungis hafa miðað við ströndina, en ekki tekið aðra punkta.

Í sambandi við sjókort Landhelgisgæzlunnar, útsetningar varðskipsmanna á fjarlægð bátsins frá landi og misræmi þar á og framburði ákærða sagðist hann eigi geta útskýrt þetta atriði að öðru leyti en því, að hann hafi keyrt í VSV og síðan kastað utan við 3 mílna mörkin.

Þá skýrði ákærði frá því að hann hafi séð til varðskipsins, skömmu eftir að þeir á m/b Heimaey höfðu kastað, og var varðskipið þá í nokkurri fjarlægð. Í framhaldi af þessu tók ákærði fram, að u. þ. b. hálf klukkustund hafi liðið, frá því að varðskipið kom að bátnum og þar til híft var. Þá tók ákærði fram, að allar tímasetningar séu sín ágizkun og geti þar skakkað nokkru um.

Í sambandi við mál þetta upplýsti ákærði, að fleiri bátar hafi verið á þessum slóðum, er varðskipið kom að honum, en ekki voru þessir bátar í nánd við hann, er hann var að lóna fyrir innan landhelgislínu.

Aðspurður, á hvaða dýpi kastað hafi verið í síðasta hali, sagði ákærði, að það hefði verið á 30—32 föðmum, og voru látnir út 100 faðmar af vír. Var hlutazt til um að fá dýptarmælisrúlluna úr bátnum, og merkti ákærði inn á hana, hvar hann hefði kastað síðast og hvar híft.

Ákærði upplýsir, að hann telji toghraða m/b Heimaeyjar vera 3 sjómílur á klukkustund.

Gústaf Sigurlásson, stýrimaður á m/b Heimaey, VE 1, Heiðarvegi 11, Vestmannaeyjum, kom fyrir dóm í máli þessu.

Skýrði vitnið frá því, að þeir á m/b Heimaey, VE 1, hafi látið reka út af Hjörleifshöfða á tímabilinu frá því kl. 2200 mánudagskvöld 18. september s.l. til kl. 0100 þriðjudaginn 19. september. Stóð vitnið eitt vakt í brúnni á þessum tíma.

Kl. 0100 vakti vitnið ákærða og fór síðan í koju. Eftir nokkurn tíma var mannskapurinn ræstur, og var síðan kastað, en ekki gat vitnið gert sér grein fyrir, hversu langur tími leið, frá því það fór í koju og þar til ræst var.

Vitnið hafði ekki mið í land, þegar kastað var, og ekki vissi það, hversu langt frá landi þeir á m/b Heimaey voru þá, og ekki gat vitnið gert sér grein fyrir dýpi, en látnir voru út 100 faðmar af vírum.

Ekki sá vitnið til varðskipsins, þegar kastað hafði verið, og fór það ásamt öðrum skipverjum í koju. Síðan var áhöfnin ræst aftur og þá til að hífa, en ekki vissi vitnið, hversu langur tími leið þarna á milli, en tók fram, að tíminn hefði ekki verið langur.

Þegar vitnið kom upp, lá varðskip rétt við hliðina á m/b Heimaey. Híft var strax, eftir að vitnið kom upp, og var þá varðskipið enn við hlið bátsins.

Ástvaldur Valtýsson, vélstjóri á m/b Heimaey, VE 1, Skólavegi 1, Vestmannaeyjum, gaf skýrslu fyrir sakadómi Vestmannaeyja í máli þessu.

Skýrði vitnið frá því, að mánudagkvöldið 18. september s.l. og aðfaranótt þriðjudagsins 19. september hafi þeir á m/b Heimaey látið reka, en einhvern tíma eftir miðnætti hafi mannskapurinn verið ræstur og hafi þá verið kastað. Ekki vissi vitnið, hversu langt frá landi báturinn var þá, en látnir voru út 100 faðmar af vír.

Vitnið fór í koju, eftir að kastað hafði verið, en ekki löngu síðar var mannskapurinn ræstur til að hífa, en ekki gat vitnið gert sér grein fyrir, hversu langur tími leið þarna á milli.

Þegar vitnið kom upp, var varðskip við hlið bátsins, og var það þar enn, þegar híft var, en það var skömmu eftir að vitnið kom upp.

Í máli þessu hefur komið fram, að m/b Heimaey, VE 1, var að togveiðum, er varðskipið Óðinn kom að bátnum kl. 0201 aðfararnótt þriðjudagsins 19. september 1972. Samkvæmt eiðfestum framburðum yfirmanna varðskipsins kemur fram, að fimm mælingar eru framkvæmdar á stað bátsins frá því kl. 0135, og kemur þar fram, að báturinn heldur sig á jafnri ferð í SV læga stefnu frá stað 1.7 sjómílu frá landi og að stað 3.2 sjómílur frá landi á þessu tímabili. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, er styður þann framburð ákærða, að hann hafi togað í stefnu V og VNV, enda kemur greinilega fram, að slík er ekki stefna bátsins. Þá ber þess að gæta, að hefði báturinn togað í þessa stefnu, hefði hann kastað nokkru austan við þann stað, er varðskipið kom að honum, en á þeim slóðum ber aðstæðum og dýpi alls eigi við það dýpi, sem ákærði og vitni bera, að kastað hafi verið á.

Á hinn bóginn ber á það að líta, að ferðalag bátsins milli mælipunkta samkvæmt skýrslu yfirmanna varðskipsins ber saman við framburð vitna og önnur gögn um það dýpi, er ákærði kastar á og togar síðan eftir.

Með hliðsjón af þessu og með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, og að öðru leyti samkvæmt framkomnum gögnum í máli þessu þykir fullsannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum togveiðum innan fiskveiðimarka, og hefur hann því unnið til refsingar samkvæmt þeim lagaákvæðum, er í ákæru greinir og þar eru rétt tilfærð.

M/b Heimaey, VE 1, er samkvæmt alþjóðamælibréfi bátsins 104.58 brúttórúmlestir.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 20. september 972, jafngilda 100 gullkróur 4.335.16 seðlakrónum.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 19. september 1972, voru afli og veiðarfæri m/b Heimaeyjar, VE 1, metin þannig:

Veiðarfæri	kr. 76.000.00
Fiskafli	— 76.602.00
	Kr. 152.602.00

Með skírskotun til þessa og með hliðsjón af málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 50.000.00 króna sekt í Landhelg-

issjóð Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd inna 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber að gera upptækan allan afla og veiðarfæri um borð í m/b Heimaey, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Georgsson, greiði kr. 50.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri um borð í m/b Heimaey, VE 1, skulu gerð upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. marz 1973.

Nr. 127/1972: **Ólafur Björnsson f. h. Skóvals**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Magnúsi Thorlacius
f. h. Chaussures Clerget
og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 15. marz 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 2. október 1972. Aðaláfrýjandi á-

frýjaði málinu af nýju með stefnu 9. október 1972 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda jafnvirði $ 1.500.34 „á því gengi, er gilti og íslenzk króna var skráð á gagnvart bandaríkjadollar h. 30. og 31. ágúst 1967". Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að fellt verði úr gildi fjárnám, sem gagnáfrýjandi lét fram fara í eignum aðaláfrýjanda 6. desember 1971 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Að lokum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. október 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur aðaláfrýjandi lagt fram ýmis bréfaskipti varðandi efni máls þessa.

Málsvörn aðaláfrýjanda er á því reist, að af hálfu gagnáfrýjanda hafi verið hlutazt til um það, að Austurbæjarútibú Landsbanka Íslands aflaði brunatjónsvottorðs hjá H/f Eimskipafélagi Íslands, eftir að vörusending sú, sem í málinu greinir, brann aðfararnótt 31. ágúst 1967. Hafi H/f Eimskipafélagi Íslands verið afhent annað frumrit farmskírteinis yfir vörurnar gegn afhendingu brunatjónsvottorðsins. Brunatjónsvottorðið ásamt hinu frumriti farmskírteinisins og öðrum vöruskjölum hafi síðan verið sent viðskiptabanka gagnáfrýjanda í Frakklandi. Hafi þetta verið í því skyni gert, að gagnáfrýjandi fengi greiddar vátryggingarbætur hjá vátryggingafélagi því, sem vátryggt hafði vörurnar sjóvátryggingu. Þessar ráðstafanir gagnáfrýjanda hafi hins vegar staðið því í vegi, að aðaláfrýjandi gæti heimt vátryggingarbætur fyrir vörurnar og hann greiddi gagnáfrýjanda andvirði þeirra. Gagnáfrýjandi hefur engar skýrslur gefið um málsatvik, þar á meðal um það, hvort það var að kröfu hans, að farmskírteini og önnur vöruskjöl ásamt brunatjónsvottorði voru send til Frakklands í nóvembermánuði 1967, og ef svo var, í hvaða skyni þetta var gert. Þá skortir og skýrslu gagnáfrýjanda

um það, hvort og þá hverjar orðsendingar fóru milli aðilja af þessu tilefni og hverjar ráðstafanir gagnáfrýjandi gerði til að innheimta kaupverð vörunnar hjá aðaláfrýjanda.

Af hendi aðaláfrýjanda hafa ekki komið fram glöggar skýrslur um það, hvort gagnáfrýjandi hafi átt bréfaskipti við hann um mál þessi á árinu 1967 eða síðar, og um það, hverjar tilraunir hann gerði til að greiða vörurnar í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands eftir brunann.

Þar sem gagnaöflun og reifun málsins er áfátt, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 22. september 1972 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum málalokum ber að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 22. september 1972 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétt fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. september 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 22. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. hins franska firma Chaussures Clerget með stefn, birtri hinn 21. apríl 1970, á hendur Ólafi Björnssyni f. h. firmans Skóvals, Austurstræti 18 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð $ 1.500.34 með 12% ársvöxtum frá 20. marz 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins var sú krafa höfð uppi til vara, að krafa stefnanda verði aðeins tekin til greina miðað við það gengi, er gilti og íslenzk króna var skráð á gagnvart bandaríkjadollar þann dag, sem tjónið varð, þ. e. 30. og 31. ágúst 1967. Þá

var þess og krafizt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1966 pantaði stefndi skófatnað hjá hinu franska firma Chaussures Clerget, er skyldi afgreiddur fyrri hluta árs 1967. Vörurnar komu til landsins með m/s Mánafossi hinn 16. apríl 1967 og voru geymdar í vörugeysmlu Eimskipafélags Íslands í Borgarskála. Nam söluverð varanna $ 1.415.05, en við þá fjárhæð bættist flutningskostnaður og tryggingarkostnaður, $ 85.29, og nam heildarfjárhæð vörureiknings því $ 1.500.34. Skjöl varðandi vörusendinguna voru send Landsbanka Íslands, Laugavegi 77 hér í borg, og skyldi andvirði vörunnar ásamt kostnaði greiðast gegn afhendingu heimildarskjala (cash against documents). Þann 30. og 31. ágúst 1967 brunnu vörugeymslur H/f Eimskipafélags Íslands í Borgarskála til kaldra kola og þar með umrædd vörusending, en stefndi hafði þá eigi innt af hendi greiðslu hennar í bankanum. Með bréfi, dags. 13. september 1967, spurðist franski bankinn Crédit Lyonnais fyrir um innheimtu andvirðis vörusendingarinnar hjá Landsbanka Íslands. Í bréfi Landsbanka Íslands, dags. 20. september 1967, er frá því skýrt, að samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi skipafélagi muni umrædd vörusending hafa gereyðilagzt í eldi, er vörugeymsla skipafélagsins brann. Er í bréfinu jafnframt óskað eftir fyrirmælum um, hvað gera skuli við skjöl varðandi vörusendinguna. Kemur fram í bréfinu, að vörusendingin hafi verið tryggð af stefnda og lofi hann greiðslu, eins fljótt og mögulegt er. Í svarbréfi hins franska banka, dags. 3. október 1967, er óskað eftir því, að Landsbanki Íslands haldi skjölunum, á meðan beðið sé endanlegra fyrirmæla frá hinum franska banka, og er jafnframt tekið fram, að ekki megi undir neinum kringumstæðum afhenda skjölin án þess að fá greiðslu. Með bréfi, dags. hinn 12. október 1967, óskaði hinn franski banki eftir því, að Landsbanki Íslands léti í té, eins fljótt og unnt væri, staðfestingu á tjóni því, sem orðið hefði á umræddum vörum í Reykjavík. Var jafnframt tekið fram, að Landsbanki Íslands skyldi halda skjölum varðandi vörusendingu þessa enn um sinn og bíða endanlegra fyrirmæla, og skyldu skjölin ekki undir neinum kringumstæðum afhent án greiðslu. Með bréfi, dags. hinn 8. nóvember 1967, skýrði Landsbanki Íslands hinum franska banka frá því, að skipafélagið mundi aðeins gefa út brunavottorð um vörusendingu þessa gegn afhendingu á frumfarmbréfi. Var jafnframt óskað eftir fyrirmælum um það, hvort Landsbanki Íslands skyldi afhenda eintak af frum-

farmbréfi í skiptum fyrir brunavottorð um vörurnar frá skipafélaginu. Jafnframt var óskað eftir fyrirmælum um, hvað gera skyldi við skjöl varðandi vörusendingu þessa. Með svarbréfi hins franska banka, dags. 14. nóvember 1967, var Landsbanka Íslands veitt heimild til að láta af hendi eitt eintak, annað af tveimur, af frumriti af farmskírteininu í skiptum fyrir brunavottorð, sem senda skyldi franska bankanum ásamt því, sem eftir væri af gögnum varðandi vörusendinguna, og yrði málið þá að fullu afgreitt, að því er varðaði Landsbanka Íslands. Með bréfi, dags. 27. nóvember 1967, sendi Landsbanki Íslands hinum franska banka gögn þau, sem borizt höfðu með bréfi franska bankans frá 14. nóvember 1967, og jafnframt brunavottorð.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að þann 30. og 31. ágúst 1967 hafi hluti vörugeymslu Eimskipafélags Íslands í Borgarskála brunnið til kaldra kola. Kveðst hann hafa átt ýmsar vörusendingar í vörugeimslum þessum. Strax hinn 31. ágúst kveðst stefndi hafa farið að reyna að fá upplýst, hvað af vörusendingunum, sem hann átti þarna, hafi verið í vörugeymslum þeim, sem brunnu. Þá hafi komið í ljós, að tjón á vörusendingum til hans hafi orðið mikið við brunann. Fram hafi komið, að hann hafi átt tvær vörusendingar í vöruskálanum frá hinu franska firma, og hafi komið í ljós, að önnur vörusendingin hafi verið í skálum þeim, sem brunnu, og hafi það verið vörusending sú, sem krafið er um greiðslu fyrir í máli þessu. Stefndi kveðst hafa pantað þessar vörur í Düsseldorf í októbermánuði 1966 með 6 mánaða fyrirvara, þannig að miðað hafi verið við það, að vörusendingin kæmi til landsins með vorinu, og hafi hún komið hinn 16. apríl 1967. Stefndi kveður greiðslukjör hafa verið þau, að vörusendingin hafi átt að greiðast í Landsbanka Íslands gegn afhendingu á „orginalvörureikningi" og „orginalfarmbréfi", sem hann hafi átt að fá til að geta fengið vöruna tollafgreidda hér. Stefndi kveðst hafa fengið tilkynningu frá Landsbanka Íslands varðandi vörusendingu þessa, en ekki kveðst hann muna, hvenær það hafi verið. Hann kveður það venjulega ekki taka langan tíma, frá því varan er komin og þar til tilkynning um það berst frá bankanum. Stefndi kveður það svo, að þegar um sé að ræða greiðslufyrirkomulag, eins og hér var, þá sé varan stundum ekki greidd fyrr en eftir nokkurn tíma, t. d. 10 daga, 60 daga eða jafnvel 90 daga. Kveðst stefndi telja það algerlega á sína ábyrgð, hvort hann innleysi pappíra fyrr eða seinna. Kveður hann hina vörusendinguna frá franska firmanu, sem komið hafi til landsins hinn 15. marz 1967 og hafi ekki

brunnið, ekki hafa verið greidda fyrr en eftir brunann. Stefndi kveður ekki ósennilegt, að hann hafi verið búinn að fá tilkynningu frá Landsbanka Íslands um ítrekun og innheimtutilkynningu, sem þá hafi legið fyrir í bankanum, en stefndi kveðst telja það matsatriði, hversu mikil krafa felizt í slíku. Eftir að hann var búinn að vinna að því að upplýsa, hvað af vörusendingum, sem hann átti hjá Eimskipafélagi Íslands, hafi brunnið, kveðst stefndi hafa gefið Almennum tryggingum upp áætlun um það, að í bruna þessum hefðu eyðilagzt vörusendingar til sín að fjárhæð milli kr. 500.000.00—1.000.000.00. Kveðst hann hafa haft hjá Almennum tryggingum h/f tryggingu að fjárhæð kr. 1 milljón til að tryggja vörusendingar til sín í skálum skipafélaganna í Reykjavík gegn bruna. Kveðst hann hafa talið, að vörusending sú, sem fjallað er um í máli þessu, mundi falla þar undir. Á meðan hann var að upplýsa fullkomlega, hvaða vörusendingar til sín hafi brunnið, kveður stefndi, að hringt hafi verið til sín frá innheimtudeild Austurbæjarútibús Landsbanka Íslands og sér tilkynnt, að tvær af vörusendingum þeim, sem brunnið höfðu, féllu undir tryggingu erlendis. Hafi önnur vörusendingin verið vörusending sú, sem fjallað er um í máli þessu. Kveður stefndi starfsmann Landsbankans, sem hringt hafi í sig, hafa tilkynnt sér, að skjöl fyrir þessar vörusendingar, sem í bankanum voru, þyrfti að senda til viðkomandi aðilja erlendis, og jafnframt hafi hann óskað eftir því, að stefndi aflaði brunavottorða fyrir þessar tvær sendingar hjá Eimskipafélagi Íslands. Stefndi kveðst hafa aflað brunavottorðanna, sem gefin hafi verið út í einu frumriti og einu afriti, og afhent frumrit þeirra innheimtudeild Austurbæjarútibús Landsbanka Íslands. Kveður hann brunavottorðin nauðsynleg, til þess að unnt sé að fá svona tjón bætt, hvort sem það er hérlendis eða erlendis. Eftir þetta kveðst stefndi hafa tilkynnt Almennum tryggingum með bréfi, að tjón af vörusendingu þeirri, sem getið er um í máli þessu og varðaði sig, væri uppskipunargjald, vörugjald og smávegis erlendur kostnaður, sem fallið hafði á vöruna á leiðinni og var innheimtur hjá Eimskipafélagi Íslands. Kveður stefndi Almennar tryggingar hafa bætt sér fjárhæðir þessar að fullu. Kveðst stefndi hafa skýrt Almennum tryggingum frá því, að fjárhæð umræddrar vörusendingar hafi verið greidd af tryggingafélagi erlendis, og kveðst hann hafa byggt þetta á því, að hann hafði afhent Landsbanka Íslands brunavottorð um greinda vörusendingu, sem starfsmaður bankans hafi verið búinn að biðja um, en brunavottorð sé aðalgagnið ásamt „orginalpappírum“ til að

fá tjón sitt bætt. Kveðst stefndi því hafa talið sig lausan allra mála. Kveðst stefndi ekki hafa haft ástæðu til annars en að álíta, að þessu væri svona farið samkvæmt því, sem starfsmaður Landsbankans hafi sagt sér, en hann hafi haft umsjón allra gagna, en stefndi kveðst sjálfur ekki hafa haft neitt í höndunum. Stefndi kveðst telja það mjög sennilegt, að hann hafi lofað greiðslu á vörusendingunni, svo fljótt sem hægt væri, en málið hefði snúizt við með því, sem hafi komið fram um brunann síðar. Stefndi kveðst ekki hafa fengið afhent „orginalframskírteini", um leið og hann afhenti Landsbanka Íslands brunavottorð fyrir vöruna, og kveðst aldrei hafa átt þess kost.

Sólon Sigurðsson, deildarstjóri í innheimtudeild Landsbanka Íslands að Laugavegi 77 hér í borg, hefur skýrt svo frá, að hann hafi í starfi sínu haft afskipti af máli því, sem fjallað er um hér. Vitnið kveður skjöl varðandi umrædda vörusendingu hafa borizt Landsbanka Íslands í tvennu lagi. Í fyrri skjalasendingunni hafi verið einn sýningarvíxill, vörureikningur, tryggingarskírteini, vigtarseðill og annað frumrit farmskírteinis af tveimur. En í síðari skjalasendingunni hafi verið vörureikningur, afrit af tryggingarskírteini, vigtarseðill og hitt frumrit farmskírteinis. Sólon kveður Eimskipafélag Íslands hafa talið, að vörur þær, sem fjallað er um, hafi eyðilagzt í bruna í vörugeymslu félagsins. Kveður hann það hafa komið fram í símtali, sem hann hafi átt við stefnda, að stefndi hefði sjálfur vátryggt vörusendinguna hjá Almennum tryggum og að hann mundi greiða vöruna, þegar hann væri búinn að fá tjónbætur fyrir vöruna greidda hjá tryggingafélaginu. Sólon kveður fyrirmæli hafa komið fram frá hinum franska banka Crédit Lyonnais að láta málið bíða, þar til frekari fyrirmæli kæmu. En með bréfi, dags. hinn 12. október, hafi franski bankinn óskað eftir því, að aflað yrði brunavottorðs fyrir vöruna hjá Eimskipafélagi Íslands. Kveður Sólon þessu bréfi hafa verið svarað með bréfi, dags. 8. nóvember, þar sem skýrt hafi verið frá því, að Eimskipafélag Íslands léti slíkt brunavottorð ekki í té nema gegn frumriti farmskírteinis. Kveður vitnið jafnframt hafa verið spurzt fyrir um það, hvort heimilt væri að afhenda Eimskipafélagi Íslands frumrit af farmskírteini gegn brunavottorði og hvað Landsbanki Íslands ætti að gera við önnur skjöl varðandi vörusendinguna. Vitnið kveður bréfi þessu hafa verið svarað með bréfi, dags. 16. nóvember, þar sem Landsbanka Íslands hafi verið veitt heimild til að afhenda Eimskipafélagi Íslands annað frumrit farmskírteinis af tveimur, sem gefið hafi verið út, gegn brunavottorði fyrir

vöruna, er senda skyldi til hins franska banka ásamt öllum öðrum skjölum varðandi vörusendingu þessa. Þegar bréf þetta barst, kveður vitnið Eimskipafélagi Íslands hafa verið skrifað og óskað eftir brunavottorði fyrir vöruna gegn frumriti farmskírteinis, sem sent hafi verið með. Kveður vitnið brunavottorðið hafa borizt frá Eimskipafélaginu og hafi það síðan verið sent hinum franska banka ásamt öðrum skjölum tilheyrandi vörusendingu þessari, þ. á. m. öðru eintaki af frumriti farmskírteinis.

Krafa stefnanda er byggð á því, að stefndi hafi pantað umræddar vörur og hafi þær verið afgreiddar í samræmi við þá pöntun og sendar til Íslands. Skjöl varðandi vörusendinguna hafi verið send Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, að beiðni stefnda. Er því haldið fram, að stefndi hafi ekki greitt vöruna í Landsbanka Íslands þrátt fyrir kröfu bankans og hafi vörusendingin verið á ábyrgð stefnda samkvæmt 17. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 39/1922, er hún brann. Af hálfu stefnanda er á það bent, að trygging sú, sem hann keypti, áður en varan var send til Íslands, hafi verið flutningstrygging og hafi tryggingartímabil hennar verið löngu liðið, er vörusendingin brann.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að stefndi hafi ekki verið krafinn um greiðslu á andvirði vörusendingarinnar fram að þeim tíma, er umræddur bruni varð og varan fórst. Hins vegar hafi stefndi lofað greiðslu, eftir að bruninn varð, enda fengi hann fullnægjandi skjöl til að fá bætur frá tryggingafélagi sínu, Almennum tryggingum h/f. Er því haldið fram, að stefndi hafi gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá skjöl afhent úr banka, er snertu umrædda vörusendingu, í þessu skyni, en hann hafi hins vegar fengið svör hjá bankanum, að varan væri tryggð erlendis og skjölin mundu verða endursend þangað, til þess að hægt væri að krefja hið erlenda tryggingafélag um greiðslu bóta. Því hafi stefnda eigi verið unnt að fá greiddar bætur frá Almennum tryggingum hér, þar sem öll skjöl ásamt brunavottorði höfðu verið endursend banka í Frakklandi eða stefnanda.

Er því og haldið fram, að ef stefnandi hafi átt gjaldfallna kröfu, frá því varan kom og þar til bruninn varð, þá sé sú krafa fallin niður, þar sem neitað hafi verið viðtöku greiðslu og stefnandi hafi látið endursenda til Frakklands öll skjöl varðandi sendinguna.

Af hálfu stefnda er og haldið fram, að frumfarmbréf, sem komið hafi fram á síðasta stigi málsins, hafi átt að liggja fyrir í upp-

hafi og því hafi eigi verið fyrir hendi grundvöllur til höfðunar málsins.

Stefndi hefur viðurkennt, að hann hafi fengið tilkynningu frá Landsbanka Íslands um vörusendingu þá, sem fjallað er um í málinu. Þá kveður stefndi það ekki ósennilegt, að hann hafi einnig verið búinn að fá frá bankanum ítrekun á innheimtutilkynningu, áður en vörusendingin brann. Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar, að vörusendingin hafi verið til reiðu fyrir stefnda gegn greiðslu kröfunnar í bankanum, er hún brann. Það er ósannað, að stefndi hafi boðið fram greiðslu. Var hættan á því, að vörusendingin færist, því komin yfir á stefnda samkvæmt 1. mgr. 17. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 39/1922, er hún fórst í brunanum. Stefnanda var rétt að höfða mál þetta, þótt frumfarmbréf væri eigi lagt fram sem málsskjal, en af hálfu stefnanda var lagt fram brunavottorð, sem H/f Eimskipafélag Íslands hafði látið stefnanda í té gegn öðru eintaki af frumfarmbréfinu. Var og réttarsamband aðilja innbyrðis óháð því, hvort stefndi fengi vörusendinguna bætta hjá tryggingafélagi sínu. Samkvæmt þessu á stefnandi rétt á að heimta andvirði vörusendingarinnar úr hendi stefnda, án þess að það sé bundið við gengi á tjóndegi, ásamt kostnaði við hana samkvæmt framlögðum vörureikningi, sem eigi hefur sætt andmælum.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda $ 1.500.34 með vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá dagsetningu vörureiknings 20. marz 1967. Þá verður stefndi og dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 23.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóni Norðmann verzlunarmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Björnsson f. h. firmans Skóvals, greiði stefnanda, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni f. h. firmans Chaussures Clerget, $ 1.500.34 með 7% ársvöxtum frá 20. marz 1967 til greiðsludags og kr. 23.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 6. desember 1971.

Ár 1971, mánudaginn 6. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Laugavegi 103, 4. hæð, og haldinn þar af Hauki Davíðssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 2230/1971: Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður f. h. Chaussures Clerget gegn Ólafi Björnssyni f. h. firmans Skóvals.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur nr. 73/1970, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Steinason hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir $ 1.500.34 með 7% ársvöxtum frá 20. marz 1967 til greiðsludags, kr. 23.305 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér, er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 62 við Flókagötu, 2. hæð.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 19. marz 1973.

Nr. 47/1972: **Leifur Eiríksson**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)
gegn
Fjármálaráherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattamál. Tekjuskattur. Synjað lögtaks. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

William Tomas Möller, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. apríl 1972. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna í málinu.

Á árunum 1959 til 1963 byggði áfrýjandi íbúðarhús til eigin afnota að Hlaðbrekku 19 í Kópavogi. Samkvæmt vottorði skattstjórans í Reykjanesumdæmi var vinna hans sjálfs við hús þetta eigi skattlögð, sbr. e lið 9. gr. laga nr. 46/1954 og E lið 10. gr. laga nr. 70/1962. Á árinu 1968 hóf áfrýjandi byggingu bifreiðargeymslu á lóð húss síns. Var geymslan fullgerð á árinu 1970. Á skattframtali árið 1970 taldi áfrýjandi, að á árinu 1969 hefði eigin vinna hans við byggingu bifreiðargeymslunnar numið kr. 45.200.00. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi taldi, að áfrýjanda bæri að greiða tekjuskatt af þessum tekjuþætti, kr. 6.754.00.

Rétt er að skýra 1. msl. E liðs 10. gr. laga nr. 90/1965 um skattfrelsi eignarauka, sem stafar af aukavinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota, að ákvæðið taki einnig til bifreiðargeymslu og eigi skipti það máli, hvort hún sé sambyggð íveruhúsi eða sérbyggð á lóð þess. Samkvæmt þessu verður eigin vinna áfrýjanda við bifreiðargeymslu hans ekki talin með skattskyldum tekjum, enda er því eigi mótmælt, að vinna þessi hafi að öðru leyti fullnægt skilyrðum laga til að njóta þessa hagræðis. Verður hinn áfrýjaði úrskurður því úr gildi felldur og synjað um framgang lögtaksins.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefnda dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað lögtaks.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Leifi Eiríkssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Sératkvæði

Ármanns Snævars hæstaréttardómara.

Í máli þessu er ágreiningur um það eitt, hvort lög standi til þess að skattgilda eignarauka, sem rót á að rekja til eigin vinnu áfrýjanda við bílskúr, er hann reisti sérstæðan í næstu grennd við íbúðarhús sitt að Hlaðbrekku 19 í Kópavogi. Skattstjórnarvöld gerðu honum að greiða tekjuskatt, kr. 6.754.00, af vinnu þessari, og er hann krafinn um þá fjárhæð í málinu. Veltur úrlausn máls á því, hvernig lögskýra beri ákvæði 10. gr., E liðs, laga nr. 90/1965, er í gildi voru, þegar álagning skatts fór fram.

Sérsköttunarregla um eignarauka af aukavinnu, sem einstaklingur „leggur fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúðar til eigin afnota", var fyrst lögtekin hér á landi með lögum nr. 16/1949, er breyttu lögum nr. 6/1935 um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæðið er endurtekið óbreytt í síðari löggjöf um skatta þessa, sbr. lög nr. 46/1954, 9. gr., e liður, lög nr. 70/1962, 10. gr., E liður, og lög nr. 90/1965, 10. gr., E liður, og er nú lítið breytt í lögum nr. 68/1971, 10. gr., E lið. Í reglugerðum, sem settar hafa verið samkvæmt lögum þessum, hafa einnig verið ákvæði um þetta efni, fyrst í reglugerð nr. 178/1949 og síðar í reglugerðum nr. 147/1955, 19. gr., 11. tl., nr. 245/1963, 20. gr., 10. tl., sbr. nr. 74/1969. Skattaregla þessi er sérregla, sem felur í sér skattfhlunnindi til handa tilteknum hópi skattþegna, enda segir í 2. málslið 10. gr., E liðs, laga nr. 90/1965, að skattaregla þessi feli í sér ívilnun. Lögskýringagögn veita eigi glögga fræðslu um inntak þessarar reglu. Sérreglu þessa þykir eigi bera að skýra rýmra en orðalag hennar eftir venjubundinni merkingu veitir vísbendingu um. Samkvæmt því tekur greint ákvæði ekki til aukavinnu áfrýjanda við hinn sérbyggða bílskúr, sem áfrýjandi reisti og mál þetta fjallar um. Ber með þeim rökum að staðfesta úrskurð fógeta.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Kópavogs 3. marz 1972.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 24. febrúar s.l., var tekið fyrir í fógetarétti 21. júlí 1971 vegna framkominnar beiðni innheimtumanns ríkissjóðs um að gera lögtak hjá Leifi Eiríkssyni, Hlaðbrekku 19, Kópavogi, fyrir eftirstöðvum þinggjalda ársins 1970, kr. 6.754.00, auk áfallinna og áfallandi dráttarvaxta og alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Lögtaksúrskurður fyrir þinggjöldum 1970 í Kópavogi var kveðinn upp 14. júlí 1970.

Mættur var í réttinum fyrir hönd gerðarþola Hrafnkell Ásgeirsson hæstaréttarlögmaður, og mótmælti hann því fyrir hönd umbjóðanda síns, að umbeðin lögtaksgerð færi fram, þar sem umrædd gjöld að upphæð kr. 6.754.00 væru ekki lögð á gerðarþola lögum samkvæmt vegna þess, að um væri að ræða skattfrjálsa aukavinnu gerðarþola við hluta eigin íbúðar, sbr. e lið 10. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt. Krafðist umboðsmaður gerðarþola enn fremur málskostnaðar að skaðlausu.

Þar sem enginn var mættur af hálfu gerðarbeiðanda, og fógeti taldi sig ekki geta tekið afstöðu til mótmæla umboðsmanns gerðarþola, var málinu frestað.

Málið var aftur tekið fyrir í fógetaréttinum 9. febrúar s.l. Var þá mættur fyrir hönd gerðarþola Hrafnkell Ásgeirsson hæstaréttarlögmaður og lagði fram greinargerð ásamt fleiri gögnum.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður, hafði boðað lögleg forföll. Var málinu frestað með samþykki umboðsmanns gerðarþola til 24. febrúar s.l.

Þann 24. febrúar s.l. var málið svo tekið fyrir í fógetarétti, og mætti þá af hálfu gerðarbeiðanda Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður og lagði fram greinargerð og úrskurð ríkisskattanefndar, en af hálfu gerðarbeiðanda var mættur Hrafnkell Ásgeirsson hæstaréttarlögmaður og lagði fram uppdrátt af Hlaðbrekku 19 í Kópavogi.

Fór síðan fram munnlegur málflutningur.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerði þær dómkröfur, að umbeðin lögtaksgerð verði látin ná fram að ganga og að gerðarþola

verði gert að greiða hæfilegan málskostnað eða til vara, að málskostnaður félli niður.

Umboðsmaður gerðarþola gerði þær dómkröfur, að hin umbeðna lögtaksgerð verði ekki látin ná fram að ganga, að gerðarþoli verði sýknaður af öllum kröfum gerðarbeiðanda í málinu og honum verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda byggir kröfur sínar á því, að það ákvæði þágildandi skattalaga, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. 10. gr. laga nr. 90/1965, verði að skýra þröngt, húsnæðið skuli vera „íbúð", sem sérbyggður bílskúr sé vitanlega ekki, og auk þess skuli húsnæðið vera til „eigin nota", þ. e. eigin íbúðar, en því sé ekki einu sinni haldið fram, að gerðarþoli ætli sér að búa í skúrnum. Þá beri einnig að hafa í huga, að gerðarþoli eigi íbúðarhús fyrir, sem byggt hafi verið fyrir alllöngu og standi skúrbyggingin þar ekki í neinu sambandi. Hafi skattayfirvöldum ekki þótt fært að telja sérbyggða bílskúra úti á lóðum til íbúðarhúsnæðis, þótt það hafi stundum verið gert, hvað snertir innbyggðar geymslur, enda sé þar minni hætta á misnotkun. Sagði umboðsmaður gerðarbeiðanda það algengt eða algengast, að slíkir bílskúrar, sem í þessu máli um ræðir, séu notaðir sem einhvers konar verkstæði, svo sem smáverkstæði fyrir bílaviðgerðir og þess háttar og stundum leigðir fyrir fiskbúðir, vörugeymslur og því um líkt.

Umboðsmaður gerðarþola byggir kröfur sínar á því, að ákvæði tekjuskattslaganna séu svo fortakslaus, að eigi sé heimilt að leggja skatt á þá aukavinnu gerðarþola, sem hér um ræðir. Telur hann, að skýra beri e lið 10. gr. laga nr. 90/1965 svo rúmt, að bílskúr falli undir eigin íbúð og sé þar um að ræða eina af geymslum íbúðarinnar.

Umboðsmaður gerðarþola rakti nokkuð málavexti. Hafi upphaf málsins verið það, að gerðarþoli taldi fram á skattskýrslu 1970 eigin vinnu við byggingu bílskúrs við hús sitt að Hlaðbrekku 19 í Kópavogi að fjárhæð kr. 45.200.00. Hafi gerðarþoli eigi fært upphæð þessa til tekna, þar sem hann taldi hana vera skattfrjálsa samkvæmt e lið 10. gr. laga nr. 90/1965. Gerðarþoli hafi síðan fengið skattaálagningu á réttum tíma í samræmi við framtal sitt, en síðan fengið tilkynningu um það 5. október 1970, að skattstofan teldi, að hann eigi að greiða tekjuskatt af eigin vinnu við byggingu bílskúrs. Hafi gerðarþoli mótmælt skatta-

álagningunni, en án árangurs, en ekki hafi málið verið kært til ríkisskattanefndar, þar sem fyrir liggi úrskurður nefndarinnar um hliðstætt tilvik.

Umboðsmaður gerðarþola hélt því fram, að alkunnugt væri, að mikill hluti einbýlishúsa, sem byggður hefur verið hér á landi mörg undanfarin ár, hafi verið byggður með viðföstum bílskúr og hafi menn ekki í framtölum sínum aðgreint byggingarkostnað varðandi bílskúr annars vegar og annan hluta íbúðarhúsnæðis hins vegar. Hafi þessir aðiljar í mörgum tilfellum tíundað eigin vinnu við eigin húsbyggingar og hafi þeir fengið hana að öllu leyti skattfrjálsa, enda þótt með sanni megi segja, að hluti vinnunnar hafi verið við byggingu hins áfasta bílskúrs.

Taldi umboðsmaður gerðarþola, sem áður segir, að skýra beri e lið 10. gr. laga nr. 90/1965 það rúmt, að bílskúr falli undir eigin íbúð, og sé þar um að ræða eina af geymslum íbúðarinnar. Sé ákvæðið túlkað mjög þröngt, geti það leitt út í ógöngur, sem ekki hafi verið ætlun löggjafans og ekki sé heimilt að skýra þannig, án þess að skýr ákvæði kæmi þar að lútandi. Því telji gerðarþoli, að í umræddu tilviki hafi verið lagður tekjuskattur á tekjur af vinnu við eigin íbúð, þar sem fráleitt sé annað en flokka bílskúr undir hluta íbúðarinnar.

Umboðsmaður gerðarþola tók fram, að gerðarþoli notaði umræddan bílskúr til þess að geyma í bifreið sína og ekki væri rekinn neinn rekstur í skúrnum, hvorki bifvélaviðgerðir né annað.

Svo sem að framan er lýst, er lögtakskrafan í máli þessu byggð á viðbótarálagningu tekjuskatts að upphæð kr. 6.754.00 vegna eigin vinnu við byggingu bílskúrs að Hlaðbrekku 19, kr. 45.200.00, sbr. ljósrit skattframtals 1970 og meðfylgjandi húsbyggingarskýrslu fyrir árið 1969 á dskj. nr. 3 og sbr. tilkynningu skattstofu Reykjanesumdæmis, dags. 5. október 1970, á dskj. nr. 4.

Var gerðarþola með bréfi skattstjórans í Reykjanesumdæmi, dags. 19. október 1970, sbr. dskj. nr. 5, tilkynnt um, að skattframtal hans hafi verið tekið til úrskurðar að nýju og tekjuskattur hækkaður um kr. 6.754.00.

Gerðarþoli kærði tekjuskattshækkunina til skattstjóra með bréfi, dags. 26. október s.l., sbr. dskj. nr. 6, en gjöldin voru úrskurðuð óbreytt, sbr. bréf skattstjóra, dags. 29. október s.l., á dskj. nr. 7.

Umræddur bílskúr er samkvæmt teikningu, sbr. dskj. nr. 9, sérbyggð einnar hæðar bygging, 4.5 x 9 m að grunnfleti, sem staðsett er aftan til við íbúðarhúsið að Hlaðbrekku 19.

Í máli þessu er deilt um það, hvort bílskúrinn falli undir e lið 10. gr. laga um tekju- og eignarskatt sem hluti íbúðar til eigin afnota.

Nú verður að fallast á það með gerðarþola, að almennt verður að telja bílskúr hluta þess húsnæðis, sem notað er til íbúðar, og er bílskúr í því sambandi hluti geymslurýmis og ætlaður sérstaklega sem geymsla fyrir bifreið. Skiptir í því atriði litlu máli, hvort bílskúr er innbyggður, viðbyggður eða byggður sér við annað íbúðarhúsnæði.

Hins vegar er eigin íbúð í þrengri skilningi fyrst og fremst það húsnæði, sem í raun er búið í, auk minni háttar geymslurýmis, en bílskúr er ekki þar með talinn.

Ákvæði e liðs 10. gr. skattalaga er undanþáguákvæði, sem skýra ber þröngt, og verður því að telja, að eignarauki gerðarþola, sem stafaði af aukavinnu hans við byggingu bílskúrs að Hlaðbrekku 19, falli ekki undir ákvæðið og hafi skattayfirvöld þannig farið að lögum, er þau úrskurðuðu tekjuskattsauka á hendur gerðarþola, svo sem að framan er lýst. Hin umbeðna lögtaksgerð verður látin ná fram að ganga samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð til tryggingar skattskuld gerðarþola, kr. 6.754.00, með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Rétt þykir, að málskostnaður vegna lögtaksmáls þessa verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Lögtak fer fram í eignum gerðarþola, Leifs Eiríkssonar, til tryggingar kr. 6.754.00 með 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til greiðsludags svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. marz 1973.

Nr. 186/1971: **Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Heiðari Guðmundssyni
(Jón Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað uppboðs. Tryggingarbréf.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Dómkröfur hans eru þessar: Að „hinum áfrýjaða dómi, eða öllu heldur úrskurði, uppboðsréttar Ísafjarðar frá 1. okóber 1971 verði hrundið og breytt á þá lund, að hið umbeðna nauðungaruppboð á eignarhluta stefnda Heiðars Guðmundssonar í fasteigninni nr. 30 við Tangagötu á Ísafirði skuli fram fara til lúkningar á skuld sameignarfélagsins Radio, Ísafirði, samkvæmt víxlum samþykktum af félaginu og útgefnum af Radiostofu Vilbergs & Þorsteins, Reykjavík, að eftirstöðvum kr. 187.443.61, ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. október 1967 til greiðsludags, kostnaði við stimplun og afsögn, kr. 1060, auk kostnaðar alls við uppboðið og í sambandi við það". Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að synjað verði um framgang uppboðsins og málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í hinni áfrýjuðu dómsathöfn.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing Þorsteins Þorvaldssonar f. h. Radiostofu Vilbergs & Þorsteins þess efnis, að víxlar þeir, sem málið fjallar um, séu eign fyrirtækisins, en hafi verið framseldir Sigurði Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni í innheimtuskyni.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig, að samkvæmt

reikingsskilum Sigþórs K. Jóhannssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 29. september 1967, sem samin eru eftir gögnum Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns í Reykjavík, séu eftirstöðvar skuldar fyrirtækis stefnda, Radios s/f, Ísafirði, við Radiostofu Vilbergs & Þorsteins kr. 210.802.21. Uppgjör þetta er svohljóðandi:

„31/12 '66

Víxlaskuld			kr. 545.249.80
Dráttarvextir af víxlum til 31/12 1966 ..			— 18.980.14
			Kr. 564.229.94
÷ Endursendar vörur	kr. 51.208.00		
÷ Sendar vörur án víxla	— 34.935.00	kr. 16.273.00	
Innheimtar útistandi skuldir ..	kr. 107.880.50		
÷ Innheimtulaun	— 10.788.00	— 97.092.50	— 113.365.50
			Kr. 450.864.44
1/5 '67			
Dráttarvextir af víxlum til 1/5 1967			— 18.034.58
			Kr. 468.899.02
÷ Gr. frá G.G. m/veðskuldabréfi		kr. 201.719.34	
Innborgað		— 125.000.00	
		kr. 326.719.34	
÷ Þóknun til E. G. E.	kr. 1.800.00		

Vangoldin hluti G. G. af skuldabréfi	kr. 5.003.38	kr. 6.803.38	kr. 319.915.96
			Kr. 148.983.06
1/10 '67 Dráttarvextir af víxlum til 1/10 1967			— 7.449.15
			Kr. 156.432.21
Þinglýsing af tryggingarbréfi G. G.	kr.	3.075.00	
Innheimtukostnaður skv. taxta Lögmannafélags Íslands	—	32.585.00	
Gerð tryggingabréfa	—	2.850.00	
Flugferðir til Ísafjarðar (3 x 1620)	—	4.860.00	
Dagpeningar (4 x 2000.00)	—	8.000.00	
Þóknun til endurskoðanda	—	3.000.00	— 54.370.00
			Eftirstöðvar kr. 210.802.21“

Frá þessari fjárhæð dregur áfrýjandi kr. 29.874.10, sem innheimtar hafi verið upp í skuld stefnda hjá skuldunautum Radios s/f, en bætir síðan við kostnaði, að því er virðist við þessar innheimtur, samtals kr. 20.193.50. Kemur þá fram fjárhæðin kr. 201.121.61, sem áfrýjandi lækkar um kr. 13.678.00 (10.000.00 + 3.678.00) í kr. 187.443.61.

Stefndi hefur m. a. haldið því fram, að víxilskuldirnar, sem málið fjallar um, væru að fullu greiddar. Hefur hann í því sambandi bent á samning sinn við Radiostofu Vilbergs & Þorsteins frá 27 janúar 1967.

Kröfu sína um nauðungaruppboð á eignarhluta stefnda í fasteigninni Tangagötu 30 á Ísafirði reisir áfrýjandi á veðbréfi (tryggingarbréfi), útgefnu af stefnda 28. janúar 1967, en með bréfi þessu setur stefndi nefndan eignarhluta að veði

til tryggingar víxlum, sem Radio s/f á Ísafirði skuldi Radíóstofu Vilbergs & Þorsteins í Reykjavík. Telur áfrýjandi, að veðbréf þetta ásamt þeim ógreiddu víxlum, sem veðið eigi að tryggja, sé nægileg heimild til nauðungaruppboðs á hinni veðsettu eign samkvæmt b lið 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 og 39. gr. laga nr. 95/1947.

Í framangreindu veðbréfi er að vísu áskilið, að þegar skuldin, sem veðið eigi að tryggja, sé fallin í gjalddaga, megi selja það á nauðungaruppboði samkvæmt lögum nr. 57/1949, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887. Á hinn bóginn er þess að gæta, að umrædd veðsetning er til tryggingar skuld, sem ekki er á annan hátt greind í veðbréfinu en þann, að um sé að ræða víxilskuldir Radios s/f við nafngreindan þriðja aðilja. Er víxilskuldum þessum ekki lýst nánar, fjárhæða þeirra að engu getið og fjárhæðin, sem veðinu er ætlað að tryggja, aðeins tiltekin þannig, að veðsetningin sé „til tryggingar skuld að fjárhæð allt að kr. 300.000.00 ... svo og vöxtum og öllum innheimtukostnaði að skaðlausu." Verður ekki litið svo á, að 3. gr. laga nr. 18/1887, sem ræðir um veðskuldabréf með fasteignartryggingu, veiti heimild til þess beint eða fyrir lögjöfnun, að í framangreindu veðbréfi væri ákveðið, svo gilt sé, að selja megi veðið á nauðungaruppboði án dóms eða sáttar og aðfarar. Styrkja ákvæði 15. gr. laga nr. 29/1885 og þessa niðurstöðu. Ber því þegar af þessari ástæðu að synja kröfu áfrýjanda um framgang uppboðsins og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 40.000.00.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ranglega nefnt úrlausn sína dóm.

Þá er það aðfinnsluvert, að lögmaður áfrýjanda, Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, hefur í greinargerð fyrir Hæstarétti viðhaft óþinglegt orðbragð um héraðsdómarann.

Dómsorð:

Synjað er um framgang uppboðs þess, sem í málinu greinir.

Áfrýjandi, Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður,

greiði stefnda, Heiðari Guðmundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

„Dómur" uppboðsdóms Ísafjarðar 1. október 1971.

Ár 1971, föstudaginn 1. október, var á uppboðsþingi Ísafjarðar, sem háð var í dómssal embættisins að Pólgötu 2 á Ísafirði af Björgvin Bjarnasyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur þessi, en málið var tekið til dóms í dag, eftir að það var enduruppteki ð.

Með bréfi, dags. 10. apríl 1968, krafðist Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Tryggvagötu 8, Reykjavík, að eignarhluti Heiðars Guðmundssonar rafvirkjameistara, Tangagötu 30 á Ísafirði, í húseigninni nr. 30 við Tangagötu á Ísafirði yrði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar eftirstöðvum skuldar pr. 1. október 1967, kr. 201.121.61, auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. október 1967 til greiðsludags, afsagnar- og stimpilkostnaðar, kr. 1.060.00, auk innheimtulauna, kr. 13.156.00, svo og alls kostnaðar við uppboðið, ef til kæmi.

Uppboðsþoli, Heiðar Guðmundsson, gerir þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og að honum verði úrskurðaður eða dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Eftirstöðvar kr. 201.121.61 sundurliðar uppboðsbeiðandi samkvæmt víxlum, sem Radió s/f á Ísafirði hefur samþykkt til greiðslu, en til tryggingar víxlum þessum er tryggingarbréf, útgefið af uppboðsþola, Heiðari Guðmundssyni, þann 28. janúar 1967 til tryggingar víxilskuldum Radiós s/f við Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, Laugavegi 72, Reykjavík, allt að fjárhæð kr. 300.000.00.

Er tryggingarbréf þetta tryggt með 4. veðrétti í framangreindum eignarhluta að Tangagötu 30 á Ísafirði.

Víxlarnir eru þessir:

Víxill pr.	6. október	1966	að upphæð		kr.	41.219.00
— —	1. ágúst	1966	—	—	—	35.978.00
— —	28. júlí	1966	—	—	—	36.385.00
— —	14. maí	1966	—	—	—	49.506.00
— —	4. maí	1966	—	—	—	34.677.00
				Samtals	kr.	196.865.00

Krafa uppboðsbeiðanda er, eins og áður greinir, kr. 201.121.61, en ofangreindir víxlar eru samtals kr. 196.865.00, svo að uppboðskrafan er kr. 4.256.61 hærri en nefndir víxlar samanlagt.

Á dskj. nr. 1 eru taldir upp fimm víxlar, en með þeim hefur fylgt víxill pr. 20. júlí 1966, kr. 35.000.00, sem engin grein er gerð fyrir. Þá lækkar uppboðsbeiðandi kröfu sína um kr. 8.000.00 í kr. 193.121.61 og innheimtulaun í kr. 12.850.00 með bréfi, dags. 7. nóvember 1968 á dskj. nr. 3, og ennþá lækkar hann kröfu sína í greinargerð á dskj. nr. 11 í kr. 191.121.61 og innheimtulaun í kr. 12.250.00, og byggjast báðar þessar lækkanir, samtals kr. 10.000.00, á því, að Konráð nokkur Júlíusson greiddi upp í kostnað og höfuðstól skuldar sinnar þessa fjárhæð. Og ennþá breytist krafan og nú til hækkunar, eins og hún var upphaflega, kr. 201.121.61, þar sem greiðsluloforð hafi verið gefið fyrir kr. 10.000.00 og ekki staðið við það. Að lokum lækkar uppboðsbeiðandi kröfur sínar niður í kr. 187.443.61 án nokkurra skýringa, og verður því endanleg krafa hans, að fasteignin Tangagata 30, Ísafirði, verði seld á grundvelli tryggingarbréfs á dskj. nr. 2 og viðfestra víxla, sem fylgdu uppboðsbeiðni á dskj. nr. 1, til lúkningar skuld að eftirstöðvum kr. 187.443.61 auk 1% dráttarvaxta frá 1. október 1967 til greiðsludags, afsagnar- og stimpilkostnaðar, kr. 1060.00, innheimtulauna samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaðar alls við uppboðið og réttarhöld þau, sem fram hafa farið, síðan beðið var upphaflega um uppboðið, svo og kostnaðar alls og dagpeninga, ef til uppboðs kemur.

Sátta var leitað árangurslaust.

Málavextir eru þessir:

Uppboðsþoli, Heiðar Guðmundsson, rak ásamt Gunnari Guðvarðssyni, Ísafirði, sameignarfélagið Radió þar til hann seldi sinn hluta í firmanu þann 1. október 1966 meðeiganda sínum, nefndum Gunnari, og voru eigendaskipti auglýst í Lögbirtingablaðinu nr. 66/1966.

Þann 28. janúar 1967 kom Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður til Ísafjarðar til að leggja löghald á eignir uppboðsþola til tryggingar skuldum Radiós s/f hjá Radióstofu Vilbergs & Þorsteins í Reykjavík, sem lyktaði með því, að uppboðsþoli gaf út tryggingarbréf með 4. veðrétti í eignarhluta sínum að Tangagötu 30, Ísafirði, fyrir skuldum við nefnt firma að fjárhæð allt að kr. 300.000.00.

Samkomulag var um það, að ekki skyldi gengið að veðinu, fyrr en fullreynt væri, hvort eignir Radiós s/f og andvirði fasteignar-

innar Þvergötu 4 á Ísafirði nægðu til greiðslu skuldarinnar við Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, sbr. dskj. nr. 6. Enn fremur átti að greiða fyrst upp elztu skuldir Radiós s/f samkvæmt framburðum Birgis Valdimarssonar og Einars Gunnars Einarssonar, sbr. dskj. nr. 10.

Töluverður ágreiningur er um, hvað mikið hafi fengizt greitt upp í kröfur Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, og er málið mjög vanreifað af hendi uppboðsbeiðanda varðandi það atriði. Þó hafa verið lögð fram ýmis yfirlit og uppgjör í málinu, en ekki gefin nein viðhlítandi skýring á, hvernig uppboðskrafan er fundin.

Eins og að framan greinir, hefur uppboðsbeiðandi margbreytt kröfum sínum ýmist til lækkunar eða hækkunar.

Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, er hafði meðalgöngu um mál þetta, svo sem samningu tryggingarbréfsins og innheimtu útistandandi skulda Radiós s/f, hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína. Lagt hefur verið fram uppgjör á dskj. nr. 12, sem Sigþór K. Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi, hefur samið eftir gögnum nefnds Kristins Sigurjónssonar, og telur hann eftirstöðvarnar vera kr. 210.802.21, sem ekki heldur kemur heim og saman við upphaflega eða endanlega kröfu uppboðsbeiðanda, og er upphaflega krafan kr. 9.680.60 lægri en nefnt uppgjör og endanlega krafan lægri um kr. 23.358.60.

Uppboðsþoli hefur mótmælt uppgjöri á dskj. nr. 12 og yfirlitinu í heild, enda hafi hann aldrei fengið neinar skýringar á því svo og kæmi ekki fram allir þeir reikningar á dskj. nr. 17, sem Kristinn Sigurjónsson hefur innheimt, og færir hann rök fyrir því með framlagningu á yfirliti á dskj. nr. 19 ásamt fylgiskjölum, reikningum á dskj. nr. 20, yfirlýsingu á dskj. nr. 21 og endurriti dóms á dskj. nr. 22.

Gunnar Guðvarðsson, fyrrverandi meðeigandi uppboðsþola, kom fyrir dóm, og er honum var sýnt yfirlitið á dómsskjali nr. 12, kvaðst hann ekki hafa haft aðstöðu til samanburðar og að honum hafi komið á óvart ýmsir liðir þess. Svo og tók hann fram, að samkomulag hafi verið með eigendum Radiós s/f og Radióstofu Vilbergs & Þorsteins um, að eldri skuldir yrðu fyrst greiddar.

Við aðilja- og vitnaleiðslur, sem fram fóru þann 23. júní 1969, tók umboðsmaður uppboðsbeiðanda fram:

„Þótt umbjóðandi minn hafi leyft, að umboðsmaður uppboðsþola leiddi í réttinum vitni og aðila, mótmæli ég framburðum þeirra sem röngum og þýðingarlausum fyrir mál þetta, þar eð ég tel mál þetta eiga að sæta reglum í 17. gr. víxillaga og 17.

kafla laga nr. 85/1936, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1959. Því hefur í þessu ekki falizt neitt samþykki til undanþágu frá nefndum réttarfarsákvæðum."

Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu lagði uppboðsbeiðandi í réttarhaldi þessu fram ýmis dómsskjöl um viðskipti þau, sem gerðust að baki þeim víxlum, sem fram hafa verið lagðir í máli þessu, svo sem yfirlit löggilts endurskoðanda á dskj. nr. 12, bréf Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns nr. 13, bréf uppboðsbeiðanda nr. 14 og ljósrit kvittunar nr. 15 svo og greinargerð, þar sem viðskipti eru rakin, nr. 11, bréf til bæjarfógeta nr. 16 og yfirlit yfir innheimtar kröfur.

Enn fremur lagði uppboðsbeiðandi fram í réttarhaldi í uppboðsrétti Reykjavíkur þann 3. maí 1971 aðiljaskýrslu Þorsteins Þorvaldssonar, annars eiganda Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, og vitnaskýrslu Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns.

Staðfesti Kristinn skýrslu sína fyrir dóminum sem vitni, en ekki er getið í bókum uppboðsdómara, að Þorsteinn mætti þar sem vitni, og virðist koma fyrir dóminn sem aðili, sbr. aðiljaskýrslu hans. Uppboðsbeiðandi hefur engar athugasemdir gert við það. Þá hefur uppboðsbeiðandi lagt fram yfirlit og rökstuðning þess svo og sókn í málinu á dskj. nr. 24, þar sem hann ítrekar mótmæli sín gegn því, að komið verði að *frekari* vörnum en 208. gr. laga nr. 85/1936 heimilar.

Með framlagningu framangreindra dómsskjala og yfirlýsingu sinni um, að *frekari* vörnum verði ekki komið að, verður að telja, að þrátt fyrir öll mótmæli uppboðsbeiðanda hafi hann fallizt á í verki, að uppboðsþoli kæmi að vörnum, sem annars komast ekki að samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936.

Dómurinn telur ekki ástæðu til, eins og málum er háttað, að rekja ítarlega efni allra þeirra skjala og aðilja- og vitnisburða, er fram hafa komið í málinu, þar sem það, sem nú hefur verið rakið, mun nægja til frávísunar málsins vegna þess, hve það er vanreifað — ef ekki annað kæmi til.

Sóknaraðili máls þessa, uppboðsbeiðandinn Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, leggur sjálfur fram í réttarhaldi þann 3. maí 1971 í uppboðsrétti Reykjavíkur *aðiljaskýrslu* Þorsteins Þorvaldssonar, annars aðaleiganda Radióstofu Vilbergs & Þorsteins, þar sem viðskipti firma hans og Radiós s/f eru rakin.

Tryggingarbréf og víxlar þeir, sem um er að ræða í máli þessu, hafa verið framseldir uppboðsbeiðanda, og mætti ætla, að hann ætti samkvæmt því aðild að málinu. Hins vegar verður að telja

við framlagningu aðiljaskýrslu Þorsteins Þorvaldssonar, að hér hafi verið um pro forma gerning að ræða og nefndur Þorsteinn eða Radióstofa Vilbergs & Þorsteins séu raunverulegir eigendur kröfu þeirrar, sem fram er sett.

Þessa skýrslu leggur uppboðsbeiðandi sjálfur fram án nokkurra athugasemda.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að svo mikill vafi leiki á því, hvort uppboðsbeiðandi, Sigurður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, sem sækir málið í eigin nafni, sé raunverulegur eigandi kröfunnar, að ástæða er til að gefa því meiri gaum.

Ekki hefur komið fram krafa frá uppboðsþola um sýknu á þessum forsendum, og ber því ex officio að sýkna hann af öllum kröfum uppboðsbeiðanda og synja um framgang uppboðsins vegna aðildarskorts.

Eftir atvikum þykir rétt, að uppboðsþola verði tildæmdur málskostnaður að fjárhæð kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Uppboðsþoli, Heiðar Guðmundsson, skal vera sýkn af kröfum uppboðsbeiðanda, Sigurðar Sigurðssonar, í máli þessu.

Uppboðsbeiðandi greiði uppboðsþola kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. marz 1973.

Nr. 103/1971: **Guðmundur Sigfússon**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Guðmundi Halldórssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. s. m. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 26. september 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Á rekstri máls þessa, sem er einfalt í sniðum, hefur orðið óhæfilegur dráttur. Eftir að greinargerð stefnda í héraði kom fram á dómþingi hinn 29. marz 1966, voru aðiljum veittir sameiginlegir frestir til gagnaöflunar, án þess þó að nokkur sakargögn væru lögð fram allt til þinghalds 8. marz 1968. Á því dómþingi var aðiljaskýrsla tekin af áfrýjanda og vitnaskýrsla af einu vitni. Eftir það voru málsaðiljum enn veittir sameiginlegir frestir, unz dómþing var háð hinn 16. júní 1970. Á því dómþingi voru engin gögn lögð fram, en því var lýst, að gagnaöflun væri lokið. Var málinu frestað á dómþinginu ótiltekið til munnlegs málflutnings. Fór hann fram röskum níu mánuðum síðar, hinn 26. marz 1971, og var þá lagt fram endurrit af dómi sakadóms Reykjavíkur frá 3. júní 1965 vegna ákæru á hendur stefnda m. a. út af sakarefni því, sem hér er til úrlausnar.

Ýmsir dómarafulltrúar hafa farið með mál þetta á bæjarþingi Reykjavíkur. Rétt er þó að geta þess, að dómari sá, er kvað upp héraðsdóm í málinu, háði eigi dómþing fyrr en 8. júní 1970. Dráttur á málarekstri þessum stafar ekki sízt af vinnubrögðum lögmanns áfrýjanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, við öflun gagna.

Seinagangur í málarekstri þessum í heild sinni er aðfinnsluverður og er brýnt brot á lögum nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 26. f. m., hefur Guðmundur Sigfússon, B-götu, Þorlákshöfn, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, með stefnu, útgefinni hinn 24. febrúar 1966, á hendur Guðmundi Halldórssyni, Rauðalæk, Holtum, Rangárvallasýslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 20.000.00 með 8% ársvöxtum frá 26. september 1963 til 31. desember 1964, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi stefnt Samvinnutryggingum g/t til réttargæzlu í málinu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu eftir mati dómarans, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega og málskostnaður verði látinn falla niður.

Á hendur réttargæzlustefnda eru engar dómkröfur gerðar, og af hans hálfu eru heldur engar kröfur hafðar uppi.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 26. september 1963, klukkan 1150, tilkynnti Markús Jónsson, Bláskógum 1 í Hveragerði, lögreglunni í Árnessýslu, að hryssa, er hann átti, hefði fundizt dauð við þjóðveginn skammt frá Krossi í Ölfusi þá um morguninn. Taldi Markús, að ekið hefði verið á hryssuna. Tómas Jónsson lögregluþjónn fór á staðinn. Í skýrslu sinni um athugun á vettvangi skýrði hann svo frá, að hryssan hafi legið 14 m austan við þjóðveginn uppi á lágu

barði. Hafi svo virzt sem hryssan hafi fengið högg á snoppuna, þar eð hún var alblóðug. Enn fremur taldi hann óeðlilegan bólgukepp, mjög stóran, hafa verið í náranum hægra megin og hafi hann náð upp á síðuna. Tómas kvað hryssuna hafa verið dökkrauða eða nánast jarpa og hafi hún verið nokkuð loðin og hafi broddur háranna verið ljósari að lit. Á vettvangi fannst lítil krómhlíf og glerbrot, sem Tómas taldi vera af stefnuljóskeri Volkswagen bifreiðar. Virtizt Tómasi augljóst af aðstæðum, að þarna hefði verið á ferð Volkswagen bifreið af árgerð um 1958 og að bifreiðinni hefði verið ekið í átt til Hveragerðis. Skömmu fyrir hádegi daginn eftir fann lögreglan Volkswagen bifreiðina L 58, sem var með brotið stefnuljósker, dæld í þaki og brotna framrúðu. Eigandi bifreiðarinnar var Guðmundur Halldórsson, stefndi í máli þessu. Við rannsókn þá, sem framkvæmd var út af atburði þessum, skýrði stefndi Guðmundur svo frá, að hann hefði verið á réttardansleik í Aratungu kvöldið áður. Hann kveðst hafa neytt þar áfengis og kveðst hafa fundið til áfengisáhrifa, en kveðst ekki hafa verið fullur. Á dansleiknum kveðst hann hafa hitt Ólaf Jóhannsson, sem hafi verið mikið ölvaður, og hafi Ólafur beðið hann að aka sér til Hveragerðis. Auk Ólafs kveður Guðmundur Guðrúnu Erlingsdóttur hafa verið farþega í bifreiðinni svo og pilt, sem hann ekki vissi, hvað hét. Guðmundur kveðst hafa ekið til Hveragerðis á 60-70 km hraða. Er hann kom á móts við Kross, kveðst hann hafa séð einn hest vinstra megin á vegjaðrinum í nokkurri fjarlægð. Er hann var rétt að komast að hestinum, hafi hann allt í einu gengið upp á veginn framan við bifreiðina. Kveðst Guðmundur hafa hemlað, en kveðst ekki hafa getað komið í veg fyrir að aka á hestinn. Hann kveðst hafa sveigt yfir á hægri vegarhelming, eins og unnt hafi verið, og hafa verið kominn alveg út á vegbrún, er áreksturinn varð. Hann kvað höfuð hestsins hafa rekizt í framrúðuna og hús bifreiðarinnar að framan, en að öðru leyti kvað hann sér hafa fundizt höggið koma á hestinn framanverðan. Hann kvað hestinn hafa farið út fyrir veginn hægra megin, en kvað hann ekki hafa dottið, að því er hann hafi séð. Guðmundur kveðst hafa ekið rakleitt áfram án þess að huga frekar að hestinum. Hann kvað sér hafa fundizt hesturinn bleikur að lit, en hann kvaðst aðallega hafa tekið eftir því, áður en hann gekk upp á veginn, en síðan hafi atburðurinn orðið með svo snöggum hætti, að hann hafi átt nóg með að reyna að koma í veg fyrir að aka á hestinn. Hinn 27. september 1963 tilkynnti Jón Grétar Guðmundsson, til heimilis að Selfossi, að þá um daginn hefði

fundizt slasaður hestur skammt frá Krossi í Ölfusi. Kvað hann grun leika á, að hestur þessi kynni að hafa orðið fyrir bifreiðinni L 58, því að hann hefði fundizt skammt frá þeim stað, er hryssa sú var á, sem talið var, að orðið hefði fyrir þeirri bifreið. Hinn 30. september tilkynnti Kristján Jónsson, Litla-Saurbæ í Ölfusi, að hesturinn væri svo mikið slasaður, að ekki mundi um annað að ræða en lóga honum. Væri hestur þessi tveggja vetra gamall, eign Guðmundar Sigfússonar, B-götu 23, Þorlákshöfn. Hér fyrir dómi hefur Kristján skýrt svo frá, að sér hafi verið gerð boð um, að leirljós foli, er stefnandi átti í tamningu hjá honum, hefði sennilega orðið fyrir einhverju slysi, því hann hreyfði sig ekki úr stað. Kveðst Kristján hafa brugðið skjótt við og sótt folann, en það hafi ekki reynzt létt verk, því hann hafi verið stórslasaður. Kveðst Kristján strax hafa sótt dýralækni, en er hann kom á staðinn, hafi hann talið, að algerlega þýðingarlaust væri að reyna að lækna folann, þar sem hann væri svo mikið skaddaður. Kristján kveður fola þennan hafa verið í tamningu og á gjöf hjá sér veturinn áður og hafi hann verið talinn mjög gott hestefni. Kristján kveður folann alltaf hafa verið í hópi nokkurra hrossa, sem fylgzt hafi að, áður en umræddur atburður varð, og hafi í þeim hópi einnig verið hryssa sú, sem fannst dauð, er folinn fannst slasaður. Kveður Kristján folann ætíð hafa verið í þessum hópi, er hann sótti hann til tamningar. Kristján kveðst hafa heyrt, er hann sótti dýralækninn til folans, að hryssa sú, sem fjallað er um í málinu, hafi fundizt dauð fyrr um nóttina eða um morguninn þennan sama dag.

Við frekari rannsókn málsins, sem fram fór, eftir að meiðslin á fola stefnanda komu í ljós, til að reyna að upplýsa, hvort einn eða tveir hestar hefðu orðið fyrir bifreiðinni, skýrði stefndi Guðmundur svo frá, að sér hafi fundizt hesturinn, er hann sá utan við veginn framan við bifreiðina, vera ljósleitur. Taldi hann hestinn þá hafa verið í allt að 100 m fjarlægð. Er hann kom nær hestinum, kvaðst hann hafa séð hann ganga upp á veginn. Kvaðst Guðmundur þá þegar hafa hemlað og beygt til hægri, en það hafi engum togum skipt, að hesturinn hafi lent utan á bifreiðinni vinstra megin að framan, og kvað Guðmundur sér hafa fundizt eins og hægri framfóturinn lenti hálfkrepptur uppi á vinstri aurhlífinni. Hann kvað höfuð hestsins hafa lent á karminum ofan við framrúðuna, sem hafi brotnað. Guðmundur kvað sér hafa virzt hægri hliðin á snoppunni hafa skollið þarna upp í. Guðmundur kvað hestinn síðan hafa lent vinstra megin við bifreiðina inn á

veginn. Kveðst hann telja, að það hafi verið framhluti hestsins, sem varð fyrir bifreiðinni, en ekki kvaðst hann hafa orðið var við, að afturhluti hestsins yrði fyrir henni. Kveðst hann telja fráleitt, að fleiri hestar hafi orðið fyrir bifreiðinni, enda kvaðst hann aldrei hafa séð fleiri en einn hest þarna við veginn.

Ólafur Jóhannsson, sem var farþegi í bifreiðinni L 58 í umrætt sinn, skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi verið ofurölvi og hafi sofið á leiðinni til Hveragerðis og því ekki vitað, er atburðurinn varð. Hann kvaðst hafa tekið eftir því, rétt áður en komið var til Hveragerðis, að framrúða bifreiðarinnar hafi verið brotin, og kvaðst hafa haft orð á því. Kvað hann stefnda Guðmund hafa sagt, að steinn hefði skollið í rúðuna með þessum afleiðingum. Ólafur Jóhann Óskarsson, sem einnig var farþegi í bifreiðinni í umrætt sinn, skýrði svo frá, að hann hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar og sofið, en kvaðst hafa hrokkið upp við höggið við áreksturinn. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neina hesta og kvað stefnda Guðmund hafa getið þess, að steinn hefði hrokkið í framrúðuna og brotið hana. Hann kvað ekkert hafa verið rætt um það í bifreiðinni, að hestur hefði orðið fyrir henni, og kvað sér ókunnugt um slysið fyrr en nokkrum dögum seinna. Guðrún Eyja Erlingsdóttir, sem einnig var farþegi í bifreiðinni L 58 í umrætt sinn, skýrði svo frá, að hún hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við slysið, þar sem hún hafi verið mikið ölvuð. Hún kvaðst telja, að hún hafi orðið vör við það, strax eftir að slysið varð, að framrúða bifreiðarinnar var brotin, og kveðst hafa haft orð á því. Kvað hún þá, er sátu frammi í bifreiðinni, en þó líklega fremur ökumanninn, hafa sagt, að hestur hefði orðið fyrir bifreiðinni. Kveðst hún hafa spurt, hvort hesturinn hefði meiðzt, en kveður sér hafa verið sagt, að hann hefði sloppið ómeiddur. Hún kveður sér ekki hafa verið kunnugt um það fyrr en síðar, að hesturinn hefði drepizt við slysið.

Af hálfu ákæruvaldsins var höfðað opinbert mál á hendur stefnda m. a. fyrir að hafa „aðfararnótt fimmtudagsins 26. september 1963 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og undir áhrifum þess ekið bifreiðinni L 58 frá Aratungu í Biskupstungum áleiðis til Hveragerðis, fyrir gáleysislegan akstur á þjóðveginum skammt frá Krossi í Ölfusi, þar sem ákærði ók bifreiðinni á tvö hross með þeim afleiðingum, að annað þeirra fannst dautt við veginn um morguninn, en hitt tveim dögum síðar með svo miklum áverkum, að aflífa varð það, en bifreiðin hafði stórskemmzt við slysið, m. a. framrúðan brotnað, svo og fyrir að hafa þrátt fyrir slysið ekið

viðstöðulaust áfram til Hveragerðis og síðan til baka að Selfossi án þess að sinna frekar um slysið eða tilkynna það lögreglu. Hemlar og ljós bifreiðarinnar voru eigi í lagi.“ Í dómi þeim, sem kveðinn var upp í málinu hinn 3. júní 1965, segir svo um þessi ákæruatriði: „Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa aðfararnótt fimmtudagsins 26. september 1963 neytt áfengis að Aratungu í Biskupstungum og ekið í beinu framhaldi þeirrar neyzlu bifreiðinni L 58 þaðan að Hveragerði og síðan aftur að Selfossi, enda þótt hann fyndi þá til áhrifa áfengis. Einnig játaði hann að hafa ekið á eitt hross við bæinn Kross í Ölfusi. Sagði hann hrossið skyndilega hafa hlaupið inn á veginn og á bifreiðina. Ekki tilkynnti hann um slysið. Hins vegar neitaði ákærði að hafa ekið á annað hross, en lögreglu var tilkynnt, að annað hross hefði slasazt þarna, og verður ekki gegn mótmælum ákærða talið sannað, að hann hafi ekið á nema eitt hross. Ákærði játaði, að hemlar bifreiðarinnar hefðu eigi verið í fyllsta lagi, en hélt því fram, að ekkert hefði verið að ljósunum, og verður að taka framburð hans um það efni til greina.“ Fyrir sakaratriði þau, sem talin voru sönnuð samkvæmt þessu, og önnur sakaratriði, sem ákæra var byggð á, var ákærði dæmdur til 60 daga varðhalds og var sviptur ökuréttindum ævilangt.

Samvinnutryggingar bættu Markúsi Jónssyni tjón það, er hann varð fyrir við missi hryssunnar, en hins vegar hafa Samvinnutryggingar eigi viljað bæta stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir við missi hests síns. Ágreiningslaust er að leggja til grundvallar fjárhæð dómskröfu stefnanda um tjón hans af þessum sökum.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að ljóst sé, að tvö hross hafi orðið fyrir bifreið stefnda í umrætt sinn. Annars vegar hryssa Markúsar Jónssonar, sem hafi verið dökkrauð eða nánast jörp, en nokkuð loðin og hafi broddur háranna verið ljósari á litinn. Hins vegar hestur stefnanda, en hross þessi hafi alltaf fylgzt að. Verði eigi fallizt á, að tvö hross hafi orðið fyrir bifreiðinni, er því haldið fram, að allavega verði að telja sannað, að hestur stefnanda hafi orðið fyrir bifreiðinni, en af skýrslu stefnda komi greinilega fram, að hestur sá, sem hann sá fyrir framan bifreiðina, hafi verið bleikur að lit, en það komi algerlega heim við lýsingu stefnanda á hesti sínum. Er því haldið fram í þessu sambandi, að stefndi hafi ekki stöðvað bifreiðina, er áreksturinn varð, og eigi tilkynnt atburðinn, svo sem honum hafi borið skylda til að lögum, og beri hann því alla sönnunarbyrði um það, að hann hafi ekki valdið

tjóninu á hesti stefnanda, enda geti uppgjör Samvinnutrygginga á tjóni Markúsar Jónssonar ekki firrt stefnanda neinum rétti.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að tjón það, sem stefnandi krefst bóta fyrir í máli þessu, sé stefnda algerlega óviðkomandi, enda sé með öllu ósannað, að hann hafi valdið þessu tjóni. Er því haldið fram í þessu sambandi, að eigi sé vafi á því, að hryssa Markúsar Jónssonar hafi orðið fyrir bifreiðinni, og hafi hún fundizt strax morguninn eftir, en hins vegar hafi það svo ekki verið fyrr en næsta dag sem vart hafi orðið við meiðslin á hesti stefnanda. Er því og haldið fram, að eigi sé hægt að sjá, að bifreið hafi valdið þeim meiðslum. Bifreið stefnda sé lítil og sé vart hægt að sjá, að hún geti ekið á tvö hross með þessum afleiðingum. Er á það bent, að meiðslin á hesti stefnanda geti átt rætur sínar að rekja til ýmissa orsaka, bæði áður en stefndi Guðmundur ók þarna um og eins eftir það. Þá er því haldið fram, að hross þau, sem þarna voru, hafi gengið sjálfala við fjölfarinn veg og því alltaf í stöðugri hættu, og verði stefnandi að bera áhættuna af því. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að lögfulla sönnun bresti fyrir því, að ábyrgð á tjóni stefnanda verði lögð á stefnda.

Stefndi sýndi stórvítaverða háttsemi með akstri sínum í því ástandi, sem hann var í og með því að tilkynna slys það, sem varð, eigi til lögreglunnar. Samkvæmt lýsingu stefnda á atburðinum og lýsingu á áverkum þeim, sem voru á hryssu Markúsar Jónssonar, verður að leggja til grundvallar, að hún hafi orðið fyrir bifreið stefnda. Þegar virt er, að þeir, sem komu á vettvang morguninn eftir til rannsóknar, virðast ekki hafa orðið varir við neitt athugavert við hest stefnanda og að menn urðu ekki varir við meiðsli á honum fyrr en daginn eftir og að hross þau, sem þarna voru, hafa gengið laus við fjölfarinn þjóðveg, þá þykja atvik eigi vera slík, að nægilegt sé til að telja fram komið, að meiðsli þau, sem leiddu til þess, að lóga varð hesti stefnanda, stafi frá bifreið stefnda. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Halldórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Sigfússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. maz 1973.

Nr. 24/1972: **Bjarni Haraldsson**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Hauki Magnússyni og gagnsök.
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar:

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. febrúar 1972. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, „að sök verði skipt og kröfur gagnáfrýjanda aðeins að hluta teknar til greina. Er þá jafnframt krafizt skuldajafnaðar allt að kr. 7.000.00". Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. apríl 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 94.665.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags, en til vara kr. 73.665.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt uppdrætti, er löggæzlumenn gerðu af vettvangi, verður að ætla, að hemlafar bifreiðarinnar K 24 hafi verið 13 m að þeim stað, er bifreiðin rakst á hrossin, og 17 m þaðan og þar til hún stöðvaðist. Bendir þetta til, að ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið meiri en aðaláfrýjandi telur og óhæfilega mik-

ill miðað við aðstæður, einkum þegar þess er gætt, að myrkur var á. Samkvæmt þessu og með vísan til ákvæða 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968 verður að telja, að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, rak gagnáfrýjandi 4 hross eftir veginum í umrætt sinn og ók dráttarvél sinni við reksturinn. Hefur hann lýst því, að hrossin hafi rekizt illa. Með hliðsjón af ákvæðum 64. gr. laga nr. 40/1968 verður að telja það óvarlegt af gagnáfrýjanda að reka hrossin eftir veginum, þar sem vænta mátti umferðar bifreiða, sérstaklega þegar þess er gætt, að myrkur var. Þá má ætla, að öll gát að hrossunum hafi orðið gagnáfrýjanda erfið vegna þess, að hann ók dráttarvél við reksturinn. Þegar þetta er virt, þykir gagnáfrýjandi einnig eiga sök á, hvernig fór. Þykir hæfilegt að telja gagnáfrýjanda eiga sjálfan ⅓ hluta sakar og að hann geti því aðeins krafið aðaláfrýjanda um ⅔ hluta tjóns síns, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968.

Aðalkröfu sína hér fyrir dómi sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1.	Verðmæti þriggja hrossa	kr. 73.665.00
2.	Áætlað verðmæti þriggja folalda	— 21.000.00
		kr. 94.665.00

Varakrafa gagnáfrýjanda er fyrsti liður aðalkröfu hans.

Hinn 28. október 1970 mátu dómkvaddir menn verðmæti umræddra hrossa samtals kr. 73.665.00, og er tekið fram í matsgerðinni, að matið sé miðað við þann tíma, þegar það var framkvæmt.

Hæfilegt þykir að áætla verð hryssanna samtals kr. 65.000.00, og er þá tillit til þess tekið, að hryssurnar munu hafa verið fylfullar.

Samkvæmt þessu telst heildartjón gagnáfrýjanda hafa numið kr. 65.000.00, og ber aðaláfrýjanda að bæta ⅔ hluta þess, eða kr. 43.333.30.

Við slysið urðu verulegar skemmdir á bifreiðinni K 24. Bifreiðin var húftryggð, en sjálfsáhætta aðaláfrýjanda nam

kr. 3.000.00. Hefur aðaláfrýjandi fengið viðgerðarkostnað bifreiðarinnar greiddan frá vátryggingafélagi sínu að undanskildum kr. 3.000.00. Þá kveðst aðaláfrýjandi hafa misst af notum bifreiðarinnar í fjóra daga vegna viðgerðarinnar og nemi tjón hans af þeim sökum kr. 4.000.00. Telur aðaláfrýjandi, að hann eigi rétt til að fá þetta tjón sitt skuldajafnað við kröfur gagnáfrýjanda í sama hlutfalli og honum verði gert að bæta tjón gagnáfrýjanda.

Fallast má á, að gagnáfrýjanda beri að bæta aðaláfrýjanda þetta tjón hans að ⅓ hluta og að það fé komi til frádráttar dæmdum bótum til gagnáfrýjanda, enda hafa rökstudd andmæli eigi komið fram gegn fjárhæð þessarar kröfu.

Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda alls kr. 41.000.00 (43.333.30 ÷ 2.333.30) með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að bókanir um munnlegan málflutning á dómþingi 3. nóvember eru óskilríkar.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Bjarni Haraldsson, greiði gagnáfrýjanda, Hauki Magnússyni, kr. 41.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 16. nóvember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, var þingfest 28. maí s.l., er höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu af Hauki Magnússyni bónda, Brekku, með stefnu, útgefinni 14. maí s.l., gegn Bjarna Haraldssyni bifreiðareiganda, Sauðárkróki, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 109.000.00 auk 8% vaxta og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður

af kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í máli þessu og kröfur stefnanda teknar aðeins að hluta til greina. Þá er jafnframt krafizt skuldajafnaðar allt að kr. 7.000.00 auk vaxta og málskostnaðar.

Stefnandi hefir stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu. Hefur það látið sækja þing. Af hálfu réttargæzlustefnda er áskilinn réttur til skuldajafnaðar við stefnanda allt að kr. 48.018.00, en þá upphæð greiddi réttargæzlustefndi stefnda samkvæmt húftryggingu vegna skemmda á bifreið hans í árekstri við hross stefnanda, en út af þeim árekstri eða ákeyrslu eru dómkröfur stefnanda sprottnar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Hinn 1. desember 1969 rak stefnandi 4 hross fram þjóðveginn frá Blönduósi og áleiðis heim að Brekku. Sjálfur sat hann á dráttarvél. Þegar hann nálgaðist Skinnastaði, kom vörubifreiðin K 24 sunnan veg, og þá vildi svo slysalega til, að bifreiðarstjórinn ók á þrjú hrossanna, þrjár hryssur, og sködduðust þær það mikið, að lóga varð tveimur strax, en þeirri þriðju daginn eftir. Hrossin, sem lóga varð, voru hryssur á bezta aldri, 4, 5 og 9 vetra, og af góðu kyni, að því er stefnandi telur og ekki hefur verið mótmælt. Þessi atvikalýsing kemur alveg heim við frásagnir aðilja.

Samkvæmt skýrslu stefnanda á réttarskj. nr. 2 og 4 rak hann hrossin fram veg og var sjálfur á dráttarvél „í humátt á eftir". Þegar hann varð var bifreiðarinnar K 24, ekur hann á hægra kanti. Ekki verður séð á málsskjölum, að stefnandi hafi numið staðar, er hann sá K 24 koma á móti. Slysið verður svo, og fer stefnandi þá að huga að hrossunum og sér, hvernig komið var, og því næst fer hann til bifreiðarinnar og stjórnanda hennar. Spurningu stefnanda: „Hvað í ósköpunum kom fyrir?" svaraði bifreiðarstjórinn samkvæmt frásögn stefnanda á réttarskj. nr. 4.: „Kom fyrir, nú ég var alveg blindaður af ljósunum hjá þér, það er glæpur að reka hross eftir veginum". Þessi athugasemd bifreiðarstjórans um rekstur eftir veginum gaf stefnanda ástæðu til að lýsa þeirri skoðun sinni, að vegirnir væru fyrir alla, bændur sem aðra, og um aðrar leiðir en þjóðvegina væri yfirleitt ekki að ræða. Stefnandi gerði síðan ráðstafanir til þess að aflífa hrossin, sem slasazt höfðu.

Samkvæmt frásögn bifreiðarstjórans á réttarskj. nr. 2 ók hann á 45-50 km/klst., er hann kom fram í Skinnastaðahorn. Sá hann þá ljós koma á móti og dempaði ljósin, þ. e. skipti háu ljósunum í lágu ljósin. Hann varð allt í einu var við hrossin, að hann segir,

þegar bifreiðin átti eftir 10-12 metra. Þótt hann hemlaði, þá skipti það engum togum, að hrossin lentu framan á bifreiðinni með fyrrgreindum afleiðingum. Auk þess skemmdist bifreiðin nokkuð. Samkvæmt frásögn stefnanda skipti bifreiðarstjórinn sér ekki af slösuðu hrossunum, en kallaði á lögreglu, að því er virðist um talstöð.

Lögreglan gerði mælingar og teikningu af slysstað og tók skýrslu af farþega í K 24, sem ber saman við skýrslu bifreiðarstjórans. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar varð áreksturinn um 150 m norðan vegarins heim að Skinnastöðum.

Frásagnir aðilja, sem nú hafa verið raktar, bera saman við atvikalýsingu þá, sem getið er hér að framan.

Það verður því ekki um það deilt, að þessar þrjár umræddu hryssur hafi drepizt eða verið drepnar sem afleiðing ákeyrslu K 24, og ber því eiganda bifreiðarinnar að bæta tjónið samkvæmt 67. gr. umferðarlaga. Á aðalvarnarkröfu stefnda verður því ekki fallizt. Álitamál getur hins vegar verið með varakröfu hans.

Lögmaður stefnda og réttargæzlustefnda lætur að því liggja í greinargerð, og einnig gat hann þess við munnlegan málflutning, að ekki hafi verið farið eftir ákvæðum 64. gr. umferðarlaga, 2. og 3. mgr., við rekstur hrossanna. Á þessa skoðun verður ekki fallizt, 64. gr. gerir ráð fyrir hóp búfjár, og það verður að skilja það ákvæði með hliðsjón af því, að þegar margt búfjár er saman komið, misrekst það, þannig að það tognar úr rekstrinum, og verði ekki staðið fyrir, geta skepnur þvælzt á vegunum nokkuð langan veg. Þess vegna verður maður að vera á undan til þess að standa fyrir. Slíkt hendir tæplega 4 hross í hóp að vetrarlagi, svo dómarinn getur ekki fallizt á að líta á þetta sem brot gegn ákvæðum 64. gr.

Með tilvísan til ummæla hér að framan, sem höfð eru eftir bifreiðarstjóra K 24 á réttarskj. 4 og hugleiðinga stefnanda um rétt bænda til vegarins þá ber vitanlega að viðurkenna þann rétt. Meðan ekki er girt almennt meðfram vegum og ekki er skylda að hafa skepnur í heldum girðingum, þá hlýtur alltaf að vera til sú hætta, að skepnur verði í vegi ökutækja á þjóðvegum landsins. Ef stefnandi hefði verið gangandi við rekstur hrossanna, hefðu ákvæðum 67. gr. umferðarlaganna verið beitt án frekari hugleiðinga. En nú er stefnandi ekki gangandi eða ríðandi bóndi í þessu tilviki, heldur ökumaður dráttarvélar með nákvæmlega sömu skyldur gagnvart umferð og bifreiðarstjórinn á K 24.

Þegar bifreið kemur fram á Skinnastaðahorn, eiga hross að

sjást, þegar skyggni er gott, í a. m. k. 2-300 metra fjarlægð. Það, sem skeði í umrætt sinn, var, að bifreiðarstjórinn á K 24 sér ljós koma á móti og eðlileg viðbrögð hans eru að „dempa" ljósin eða setja á lágu ljósin, en um leið gerir hann sér erfiðara fyrir með að sjá fram, enda verka ljósin á dráttarvélinni þannig, að erfitt er að sjá fram nema stutt. Auk þess hlýtur athygli bifreiðarstjórans að vera bundin ljósunum að nokkru. Ljósin á dráttarvélinni geta einnig hafa haft áhrif á hrossin og gert þau hálfblind, en það er öllum þeim kunnugt, sem þurfa að aka fram hjá skepnum í myrkri, að þær geta orðið hálfruglaðar í ljósgeislanum, og þarf oft alveg að slökkva ljósin til þess að komast fram hjá þeim. Þessi atriði hefði ökumaður dráttarvélarinnar átt að vita og gefa bifreiðarstjóra bifreiðarinnar, sem kom á móti, K 24, merki með því að slökkva og kveikja á víxl eða aðeins slökkva ljósin, þá hefði hann breytt eins og góðum ökumanni sæmir og sýnt hæfilega varúð.

Ökuhraði K 24 er talinn hafa verið 40-50 km/klst. Bæði stefnandi og lögmaður hans, í munnlegum málflutningi, gefa í skyn, að bifreiðarstjórinn hafi ekki ávallt verið eins gætinn við akstur sem honum bæri sem slíkum (réttarskj. nr. 18). Á þessi ummæli voru ekki færðar frekari sannanir, enda skiptir það í sjálfu sér ekki máli. Í umrætt skipti verður ekki annað út á akstur hans sett en það að hafa ekið of hratt, sem er raunar orsök flestra slysa. Honum er það ekki afsökun í sjálfu sér að segja, að allir hefðu haldið áfram á svipuðum hraða við þessar aðstæður, sem sennilega er rétt, en það gefur heldur ekki ástæðu til að álykta, að hann hafi sýnt óþarfa tillitsleysi við aksturinn. Þegar á þetta allt er litið, lítur dómari svo á, að skipta beri sök, þannig að eigandi K 24, stefndi, beri $\frac{4}{5}$ tjónsins og eigandi hrossanna, ökumaður dráttarvélarinnar, stefnandi, $\frac{1}{5}$ tjónsins.

Þá ber að athuga annan lið varakröfu stefnda um skuldajöfnuð vegna skemmda á bifreiðinni K 24, sem hún varð fyrir, þegar hún ók á hrossin.

Til þess að um skaðabótaskyldu sé að ræða, verður annað hvort að vera fyrir hendi ákveðinn verknaður eða athafnaleysi meints skaðvalds. Eigandi dýra (búfjár) getur verið skaðabótaskyldur, en þá er um vangeymslu hans að ræða í einhverri mynd.

Í umræddu tilviki er í sjálfu sér ekki um vangeymslu í neinni mynd að ræða. Hrossin voru löglega á veginum. K 24 ekur á þau og drepur og skemmist við það, en þau hlaupa ekki á bifreiðina. Slíkt getur vart skeð með 4 hross í hóp í myrkri að vetrarlagi,

en gæti skeð af stórum hrossahópi, sem rekinn væri á þröngum vegi vor eða haust. Ákvæði 64. gr. umferðarlaga eiga m. a. að hindra það. Aðalreglan er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga að sá, sem ábyrgð ber á ökutæki, er af hlýzt tjón, ber að bæta tjónið, þótt ökutækið sé í alla staði í lagi og ökumaður hafi ekið gætilega. T. d. verður að bæta lamb, sem hleypur fyrir bifreið, eins og þau gera oft á vorin. Stundum þannig, að það er engin leið þrátt fyrir gætilegan akstur að hindra slys.

Með hliðsjón af þessari reglu og almennum reglum um skaðabótaskyldu verður að líta svo á, að eigandi, stefndi, ökutækisins K 24 eigi ekki rétt á bótum fyrir tjón, sem varð á ökutækinu við það að aka á hrossin, þótt sök hafi verið skipt, að því er snertir bætur fyrir hryssurnar, en það er gert, eins og áður er fram tekið, vegna þess, að stjórnandi dráttarvélarinnar er ekki talinn hafa sýnt nægilega varkárni, en hann sem slíkur ber nákvæmlega sömu skyldur og ökumaður bifreiðar. Verður því síðari liður varakröfu stefnda og krafa réttargæzlustefnda ekki tekin til greina.

Dómkrafa stefnanda er kr. 109.000.00, þar með talinn matskostnaður, kr. 4.000.00, og kr. 35.000.00 fyrir hverja hryssu.

Stefndi hefur mótmælt málskostnaðinum sem dómkröfu og telur hann hana eiga heima undir málskostnaðarliðnum. Á þá skoðun fellst dómarinn og tekur því ekki sjálfstæða afstöðu til þessa liðs í dómkröfu.

Á dómsskjali nr. 4 verðleggur stefnandi hryssurnar á samtals kr. 73.655.00 og hefur þá leitt rök að þessu verði vegna gæða hryssanna eða eins og hann kemst að orði „— ég geri mig ekki ánægðan með neitt miðlungsverð fyrir umræddar hryssur —". Dómkvaddir matsmenn meta hryssurnar þrjár á kr. 73.665.00. Matsgerðin er dags. 28. október 1970 á dómskj. nr. 16, en þar segir: „— Matið er miðað við þann tíma, sem það er framkvæmt á —". Eðlilegra hefði verið og réttara að miða við tjóndag, en ekki hefur verið áfrýjað til yfirmats, svo ætla má, að aðiljum hafi ekki þótt mat þetta fjarri lagi. Verður því fallizt á verð þessara matsmanna sem hæfilegar skaðabætur til handa stefnanda fyrir umrætt tjón auk 7% vaxta frá matsdegi 28. október 1970. Ekki er ástæða til að reikna vexti frá tjóndegi, þar sem verðhækkun er tekin með, en samkvæmt stefnu á dómsskj. nr. 1 hefur verðlag breytzt allmjög síðari ár til hækkunar. Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 58.932.00 auk 7% vaxta frá 28. október 1970 til greiðsludags. Hæfilegt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 17.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Haraldsson, greiði stefnanda, Hauki Magnússyni, kr. 58.932.00 auk 7% vaxta frá 20. október 1970 til greiðsludags. Þá greiði stefndi kr. 17.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. marz 1973.

Nr. 12/1971: **Guðný Jóhannsdóttir**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Þórði Auðunssyni og gagnsök
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1971. Krefst hún sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. apríl 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. marz s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna og aðiljar og vitni gefið skýrslur fyrir dómi.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, reisti aðaláfrýjandi kröfu sína um sýknu á því m. a., að riftunarkrafa stefnda væri of seint fram komin. Þessa málsástæðu bar héraðsdómara að taka sérstaklega til rökstuddrar úrlausnar samkvæmt 193. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómari gætti þessa ekki, og verður því ekki hjá því komizt, eins og á stendur, að ómerkja

hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Einars Arnalds hæstaréttardómara.

Ég er ekki samþykkur meiri hluta dómsins um heimvísun málsins. Héraðsdómari hefur í dómi sínum getið þeirrar sýknuástæðu aðaláfrýjanda, að riftunarkrafa gagnáfrýjanda væri of seint fram komin. Tel ég rétt að dæma um þessa málsástæðu, þótt héraðsdómari hafi ekki tekið beina afstöðu til hennar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 20. þ. m., hefur Þórður Auðunsson, Nesvegi 5, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. október 1969, á hendur Guðnýju Jóhannsdóttur, Háaleitisbraut 39, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 140.000.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 27. október 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og hann verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Leitast hefur verið við að ná sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 24. júlí 1967, keypti stefnandi af stefndu byggingarréttindi á lóðinni nr. 129 við Álfhólsveg, Kópavogi, en lóðarréttindi þessi hafði hún öðlazt sem bætur fyrir erfðafesturéttindi að landspildu í Kópavogi. Svo

var um samið, að stefnandi greiddi við undirskrift kaupsamnings kr. 70.000.00, í síðasta lagi 1. október 1967 kr. 50.000 og við undirskrift lóðarsamnings milli stefnanda og Kópavogskaupstaðar kr. 40.000.00. Innifalið í kaupverðinu skyldi vera gatnagerðargjald, sem seljandi (þ. e. stefnda) skyldi greiða, ef þess yrði krafizt. Er ákvæði þetta um greiðslu gatnagerðargjalds tvívegis tekið fram í kaupsamningi aðiljanna.

Stefnandi hefur innt af hendi tvær fyrstu greiðslurnar, samtals kr. 120.000.00, svo sem um var samið. Lét stefnandi síðan teikna hús á lóðinni og greiddi kr. 20.000.00 fyrir teikningar. Þann 24. október 1967 sótti stefnandi um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi. Byggingarleyfi var stefnanda veitt hinn 26. október 1967. Féllu þá jafnframt í gjalddaga ýmis gjöld, þ. á. m. gatnagerðargjald að fjárhæð kr. 132.220.00. Krafðist Kópavogskaupstaður þess, að gatnagerðargjald þetta yrði greitt. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir kveður stefnandi stefndu hafa reynzt ófáanlega til að greiða gatnagerðargjald þetta, eins og um hafi verið samið. Að lokum kveðst stefnandi hafa neyðzt til að rifta kaupsamningi aðiljanna með bréfi, dags. 20. júlí 1969. Í bréfi þessu var stefnda krafin um endurgreiðslu á því, sem stefnandi hafði greitt henni, kr. 120.000.00, auk greiðslu á umræddum teikningum, kr. 20.000.00, svo og var hún krafin greiðslu dráttarvaxta og innheimtulauna samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Umræddu bréfi kveður stefnandi stefndu ekki hafa svarað.

Höfðaði stefnandi því mál þetta á hendur stefndu, svo sem fyrr getur.

Stefnandi hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi snúið sér til Þórðar Halldórssonar fasteignasala og innt hann eftir því, hvort hann gæti útvegað sér byggingarlóð. Hafi Þórður talið það líklegt og síðan haft samband við sig. Sagðist stefnandi einu sinni hafa hitt stefndu vegna kaupa þessara á skrifstofu Þórðar Halldórssonar fasteignasala. Hafi þá verið gengið frá punktunum í sambandi við sölu á lóðinni. En þar sem stefnandi var þá á förum austur í Eyvindarmúla í Fljótshlíð, kveðst hann hafa veitt Þórði Halldórssyni skriflegt umboð til að undirrita samning fyrir sína hönd um kaup á nefndri lóð. Stefnandi kveðst aðeins í þetta eina sinn, áður en kaupin voru gerð, hafa hitt stefndu. Hann kvað það ekki hafa komið fram á þessum fundi aðiljanna, hversu hátt gatnagerðargjald af lóðinni yrði, né heldur hafi það verið rætt, hve mikið stefnda ætti að fá nettó fyrir réttindi þessi. Stefnandi sagði, að sér hefði ekki verið kunnugt um, hvert væri almennt

lóðaverð á þeim stað, sem hér um ræðir, en sér hefði litizt heldur vel á þennan stað.

Stefnandi sagði aðalástæðuna fyrir því, að hann hafi ekki byrjað að byggja á lóðinni, hafa verið þá, að stefnda hefði ekki greitt gatnagerðargjaldið, svo sem henni hafi borið skylda til samkvæmt samningum þeirra, enda kveðst stefnandi hafa talið sig kaupa lóðina kvaðalausa, að því er varðar gjöld vegna byggingarinnar til Kópavogskaupstaðar.

Stefnda hefur komið fyrir réttinn og borið, að hún hafi sagt við Þórð Halldórsson fasteignasala, að hún vildi selja framangreind lóðarréttindi sín á kr. 120.000.00. Kveðst hún hafa talið sig vera að selja Þórði Halldórssyni réttindi þessi. Þegar hún kom á skrifstofu Þórðar Halldórssonar til að undirskrifa kaupsamning, kvað hún Þórð hafa spurt sig að því, hvort sér væri ekki sama, þótt hún afsalaði lóðarréttindunum til stefnanda máls þessa, þar sem það kæmi betur út fyrir sig. Féllst stefnda á þetta. Þegar stefnda skrifaði undir kaupsamninginn, kveður hún Árna Guðjónsson trésmíðameistara hafa verið með sér á skrifstofunni hjá Þórði. Hafi Árni Guðjónsson þá fengið kr. 50.000.00 af þeim peningum, sem greiddir voru fyrir lóðarréttindin. Sjálf kveðst stefnda hafa fengið kr. 50.000.00, en Þórður Halldórsson fasteignasali hafi tekið kr. 20.000.00, enda kveðst stefnda þá hafa skuldað honum fé. Stefnda kvað Árna Guðjónsson trésmíðameistara hafa ekið sér heim að lokinni samningsgerð þessari. Kvað hún hann þá hafa spurt sig að því, hvernig stæði á því, að í samningnum stæði kr. 160.000.00. Kveðst stefnda þá hafa svarað honum á þá leið, að hún hafi selt Þórði lóðina á kr. 120.000.00. Sagðist hún ekki hafa „spekulerað" í þessu meir og kveðst hafa haldið, að stefnandi ætti að greiða gatnagerðargjaldið, þar sem hún sagðist ekki hafa „fattað þetta" og talið, að þetta ætti að „standa svona í samningnum". Hún kveðst ekki hafa ætlazt til þess að fá meira en kr. 120.000.00 fyrir lóðina. Stefnda kveðst fyrst hafa séð stefnanda, eftir að hún fékk frá honum kröfubréf í máli þessu. Er hér ósamræmi á milli framburðar stefnanda og stefndu um þetta atriði. Voru þau samprófuð. En hvor aðili hélt fast við sinn framburð um þetta.

Þórður Halldórsson fasteignasali hefur komið fyrir réttinn og borið, að það hafi upphaflega verið ráð fyrir því gert, að hann keypti framangreinda lóð sjálfur af stefndu. Síðan hafi orðið verulegur dráttur á því, að úr sölunni gæti orðið, og í millitíðinni hafi heimilisástæður breytzt hjá sér og því hafi ekki orðið úr því,

að hann keypti lóðina. Hins vegar kveðst hann hafa þekkt stefnanda, sem hafi verið búinn að koma að máli við sig og innt sig eftir því, hvort hann hefði veðskuldabréf eða eitthvað annað jákvætt til sölu. Kveðst vitnið síðan hafa haft samband við stefnanda og skýrt honum frá þessari lóð og jafnframt getið þess, að sér þætti þetta góð kaup. Vitnið kvað það upphaflega hafa verið rætt, að stefnda fengi kr. 120.000.00 fyrir lóðina, en þar sem gatnagerðargjald hafi átt að fylgja með í kaupunum, kvaðst vitnið sér hafa fundizt þetta of lágt endurgjald og því stungið upp á því við stefndu, að verð yrði hækkað upp í kr. 160.000.00. Þórður Halldórsson kveðst hafa margspurt stefndu að því, hvort hún mundi þurfa að greiða gatnagerðargjald af lóðinni, og hafi hún jafnan sagt, að þess þyrfti hún ekki.

Áður en kaupin gerðust, kveður Þórður Halldórsson aðilja máls þessa hafa hitzt á skrifstofunni hjá sér. Þar hafi verið gert út um punktana í sambandi við sölu lóðarréttinda þessara. Minnti vitnið, að stefnandi hafi verið þá á förum eitthvað austur í heyskap og þar sem ganga hafi átt frá kaupunum daginn eftir, hafi stefnandi gefið vitninu umboð til þess að ganga frá þeim fyrir sína hönd.

Þórður Halldórsson sagði, að dráttur sá, sem orðið hafi á því, að stefnda seldi lóðina formlega, hafi stafað af því, að ekki hafi verið gengið formlega frá uppgjöri á erfðafesturéttindum, sem hún hafi orðið að láta af hendi við Kópavogskaupstað, enda tók vitnið fram, að sér hafi þótt óvarlegt að ganga frá samningum um sölu á lóðinni, fyrr en það væri búið að fá staðfestingu á því frá lögmanni stefndu, Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, sem jafnframt hafi verið lögfræðingur Kópavogskaupstaðar, um það, að stefnda mætti afsala lóðinni. Sagðist vitnið eitt sinn sem oftar hafa hringt til Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns út af máli þessu. Hafi Árni þá staðfest það við sig í síma, að stefnda mætti ráðstafa lóðinni, en þar sem Árni hafi þá verið á förum utan, hafi hann ekki getað gengið frá þessu skriflega. Kvað Þórður Árna Guðjónsson hæstaréttarlögmann hafa sagt við sig í nefndu símtali, að hann treysti honum til þess að ganga frá sölu á lóðinni fyrir hönd stefndu og að hún yrði ekki hlunnfarin. Enn fremur gat Þórður þess, að Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður hafi sagt í símtali þessu, að hann mundi ganga frá þessum málum stefndu við Kópavogskaupstað, þegar hann kæmi heim frá útlöndum. Þórður Halldórsson minntist þess ekki, að Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður hefði talað um það við sig í nefndu símtali, hvort

stefnda ætti að greiða gatnagerðargjald eður ei. Hann kvaðst heldur ekki minnast þess, hvort hann hafi spurt Árna Guðjónsson hæstaréttarlögmann í nefndu símtali að því, hvort stefnda þyrfti að greiða gatnagerðargjald af lóðinni. Hins vegar sagðist vitnið í símtali þessu hafa spurt Árna Guðjónsson hæstaréttarlögmann að því, hvort stefnda fengi lóðina „frítt", og hafi Árni játað því. Þórður Halldórsson kveðst hafa lagt þann skilning í orðið „frítt", að stefnda fengi lóðina þannig, að hún þyrfti ekki að greiða gatnagerðargjald af henni, alveg eins og eigi sér stað um þá, sem fá lóðir í Reykjavík sem bætur. Þeir megi selja lóðir þessar án þess að greiða gatnagerðargjöld.

Þórður Halldórsson tók fram, að hann minntist þess sérstaklega, að stefnda hafi gefið í skyn við sig, að raunverulega væri Þórður Halldórsson sjálfur að kaupa lóðina, en notaði aðeins Þórð Auðunsson á pappírnum sem kaupanda af skattaástæðum. Kvaðst Þórður Halldórsson hafa verið búinn að reyna að leiðrétta þetta við stefndu, en hún eigi reynzt taka það trúanlegt. Vitnið sagðist hins vegar í umrætt sinn, þegar rætt var um punktana að kaupsamningnum, eigi hafa svarað þessu neinu við stefndu. Vitnið kvað stefndu hafa lesið kaupsamninginn, áður en hún undirritaði hann. Kvaðst vitið þá hafa spurt hana að því, hvort það væri ekki „alveg klárt", að hún þyrfti ekki að greiða gjald af lóðinni, og hafi hún sagt það vera alveg klárt, að hún þyrfti ekki að greiða af lóðinni.

Í máli þessu hefur verið lagður fram samningur, dags. 17. júlí 1967, milli stefndu og Kópavogskaupstaðar. Í 2. gr. þess samnings er tekið fram, að stefnda fái úthlutað samkvæmt úthlutunarskilmálum bæjarins einbýlishúsalóðinni nr. 129 við Álfhólsveg. Henni sé heimilt að ráðstafa lóð þessari. Síðan segir svo: „Gatnagerðargjöld greiðast af lóðinni skv. úthlutunarreglum".

Samningur þessi var borinn undir vitnið Þórð Halldórsson fasteignasala. Skýrði hann svo frá, að hann hafi eigi legið frammi, þegar kaupsamningurinn var gerður hinn 24. júlí 1967, enda hafi þá ekki verið búið að gera samning þennan samkvæmt því, sem lögmaður stefndu, Árni Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, hafi skýrt sér frá í símtali, rétt áður en kaupsamningurinn var gerður.

Vitnið Þórður Halldórsson hefur unnið eið að framburði sínum.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt kaupsamningi aðiljanna frá 24. júlí 1967 hafi stefnda tekið að sér að greiða gatnagerðargjald af lóðinni. Segist stefnandi hafa verið í góðri trú um þetta, enda mótmælir hann því, að samningurinn frá

17. júlí 1967 milli stefndu og Kópavogskaupstaðar hafi legið frammi, þegar kaupin voru gerð. Stefnda hafi eigi þrátt fyrir ítrekaðar kröfur af hendi stefnanda greitt gatnagerðargjaldið og þar af leiðandi hafi stefnandi rift kaupsamningi aðiljanna með fullum rétti, þar sem hér hafi verið um verulegar vanefndir af hálfu stefndu að ræða. Stefnda hafi verið krafin um endurgreiðslu á því fé, sem stefnandi hafði greitt inn, auk annars tjóns, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna viðskipta þeirra, en stefnda hafi ekki svarað því kröfubréfi stefnanda.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt samningi hennar við Kópavogskaupstað frá 17. júlí 1967 hafi ekki verið neinn vafi á, að greiða hafi átt fullt gatnagerðargjald af lóðinni. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 47 11. júní 1938 um fasteignasölu hafi fasteignasalanum borið skylda til að láta samning þennan liggja frammi við undirritun kaupsamnings. Þá bendir stefnda á það, að gatnagerðargjald af húsi því, sem stefnandi hafi látið teikna, hafi numið kr. 132.220.00. Þetta þýði það, að stefnda hafi fengið kr. 27.780.00 fyrir réttindin. Sjáist af þessu, hvers slags endaleysa þetta sé. Auk þess hafi það alveg verið á valdi stefnanda, hversu stórt hús hann hafi viljað byggja á lóðinni, en gatnagerðargjald sé reiknað af rúmmetrafjölda húsa. Hefði stefnandi með því að byggja stærra hús getað fengið lóðina fyrir ekki neitt eða stefnda orðið að borga stefnanda með henni. Samkvæmt þessu heldur stefnda því fram, að kaupsamningurinn á milli aðiljanna hafi orðið annars eðlis heldur en til hafi verið ætlazt. Sé hún því ekki bundin við samning þennan samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7 1. febrúar 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Enn fremur vitnar stefnda kröfum sínum til frekari áréttingar til 32. gr. sömu laga.

Stefnda mótmælir algerlega kröfu stefnanda um greiðslu á teikningakostnaði. Stefnanda hafi auðvitað verið í lófa lagið að greiða gatnagerðargjaldið, hefja byggingu á lóðinni og útkljá síðan deilumál sín við stefndu. Hefði stefnandi þá ekki glatað byggingarrétti á lóðinni, eins og hann hafi nú gert samkvæmt bréfi byggingarfulltrúans í Kópavogi, dags. 17. apríl 1970.

Stefnda hefur kröfum sínum til frekari áréttingar einnig vitnað til 7. gr. laga nr. 58 28. júní 1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Þá hefur stefnda einnig haldið því fram, að riftunarkrafa sé of seint fram komin.

Að endingu mótmælir stefnda vaxtakröfunni sem of hárri.

Samkvæmt kaupsamningi aðiljanna frá 24. júlí 1967 bar stefndu

að greiða gatnagerðargjald af hinni seldu lóð, ef þess yrði krafizt. Þetta gerði stefnda ekki þrátt fyrir áskoranir af hálfu stefnanda. Var hér um verulegar vanefndir af hálfu stefndu að ræða, er heimilaði stefnanda að rifta kaupsamningi þeirra og endurkrefja hana um það fé, er hann hafði greitt, enda er ekkert fram komið um það, að stefnandi hafi ekki verið í góðri trú, er gengið var frá samningi þessum.

Stefnandi hafði látið gera teikningar að húsi því, er hann hugðist byggja á lóðinni. Fyrir þær teikningar galt hann kr. 20.000.00. Þær koma honum nú eigi að notum, eftir að lóðin hefur verið af honum tekin. Hefur stefnandi af þessum sökum orðið fyrir tjóni, sem teikningakostnaði nemur. Tjón þetta telst sennileg afleiðing af vanefndum stefndu. Verður því þessi krafa stefnanda um teikningakostnað á hendur stefndu einnig tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda er dæmd til að greiða stefnanda kr. 140.000.00 (þ. e. kr. 120.000.00 + kr. 20.000.00) ásamt vöxtum, er ákveðast 8% ársvextir frá 27. október 1967 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 21.760.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Guðný Jóhannsdóttir, greiði stefnanda, Þórði Auðunssyni, kr. 140.000.00 með 8% ársvöxtum frá 27. október 1967 til greiðsludags og kr. 21.760.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. marz 1973.

Nr. 71/1972: **Karlsefni h/f**
(Jónas A. Aðalsteinsson)
gegn
Guðmundi Jónssyni
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur fallið frá kröfu um sjóveðrétt í b/v Karlsefni, RE 24, til tryggingar dæmdum fjárhæðum, en krefst að öðru leyti staðfestingar héraðsdóms. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna.

Er mál þetta var fyrir héraðsdómi, byggði stefndi kröfur sínar á því, að um uppsagnarfrest hans skyldi fara eftir sjómannalögum og kjarasamningi.

Hér fyrir dómi hefur komið fram skipshafnarskrá b/v Karlsefnis frá 1970. Í skrá þessari segir, að um kaup og kjör stefnda í skiprúmi skuli fara „samkv. samn. viðk. stéttarfél.“ Þá hefur verið lagður fyrir Hæstarétt samningur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga annars vegar og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hins vegar frá 1. júní 1969. Hafa lögmenn aðilja lýst því, að um kaup og kjör stefnda hafi átt að fara samkvæmt samningi þessum.

Gögn þau, er hér um ræðir, hefðu að réttu lagi átt að koma fyrir héraðsdómendur til úrlausnar. Þar sem gagnaöflun og málflutningi var í héraði svo áfátt, sem nú hefur verið rakið,

ber að ómerkja málsmeðferð alla þar svo og héraðsdóminn og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Guðmundur Jónsson, greiði áfrýjanda, Karlsefni h/f, kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 31. janúar 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 21. janúar s.l., hefur Guðmundur Jónsson sjómaður, Írabakka 10, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 30. október 1970, á hendur fyrirtækinu Karlsefni h/f, Reykjavík, til greiðslu á kr. 53.203.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1970 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst stefnandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Karlsefni, RE 24, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur látið sækja þing og gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Sáttaumleitanir hafa farið fram, en urðu árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem verið hafði háseti á b/v Karlsefni, RE 24, sem gerður er út af stefnda, var 1. marz 1970 ráðinn sem 2. stýrimaður á skipið. Stefnandi hefur ekki stýrimannsréttindi, en ástæðan til þess, að hann var ráðinn í starf þetta, var sú, að maður með réttindi fékkst ekki. Í samræmi við þetta var sótt um undanþágu fyrir stefnanda til að gegna starfa þessum, og var hún veitt með bréfi sjávarútvegsmálaráðuneytisins, dags. 6. marz 1970. Í því bréfi segir, að undanþágan sé veitt „fyrst um sinn eða þar til réttindamaður er fáanlegur eða ráðuneytið ákveður annað, þó ekki lengur en til 30. september 1970."

Stefnandi fór síðan tvær veiðiferðir með togaranum sem 2. stýrimaður, þ. e. veiðiferð, sem stóð frá 1. marz 1970—27. marz 1970, og veiðiferð, sem stóð frá 28. marz—20. apríl 1970.

Í upphafi annarrar veiðiferðar stefnanda sem 2. stýrimanns á togaranum var Stefán Valdimarsson ráðinn á togarann. Stefán þessi var ráðinn sem háseti þennan túr. Hann hafði þá rétt lokið fyrri bekk fiskimannadeildar Stýrimannaskólans.

Stefnandi hefur haldið því fram, að skipstjórinn hafi að lokinni annarri veiðiför hans sem 2. stýrimanns látið hann hætta fyrirvaralaust og ráðið Stefán Valdimarsson sem 2. stýrimann í hans stað. Stefnandi kveðst ekki hafa viljað una þessu og hætt á skipinu. Stefnandi telur sig eiga rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests samkvæmt sjómannalögum og kaup- og kjarasamningum og gerir því kröfu til þriggja mánaða kaups ásamt premíu og orlofsfé. Miðar hann við tekjur þær, er hann hafði sem 2. stýrimaður á Karlsefni í nefndum veiðiferðum. Samkvæmt því sundurliðast krafa hans þannig:

Kaup, premía og fleira í þrjá mánuði	kr.	108.630.00
7% orlof	—	7.604.00
	kr.	101.033.00
÷ unnið á nefndu þriggja mánaða tímabili	—	47.830.00
	Kr.	53.203.00

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi verið lausráðinn sem 2. stýrimaður og að ráðning hans hafi verið háð þeim fyrirvörum, að réttindamaður fengist ekki eða að ráðuneytið ákvæði annað. Stefán Valdimarsson hafi lokið fyrri bekk fiskimannadeildar Stýrimannaskólans og þannig haft meiri réttindi en stefnandi og því hafi verið eðlilegt að láta stefnanda víkja fyrir honum.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm. Hann sagði, að skipstjórinn, Ásgeir Gíslason, hefði ráðið sig sem stýrimann til óákveðins tíma. Ráðning þessi hefði farið fram gegnum síma.

Hann sagði, að hann hefði ekki á þessum tíma haft önnur réttindi en mótoristanámskeið, en vegna þessarar ráðningar hafi hann fegið undanþágu sem stýrimaður. Hann sagði, að það hefði ekki komið til tals, eftir að komið var úr fyrri veiðiferðinni, sem endaði 27. marz 1970, að hann hætti sem stýrimaður. Hann sagði, að sér hefði ekki verið kunnugt um, að komið hafi til tals, að Stefán Valdimarsson yrði ráðinn sem stýrimaður á togarann fyrr en á heimleið úr seinni veiðiferðinni, eftir því sem 1. stýrimaður hafi

sagt sér. 1. stýrimaður hefði rætt um þetta við sig á heimleið úr siglingu eftir annan túrinn.

Hann sagði, að þegar togarinn hefði komið úr síðari veiðiferðinni og legið á ytri höfninni, hafi hann farið niður og talað við skipstjórann og hafi skipstjórinn þá tjáð sér, að hann hefði lofað Stefáni Valdimarssyni að ráða hann sem 2. stýrimann, en skipstjórinn hafi sagt, að hann vissi eiginlega ekki, hvernig hann ætti að snúa sér í því. Hann sagði, að þeir hefðu ekki rætt um þetta frekar í þetta skipti. Hann sagði, að daginn eftir hefði hann hringt í skipstjórann og sagt honum, að hann ætlaði að fara einn túr til viðbótar sem stýrimaður, en þá gæti Stefán tekið við. Þá hefði skipstjórinn sagt sér, að Stefán færi sem stýrimaður í næstu ferð. Hann sagðist hafa sagt skipstjóranum, að hann tæki þetta sem uppsögn, en skipstjórinn hafi þá svarað því til, að hann mætti taka það eins og hann vildi. Hann sagði, að í þetta skipti hefði skipstjórinn boðið sér að halda áfram á skipinu sem netjamaður. Hann segir, að hann hafi tjáð skipstjóranum, er hann gerði sér þetta tilboð, að hann tæki þetta sem uppsögn og gæti ekki verið að fara sem netjamaður með öðrum stýrimanni, sem hefði ekki meiri réttindi en hann sjálfur.

Hann sagði, að sér væri kunnugt um það, að Stefán hefði á þessum tíma verið búinn að ljúka ákveðnum þætti náms til stýrimannaprófs. Hann kvað sér hafa verið kunnugt um það, þegar hann var ráðinn á togarann, að hann þyrfti á undanþágu að halda, og enn fremur hafi sér verið kunnugt um skilyrði undanþáguveitingar.

Hann sagði, að hann hefði ekki verið ráðinn til einnar ferðar í einu sem stýrimaður. Hann kvaðst gera ráð fyrir því, að Ragnar Thorsteinsson hafi sótt um undanþáguna, það hafi hann ekki gert sjálfur.

Hann sagðist hafa verið staddur niður á bryggju, þegar togarinn átti að leggja af stað í næstu veiðiferð eftir veiðiferðina, sem lauk 20. apríl. Sér hefði þá verið boðið að fara með sem netjamaður á bátsmannskaupi, en hann hefði hafnað því. Í þetta skiptið hafi ekki verið lagt af stað í veiðiferðina, en daginn eftir, að því er hann minni, hafi átt að leggja af stað. Hann hafi þá einnig verið staddur niður á bryggju og hafi Stefán Valdimarsson þá ekki verið mættur og hafi sér þá verið boðin stýrimannsstaðan. Sér hafi skilizt, að ekki væri um að ræða ákveðinn túr, heldur hefði átt að ráða hann sem stýrimann um óákveðinn tíma. Hann segir, að hann hafi svarað þessu boði á þá leið, að hann færi ekki sem

stýrimaður, af því að stýrimaðurinn hefði ekki mætt, til þess svo að vera settur í land, þegar þeim sýndist. Hann kvaðst hafa getað farið í þennan túr sem stýrimaður, en hafi ekki viljað fara. Hann kvaðst á næstu tveim mánuðum frá 20. apríl 1970 ekki hafa verið í stöðugri vinnu. Hins vegar hafi hann unnið hjá eftirtöldum aðiljum og fyrir þessu kaupi: H/f Eimskip, kr. 10.000.00, Ingvari og Ara, splæsingarverkstæði, kr. 20.030.00, Gísla Lóðs, kr. 13-800.00, Sjófangi h/f, kr. 3.000.00, og Vífilfelli h/f, kr. 1.000.00.

Ásgeir Gíslason, skipstjóri á b/v Karlsefni, RE 24, hefur komið fyrir dóminn. Hann sagði, að stefnandi hefði verið ráðinn sem stýrimaður til óákveðins tíma, eða til einnar ferðar í senn, og hann hefði getað tekið við sínu gamla starfi sem netjamaður, ef réttindamaður yrði ráðinn. Hann sagði, að hann teldi sig hafa getað ráðið annan mann í stað Guðmundar með svipuð réttindi, ef svo hefði viljað verkast. Hann kvað útgerðina hafa sótt um undanþágu fyrir Guðmund. Hann sagði, að Guðmundi hefði ekki verið sagt annað en að hann væri ráðinn til óákveðins tíma. Hann sagði, að áður en fyrra bekk Stýrimannaskólans var lokið um vorið, hafi Guðmundi verið gert ljóst, að Stefán Valdimarsson mundi verða ráðinn á skipið sem stýrimaður. Þetta hafi verið, áður en Stefán kom á skipið. Hann kvað Stefán hafa verið ráðinn sem háseti fyrsta túrinn vegna óánægju með að láta af stýrimannsstöðunni. Hann sagði, að Guðmundi hefði verið gert það ljóst, að Stefán mundi taka við stýrimannsstöðunni eftir þann túr. Stefán hefði síðan veikzt og Guðmundi þá verið boðið að vera stýrimaður áfram. Hafi hann verið kominn um borð, en rokið frá borði og að því er hann minni hafi Þorsteinn Jónsson farið túrinn sem stýrimaður. Hann sagði, að Þorsteinn væri réttindalaus, en hann hafi haft undanþágu. Hann kvaðst hafa tekið Stefán Valdimarsson fram yfir Guðmund, þar sem Stefán hefði lengi verið með honum til sjós og oft með undanþágu sem 2. stýrimaður.

Hann staðfesti þá frásögn Guðmundar Jónssonar, að för skipsins hefði frestazt um einn dag, þá er leggja átti upp í næstu veiðiferð, eftir að Guðmundi var tilkynnt, að hann ætti að hætta sem 2. stýrimaður. Hann kvaðst ekki hafa séð betur en að stefnandi væri reiðubúinn að fara til sjós, en hann hafi einhverra hluta vegna rokið frá borði. Hann tók það fram, að stefnanda hafi alltaf boðizt sitt fyrra starf um borð. Hann sagði, að hann vissi ekki, hvort sótt hefði verið um undanþágu fyrir Stefán Valdimarsson, áður en hann veiktist, en útgerðin geri þetta vanalega og þá stundum, eftir að skipið sé farið.

Stefnandi kom síðan aftur fyrir dóminn, og var þá borin undir hann frásögn skipstjórans um það atriði, að honum hefði verið gert ljóst, áður en Stefán Valdimarsson var ráðinn á skipið, að hann ætti að hætta sem stýrimaður. Stefnandi sagði þá, að engin umræða hefði verið um þetta við sig, þegar Stefán var ráðinn á skipið, og hélt fast við sinn fyrri framburð um, hvenær honum var fyrst gert þetta ljóst.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því, að hann hafi verið ráðinn til óákveðins tíma og að hann eigi því rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti samkvæmt sjómannalögum og kaup- og kjarasamningum. Hann hafi í það minnsta mátt við því búast að fá að halda stýrimannsstöðu sinni, þar til réttindamaður fengist. Alls sé óheimilt að láta mann með undanþágu hætta vegna annars, sem einnig þurfi undanþágu. Af hálfu stefnanda var athygli dómsins vakin á samlagningarskekkju í stefnu, en ekki farið fram á leiðréttingu hennar.

Af hálfu stefnda var því haldið fram, að stefnanda hafi aldrei verið sagt upp starfi, heldur vísað til síns fyrra starfs sem netjamanns. Stefnandi hafi ekki mátt vænta neins öryggis í þessu starfi samkvæmt þeim fyrirvörum, sem settir hafi verið í undanþágu ráðuneytisins. Stefnandi hafi aðeins verið ráðinn sem stýrimaður frá ferð til ferðar og því hafi mátt vísa honum til fyrra starfs fyrirvaralaust. Þá var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi neitað að vinna uppsagnarfrestinn. Því var enn haldið fram, að enda þótt stefnandi hafi öðlazt starfsréttindi sem stýrimaður, meðan hann gegndi þeirri stöðu, þá þurfi svo ekki að vera um uppsagnarfrest. Af hálfu stefnda var ekki hreyft andmælum við tölulið málsins.

Ósannað er, að stefnandi hafi verið ráðinn II. stýrimaður til ákveðins tíma eða til ákveðinnar ferðar. Varð því að segja honum upp, ef ætlazt var til þess, að hann hyrfi úr skiprúmi, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 67/1963. Forsendur þess, að hann gegndi stýrimannsstöðunni áfram, sbr. leyfi ráðuneytisins frá 6. marz 1970, voru ekki brostnar, þegar skipstjóri vísaði honum til fyrra starfs. Undanþága til handa Stefáni Valdimarssyni var fengin að tilhlutan útgerðarinnar. Það var þannig á valdi stefnda að láta stefnanda halda stýrimannsstöðunni, og verður að líta svo á, að stefnandi hafi mátt treysta því að halda stöðunni, meðan forsendur voru ekki brostnar fyrir leyfi ráðuneytisins, eða þá að honum væri sagt upp með nægum fyrirvara. Ákvörðun stefnda um að færa stefnanda til fyrra starfs var því andstæð ráðningarsamn-

ingi aðiljanna, og verður því að líta á hana sem ólögmæta uppsögn, eins og á stóð, enda ekkert komið fram því til styrktar, að stefnandi nyti ekki réttar til eðlilegs uppsagnarfrests sem og annarra lögkjara. Samkvæmt því á stefnandi samkvæmt 34. gr. laga nr. 67/1963 rétt á kaupi réttan uppsagnartíma, þ. e. í þrjá mánuði, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 67/1963. Það þykir ekki breyta þessari niðurstöðu, að skipstjóri bauð stefnanda stýrimannsstöðuna að nýju, þar sem þá var liðinn sá tími, sem telja verður að nota hafi mátt til afturköllunar uppsagnar, sbr. til hliðsjónar 7. gr. laga nr. 7/1936.

Krafa stefnanda hefur af hálfu stefnda ekki sætt tölulegum andmælum, og þykir því rétt að leggja hana til grundvallar, þó þannig, að vextir ákveðast 7% á ári.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 11.000.00.

Dómari í máli þessu var Hrafn Bragason og meðdómendur Einar Thoroddsen yfirhafnsögumaður og Jónatan Sveinsson, cand. jur. og fyrrverandi skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Karlsefni h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 53.203.00 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1970 til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í b/v Karlsefni, RE 24, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Mánudaginn 2. apríl 1973.

Nr. 112/1972: **Aðalheiður Tryggvadóttir**
gegn
Dánarbúi Tryggva Siggeirssonar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Aðalheiður Tryggvadóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, dánarbúi Tryggva Siggeirssonar, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 3.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. apríl 1973.

Nr. 7/1973: **H/f Raftækjaverksmiðjan**
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs
í Hafnarfirði.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Raftækjaverksmiðjan, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. apríl 1973.

Nr. 38/1973: **Innheimtumaður ríkissjóðs í Hafnarfirði**
gegn
H/f Raftækjaverksmiðjunni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, innheimtumaður ríkissjóðs í Hafnarfirði, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 3. apríl 1973.

Nr. 77/1972: **Bjarni Þorvarðsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Hans Sigurgeirssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningsslit.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. maí s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt gögnum máls taldi stefndi, að áfrýjandi og aðrir bændur í vesturhluta Kjalarneshrepps hefðu verið 1969 samþykkt hækkun á greiðslu fyrir mjólkurflutninga þá, sem

málið fjallar um, úr 75 aurum í 1 krónu á lítra og tæki hækkunin gildi 1. júní 1969. Sýnir málsreifun hans í öndverðu og kröfur hans á hendur áfrýjanda og öðrum bændum ótvírætt þetta viðhorf hans og að hann hafi haldið þessu til streitu á fundi þeim, er bændurnir og stefndu áttu með sér 31. maí 1969. Gegn andmælum áfrýjanda er ósönnuð sú staðhæfing stefnda, að áfrýjandi og aðrir bændur, er skiptu við hann, hafi samþykkt framangreinda hækkun.

Samkvæmt fundargerð, er fyrir liggur í málinu, urðu þau málalok á fundinum 31. maí 1969, að stefndi hafnaði gagntilboði bænda, er fól í sér nokkra hækkun á greiðslu fyrir mjólkurflutninga þá, sem stefndi hafði annazt fyrir bændur á þriðja ár þá að undanförnu. Fundargerðin ber með sér, að samningsskiptum bændanna og stefnda út af mjólkurflutningum hafi endanlega lokið með þessum fundi, og tók nafngreindur bifreiðarstjóri við þeim næsta dag. Viðbrögð stefnda verða eigi skilin svo, að hann hafi verið viðbúinn að halda áfram mjólkurflutningum fyrir áfrýjanda og aðra bændur júnímánuð 1969 eða lengur við þeim samningskjörum, er giltu undanfarið í samskiptum þeirra áfrýjanda, eða við öðrum þeim kjörum, er áfrýjandi bauð. Á fyrrgreindum fundi lýsti stefndi því eigi afdráttarlaust, að hann teldi sér bera uppsagnarfrest vegna samningsskipta aðilja, er í málinu greinir, en kröfu út af uppsagnarfresti hafði stefndi uppi, svo að sannað sé, í bréfi til áfrýjanda og annarra bænda 17. júlí 1969. Var brýn þörf á því, að stefndi markaði skýrlega afstöðu sína um uppsagnarfrest þegar á fundinum 31. maí 1969, svo sem samningsstöðu aðiljanna var háttað. Þar sem máli er svo farið, þykir stefndi eigi geta sótt áfrýjanda um umkrafðar fégreiðslur vegna slita á samningi þeirra um mjólkurflutninga. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bjarni Þorvarðsson, skal sýkn af kröfum stefnda, Hans Sigurgeirssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu

17. desember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hans Sigurgeirsson bifreiðarstjóri, Holtagerði 18, Kópavogi, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 14. apríl 1970, á hendur Bjarna Þorvarðssyni oddvita, Bakka, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. h. Bakkabúsins til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 9.295.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Málavextir eru þeir, að í marzbyrjun 1967 tók stefnandi að sér að annast mjólkurflutninga til Reykjavíkur fyrir bændur á Kjalarnesi. Til flutninganna notaði hann eigin bifreið, og voru honum upphaflega greiddir 60 aurar á hvern lítra mjólkur í flutningsgjald. Um var að ræða flutning mjólkur fyrir sjö bændur í vestanverðum Kjalarneshreppi, og var stefndi einn þeirra. Bændurnir sömdu sameiginlega við stefnanda, og kveður stefnandi þá Pál Ólafsson hreppstjóra í Brautarholti, og Skúla Geirsson í Hjarðarnesi hafa verið umboðsmenn bændanna í samningum við sig. Upplýst er, að enginn skriflegur samningur var gerður, og um efni upphaflegs samnings er lítið annað upplýst en það, hver greiðsla til stefnanda átti að vera af hverjum mjólkurlítra. Stefnandi telur það hafa borizt í tal við samningsgerðina, að flutningsgjald af mjólk af Kjalarnesi og úr Kjós hefði fylgzt að, en ekki er upplýst, hvort það var hluti af samningi aðiljanna, er hann var upphaflega gerður. Stefnandi telur, að ástæðan fyrir því, að flutningsgjald af Kjalarnesi var ákveðið hið sama og úr Kjós, þótt þar sé um nokkuð lengri flutningaleið að ræða, hafi verið sú, að mjólkin hafi verið sótt heim á bæi á Kjalarnesi, en tekin við þjóðveg í Kjós.

Um breytingar á samningi aðiljanna er það upplýst, að einhvern tíma á því tímabili, sem stefnandi annaðist flutningana, líklega á árinu 1968, samþykktu viðkomandi bændur, að flutningsgjaldið hækkaði í 65 aura á lítra. Stefnandi kveður þetta hafa gerzt, nokkru eftir að Kjósverjar hækkuðu flutningsgjald í þá fjárhæð, og hafi hækkunin tekið gildi frá þeim tíma, sem hún var sam-

þykkt, en ekki miðast við þann tíma, er hún tók gildi í Kjósinni.

Þá er það upplýst, að einhvern tíma meðan stefnandi annaðist mjólkuflutningana, varð að samkomulagi, að hann sleppti tveim ferðum í viku yfir vetrartímann, og í ársbyrjun 1968 sleppti stefnandi þriðju ferðinni í viku síðari hluta vetrar. Stefndi kveðst hafa rætt þetta við stefnanda, en það hafi orðið úr, að hann léti þetta óátalið.

Snemma árs 1969 hækkuðu Kjósverjar flutningsgjaldið í eina krónu á lítra, og fór þá stefnandi fram á sömu hækkun. Stefnandi telur sig hafa rætt þetta við bændurna, þar á meðal stefnda, hafi hann sagt að sér fyndist þetta sanngjarnt. Við þetta hefur stefndi ekki viljað kannast. Hann kveður stefnanda hafa rætt þetta við sig, en kveðst hafa mótmælt því, að hann fengi svo mikla hækkun, en hins vegar ekki því, að stefnandi fengi einhverja hækkun.

Um þetta hefur Tryggvi Stefánsson, einn þeirra bænda, er stefnandi annaðist mjólkurflutninga fyrir, einnig tjáð sig og skýrt svo frá, að stefnandi hafi rætt við sig um, að hann þyrfti að fá hækkun á flutningsgjaldinu. Í maímánuði kveðst Tryggvi hafa spurt hann, hvað hann þyrfti að fá í flutningsgjald, og hafi stefnandi þá nefnt eina krónu á lítra. Tryggvi kvaðst þá hafa sagt, að frá því yrði ekki gengið nema á fundi, en hann kvaðst hvorki hafa lagzt gegn þessu né samþykkt það.

Vitnið Guðbjartur Hólm, einn þeirra bænda, er stefnandi flutti mjólk fyrir, hefur skýrt svo frá, að er stefnandi ræddi þetta við hann, hafi hann talið eðlilegt, að fundur yrði haldinn um málið, en er ekkert fundarboð barzt, kvaðst vitnið hafa tjáð stefnanda, að hann gæti samþykkt þessa hækkun og þyrfti engan fund sín vegna. Það er upplýst, að um 20. maí 1969 setti stefnandi bifreið sína á verkstæði til lagfæringar og viðhalds, en fékk annan bifreiðarstjóra til þess að annast mjólkurflutningana á sinn kostnað á meðan. Hann telur sig hafa gert þetta oftar, er hann gat ekki farið ferðirnar sjálfur, þótt greiðslur til hans fyrir þá daga nægðu engan veginn til að greiða leigubílana. Þetta kveðst stefnandi hafa gert í samræmi við þá skoðun sína, að bindandi samningur væri milli sín og bændanna um þessa flutninga, sem hvorki hann né þeir gætu sagt upp fyrirvaralaust. Er viðgerðinni á bifreið stefnanda lauk í endaðan maí 1969, og hann hóf flutningana á ný, kveðst hann hafa frétt, að bændurnir hefðu fengið tilboð í flutningana, sem þeir töldu sér hagstæðara en einnar krónu gjaldið, sem hann taldi sig þá búinn að fá samþykkt. Bændurnir skýrðu

stefnanda frá þessu nýja tilboði, og að kvöldi hins 31. maí var fundur haldinn um málið. Á fundinum lögðu bændurnir fast að stefnanda að ganga inn í tilboð það, er þeir höfðu fengið, en það var þess efnis, að flutningsgjaldið yrði 75 aurar á lítra miðað við þjóðveg, en auk þess 500 króna þóknun á mánuði fyrir að fara heim á bæi til að sækja mjólkina, og átti bifreiðarstjórinn að innheimta það gjald beint frá bændum, en að öðru leyti var sá háttur hafður á þann tíma, er stefnandi ók mjólkinni, að Mjólkurstöðin í Reykjavík hafði milligöngu um greiðslu flutningsgjaldsins.

Stefnandi hafnaði þessu tilboði, en gerði gagntilboð þess efnis, að greiðslan yrði 90 aurar á lítra og mjólkin sótt heim á bæina. Því tilboði var hafnað af hálfu bændanna, og hætti stefnandi þá störfum um mánaðamótin maí—júní.

Dómkröfur stefnanda eru á því byggðar, að hann hafi átt rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti, og er stefnufjárhæðin í máli þessu þannig fundin, að lagður er til grundvallar sá lítrarfjöldi mjólkur, er stefndi lagði inn í Mjólkurstöðina í Reykjavík í júnímánuði 1969 og krafðizt einnar krónu greiðslu úr hendi stefnda fyrir hvern mjólkurlítra, þ. e. stefnandi krefst þeirrar fjárhæðar úr hendi stefnda, er hann hefði fengið, ef hann hefði haldið áfram mjólkurflutningunum og fengið eina krónu í flutningsgjald af hverjum lítra.

Kröfu sína rökstyður stefnandi með því, að í íslenzkum rétti sé greinileg tilhneiging til að líta á bifreiðarstjóra, sem ekur eigin bifreið í þjónustu annarra, sem launþega, en ekki sem verktaka. Þetta telur hann m. a. koma fram í lögum nr. 15 frá 1931 um viðauka við lög nr. 28/1930 um greiðslu kaups, og enn fremur telur stefnandi, að framkvæmd laga nr. 29 frá 1956 um atvinnuleysistryggingar sé með þeim hætti, að sjálfseignarbílstjórar, sem aka t. d. hjá Reykjavíkurborg, fái greiddar atvinnuleysisbætur þann tíma árs, sem vinna dregst saman og þeir eru frá störfum af þeim sökum.

Þá er það skoðun stefnanda, að þótt lög nr. 16 frá 1958 taki ekki beint til þeirra, sem eins er ástatt um og stefnanda í máli þessu, en hann fékk laun sín greidd mánaðarlega, þá verði það að teljast í framkvæmd algild regla, að þeir, sem taka mánaðarlaun eigi a. m. k. eins mánaðar uppsagnarfrest, og ætti þá ekki að skipta máli, hvort um föst laun eða ákvæðisvinnu er að tefla. Í lögum nr. 16 frá 1958 komi fram, að löggjafinn telji, að vinnu-

samband, sem staðið hefur eitt ár, sé orðið fast, þ. e. eftir þann tíma sé litið á launþegann sem fastan starfsmann.

Stefnandi telur því, að samkvæmt meginstefnu íslenzks réttar á þessu sviði verði að líta svo á, að stefnandi hafi verið fastur starfsmaður bændanna í Kjalarneshreppi, sem hann annaðist mjólkurflutninga fyrir, og að hann hafi af þeim sökum átt skýlausan rétt á a. m. k. eins mánaðar uppsagnarfresti. Það, að hann lagði sér sjálfur til farartæki til flutninganna, skeri hér ekki úr, það geri ýmsir launþegar, svo sem húsasmiðir og múrarar, er leggi sér til verkfæri. Hitt sé meginatriðið, að samningur aðiljanna hafi í eðli sínu verið vinnusamningur. Það lýsi sér fyrst og fremst í því, að þarna hafi ekki verið um að ræða fast afmarkað verkefni, sem ljúka hafi átt innan ákveðinna tímamarka, heldur flutning á þeirri mjólk, sem til félli dag hvern um óákveðið tímabil.

Þá bendir stefnandi í öðru lagi á, að vinnutími sinn hafi verið í næsta föstum skorðum gagnstætt því, er tíðkist um verktaka, sem yfirleitt hafi mjög frjálsar hendur um slíkt, og í þriðja lagi hafi verið um að ræða mánaðarlega launagreiðslu mælda eftir flutningum í hverjum mánuði, en ekki fastar fyrirfram ákveðnar greiðslur upp í verk.

Stefnandi byggir þannig kröfur sínar á því, að hann hafi í umræddu tilviki verið launþegi, sem átti rétt á a. m. k. eins mánaðar uppsagnarfresti, og beri því stefnda að greiða stefnanda eins mánaðar laun vegna uppsagnar, sem verið hafi fyrirvaralaus og verði ekki réttlætt. Stefnandi hafi annazt flutningana frá 1. marz 1967 til 31. maí 1969, eða nokkuð á þriðja ár. Ekkert sé fram komið, er bendi í þá átt, að stefnandi hafi brotið af sér í starfi nema fullyrðing stefnda um, að hann hafi án samþykkis aðilja fækkað ferðum síðari hluta vetrar 1968, en stefndi hafi fyrir dómi viðurkennt, að hann hafi látið þetta óátalið, og að í máli þessu komi fram, að bændurnir hafi ekki notað þetta atriði sem ástæðu fyrir uppsögninni. Þá sé óumdeilt, að stefnandi hafi verið látinn hætta störfum fyrirvararlaust.

Af hálfu stefnda er því aðallega haldið fram, að stefnandi hafi engan uppsagnarfrest átt, og til vara, að stefnanda hafi aldrei tekizt að ná samningum um hærra gjald en 75 aura á lítra. Stefndi rökstyður þessi sjónarmið m. a. með því, að stefnandi hafi verið sjálfseignarbifreiðarstjóri og sem slíkur þátttakandi í sendibifreiðastöð í Reykjavík. Hann hafi því verið sinn eigin húsbóndi og atvinnurekandi og innan þeirra marka, sem segja til um lág-

marksgjald miðað við vegalengd og tíma samkvæmt samkomulagi slíkra bifreiðarstjóra innbyrðis, hafi honum að líkindum verið frjálst að taka að sér akstur í ákvæðisvinnu. Samningur aðiljanna um mjólkurflutningana hafi verið verksamningur, en ekki vinnusamningur.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi raunverulega verið búinn að segja upp eða rifta hinum ótímabundna samningi. Flutningsgjald úr Kjós hafi í janúar 1969 hækkað og mjög skömmu síðar hafi stefnandi farið að ræða hækkun við bændurna samkvæmt framburði hans hér fyrir dóminum. Stefnandi hafi því raunverulega verið búinn að tilkynna allmörgum mánuðum áður en hann lét af störfum, að hann mundi ekki halda áfram flutningum, nema nýir samningar tækjust. Raunar hafi slík uppsögn verið með öllu óþörf, þar sem samningi aðiljanna hafi verið þannig háttað, að stefnandi hafi verið ráðinn ótímabundið og báðir aðiljar litið svo á, að stefnandi gæti hætt akstrinum, hvenær sem honum þóknaðist, enda verði það að teljast eðlileg túlkun á réttarsambandi aðiljanna.

Varðandi fjárhæð flutningsgjaldsins er því alfarið mótmælt af hálfu stefnda, að bændurnir hafi hver um sig verið búnir að semja um það við stefnanda, að hann fengi greidda eina krónu á lítra. Því er haldið fram, að svör þeirra hafi verið á þá leið, að slíkt yrði ekki afgreitt nema á sameiginlegum fundi þeirra, og í því sambandi er á það bent, að það hafi verið skilyrði Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík fyrir því að sjá um útborgun á flutningskostnaði, að hann væri hinn sami fyrir alla viðkomandi bændur, enda hefði annað verið næstum óframkvæmanlegt bókhaldslega séð fyrir Mjólkurstöðina. Stefnanda hafi verið mæta vel um þetta kunnugt af fyrri reynslu og kunnugleika á mjólkurflutningum og þá jafnframt það, að verðinu yrði því aðeins hreyft, að það yrði samþykkt á sameiginlegum fundi mjólkurframleiðenda og tilkynnt Mjólkurstöðinni í Reykjavík sem sameiginleg ákvörðun allra hlutaðeigenda.

Loks bendir stefndi á, að á fundinum hinn 31. maí hafi stefndi gert gagntilboð um 90 aura flutningsgjald á lítra. Þetta sýni, að honum hafi verið ljóst, að verið var að reyna að semja um málið að nýju, en í því felist viðurkenning hans annars vegar á því, að eigi væri kominn á samningur á annað og hærra gjald, og hins vegar á því, að fyrri samningur væri úr gildi genginn.

Það er álit réttarins, að sú þjónusta, er stefnandi innti af hendi í þágu stefnda, hafi verið þess eðlis, að hann eigi með tilliti til

þess, sem fram er komið um innihald samnings aðiljanna og eðli starfsins, rétt til þess uppsagnarfrests, sem málssókn þessi er grundvölluð á.

Eigi verður á þá skoðun stefnda fallizt, að samningur aðiljanna hafi verið úr gildi genginn sakir uppsagnar eða riftunar. Á hinn bóginn hefur stefnanda ekki tekizt að sanna, að bindandi samningur um hærra flutningsgjald en 75 aura hafi komizt á.

Það er því niðurstaða dómsins, að stefnda beri að greiða stefnanda kr. 6.971.25 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til greiðsludags.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar, og er þá m. a. haft í huga, að tæpast hefði komið til málssóknar þessarar, ef stefnandi hefði hlutazt til um, að tryggilega væri gengið frá samningum aðiljanna þegar í upphafi.

Már Pétursson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Þorvarðsson, Bakka, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, f. h. Bakkabúsins, greiði stefnanda, Hans Sigurgeirssyni, Holtagerði 18, Kópavogi, kr. 6.971.25 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. apríl 1973.

Nr. 108/1971: **Möl og Sandur h/f**
(Knútur Bruun hdl.)
gegn
Guðjóni Lárussyni
(Jón Ólafsson hdl.)
og
Guðjón Lárusson
gegn
Möl og Sandi h/f, Haraldi B. Bjarnasyni
(Knútur Bruun hdl.)
og
Kjartani Sveinssyni
(Ingi Ingimundarson hrl.)
og
Kjartan Sveinsson
gegn
Guðjóni Lárussyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteignakaup. Skaðabætur. Notkun segulbands í þinghaldi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. ágúst 1971. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda Guðjóns Lárussonar og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Guðjón Lárusson hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. september 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f og stefndi Haraldur B. Bjarnason verði dæmdir til að greiða honum óskipt kr. 138.851.38. Enn fremur krefst hann þess, að sömu aðiljar svo og gagnáfrýjandi Kjartan Sveinsson verði dæmdir til að greiða honum óskipt kr. 308.294.94. Hann krefst og 7% ársvaxta af framangreindum fjárhæðum frá

1. júlí 1967 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Haraldur B. Bjarnason krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda Guðjóns og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Kjartan Sveinsson hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. október 1971. Krefst hann sýknu af kröfum Guðjóns Lárussonar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn. Gagnáfrýjandi Guðjón, stefndi Haraldur og Jón Magnús Björnsson hafa allir komið fyrir dóm til skýrslugjafar eftir uppsögu héraðsdóms. Varða þær skýrslur einkum aðdraganda að samningsgerð og efni samnings gagnáfrýjanda Guðjóns við Jón Magnús Björnsson, en skjalfestur samningur þessara aðilja hefur enginn verið lagður fram í málinu. Má af þeim skýrslum ráða, að verkum aðaláfrýjanda Malar og Sands h/f, sem átti að skila Jóni Magnúsi húsinu á Smáraflöt 49 tilbúnu undir tréverk, hafi verið að mestu lokið, þegar samningur þessi var gerður. Enn fremur benda skýrslur þeirra til þess, að verð hússins til gagnáfrýjanda Guðjóns hafi verið um 1200-1250 þúsund krónur. Er þar með talinn kostnaðarauki vegna breytinga frá upphaflegri gerð þess.

Kröfur sínar í málinu sundurliðar gagnáfrýjandi Guðjón Lárusson svo sem nú verður greint:

A. Kröfur á hendur aðaláfrýjanda Möl og Sandi h/f, stefnda Haraldi B. Bjarnasyni og gagnáfrýjanda Kjartani Sveinssyni:
   1. Viðgerð á þaki ..... kr. 292.732.00
   2. Kostnaður við mat ..... — 15.562.94

   Samtals kr. 308.294.94

B. Kröfur á hendur aðaláfrýjanda Möl og Sandi h/f og stefnda Haraldi B. Bjarnasyni:
   1. Kostnaður vegna lagfæringa á sprungum í veggjum og fleira ..... kr. 18.500.00

2. Endurnýjun á gleri	kr.	66.000.00
3. Múrbrot og lagfæring á þakbrúnum ..	—	30.351.38
4. Kostnaður við lagningu hraungrýtis á útvegg og reykháf	—	23.000.00
5. Lagfæring á sótopi og niðurfalli í miðstöðvarherbergi	—	1.000.00
Samtals	kr.	138.851.38

I. Um kröfur gagnáfrýjanda Guðjóns Lárussonar á hendur aðaláfrýjanda Möl og Sandi h/f.

Ekki hefur verið lagt fram í málinu frumrit samnings aðaláfrýjanda Malar og Sands h/f við Jón Magnús Björnsson. Er sú skýring á því gefin, að samningur þessi hafi ekki fundizt. Þess í stað er meðal málsgagna óundirritað skjal, sem aðiljar eru sammála um, að sé samrit nefnds samnings. Í skjalinu hefur þó verið strikað yfir nafn og heimilisfang Jóns Magnúsar Björnssonar, en nafn og heimilisfang gagnáfrýjanda Guðjóns Lárussonar ritað með bleki í þess stað. Verður við það miðað, að svo sé sem aðiljar telja um þetta atriði. Efni skjalsins er að nokkru tekið upp í héraðsdóm.

Skýr gögn eru ekki komin fram um samning Jóns Magnúsar Björnssonar og gagnáfrýjanda Guðjóns Lárussonar. Um þau lögskipti þykir þó mega leggja til grundvallar, að Jón Magnús hafi framselt gagnáfrýjanda Guðjóni öll réttindi sín samkvæmt samningnum við aðaláfrýjanda Möl og Sand h/f og hafi framsalið þar á meðal tekið til krafna á hendur aðaláfrýjanda Möl og Sandi h/f vegna vanefnda hans, ef einhverjar yrðu. Verður af þessum sökum ekki fallizt á þá málsvörn aðaláfrýjanda Malar og Sands h/f, að gagnáfrýjandi Guðjón sé ekki réttur aðili málsins.

Lögskipti aðaláfrýjanda Malar og Sands h/f og Jóns Magnúsar Björnssonar virðast hafa átt þann aðdraganda, að hinn fyrrnefndi hafi fengið leiguréttindi yfir nokkrum byggingalóðum í Garðahreppi í því skyni að reisa á þeim íbúðarhús til sölu. Fékk aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f gagnáfrýjanda Kjartan Sveinsson til að gera uppdrátt, sem fara átti eftir við smíði allra húsanna. Vegna óska Jóns Magnúsar Björns-

sonar samdist þó svo með honum og aðaláfrýjanda Möl og Sandi h/f, að gagnáfrýjandi Kjartan yrði fenginn til að gera sérstakan uppdrátt af húsinu á Smáraflöt 49, til þess að Jón Magnús gæti sagt fyrir um þá húsgerð, sem honum hentaði. Aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f og Jón Magnús undirrituðu enn fremur sérstaka verklýsingu, svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, og var hún a. m. k. að miklum hluta samin af gagnáfrýjanda Kjartani.

Eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi, andmælir aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f því, að hann hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart gagnáfrýjanda Guðjóni vegna gerðar og frágangs hússins á Smáraflöt 49. Jafnframt þessu hefur hann haldið því fram, að kröfur gagnáfrýjanda Guðjóns, ef einhverjar hefðu verið, séu nú fallnar niður fyrir tómlæti hans eða fyrir fyrningu. Verður fyrst fjallað um síðargreinda málsvörn.

Leka frá þaki hússins fór að gæta fljótlega eftir að gagnáfrýjandi Guðjón flutti í húsið, líklega um haustið 1964. Viðurkennt er, að um jólaleytið 1964 fór fyrirsvarsmaður aðaláfrýjanda Malar og Sands h/f á vettvang með gagnáfrýjanda Guðjóni til að leita orsaka lekans. Hefur það því ekki við rök að styðjast, að gagnáfrýjandi Guðjón hafi glatað kröfum sínum fyrir tómlæti.

Lögskipti aðaláfrýjanda Malar og Sands h/f við Jón Magnús Björnsson og síðar gagnáfrýjanda Guðjón bera að vísu nokkurn svip af hvoru tveggja, kaupgerningi um ófullgert hús og verksamningi um húsbyggingu, en rétt þykir að líta svo á, að um lengd fyrningarfrests á kröfum gagnáfrýjanda Guðjóns fari eftir aðalreglunni í 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905. Réttur Jóns Magnúsar til afskipta af gerð uppdráttar og til eftirlits með húsbyggingunni breytir þessu ekki, eins og á stendur. Gagnáfrýjandi Guðjón veitti hinu ófullgerða húsi viðtöku haustið 1964, og var afsal til hans gefið út 1. október 1964. Voru kröfur hans á hendur aðaláfrýjanda Möl og Sandi h/f ófyrndar, er stefna var byrt 30. október 1969.

Verður nú vikið að skaðabótaábyrgð aðaláfrýjanda Malar

og Sands h/f samkvæmt hinum ýmsu kröfuliðum í dómkröfum gagnáfrýjanda Guðjóns.

Um kröfulið A 1.

Óhrakið er það álit hinna dómkvöddu matsmanna, að loftræsting þaks á húsi gagnáfrýjanda Guðjóns var ófullnægjandi, eins og frá henni var gengið. Verður að ráða af matsgerðinni, að þessi hafi verið meginorsök þaklekans. Aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f smíðaði sjálfur húsið til sölu í atvinnurekstri sínum og er skaðabótaskyldur vegna þessarar vansmíði gagnvart gagnáfrýjanda Guðjóni. Gagnáfrýjandi Guðjón hefur ekki glatað rétti til að hafa uppi bótakröfu vegna vansmíði þessarar, þótt hann undirritaði afsal með ákvæði um, að hann sætti sig við ástand húseignarinnar. Úrlausn héraðsdóms, sem skipaður var byggingafróðum samdómendum, um fjárhæð þessa kröfuliðs hefur ekki verið hnekkt. Verður hann samkvæmt þessu tekinn til greina.

Um kröfulið A 2.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þennan kröfulið, kr. 15.562.94 (3.122.94 + 12.000.00 + 440.00), en hann hefur ekki sætt tölulegum andmælum.

Um kröfulið B 1.

Hér er um að ræða kostnað við ýmsar lagfæringar á göllum, svo sem hann er metinn af hinum dómkvöddu mönnum. Er í matsgerðinni getið rakaskemmda á veggjum, viðgerðar á klæðningu á ganggólfi og sprungum í veggjum, en ekki er þar sundurliðaður viðgerðarkostnaður vegna einstakra viðgerða. Telja verður, eins og skemmdum þessum var háttað, að aðaláfrýjandi beri að bæta gagnáfrýjanda Guðjóni kostnað af viðgerð þeirra, og verður úrlausn héraðsdóms staðfest.

Um kröfulið B 2.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóm um þennan kröfulið.

Um kröfulið B 3.

Hinir dómkvöddu matsmenn töldu múrhúðun á þakbrúnum lausa á nokkrum stöðum, en tjáðu sig ekki um orsök þessa. Reikningur sá, sem liggur til grundvallar kröfugerð-

inni, hefur verið borinn undir matsmenn, en þeir lýst því, að þeir geti ekki tjáð sig um nauðsyn viðgerða þeirra, sem í honum greini, né um réttmæti reikningsfjárhæðarinnar.

Gögn um framangreindan galla og kostnað af að ráða bót á honum eru ekki glögg, en eftir atvikum þykir þó rétt að láta sitja við mat hinna byggingafróðu héraðsdómenda um tjónsfjárhæð.

Um kröfulið B 4.

Svo sem nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi, sýna uppdrættir gagnáfrýjanda Kjartans Sveinssonar, að útveggur og reykháfur skuli lagðir grjóti í múr. Í verklýsingu þeirri, sem aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f og Jón Magnús Björnsson undirrituðu og skírskotað er til í kaupsamningi þeirra, er þessa sérstaka frágangs hins vegar að engu getið, og í afsali því til gagnáfrýjanda Guðjóns, sem hann sjálfur undirritaði, lýsir hann því, að hann sætti sig við ástand húseignarinnar að öllu leyti. Er samkvæmt þessu ósannað, að aðaláfrýjanda Möl og Sandi h/f beri skylda til að ganga frá húsinu með framangreindum hætti, og verður kröfulið þessum ekki sinnt.

Um kröfulið B 5.

Úrlausn héraðsdóm um þennan lið verður staðfest.

Samkvæmt framangreindu verður aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda Guðjóni Lárussyni kr. 347.794.90 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og samtals kr. 100.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

II. Um kröfur gagnáfrýjanda Guðjóns Lárussonar á hendur stefnda Haraldi B. Bjarnasyni.

Svo sem greinir undir I hér að framan, getur gagnáfrýjandi Guðjón ekki haft uppi kröfur vegna skemmda á gleri eða vöntunar grjótlagningar á útvegg og reykháf. Stefndi Haraldur er ekki ábyrgur fyrir því, að aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f á ólokið frágangi sótops og niðurfalls. Ekki hefur verið sýnt fram á, að múrbrot á þakbrúnum stafi af atvikum, sem stefndi Haraldur beri ábyrgð á gagnvart gagnáfrýjanda Guðjóni. Sama gegnir um kröfur samkvæmt kröfulið

B 1, en þar er um að ræða ósundurliðaðan kostnað við úrbætur á ýmsum göllum, sem eiga mismunandi orsakir.

Gagnáfrýjandi Guðjón heldur því fram, að í ljós hafi komið, að mörg loftrásarop í þaki hafi verið stífluð af múr, og leiði þetta til bótaábyrgðar stefnda Haralds á þakskemmdum, sbr. kröfulið A. Skírskotar gagnáfrýjandi Guðjón um þetta til matsgerðar hinna dómkvöddu manna.

Matsmenn könnuðu ekki, hve mörg loftrásarop voru stífluð, og að eigin sögn gátu þeir ekki gert það við skoðun sína á þakinu. Skoðunin virðist aðeins hafa náð til lítils hluta þaksins, enda lýsir annar matsmanna henni svo, að opnaðir hafi verið 4-5 fermetrar af þakinu, en hinn segir, að utanfrá hafi hann ekki séð loftræstingarrörin í þakinu, þannig að hann gæti talið þau. Þá geta þeir þess í matsgerð sinni, „að loftræsting sú, sem á þakinu er, fullnægi hvergi nærri loftræstingarþörf þaksins, enda þótt loftrásaropin (plastpípur) væru öll opin".

Samkvæmt framansögðu þykir ekki hafa verið leitt nægilega í ljós, hver brögð voru að múrstíflum í loftrásaropum og hvort þær hafa skipt máli um þær skemmdir, sem urðu vegna bleytu og rakamyndunar við þak. Verða kröfur gagnáfrýjanda Guðjóns um bætur fyrir þær skemmdir þegar af þessum ástæðum ekki til greina teknar. Ber að staðfesta héraðsdóm um sýknu stefnda Haralds svo og um málskostnað milli hans og gagnáfrýjanda Guðjóns, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

III. Um kröfur gagnáfrýjanda Guðjóns Lárussonar á hendur gagnáfrýjanda Kjartani Sveinssyni.

Á uppdrætti gagnáfrýjanda Kjartans Sveinssonar af húsinu var gert ráð fyrir flötu eða hallalitlu þaki. Jón Magnús Björnsson og aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f ákváðu sjálfir, að þak skyldi klætt járni. Gagnáfrýjandi Kjartan ráðlagði notkun annars þakefnis en dýrara. Gögn málsins benda til þess, að kostnaðarmunur hafi ráðið vali þakefnis. Gagnáfrýjandi Kjartan gat þess sérstaklega í verklýsingu, sem hann samdi að beiðni Jóns Magnúsar, að þar sem þak væri

með litlum halla, bæri að vanda allan frágang á járni, svo að eigi yrði lekahætta. Hann gerði uppdrátt af þaki fyrir trésmiði þá, sem að þaksmíðinni unnu, og að því er ætla má án endurgjalds, en ósannað er, að hann hafi sagt fyrir um loftræstingu þaksins með þeim hætti, sem á var hafður. Ber þegar af þessum ástæðum að staðfesta héraðsdóm um sýknu hans af kröfum gagnáfrýjanda Guðjóns í málinu og um málskostnað milli þeirra. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Í máli þessu hafa nokkrar skýrslur aðilja og vitna verið teknar á segulband, en eigi skráðar í þinghaldinu. Þessi aðferð hefur ekki sætt andmælum málsaðilja. Verður ráðið af dómsgerðum vitnamálsins, að vinnubrögð við skýrslutöku þessa eru eigi svo vönduð sem skyldi.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur B. Bjarnason, og gagnáfrýjandi Kjartan Sveinsson eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda Guðjóns Lárussonar í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þeirra á milli fellur niður.

Aðaláfrýjandi Möl og Sandur h/f greiði gagnáfrýjanda Guðjóni Lárussyni kr. 347.794.90 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og kr. 100.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Hinn 7. desember 1972, 11. desember 1972 og 6. febrúar 1973 voru á bæjarþingi Reykjavíkur teknar skýrslur af aðiljum og einu vitni í máli þessu. Fram hefur komið, að það, sem gerðist í þinghöldum þessum, var ekki skráð í þingbók, en aðeins tekið á segulbönd. Var síðan vélritað af segulbönd-

unum og staðfest endurrit hins vélritaða afhent lögmönnum aðilja og fellt í dómsgerðir.

Lagaheimild skortir til að hafa þennan hátt í einkamálum, sbr. ákvæði 42. og 133. gr. laga nr. 85/1936, og eigi verður slík heimild leidd af ákvæðum annarra laga. Ber að víta þessi vinnubrögð héraðsdómarans, Magnúsar Thoroddsens borgardómara.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um efnisúrlausn máls þessa.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1971.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 27. f. m., hefur Guðjón Lárusson læknir, Smáraflöt 49, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. og 30. október 1969, á hendur Möl og Sandi h/f, Garðahreppi, Haraldi B. Bjarnasyni byggingameistara, Reynimel 28, Reykjavík, og Kjartani Sveinssyni byggingatæknifræðingi, Ljósheimum 4, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, eins og hér segir:

Úr hendi stefndu Malar og Sands h/f og Haralds B. Bjarnasonar krefst stefnandi in solidum greiðslu á bótum að fjárhæð kr. 138.851.38 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi krefst úr hendi stefndu, Malar og Sands h/f, Haralds B. Bjarnasonar og Kjartans Sveinssonar, in solidum greiðslu á bótum að fjárhæð kr. 308.294.94 með 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. júlí 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndu hafa allir krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Það mun hafa verið á árinu 1963, að Jón Magnús Björnsson, Skólavegi 7, Keflavík, var að leita eftir íbúðarhúsnæði til kaups. Hafði hann spurnir af því, að stefndi Haraldur B. Bjarnason væri þá að byggja og selja einbýlishús í Garðahreppi samkvæmt teikningu stefnda Kjartans Sveinssonar byggingatæknifræðings. Hús þau, sem hér um ræðir, voru með risþaki. Jón Magnús Björnsson segir, að þessi húsgerð hafi ekki hentað sér og fjöl-

skyldu sinni. Því hafi það orðið úr, að hann hafi óskað eftir því við stefnda Kjartan Sveinsson, að hann breytti þeirri teikningu, sem fyrir hendi var, og bað hann stefnda Kjartan að teikna byggingarnefndarteikningu svokallaða að nýju húsi. Var hið nýja hús með flötu þaki og steinsteyptum kanti allt í kringum þakið. Jón Magnús kvað stefnda Kjartan Sveinsson hvorki hafa verið beðinn um að gera sérteikningar að húsi þessu né heldur að hafa eftirlit með byggingu þess, en byggja átti hús þetta á lóðinni nr. 49 við Smáraflöt í Garðahreppi.

Hinn 3. apríl 1963 er gerður kaupsamningur á milli stefnda Malar og Sands h/f sem seljanda og Jóns Magnúsar Björnssonar sem kaupanda. Í þessum samningi segir m. a. svo:

„Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupandi til þess að kaupa neðanskráða eign seljanda: Lóðina nr. 49 við Smáraflöt í Garðahreppi. Jafnframt tekur seljandi að sér að byggja einbýlishús (210 m² auk bílskúrs) skv. teikn. Kjartans Sveinssonar, arkitekts, og verklýsingu hans, sem báðir aðiljar hafa samþykkt. Húsinu verður skilað tilbúnu undir tréverk og máln. og öll tengigjöld greidd af seljanda. Kaupverð alls hins selda er kr. 900. 000.00."

Jón Magnús Björnsson hefur borið, að þegar hann hafi ákveðið að kaupa hús það, sem hér um ræðir, þá hafi hann haft mjög lítið vit á byggingamálum. Þess vegna hafi hann óskað eftir því á fasteignasölu þeirri, sem hafði milligöngu um kaup þessi, að gerð yrði sérstök lýsing á því, hvernig ætti að vinna húsið. Síðan hafi þessi lýsing verið undirrituð á nefndri fasteignasölu. Kvaðst Jón Magnús vita til þess, að stefndi Kjartan Sveinsson hafi samið einhvern hluta þessarar lýsingar.

Lýsing þessi er gerð í Reykjavík í júlí 1963 og er undirrituð af Haraldi B. Bjarnasyni f. h. Malar og Sands h/f og Magnúsi Björnssyni. Hún er svohljóðandi:

„Verklýsing á húsinu nr. 49 við Smáraflöt.

Húsið, sem er einbýlishús með áfastri bifreiðargeymslu, verður byggt af Haraldi Bjarnasyni (sem hér eftir skal nefndur verksali) fyrir Magnús Björnsson, Keflavík, (sem hér eftir skal nefndur verkkaupi).

Húsið verður byggt eftir uppdráttum Kjartans Sveinssonar, tæknifræðings, og Sveins Torfa Sveinssonar, verkfræðings, og verður það selt verkkaupa fyrir ákveðið verð. Verksali leggur til allt efni og alla vinnu, nema annars sé getið, og skal allt vera fyrsta flokks, bæði efni og vinna. Enda mun eftirlitsmaður

verkkaupa sjá um, að svo sé. Enda hafi hann greiðan aðgang að öllu, sem verkinu viðkemur.

Jarðvinna:

Grafa skal fyrir berandi veggjum, tröppum og lögnum niður fyrir frost og niður á fasta undirstöðu. Úr hússtæðinu skal fjarlægja allan mó og moldarkenndan jarðveg og fylla í grunninn með fínni rauðamöl. Fyllingarefnið skal þjappa vandlega undir gólf, þannig að engin hætta sé á sigi. Utan með húsinu skal fylla með möl eða grófum sandi. Höggva skal bindivír ca. 1 cm fyrir innan yfirborð steypu, holufylla og kústa það með sementsvatni. Bera skal „filntcot" á þá hluta sökkla og kjallarahluta, sem verða í jörð, tvær yfirferðir.

Trésmíði:

Öll mót skulu vera vel þétt og það vel afstífuð, að engin hætta sé á því, að það skekkist, þegar steypt er. Þau skulu vera úr minnst 1. tommu þykkum borðum nema stoðir undir loftum, er skulu vera úr 2x4 tommum. Uppistöður skulu vera úr ein og hálf sinnum fjórar. Heimilt er að vírbinda mótin með venjulegum mótavír. Nota skal tvöfaldan vír neðst í mótin. Eftirlitsmaður ákveður bil milli banda. Vatnslás skal setja við steypuskil. Áður en steypt er, skal hreinsa og væta mótin vandlega. Neðst í veggmótum skulu vera lok, stærð 15x20 cm til að auðvelda hreinsun.

Gluggar:

Allt efni skal vera fyrsta flokks og vel þurrt. Gluggana skal smíða úr „Origone Pine". Gluggana skal smíða samkvæmt sérteikningu. Alla glugga skal steypa í og ganga skal frá girði, og í glugga skal skrúfa galv. skrúfur nr. 12 með ca. 60 cm millibili til að halda þeim föstum í steypunni. Alla gluggakarma, rammalista, skal grunna með góðri málningu, áður en þeir eru settir í mótin.

Gler:

Í glugga komi tvöfalt verksmiðjugler (franskt), skal það vera A-gler. Ef nauðsyn krefur að nota þrefalt gler í skála, greiðir verkkaupi verðmismun á því og tvöföldu gleri jafnþykku. Öll ísetning á gleri lúti fyrirmælum viðkomandi fyrirtækis, er útvegar glerið. Allt gler og glerlista skal leggja í „secomastic", og listana skal skrúfa með galv. skrúfum með ca. 15 cm millibili.

Einangrun:

Á alla steinveggi (útveggi) komi fimm sentimetra einangrun úr plasti, er límist á veggina, eins og venja er. Ofan á loftplötu

komi 15 cm þykkt lag af steinull (eða samkvæmt fyrirmælum verkfræðings).

Þak:

Loftplata steypt. Þakviðir samkvæmt fyrirmælum verkfræðings. Þar sem þak er með litlum halla, skal vandað til um allan frágang á járni, að eigi verði lekahætta. Járn sé málað með sinkkrómati tvisvar. Járn sé skarað um 2 fet, og tvær og hálfa báru til hliðar. Öll samskeyti á járni séu þétt með viðurkenndu þéttiefni og í samráði við eftirlitsmann verkkaupa. Járnið sé neglt með snúnum þaksaum og skrúfað á milli með „boddý skrúfum". Allt samkvæmt nánari fyrirmælum. Turn upp úr þaki samkvæmt sérteikningu, allt efni og alla vinnu greiði verkkaupi aukalega. Turnþak sé með læstum aluminium plötum.

Hitun:

Í húsinu verður normal vatnsgeislahitun. Nú óskar verkkaupi eftir fjórföldu kerfi, og greiðir verkkaupi verðmismun á því og einföldu kerfi eftir mati þess verkfræðings, sem teiknaði lögnina.

Steypuvinna:

Verksala skal skylt að nota „Vobratora" við alla steypu. Jafnframt skal verksali sjá um, að ekkert rusl, sag, spænir eða önnur óhreinindi séu í mótum, og má hann ekki hefja steypu, fyrr en eftirlitsmaður hefur tekið mótin út og leyft það.

Ekki er gert ráð fyrir, að steypugallar verði, en komi þeir engu að síður, er verksala skylt að gera við þá á þann hátt, er eftirlitsmaður tekur gildan og á sinn kostnað og eins höggva burt steypubrúnir og hröngl, sem að dómi eftirlitsmanns þarf.

Múrhúðun utanhúss:

Húsið skal múrhúða utan. Horn og kanta skal vandlega taka rétt.

Múrhúðun innanhúss:

Alla veggi, sem verða múrhúðaðir, skal rappa, gróf- og fínhúða, eins og venjulegt er. Allir útveggir, sem eru einangraðir með tveggja tommu plasti, skal strekkja á galv. vírnet undir múrhúðun.

Ýmislegt:

Verksali skal skila húsinu fokheldu, fullfrágengnu utan, tilbúnu undir tréverk og málningu.

Útihurðir allar og allt í sambandi við arin greiðir verkkaupi aukalega.

Grjót:

Grjótruðningu annast verksali, en útvegun og val verkkaupi.

Tryggingar og lögboðin gjöld:

Meðan á verkinu stendur, skal verksali á sinn kostnað hafa hús og byggingarefni vátryggt gegn eldsvoða og öðru tjóni.

Ennfremur skal verksali annast og kosta allar slysatryggingar og hverskonar önnur gjöld, er fylgja því að hafa menn í vinnu. Hann greiðir og söluskatt. Varðandi allar tryggingar skal verksali leita samþykkis verkkaupa."

Jón Magnús Björnsson réð sér aldrei eftirlitsmann við byggingu hússins, svo sem ráð er fyrir gert í tilvitnaðri verklýsingu.

Stefndi Kjartan Sveinsson hefur borið, að nokkru eftir að hann hafi gert byggingarnefndarteikningu að framangreindu húsi, hafi þeir stefndu Haraldur B. Bjarnason og Jón Magnús Björnsson komið til sín. Hafi Jón Magnús þá verið búinn að gera kaupsamning um húsið. Hafi Jón Magnús viljað festa á blað lýsingu um það, í hverju ástandi seljandi skyldi afhenda húsið. Kvaðst Kjartan hafa skoðað þetta sem útfyllingu á kaupsamningi aðiljanna. Kvaðst hann þá hafa handskrifað framangreinda verklýsingu að húsinu, en sjálfur einungis samið hluta hennar, aðallega upptalningu á efni. Það, sem stefndi Kjartan kvaðst hafa samið í skjali þessu, hafi verið upphaf þess niður að „jarðvinna" og síðan allt efni frá „gluggar" og niður að „hitun". Það, sem er eftir það, kvaðst stefndi Kjartan ekki hafa samið.

Þegar þeir stefndu Haraldur B. Bjarnason og Jón Magnús Björnsson hafi komið til sín í umrætt sinn, kvað stefndi Kjartan hafa komið í ljós, að í kaupunum á húsinu hafi verið gert ráð fyrir, að bárujárn yrði á þakinu. Kvaðst Kjartan Sveinsson þá strax hafa tekið skýrt fram, að mjög væri varhugavert að nota bárujárn á þak sem þetta, enda þótt hann vissi til, að það hefði tekizt, en þá yrði mjög vel að vanda til smíði á þakinu. Kvaðst stefndi Kjartan Sveinsson þá hafa boðizt til þess að athuga, hver verðmismunurinn yrði, ef notað væri læst aluminium á þakið eða þakpappi. Minnti Kjartan Sveinsson, að það hefði verið fjórum til fimm sinnum dýrara að setja læst aluminium á þakið heldur en bárujárn, en þakpappinn mundi hafa verið um þrisvar sinnum dýrari. Kjartan Sveinsson sagði, að þessum ráðum sínum hefði ekki verið fylgt og bárujárn verið notað á þakið allt að einu nema á turninn upp úr þakinu. Minnti Kjartan, að hann hefði fengið þá Jón Magnús og Harald til þess að setja læst aluminium á hann og hafi Jón Magnús átt að greiða það.

Húsið er byggt árið 1963 til 1964. Múrarameistari við húsið var stefndi Haraldur B. Bjarnason, en trésmíði við það unnu

þeir Óskar Kristjánsson og Ingimundur Magnússon. Á þessum tíma var Ingimundur lærlingur, en Óskar Kristjánsson sveinn í trésmíði. Fékk Óskar því Skúla Friðriksson til þess að vera trésmíðameistara við húsið. Tók Skúli eigi greiðslu fyrir að árita teikningu af húsinu, enda kveðst hann ekkert hafa unnið við byggingu þess. Sjálfur var Skúli við störf austur á Bakkafirði, meðan á byggingu hússins stóð, og kom ekki nema tvisvar eða þrisvar sinnum á staðinn á þessum tíma.

Stefndi Kjartan Sveinsson hefur borið, að verkfræðingur hafi átt að teikna þak hússins, en aldrei hafi orðið úr því þrátt fyrir eftirgangsmuni af hendi þeirra Ingimundar Magnússonar og Óskars Kristjánssonar. Kjartan kveður þá eitt sinn hafa komið til sín kl. 1100 fyrir hádegi og sagt við sig, að nú stæði tilfinnanlega á teikningu af þakinu. Kvaðst Kjartan þá hafa vísað þeim til verkfræðingsins, en þeir þá sagt sér, að þeir hefðu ekki getað fengið þessa teikningu hjá honum, verkið hefði því stöðvazt og þeir væru orðnir atvinnulausir. Kvaðst Kjartan Sveinsson þá hafa, meðan þeir biðu hjá sér, teiknað sperruplanið í mælikvarðanum 1:50 og ef til vill teikningu af turni þeim, er kemur upp úr þakinu, í framhaldi af því, enda kvað Kjartan hana gerða í miklum fljótheitum. Kjartan kvaðst hafa sagt við þá Ingimund og Óskar, að þeir ættu að nota 1½ tommu plaströr til loftræstingar á þakinu allt í kringum þakið með 50 cm millibili og fjórar lofttúður upp úr þakinu. Minnti Kjartan, að hann hafi sagt við þá um leið eitthvað á þá lund, að annars ættu þeir að vita þetta.

Vitnið Ingimundur Magnússon hefur borið, að hann minnist þess, að það hafi komið til umræðu milli sín og stefnda Kjartans Sveinssonar, hvernig ætti að loftræsa þakið. Minnti vitnið, að Kjartan hafi lagt til, að loftræst yrði með plastrafmagnsrörum. Vitnið mundi hvorki að greina frá því, hver sverleiki þessara röra hafi átt að vera né heldur hversu mörg þau hafi átt að vera. Ekki kvaðst vitnið heldur muna eftir því, að rætt hafi verið um, að lofttúða yrði sett á þakið. Vitnið kvað þakkantinn á húsinu hafa verið steyptan um mánaðamótin janúar—febrúar 1964. Hafi nokkur yfirfallsrör verið sett í þakkantinn. Kvað vitnið yfirfallsrör þessi hafa verið sett það ofarlega, að þau hafi ekki byrjað að taka við vatni, fyrr en talsvert vatnsmagn hafi verið komið á þakið. Vitnið kvað það möguleika, að vatn byrjaði að renna inn á þakið, áður en það nái að renna út um yfirfallsrörin. Ástæðuna fyrir því, að yfirfallsrörin í þakkantinum voru ekki höfð neðar, kvað vitnið hafa verið þá, að ekki hafi verið unnt vegna mik-

illar járnabindingar í hinum steypta kanti að gera það og auk þess hafi partur af þakrennunni legið upp og inn í steypuna og hafi þeir ekki viljað setja gat á þann part af þakrennunni með því að taka yfirfallsrörið í gegnum hana. Ekki kvað vitnið yfirfallsrör þessi hafa verið á teikningu. Vitnið kvað þá Óskar tvívegis hafa rætt við stefnda Kjartan Sveinsson um þessa þakgerð, því að þeir hafi óttazt um, að þakið mundi leka, þar sem rennurnar hafi verið þannig úr garði gerðar, að hætta væri á, að þær fylltust af krapi. Kjartan Sveinsson hafi hins vegar viljað láta smíða þakið í samræmi við teikningarnar. Vitnið mundi þó, að stefndi Kjartan hafi viljað, að sett yrði læst aluminíum á þakið.

Samkvæmt framangreindum kaupsamningi milli Malar og Sands h/f og Jóns Magnúsar Björnssonar frá 3. apríl 1963 skyldi seljandi skila af sér húsinu í samningsástandi ca. 1. nóvember 1963. Stefnandi máls þessa gekk inn í kaupsamning Jóns Magnúsar Björnssonar, þann sem að framan greinir. Ekki hefur tekizt að upplýsa í málinu, hvenær þetta hafi verið. Stefnandi flutti inn í húsið hinn 1. marz 1964, og hinn 1. október 1964 fær stefnandi afsal frá stefnda Möl og Sandi h/f. Í afsali þessu segir m. a. svo:

„Möl og Sandur h/f, Garðahreppi, Gullbringusýslu, selja hér með og afsala hr. Guðjóni Lárussyni, lækni, Laugarnesvegi 104, Reykjavík, húseign þeirri, er í smíðum á lóðinni nr. 49 við Smáraflöt, Garðahreppi, ásamt öllu múr og naglföstu, lóðarréttindum og öllu, er húseign þeirri fylgir og fylgja ber". Í afsalinu segir enn fremur svo:

„Kaupandi hefur þegar tekið við húseigninni og sættir sig við ástand hennar að öllu leyti". Að endingu segir svo í afsalinu:

„Til staðfestu eru nöfn kaupanda og seljanda undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta".

Þegar afsal þetta fór fram, hafði húsinu ekki verið að öllu leyti komið í samningsbundið ásigkomulag, og stafar hluti af kröfum stefnanda á hendur seljanda af því.

Strax fyrsta veturinn, sem stefnandi bjó í húsinu, segir hann, að víða hafi tekið að leka úr lofti þess, bæði í úrkomu og í þurru veðri. Á þessum stöðum kom fram leki: í eldhúsi, stofulofti, við skorstein, í gangi, í svefnherbergi, í búningsherbergi, baðherbergi og barnaherbergi. Stefnandi kveðst strax hafa borið sig upp undan þessu við þá stefndu Harald B. Bjarnason og Kjartan Sveinsson og óskað eftir endurbótum og skýringum á því, að nýtt hús skyldi leka. Um hið síðara hafi fengizt lítil sem engin svör og hafi virzt augljóst, að stefndu hafi ekki vitað, hverju þetta sætti.

Ekki hafi heldur mikið orðið úr viðgerðum og ekkert af þeim komið að haldi. Stefndi Haraldur B. Bjarnason hafi gert tilraun til að þétta leka við skorstein, án þess að árangur hafi orðið þar af. Stefndi Kjartan Sveinsson hafi látið koma fyrir skífu við þakjárnið neðst, við steinvegg, yfir þakrennum, til þess að fyrirbyggja, að krap settist í niðurföll og stíflaði þau. Hafi þetta verið gert, eftir að niðurföll hafi stíflazt og vatn safnazt fyrir á þakinu, er hlotið hafi að renna undir þakjárnið og inn á steyptu plötuna undir því og þar með gegnbleytt einangrun og þakviðina.

Í árslok 1965, er stefnandi kveðst engin svör hafa fengið og ekkert hafi verið gert af hálfu stefndu til að þétta þakið, er árangur hafi borið, hafi hann ekki viljað bíða lengur eftir stefndu og beðið um útnefningu matsmanna til þess að skoða og meta galla á þakinu og annað, sem vantað hafi upp á það, að húsið væri eins og samningar hljóðuðu um. Til matsins voru dómkvaddir hinn 8. janúar 1966 af sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu þeir Sigurgeir Guðmundsson iðnskólastjóri og Þóroddur Hreinsson byggingameistari, báðir í Hafnarfirði. Skoðuðu þeir húsið og skiluðu matsgerð, sem dagsett er 19. júlí 1966. Í matsgerð þessari segir m. a. svo:

„Miðvikudaginn 9. febrúar komum við í fyrsta sinn í húsið. Þangað höfðum við stefnt öllum þeim, sem okkur bar að láta vita um matið samkv. fyrirmælum matsbeiðninnar. Matsbeiðnin og dómkvaðningin var lesin viðstöddum. Því næst fór fram skoðun á þeim göllum, sem nefndir eru í matsbeiðninni, með leiðsögn húsráðenda.

Leki: Á öllum þeim stöðum, sem nefndir eru í matsbeiðni, voru sjáanleg einkenni leka, ýmist taumar ofan veggi, bólur í loftum eða litaskipti á veggklæðningu (í skála). Þegar fyrsta skoðun okkar fór fram, var bleyta ekki sjáanleg, en ákveðið, að húsráðendur gerðu matsmönnum viðvart, þegar sjáanlegt væri vatn, bleyta eða augljós leki. Í aprílmánuði fengum við boð um þetta, og var þá sýnilega leki á lofti og vegg.

Raki: Á þeim stöðum, sem tilteknir eru í matsbeiðni, að raki sé sjáanlegur, er réttilega frá greint.

Gluggar: Ágallar á gleri eru réttilega tilgreindir. Leka á ganggluggum höfum við ekki séð, en gluggabotn ber augljós merki eftir leka.

Ógert: Ekki hefur hraun verið sett á suðurvegg eða hann málaður. Sama er að segja um reykháf, sótlúga er ekki á reykháf,

né gengið frá niðurfalli í miðstöðvargólfi til fulls. Þakrennsluniðurföll eru ekki fullgerð á einum stað.

Eftir að leki varð sýnilegur, fórum við að safna gögnum, þ. e. verklýsingu og uppdráttum, og áttum viðræður við smiði, verksala, verkfræðing, fyrri eiganda (Magnús Björnsson) og arkitekt.

Í júlímánuði 1963 er undirrituð verklýsing að mannvirki þessu. Þar er kveðið á um ýmsa meginþætti í gerð hússins og um aðra vísað til séruppdrátta, fyrirmæla verkfræðings, arkitekts eða eftirlitsmanns.

Við höfum reynt að afla séruppdrátta, en ekkert af þeim fengið hjá arkitekt hússins. Smiðir, sem að verkinu unnu allan tímann, frá því slegið var upp mótum og þar til það var fokhelt með plasti í gluggum, gátu látið í té þá séruppdrætti, er mestu máli skiptu, þ. e. af þakinu.

Trésmíðameistari við byggingu þessa var Skúli Friðriksson, húsasmíðameistari, Breiðagerði 16 í Reykjavík. Múrarameistari Haraldur Bjarnason c/o Goði hf., Reykjavík. Pípulagningameistari var Magnús Bjarnason, verkfræðingur Sveinn Torfi Sveinsson, Hraunhólum, Garðahreppi. Arkitekt Kjartan Sveinsson, Reykjavík. Eftirlitsmaður hefur, að því er við bezt vitum, aldrei verið ráðinn þrátt fyrir ákvæði verklýsingar þar um.

Gerð hússins er í fáum orðum þessi:

Húsið er úr steinsteypu. Grunnveggir standa að mestu á þéttu sandlagi. Grunnveggir eru mismunandi háir frá ca. 1,20—2,5 m. Grunnur er fylltur með gjalli. Ekki er rakavörn í grunni eða gólfplötu. Allir útveggir eru úr steinsteypu, berandi veggir, svo og loftplata. Þak er úr timbri, klætt bárujárni. Hitinn er vatnsgeislahitun frá olíukynntum miðstöðvarkatli. Húsið er einangrað með plasti á veggjum, en steinull í þaki. Húsið er múrhúðað utan og innan, en ómálað utan.

Grafið var fyrir undirstöðum fyrst í júní 1963 og þak var fullgert í lok febrúar 1964. Grunnflötur hússins er 212,9 m^2.

Meginágallar þeir, sem okkur er fyrirmælt að taka til mats, er leki.

Við fyrstu skoðun beindist athugun okkar í því sambandi að þaki hússins, gerð þess og formi. Þá þegar töldum við, að þakgerðin væri vafasöm, en það, sem séð varð utan, virtist allvel unnið.

Í verklýsingu stendur orðrétt: „Loftplata steypt. Þakviðir samkv. fyrirmælum verkfræðings. Þar sem þak er með litlum halla, skal vanda til um allan frágang á járni, svo ekki verði lekahætta."

Það vekur athygli, að ekkert skuli vera mælt fyrir um loftrásir eða loftræstingu þaksins, efni eða umbúnað á þakrennum eða frágangi á járni, þar sem það mætir lóðréttum veggjum.

Síðan er upplýst, að verkfræðingur hefur ekki sagt fyrir um gerð þakviða eða aðra gerð þaksins nema á turni þeim, er upp úr þakinu er og gerður er úr timbri með aluminiumklæðningu yzt á þaki.

Arkitekt hússins hefur í janúar 1964 gert uppdrátt af grunnmynd þaksins og einum skurði í mælikv. 1:50. Þar er ákvarðað sperrubil, efni í sperrur og fjöldi þakstóla og skráð, að þeir skuli festir tryggilega með múrboltum í steypta plötuna. Það vekur enn athygli, að ekkert er mælt fyrir um loftræstingu þaksins eða frágangi á járni við steypta þakkanta eða lóðrétta turnveggi, og fyrirsögn um gerð á þakrennum er mjög ófullkomin á uppdrættinum.

Að fengnum þessum upplýsingum fengu matsmenn annan þeirra smiða, er unnu við smíði hússins, hr. Ingimund Magnússon, til heimilis að Háukinn 8 í Hafnarfirði, til að rjúfa gat á þakið. Var það gert að okkur viðstöddum föstudaginn 15. júlí s.l.

Þakið var rofið yfir húsbóndaherbergi. Kom þá í ljós, að járn var lagt eftir fyrirmælum í verklýsingu að öðru leyti en því, að það er seymt með venjulegum þaksaum. Undir járninu var þakpappi, þá 1" klæðning og sperrur. Ofan á loftplötu var einangrun, 2x5 cm gosullarmottur og ofan á þeim bylgjupappi. Þakrennur virðast vel gerðar og frágangur þeirra góður eftir aðstæðum. Loftrásir hafa verið settar í þakið skv. munnlegri fyrirsögn arkitektsins. 1" plaströr í sperrubil, en múrað hefur verið yfir mörg þeirra, þar sem þau koma út úr vegg. Frágangur á þakjárni við múr er óaðfinnanlegur.

Þegar við fyrstu skoðun töldum við, að þak hússins væri ekki nægjanlega loftræst. Gerðum við fyrirspurnir þar að lútandi til arkitekts og múrarameistara, sem voru á staðnum. Þeir upplýstu þá, að þeir teldu það nægjanlega loftræst, og bentu á áðurnefnd plaströr í því sambandi.

Þegar járnið var tekið af, hafði verið þurrkur í þrjá daga, kom pappinn í ljós. Hann reyndist rennblautur og pollar í honum í hverri smálægð. Það, sem niður snéri af járni, var og blautt. Þegar þakpappinn var fjarlægður, kom að timburklæðningunni. Að ofan var hún blaut, en að neðan rennandi, áþekkt því sem timbur verður, sem liggur um tíma í mýradýi. Fúasveppur sýnilegur og mygla á hverju borði. Sperrur og aðrir þakviðir eru allir

gegnblautir, enda þegar farnir að fúna, svo að við teljum þá gersamlega ónýta. Einangrun þaksins er svo blaut, að úr henni lekur, sé henni lyft.

Hið eina af þakefni, sem ekki er ónothæft með öllu, er járnið, sé varlega farið með það, þegar það er fjarlægt.

Um það er sérstaklega beðið í matsbeiðninni, að matsmenn geri grein fyrir, hvort orsakir lekans og rakans í húsinu séu af völdum óvandvirkni smiðanna eða ófullnægjandi uppdrátta.

Eins og fram hefur komið hér að framan, verður ekki annað séð en að það, sem gert hefur verið af smiðum, sé vandvirknislega gert og fer hvergi í bága við þá séruppdrætti, sem okkur hefur tekizt að afla. Hvaða önnur fyrirmæli, munnleg eða skrifleg, þeir kunna að hafa fengið, er okkur ekki kunnugt. Hins vegar er ljóst, að áðurnefndir uppdrættir arkitektsins af þakgerð eru mjög ófullkomnir, og verkfræðingur hefur enga teikningar gert af aðalþaki hússins, sem þó er beinlínis ákvarðað í verklýsingu.

Auk þessa hefur svo múrarameistari látið viðgangast, að fyllt hafi verið með múr mörg af loftrásaropum þaksins.

Í loftplötu eru geislahitunarpípur. Og ofan á plötunni eru lagðar pípur fyrir heitt og kalt vatn frá inntaki yfir í baðherbergi í svefndeild hússins. Rör þessi eru ekki einangruð eða vafin, heldur liggja þau í einangrun loftplötunnar (steinullinni).

Steinsteypta loftplatan volgnar vegna hitunarkerfis, sem í henni er. Óvafin vatnsrör liggja ofan plötunnar. Þetta leiðir til, að stöðug rakamyndun er fyrir hendi. Sá raki þéttist við klæðningu þaksins og eykst, þegar kalt er í veðri eða rigning. Steinullin tekur í sig bleytuna og heldur henni. Þegar rakamyndun er mest, hamlar hitinn frá geislahituninni ekki nægjanlega á móti, og rakinn leitar niður í gegn um plötuna út í einangrun útveggja og sést ýmist á loftinu eða gæti komið fram á útveggjunum.

Við teljum, að loftræsting sú, sem á þakinu er, fullnægi hvergi nærri loftræstingaþörf þaksins, enda þótt loftrásaropin (plastpípur) væru öll opin.

Það er okkar skoðun, að ógerlegt sé að gera traust og varanlegt þak á þetta húsform með þeim aðferðum og því efni, sem ætlazt er til, miðað við þá fyrirsögn, sem um er að ræða í þessu tilfelli og okkur er kunn.

Því teljum við óhjákvæmilegt að fjarlægja þak það, sem nú er, og byggja það að nýju með nýjum viðum. Við lítum svo á, að fyrirsögn um gerð hins nýja þaks og form þess sé verksvið arkitektsins, þar eð hann er höfundur að gerð og útliti hússins.

Tilkostnaður við að rífa þakið og byggja að nýju teljum við, að sé hóflega metinn á *kr. 265.000.00.*

Varðandi raka í útveggjum stofu teljum við, auk þess sem áður er greint, að geti stafað af sprungum, sem eru í veggjum og lagfæra mætti með málun og rakavarnarefni á utanverða veggina.

Raki í ganggólfi í suðurhlið orsakaðist af ónógri einangrun gólfplötu, en útveggur er þar að mestu úr gleri.

Með því að leggja asfaltpappa á gólf og klæða gólf með korkparkett mætti ætla, að raki á þessum stað hverfi.

Þar eð ekki er gert ráð fyrir rakavörn í gólfi eða grunni hússins, má búast við, að raki geti komizt í gólfin.

Tilkostnaður við lagfæringar á sprungum í veggjum, klæðningu á ganggólf ásamt lagfæringum á rakaskemmdum á veggjum áætlum við *kr. 18.500.00.*

Gluggar: Skipta þarf um allar rúður í gangi, dagstofu, skála og eldhúsi vegna sementsbruna o. fl. Í verklýsingu er gert ráð fyrir, að allir glerlistar séu skrúfaðir með galv. skrúfum, en þeir eru allir negldir.

Tilkostnaður við lagfæringar og endurnýjun á gleri metum við á *kr. 66.000.00.*

Kostnaður við að leggja grjót (hraun) á vegg og reykháf metum við á *kr. 23.000.00.*

Lagfæringu á sótopi í reykháf og niðurfall í miðstöðvarherbergi metum við á *kr. 1.000.00.*

Eftir munnlegum tilmælum matsbeiðanda á matsstað 9. febrúar s.l. voru eftirtalin tvö atriði tekin til mats:

Klæðningu vantar neðan á þakbrún á turni. Tilkostnað við þá klæðningu metum við á *kr. 2.750.00.*

Utanhúshúðun er laus á nokkrum stöðum á þakköntum. Lagfæringarkostnað á því metum við á *kr. 2.200.00.*"

Matsmenn hafa komið fyrir réttinn og staðfest matsgerð sína. Hvorugur matsmannanna gat tjáð sig um það, hvað þeir hefðu fyrir sér í matsgerðinni með því að segja, „að loftræsta hafi átt þakið með tommuplaströrum að fyrirsögn arkitektsins."

Að fenginni matsgerðinni ritaði stefnandi stefnda Kjartani Sveinssyni bréf, þar sem honum er gefinn kostur á að teikna nýtt þak á húsið og gerð krafa um, að hann kostaði það eða greiddi matsfjárhæðina að öðrum kosti. Stefndi Kjartan lét svara þessu bréfi hinn 5. ágúst 1966, þar sem hann vísar öllum kröfum á hendur sér á bug. Í öðru bréfi, dags. 8. ágúst 1966, frá umboðs-

manni stefnda Kjartans Sveinssonar til stefnanda er frá því skýrt, að stefndi Kjartan sé reiðubúinn til þess að teikna nýtt þak á húsið. Jafnframt er þess í nefndu bréfi getið, að í þessu felist engin viðurkenning á fébótaskyldu vegna framkominna galla á þakinu.

Í bréfi, dags. 10. ágúst 1966, ritaði stefnandi stefnda Möl og Sandi h/f bréf, þar sem gerð er krafa á hendur félaginu um bætur. Skriflegt svar mun ekki hafa borizt við þeirri kröfu. Sama dag ritaði stefnandi bréf til umboðsmanns stefnda Kjartans Sveinssonar, þar sem óskað var eftir nýrri teikningu af þaki hússins sem allra fyrst. Fundur var haldinn með aðiljum 6. september 1966. Var þá og síðan ítrekuð beiðni stefnanda, að stefndi Kjartan stæði við boð sitt um nýja teikningu. Teikning frá stefnda Kjartani Sveinssyni kom þó aldrei.

Stefnandi kveðst hafa búizt við því í lengstu lög, að stefndu, annað hvort einhver þeirra eða þeir í sameiningu, mundu fást til þess að bæta svo um, að þak hússins yrði vatnshelt. Það varð þó ekki, og sat stefnandi enn einn vetur, 1966—1967, í húsi sínu með hripleku þaki. Sumarið 1967 fékk stefnandi tilboð um smíði nýs þaks á húsið frá Ingimundi Magnússyni h/f. Var tilboðsfjárhæðin kr. 292.732.00. Stefndu Kjartani Sveinssyni og Haraldi B. Bjarnasyni var sýnt tilboðið og þeim gefinn kostur á að ganga inn í það. Stefndi Kjartan Sveinsson taldi sér ekki fært að tjá sig um tilboðið né teikninguna af nýja þakinu. Haraldur B. Bjarnason taldi sér ekki fært að ganga inn í tilboðið né greiða kostnaðinn af því að setja þak á samkvæmt því. Stefnandi tók tilboði Ingimundar Magnússonar h/f, og setti það félag þak á húsið að nýju sumarið 1967 og fékk greitt fyrir það samkvæmt tilboðinu og aukakostnað eftir reikningi.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hendur stefnda Möl og Sandi h/f í máli þessu á því, að það félag beri sem seljandi hússins almenna ábyrgð gagnvart stefnanda sem kaupanda þess á þeim göllum, sem hafa komið fram á því.

Gegn stefnda Haraldi B. Bjarnasyni byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann sem múrarameistari hússins og framkvæmdastjóri stefnda Malar og Sands h/f beri persónulega ábyrgð á göllum á múrverki hússins og öðru, sem hann hafi séð um og gallað varð eða vantaði.

Gegn stefnda Kjartani Sveinssyni reisir stefnandi kröfur sínar á því, að hann sem arkitekt hússins hafi teiknað það og þak þess þannig, að fyrirkomulag þaksins og tenging þess við húsið,

svo og fyrirmæli í smíðalýsingu hans og önnur fyrirmæli og teikningar að þakinu, hafi verið þannig, að óhjákvæmilega hafi hlotið að leiða til þess, að vatn kæmist undir þakið og raki myndaðist innan í því og leitaði niður. Hljóti hann því að bera ábyrgð á þessum mistökum, enda hafi verið farið eftir teikningum hans og fyrirmælum um þakgerðina í einu og öllu. Þá heldur stefnandi því fram, að stefndi Kjartan Sveinsson hafi átt að neita að teikna þakið með þessum hætti, enn fremur átt að neita að láta það viðgangast, að bárujárn yrði sett á þessa þakgerð, svo sem gert var.

Að endingu heldur stefnandi því fram, að kröfur sínar á hendur stefndu fyrnist á 10 árum, en ekki 4 árum, og eigi að miða upphaf fyrningarfrestsins við þann tíma, þegar matsgerð lá fyrir, þ. e. 19. júlí 1966.

Stefndu Möl og Sandur h/f og Haraldur B. Bjarnason byggja sýknukröfu sína á þeirri málsástæðu, að krafa þessi sé fyrnd að lögum. Kaupsamningur milli stefnanda og stefnda Malar og Sands h/f kveði svo á, að stefnandi kaupi lóðina nr. 49 við Smáraflöt í Garðahreppi og stefndi Möl og Sandur h/f „taki að sér að byggja einbýlishús (210 m^2 auk bílskúrs) samkvæmt teikningu Kjartans Sveinssonar, arkitekts, og verklýsingu hans, sem báðir aðilar hafa samþykkt. Húsinu verður skilað tilbúnu undir tréverk og málningu og öll tengigjöld greidd af seljanda. Kaupverð alls hins selda er kr. 900.000.00". Jón Magnús Björnsson hafi undirritað verklýsingu, þar sem hann er nefndur verkkaupi, en Möl og Sandur h/f leggi til alla vinnu og efni, nema annars sé getið. Verkkaupi hafi auk þess átt að hafa eftirlitsmann með verkinu. Greiðslur fyrir verkið hafi svo átt að fara fram eftir því sem húsið byggðist og það verði síðan afhent tilbúið undir tréverk og málningu.

Jón Magnús Björnsson hafi ráðið teikningum hússins ásamt stefnda Kjartani Sveinssyni, hafi hann síðan lagt teikningarnar fyrir verktakann, stefnda Möl og Sand h/f, og óskað eftir því, að húsið yrði byggt eftir þeim teikningum.

Af þessu megi ljóst vera, að stefndi Möl og Sandur h/f hafi verið verktaki, sem hafi tekið að sér ákveðið verk fyrir stefnanda gegn ákveðinni greiðslu. Það sé viðurkennt af stefnanda, að hann hafi gengið inn í samninga þá, sem Jón Magnús Björnsson hafi gert á sínum tíma við stefnda Möl og Sand h/f.

Lekinn frá þakinu hafi glögglega komið fram þegar árið 1964, en þá hefjist fyrningarfrestur krafna, sem stafa af kaupsamningnum frá 3. apríl 1963 og verklýsingunni frá því í júlí 1963. Stefna

í máli þessu á hendur þessum stefndu hafi eigi verið birt fyrr en 30. október 1969. Þá hafi fyrningarfrestur verið liðinn.

Í annan stað krefjast þessir stefndu sýknu af þeirri ástæðu, að þeir hafi framkvæmt verkið vandvirknislega, svo sem komi fram í framangreindri matsgerð, og í samræmi við teikningar og uppdrætti stefnda Kjartans Sveinssonar. Matsgerðin taki af öll tvímæli í þessu efni. Þess vegna beri að beina kröfum gegn stefnda Kjartani Sveinssyni. Þessu til viðbótar benda þessir stefndu á það, að í afsalinu lýsi stefnandi því yfir, að hann sætti sig við ástand eignarinnar að öllu leyti.

Glerið, sem sett hafi verið í húsið, hafi verið keypt frá Cudogler h/f og sett í af vönum fagmönnum á nákvæmlega sama hátt og venja sé til. Hljóti glerið því að hafa verið eitthvað gallað frá verksmiðjunni og þess vegna sé rétt að beina kröfum að henni, en ekki þessum stefndu.

Varðandi kröfu vegna lagfæringa telja þessir stefndu sig enga ábyrgð bera á þeim göllum, sem fram hafa komið, þar sem þeir stafi af raka frá þakinu, sem hafi verið teiknað þannig, að ekki hafi staðizt leka. Sama er að segja um kröfu vegna kostnaðar við múrbrot. Að öðru leyti vísa þessir stefndu til þess, sem áður er sagt um fyrningu, og eigi það einnig við um þessar lagfæringakröfur. Þá halda þessir stefndu því enn fremur fram sem sýknuástæðu af sinni hálfu, að stefnandi hafi fyrirgert rétti, sem hann kynni að hafa átt, sökum aðgerðarleysis eða vangeymslu. Eins og áður er rakið, hafi gallar þessir glögglega komið fram 1964, en ekki hafi stefnandi hafizt handa um innheimtuaðgerðir fyrr en seint á árinu 1969.

Að endingu andmæla þessir stefndu fjárhæðum matsins og reikningum vegna viðgerða á þakinu sem of háum og sér með öllu óviðkomandi.

Stefndi Kjartan Sveinsson reisir sýknukröfur sínar á því, að hann hafi einungis teiknað byggingarnefndarteikningu að húsinu og tekið gjald fyrir það, en ekki annað. Vinnuteikningar hafi hann ekki gert, enda ekki verið um það beðinn. Ekki hafi hann heldur haft eftirlit með byggingu hússins. Þá bendir þessi stefndi á það, að verklýsing sú, sem hann hafi aðstoðað við að semja, hafi aðeins verið liður í kaupsamningi milli Malar og Sands h/f og Jóns Magnúsar Björnssonar, þ. e. að skrifað hafi verið niður það, sem Jón Magnús hafi átt að fá samkvæmt kaupsamningi og í hvernig ástandi. Þetta plagg sé algerlega óviðkomandi húsameistarastörfum stefnda Kjartans við umrætt hús. Þótt einhverj-

ir vankantar séu á verklýsingu þessari, þá fari því fjarri, að hann beri ábyrgð á þeim og því síður, að hann verði gerður ábyrgur sem byggingameistari hússins fyrir þeim. Stefndi Kjartan bendir á, að þeir Haraldur B. Bjarnason og Jón Magnús hafi verið sammála um að hafa flatt þak á húsinu. Hann kveðst hafa varað þá við bárujárni, en Haraldur B. Bjarnason hafi hins vegar fullyrt, að það mundi verða í lagi, og Jón Magnús fallizt á það. Verðmismunurinn á bárujárni og öðrum aðgerðum, þ. e. áli eða pappa, hafi líka verið mikill, þar sem járn sé miklum mun ódýrara. Kveður þessi stefndi það hafa haft úrslitaáhrif í augum samningsaðiljanna. Hafi hann því orðið að ganga út frá járni á þakið í teikningunum, þar sem það hafi verið samningsatriði. Þá vekur þessi stefndi athygli á því, að verkfræðingur hússins hafi eigi gert sérteikningar af þaki, eins og gert hafi verið ráð fyrir í samningum, enda sé föst venja, að svo sé gert. Hafi verkfræðingsteikningar alltaf fyrirmæli um það, hvernig loftræsta skuli þök. Ekki veit þessi stefndi, hvernig staðið hafi á því, að verkfræðingurinn gerði eigi teikningu þessa, en svo hafi verið komið, að byggjandi hússins hafi verið kominn í strand vegna vöntunar á teikningum þessum. Í vandræðum sínum hafi hann komið til stefnda Kjartans, sem af greiðasemi hafi rissað upp grunnmynd. Fyrir þetta hafi hann ekkert gjald tekið og hafi þessari teikningu ekki verið ætlað að vera vinnuteikning af þaki. Hins vegar kveðst stefndi Kjartan, muna vel, að hann hafi leiðbeint smiðunum um það að nota í loftræstingu þaksins 1½ tommu plaströr með 50 cm millibili allt í kringum húsið og auk þess fjórar stórar lofttúður, tvær hvorum megin.

Jafnframt bendir stefndi Kjartan á það, að húsasmiður eigi að kunna að loftræsta þök. Hins vegar hafi það verið svo í hér umræddu tilviki, að trésmíðameistarinn Skúli Friðriksson hafi ekki nálægt smíði hússins komið, heldur hafi það verið Haraldur B. Bjarnason og menn á hans vegum. Þá mótmælir þessi stefndi því eindregið, eins og segir í matsgerð, að annmarkar hafi verið á teikningum, að því er varðar loftræstingu.

Stefndi Kjartan Sveinsson heldur því einnig fram sem sýknuástæðu, að stefnandi hafi fyrirgert rétti, sem hann kynni að hafa átt, sökum aðgerðarleysis. Stefnandi hafi flutt inn í húsið 1. marz 1964. Hins vegar kvarti hann ekki, svo séð verði, fyrr en með matsbeiðni, dags. 3. jan. 1966. Eftir að matsgerð lá fyrir, hinn 19. júlí 1966, hafi stefnandi síðan ekkert aðhafzt þar til 22. október 1969, að hann gefur út stefnu. Þá mótmælir þessi stefndi mats-

fjárhæðinni og viðgerðarreikningunum sem sér óviðkomandi, enda telur hann það hreina fjarstæðu að ætla að krefja sig um andvirði nýs þaks á umrætt hús, og ekki sízt þegar þess sé gætt, að hér sé um miklu dýrara þak að ræða en hið upprunalega. Þá vekur hann enn fremur sérstaka athygli á óeinangruðum hitapípum og vatnsrörum í þakinu. Loks getur þessi stefndi þess í greinargerð sinni í sambandi við bréfaskriftir varðandi teikningu að nýju þaki á húsið, að þar hafi hann í greiðaskyni viljað hjálpa stefnanda með teikningu nýs þaks. Hins vegar hafi stefnandi aldrei komið til viðtals út af því á teiknistofu sína, eins og sjálfsagt sé, til nánari ákvörðunar um gerð þaksins. Hafi málið lognazt út af, enda hafi verktakinn Ingimundur Magnússon sjálfur teiknað hið nýja þak.

Rökstuðningur sá, sem nú hefur verið rakinn, kemur fram í greinargerð stefnda Kjartans Sveinssonar frá 12. janúar 1970. Í lok greinargerðar þeirrar er hafður uppi áskilnaður um frekari gagnaöflun, nýjar málsástæður og skýringar. Hinn 30. marz var síðast yfirheyrt í máli þessu. Kom stefndi Kjartan Sveinsson þá meðal annarra fyrir réttinn til skýrslugjafar. Aðspurður af dómara kvað hann stefnanda ekkert hafa greitt sér fyrir teikningu að þaki hússins, enda kveðst hann ekki hafa ætlazt til þess. Í bréfi, dags. sama dag, frá lögmanni stefnda Kjartans Sveinssonar til dómsformanns segir m. a. svo um mál þetta:

„Meðan ofangreint mál er enn þá á gagnaöflunarstigi, vil ég sem lögmaður stefnda, Kjartans Sveinssonar, láta koma fram, að í málinu er sýkna byggð á því m. a., að ekkert kröfuréttarlegt samband hefur stofnazt milli stefnanda og umbj. m., þ. e. aðildarskortur, og ennfremur, að hugsanlegar kröfur væru fyrndar lögum samkvæmt. Samrit af bréfi þessu eru send lögmönnum stefnanda og meðstefndu".

Við munnlegan flutning málsins andmælti lögmaður stefnanda þessum málsástæðum sem of seint fram komnum.

Þegar þess er gætt, að í greinargerð sinni hefur þessi stefndi uppi áskilnað um nýjar málsástæður, og þær málsástæður ber hann fyrir sig, meðan málið en enn á gagnaöflunarstigi, tæpum mánuði fyrir munnlegan flutning málsins, og kunngerir þær þá lögmönnum annarra málsaðilja, þykja þær ekki of seint komnar. Verða málástæður þessar því hafðar í huga við dómsuppsögn í málinu.

Svo sem að framan er rakið, var það Jón Magnús Björnsson,

sem samdi við stefnda Kjartan Sveinsson, að hann teiknaði húsið á lóðinni nr. 49 við Smáraflöt í Garðahreppi. Stefndi Möl og Sandur h/f mun síðan hafa greitt fyrir þá þjónustu.

Er því eigi fyrir hendi það réttarsamband milli stefnanda og stefnda Kjartans, er veiti stefnanda rétt til að sækja bætur úr hendi hans vegna framkominna galla á húsi þessu. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda Kjartan Sveinsson.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Stefndi Haradur B. Bjarnason var múrarameistari við byggingu margnefnds húss. Hann ber ekki sem slíkur ábyrgð á vanefndum stefnda Malar og Sands h/f á því að fullnægja samningsskyldum við stefnanda, heldur ber hann aðeins faglega ábyrgð múrarameistara við byggingu hússins. Það, sem honum virðist hafa orðið þar á, er, að hann lætur það viðgangast, að múrað er upp í einhver af loftrásargötum þeim, sem ætlað er að loftræsa þakið. En þar sem kröfur út af mistökum sem þessum fyrnast á fjórum árum samkvæmt 1. tölulið 3. gr. laga nr. 14 20. október 1905, eru þær fyrndar, þegar mál þetta er höfðað, þar sem stefna er ekki birt í því fyrr en 30. október 1969, en miða verður við það, að fyrningarfrestur byrji að líða, er gallanna varð vart haustið 1964. Ber því að sýkna þennan stefnda af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður þeirra í milli.

Hinn 3. apríl 1963 var gerður kaupsamningur milli stefnda Malar og Sands h/f og Jóns Magnúsar Björnssonar, svo sem fyrr er rakið. Venjulegur verksamningur var eigi gerður milli þessara aðilja.

Stefnandi gengur síðan inn í kaup þessi gagnvart stefnda Möl og Sandi h/f í stað Jóns Magnúsar Björnssonar. Möl og Sandur h/f selur síðan hinn 1. október 1964 og afsalar til stefnanda „húseign þeirri, er í smíðum á lóðinni nr. 49 við Smáraflöt, Garðahreppi, ásamt öllu múr- og naglföstu, lóðarréttindum og öllu, er húseign þeirri fylgir og fylgja ber". Hér er um dæmigert afsal að ræða. Verður því að telja, að stefndi Möl og Sandur h/f beri hlutlæga seljandaábyrgð gagnvart stefnanda á þeim göllum, sem fram hafa komið á húsinu og leyndust kaupanda við samningsgerð, svo og á vanefndum, sem orðið hafa á því að skila húsinu í því ástandi, sem um var samið, enda er krafa stefnanda á hendur þessum stefnda ófyrnd, þar sem hún fyrnist á 10 árum samkvæmt 2. tölulið 4. gr. framangreindra fyrningarlaga.

Verður nú vikið að dómkröfum stefnanda.

1. Tilkostnaður við lagfæringar á sprungum í veggjum, klæðningu á ganggólf, lagfæringum á rakaskemmdum á veggjum, *kr. 18.500.00.*

Liður þessi er í samræmi við framangreinda matsgerð. Möl og Sandur h/f ber skaðabótaábyrgð á göllum þessum. Og þar sem þessum kostnaðarlið hefur eigi verið hnekkt, og rétturinn sér ekkert athugavert við hann tölulega, verður hann tekinn til greina óbreyttur.

2. Kostnaður við lagfæringu og endurnýjun á gleri, *kr. 66.000.00.* Liður þessi byggist á framangreindri matsgerð.

Stefndi Haraldur B. Bjarnason hefur borið, að glerið hafi verið sett í húsið, eftir að það var pússað. Hann kvaðst ekki hafa veitt göllum á glerinu athygli, þegar það kom. Ekki gat hann heldur skýrt, af hverju svokallaður sementsbruni, sem haldið er fram, að sé á rúðunum, stafi. Kvaðst hann hafa rætt þetta við verkfræðinga og forstjóra Cudoglers h/f, en ekki fengið hjá þeim neina skýringu á þessu fyrirbæri. Hann kvað þetta lýsa sér í því, að það kæmu eins og taumar eða ský á rúðurnar að utan.

Matsmaðurinn Sigurgeir Guðmundsson hefur borið, að reynsla sé fyrir því, að í nýjum múr eða í nýrri múrhúðun, sem ekki er máluð, verði einhver efnabreyting, og þegar breiðir múrkantar fyrir ofan gler blotni geti lekið úr múrnum einhver efni, sem setjast á glerið og myndi þar tauma, sem kallað sé sementsbruni á gleri, án þess þó að matsmaðurinn gæti fullyrt um það, að þetta stafi frá sementinu. Vitnið gat þess, að í þessu sambandi stafaði mest hætta frá nýjum ómáluðum múr.

Því hefur verið mótmælt, að glerið hafi verið sett í húsið, eftir að það var múrhúðað. Ekkert er fram komið um það, að glerið hafi verið gallað, þegar það var sett í. Stefnda Möl og Sandi h/f bar ekki að mála húsið að utan. Þegar virt eru þau atriði, sem nú hafa verið rakin, þykir ósannað, að gler hússins hafi skemmzt með þeim hætti, að stefndi Möl og Sandur h/f beri ábyrgð á. Ber því að sýkna þennan stefnda af þessum lið stefnukröfunnar.

3. Kostnaður við að leggja hraungrjót á vegg og reykháf, *kr. 23.000.00.*

Þessi kröfuliður er samkvæmt fyrrgreindri matsgerð. Í verklýsingu af húsinu milli Jóns Magnúsar Björnssonar og stefnda Malar og Sands h/f er þess getið, að húsið skuli byggt eftir uppdráttum Kjartans Sveinssonar tæknifræðings. Á uppdráttum þeim, er liggja frammi í málinu, má glögglega sjá, að framangreindir húshlutar skulu lagðir grjóti í múr. Verður því að telja, að stefndi

Möl og Sandur h/f sé samningsbundinn til þess að skila húsinu í slíku ástandi. Matsfjárhæðinni að þessu leyti hefur ekki verið hnekkt, og þar sem rétturinn sér ekkert athugavert við hana, verður hún tekin til greina óbreytt.

4. Kostnaður við lagfæringu á sótopi í reykháfi og niðurfalli í miðstöðvarherbergi, *kr. 1.000.00.*

Þessi liður er samkvæmt framangreindri matsgerð. Af hendi þessa stefnda er viðurkennt, að verk þessi hafi verið eftir, og þar sem ekkert sést athugavert við þennan kröfulið, verður hann tekinn til greina óbreyttur.

5. Kostnaður við múrbrot á þakbrúnum og lagfæringu á þeim, *kr. 30.351.38.*

Krafa þessi er samkvæmt reikningi frá Ingimundi Magnússyni h/f, þeim aðilja er tók að sér að setja nýtt þak á húsið árið 1967. Reikningur þessi, sem hefur sætt tölulegum andmælum af hálfu stefnda Malar og Sands h/f, þykir óeðlilega hár, að því er varðar tímakaup það, sem krafið er um í reikningnum. Þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með *kr. 20.000.00.*

6. Viðgerð á þaki samkvæmt tilboði frá Ingimundi Magnússyni h/f, *kr. 292.732.00.*

Stefnda Möl og Sandi h/f var í bréfi, dags. 10. ágúst 1966, gefinn kostur á að bæta úr margnefndum göllum eða greiða framangreinda matsfjárhæð til lagfæringar á þakinu. Í bréfi 8. maí 1967 var sama aðilja gefinn kostur á að ganga inn í tilboðið eða greiða kostnaðinn af því að setja þak á samkvæmt því. Hvoru tveggja var hafnað. Möl og Sandur h/f ber ábyrgð á þessum viðgerðarkostnaði, og þar sem ekkert athugavert þykir vera við tilboð þetta, verður þessi kröfuliður tekinn til greina óbreyttur.

7. Kostnaður við að rífa upp þakið að hluta til þess að kanna á því skemmdir, er urðu á því, *kr. 3.122.94.*

Aðgerðir þessar voru nauðsynlegar til þess að kanna skemmdir á þakinu. Þær fóru fram á ábyrgð stefnda Malar og Sands h/f. Rétturinn sér ekkert athugavert við þennan kostnaðarlið, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur þrátt fyrir andmæli þessa stefnda, enda hefur þessum lið ekki verið hnekkt.

8. Kostnaður við mat, *kr. 12.440.00.*

Þessi kostnaður skiptist í tvennt, annars vegar þóknun til matsmanna, kr. 12.000.00, hins vegar dómkvaðning matsmanna, kr. 440.00.

Stefndi Möl og Sandur h/f hefur andmælt þessum lið sem of háum og sér óviðkomandi.

Stefndi Möl og Sandur h/f ber ábyrgð á greiðslu matskostnaðar í þessu máli. Matskostnaðurinn þykir ekki óeðlilega hár. Lagðir hafa verið fram reikningar yfir þennan kostnað. Verður þessi liður því tekinn til greina óbreyttur.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda Möl og Sandi h/f er gert að greiða stefnanda *kr. 370.794.94* (þ. e. kr. 308.294.94 + 138.851.38 ÷ 76.351.38) með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar, er ákveðst kr. 52.100.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Bárði Daníelssyni arkitekt og Kristni R. Sigurjónssyni trésmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi Möl og Sandur h/f greiði stefnandanum, Guðjóni Lárussyni, kr. 370.794.94 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags og kr. 52.100.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Kjartan Sveinsson og Haraldur B. Bjarnason eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans í máli þessu, en málskostnaður fellur niður þeirra í milli.

Mánudaginn 9. apríl 1973.

Nr. 55/1973: **Valdstjórnin**
gegn
Guðfinni Birki Antonssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 5. þ. m., sem barst dóminum sama dag, hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 5. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Guðfinnur Birkir Antonsson sjómaður, Sörlaskjóli 58, fæddur 10. apríl 1949 á Ísafirði, hefur á árunum 1970—1972 verið dæmdur 6 sinnum fyrir auðgunarbrot. Hinn 27. marz s.l. var hann ákærður fyrir fjársvik. Málið var tekið fyrir 2. þ. m., og kom ákærði þá fyrir dóm og gekkst við sakarefninu. Næsta dag, er ákærði átti að koma á ný fyrir dóm, boðaði hann veikindaforföll, en verjandi var þá skipaður fyrir ákærða, og flutti hann málið og lagði í dóm. Var dómur síðan kveðinn upp í gær og ákærða dæmd refsing, 8 mánaða fangelsi.

Guðfinnur hefur nú enn verið kærður fyrir fjársvik, þ. e. að hann hafi í gær og fyrradag gert samninga um leigu á íbúð móður sinnar að Sörlaskjóli 58, án þess að hann hefði neina heimild til ráðstöfunar á íbúðinni, og haft þannig samtals kr. 26.000.00 út úr viðsemjendum sínum. Hefur Guðfinnur Birkir kannast við þessi brot.

Guðfinnur er vanaafbrotamaður og augljós hætta á, að hann haldi áfram afbrotum.

Ber samkvæmt 5. tl. 67. gr. laga 82/1961 að úrskurða, að hann sæti gæzluvarðhaldi. Lengd gæzluvarðhaldstímans, sem miðast hlýtur við, að Guðfinnur verði ekki laus, meðan rannsókn og væntanleg málsmeðferð stendur yfir, verður ákveðin 60 dagar.

Því úrskurðast:

Guðfinnur Birkir Antonsson sæti gæzluvarðhaldi 60 daga.

Mánudaginn 9. apríl. 1973.

Nr. 49/1973: **A/S Bogforlaget Dana, Odense,**
gegn
Steinunni Runólfsdóttur

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962. Kæran var afhent héraðsdómara innan lögboðins kærufrests. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 23. marz 1973. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómi, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 2. marz 1973, verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerðir né kröfur.

Samkvæmt héraðsdómsskjali nr. 3 kemur skýrt fram, að stefnda undirritaði pöntun að bókum þeim, sem málið fjallar um. Er því eigi um aðildarskort að tefla, sem raunar leiðir til sýknu, sbr. 45. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. marz 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar 1973, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. febrúar s.l., af A/S Bogforlaget Dana, Óðinsvéum, Danmörku, gegn Steinunni Runólfsdóttur, Heið-

mörk 29, Hveragerði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4.940.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá birtingu stefnu til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til orðna, að hinn 16. júlí 1969 hafi stefnda gert samning við útgáfufyrirtækið „Dana" um kaup á 5 bindum af fréttamyndabókinni „Aarets største begivenheder i billeder", en það hafi verið bindi 1963, 1968, 1969, 1970 og 1971. Sölumaður hafi skrifað nafn eiginmanns stefndu, Ingólfs Pálssonar, neðst til vinstri á samningseyðublað og hafi það verið gert til hagræðis í sambandi við póstsendingar. Stefndu hafi í september 1969 verið send bók 1963 í póstkröfu, en sú krafa hafi ekki verið innleyst. Síðan hafi útgáfufyrirtækið sent stefndu 3 greiðsluáskoranir og enn fremur hafi henni verið sent innheimtubréf frá lögmanni. Söluverð hverrar bókar hafi verið ákveðið kr. 880.00, eða alls 5 bækur kr. 4.440.00 að viðbættum söluskatti sem reiknist kr. 500.00, eða samtals kr. 4.940.00 og sé það stefnufjárhæðin.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Grundvöllur málshöfðunar þessarar er ljósrit á dskj. nr. 3 af kaupsamningi. Eins og í stefnu greinir og að ofan er rakið, hefur sölumaður bókanna skrifað nafn eiginmanns stefndu, „Ingólfur Pálsson", í neðra vinstra horn þessa samnings. Í horni þessu stendur skýrum stöfum: „Repræsentanten skriver her köberens nafn með BLOKSTAVER". Af þessum samningi verður þannig ekki séð, hver er hinn raunverulegi kaupandi bóka þessara, þótt stefnda hafi skrifað undir samninginn, enda er staða hennar tilgreind „Rafv.meistari", og eru útskýringar lögmanns stefnanda eigi fullnægjandi. Ber því að vísa máli þessu frá dómi að sjálfsdáðum.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Máli þessu er af sjálfsdáðum vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Miðvikudaginn 9. apríl 1973.

Nr. 158/1972: **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Einari Þór Kolbeinssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar:

Jón Ragnar Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp inn áfrýjaða dóm.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Þórður Möller yfirlæknir látið uppi umsögn um heilsuhagi og persónugerð ákærða o. fl. á grundvelli læknisfræðilegra athugana, sem eru þó ekki framkvæmdar í því skyni gagngert að kanna sakhæfi hans. Í lok umsagnarinnar lýsir yfirlæknirinn þeirri skoðun sinni, að ákærði sé sakhæfur. Því er lýst í umsögninni, að ákærði hafi verið „haldinn nokkurri morfínfíkn", er hann framdi afbrot þau flest, sem hann er sóttur til saka út af í máli þessu. Jafnframt er þess getið, að ákærði virðist „furðu ómarkaður af þessari misnotkun sinni" á morfíni, og telur yfirlæknirinn verulegar líkur til þess, að hann sé kominn yfir morfínhneigð sína, þótt um það verði ekki fullyrt.

Ákærði gekk í hjúskap hinn 25. desember s.l. Hann hefur ekki gerzt sekur um nein afbrot, svo að kunnugt sé, eftir að brotaferli þeim lauk, sem mál þetta lýtur að. Samkvæmt gögnum, er fram hafa verið lögð, er hann búsettur og stundar atvinnu í kaupstað norðanlands.

Ákærði hóf brotaferil sinn, sem ákæra í máli þessu varðar, er hann var 16 ára að aldri, en honum lauk, er hann var 18 ára. Brot hans flest virðist mega rekja til morfínhneigðar hans. Brot hans eru réttilega færð til refsiákvæða í héraðsdómi, þó svo, að taka á peningakassa, sem greinir í III, 2 í ákæruskjali, með því, sem í honum var, er fullframið brot samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er að vísu sannur að mörgum brotum, en þegar ungur aldur hans er hafður í huga og sérstæð málsatvik, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi. Fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að 4 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 verður haldið. Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar ákærða, ef til fullnustu refsingar kemur, er staðfest.

Krafa Vélsmiðjunnar Völundar h/f á hendur ákærða um greiðslu fundarlauna að fjárhæð kr. 10.000.00, sem fyrirtækið telur sig hafa greitt, svo sem lýst er í héraðsdómi, vegna leitar að peningakassa og fundar hans, er eigi studd neinum gögnum, þ. á. m. er ekki lögð fram kvittun um greiðslu fjár þessa. Með því að tjón þetta er ekki sannað, ber að vísa kröfu þessari frá héraðsdómi, sbr. 146. gr. laga nr. 82/1961. Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um bótakröfur á hendur ákærða.

Eftir atvikum þykir verða að sitja við úrlausn héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar, að því er ákærða varðar. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, sæti fangelsi 12 mánuði. Fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum 4 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar, ef til fullnustu refsingar kemur, er staðfest.

Framangreindri bótakröfu er vísað frá dómi, en að öðru leyti er úrlausn héraðsdóms um bótakröfu á hendur ákærða staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og laun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 26. september 1972.

Mál þetta er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dags. 21. janúar 1972, höfðað „á hendur Einari Þór Kolbeinssyni og Maríu Óskarsdóttur, báðum til heimilis að Hólagötu 44 í Vestmannaeyjum, fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot, framin í Vestmannaeyjum sumarið og haustið 1971, þegar þau bjuggu saman, að tveimur undanteknum, sem ákærði framdi á árinu 1970.

I.

Gegn ákærða, Einari Þór Kolbeinssyni, er málið höfðað fyrir að hafa á alllöngu tímabili, einkum sumarið og haustið 1971, farið á næturþeli í eftirtalda vélbáta í Vestmannaeyjahöfn eða þar í skipasmíðastöðinni og í veiðarfærageymslur og stolið eða reynt að stela úr lyfjakistum eða annars konar lyfjageymslum bátanna morfíni og nokkru fleiru, svo sem rakið verður. Brotin framdi ákærði ýmist með innbroti eða með því að laumast í bátana. Morfínið notaði hann til að sprauta sjálfan sig með og einnig til að sprauta ákærðu, Maríu, með, en bæði voru þau á þessum tíma sólgin í lyf þetta.

A. Þjófnaðir.

1. Að stela í marz 1970 pakka með 6 morfínsprautum úr m/b Öðlingi, en þá var ákærði að vinna um borð í bátnum. Einnig stal hann merkjabyssu úr báti þessum.
2. M/b Skúli fógeti, sennilega 30. september 1971. Stolið 6 morfínsprautum.
3. M/b Eyjaberg, sennilega 21. október 1971. Stolið 6 morfínsprautum.
4. M/b Baldur, sennilega 25. október 1971. Stolið morfíni.
5. M/b Ófeigur II, sennilega 29. október 1971. Stolið kassa með 6 morfínsprautum.
6. M/b Kap II, sennilega 31. október 1971. Stolið morfíni.

7. M/b Sjöstjarnan, 6. eða 7. nóvember 1971. Stolið 6 morfínsprautum og stauk með ópíumtöflum.

8. M/b Einir, 9. eða 10. nóvember 1971. Stolið 3 morfínsprautum og glasi með ópíumtöflum.

9. M/b Sæborg, 11. nóvember 1971. Stolið morfíni.

10. M/b Sindri, óvíst hvaða dag. Stolið morfíni.

11. M/b Andvari, m/b Haförn, m/b Sæunn, m/b Frigg, m/b Elías Steinsson.

Á haustinu 1971 fór ákærði í alla þessa báta og stal 6 morfínsprautum úr hverjum.

12. M/b Guðfinnur Guðmundsson, sennilega 29. eða 30. október 1971. Stolið kassa með morfínsprautum.

Til vara telst ákærði hafa gert tilraun til morfínþjófnaðar í báti þessum.

B. Þjófnaðartilraunir.

13. M/b Hellisey, 2. nóvember 1971. Inn í bátinn fór ákærði með þjófalykli í þjófnaðarskyni, en hvarf frá án þess að stela neinu.

14. M/b Jón Eiríksson, 6. nóvember 1971. Brotizt inn í þjófnaðarskyni, brotinn upp lyfjakassi. Engu stolið.

15. M/b Sigurfari, 6. nóvember 1971. Í morfínþjófnaðarskyni fór ákærði í bát þennan og rótaði í lyfjakistu hans. Engu stolið.

16. M/b Frár, 11. nóvember 1971. Inn í bát þennan brauzt ákærði í því skyni að stela morfíni. Brotið eigi talið fullframið.

17. M/b Meta, 11. nóvember 1971. Í morfínþjófnaðarskyni reif ákærði upp gúmmíbjörgunarbát undir hvalbaknum og reif upp meðalahirzlu björgunarbátsins og dreifði úr henni innihaldinu, engu stolið.

18. M/b Hellisey, 14. nóvember 1971. Ákærði fór í morfínþjófnaðarskyni í bát þennan, en lögreglan handtók hann á vettvangi, áður en hann hafði stolið neinu. Var ákærða María þar í grennd á bryggjunni.

19. Veiðarfærageymsla m/b Ófeigs við Strandstíg, sennilega 30. október 1971. Brotizt inn í geymsluna í morfínþjófnaðarskyni, lyfjakassi tekinn úr gúmmíbjörgunarbáti og dreift úr honum innihaldinu. Engu stolið.

20. Veiðarfærageymsla m/b Einis við Strandstíg, sennilega 6. nóvember 1971. Í morfínþjófnaðarskyni brauzt ákærði inn í geymsluna, skar þar upp gúmmíbjörgunarbát, náði úr honum lyfjakassa og dreifði úr honum innihaldinu. Engu stolið.

Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum A 1—12, þykja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. til vara 20. gr. sömu laga, að því er lið 12 snertir, en verknaðir þeir, sem lýst er í liðum B 13—20, þykja varða við 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

II.

Enn fremur er ákærða, Einari Þór Kolbeinssyni, gefið að sök að hafa framið eftirtalin þjófnaðarbrot:

A. Þjófnaðir.

1. Að brjótast, þriðjudagsnóttina 1. júní 1971, inn í húsakynni netaverkstæðisins Nýja Geirseyrin og stela þar úr peningakassa, sem hann sprengdi upp, nokkru af gömlum peningaseðlum, sem hann seldi fyrir um kr. 5.000.00, og auk þess minnispeningi og 10 króna gullpeningi, dönskum.

2. Að brjótast, föstudagsnóttina 18. júní 1971, inn í húsakynni netaverkstæðis Nýja Geirseyrin og stela þar línubyssu. Peningaskáp fyrirtækisins reyndi ákærði að opna, en án árangurs.

3. Að brjótast, sunnudagsnóttina 22. ágúst 1971, í þjófnaðarskyni inn í byggingavöruverzlun Ársæls Sveinssonar og leita þar að peningum, en ákærði fór af vettvangi án þess að stela öðru en nokkrum lyklum, sem hann síðar fleygði.

4. Að brjótast, sunnudagsnóttina 22. ágúst 1971, inn í timbursölu Kaupfélags Vestmannaeyja og stela þar úr peningakassa kr. 10.000.00 í peningum.

5. Að brjótast, laugardagsnóttina 4. september 1971, inn í Skipaafgreiðslu Herjólfs á Básaskersbryggju, brjóta þar í skrifstofu upp peningaskáp og einnig peningakassa, sem í honum voru, og stela allt að kr. 53.000.00, sem að nokkru voru eign fyrirtækisins, en að nokkru forstöðumanns hennar, Sigurgeirs Sigurjónssonar.

6. Að brjótast, laugardaginn 23. október 1971, inn í húsið Strandveg 80 og þar inn í skrifstofu Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, brjóta þar upp peningaskáp og stela úr honum kr. 11.500.00.

B. Þjófnaðartilraunir.

7. Að brjótast, sunnudagsnóttina 23. ágúst 1970, í þjófnaðarskyni inn í skrifstofu Olíusamlags Vestmannaeyja og reyna þar m. a. árangurslaust að sprengja upp peningaskáp, en ákærði fór af vettvangi án þess að stela neinu.

8. Að brjótast, miðvikudagsnóttina 10. nóvember 1971, í þjófnaðarskyni inn í bakhús við Apótek Vestmannaeyja í leit að peningum og morfíni, en ákærði fór af vettvangi án þess að stela neinu. Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum A 1—6, þykja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaðir þeir, sem lýst er í liðum B 7—8, þykja varða við sömu grein, sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

III.

Gegn báðum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir að hafa í sameiningu gerzt sek um eftirtalin þjófnaðarbrot, sem varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940:

1. Að fara eitt sinn í apríl eða maí 1971 inn um ólæstar dyr í Vélsmiðjunni Völundi og stela þar dálitlu af sælgæti, öli og gosdrykkjum.

2. Að brjótast, laugardagsnóttina 17. júlí 1971, inn í Vélsmiðjuna Völund og stela þar peningakassa fyrirtækisins með allt að kr. 15.000.00 í peningum, nótubókum og tryggingarbréfi að upphæð kr. 100.000.00.

Kassann braut ákærði upp heima hjá hinum ákærðu.

3. Að brjótast, sunnudagsnóttina 29. ágúst 1971, inn í hús dánarbús Ársæls Árnasonar, Strandvegi 80, og brjóta þar upp margar læstar dyr. Í húsi þessu er skrifstofa Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja. Inn í hana brutust ákærðu, og reyndi ákærði þar að brjóta upp peningaskáp, en án árangurs. Í þessu innbroti stálu ákærðu um kr. 5.000.00 úr tösku Þórarins Jónssonar bókhaldara í skrifstofu hans, sem ákærðu brutu upp.

Þess er krafizt, að hin ákærðu verði dæmd til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar."

Hin ákærðu eru sakhæf.

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, er fæddur 15. maí 1953 í Vestmannaeyjum og hefur ekki sætt refsingu eða öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Ákærða, María Óskarsdóttir, er fædd 13. október 1954 á Húsavík og hefur ekki sætt refsingu eða öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Verjandi hinna ákærðu gerir þær dómkröfur, að ákærðu verði látin sæta vægustu refsingum, sem lög leyfa, fyrir afbrot sín og verði dómur skilorðsbundinn og hæfileg málsvarnarlaun hans vegna beggja ákærðu svo og þóknun hans fyrir réttargæzlu, með-

an á gæzluvarðhaldi stóð, ákveðinn í dóminum og greidd af ríkissjóði.

Málavextir eru þeir sem hér verður rakið:

I. A. Þjófnaðir.

1. Í vorbyrjun 1970 hóf ákærði Einar Þór Kolbeinsson störf hjá Vélsmiðjunni Völundi sem nemi í vélvirkjun. Starf ákærða var fólgið í bátaviðgerðum og bátaþjónustu, en einnig var ákærði stundum sendur í fyrirtæki hér í bæ til viðgerða. Eitt sinn sem oftar var ákærði sendur í bát til viðgerðar, en báturinn var í slipp. Á káetugólfi sá ákærði lyfjakistu bátsins, og fór ákærði að skoða í hana og sá þar pakka með sex morfínsprautum. Á pakkanum voru ritaðar leiðbeiningar á dönsku, er ákærði las. Pakkan fór ákærði síðan með heim til sín, en ákærði bjó þá á Túngötu hér í bæ, og notaði ákærði innihaldið til að sprauta sjálfan sig, eina sprautu á kvöldi. Enginn var við, er ákærði sprautaði sig, og engum sagði hann frá því. Bátur sá, er hér um ræðir, er m/b Öðlingur, og hefur ákærði játað fyrir rétti að hafa tekið úr honum sex morfínsprautur. Þá hefur ákærði einnig játað að hafa tekið merkjabyssu úr þessum sama báti.

2. Fimmtudaginn 30. september 1971 tilkynnti skipstjórinn á m/b Skúla fógeta, að brotizt hefði verið inn í bátinn, lyfjakistan verið brotin upp og tekið úr henni morfínsprautur og ópíumtöflur.

Ákærði hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi játað að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sagðist þó aðeins hafa stolið morfíni, en engar ópíumtöflur sagðist hann hafa tekið. Morfínið fór ákærði með heim til sín, en ákærði var þá fluttur að Hólagötu hér í bæ, og sprautaði hann sig þar.

3. Fimmtudaginn 21. október 1971 barst lögreglunni tilkynning um, að brotizt hefði verið inn í m/b Eyjaberg, en báturinn var þá í slipp. Skipstjóri bátsins, er tilkynnti um innbrotið, taldi, að teknar hefðu verið sex morfínsprautur og ópíumpillur.

Ákærði hefur játað að hafa framið innbrot þetta, en sagðist aðeins hafa tekið morfín, og verður að leggja þann framburð hans til grundvallar, þar sem öll frekari gögn vantar um, að ákærði hafi stolið ópíumtöflum í innbroti þessu. Samkvæmt því verður að telja, að ákærði hafi aðeins stolið sex morfínsprautum í innbroti þessu.

4. Mánudaginn 25. október kom tilkynning til lögreglu um, að farið hefði verið inn í m/b Baldur, þar sem hann lá í slippnum. Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að spennt hafði verið upp

hurð að stýrishúsi og síðan farið inn í klefa skipstjóra og rótað þar til í skúffum. Einskis var saknað úr bátnum annars en ljóskastara, er fannst þó síðar. Ákærði hefur hjá lögreglu og fyrir dómi játað að hafa brotizt inn í bát þennan í fyrrgreint sinn. Hann sagðist aðeins hafa tekið morfín úr bátnum, en ekkert annað.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna innbrots ákærða í bát þennan, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

5. Föstudaginn 29. október var tilkynnt, að brotizt hefði verið inn í m/b Ófeig II og stolið þaðan kassa með 6 morfínsprautum.

Ákærði hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi viðurkennt að vera valdur að þessu innbroti og viðurkennt að hafa stolið morfíni úr bátnum.

6. Mánudaginn 1. nóvember barst lögreglunni tilkynning um innbrot í m/b Kap II. Skipstjóri bátsins taldi, að farið hefði verið í bátinn aðfaranótt sunnudagsins 31. október, en báturinn lá við festar í Friðarhöfn. Skipstjórinn taldi, að stolið hefði verið morfínsprautum úr bátnum.

Ákærði hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi viðurkennt innbrot í bátinn og jafnframt að hafa stolið þaðan morfíni.

7. Þá hefur ákærði játað bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi að hafa brotizt inn í m/b Sjöstjörnuna og brotið þar upp fjórar skúffur og náð þannig í morfínpakkann með sprautunum sex. Ákærði hefur hins vegar algerlega neitað að hafa stolið nokkru öðru úr bátnum.

Talið er, að þjófnaður þessi hafi átt sér stað 6. eða 7. nóvember 1971, en lögreglu barst tilkynning um innbrotið 8. nóvember 1971, og taldi skipstjóri bátsins, að stolið hefði verið úr bátnum morfíni og glasi með ópíumtöflum.

Þar sem öll frekari gögn vantar um, að ákærði hafi stolið ópíum í innbroti þessu, og með hliðsjón af neitun ákærða sjálfs, verður aðeins talið, að ákærði hafi stolið sex morfínsprautum í innbroti í fyrrgreindan bát.

8. Miðvikudaginn 10. nóvember 1971 tilkynnti Gísli R. Sigurðsson, útgerðarmaður og eigandi m/b Einis, að brotizt hefði verið í bát hans og stolið þaðan þremur sprautum af morfíni og einnig glasi af ópíumtöflum. Tilkynnandi sagðist hafa vitað, að morfínið og ópíumtöflurnar voru á sínum stað á hádegi daginn áður, en hann sagðist hafa geymt lyf þessi í lokaðri skúffu í klefa skipstjóra, en ekki í meðalahirzlunni, en hann sagði, að sá, er innbrotið framdi, hefði sýnilega verið búinn að leita þar.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viður-

kennt að vera valdur að innbrotinu í bátinn, og þar segist hann hafa stolið þremur morfínsprautum og glasi með ópíumtöflum.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna innbrots ákærða í bát þennan, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

9. Úr m/b Sæborgu viðurkenndi ákærði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi að hafa stolið morfíni 11. nóvember 1971. Til þess að ná morfíninu þurfti ákærði að brjóta upp læstar hurðir, en morfínið var geymt í læstum skáp. Ákærði neitaði hins vegar að hafa stolið vasaljósi úr bátnum.

Innbrotið var tilkynnt lögreglu.

Ákærði er aðeins ákærður fyrir morfínþjófnaði og verður því ekki dæmdur fyrir annað eða meira.

10. Í ákæruskjali er ákærða gefið að sök að hafa stolið morfíni úr m/b Sindra, en sagt er í ákæru, að ekki sé víst, hvaða dag það hafi verið.

Ákærði hefur hér fyrir dómi viðurkennt að hafa stolið morfíni úr báti þessum, og samkvæmt málsskjölum er sennilegast, að það hafi verið seinni hluta október 1971.

11. Í ákæruskjali er ákærða einnig gefið að sök að hafa farið í m/b Andvara, m/b Haförn, m/b Sæunni, m/b Frigg og m/b Elías Steinsson á haustinu 1971 og stolið 6 morfínsprautum úr hverjum þessara báta.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viðurkennt að hafa farið í báta þessa og stolið 6 morfínsprautum úr hverjum þeirra. Tími sá, er talið er í ákæru, að þjófnaðir þessir hafi verið framdir á, er rétt tilgreindur.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu er sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um morfínþjófnaði í framangreindum bátum, eins og rakið hefur verið í liðum A 1—12 hér að framan, og auk þess stolið glasi með ópíumtöflum úr m/b Eini og merkjabyssu úr m/b Öðlingi.

Verknaði ákærða, er hann framdi innbrot þessi, er í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., rétt lýst og hann þar réttilega heimfærður undir 244. gr. almennra hegningarlaga.

12. Í ákæruskjali er ákærða gefið að sök að hafa farið, sennilega 29. eða 30. október 1971, í m/b Guðfinn Guðmundsson og stolið úr honum kassa með morfínsprautum. Ákært er fyrir þjófnað, en til vara talið, að ákærði hafi gert tilraun til morfínþjófnaðar í báti þessum.

Laugardaginn 30. október 1971 tilkynnti Sigurður Óskarsson útgerðarstjóri lögreglunni, að tekinn hefði verið kassi með mor-

fínsprautum úr m/b Guðfinni Guðfinnssyni. Útgerðarstjórinn sagði, að farið hefði verið í sjúkrakassann og notaður lykill til að opna hann, en lykilinn sagði tilkynnandi, að hefði verið í ólæstri skúffu. Ekki hvað hann neitt hafa verið skemmt og ekkert tekið annað en morfín. Báturinn lá við Friðarhafnarbryggju, og var talið sennilegt, að í bátinn hefði verið farið þá um nóttina eða næstu nótt þar á undan.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viðurkennt að hafa farið í bát þennan í leit að morfíni, en segist hins vegar engu hafa stolið, þar sem hann hafi aðeins leitað eftir morfíni, en ekki fundið það.

Verknaði ákærða er rétt lýst í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., þó verður að gera þá athugasemd, að gegn neitun ákærða, og þar sem frekari gögn skortir, verður ákærði ekki talinn hafa tekið morfín úr báti þessum.

Brot ákærða telst því tilraun til morfínþjófnaðar og varðar þannig við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

B. Þjófnaðartilraunir.

13. Þriðjudaginn 2. nóvember 1971 tilkynnti skipstjórinn á m/b Hellisey, að brotizt hefði verið inn í bátinn, en hurð á stjórnklefa hefði verið brotin upp. Lyfjakista bátsins sagði skipstjórinn, að hefði verið opnuð og rótað til í henni, en ekki saknaði skipstjórinn neins úr kistunni né neins annars úr bátnum.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi játað að hafa brotizt inn í bátinn í leit að morfíni og sagði fyrir dóminum, að hann hefði komizt inn í bátinn með þjófalykli, en ekkert morfín né neitt annað sagðist ákærði hafa tekið úr bátnum.

14. Laugardaginn 6. nóvember tilkynnti skipstjórinn á m/b Jóni Eiríkssyni, að brotizt hefði verið inn í bátinn þá um nóttina. Við vettvangsrannsókn lögreglu kom í ljós, að brotinn hafði verið upp lyfjakista bátsins og rótað í henni. Ekki vissi skipstjórinn, hvort nokkur lyf hefðu horfið úr kistunni.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum viðurkennt að hafa brotizt inn í bátinn í fyrrgreint sinn í því skyni að stela morfíni. Ákærði sagðist engu hafa stolið, þar sem ekkert morfín hafi verið þar að finna.

15. Ákærði játaði hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum að hafa farið í m/b Sigurfara aðfararnótt laugardagsins 6. nóvember 1971 í leit að morfíni, en báturinn lá við Friðarhöfn. Ákærði

opnaði lyfjakistu bátsins og rótaði til í henni, en fór úr bátnum án þess að taka nokkuð.

16. Fimmtudaginn 11. nóvember tilkynnti vélstjóri á m/b Frá, VE, lögreglunni, að farið hefði verið í bátinn þá um nóttina, en báturinn var í slipp ásamt öðrum bátum. Vélstjórinn sagði, að stýrishúshurðin hefði verið dýrkuð eða opnuð með lykli. Káetuhurðin sagði vélstjórinn, að hefði verið brotin upp, og sagði hann allt morfín vera horfið úr bátnum.

Ákærði hefur játað bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi að hafa farið í bát þennan í þeim tilgangi að finna og taka morfín. Ákærði hefur hins vegar algerlega neitað að hafa tekið nokkurt morfín úr bátnum, þar sem ekkert morfín hafi verið í bátnum.

Þar sem öll frekari gögn vantar, er sanni, að ákærði hafi stolið morfíni úr m/b Frá 11. nóvember 1971, verður litið svo á, að ákærði hafi einungis gert tilraun til morfínþjófnaðar, er hann fór í bátinn, en í ákæru er talið, að brot þetta hafi ekki verið fullframið, en réttilega heimfært undir 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna innbrots ákærða í bát þennan, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

17. Sama dag og lögreglu var tilkynnt um innbrot í m/b Sæborgu og m/b Frá sagði skipstjórinn á m/b Metu, að gúmmíbjörgunarbátur bátsins hefði verið rifinn upp þá um nóttina, en m/b Meta lá í slipp eins og m/b Sæborg og m/b Frár. Einskis saknaði skipstjórinn úr bátnum, en sagði, að meðalastaukur, er verið hefði í gúmmíbjörgunarbátnum, hefði fundizt og innihald hans hefði verið dreift út um allan bát.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa farið í m/b Metu 11. nóvember 1971 og rifið upp gúmmíbjörgunarbátinn, en sagðist engu hafa stolið.

18. Aðfararnótt sunnudagsins 14. nóvember 1971 var lögreglan á varðgæzlu við Vestmannaeyjahöfn. Lögreglan varð þá vör við mann, er fór í m/b Hellisey við Nausthamarsbryggju, er lá þar bundin. Einnig sá lögreglan stúlku, er stóð við símaklefa þar á höfninni. Lögreglan fór þegar um borð í m/b Hellisey og sá þá ákærða, þar sem hann var í stjórnklefa og hafði komizt þar inn með því að opna með þjófalykli. Ákærði var handtekinn þarna á vettvangi, áður en hann náði að stela nokkru, en ákærði sagðist vera í leit að morfíni. Ákærða María var einnig tekin af lögreglu, en hún hafði staðið á bryggjunni.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viður-

kennt að hafa gert tilraun til morfínþjófnaðar, en ekki náð að stela neinu, þar sem lögreglan handtók hann áður. Hann sagði, að hann hefði beðið ákærðu, Maríu, að koma með sér.

19. Laugardaginn 30. október var hringt til lögreglunnar og henni tilkynnt, að brotizt hefði verið inn í veiðarfærageymslu m/b Ófeigs við Strandstíg. Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að gúmmíbjörgunarbátur hafði verið dreginn út á gólf og blásinn þar upp. Lögreglan taldi, að báturinn hefði verið blásinn upp, til að hægt yrði að komast að lyfjakassanum, en hann hafði verið sprengdur upp og innihaldinu dreift út um allt gólf. Ekki var hægt að sjá, að neitt hefði verið tekið, en farið hafði verið inn í geymsluna með því að skríða inn um opinn glugga, sem var á norðurhliðinni.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum viðurkennt innbrot þetta. Ákærði sagðist hafa blásið upp gúmmíbjörgunarbátinn til að komast að morfíninu, er hann taldi þar vera, en ekkert fundið og því farið í burt án þess að stela neinu.

20. Laugardaginn 6. nóvember 1971 tilkynnti Gísli R. Sigurðsson útgerðarmaður lögreglunni, að brotizt hefði verið í veiðarfærageymslu hans við Strandstíg. Við vettvangsrannsókn lögreglu kom í ljós, að farið hafði verið inn í geymsluna inn um hurð á suðurhlið, en hún hafði verið spennt upp með járni, er þar fannst. Í kassa á gólfinu var gúmmíbjörgunarbáturinn, en á hann hafði verið skorið gat, en það gerði mögulegt að komast að lyfjakassa gúmmíbjörgunarbátsins. Innihaldinu var dreift um allt gólfið, en ekki var séð, að neitt hefði horfið úr kassanum.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum viðurkennt að hafa brotizt inn í veiðarfærageymslu m/b Einis í fyrrgreint sinn, en engu sagðist hann hafa stolið. Hann viðurkenndi að hafa skorið á gúmmíbjörgunarbátinn og sprengt upp hurðina.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um tilraun til þjófnaðar á morfíni í bátum og veiðarfærageymslum hér í Vestmannaeyjum, eins rakið hefur verið í liðum B 13—20 hér að framan.

Hegðun ákærða, er hann framdi þessi innbrot, er rétt lýst í ákæruskjali, dags. 21. janúar 1972, og hún þar réttilega heimfærð undir 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaganna.

II. A. Þjófnaðir.

1. Þriðjudaginn 1. júní 1971 var lögreglunni tilkynnt, að brotizt hefði verið inn í netjaverkstæði Nýju Geirseyrarinnar við Strandveg. Í vettvangsrannsókn lögreglu segir, að brotin hafi verið upp hurð, er liggi að skrifstofu. Talið var, að farið hefði verið inn í húsið með því að skríða inn um glugga á neðstu hæð hússins. Einskis var saknað annars en peningakassa, og taldi eigandi hans, að í honum hefði verið kr. 2.000.00 til 3.000.00 krónur. Peningakassinn fannst síðan í húsinu, og sást þá, að hann hafði verið spenntur upp og var tómur.

Ákærði hefur hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viðurkennt að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði segist hafa farið inn um opinn glugga á bakhlið hússins og hafi hann sprengt upp peningakassann með járni, er hann hafi fundið í húsinu, og tekið það, er í honum var, en það hafi verið gamlir peningaseðlar. Ákærði hefur auk þess viðurkennt hjá lögreglu að hafa tekið minnispening og danskan 10 kr. gullpening í innbroti í Nýju Geirseyrina, en mundi ekki, hvort heldur það var, er hann fór í fyrra eða seinna skiptið þangað, en ákærði fór í þetta sama hús stuttu síðar, eins og rakið verður hér á eftir.

Af málsgögnum verður eigi annað ályktað en ákærði hafi stolið minnispeningnum og 10 kr. gullpeningnum í þessu innbroti, en ákærða hætti annars til við rannsókn málsins að rugla saman fyrra innbrotinu við hið síðara.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir nægilega sannað, að ákærði hafi þriðjudagsnóttina 1. júní 1971 brotizt inn í húsakynni netjaverkstæðisins Nýju Geirseyrarinnar og stolið þar úr peningakassa, sem hann sprengdi upp, nokkru af gömlum peningaseðlum, sem hann seldi fyrir kr. 5.000.00, og auk þess minnispeningi og 10 kr. gullpeningi, dönskum.

Hegðun ákærða er, eins og hér hefur verið rakið, réttilega lýst í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l. og hún þar réttilega heimfærð undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Stuttu síðar, eða 18. júní 1971, var lögreglunni aftur tilkynnt um innbrot í húsakynni sama netjaverkstæðis. Nú höfðu verið sprengdar upp níu millihurðir og við það notað járn. Einskis var saknað, en sýnilegt var, að reynt hafði verið að opna peningaskáp, en það ekki tekizt. Vinnupallar stóðu við húsið, og nokkrir gluggar stóðu opnir, þar sem í þá vantaði rúður.

Ákærði hefur hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum viðurkennt að vera valdur að þessu innbroti. Ákærði skreið inn um

sama glugga og hann hafði farið inn um í fyrra skiptið. Ákærði braut upp hurðirnar með járni, er hann fann í húsinu, og dró nú fram peningaskápinn og reyndi að opna hann, en tókst ekki. Ákærði stal línubyssu, er var þarna í húsinu, en engu öðru.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu, þykir sannað, að ákærði hafi föstudagsnóttina 18. júní 1971 brotizt inn í húsakynni netjaverkstæðis Nýju Geirseyrarinnar og stolið línubyssu. Peningaskáp fyrirtækisins reyndi ákærði einnig að opna, en án árangurs.

Hegðun ákærða er, eins og hér hefur verið rakið, réttilega lýst í ákæruskjali, dagsettu 21. janúar s.l., og þar réttilega heimfærð undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærða, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

3. Sunnudaginn 22. ágúst 1971 var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt um innbrot í byggingaverzlun Ársæls Á. Sveinssonar. Í vettvangsrannsókn lögreglu segir, að sprengd hafi verið upp útidyrahurð, en tekið var fram, að lás á hurðinni hafi verið ótraustur. Þá segir einnig, að brotin hafi verið rúða í millihurð og þannig verið komizt að smekklás. Lyklar er héngu þar inni, er festir voru á merkispjöld, og voru nú nokkrir af þeim horfnir, en spjöldin skilin eftir. Einskis var saknað annars en lyklanna.

Ákærði hefur hjá lögreglunni og hér fyrir dóminum játað að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sprengdi upp útidyrahurðina með kúbeini, er hann hafði meðferðis að heiman. Rúðuna í millihurðinni braut ákærði með hnefanum. Þarna inn leitaði ákærði að peningum, en fann enga, og fór ákærði úr húsinu án þess að taka neitt nema nokkra lykla, sem ákærði fleygði síðar.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn í máli þessu, er sannað, að ákærði hafi brotizt í þjófnaðarskyni sunnudagsnóttina 22. ágúst 1971 inn í byggingavöruverzlun Ársæls Sveinssonar og leitað að peningum, en enga fundið og því ekkert tekið annað en lykla, er hann síðan fleygði.

Hegðun ákærða er í ákæruskjali, dagsettu 21. janúar s.l., rétt lýst, en þar sem ekki kemur glöggt fram, hvort lyklar þeir, er ákærði tók, voru einhvers virði, þykir verða að telja brot ákærða tilraun til þjófnaðar, og verður þá hegðun ákærða heimfærð undir 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærða, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

4. Mánudaginn 23. ágúst var lögreglunni tilkynnt um innbrot

í timbursölu Kaupfélags Vestmannaeyja. Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að útihurðin hafði verið sprengd upp, og töldu lögreglumenn, að það hefði verið gert með kúbeini. Alltraustbyggð læst járnhurð, alúmíníumklædd, hafði verið spennt upp, og úr peningakassa, er þarna var, höfðu verið teknir peningar að upphæð 8 til 10 þúsund krónur, að því er talið var, en ávísanir að upphæð kr. 35 þúsund voru skildar eftir. Ekki var séð, að annað hefði verið tekið eða skemmt, en tæki þau, er notuð voru við innbrotið, fundust ekki.

Ákærði hefur hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum viðurkennt að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sprengdi útihurð með kúbeini og einnig alúmíníumklæddu járnhurðina og kom síðan auga á peningakassa, og stóð lykillinn í kassanum. Ákærði stal 10 þúsund krónum úr kassanum, en skildi ávísanir, er þar voru einnig, eftir.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn í máli þessu þykir sannað, að ákærði hafi sunnudagsnóttina 22. ágúst 1971 brotizt inn í timbursölu Kaupfélags Vestmannaeyja með því að spenna með kúbeini upp læstar dyr og stela þar inni úr peningakassa kr. 10.000.00 í peningum, en lykillinn stóð í peningakassanum, er ákærði kom að honum.

Hegðun ákærða er í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., rétt lýst og hún þar réttilega heimfærð undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærða, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

5. Laugardaginn 4. september var lögreglunni tilkynnt, að brotizt hefði verið inn í skipaafgreiðslu Herjólfs við Básaskersbryggju. Við rannsókn á vettvangi kom m. a. í ljós, að hurð að skrifstofu forstöðumanns hafði verið spennt upp og peningaskápur, er þar var, brotinn upp. Í peningaskápnum voru minni kassar. Tvo þeirra var hægt að opna, en einn þurfti ákærði að brjóta upp. Forstöðumaður skipaafgreiðslunnar, Sigurgeir Sigurjónsson, taldi, að kr. 50 til 60.000.00 hefðu horfið úr peningakassanum, en taldi sig ekki geta gefið nákvæmari tölu um upphæðina, fyrr en hann hefði kannað öll skjöl nánar, en ávísanir, er einnig voru í peningaskápnum, hafði ekki verið hreyft við.

Forstöðumaðurinn telur, að um kr. 53.000.00 hafi horfið úr peningaskápnum, en segir, að ekki sé unnt að sannreyna fjárhæðina með ýtrustu vissu, en segir, að aðeins geti verið nokkurra króna mismunur á þessari fjárhæð og þeirri, er stolið var, á annan

hvorn veginn. Ákærði hefur frá upphafi neitað að hafa tekið eins háa upphæð eins og forstöðumaðurinn telur, að hafi horfið, en hefur hins vegar viðurkennt að hafa brotizt inn í skipaafgreiðsluna í fyrrgreint sinn. Í fyrstu viðurkenndi hann að hafa stolið 25 til 30 þúsund krónum, en í síðasta réttarhaldi sagðist ákærði hafa tekið kr. 33 þúsund í þessu innbroti, hvorki meira né minna. Ákærða María, er taldi fjárhæðina, er ákærði kom heim úr innbrotinu, með ákærða sjálfum, taldi, að um 30 þúsund krónur hafi verið að ræða. Forstöðumanninum hefur verið bent á, að ákærði hafi neitað að hafa tekið eins háa upphæð eins og hann taldi, að hefði horfið, og hann hefur verið beðinn að koma með frekari gögn, er sýndu, hvaða fjárhæð hafi horfið úr peningakössunum. Forstöðumaðurinn benti þá á, að hann hefði sagt yfirheyrður af lögreglu stuttu eftir innbrotið, að rúmar 50. 000.00 krónur hefðu verið í kössunum auk ávísana, er ákærði hefði ekki tekið, en af því sagðist forstöðumaðurinn sjálfur hafa átt kr. 31.700.00.

Þar sem ekki eru fyrir hendi gögn, er sanni, að ákærði hafi tekið hærri fjárhæð en hann hefur sjálfur viðurkennt, verður litið svo á, að ákærði hafi stolið kr. 33.000.00 í þessu innbroti, og var það að nokkru eign fyrirtækisins, en að nokkru forstöðumanns þess, Sigurgeirs Sigurjónssonar.

Eins og fyrr greinir, hefur ákærði viðurkennt bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum að hafa brotizt inn í skipaafgreiðsluna í fyrrgreint sinn. Ákærði, er lengi hafði ráðgert að brjótast þar inn og þekkti þar vel til staðhátta, fór niður um op á þaki austast á byggingunni, og þannig komst ákærði niður í vörugeymslu afgreiðslunnar, en áður þurfti hann að sprengja upp hurð, og gerði hann það með klaufjárni, er hann hafði meðferðis að heiman. Rafmagnslyftu, er þarna var, notaði ákærði og komst þannig niður á næstu hæðir og að skrifstofu forstöðumanns, en þurfti þó áður að sprengja upp eina hurð til viðbótar. Ákærði komst nú að peningaskápnum, og tók það hann eina klukkustund að sprengja hann upp. Ákærði notaði hanska við innbrot þetta.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir nægilega sannað, að ákærði hafi laugardagsnóttina 4. september 1971 brotizt inn í skipaafgreiðslu Herjólfs á Básaskersbryggju og brotið þar upp peningaskáp og peningakassa og stolið þar kr. 33.000.00, er að nokkru var eign fyrirtækisins, en að nokkru forstöðumanns þess, Sigurgeirs Sigurjónssonar.

Hegðun ákærða er í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., rétt lýst

að öðru leyti en því, að ekki verður fallizt á, að ákærði hafi tekið hærri fjárhæð en að framan greinir í þessu innbroti. Ákærði hefur gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með þessu innbroti, en í ákæruskjali var hegðun ákærða réttilega heimfærð undir þetta hegningarlagaákvæði.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærða, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

6. Sunnudaginn 24. október var lögreglunni tilkynnt, að brotizt hefði verið inn í skrifstofu Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja við Strandveg 80.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum viðurkennt að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði fór inn í húsið með því að brjóta rúðu á norðurhlið hússins og komst inn á smíðastofu. Þar fann ákærði stórt klaufjárn og hamar, og notaði ákærði síðan verkfæri þessi til að brjóta upp skrifstofuhurðina og tók síðan til við að opna peningaskáp fyrirtækisins, er var læstur. Ákærða gekk erfiðlega að opna skápinn, en tókst það að lokum og tók úr honum kr. 11.500.00, en skildi eftir ávísanir, er þar voru einnig.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir sannað, að ákærði hafi laugardaginn 23. október 1971 brotizt inn í húsið Strandveg 80 og þar inn á skrifstofu Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, stolið kr. 11.500.00 úr peningaskáp, er hann braut upp, og þannig gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lýsing á hegðun ákærða og heimfærsla undir lagagrein er hvort tveggja rétt í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna innbrots þessa, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

B. Þjófnaðartilraunir.

7. Sunnudaginn 23. ágúst 1970 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í skrifstofur Olíusamlags Vestmannaeyja. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar hafði verið brotin rúða í austasta glugga á norðurhlið byggingarinnar. Hurð, er lá að skrifstofu, hafði verið sprengd upp, og við það hafði læsing hurðarinnar skemmzt. Þá segir einnig, að reynt hafi verið að opna læstan peningaskáp, en skrúfjárn, er talið var, að notað hefði verið við þá tilraun, lá hjá peningaskápnum. Forstjóri Olíusamlagsins taldi, að engu hefði verið stolið.

Ákærði hefur játað hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sagðist hafa brotið fyrrgreinda rúðu og síðan skriðið inn í húsið. Ákærði sagðist hafa reynt að opna peningaskápinn með því að skrúfa af honum haldið, en sagðist ekki hafa tekizt það og því farið burt án þess að stela nokkru. Ákærði sagði, að hann hefði skemmt eina hurð í húsinu með því að sprengja hana upp.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir nægilega sannað, að ákærði hafi sunnudagsnóttina 23. ágúst 1970 brotizt inn í skrifstofu Olíusamlags Vestmannaeyja, en þar inni reyndi ákærði árangurslaust að sprengja upp peningaskáp, en fór síðan af vettvangi án þess að stela neinu. Með verknaði þessum hefur ákærði gerzt sekur við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og réttilega er tilgreint í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., og þar er þessum verknaði ákærða rétt lýst.

8. Miðvikudaginn 10. nóvember 1971 barzt lögreglunni tilkynning frá Apóteki Vestmannaeyja um, að brotizt hefði verið inn í geymslu, sem er áföst við húsið að norðanverðu. Í rannsókn lögreglu á vettvangi kom í ljós, að brotin hafði verið hurð, líklega með klaufjárni eða öðru slíku járni, að því er lögreglumenn töldu. Einnig hafði verið reynt að brjóta upp aðra hurð á sama stað. Forstöðumenn apóteksins töldu, að engu hefði verið stolið.

Ákærði hefur bæði hjá lögreglu og eins hér fyrir dómi viðurkennt að vera valdur að innbroti þessu. Ákærði sagði, að hann hefði farið inn í geymsluna með því að skorða skrúfjárn milli stafs og hurðar og síðan hefði hann ýtt á læsingarjárnið. Ákærði sagðist hafa farið þarna inn til að komast yfir peninga og morfín, en sagðist ekkert hafa tekið og farið sömu leið út og hann hefði komið.

Með eigin játingu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu þykir sannað, að ákærði hafi miðvikudagsnóttina 10. nóvember 1971 brotizt í þjófnaðarskyni inn í bakhús Apóteks Vestmannaeyja í leit að peningum og morfíni, en ákærði fór af vettvangi án þess að stela neinu. Með verknaði þessum hefur ákærði gerzt sekur við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaði ákærða er í ákæruskjali, dags. 21. janúar 1971, réttilega lýst og hann þar réttilega heimfærður undir þetta hegningarlagaákvæði.

III. Þjófnaðarbrot, er ákærði og ákærða frömdu í sameiningu.

Ákærða María hefur játað að hafa farið með meðákærða Einari í innbrot. Ákærða sagði, að hún hefði farið með honum í tvö skipti í Vélsmiðjuna Völund. Ákærða sagði, að þau hefðu farið í fyrra skiptið inn um ólæsta hurð á norðurhlið hússins. Ákærða sagði, að þau hefðu komizt inn í verzlunarhúsnæðið og tekið þar fjórar gosdrykkjaflöskur og nokkur súkkulaðistykki, en farið síðan úr húsinu sömu leið og þau komu. Ákærða sagðist hafa haldið á tösku, en meðákærði tekið gosið og sælgætið.

Framburður meðákærða er mjög á sama veg, en hann hefur einnig játað hjá lögreglu og hér fyrir dóminum að vera valdur að þessu innbroti með ákærðu. Ákærði segist ekki muna, hvort hann hafi beðið meðákærðu að koma með sér í þetta innbrot. Ákærði sagði, að þau hefðu ekki tekið annað en dálítið af sælgæti og öli.

Innbrot þetta var ekki tilkynnt lögreglu, og ekki hefur komið fram skaðabótakrafa vegna þess.

Með eigin játningu ákærðu þykir nægilega sannað, að ákærðu hafi í apríl eða maí 1971 farið saman í Vélsmiðjuna Völund og stolið þar dálitlu af sælgæti, öli og gosdrykkjum. Verknaði ákærðu er rétt lýst í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., og með honum eru þau réttilega talin hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærðu fóru aftur saman í Vélsmiðjuna Völund laugardagsnóttina 17. júlí 1971, en innbrotið var tilkynnt lögreglu strax um morguninn.

Ákærðu, sem bæði hafa játað hjá lögreglu og hér fyrir dóminum að hafa farið í húsið í fyrrgreint sinn, komust inn í húsið með því að brjóta rúðu á norðurhlið hússins. Ákærði braut rúðuna með hnefanum, en meðákærða hélt jakka hans fyrir rúðunni, áður en ákærði sló hnefanum í hana. Ákærði teygði sig síðan inn um rúðuopið og opnaði hurðina. Ákærði vissi af klaufjárni í smiðjunni, og braut ákærði með því hurð, og komust þau þannig inn í verzlunina og að peningakassa, er þau fluttu með sér heim, og þar var kassinn sprengdur upp, og sögðust ákærðu hafa tekið kr. 5.000.00 úr kassanum. Peningunum eyddu ákærðu sameiginlega, en ákærða María fór að fyrirlagi meðákærða með peningakassann þá sömu nótt aftur að vélsmiðjunni, og höfðu þau þá tekið fyrrgreindar 5.000.00 krónur úr kassanum, en ekki hreyft við skjölum og reikningum, er einnig voru í kassanum. Ákærði taldi þó, er hann var yfirheyrður af lögreglu, að hann og meðákærða hefðu

stolið tæplega 6.000.00 krónum úr kassanum í fyrrgreint sinn, bæði seðlum og smámynt. Meðákærða María taldi, að þau hefðu stolið 5 til 6 þúsund krónum úr peningakassanum.

Vitnið Gunnlaugur Axelsson forstjóri, fæddur 31. janúar 1940, til heimilis að Kirkjuvegi 67, Vestmannaeyjum, taldi, að 15.000.00 krónur hefðu horfið úr kassanum, 13.000.00 krónur í seðlum og 2.000.00 krónur í skiptimynt. Er vitninu bent á, að er það hafi tilkynnt lögreglu um innbrotið, hafi það sagt, að krónur 5.000.00 hefðu verið í kassanum auk nótubókar og tryggingarbréfs að upphæð kr. 100.000.00, þá sagðist það ekki geta skýrt það ósamræmi, er kæmi fram. Vitnið sagði, að í fyrstu hefði peningakassinn ekki fundizt þrátt fyrir leit starfsmanna og lögreglu, en er peningakassinn hefði síðar fundizt, hefði þótt viðeigandi að greiða finnanda kr. 10.000.00 í fundarlaun, þar sem tryggingarbréfið og nótubækurnar komust þá til skila.

Þar sem ekki hefur verið rennt sérstökum stoðum undir það, að ákærðu hafi stolið kr. 15.000.00 úr peningakassanum í fyrrgreint sinn, verður að líta svo á, að ákærðu hafi ekki stolið hærri upphæð úr kassanum en þau sjálf hafa viðurkennt, en þeim bar saman um við rannsókn málsins, að þau hefðu tekið kr. 6.000.00 úr honum. Varðandi töku á nótubókum og tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 100.000.00 verður ekki fallizt á, að um fullframið þjófnaðarbrot hafi verið að ræða, þar sem viðurkennt er, að ákærðu fóru aftur með peningakassann að vélsmiðjunni með tryggingarbréfinu og nótubókunum í, og komust þau þannig til skila til réttra eigenda nokkru síðar.

Með eigin játningu ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu þykir nægilega sannað, að ákærðu hafi brotizt laugardagsnóttina 17. júlí 1971 inn í Vélsmiðjuna Völund og stolið þar kr. 6.000.00 úr peningakassa fyrirtækisins, er þau fóru með heim til sín og sprengdu peningakassann þar upp. Ákærða María fór síðan að fyrirlagi ákærða með kassann aftur að vélsmiðjunni, og höfðu þau ákærðu þá ekki hreyft við tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 100.000.00 og nótubókum, er einnig voru í peningakassanum, og komst þetta hvort tveggja til skila til réttra eigenda. Ákærðu voru þannig ekki búin að fullfremja þjófnaðarbrot, að því er varðar töku á nótubókum og tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 100.000.00.

Með töku sinni á krónum 6.000.00 úr peningakassa Vélsmiðjunnar Völundar hafa ákærðu gerzt brotleg við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en að öðru leyti er hér ekki um fullframið þjófnaðarbrot að ræða.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa þjófnaðar ákærðu, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

3. Sunnudaginn 29. ágúst 1971 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í skrifstofur hússins Strandvegar 80.

Ákærðu hafa bæði játað hjá lögreglu og eins hér fyrir dóminum að hafa framið innbrot þetta í sameiningu.

Ákærði sagði, að hann teldi, að hann hefði ekki lagt hart að meðákærðu að koma með sér í þetta innbrot. Ákærði sagði, að venjulegast hafi hann verið búinn að ákveða það fyrirfram, í hvaða fyrirtæki hann ætlaði að brjótast inn í. Ákærði sagði, að þau hefðu haft kúbeinið með sér að heiman. Ákærði braut upp hurð á norðurhlið hússins, og stóð meðákærða þá við hlið hans. Ákærðu fóru síðan inn á verkstæði, sem er á neðstu hæð hússins, og á efri hæð hússins braut ákærði hverja einustu hurð, er varð á vegi hans, en tvær hurðir á miðhæð. Ákærði reyndi nú við peningaskáp á skrifstofu Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, og dældaði hann eitt horn á honum, en tókst ekki að opna hann. Ákærði sagði, að það eina, sem þau ákærðu tóku í þessu innbroti, hafi verið kr. 5.000.00 úr tösku Þórarins Jónssonar bókhaldara.

Meðákærða María sagði, að hún hefði haldið á vasaljósi, á meðan Einar braut upp hurðina, og sagði hún, að þau hefðu tekið fjögur til fimm þúsund úr skjalatösku, er verið hafi þar inni.

Með eigin játningu ákærðu og öðrum gögnum í máli þessu þykir sannað, að ákærðu hafi sunnudagsnóttina 29. ágúst 1971 brotizt inn í hús dánarbús Ársæls Sveinssonar að Strandvegi 80. Inni á skrifstofu Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja reyndi ákærði að brjóta upp peningaskáp, en án árangurs. Í þessu innbroti stálu ákærðu um kr. 5.000.00 úr tösku Þórarins Jónssonar bókhaldara. Með verknaði þessum hafa ákærðu gerzt sek um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í ákæruskjali, dags. 21. janúar s.l., er verknaði ákærðu nákvæmlega lýst og hann þar réttilega heimfærður undir þetta hegningarlagaákvæði.

Skaðabótakrafa hefur komið fram vegna þessa innbrots ákærðu, eins og rakið verður sérstaklega hér á eftir.

Framangreind þjófnaðarbrot í II og III hefur ákærði játað að hafa framið í auðgunarskyni með þeim ásetningi að komast yfir peninga.

IV.

Refsing ákærðu þykir með hliðsjón af framangreindri hegn-

ingarlagagrein, hinum fjölmörgu þjófnaðarbrotum og tilraunum til þeirra, hins yfigripsmikla tjóns, er þeim var samfara, aldri þeirra og alls framferðis hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Ákærði Einar sat í gæzluvarðhaldi frá 14. nóvember til 21. nóvember, meðan á rannsókn á máli hans stóð. Í samræmi við 76. gr. almennra hegningarlaga skal sá tími koma í stað refsingar og því til frádráttar refsingu ákærða.

Ákærða María Óskarsdóttir skal sæta fangelsi í 3 mánuði. Fullnustu refsingar þykir þó mega fresta, og skal hún niður falla að 3 árum liðnum, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, haldið.

Ákærða María sat í gæzluvarðhaldi frá 15. nóvember til 21. nóvember, meðan á rannsókn á máli hennar stóð. Í samræmi við 76. gr. almennra hegningarlaga skal sá tími koma í stað refsingar og því til frádráttar refsingu ákærðu.

Eftirtaldir aðiljar hafa gert kröfu til skaðabóta á hendur ákærða Einari Þór Kolbeinssyni:

a.

Vélsmiðjan Völundur h/f.

Krafan sundurliðast þannig:

„1.	Peningar, sem stolið var, ca.	kr. 15.000.00
2.	Eyðilegging á peningakassa ca. ..	— 3.000.00
3.	Viðgerð á hurð og rúðu	— 1.500.00
	Samtals	kr. 19.500.00
4.	Enn fremur förum vér fram á að fá greiddan fundarlaunakostnað, sem vér greiddum Jóni Magnússyni sem fundarlaun fyrir peningakassann, þar sem í honum voru nótubækur og áríðandi skjöl	kr. 10.000.00
	Samtals	kr. 29.500.00“

Ákærði hefur talið, að fundarlaunakrafa sé honum óviðkomandi og peningakrafan, liður 1, of há, en að öðru leyti samþykkt kröfu þessa.

Ljóst er, að ákærða ber að greiða allt það fjártjón, sem telja má sennilega afleiðingu verknaðar hans.

Að því er lið 1 varðar, er komið fram hér að framan, að gögn málsins gefa á engan hátt til kynna, að ákærði hafi tekið hærri fjárhæð en kr. 6.000.00 úr peningakassanum, og samkvæmt því þykir mega taka til greina kröfu um bætur vegna þjófnaðar á peningum með kr. 6.000.00.

Að því er síðasta lið kröfunnar varðar um bætur fyrir greiddan fundarlaunakostnað, þykir mega taka hann til greina með kr. 5.000.00 með hliðsjón af því, að hann hefur verið skýrður að nokkru leyti, en þó ekki fyllilega.

Kröfuna þykir mega taka til greina að öðru leyti, enda verið samþykkt af ákærða.

Ber því að dæma ákærða til að greiða Vélsmiðjunni Völundi h/f skaðabætur kr. 15.500.00.

b.

Hafnarsjóður Vestmannaeyja.

Krafan sundurliðast þannig:

„1.	Viðgerð á hurð	kr. 1.474.00
2.	Andvirði peningaskáps	— 60.000.00
3.	Andvirði lítils peningakassa	— 955.00
4.	Peningar, sem stolið var	— 53.000.00
		Samtals kr. 115.429.00

Athugasemdir:

Liður 1. Þessi krafa er samkvæmt viðgerðarreikningi.

— 2. Þótt viðgerð hafi verið framkvæmd á þeim peningaskáp, sem brotinn var upp í innbrotinu, þá er einsýnt, að honum verði ekki treystandi framar. Er því talið óhjákvæmilegt að kaupa nýjan skáp. Því er hér sett fram krafa um greiðslu andvirðis nýs peningaskáps að svipaðri stærð og gerð og sá, er brotinn var upp.

— 3. Þarfnast ekki skýringar.

— 4. Ekki er hægt að sannreyna þessa fjárhæð með ýtrustu vissu, en óhugsandi er, að á þessari fjárhæð og þeirri, er stolið var, sé nema nokkurra kr. mismunur á annan hvorn veginn.“

Þess skal getið, að hin umkrafða peningafjárhæð var að hluta eign skipaafgreiðslunnar, en að hluta eign forstöðumanns hennar, Sigurgeirs Sigurjónssonar, segir þar einnig.

Er skaðabótakrafan var borin undir ákærða, gerði hann athugasemdir við 2. og 4. lið, en samþykkti lið 1 og 3. Varðandi 4. lið taldi hann, að sú upphæð væri of há, því hann hefði ekki tekið svo mikla peninga, er hann brautzt inn í skipaafgreiðsluna.

Þá hefur verjandi ákærða bent á, að liður 2 sé órökstuddur og vanti m. a. öll gögn, er geri fjárhæð þess liðs sennilega.

Er umboðsmönnum kröfuhafa var bent á framangreind mótmæli ákærða við kröfugerðinni, óskuðu þeir eftir að fá að breyta 2. lið hennar, þar sem krafan hafi í upphafi verið reist á því, að vonlaust mætti telja, að nokkru sinni væri unnt að gera þannig við peningaskáp þann, er brotinn var í umrætt sinn. Þar sem hins vegar væri komið í ljós, að viðgerð sú, er framkvæmd var á skápnum, hefði tekizt einstaklega vel, þannig að talið væri, að nota mætti hann áfram, þá óskuðu þeir eftir að fá að breyta 2. lið kröfunnar þannig, að ákærði yrði í staðinn látinn greiða kr. 9. 346.50 vegna greiðslu kostnaðar viðgerðar á gamla skápnum. Með þessari breytingu á kröfugerðinni fylgdu allir reikningar varðandi viðgerðina á peningaskápnum, og hafði hún verið greidd af bótakrefjendum.

Lið 4 í kröfugerðinni töldu þeir sig ekki geta skýrt nánar né gert breytingar á til lækkunar.

Liður 2 með áorðinni breytingu virðist sanngjarn, enda er nú gerð fullnægjandi grein fyrir honum. Varðandi 4. lið kröfugerðarinnar verður ekki séð af málsgögnum, að ákærði hafi tekið hærri fjárhæð en kr. 33.000.00, eins og rakið er nánar í II A 5 hér að framan. Aðrir liðir kröfunnar hafa verið samþykktir af ákærða, enda er þar ekki farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi varð fyrir af hendi ákærða.

Ber því að dæma ákærða til að greiða Hafnarsjóði Vestmannaeyja kr. 44.775.50 í skaðabætur.

c.

Gísli R. Sigurðsson vegna m/b Einis, VE 180, og veiðarfærageymslu Gísla R. Sigurðssonar, Strandvegi 85.

Krafan sundurliðast þannig:

„1. Skemmdir á lyfjakistu ..... kr. 5.000.00
2. Taka lyfja ..... — 5.000.00

3. Skemmdir á skúffulæsingu og skúffu kr. 2.000.00

Samtals kr. 12.000.00

Tekið skal fram eftirfarandi:

1. Samkvæmt áætluðum viðgerðarkostnaði, en ný lyfjakista mun kosta um kr. 10—12.000.00.
2. Samkvæmt áætlun um endurnýjun vegna skemmda, umróts og lyfjatöku.
3. Samkvæmt áætluðum viðgerðarkostnaði.

Jafnframt fer ég fram á, að Einar Þór Kolbeinsson verði látinn greiða bætur vegna innbrots í veiðarfærageymslu mína við Strandveg 85. Kröfugerðin er þessi:

1. Nýr 10 manna gúmmíbjörgunarbátur kr. 80.000.00
2. Brot á hurð og læsingu ..... — 2.000.00

Samtals kr. 82.000.00

Tekið skal fram, að Einar Þór gjöreyðilagði gúmmíbjörgunarbátinn með því að skera hann þannig í sundur, að hann er talinn óviðgerðarhæfur og ónýtur sem björgunartæki.

2. Þarfnast ekki skýringar.

Samtals verður því bótakrafa mín á hendur Einari Þór Kolbeinssyni kr. 12.000.00 + 82.000.00, samtals kr. 94.000.00."

Ákærði hefur samþykkt bótakröfuna, og þar sem ekki virðist vera farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi varð fyrir af hendi ákærða, þykir mega taka hana að öllu leyti til greina.

Ber því ákærða að greiða Gísla R. Sigurðssyni vegna m/b Einis og veiðarfærageymslu Gísla R. Sigurðssonar kr. 94.000.00 í skaðabætur.

d.

Lárus Á. Ársælsson vegna dánarbús Ársæls Sveinssonar.

Kröfugerðin er þessi:

„A. Vegna innbrots í byggingavöruverzlunina Strandvegi 77.

1. Skemmdir á hurðum ..... kr. 1.500.00

B. Vegna innbrots í skrifstofur og smíðaverkstæði að Strandvegi 80.

1. Skemmdir á 9 hurðum og dyraumbúnaði .. kr. 13.500.00

C. Vegna innbrots að Strandvegi 80 laugard. 23. október.

1. Skemmd á hurð, dyraumbúnaði og rúðubrot — 2.000.00

Varðandi B. 1. viljum vér taka eftirfarandi fram. Eins og Einar hefur sjálfur viðurkennt, braut hann upp 9 hurðir á skrifstofu og smíðaverkstæði voru. Hurðir þessar ásamt dyraumbúnaði öllum er illa skemmt, sumt algjörlega ónýtt. Bráðabirgðaviðgerð hefur farið fram, og fullnaðarviðgerð er væntanleg. Hurðir þessar eru sléttar krossviðarhurðir, og er óhjákvæmilegt að mála þær, enda var þannig frá þeim gengið, er Einar Þór gekk að þeim í fyrrgreindu innbroti. Áætlaður viðgerðarkostnaður á hverja hurð er ca. kr. 1.500.00. Kröfugerð okkar verður því samtals kr. 17.000.00," segir þar að lokum.

Ákærði hefur samþykkt kröfugerð þessa algerlega, og með hliðsjón af sakargögnum, sbr. og liði II A, III 3 og II A 6 hér að framan, þykir mega taka hana að fullu til greina, enda er ekki farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi varð fyrir af hendi ákærða.

Ber því ákærða að greiða Lárusi Á. Ársælssyni vegna dánarbús Ársæls Sveinssonar kr. 17.000.00 í skaðabætur.

e.

Timbursala Kaupfélags Vestmannaeyja.

Kröfugerðin er þessi:

„1. Peningar ..... kr. 10.000.00

2. Skemmdir á hurðum ..... — 5.000.00

Samtals kr. 15.000.00

Liður 1. Þarfnast ekki skýringar, enda hefur kærði Einar játað hann sem réttan.

Liður 2. Viðgerðarkostnaður á útidyrahurð og alúmíníumsleginni hurð í eldvarinni geymslu."

Ákærði hefur samþykkt kröfugerð þessa, og með hliðsjón af sakargögnum, sbr. lið II A 4 hér að framan, þykir mega taka hana að öllu leyti til greina, enda er ekki farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi varð fyrir af hendi ákærða.

Ber því ákærða að greiða timbursölu Kaupfélags Vestmannaeyja kr. 15.000.00 í skaðabætur.

f.

Nýja Geirseyrin við Básaskersbryggju.

Krafan er þessi:

„1. Skemmdir á 9 hurðum ..... kr. 18.000.00

Kröfugerðin er miðuð við viðgerð á venjulegum innanhúshurðum. Dyrastafur er brotinn á öllum þessum hurðum. Bráðabirgðaviðgerð hefur farið fram, en beðið er eftir frekari viðgerð. Viðgerðarkostnaður er áætlaður kr. 2.000.00 á hverri hurð."

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og með hliðsjón af sakargögnum, sbr. og lið II A 2 hér að framan, þykir mega taka hana til greina, enda ekki farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi varð fyrir af hendi ákærða.

Ákærða ber því að greiða Nýju Geirseyrinni kr. 18.000.00 í skaðabætur.

g.

Haraldur Hannesson vegna m/b Baldurs.

Krafan er þessi:

„1. Skaðabótakrafa v/viðgerðar á hurð efni og vinnu kr. 4.540.00

Samtals kr. 4.540."

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og þykir eftir atvikum og með hliðsjón af sakargögnum, sbr. og lið I A 4 hér að framan, mega taka hana til greina, enda virðist ekki vera farið fram á annað eða meira tjón en bótakrefjandi hefur orðið fyrir af hendi ákærða.

Ber því ákærða að greiða Haraldi Hannessyni vegna m/b Baldurs kr. 4.540.00 í skaðabætur.

h.

Fiskiðjan h/f.

Skaðabótakrafa á hendur Einari Þór Kolbeinssyni vegna innbrotsskemmda og þjófnaðar í eftirtalda báta.

Krafan er þannig sundurliðuð:

„1.	M/b Breka, VE 206. Morfín	kr. 277.00		
	Áhöld úr sjúkrakassa	— 978.00	kr.	1.255.00
2.	M/b Frár, VE 208. Áætlaður kostn. v/skemmda á hurðum		—	5.000.00
3.	M/b Sindra, VE 203. Morfín	— 277.00		
	Vinna og efni v/skemmda	— 3.727.00	—	4.044.00
			Samtals kr.	10.299.00“

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, en þar sem ekki hefur verið gerð refsikrafa af hálfu ákæruvaldsins vegna háttsemi ákærða, er hann tók lyf úr m/b Breka, hlýtur ákærði því ekki dóm vegna hennar og verður þá heldur ekki dæmdur til skaðabótagreiðslu vegna þeirrar háttsemi, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Hér verður því aðeins dæmt um 2. og 3. lið kröfu þessarar, og þar sem þeir eru í samræmi við það, sem kemur fram í sakargögnum, sbr. og liði B 16 og II A 10 hér að framan, þykir mega taka þá til greina, enda sanngjarnir.

Ber því ákærða að greiða Fiskiðjunni h/f í skaðabætur kr. 9.004.00. Kröfu um bætur vegna lyfjatöku úr m/b Breka, VE 206, verður að vísa frá dómi, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 82/1961.

j.

Þórarinn G. Jónsson

Krafan er þessi:

„Við innbrot í skrifstofu mína 29. ágúst s.l. voru teknir peningar úr innheimtutösku, sem lá á borði í skrifstofunni, að upphæð kr. 5.000.00.

Þar sem innbrot þetta er upplýst, leyfi ég mér hér með að gera þá kröfu, að innbrotsmanni verði gert að greiða mér nefnda fjárhæð kr. 5.000.00.“

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og hún er í samræmi við sakargögn.

Ber því ákærða að greiða Þórarni G. Jónssyni skaðabætur kr. 5.000.00.

Bátábyrgðarfélag Vestmannaeyja.

Krafan er þessi:

„Við innbrot í skrifstofu okkar 23. október s.l. var brotinn upp peningaskápur og teknir úr honum peningar kr. 11.500.00.

Þar sem innbrot þetta mun upplýst, leyfum við okkur að gera kröfu á hendur innbrotsmanni, að hann skili aftur peningum þeim, er hann tók, og bæti skemmdir á peningaskáp með kr. 10.000.00. Samtals kr. 21.500.00."

Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og hún er í samræmi við sakargögn.

Ber því ákærða að greiða Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja kr. 21.500 í skaðabætur.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns Hjaltasonar, sem ákveðin eru kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 14. nóvember til 21. nóvember.

Ákærða, María Ólafsdóttir, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar þykir þó mega fresta, og skal hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, haldið. Til frádráttar refsingu ákærðu, ef til fullnustu hennar kemur, komi gæzluvarðhaldsvist ákærðu frá 15. nóvember til 21. nóvember.

Ákærði, Einar Þór Kolbeinsson, greiði eftirtöldum aðiljum skaðabætur sem hér segir:

1.	Vélsmiðjunni Völundi h/f	kr. 15.500.00
2.	Hafnarsjóði Vestmannaeyja	— 44.775.50
3.	Gísla R. Sigurðssyni	— 94.000.00
4.	Lárusi Ársælssyni vegna dánarbús Ársæls Sveinssonar	— 17.000.00
5.	Timbursölu Kaupfélags Vestmannaeyja	— 15.000.00
6.	Nýju Geirseyrinni vegna Básaskersbryggju	— 18.000.00
7.	Haraldi Hannessyni vegna m/b Baldurs	— 4.540.00
8.	Fiskiðjunni h/f	— 9.004.00
9.	Þórarni G. Jónssyni	— 5.000.00
10.	Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja	— 21.500.00

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-

arlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Jóns Hjaltasonar, kr. 10.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. apríl 1973.

Nr. 144/1972: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einarsson, aðalfulltrúi saksóknara ríkisins, skipaður saksóknari ad hoc)
gegn
Hreggviði Munin Jónssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Banaslys. Brot gegn umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu hérðasdóms hafa tveir starfsmenn rannsóknarlögreglu samkvæmt kvaðningu héraðsdómara og að ósk verjanda kannað sjónarfæri manna, er staddir eru á efstu svölum á húsinu Lynghaga 10—12 í Reykjavík, yfir umferðarsvæði það á Suðurgötu, er skýrslur vitnanna Björns Ólafs Hallgrímssonar og Þórarins Einarssonar taka til. Í greinargerð hinna dómkvöddu manna, sem studd er ljósmyndum, er því lýst, að vegalengd frá miðlínu greinds húss að vesturbrún Suðurgötu er 81 metri, en umferðarsvæði það á Suðurgötu, er útsýnar nýtur yfir, er 31 metri að lengd. Segir í greinargerðinni, að „greinilega" sjáist af svölunum yfir þetta umferðarsvæði og skyggi ekkert á útsýni af svölunum til bifreiðar, er ekið sé á þessu svæði.

Vitnin Björn Ólafur Hallgrímsson og Þórarinn Einarsson hafa komið fyrir dóm, eftir að héraðsdómur gekk, og staðfest skýrslur sínar í heild sinni með eiði.

Haraldur Sigurðsson lögreglumaður, sem gerði uppdrátt af vettvangi, rétt eftir að slys varð, kom fyrir dóm og staðfesti með eiði, að uppdráttur væri gerður eftir beztu vitund og samvizku, og heitfesti hann skýrslu sína að öðru leyti. Þá hefur farþegi í bifreið ákærða, Hildegard Þórhallsson, borið vætti, eftir að héraðsdómur gekk. Telur vitnið, að ákærði hafi „ekið hægt" rétt fyrir slysið.

Ákærði kom fyrir dóm hinn 12. janúar 1973. Var hann að ósk verjanda síns spurður að því, hvort hann gæti „tilgreint þann hraða, sem hann telji líklegast, að hann hafi ekið á í umrætt skipti." Svar ákærða er bókað svo í þingbók: „Ákærður kveðst öruggur um, að hraðinn hafi ekki farið fram úr 45 km m/v klst. Hann sé ekki vanur að aka yfir þann hraða innanbæjar og auk þess hafi verið stutt að gatnamótum þeim, þar sem ákærður hugðist beygja, en hann var á leið að afgreiðslu Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli".

Í ljós er leitt, að vegalengdin er 133 metrar frá gatnamótum Starhaga og Suðurgötu og að gatnamótum Suðurgötu og götu þeirrar að Reykjavíkurflugvelli, er liggur til vinstri miðað við aksturssstefnu ákærða.

Dahn Edde Allan Sturesson skýrði svo frá fyrir rannsóknarlögreglu hinn 18. september 1971, að ökuhraði bifreiðar ákærða hafi ekki verið mikill. Þetta vitni sá til ferða R 21615, og kvaðst hann hafa talið öruggt, að ökumaður þeirrar bifreiðar mundi nema staðar. Kvaðst vitnið hafa séð bifreiðina R 21615 renna „mjög hægt inn á gatnamótin og síðan, rétt áður en áreksturinn varð, jók hann (þ. e. bíllinn) ferðina og beygði þá í átt að langaferðabifreiðinni".

Samkvæmt auglýsingu um umferð í Reykjavík nr. 107 22. apríl 1960 er Suðurgata aðalbraut á því svæði, sem slysið varð á. Með auglýsingu nr. 283 11. nóvember 1966 var ákveðinn einstefnuakstur á Starhaga „til vesturs frá Suðurgötu að Ægissíðu", en þessu var breytt svo með auglýsingu nr. 188 25. ágúst 1971, að einstefnuakstur er um Starhaga „til aust-

urs frá Ægisíðu að Suðurgötu". Biðskyldumerki var á gatnamótum Starhaga og Suðurgötu hægra megin miðað við akstur úr Starhaga, en vinstra megin var settur „búkki" til frekari áherzlu á banni við akstri inn í götuna, svo sem greint er í vætti Haralds Sigurðssonar lögreglumanns.

Farþegar í bifreið ákærða, sem borið hafa vætti í málinu, eru samsaga um, að ákærði hafi „ekki ekið á óeðlilegum hraða" eða jafnvel að ákærði hafi „ekið hægt", um það leyti sem umferðarslysið varð. Vitnið Páll Kolbeins tekur sérstaklega fram, að bifreiðinni, er kom úr Starhaga, hafi verið ekið skyndilega út á Suðurgötu, og lýsir hann því, að „alveg útilokað" hafi verið „fyrir ökumann R 389 að koma í veg fyrir slysið". Um þetta atriði má og vísa til skýrslu Dahn Edde Allan Sturessons, er áður greindi. Eiðfestur framburður vitnanna Björns Ólafs Hallgrímssonar og Þórarins Einarssonar bendir hins vegar til þess, að ákærði hafi ekið á miklum hraða. Samkvæmt gögnum máls eru hemlaför um 22 metrar eftir vinstri hjól bifreiðar ákærða, en um 24.5 metrar eftir hægri hjól hennar. Þessi hemlaför svo og önnur ummerki á vettvangi, bera einnig vott um, að ákærði hafi ekið of hratt miðað við aðstæður allar. Á hitt er að líta, að gögn máls benda til þess, að ökumaður bifreiðarinnar R 21615 hafi ekki sinnt biðskyldu, en Suðurgata hefur aðalbrautarrétt gagnvart Starhaga. Samkvæmt því sem sakarefni er vaxið þykir ákærði hafa með akstri sínum gerzt sekur um brot á þeim refsimælum, er í ákæru greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5.000 kr. sekt til ríkissjóðs og vararefsing 5 daga varðhald, ef sekt er eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 þykir verða að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði frá birtingu héraðsdóms að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undir

höfuð leggjast að heitfesta nokkur vitni, er borið hafa vætti í málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Hreggviður Muninn Jónsson, greiði 5.000 kr. sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 5 daga, ef sektin er eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 6 mánuði frá birtingu héraðsdóms að telja.

Ákvæði héraðsdóm um sakarkostnað í héraði skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Einars Arnalds hæstaréttardómara.

Ákærði ók eftir aðalbraut, er bifreiðinni R 21615 var ekið viðstöðulaust inn á brautina. Hámarkshraði á aðalbrautinni var 45 km miðað við klukkustund. Samkvæmt gögnum málsins er varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi ekið á meiri hraða. Er því ekki leitt í ljós, að ákærði eigi refsiverða sök á slysi því, sem málið fjallar um, og ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, kr. 8.000.00, og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hreggviður Muninn Jónsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun verjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 2. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 319/1972: Ákæruvaldið gegn Hreggviði Munin Jónssyni bifreiðarstjóra, Baldursgötu 13, Reykjavík, fæddum 21. febrúar 1941 á Torfastöðum, Jökulsárhlíð, Norður-Múlasýslu, fyrir umferðarbrot með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 17. september 1971 ekið bifreiðinni R 389 óvarlega og of hratt miðað við aðstæður suður Suðurgötu í Reykjavík með þeim afleiðingum, að bifreið hans lenti í árekstri við bifreiðina R 21615, sem ekið var af Starhaga inn á Suðurgötu, en ökumaður þeirrar bifreiðar, Halldór Ingimarsson, lézt fljótlega af völdum slyssins.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. og 3. mgr. a, b, c og f liði 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hvorki sætt kærum né refsingum.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt föstudagsins 17. september 1971, kl. 0025, barst lögreglu vitneskja um, að umferðarslys hefði orðið litlu fyrr á gatnamótum Suðurgötu og Starhaga hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar hafði ákærði ekið langferðabifreiðinni R 389, sem tekur 47 farþega, suður Suðurgötu, en í sömu mund var fólksbifreiðinni R 21615 ekið austur Starhaga, og skullu bifreiðarnar saman á gatnamótunum. Ökumaður bifreiðarinnar R 21615 slasaðist svo mjög, að hann lézt á slysavarðstofunni skömmu síðar, en þangað hafði hann verið fluttur í sjúkrabifreið. Ákærði skýrði lögreglu frá því á slysstað, að hann hefði ekki litið á hraðamæli og gæti ekki gert sér grein fyrir, á hvaða hraða hann hefði ekið.

Vegna þess hve blind gatnamótin væru við Starhaga, kvaðst hann ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 21615, fyrr en þeirri bifreið hefði verið ekið hiklaust af Starhaga og í veg fyrir sig inn á Suðurgötu, hann þá strax hemlað, en „hemlað mjúkt", að minnsta kosti fyrst. Samkvæmt lögregluskýrslu var færi þurrt, góð rafmagnslýsing á slysstað og yfirborð vegar malbikað. Greinilegur ákomustaður var á miðri vinstri hlið bifreiðarinnar R 21615 og á vinstra framhorni og höggvara R 389, og var vinstra framhornið lítið eitt dældað inn. Allhár trjágróður hindrar til muna útsýni á norðvestanverðum gatnamótunum. Bifreiðin R 21615 og ökumaður hennar köstuðust austur fyrir malbikuðu akbrautina, en „skransför" sáust eftir bifreiðina R 21615 um miðbik Suðurgötu, og taldi lögregla þau hafa myndazt, er bifreiðarnar skullu saman. Lögreglu virtust hemlaför eftir vinstri hjól bifreiðarinnar R 389 dauf fyrstu metrana, en þau hefðu skýrzt, dökknað, er nær dró árekstrarstað, en verið ógreinileg eftir hægri hjól. Samkvæmt vettvangsteikningu lögreglu voru hemlaför bifreiðarinnar R 389 allt að 25 metra löng og í sveig til austurs allt að og yfir miðbik Suðurgötu og hefjast um 17 metra norðan gatnamótanna. Bifreiðaeftirlitsmaður reyndi bifreiðina skömmu eftir slysið, virkuðu fóthemlar þá vel nema á hægra afturhjóli. Hann ók bifreiðinni í viðurvist tveggja rannsóknarlögreglumanna á 50 km hraða, og reyndust hemlaför þá 13½ metra löng.

Bjarki Magnússon læknir krufði lík hins látna, Halldórs Ingimarssonar skipstjóra, sem fæddur var 4. desember 1905. Niðurstaða álitsgerðar hans er svofelld: „Við krufninguna fundust miklir og útbreiddir áverkar á lifur, samfara mikilli blæðingu inn í kviðarhol. Einnig höfuðkúpubrot, subarachnoidal blæðing og dreifð smá svæði af heilamari (contusiones). Ennfremur fundust blæðingar í lungum. Allir þessir áverkar hafa í sameiningu verið orsök að dauða mannsins, þó að lífraráverkarnir séu alvarlegastir."

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði ekið suður Suðurgötu á venjulegum hraða, en kvað sér ógerlegt að segja til um hraðann í km miðað við klukkustund. Hann kvaðst hafa ekið á réttum vegarhelmingi og verið nær kominn að Starhaga, er hann varð var við hina bifreiðina, sem ekið hefði verið viðstöðulaust af Starhaga inn á Suðurgötu, hann þá hemlað bifreiðinni, en ekki tekizt að koma í veg fyrir árekstur. Báðum bifreiðunum hefði verið ekið með eðlilegum ljósum. Ákærði kvað færi hafa verið gott, þurrviðri greint kvöld, aðeins vottur af raka á göt-

unni, skyggni gott og götulýsing sæmileg við árekstrarstað. Ákærði kvaðst hafa einbeitt sér að akstrinum, ekki hafa haft við neinar tímatakmarkanir að keppa og verið í alla staði vel fyrirkallaður.

Vitnið Margrét Ágústsdóttir símastúlka, Háteigsvegi 9, Reykjavík, kvaðst hafa setið framarlega í áætlunarbifreiðinni, sem var að flytja flugfarþega frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur. Vitnið kvaðst hafa setið vinstra megin í bifreiðinni og verið að horfa út úr henni í þá átt, er árekstur varð, og því ekkert um hann geta borið. Vitnið fann, að hemlun kom á vagninn, en varð að öðru leyti ekki mikið vart við áreksturinn. Því virtist hraðinn ekki óeðlilega mikill, en gat ekki borið um hann í km miðað við klukkustund.

Vitnið Guðrún Guðbrandína Stefánsdóttir þerna, Melhaga 18, Reykjavík, sem sat framarlega hægra megin í bifreið ákærða, taldi, að hraði bifreiðarinnar hefði ekki verið mjög mikill, er hún nálgaðist gatnamótin, en treystist ekki til að meta hraðann í km miðað við klukkustund, og aksturshæfilyrði hefðu verið góð. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið fyrir snöggri hemlun á vagninum og ekkert hreyfzt til við hana.

Vitnið Páll Kolbeins aðalféhirðir, Túngötu 31, Reykjavík, taldi, að ákærði hefði ekki ekið á óeðlilegum hraða og virtist hann hafa haldið sama hraða og á Keflavíkurvegi, en ekki gat vitnið borið um hraðann í km miðað við klukkustund. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir akstri bifreiðarinnar R 21615, sem því fannst ekið með fullum ljósum viðstöðulaust út á Suðurgötu. Hugði vitnið, að ákærði hefði hemlað strax og hann varð var við hina bifreiðina, og samtímis virzt víkja bifreiðinni í átt frá Starhaga.

Vitnið Þórarinn Einarsson símamaður, Lynghaga 10, Reykjavík, kvaðst hafa verið statt á svölum hússins nr. 10 við Lynghaga, en svalir þess húss og hússins nr. 12 væru samhliða. Tók vitnið þá eftir stórri fólksflutningabifreið, sem því fannst ekið á mikilli ferð suður Suðurgötu, og hefði það sérstaklega haft orð á þessum mikla hraða við vitnið Björn Ólaf Hallgrímsson. Örskömmu síðar kvaðst vitnið hafa heyrt hemlahljóð og skell, en ekki séð sjálfan áreksturinn.

Vitnið Björn Ólafur Hallgrímsson, stud. jur., Lynghaga 12, Reykjavík, sem var statt á svölum hússins ásamt Þórarni Einarssyni, kvað hann hafa vakið athygli þess á stórri bifreið, sem honum fannst ekið á miklum hraða suður Suðurgötu, en einmitt á samri stundu hefði vitnið sjálft tekið eftir þessari sömu bifreið, og fannst því henni ekið á mikilli ferð og hraðar en gætinn öku-

maður mundi aka á þessum stað. Rétt á eftir kvaðst vitnið hafa heyrt þungan skell, en ekki séð sjálfan áreksturinn.

Þá er litið er til hinna löngu hemlafara bifreiðar ákærða og framburða vitnanna Þórarins Einarssonar og Björns Ólafs Hallgrímssonar sem og aðstæðna og ummerkja á slysstað, verður að telja, að ákærði hafi ekið of hratt, eins og á stóð, og ekki sýnt næga aðgæzlu í akstri. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 þykir verða að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hreggviður Muninn Jónsson, greiði 10 þúsund kr sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. apríl 1973.

Nr. 85/1972: **Loftorka s/f**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Hirti Laxdal Gunnarssyni
og gagnsök
(Ingi Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. júní 1972. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. júlí 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 503.976.00 með 7% ársvöxtum frá 7. nóvember 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt skýrslum gagnáfrýjanda og vinnufélaga hans slasaðist gagnáfrýjandi með þeim atvikum, að honum skrikaði fótur á skurðbotninum og greip við það um arm vélgröfunnar, sem í þeim svifum seig niður í skurðinn. Af skýrslunum verður ráðið, að sleipt hafi verið og svað í skurðinum vegna vætu og þíðviðris, en frosið undir. Hlaut stjórnanda vélgröfunnar að vera ljóst, að aðstaðan á skurðbotninum væri af þessum ástæðum óhægari en ella fyrir þá, sem þar unnu, og að gæta þyrfti sérstakrar varkárni um, að þeir héldu sig í hæfilegri fjarlægð, þegar skófluarmurinn var hreyfður niðri í skurðinum. Var þetta þeim mun brýnna sem skurðurinn var djúpur og stjórnandi vélgröfunnar sá ekki vel til þeirra, sem þar voru. Atvik að slysi gagnáfrýjanda benda til þess, að á þessu hafi orðið misbrestur hjá

stjórnanda vélgröfunnar. Er aðaláfrýjandi af þessum ástæðum skaðabótaskyldur vegna tjóns þess, sem af hlauzt.

Gagnáfrýjandi fylgdist með því, að skófluarmurinn var að koma niður í skurðinn til viðgerðar. Hann var vanur jarðvegsgrefti, þar sem unnið var með vélum. Verður að telja, að hann hafi sjálfur sýnt gáleysi með því að halda sig ekki fjær þeim stað, sem skóflan átti að koma á. Á hann því einnig sök á tjóni sínu.

Eftir atvikum þykir rétt að skipta sök þannig, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu, en sjálfur beri hann það að hálfu.

Kröfur sínar sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1.	Bætur fyrir varanlega örorku	kr. 403.976.00
2.	Bætur fyrir þjáningar, lýti og óþægindi	— 100.000.00
		Kr. 503.976.00

Um 1. Í héraðsdómi eru rakin gögn þau, er fram hafa verið lögð um örorku gagnáfrýjanda og áætlanir tryggingarstærðfræðings um tjón gagnáfrýjanda af slysinu. Þykir rétt að meta tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið kr. 400.000.00.

Um 2. Staðfesta má ákvörðun héraðsdómara um tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið.

Samkvæmt þessu telst heildartjón gagnáfrýjanda alls kr. 500.000.00. Ber aðaláfrýjanda að bæta helming þess, eða kr 250.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá slysdegi 7. nóvember 1969 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Loftorka s/f, greiði gagnáfrýjanda, Hirti Laxdal Gunnarssyni, kr. 250.000.00 með 7% árs-

vöxtum frá 7. nóvember 1969 til greiðsludags og kr. 80. 000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars og Benedikts Sigurjónssonar.

Fallast má á það álit héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að eðlilegast hefði verið að framkvæma viðgerð á vélgröfunni uppi á skurðbakkanum. Þessi háttur var ekki á hafður, heldur var skóflan látin síga niður í skurðinn, þar sem menn voru að störfum. Bar stjórnanda vélgröfunnar þá að sýna sérstaka varkárni, enda enginn maður á skurðbakkanum til að gæta öryggis. Sérstaklega bar að gæta þess, að skóflan kæmi niður á skurðbotninn svo fjarri mönnum þeim, er þar voru, að þeim stafaði eigi hætta af henni, enda mátti stjórnanda vélgröfunnar vera ljóst, hve lítið svigrúm mennirnir höfðu niðri í skurðinum og hve sleipt þar var. Þykir mega rekja orsakir slyssins að nokkru til þessara óvarlegu vinnubragða.

Gagnáfrýjandi var vanur öllum vinnubrögðum við verk það, sem hann vann að, og þekkti aðstæður allar. Bar honum að fylgjast náið með því, hvar skóflan kom niður, og gæta þess að halda sér jafnfjarri henni og kostur var. Á þessu varð misbrestur.

Þegar atvik málsins eru virt, þykir rétt að leggja á aðaláfrýjanda helming þess tjóns, er gagnáfrýjandi hefur beðið af slysi þessu.

Á þessum forsendum erum við sammála úrlausn meiri hluta dómenda um fjárhæðir.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1972.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með stefnu, birtri 21. október 1971.

Stefnandi málsins er Hjörtur Laxdal Gunnarsson verkamaður, Laufvangi 12, Hafnarfirði.

Stefndi er Loftorka s/f, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 546.863.00 með 7% ársvöxtum frá 7. nóvember 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi hefur stefnt Samvinnutryggingum g/t til að gæta réttar síns í málinu. Stefnandi hefur engar kröfur haft uppi á hendur réttargæzlustefnda, og réttargæzlustefndi, sem hefur látið sækja þing í málinu, hefur engar kröfur gert.

Sáttaumleitanir dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að hinn 7. nóvember 1969 vann stefnandi ásamt tveim mönnum öðrum við að grafa um 5 metra djúpan skurð vestan við Fossvogskirkjugarð í Reykjavík. Við framkvæmd verksins notuðu þeir vélgröfu, Bröyt X2, sem Guðmar *Helgi* Ámundason stjórnaði. Skömmu eftir hádegi voru stefnandi og flokksstjórinn, Gylfi Hallgrímsson, að hreinsa lausan jarðveg í botni skurðarins. Mokuðu þeir hinum lausu efnum upp í skóflu gröfunnar, er síðan flutti jarðveginn upp á yfirborðið, en grafan stóð á skurðbarminum. Frosið hafði nóttina áður, og var hálka á botni skurðarins, en á umræddum tíma var byrjað að hlána. Meðan á umræddri vinnu stóð, bilaði spenna á glussaröri vélgröfunnar. Kom þremenningunum saman um að lagfæra bilun þessa í skurðinum. Helgi færði skóflu gröfunnar þannig til, að hún stæði á skurðbotninum, er viðgerð færi fram. Meðan Helgi var að þessu, rann stefnandi til á skurðbotninum. Bar stefnandi fyrir sig hendurnar til þess að detta ekki og greip þá um bómu gröfunnar. Var það á sama andartaki og Helgi var að opna skóflu-na. Lenti stefnandi með báðar hendur á milli bómunnar og efri hluta skóflunnar, sem þá nam við bómuna. Stefnandi hljóðaði upp af sársauka, og um leið lokaði Helgi aftur skóflunni. Við það losnuðu hendur stefnanda. Stefnandi hlaut töluverð meiðsli á báðar hendur og var fluttur á slysavarðstofuna, en þaðan á Landspítalann, þar sem hann lá síðan í nokkra daga.

Eigi fór fram rannsókn á slysi þessu þá þegar, og ekki var

Öryggiseftirliti ríkisins tilkynnt um slysið. Með bréfi, dagsettu 6. október 1970, óskaði lögmaður stefnanda þess við rannsóknarlögregluna í Reykjavík, að hún hlutaðist til um rannsókn á slysinu.

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 1. desember 1970. Þar segir m. a.:

„Er slysið skeði, var ég að vinna í skurði ásamt Gylfa Hallgrímssyni, til h. að Framnesvegi 30 hér í borg, og Helga Ámundasyni, til h. einhvers staðar í Breiðholtshverfi, en hann var stjórnandi vélgröfu (Bröyt X2) og var að vinna með henni þarna í skurðinum hjá okkur Gylfa. Verið var að grafa djúpan skurð í Fossvogskirkjugarði, og var skurðurinn um 5 m djúpur. Frosið hafði um nóttina, og var hálka í botni skurðarins, enda byrjað að hlána.

Slysið skeði um kl. 13.30, að mig minnir, og vorum við Gylfi þá að hreinsa til lausan jarðveg í botni skurðarins, en jarðvegi þessum mokuðum við upp í skóflu gröfunnar, sem síðan flutti jarðveginn upp á yfirborðið, en grafan stóð á skurðbarminum.

Er við unnum við þetta, bilaði spenna á glussaröri, og kom okkur öllum aman um að lagfæra bilun þessa þarna í skurðinum, enda aðstaða góð þarna niðri.

Helgi, stjórnandi gröfunnar, færði síðan til skóflu gröfunnar þannig, að hún stæði á botninum, er viðgerðin færi fram, en er hann var að færa til skófluna, þá rann ég til í skurðinum í bleytu, og til að detta ekki þá bar ég fyrir mig hendurnar og greip um bómu gröfunnar, og í þann mund var Helgi að opna skófluna, og lenti ég með báðar hendur á milli bómunnar og efri hluta skóflunnar, sem þá nam við bómuna.

Ég hljóðaði upp af sársauka, og opnaði Helgi þá skófluna, og ég losnaði frá bómunni, en ég var fastur þar, á meðan skóflan nam við bómuna. Mig kenndi strax mjög mikið til, og kom í ljós, að tveir fingur á hægri hendi voru mikið kramdir og einn á vinstri hendi. Einnig krömdust aðrir fingur handa minna nokkuð, en miklu minna, og hlaut ég áðeins skrámur á þá, þó sluppu alveg báðir þumalfingur og báðir vísif. Vinnufélagar mínir fóru með mig á slysavarðstofuna á bifreið, sem við þarna höfðum og er í eigu Loftorku s.f., Hólatorgi 2, Reykjavík, en allir vorum við að vinna hjá því fyrirtæki. Á slysavarðstofunni var ég sprautaður og síðan sendur á Landspítalann, og óku vinnufélagar mínir mér einnig þangað. Þar á handlækningadeildinni var síðan gert að meiðslum mínum, og annaðist það Árni Björnsson læknir.

Fremsta kjúkan á löngutöng og baugfingri hægri handar var

numin burtu, og á vinstri hendi var tekin fremsta kjúkan og nokkuð af annarri á baugfingri.

Ég var síðan lagður inn á Landspítalann, og lá ég þar í um viku tíma. Síðan var ég heima, og var ég frá vinnu í tvo mánuði samtals. Ég fékk greitt kaup allan tímann, sem ég var frá vinnu, og minnir mig, að það væru 8 dagvinnutímar, sem ég fékk greidda, en þó gæti það hafa verið eitthvað meira.

Ég fór síðan að vinna hjá Loftorku aftur og vinn þar enn. Ég held, að ég geti fullyrt, að verkstjórinn, Friðrik Steindórsson, hafi tilkynnt lögreglunni um slysið, en þó ekki fyrr en alllöngu síðar og lögreglan talið of langt frá liðið til að framkvæma á staðnum frekari rannsókn.

Umræddur Friðrik er yfirverkstjóri hjá Loftorku, en hann var ekki á staðnum, er óhappið skeði.

Fyrirtækið sá síðan um að tilkynna um slysið til Samvinnutrygginga, en þar mun umrædd vinnuvél vera tryggð.

Árni Björnsson læknir sendi mig síðan til Stefáns Guðnasonar tryggingalæknis, sem framkvæmdi örorkumat það, sem hér með fylgir. Ég hefi engar greiðslur fengið aðrar en vinnulaunin frá Loftorku s. f.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég var með gúmmívettlinga og ullarvettlinga, er slysið skeði, og hlífðu þeir mikið. Ég fór með mál þetta í Þorvald Þórarinsson hæstaréttarlögmann, sem mun annast það fyrir mig."

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi 6. apríl 1972. Hann lýsti þá ofangreinda skýrslu sína fyrir rannsóknarlögreglu rétta. Jafnframt var fært til bókar:

„Mætti segir, að sá bakki skurðarins, sem vélgrafan stóð á, hafi verið svo til lóðréttur niður í botn skurðarins. Grafan stóð á eystri bakka skurðarins, sem lá frá Heyrnleysingjaskólanum beina stefnu niður í Fossvoginn. Mætti telur, að ljósmyndir hafi ekki verið teknar af skurðgröfunni, eins og hún stóð, þegar slysið varð. Mætti man nú ekki, hvernig grafan stóð á bakkabrúninni. Eftir slysið var mætta lyft í skúffu gröfunnar upp á eystri bakkann. Mætti getur þó ekki rifjað upp, hvernig grafan stóð á bakkabrúninni. Mætti telur frekar ólíklegt, að stjórnandi gröfunnar hafi haft fulla yfirsýn yfir og til skóflugröfunnar, þegar hún lá niðri á skurðbotninum. Hann segir, að flokksstjórinn, Gylfi Hallgrímsson, hafi yfirleitt verið vanur að standa dálítið til hliðar og segja Helga til um, hve mikið lækka ætti skófluna og á hvern hátt ætti að tilfæra hana að öðru leyti. Mætti stóð fyrir neðan skófl-

una, þ. e. sjávarmegin við hana, þegar hann rann til í skurðinum. Hann stóð við eystri bakkann, þ. e. þeim megin, sem grafan var. Minnir mætta, að hann hafi runnið frá eystri skurðbakkanum í áttina að þeim vestari, en ef til vill eitthvað á ská. Mætta minnir, að flokksstjórinn Gylfi hafi staðið aðeins neðar og aftan til við mætta, en kveðst ekki geta greint nánar frá því, hvar Gylfi stóð. Mætti kynnir sér myndina á dskj. nr. 12. Kveður hann myndina sýna sams konar gröfu og notuð var í umrætt sinn, með sams konar bómu og skóflu. Mætti segir, að vegna dýptar skurðarins hafi armur nr. 3 á dskj. nr. 12 verið í beinu framhaldi af bómuarmi nr. 2, en að öðru leyti hafi staðsetning bómunnar og skóflunnar verið með svipuðum hætti og á myndinni greinir, en mætti ítrekar þó, að hann muni ekki, hvernig sjálf grafvélin sneri á skurðbakkanum. Mætti merkir nú með krossi á arm nr. 3, þar sem hann greip um í fallinu, en hann tekur fram, að á arminum, þar sem hann greip um, séu smá eyru sitt hvorum megin, sem hann hafi gripið um, en eyru þessi sjáist ekki á myndinni. Um leið og mætti greip um nefnd eyru, rétti Helgi að fullu úr skóflunni með þeim afleiðingum, að sá hluti skóflunnar, sem merktur er 4 á myndinni, skall á bómuarminn, þar sem mætti hélt um, svo að hendur mætta klemmdust á milli. Um leið og Helgi heyrði ópið frá mætta, breytti hann stöðu skóflunnar, þannig að bómuhlutinn nr. 4 fjarlægðist arminn nr. 3, og losnaði mætti þá frá skóflunni. Mætti var í klofháum vaðstígvélum, sem voru uppbrett. Utan yfir þeim var mætti í regnbuxum síðum og að ofan í regnúlpu. Á höndum hafði hann ullarbelgvettlinga og þar yfir gúmmíbelgvettlinga og var með þá á höndunum, þegar slysið varð. Þeir félagar höfðu um morguninn unnið við að hreinsa botn skurðarins, en á botninum var forarbleyta og frosið undir. Mætti veit ekki, hvort Gylfi flokksstjóri hafi gefið Helga fyrirmæli um hreyfingu á bómunni og skóflunni, og mætti minnist þess ekki, að Gylfi hafi aðvarað mætta að fara lengra frá skóflunni. Mætti kveðst ekki geta sagt um, hve nálægt skóflunni hann var, þegar hann rann til. Hann segir, að Helgi hafi verið að rétta úr armi 3 og opna skófluna til fulls, en telur, að jafnframt hafi hann sveigt bómuna lítillega til vinstri, þ. e. niður eftir skurðinum, og tekur mætti fram í þessu sambandi, að vélin sé þannig útbúin, að stjórnandi hennar geti sveigt bómuna til hliðar til hægri eða vinstri, um leið og hann stjórnar bómunni að öðru leyti."

Gylfi Hallgrímsson, flokksstjóri hjá stefnda, gaf skýrsu fyrir

rannsóknarlögreglu hinn 3. desember 1970. Þar segir svo: „Ég man vel eftir atviki þessu, og sá ég, er óhappið skeði, enda stóð ég við hliðina á Hirti, er hann rann til. Við vorum að vinna í djúpum skurði, sem grafinn var vestan við kapelluna í Fossvogskirkjugarði. Þarna var einnig Helgi Ámundason, en hann stjórnaði vélgröfu, sem einnig var þarna á skurðbakkanum. Við Hjörtur vorum að hreinsa lausan jarðveg úr botni skurðarins, og mokuðum við honum upp í skóflu gröfunnar. Við urðum þess síðar varir, að klemma bilaði á glussaröri við skóflu vélarinnar, og kom okkur saman um að lagfæra bilun þessa þarna í skurðinum. Helgi færði síðan til bómuna og slakaði henni síðan niður á botninn og opnaði skóflunа. Er hann var að færa til bómuna, sá ég, að Hirti varð fótaskortur, enda forarbleyta þarna í botninum og frosið undir. Ég sá Hjört grípa um bómuna til að forðast fall, og þá um leið lenti efri hluti skóflunnar á höndum hans, sem urðu þar á milli. Ég heyrði hann síðan æpa upp og slakaði Helgi þá strax á skóflunni, og fórum við síðan að aðgæta meiðsl Hjartar. Við vorum þarna með bifreið, sem Loftorka s.f. átti, og fórum við strax á slysavarðstofuna með Hjört og síðan þaðan á Landspítalann. Ég hringdi í framkvæmdastjóra Loftorku s.f. frá slysavarðstofunni, Sigurð Sigurðsson, og tilkynnti honum um slysið, enda átti ég að teljast flokksstjóri þarna á staðnum. Ég hefi lengi unnið með Hirti, og er hann gætinn maður og mjög góður verkmaður."

Gylfi Hallgrímsson hefur hér fyrir dómi hinn 6. apríl 1972 lýst ofangreinda skýrslu sína rétta. Vitnið segir, að grafan hafi verið staðsett þannig á bakkanum, að framhjól hennar sneru að skurðinum, en vitnið man nú ekki nákvæmlega, hvernig hún var staðsett, en telur þó líklegast, að hún hafi verið staðsett um það bil hornrétt á skurðinn og að hjólin hafi verið um það bil 1 metra frá skurðbarmi, en vitnið man það ekki nákvæmlega. Vitnið kveðst hafa staðið rétt hjá Hirti, þegar slysið varð, en kveðst ekki muna það nákvæmlega, en man þó, að þeir voru neðan til við bómuna, en ekki hvar. Vitnið segir, að vitnið eða stefnandi hafi jafnan gefið Helga merki um það, hvenær hann átti að hífa skóflunа, eftir að þeir voru búnir að fylla hana, og einnig þegar þeir vildu láta færa skóflunа til hliðar niðri í skurðinum. Þá hafi þeir einnig gefið Helga merki um það, hvar þeir vildu fá skóflunа niður, enda hafi Helgi ekki séð niður í botn skurðarins, vegna þess hve djúpur skurðurinn var og stýrishúsið nokkuð frá bakkabrúninni. Eystri bakkinn var brattur efst, en skái á honum að neðan. Að

ofan var skurðurinn á að gizka um 4 metrar á breidd, en niðri í botninum á að gizka 2—2½ metri. Vitnið man ekki, hvernig veðrið var, en minnir þó, að það hafi verið rigning, en milkil bleyta var niðri í skurðinum. Vitnið man, að það var gallaklætt. Vitnið segir, að það og stefnandi hafi orðið ásáttir um að gera við bilunina niðri í skurðinum og telur, að annar hvor þeirra, og þá trúlega vitnið sjálft, hafi gefið Helga bendingu um það að slaka skóflunni niður. Vitnið telur, að Helgi hafi haft gott útsýni út um framgluggann, en vitnið man nú ekki neitt að segja um ástand framrúðunnar, þegar slysið varð. Vitnið sá, þegar stefnandi hrasaði, en ekki nákvæmlega hvernig stefnandi greip um bómuna. Vitnið þorir ekki að ábyrgjast, hvort bóman var þá á hreyfingu, en skóflan hafi örugglega verið að opnast. Vitnið var fyrir neðan stefnanda í nefnt sinn og sneri í átt að skóflunni. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvernig skóflan kom niður í umrætt sinn, en telur, að Helgi hafi snúið bómunni til vinstri og látið skóflunа síga jafnframt og skóflan komið nokkurn veginn þvert á skurðinn. Í þessu sambandi er mætta kynnt skýrsla stefnanda um þetta atriði, þ. e. niðurlag skýrslu stefnanda. Telur vitnið þá skýrslu vel geta verið rétta. Vitnið telur, að Helgi hafi ætlað að setja bómuna sem næst þvert á skurðinn, til þess að þeir niðri í skurðinum kæmust sem bezt að biluninni. Vitnið segir, að Helgi hafi verið vanur gröfumaður. Vitnið telur, að Helgi hafi séð vel niður á hausana á þeim, sem ofan í skurðinum voru. Vitnið er spurt að því, hvort það hafi ekki talið rétt að aðvara stefnanda um að vara sig á skóflunni. Kveðst vitnið ekki hafa hugsað út í það, að nein hætta væri á ferðum, og því ekki gert það. Vitnið segir, að Helgi hafi getað haft fulla stjórn á vélinni, enda þótt klemman hafi dottið af, en hún hafi ekki haft nein áhrif á stjórnunarmöguleika Helga á bómunni. Vitnið segir, að grafan hafi verið látin standa kyrr á sama stað allan daginn. Það kveðst hafa hringt í framkvæmdastjóra Loftorku, Sigurð Sigurðsson, og yfirverkstjórann, Friðrik Steindórsson. Vitnið hringdi hvorki á rannsóknarlögregluna né á Öryggiseftirlit ríkisins. Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda segir vitnið, að vanur maður eigi á auðveldan hátt að geta komið bómunni með skóflunni hornrétt niður í skurðinn eða því sem næst. Vitnið segir, að sleipt hafi verið á botni skurðarins.

Guðmar Helgi Ámundason, stjórnandi vélgröfunnar, undirritaði tilkynningu um tjón þetta til réttargæzlustefnda hinn 8. nóv-

ember 1969. Undir þessa tjóntilkynningu ritaði einnig Friðrik Steindórsson, yfirverkstjóri stefnda. Um atvik að slysinu segir svo í þessari tilkynningu: „Ökumaður gröfunnar var að grafa við Fossvogskirkjugarð. Bilaði þá klemma á glussaröri, og ætlaði hann að fara að laga það, er einn starfsmaður, sem staðsettur var niðri í skurðinum, hrasar og ber fyrir sig hendurnar, en í sama bili skellur bóman við skófluna, og urðu hendur hans á milli."

Guðmar Helgi gaf aftur skýrslu til réttargæzlustefnda þann 12. janúar 1970, svohljóðandi: „Það var ekki um að ræða nokkra bilun á skóflunni eða bómunni, og gat ég því haft fulla stjórn á tækinu. Bilunin var á klemmu á vökvaröri, og ætlaði ég aðeins að stöðva vinnuna, meðan ég lagaði þetta. Ég var að hagræða bómunni til þess að fara upp á hana og laga klemmuna, sem þar var. Þegar skóflan er fullopin, skellur hún á bómuna, og það gerði hún einnig í þetta sinn, en þá vildi svo til, að maðurinn, sem var niðri í skurðinum, hrasaði til, sennilega vegna hálku í moldinni og leirnum, og greip með báðum höndum í eyru, sem eru sitt hvorum megin á bómunni, alveg um leið og skóflan var að skella á bómuna. Ég held, að Hjörtur hafi ætlað að fara að hjálpa við að laga klemmuna. Aðspurður kveðst stjórnandi gröfunnar halda, að Hjörtur hafi verið búinn að vinna við þessi störf í tvö til þrjú ár, eða svipaðan tíma og hann sjálfur."

Guðmar Helgi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni hinn 3. desember 1970. Var þá fært til bókar: „Ég var þennan dag að vinna í Fossvogskirkjugarði á vélgröfu af Bröyt X2 gerð, og var ég að moka upp jarðvegi úr djúpum skurði. Vélin stóð á bakkanum, en bóma hennar og skófla ofan í skurðinum, en þar voru þeir Hjörtur Gunnarsson og Gylfi Hallgrímsson, og mokuðu þeir jarðvegi upp í skóflunа, en ég lyfti því síðan upp úr skurðinum. Við tókum þá eftir því, að spenna af glussaröri féll niður í skurðinn, og ætluðu þeir Gylfi og Hjörtur að lagfæra bilun þessa, enda aðstaða góð þarna í skurðinum og bilunin alveg fremst á bómuendanum. Ég slakaði bómunni alveg niður í botninn og opnaði um leið skóflunа, og um leið og hún nam við botninn, heyrði ég einhvern æpa í skurðinum, og þá um leið sló ég til baka stöngina, sem ég áður hafi fært frá mér, og opnaðist þá skóflan aftur. Ég fór síðan út og sá þá, hvað hent hafði. Ég sá þá félagana í skurðinum ekki vel, en þó hvar þeir voru staðsettir, en ekki, hvað þeir aðhöfðust, enda skurðurinn djúpur. Við fórum síðan með Hjört á slysavarðstofuna og þaðan á Landspítalann .... Ég hefi unnið með Hirti af og til s.l. 4 ár og

líkar mjög vel að vinna með honum, enda hann góður verkmaður og gætinn."

Guðmar Helgi gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 6. apríl 1972. Lýsti Guðmar Helgi þá skýrslu sína til réttargæzlustefnda rétta, einnig kvað hann rétt eftir sér haft í skýrslunni fyrir rannsóknarlögreglunni, en tók fram, að þar sem segir í skýrslunni, „og opnaðist þá skóflan aftur", væri nákvæmara að segja, að þá hafi efri hluti skóflunnar farið frá bómuarmi. Jafnframt var bókað eftir vitninu: „Vitnið kveðst nú ekki muna, hvernig grafan stóð á bakkanum, en telur, að hún hafi staðið svipað og myndin á dskj. nr. 12 sýnir, en vitnið kveðst ekki geta munað, hvort hún stóð alveg þvert á skurðinn. Vitnið telur, að skurðurinn hafi verið á milli 4.50—5.00 m á dýpt. Grafan geti ekki með góðu móti hreinsað dýpra en 4½ metra og hafi því þurft að moka með handafli upp í skóflunа. Framhjól gröfunnar stóðu á eystri bakkanum á að gizka 50 cm frá bakkabrún, en vitnið segir, að fjarlægðin frá bakkabrún kunni að hafa verið meiri, þar sem jarðvegurinn hafi verið blautur og gljúpur. Útsýni úr stjórnsæti tækisins var með þeim hætti, að vitnið sá ofan á kollana á þeim, sem niðri í skurðinum voru, en skurðurinn var um það bil 3—4 metrar að ofan. Í botninn var skurðurinn á að gizka 1.50—2 metrar á breidd. Vitnið segir, að klemman á glussarörinu hafi dottið af, þegar vitnið var að flytja jarðefni í skóflunni upp á bakkann. Vitnið sá ekki, þegar hún datt. Annar hvor þeirra, sem niðri í skurðinum voru, lét vitnið vita um þetta. Vitnið losaði jarðveginn úr skóflunni með því að lyfta bómunni upp til hægri og upp fyrir gröfuna og flutti jarðveginn þannig upp í hálfhring. Vitnið segir, að hann hafi ekki fengið neina sérstaka merkjagjöf frá þeim, sem niðri í skurðinum voru um það, að hann mætti lækka bómuna, enda hafi ekki neinar slíkar merkjagjafir verið gefnar, en vitnið reyndi jafnan að fylgjast með því, hvar mennirnir, sem niðri í skurðinum voru, væru staðsettir, þegar hann hreyfði bómuna til. Í umrætt sinn var vitnið að tilfæra skóflunа ofan af bakkanum, og ætlaði vitnið að láta tennurnar á skóflu-endanum nema við botninn, á meðan viðgerð færi fram. Vitnið man nú ekki, hvar skóflуendinn kom niður í skurðinn miðað við gröfuna sjálfa á bakkanum. Er vitninu í því sambandi bent á skýrslu stefnanda um þetta atriði. Telur vitnið, að skýrsla stefnanda að þessu leyti geti vel verið rétt. Vitnið man ekki, hvar Gylfi stóð, þegar slysið varð. Vitnið telur, að það hafi vitað, hvar stefnandi og Gylfi voru, þegar hann lét bómuna falla, enda kveðst

hann ekki mundu hafa slakað bómunni, nema vita fyrir fram, hvar þeir væru í skurðinum. Vitnið segir, að mikið hafi rignt undanfarna daga og hafi allt verið á floti þarna, en vitnið man ekki nú, hvort úrkoma var einmitt þá stundina, er slysið varð. Úr stjórnsætinu þurfti vitnið að horfa út um framglugga stýrishússins, sem ekki var hægt að skrúfa niður. Á framrúðu þessari var þurrka, en vitnið man nú ekkert um ástand þurrkunnar, en vitnið telur, að rúðan hafi verið óskemmd þannig, að hann hafi haft óhindrað útsýni um hana. Frekar aðspurt segir vitnið, að oft hafi komið fyrir, að rúðurnar hafi brotnað, en jafnan hafi þá verið skipt um rúður, en um ástand rúðunnar í umrætt sinn kveðst vitnið nú ekki geta munað neitt sérstaklega. Vitnið segir, að Friðrik Steindórsson hafi verið yfirverkstjóri yfir verkinu en flokksstjóri hafi talizt Gylfi Hallgrímsson, sem hafi auk þess verið elztur og haft mesta starfsreynslu. Vitnið segir, að umrædd grafa hafi verið seld til Ísafjarðar og muni vera þar enn, en vitnið, sem er enn starfsmaður hjá stefnda, segir, að sams konar vél sé til hjá fyrirtækinu. — Upplesið, játað rétt bókað með þeirri athugasemd, að þeir, sem ofan í skurðinum voru, hafi að jafnaði gefið vitninu merki um það, þegar lyfta átti skóflunni upp með jarðefnin og þegar þeir vildu láta hreyfa hana til hliðar í skurðinum."

III.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að meginorsök slyssins hafi verið ófullnægjandi vinnuaðstæður í skurðinum, því að undir eðlilegum kringumstæðum hafi honum ekki átt að skrika fótur. Viðkomandi verkstjóra hafi borið að sjá um, að vinnuaðstæður væru sem beztar og fyllsta öryggis væri gætt á vinnustað. Þessari skyldu sinni hafi verkstjórinn brugðizt. Í umrætt sinn hafi enginn maður verið uppi á skurðbakkanum til þess að leiðbeina stjórnanda vélgröfunnar, en sá síðastnefndi hafi ekki getað séð nægjanlega ofan í skurðinn vegna dýptar skurðarins. Flokksstjórinn hafi heldur ekki séð um merkjagjöf í umrætt sinn og hann hafi enga aðvörun gefið. Bóman, sem sé vinstra megin við stjórnsæti gröfunnar, hafi byrgt mjög útsýn til vinstri, svo að stjórnandi vélgröfunnar hafi af þeim sökum einnig séð mjög illa til, þegar hann sneri gröfunni til vinstri, þar sem stýrishúsið snúist með bómunni. Þá sé þess að geta, að rigning hafi verið og skammdegi, en eigi sé upplýst um lýsingu á staðnum. Að lokum bendir stefnandi á, að stefndi verði að bera hallann af sönn-

unarskorti, þar sem hann hafi ekki látið lögreglurannsókn á vettvangi fara fram og ekki heldur tilkynnt slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952.

Stefndi styður kröfur sínar þeim rökum, að leitt sé í ljós, að stefnandi hafi runnið til og lagt hendurnar á bómu gröfunnar til að verja sig falli. Það sé algengt, að hálka myndist á slíkum vinnustað, sem hér um ræðir. Yfirleitt gæti hálku meira og minna við slík störf og önnur, bæði áþekk og ósambærileg, sem unnin séu utan dyra að vetrarlagi, oft í misjöfnum veðrum. Við slíku sé ekkert að gera. Að minnsta kosti yrðu varnaraðgerðir yfirleitt svo langsóttar, að um það verði ekki sakazt, þótt þær séu ekki í frammi hafðar. Viðlíka hætta sé og viðloða á ýmsum vinnustöðum innan húss, án þess nokkuð sé að gert. Megi sem dæmi nefna frystihús og veiðiskipin, þar sem áþekk hætta og hér um ræði sé hvað mest og raunhæfust, án þess að ábyrgð komi til. Það verði sem sagt ekki við vinnuveitanda sakazt, þótt slík hætta, sem hér um ræðir, verði virk gagnvart starfsmanni. Honum verði ekki að lögum gerð nokkur ábyrgð á tjóni starfsmanns, sem af slíkri hættu orsakist. Þar komi annað tveggja til eða hvort tveggja, óhappatilviljun og gáleysi þess starfsmanns, er hlut eigi að máli, það sé ætlazt til þess, að starfsmenn geri sér slíka hættu ljósa og varist hana hver fyrir sig og á eindæmi sitt. Hér sé óþarfi að fjölyrða um sýknuástæður. Atvik að slysinu séu nægilega í ljós leidd. Fjölmargra dóma njóti um sýknu af kröfum starfsmanns, þar sem aðstæður hafi verið áþekkar. Þótt íslenzkir dómstólar séu bótasinnaðir, eins og það hafi verið orðað, hafi þeir aðhyllzt þá grundvallarreglu á sviði skaðabótaréttar, að fullnægt skuli skilyrðum culpareglunnar, til að fébótaábyrgð verði lögð á vinnuveitanda vegna tjóns starfsmanns af völdum slyss í starfi. Því almennara og einfaldara sem starfið sé, þeim mun strangari verði ábyrgðarskilyrðin. Hér komi til álita dæmi, sem að engu leyti fullnægi áskildum ábyrgðarskilyrðum. Sýkna sé því alveg vafalaus. Við hinn munnlega málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að dómstólar hér á landi hefðu á síðustu árum slakað á kröfum um fyllstu varnaraðgerðir vinnuveitenda til að koma í veg fyrir slys á vinnustöðvum.

IV.

Í 5. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum er sett fram eftirfarandi meginregla: „Vinnuveitanda ber að sjá um, að á vinnustað sé öllu svo fyrir komið, að verkamenn séu

verndaðir gegn slysum og sjúkdómum eftir því sem föng eru frekast til.“ Þessi stranga lagaregla hefur verið sett til verndar þeim mikilsverðu hagsmunum verkamanna, að þess sé gætt af hálfu vinnuveitanda, svo sem frekast er unnt, að verkamenn bíði ekki líkamstjón við vinnu sína. Vinnuveitendur geta vátryggt sig gegn mistökum starfsmanna sinna í þessu efni, svo sem stefndi gerði í því tilviki, sem hér er um fjallað. Verður því ekki á það fallizt með stefnda, að ástæða sé til fyrir dómstólana að slaka á kröfum að þessu leyti. Eigi fór fram rannsókn á slysinu á vettvangi, og ekki tilkynnti stefndi Öryggiseftirlitinu um slysið, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952. Fullnægjandi rannsókn á vettvangi hefði gefið gleggri upplýsingar um staðhætti alla. Verður þessi vanræksla stefnda að koma honum í koll við mat á sönnunargögnum um atvik að slysinu.

Dómendur hafa skoðað vélgröfu af sömu tegund og umrædd vél, en af yngri árgerð.

Svo sem fyrr er lýst, losnaði klemma á glussaröri á bómu vélgröfunnar. Þrátt fyrir ummæli stefnanda verður ekki talið, að góð aðstaða hafi verið niðri í skurðinum til að gera við bilun þessa, svo sem stefnandi var klæddur og aðstæður voru að öðru leyti, en nauðsynlegt var að klifra upp á bómu vélarinnar til þess að komast að rörinu. Eðlilegast var að láta stjórnanda vélgröfunnar annast viðgerðina uppi á bakkanum. Telja verður, að sú ákvörðun að láta gera við rörið niðri í skurðinum hafi verið tekin af flokksstjóranum, sem var niðri í skurðinum með stefnanda. Ósannað er, að flokksstjórinn hafi þá jafnframt hlutazt til um, að stjórnandi vélgröfunnar fengi glöggar bendingar um slökun bómunnar á þann hátt, að hættulaust væri fyrir þá, sem niðri í skurðinum voru. Leggja verður til grundvallar, að stjórnandi gröfunnar hafi alls ekki haft næga útsýn úr stýrishúsi vélarinnar niður í skurðinn. Enginn maður var uppi á skurðbakkanum til að leiðbeina stjórnanda vélgröfunnar, sem gat ekki vegna dýptar skurðarins séð nægjanlega til stefnanda, sem stóð niðri í skurðinum undir skurðbakkanum, sem vélgrafan stóð á. Stjórnandi gröfunnar „opnaði“ skófluna, um leið og hann lét bómuna síga niður í skurðinn, og færði hana jafnframt til hliðar. Ósannað er, að hann hafi gefið stefnanda eða flokksstjóranum til kynna, að hann mundi „opna“ skófluna, um leið og hann beindi bómunni niður í skurðinn, en við framkvæmd verksins áður kom ekki til slíkrar „opnunar“ niðri í skurðinum. Þetta skapaði hættuástand, sem ósannað er, að stefnandi hafi mátt sjá

fyrir. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, og með tilliti til sönnunarreglna verður að telja, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart stefnanda vegna þess tjóns, sem stefnandi varð fyrir við slysið. Telja verður hins vegar, að stefnandi hafi ekki sýnt næga aðgæzlu og að hluta sé um óhappatilviljun að ræða. Þykir því rétt, að stefnandi beri sjálfur ⅓ hluta tjóns síns, en stefnda verður gert að bæta honum tjónið að ⅔ hlutum.

V.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1.	Örorkutjón	kr. 446.863.00
2.	Þjáningar, óþægindi og lýti	— 100.000.00
		Kr. 546.863.00

Um kröfulið 1.

Stefán Guðnason læknir hefur hinn 29. apríl 1970 metið örorku stefnanda. Í matsgerðinni segir m. a.:

„Fyrir liggur vottorð Árna Björnssonar, yfirlæknis, Reykjavík, dags. 20/4 1970 svohljóðandi:

„Hjörtur Laxdal Gunnarsson, f. 27/10 1948, til heimilis að Linnetsstíg 6, Hafnarfirði, var lagður inn á Handlæknisdeild Landspítalans hinn 7. 11. 1969 vegna afleiðinga af handarslysi, er hann hafði orðið fyrir sama dag, er hann var að vinna að sögn í skurði og var lyft upp úr skurðinum með gröfu.

Hjörtur slasaðist á báðum höndum, og var ástand hans við komu svo lýst, að hægri hönd er þannig sködduð, að vísifingur er kraminn fremst, nöglin af og naglbeður í sundur og sár út frá sprungunni niður á gómana báðum megin. Fremsti hluti af löngutöng var kraminn sundur, allt hold frá beini og mestallt sundurkramið alveg upp fyrir distala interphalangeallíðinn, beinið stendur út úr bert. Svipað er að segja um baugfingurinn, þar er holdið einnig mjög kramið og marið upp fyrir distala i.p. liðinn og beinið auk þess brotið. Á litlafingri er nöglin af og sprunga í naglbeðnum, en að öðru leyt er fingurinn lítið skaddaður. Vinstra megin er ástand þannig, að langatöng er sprungin fremst, nöglin af og naglbeðurinn sprunginn og sprunga út til beggja hliða og upp í fingurinn, þannig að hún er klofin upp undir proximala i.p. liðinn, en fliparnir eru báðir lífvænlegir. Baugfingur er sundurkraminn fremst og upp fyrir miðjan miðphalanx og loks er litli-

fingur sprunginn gegnum naglbeðinn og nöglin alveg af og sprungur út til beggja hliða niður í góminn.

Gert var að sárum sjúklings, þannig að sárin á vísifingri og litlafingri hægri handar voru saumuð, langatöng og baugfingur voru teknir í sundur um miðjan miðphalanz og saumað fyrir endana. Þá voru sárin á löngutöng og litlafingri vinstri handar saumuð, en baugfingur var tekinn í sundur um miðjan eða rétt ofan við miðjan miðphalanz og saumað fyrir endann.

Slasaði útskrifaðist þ. 13. 11. 1961.

Sárin greru vel, og slasaði hefur nú hafið vinnu, og virðist það ganga vel, þannig að hann hefur getað haldið sinni fyrri vinnu og hefir ekki veruleg óþægindi í höndunum, en að sjálfsögðu takmarkar bæklunin vinnuhæfni hans til annarra starfa verulega. Ekki verður ástæða til frekari aðgerða."

Slasaði kom til undirritaðs til skoðunar 27/4 1970. Slasaði kveðst hafa verið óvinnufær í 2 mánuði frá slysdegi, en hélt fullum launum. *Hægri hönd:* Það vantar fjærkjúkur III. og IV. fingurs. *Vinstri hönd:* Það vantar fjærkjúku og hálfa miðkjúku IV. fingurs. Ör eru öll slétt og vel gróin.

Ekki er að vænta frekari bata á meiðslum slasaða, og telst tímabært að meta nú þá örorku, sem hann hefur hlotið af afleiðingum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 2 mánuði:	100%
Eftir það varanlega	10%"

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur hinn 6. júlí 1970 metið örorkutjón stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats. Í álitsgerð tryggingafræðingsins segir m. a.:

„Hjörtur er sagður fæddur 27. október 1948 og hefur því verið 21 árs á slysdegi.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Hjartar árin 1967-1969 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1966	kr. 144.611.00
— 1967	— 218.754.00
— 1968	— 260.506.00

Hjörtur hefur aflað þessara tekna 18, 19 og 20 ára gamall. Auð-

séð er, að hann hefur haft miklu meiri tekjuöflunarhæfni en venjulegt er um unglinga á þeim aldri, og tekjur hans síðasta árið, þ. e. árið 1968, eru álíka háar og meðaltekjur kvæntra verkamanna það ár samkvæmt úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar.

Ég tel því rétt að nota tekjur tveggja síðustu áranna umreiknaðar til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á 2. taxta Dagsbrúnar.

Þannig umreiknaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 10% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið 90% af þeim í tvo mánuði:

	Áætlaðar vinnutekjur	*Áætlað vinnutekjutap* v/tímab. örorku:	v/varanl. örorku
1. árið eftir slysið	kr. 306.104.00	kr. 44.397.00	kr. 28.866.00
Síðan árlega	— 323.548.00		— 32.355.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

vegna tímabundinnar örorku	kr. 42.887.00
— varanlegar —	— 403.976.00
Samtals	kr. 446.863.00

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Hjörtur kann að hafa fengið greitt frá vinnuveitanda fyrst eftir slysið.
2. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Tryggingafræðingurinn hefur hinn 25. maí 1972 endurreiknað örorkutjón stefnanda. Í álitsgerð um þetta segir tryggingafræðingurinn:

„Síðan ég í útreikningi, dagsettum 6. júlí 1970, reiknaði út örorkutjón Hjartar Gunnarssonar vegna slyss hans 7. nóv. 1969, hafa orðið mjög miklar hækkanir á kauptöxtum verkamanna,

bæði vegna hækkana á kaupgreiðsluvísitölu, en hún verður frá 1. júní n.k. 117, og hækkana á grunnkaupi. Þér óskið því eftir nýjum útreikningi.

Ég hef áætlað vinnutekjur Hjartar að nýju með tilliti til taxtahækkananna, og er þá reiknað með þeim hækkunum, sem vitað er um að verða 1. júní n. k. og 1. marz 1973.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap reiknast nú:

	Áætlaðar vinnutekjur	*Áætlað vinnutekjutap* v/tímab. örorku:	v/varanl. örorku
1. árið eftir slysið	kr. 308.553.00	kr. 44.397.00	kr. 30.855.00
2. — — —	— 339.272.00		— 33.927.00
3. — — —	— 406.700.00		— 40.670.00
4. — — —	— 454.245.00		— 45.424.00
síðan árlega	— 462.382.00		— 46.238.00

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 42.887.00
— varnlegrar —	— 562.872.00
Samtals	kr. 605.759.00

Um aðrar forsendur og reiknigrundvöll vísast til fyrri útreiknings míns."

Stefnandi byggir fjárhæð þessa kröfuliðs á útreikningum tryggingafræðingsins, en bendir á, að ekki eigi að koma til lækkunar á þessum lið vegna þess, hve langt sé liðið síðan fyrri útreikningur var gerður og þegar tekið sé tillit til síðari útreiknings.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Auðsætt sé af örorkumatinu, að stefnandi hafi þrátt fyrir meiðslin óskerta starfsorku til að gegna störfum sínum hjá stefnda og öðrum áþekkum störfum. Það eitt skipti hér máli, en ekki hvort möguleikar stefnanda til óskyldra starfa séu skertir. Fram komi í örorkumatinu, að stefnandi hafi verið frá vinnu vegna meiðslanna í tvo mánuði, en hann hafi notið allan þann tíma óskertra launa hjá stefnda. Stefnandi hafi ekki síðan misst neinar tekjur vegna slyssins og eigi sé ástæða til að ætla, að til þess komi nokkurn tíma. Það sé því fjarri lagi, að stefndi sé krafinn um bætur til handa stefnanda fyrir liðna tíð. Hið tímabundna örorkumat eigi því

engan rétt á sér. Þá beri að meta til lækkunar skattfríðindi og hagræði af eingreiðslu. Stefndi mótmælir því einnig, að taka eigi nokkurt tillit til síðari útreiknings tryggingafræðingsins.

Stefnandi hefur að vísu haldið áfram störfum hjá stefnda allt frá slysdegi og haldið föstum launum sínum. Ljóst er hins vegar, að fyrir verkamann hlýtur það að vera umtalsverð örorka, svo sem í örorkumati er rakið, þegar verkamaður missir framan af löngutöng og baugfingri hægri handar og baugfingri vinstri handar. Samkvæmt venju þykir við ákvörðun bóta samkvæmt þessum kröfulið mega hafa hliðsjón af hinum nýja útreikningi tryggingafræðingsins. Þegar gögn öll eru virt og höfð eru í huga þau réttarfarssjónarmið, sem hér eiga við, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið á kr. 410.000.00.

Um kröfulið 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem alltof háum.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Auk tímabundinna þjáninga verður að ætla, að stefnandi hafi nokkur varanleg óþægindi af limlestingu þeirri, sem hann varð fyrir. Af henni hefur stefnandi einnig hlotið varanleg lýti. Þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema samtals kr. 510.000.00 (410.000.00 + 100.000.00). Ber stefnda að greiða stefnanda ⅔ hluta tjónsins, eða samtals kr. 340.000.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt verkfræðingunum Guðmundi Björnssyni prófessor og Haraldi Árnasyni ráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi, Loftorka s/f, greiði stefnanda, Hirti Laxdal Gunnarssyni, kr. 340.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. nóvember 1969 til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. apríl 1973.

Nr. 70/1972: **Bifreiðaverkstæðið Þórshamar h/f**
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
gegn
Skúla Guðmundssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Magnús Torfason, prófessor Jónatan Þórmundsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Vinnulaun. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962, hinn 5. maí 1972. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að „hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að efnisniðurstöðu til“ og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 30. júní 1970 gerðu landssambönd og félög vinnuveitenda í málm- og skipasmíði víðsvegar um land og stéttarfélög sveina í þessum iðngreinum skriflegan samning um framlengingu þágildandi kjarasamninga einstakra vinnuveitendafélaga og sveinafélaga, en með ýmsum breytingum og viðaukum, sem nánar greindi í kjarasamningnum. Meðal þeirra félaga, sem undirrituðu hið nýja samkomulag, var stéttarfélag stefnda, Sveinafélag járniðnaðarmanna, Akureyri, og vinnuveitendafélag áfrýjanda, Meistarafélag járniðnaðarmanna, Akureyri. Giltu því eftir 30. júní 1970 um kjör bifvélavirkja á Akureyri kjarasamningur þessara félaga frá 29. ágúst 1965 með áorðnum breytingum svo og þeim breytingum og viðaukum, sem fólust í hinum nýja kjarasamningi.

Í samningnum 30. júní 1970 sagði m. a. svo í 6. grein:

„Framhaldsnámi skal komið á með námskeiðum til að auka verkþekkingu og vinnuhæfni sveina umfram almennt iðnnám. Framhaldsnám gefur því aðeins rétt til kaupauka, að viðkomandi sveinn hafi lokið prófi frá minnst tveimur viðurkenndum námskeiðum.

Kaupauki vegna framhaldsnáms skal vera 10% á unna dagvinnustund samkvæmt samningi þessum. Kaupauki á unnar eftir-, nætur- og helgidagastundir skal greiddur með sömu krónutölu og er á dagvinnutímakaupi".

Framangreint ákvæði var nýmæli í heildarkjarasamningum málm- og skipasmiða, en félagsmenn sumra stéttarfélaga, sem í hlut áttu, og þar á meðal bifvélavirkjar, höfðu um nokkurt skeið fengið greitt álag á kaup sitt, ef þeir sóttu framhaldsnámskeið að venjulegu iðnnámi loknu. Nam sá kaupauki 10% á útborgað kaup. Á Akureyri hafði greiðsla þessa kaupauka byggzt á munnlegu samkomulagi við bifvélavirkja, og framkvæmdin þar orðið sú, að kaupaukinn var greiddur öllum bifvélavirkjum, hvort sem þeir höfðu sótt framhaldsnámskeið eða ekki. Greind venja varð tilefni þess, að sama dag, sem hinn nýi heildarkjarasamningur var gerður, undirrituðu sveinafélög og vinnuveitendafélög á Norðurlandi þá sameiginlegu yfirlýsingu, sem orðrétt er rakin í héraðsdómi.

Sama dag undirrituðu flest vinnuveitendafélaganna, sem stóðu að hinum nýja kjarasamningi, einhliða yfirlýsingu um, að óbreyttar skyldu standa þær yfirgreiðslur, sem tíðkast höfðu undanfarið. Er sú yfirlýsing orðrétt greind í héraðsdómi.

Enginn ágreiningur er með aðiljum um það, að stefndi hafi haldið rétti til að fá greiddan kaupaukann vegna framhaldsnámskeiðs eftir 30. júní 1970, eins fyrir því þótt hann sækti ekki framhaldsnámskeið. Fær þetta stoð í hinni sameiginlegu yfirlýsingu félaga vinnuveitenda og sveina. Hins vegar deila málsaðiljar um það, hvernig kaupaukinn skuli reiknaður. Hefur áfrýjandi eftir 30. júní goldið stefnda kaupaukann sem 10% álag á kaup fyrir allar unnar vinnustundir reiknaðar á dagvinnukaupi, eins og 6. gr. kjarasamningsins

mælir fyrir um. Stefndi heldur því hins vegar fram, að hin einhliða yfirlýsing vinnuveitenda veiti honum rétt til að fá kaupaukann greiddan sem 10% álag á allt útborgað kaup, eins og verið hafði, áður en heildarkjarasamningurinn var gerður.

Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, nutu bifvélavirkjar á Akureyri fyrir 30. júní 1970 25% álags á kaup, sem greindist í 9% almenna kaupuppbót, 6% álag fyrir óþrifalega vinnu og 10% kaupauka vegna framhaldsnámskeiða. Voru þessar uppbætur allar reiknaðar af útborguðu kaupi. Er ekki ágreiningur með aðiljum um það, að í yfirlýsingu vinnuveitenda felist, að eftir 30. júní 1970 hafi átt að greiða almennu kaupuppbótina og álagið fyrir óþrifalega vinnu til bifvélavirkja á Akureyri með sama hætti og verið hafði.

Samkvæmt gögnum máls byggðist greiðsla hinnar almennu kaupuppbótar bifvélavirkja á Akureyri á munnlegu samkomulagi félaga þeirra, sem í hlut áttu, en álagið vegna óþrifalegrar vinnu var greitt samkvæmt ákvæðum kjarasamnings 24. júní 1969, er þó hafði verið breytt með munnlegu samkomulagi. Í heildarkjarasamningnum 30. júní 1970 var ekki kveðið á um kaupbætur þessar. Var því sérstakt tilefni til þess að árétta það skriflega, ef þær áttu að haldast óbreyttar. Um kaupuppbótina vegna framhaldsnámskeiðs gegndi hins vegar öðru máli, þar sem í 6. gr. kjarasamningsins sjálfs höfðu nú verið tekin bein ákvæði um hana. Stefndi hefur ekki leitt næg rök að því, að með undirritun sinni undir hina einhliða yfirlýsingu vinnuveitenda hafi Meistarafélag járniðnaðarmanna, Akureyri, bundizt skyldu til að greiða kaupauka þennan framar því, sem mælt var í 6. gr. hins nýja kjarasamnings. Er og á það að líta, að samdægurs var gert sérstakt skriflegt samkomulag til fyllingar nýmælinu í 6. gr., svo sem áður greinir. Lá beinast við, ef semja átti um frávik frá ákvæðum 6. gr. kjarasamningsins, að kveða á um þau í framangreindu samkomulagi. Verður samkvæmt þessu að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bifreiðaverkstæðið Þórshamar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Skúla Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. marz 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. febrúar s.l., hefur Skúli Guðmundsson bifvélavirki, Brekkugötu 6, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi á hendur Sigurði Jóhannessyni framkvæmdastjóra, Norðurbyggð 1 A, Akureyri, f. h. Þórshamars h/f, bifreiðaverkstæði, Akureyri.

Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.437.30 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá birtingu stefnu 26. júní 1971 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Stefndi krafðist þess aðallega, að málinu væri vísað frá dómi. Munnlegur flutningur um frávísunarkröfuna fór fram 10. desember 1971 og úrskurður kveðinn upp samdægurs og frávísunarkröfunni hrundið. Um efnishlið málsins gerir stefndi þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, ef stefnandi fær einhverja upphæð dæmda, að vaxtakrafa hans verði lækkuð. Í báðum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að stefnandi er sveinn í bifvélavirkjun og hefur í allmörg ár unnið hjá stefnda. Tímabilið frá 28. júní 1970 til 13. marz 1971 telur hann sig hafa fengið vangreitt kaup í eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu, sem nemur stefnufjárhæð miðað við gildandi kauptaxta, eða kr. 4.40 fyrir hverja eftirvinnustund og kr. 8.80 fyrir hverja nætur- og helgidagastund. Telur stefnandi að stefndi reikni kaup hans þannig, að í stað þess að reikna 25% á kr. 154.00 þá reikni stefndi 15% á þá upphæð og síðan 10% á kr. 110.00, sem sé dagvinnukaup á hverja unna klukkustund, og sama aðferð gildi um nætur- og helgidagavinnuútreikning varðandi 10% álagið, en þar sé grunnkaup kr. 198.00.

Skilning sinn á þessari aðferð sinni kveður stefnandi sig byggja á kjarasamningi frá 29. ágúst 1965 og öðrum frá 24. júní 1969 svo og endurnýjunum og viðaukum við þá, munnlegum og skrif-

legum. Framangreint 25% álag skiptist í uppbót 9%, óþrifaálag 6% og námskeiðsgjald 10%. Tvö fyrrgreind álög, eða 15%, reiknar stefndi á allt kaup, en 10% námskeiðsgjald á dagvinnukaup og bætir þeirri krónutölu við eftir-, nætur- og helgidagavinnu. Stefnandi heldur því fram, að fyrir 30. júní 1970 hafi álag þetta reiknazt á allt kaup og samkvæmt sérstakri yfirlýsingu atvinnurekenda þann dag skuli yfirgreiðslur til aðilja, sem tíðkazt hafi, haldast óbreyttar og greiðast á útborgað kaup á samningstímabilinu, sem þá er að hefjast.

Stefnandi kom fyrir dóm í málinu, en hann hefur starfað hjá stefnda frá hausti 1966 samfleytt, en áður hafði hann starfað hjá félaginu í 3 ár. Hefur hann ekki sótt greint framhaldsnámskeið í sínu fagi, enda hafa þau eigi verið haldin hér í bæ. Í október 1970 varð hann þess var, að breyting var orðin á útreikningi kaups, þegar hann fékk í hendur launaútreikning Sveinafélags járniðnaðarmanna eftir samningsgerðina 30. júní 1970.

Formaður Sveinafélags járniðnaðarmanna, Halldór Arason, kom fyrir dóm í málinu og auk hans þeir Hallgrímur Skaptason skipasmiður og Sigurður Jóhannesson, framkvæmdastjóri stefnda, en allir þessir menn tóku þátt í samningsgerðinni 30. júní 1970 fyrir sín hagsmunasamtök. Í 6. gr. samningsins segir m. a. svo: „II. Framhadsnámi skal komið á með námskeiðum til að auka verkþekkingu og vinnuhæfni sveina umfram almennt iðnnám. Framhaldsnám gefur því aðeins rétt til kaupauka, að viðkomandi sveinn hafi lokið prófi frá minnst tveimur viðurkenndum námskeiðum.

Kaupauki vegna framhaldsnáms skal vera 10% á unna dagvinnustund samkvæmt samningi þessum. Kaupauki á unnar eftir-, nætur- og helgidagastundir skal greiddur með sömu krónutölu og er á dagvinnutímakaupi.“

Samningurinn er undirritaður m. a. af Meistarafélagi járniðnaðarmanna á Akureyri og Sveinafélagi járniðnaðarmanna á Akureyri, en í samtökum þessum eru aðiljar máls þessa félagbundnir, en auk þessara er samningurinn undirritaður af fjölda landssamtaka og staðbundinna félaga atvinnurekenda og launþega.

Sama dag, eða 30. júní 1970, var gefin út svofelld skrifleg yfirlýsing, sbr. dskj. nr. 8: „Vinnuveitendur í málm- og skipasmíði lýsa yfir því, að yfirgreiðslur til meðlima sveinafélaganna í málm- og skipasmíði, sem aðilar eru að kjarasamningum, dagsettum í dag, þær sem tíðkast hafa undanfarið, skuli haldið óbreyttum og greiðast á útborgað kaup á samningstímabili því, sem nú er að hefjast.“

Yfirlýsing þessi er undirrituð af Meistarafélagi járniðnaðarmanna á Akureyri auk annarra vinnuveitenda.

Þá er gefin út svofelld skrifleg yfirlýsing, sbr. dskj. nr. 11: „Með tilvísun um samkomulag varðandi námskeið til handa sveinum í málmiðnaði, sem greiðast eiga með 10% álagi á kaup, þá staðfestist, að starfandi bifvélavirkjar, sem þegar hafa fengið þetta álag, fái ekki 10% í viðbót, þó þeir sæki nefnd námskeið.“ Undir þessa yfirlýsingu rita:

Sveinafélag járniðnaðarmanna, Akureyri.
Málmiðnaðardeild iðnsveinafélags Skagafjarðar.
Meistarafélag járniðnaðarmanna, Akureyri.
Vinnumálasamband samvinnufélaga.
Sveinafélag Húsavíkur og Suður-Þingeyjarsýslu.

Hallgrímur Skaptason kvað 6. gr. samningsins frá 30. júní 1970 innihalda fyrsta ákvæði um framhaldsnámskeið í kjarasamningum aðilja. Áður hafði það tíðkast í Reykjavík, strax er þessi námskeið hófust þar, að þeir, sem þau sóttu, fengu 10% álag á kaup. Eigi man hann, hvenær þetta byrjaði. Svo fór hér á Akureyri, að bifvélavirkjar hér fengu greiðslu samkvæmt þessu, þótt þeir sæktu eigi námskeið. Áður en samningur þessi var undirritaður, vildi vitnið fá það fram gagnvart bifvélavirkjum á Akureyri, að 10% álagið greiddist samkvæmt 6. gr., þ. e. það álag, sem tíðkazt hafði fyrir samninga, og sama á við um dskj. nr. 8 og 11. Hann getur þess, að Halldóri Arasyni hafi framangreint verið ljóst, enda hafi það verið rætt við hann.

Sigurður Jóhannesson tók við framkvæmdastjórastarfi hjá stefnda á árinu 1968, og námu þá heildarálögur á samningsbundið greitt kaup 26%, eða til 24. júní 1969 og eftir það til 30. júní 1970 25%. Sigurður bar á sömu leið og Hallgrímur um samningsgerðina 1970, þegar ákvæði um námskeið voru sett inn í skriflegan samning. Kvað hann samningamenn bifreiðaverkstæða á Akureyri, sem í raun höfðu greitt álag samkvæmt 6. gr. samningsins, hafa talið nauðsynlegt að fá staðfestingu Sveinafélags járniðnaðarmanna á Akureyri á því, að eigi kæmi til frekari greiðslna, þótt bifvélavirkjar sæktu námskeið sem þessi, og var það ástæðan fyrir því, að yfirlýsingin á dskj. nr. 11 var gerð, en hún var samin af samningamönnum vinnuveitenda. Þá upplýsti Sigurður, að sami háttur væri á útreikningi kaups á Norðurlandi öllu frá Blönduósi til Húsavíkur.

Halldór Arason hefur verið formaður Sveinafélags járniðnaðarmanna um árabil og tekið þátt í gerð flestra samninga frá árinu

1965. Taldi hann yfirlýsinguna á dskj. nr. 11 eiga við þá, sem síðar sækja námskeið.

Stefnandi hefur lagt fram skrá yfir vangreitt kaup viku hverja frá 28. júní 1970 til 13. marz 1971. Stefndi hefur ekki mótmælt þeim útreikningi. Þá hefur stefnandi lagt fram launamiða frá 1. marz 1970 til 11. apríl 1970, þar sem eftirvinna og næturvinna er greidd af stefnda með 25% álagi á útborgað kaup.

Stefndi telur, að það leiddi til öngþveitis í kaupgreiðslum, ef kröfur stefnanda yrðu teknar til greina, þar sem þá yrði um að ræða tvenns konar greiðslur til sveina í bifvélavirkjun eftir 30. júní 1970, þ. e. eldri sveinar fengju 25% ofan á allt kaup, en þeir, sem yrðu sveinar eftir þann tíma, fengju kaup samkvæmt kjarasamningi 30. júní 1970 og 10% námskeiðsálag í krónutölu miðað við dagvinnukaup, en þetta væri óforsvaranlegt gagnvart nýjum sveinum.

Í málinu er upplýst, að stefnandi gerði reka að leiðréttingu á kaupi samkvæmt framangreindu í október 1970.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, viðurkenningu stefnda á því að hafa greitt 25% álag á samningsbundið kaup fyrir 30. júní 1970 og yfirlýsingunni á dskj. nr. 8 þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti, þó þannig, að vextir reiknist 7% á ári.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Þórshamar h/f, greiði stefnanda, Skúla Guðmundssyni, kr. 1.437.30 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. júní til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1973.

Nr. 90/1972: **Skiptaráðandinn á Akranesi**
f. h. dánarbús M
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
K
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1972. Krefst hann þess aðallega, að meðferð málsins í héraði og héraðsdómur verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi dómsmálaráðuneytisins 24. nóvember 1972. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál þar.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en hún fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðuneytisins 22. marz 1973.

Stefnda höfðaði mál þetta í héraði á hendur skiptaráðandanum á Akranesi f. h. dánarbús M, en hann fórst í fiskiróðri 7. marz 1969. Hefur dánarbú hans verið tekið til opinberra skipta, en hann bjó síðast að ... á Akranesi. Lýsir stefnda M heitinn föður að óskilgetnu meybarni sínu, er hún ól 7. júní 1967 og skírt hefur verið B. Hefur stefnda uppi kröfur þær, sem raktar eru í héraðsdómi.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, en bæjarfógeti er jafnframt skiptaráðandi í því lögsagnarumdæmi, rannsakaði mál þetta og kvað upp í því hinn áfrýjaða

dóm á ábyrgð héraðsdómara, sem er fyrirsvarsmaður annars aðilja málsins. Er þetta andstætt 1. tl. 36. gr., sbr. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, og bar héraðsdómara af sjálfsdáðum að víkja úr dómarasæti. Að svo vöxnu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun skipaðs talsmanns áfrýjanda og skipaðs talsmanns stefndu, kr. 10.000.00 til hvors þeirra.

Það athugast, að óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð öll eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, og laun talsmanns stefndu, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00 til hvors.

Dómur bæjarþings Akraness 8. maí 1972.

Hinn 7. júní 1969 ól sóknaraðili í máli þessu, K, ógift stúlka, fædd 30. október 1949, þá til heimilis .... Akranesi, nú til heimilis .... Akranesi, óskilgetið meybarn á Sjúkrahúsi Akraness. Barnið var samkvæmt vottorði Elísabetar Sveinbjörnsdóttur ljósmóður, dags. 9. október 1969, fullburða, að þyngd 3150 gr. og að lengd og 50 cm, og í skírninni hlaut nafnið B.

Föður að barni sínu lýsti sóknaraðili M skipstjóra, síðast til heimilis .... Akranesi, fæddan 29. marz 1941, en hann fórst í fiskiróðri frá Akranesi 7. marz 1969, er báturinn ...., er hann var skipstjóri á, týndist.

Kröfur sóknaraðilja í máli þessu eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að M hafi verið faðir barns hennar og að það fái erfða-

rétt eftir hann. Einnig krefst hún þess, að hún fái greitt meðlag með barni sínu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og almannatryggingagjald hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Til vara krefst sóknaraðili þess, að henni verði dæmdur fyllingareyður.

Af hálfu varnaraðilja, skiptaráðandans á Akranesi f. h. dánarbús M, hefur verið krafizt sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og hún verði dæmd til að greiða dánarbúinu málskostnað eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Sóknaraðili kvaðst hafa kynnst M heitnum í ágústmánuði 1968, en þá var hann stýrimaður á ... hér í bæ. Hann kom alloft að .... hér í bæ til E sjómanns, er þar bjó á neðri hæðinni. En á hæðinni leigði kunningjastúlka sóknaraðilja, D frá ... í Reykholtsdal í Borgarfjarðarsýslu.

Nokkru eftir að kynni þeirra hófust eða í byrjun september 1968, kom M heim til sóknaraðilja, en hún hafði herbergi á leigu hjá foreldrum sínum að .... Akranesi. Þar hafði einnig á leigu herbergi F, ... eins og síðar getur. Sóknaraðili kvað þetta hafa verið að kvöldi, og dvaldist M heitinn hjá sóknaraðilja til næsta morguns. Höfðu þau þá samfarir án þess að gæta neinnar varúðar til að forðast getnað, að því er sóknaraðili telur. Nokkru síðar, eða 5—6 dögum síðar, hafi M heitinn aftur komið heim til sóknaraðilja og dvaldizt hjá henni næturlangt. Hafi þau þá aftur haft samfarir, án þess að nokkrar getnaðarvarnir hafi verið viðhafðar. Höfðu þau þá hitzt á dansleik að Fannahlíð í Skilmannahreppi.

Sóknaraðili kvaðst aðeins í þessi tvö skipti hafa haft samfarir við M heitinn.

Sóknaraðili kvaðst hafa átt að hafa á klæðum um 12. september 1968, en er hún hafði ekki tíðir strax, hafi hana grunað, að hún væri með barni. Kvaðst hún hafa minnzt á þetta við M heitinn í september, er hún bauð honum upp í bíl, er hún ók um götur bæjarins, og hafi hann ekki neitað því, að hann gæti verið faðir barnsins.

Sóknaraðili kvaðst hafa farið til héraðslæknis í september 1968, um 2—3 dögum eftir að hún hefði átt að hafa á klæðum. Læknirinn lét hana hafa töflur og gat þess, að hún mundi vera barnshafandi, ef tíðir byrjuðu ekki, er hún tæki töflurnar.

Sóknaraðili kvaðst hafa sagt kunningjastúlku sinni, G, frá því, að hún væri barnshafandi og hver væri faðir barnsins.

Sóknaraðili kvaðst hafa spurt M heitinn að því, hvort hann væri kvæntur, og hafi hann sagt, að svo væri ekki.

Sóknaraðili hefur ávallt staðhæft, að enginn annar kæmi til greina en M heitinn sem faðir barns síns, er hún ól 7. júní 1969, enda hafi hún ekki haft samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins.

Stúlkur þær, sem sóknaraðili getur um hér að framan, hafa borið vitni fyrir dóminum.

D, fædd 20. maí 1945, kvaðst hafa leigt að ...., neðri hæð, hjá E frá því í júní til desember 1968. Sagðist hún hafa kynnzt sóknaraðilja máls þessa sumarið 1968, en hún kom alloft á heimili vitnisins og oft á hverju kvöldi um haustið. Þangað kom og alloft M, sem þá var stýrimaður á báti. Hann var kunnugur E og kom fyrst til hans, en síðar til vitnisins. Var sóknaraðili þar þá stödd, og hittust þau þar oft, eftir að kom fram í ágúst. Vitnið kvaðst ekki geta frekar borið um kunningsskap M og sóknaraðilja, en hún hafi sagt vitninu, áður en það flutti í byrjun desember, að hún væri barnshafandi eftir M.

Vitnið F, fædd 17. desember 1948, kvaðst hafa leigt herbergi á neðri hæð hússins ...., Akranesi, í 1 ár og m. a. í ágúst og september 1968. Vitnið sagðist hafa verið vel kunnugt sóknaraðilja máls þessa, sem einnig hafði herbergi þarna á neðri hæðinni. Vitnið vissi um kunningsskap sóknaraðilja og M sjómanns, sem vitnið hafði nokkrum sinnum séð á götu og á dansleik, og því var kunnugt um, að þau kynntust hjá D að ...., en hana þekkti vitnið í sjón.

Vitnið minntist þess, að það vaknaði um nótt í september 1968, er sóknaraðili kom heim af dansleik í Fannahlíð í Skilmannahreppi, og var þá karlmaður með henni. Daginn eftir kvaðst vitnið hafa spurt sóknaraðilja, hvort M hefði komið heim með henni og hvort hann hefði verið hjá henni um nóttina. Kvað sóknaraðili svo vera og að hún hafi verið með M, eins og hún komst að orði. Nokkru síðar, eða um mánuði seinna, frétti vitnið úti í bæ, að sóknaraðili væri ófrísk. Kvaðst vitnið hafa spurt hana að þessu og hún hafi sagt það rétt vera og að M væri faðir barnsins. Vitnið sagði sérstaklega aðspurt, að það hefði ekki orðið vart við, að sóknaraðili hafi verið með öðrum karlmönnum en M á þessum tíma eða áður.

Vitnið G, sem var búsett í Borgarnesi 9. október 1969, er hún bar vitni í málinu, var áður búsett að ...., Akranesi, fædd 26. ágúst 1950. Hún kvaðst hafa vitað um kynni sóknaraðilja og M

skipstjóra, sem hún var málkunnug og þekkti í sjón. Vitnið var vel kunnugt sóknaraðilja, og höfðu þær verið allmikið saman, m. a. í iðnskólanum í þrjú ár. Vitnið sagðist einu sinni hafa komið í herbergi sóknaraðilja, er M var þar staddur, einnig hafi þau verið í bíl saman á kvöldin. Vitnið var á dansleik í byrjun september 1968 að Fannahlíð í Skilmannahreppi, og var þar sóknaraðili og M. Þau komu eftir dansleikinn heim til vitnisins að ...., en var síðan ekið heim til sóknaraðilja, þar sem M varð eftir. Vitnið kvaðst vita, að sóknaraðili var mjög hrifin af M. Í september 1968 viðurkenndi sóknaraðili, að hún væri ófrísk, og sagði hún ávallt vitninu, að M væri faðir barnsins. Eigi kvaðst vitnið vita til þess, að sóknaraðili hafi verið með öðrum karlmönnum en M á þessum tíma í ágúst og september 1968.

Leitað var umsagnar héraðslæknis um hugsanlegan getnaðartíma barnsins. Var álits hans leitað með eftirfarandi spurningum:

1. Hver er fyrsti og síðasti mögulegi getnaðartími barns sóknaraðilja, sem er fætt 7. júní 1969?
2. Hver er líklegasti getnaðartími barns sóknaraðila?
3. Er líklegt eða mögulegt, að barn sóknaraðilja sé getið í byrjun september 1968?

Svar héraðslæknis, dags. 17. febrúar 1970, er svohljóðandi:

„Sem svar við bréfi yðar frá 4. 2. 1970 viðvíkjandi möguleikum á barnsgetnaði:

I. Almennt má segja, að 26/8 sé sá fyrsti og 26/9 sá síðasti mögulegi getnaðardagur. Þó má e. t. v. fara fram til 19/8 og aftur til 3/10, en þá eru möguleikarnir afar litlir.
II. Líklegasti getnaðartími verður 3. september, og verður því svar við spurningu III jákvætt.“

Samkvæmt því, sem að framan er rakið um staðhæfingar sóknaraðilja, vætti vitna og öðrum gögnum málsins verður að líta svo á, að eigi hafi fengizt í máli þessu lögfull sönnun fyrir samförum M heitins og sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar, er hún ól 7. júní 1969. Málsúrslit verða því að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936.

Með hliðsjón af vætti vitna í máli þessu og umsögn héraðslæknis um getnaðartíma barnsins, sem allt er í samræmi við framburð sóknaraðilja, og þegar það er virt, að ekkert er fram komið í málinu, sem gerir frásögn sóknaraðilja tortryggilega, ber í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði sóknaraðilja, þannig að vinni hún eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 19. ágúst til 3. október 1968, að báðum

dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við M heitinn, en eigi aðra karlmenn, skuli hann teljast faðir meybarns þess, er hún ól 7. júní 1969 og skírt var B. Greiði dánarbú M þá meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, skal dánarbúið greiða útlagðan málskostnað til ríkissjóðs, sem er þóknun til talsmanns sóknaraðilja, Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum sóknaraðilja í málinu, en málskostnaður skal falla niður.

Mál þetta var höfðað 13. ágúst 1969, en dómtekið 18. febrúar s.l.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmæltu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 19. ágúst til 3. október 1968, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við M heitinn, en eigi aðra karlmenn, skal hann teljast hafa verið faðir meybarns þess, er sóknaraðili ól 7. júní 1969 og skírt var B, og greiði dánarbú hans meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði dánarbúið málskostnað, er renni í ríkissjóð, sem er þóknun til talsmanns sóknaraðilja, Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1973.

Nr. 74/1972: **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Agnari Smára Einarssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýknað af ákæru um fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn áfrýjaða dóm hafa kveðið upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og skipstjórarnir Angantýr Elíasson og Páll Þorbjörnsson.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Geir Garðarsson, sem var flugstjóri á flugvélinni TF ISH hinn 1. marz 1972, gefið skýrslu fyrir dómi. Hefur hann staðfest, að skýrsla Helga Hallvarðssonar skipherra frá 2. marz 1972 sé rétt um stefnu flugvélarinnar, flughraða hennar og hæð og hafi hann fylgzt sjálfstætt með þessum atriðum. Þá kveðst Geir hafa gert starfsmönnum Landhelgisgæzlunnar viðvart, „er flugvélin var yfir ströndinni á leið til bátsins og þegar flugvélin var yfir bátnum sjálfum og síðar, er flugvélin var að nýju yfir bátnum, og þegar hún kom yfir ströndina aftur". Hins vegar hafi hann hvorki unnið að því að reikna út staðarákvörðun bátsins né marka þá staðarákvörðun á sjóuppdrátt. Hann hafi ekki tekið þátt í mælingu þeirri, er fram fór síðdegis 1. marz 1972, þegar flugvélin flaug yfir þríhyrningsmælipunktana við Salthöfða og Ingólfshöfðavita. Þá hefur Geir lýst því yfir, að hann geti ekki „með nokkurri nákvæmni ákveðið þann punkt strandarinnar, er flogið var yfir við mælingu bátsins."

Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir starfsmanna Landhelgisgæzlunnar í umrætt sinn. Í greinargerð skólastjórans, sem dagsett er 25. júlí 1972, segir svo:

„Samkvæmt framburði skipherrans var ekki flogið frá fast-

ákveðnum punkti á ströndinni, og er því ekki hægt að setja út ákveðna staði bátsins, þó að gefin sé stefna vélarinnar, flughraði og tími. Hinsvegar telur hann, að flogið hafi verið frá ströndinni vestan við Hjörleifshöfða, en austan við Miðkvísl. Ég hef því valið að setja stefnu og vegalengd flugvélarinnar miðað við flugtíma frá tveim punktum, öðrum rétt vestan við Hjörleifshöfða og hinum rétt austan við Miðkvísl.

Miðað við punkt rétt vestan við Hjörleifshöfða mælast staðir bátsins samkvæmt tímamælingu flugvélarinnar sem hér segir:

A = staður kl. 1447 h. ⅓ '72 um 1,85 sml. frá landi, eða um 1,15 sml. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður kl. 1450 um 1,95 sml. frá landi, eða um 1,05 sml. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður kl. 1453 um 2,2 sml. frá landi, eða um 0,8 sml. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður kl. 1459 um 2,6 sml. frá landi, eða um 0,4 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Miðað við punkt rétt austan við Miðkvísl mælast tilsvarandi staðir bátsins sem hér segir:

A_1 = staður bátsins kl. 1447 um 1,2 sml. innan fiskveiðimarkanna.

B_1 = staður bátsins kl. 1450 um 1,1 sml. innan fiskveiðimarkanna.

C_1 = staður bátsins kl. 1453 um 0,9 sml. innan fiskveiðimarkanna.

D_1 = staður bátsins kl. 1459 um 0,5 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Eins og fyrr segir, er hér ekki um staðarákvörðun á bátnum að ræða, þar sem ekki er ljóst, við hvaða punkt á ströndinni er miðað. Þá kemur ekki fram, hvort miðað hafi verið við sama punkt við allar mælingarnar. Í útsetningu á dskj. 3 er þó gert ráð fyrir sama punkti og að stefna bátsins hafi verið 180° mv. Fjarlægðirnar, sem flugvélin mælir, eru ekki styztu fjarlægðir frá landi, þar sem stefnan liggur ekki beint út frá ströndinni, heldur eru þær nokkru lengri. Flugvegalengd kl. 1447 er 2,06 sml., kl. 1450 2,2 sml., kl. 1453 2,47 sml. og kl.

1459 2,85 sml. Við hvaða punkt strandarinnar sem miðað er, ættu því styztu fjarlægðir í land að liggja innan þessara marka.

Eins og fram kemur í skýrslu skipherrans, var gerð athugun á nákvæmni fjarlægðarmælinganna með þessari aðferð með því að fljúga milli þríhyrningspunktsins á Salthöfða og Ingólfshöfðavita og aftur til baka. Með meðaltímanum 2m04s og flughraðanum 130 sml. á klst. fæst vegalengd 4,5 sml. milli staðanna, sem er sama vegalengd og mælist í korti. Álíta verður þó, að gera ætti fleiri fjarlægðarathuganir til þess að sannreyna betur þessa aðferð til fjarlægðarákvarðana.

Samkvæmt skýrslu skipherrans var vindur mv. vestan við mælingar á bátnum eða þvert á stefnu flugvélarinnar. Ættu því áhrif vindsins á hraða flugvélarinnar að hafa verið lítil.

Skömmu áður en flugvélin kom að bátnum, kveðst skipstjórinn hafa haft miðið Arnardrangur ber aðeins austan við Hjörleifshöfða, og var hann þá á 54 fm. dýpi, sem samsvarar 99 metrum. Ég hef dregið þetta mið í sjókortið og markað stað, þar sem það sker 100 m. jafndýpislínuna, staður X um 3,1 sml. frá landi, eða um 0,1 sml. utan fiskveiðimarkanna".

Hinn 19. desember 1972 kvað Hæstiréttur upp þann úrskurð, að dómkveðja skyldi þrjá sérkunnáttumenn til að láta í té álitsgerð um öryggi mælingaraðferðar þeirrar, sem beitt var við staðarákvörðun skips ákærða 1. marz 1972. Hinn 8. janúar 1973 dómkvaddi sakadómur Reykjavíkur þá Benedikt Alfonsson stýrimannaskólakennara, Zóphónías Pálsson mælingaverkfræðing og Þorstein Gíslason stýrimannaskólakennara til að láta í té álitsgerð þessa. Í niðurstöðu álitsgerðar sinnar segja hinir dómkvöddu menn, „að ekki sé hægt að líta þannig á, að flug milli strandar og báts, þó endurtekið sé og flugtíminn mældur á skeiðklukku, geti talizt það örugg mælingaraðferð, að henni sé treystandi til þess að skera á óyggjandi hátt úr um það, hve langt báturinn var frá ströndinni í umrætt skipti". Fyrir dómi hafa hinir dómkvöddu menn lýst því, að ekki sé unnt að staðhæfa, að báturinn hafi í umrætt sinn verið innan þriggja mílna markanna.

Matsmenn hafa ekki kannað öryggi mælingaraðferðar þeirr-

ar, er beitt var um staðarákvörðun á báti ákærða hinn 1. marz 1972, með því að sannreyna hana í flugvél þeirri, sem notuð var við landhelgisgæzlu í umrætt skipti, við aðstæður sem svipaðastar þeim, er um var að ræða, þegar mælingar voru gerðar út af meintu fiskveiðabroti ákærða. Þá var ekki leitað gagna um nákvæmni hraðamælis og áttavita flugvélar.

Af hálfu ákæruvalds hefur framangreindri álitsgerð ekki verið hnekkt.

Þegar gögn máls eru virt í heild sinni, þykja ákvarðanir þær um staðsetningu á báti ákærða 1. marz 1972 eigi svo tryggilegar, að óyggjandi sé, að bátur ákærða hafi verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna á þeim tíma, er ákæra lýtur að. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 30.000.00.

Það er athugavert, að starfsmenn Landhelgisgæzlunnar reyndu ekki að gera bátsverjum aðvart, þegar framangreindar mælingar til staðarákvarðana höfðu verið gerðar.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Smári Einarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 7. marz 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, útgefinni 6. þ. m., gegn Agnari Smára Einarssyni, Brekastíg 32, Vestmannaeyjum, fæddum 5. janúar 1942 í Reykjavík, skipstjóra á vélbátnum Sjöstjörnunni, VE 92, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 2. gr. D 2, sbr. D 1 laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum,

sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti síðdegis miðvikudaginn 1. marz 1972 út af Hjörleifshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar nr. 3/1961, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum 2. gr. D 2 nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1971.

Ákærist því nefndur Agnar Smári til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., og 6. gr., nú 7. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, til sviptingar skipstjórnarréttinda samkvæmt 3. mgr. 6. gr. nefndra laga nr. 21/1969, nú 2. mgr. 7. gr. laga nr. 62/1967, auk upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar."

Ákærði Agnar Smári Einarsson hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1956 7/6 í Suður Múlasýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. laga nr. 58/1954.

1960 5/9 í Keflavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

1960 10/2 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 50. og 48. gr., sbr. 17. gr. umferðarlaga.

1961 26/10 í Reykjavík: Dómur 10 daga varðhald og svipting ökuleyfis í 1 ár fyrir brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

1962 22/2 á Akranesi: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun.

1962 19/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 8/1 í Reykjavík: 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 15/6 í Reykjavík: Dómur 45 daga varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum og 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

1967 25/10 í Reykjavík: Dómur 25.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 6/1959. Upptaka veiðarfæra m/b Kaps, RE 211.

1968 30/11 í Vestmannaeyjum: Dómur: 2ja mánaða varðhald, 60.000 kr. sekt fyrir brot á 4. gr., 6. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 62/1967. Afli og veiðarfæri m/b Álseyjar, RE 36, gerð upptæk.

1968 í Reykjavík: Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands uppgjöf saka, að því er varðar dómana frá 25. október 1967 og 30. nóvember 1968.

1969 26/9 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1970 20/10 í Vestmannaeyjum: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 o. fl. Afli og veiðarfæri m/b Viðeyjar, RE 12, gerð upptæk.

1971 1/5 í Reykjavík: Dómur: 2ja mánaða varðhald og 60.000 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 62/1967 — fiskveiðibrot —. Afli og veiðarfæri gerð upptæk.

Í skýrslu Landhelgisgæzlu Íslands, dags. 2. þ. m., segir svo:

„Miðvikudaginn 1. marz 1972 stóð gæzluvélin TF ISH vélbátinn Sjöstjörnuna VE-92 að meintum ólöglegum togveiðum undan Kötlutanga.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Kl. 1447 var flogið frá ströndinni í stefnu á bát, sem hafði stefnu frá landi. Flugstefna að bátnum frá landi var mv 180°, flughraði 130 sml./klst., flughæð 400 fet. Flugtími 57 sek.

Gefur það stað bátsins um 1,9 sml. frá landi.

Nú var flogið niður að bátnum, og sást þá númer hans, sem var VE-92, og að báturinn togaði með skuttogvírum í sjó.

Kl. 1450 var flogin sama leið til baka yfir bátinn að ströndinni. Flughraði 130 sml./klst, flughæð 400 fet, flugtími 61 sek.

Gefur það stað bátsins um 2,0 sml. frá landi.

Kl. 1453 var flogið sömu leið til baka frá landi yfir bátinn. Flughraði 130 sml./klst, flughæð 300 fet, flugtími 68,5 sek.

Gefur það stað bátsins um 2,3 sml. frá landi.

Nú var flogið niður að bátnum til að kanna nánar númer og togvíra.

Kl. 1459 var flogið sömu leið til baka yfir bátinn að landi. Flughraði 130 sml./klst, flughæð 300 fet. Flugtími 79 sek.

Gefur það stað bátsins um 2,5 sml. frá landi.

Ekki var haft radiosamband við bátinn, en atvikið tilkynnt til Landhelgisgæzlunnar, sem þegar gerði bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum viðvart.

Gæzluflugvélin hélt nú til frekari gæzlustarfa.

Kl. 1625 flaug vélin milli þríhyrningamælipunkts á Salthöfða og Ingólfshöfðavita. Flugtími 2 m 15,5 s.

Kl. 1629 flaug vélin sömu leið til baka. Flugtími 1 m 52 s.

Gefa þessi flug meðaltímann 2 m 04 s. Sá flugtími með flughraða 130 sml./klst. gefa sömu vegalengd og mælist milli staðanna, þ. e. 4,5 sml.

Við mælingar á VE-92 var vindur mv. vestan og vindhraði um 20 hnútar. Skýjað, dálítill sjór.

Mælingar voru gerðar af skipherra og stýrimanni á tveim skeiðklukkum, sem alltaf bar saman.

Flugmaður las af stefnu, hæð og hraða.

Meðfylgjandi er úrklippa úr sjókorti nr. 30, þar sem markaðir eru staðir bátsins kl. 1447 og kl. 1459."

Helgi Hallvarðsson skipherra, Melgerði 28, Kópavogi, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja í máli þessu og vann eið að framburði sínum.

Vitnið staðfesti skýrslu sína og kvað hana gerða eftir beztu vitund. Vitnið sá togvíra í sjó frá m/b Sjöstjörnunni, og var greinilegt, að báturinn var að toga. Aðspurt um þann punkt á sjókorti Landhelgisgæzlunnar, sem markaður er sem upphafsstafur flugsins að bátnum, skýrði vitnið frá því, að punktur þessi hafi ekki verið fastákveðinn og geti báturinn því hafa verið nokkru vestar en markað er á sjókortið. Ekki var tekið mið á land, en fyrst, þegar flogið var að bátnum, var miðið Reynisfjall og norðurendi Dyrhólaeyjar u. þ. b. lokað. Þá tók vitnið fram, að báturinn gæti vart hafa verið austar en markað er á sjókortið, þar eð flogið var frítt við Hjörleifshöfða á leiðinni að bátnum.

Þegar flogið var að bátnum, var tekið mið af ströndinni, og sást hún vel úr flugvélinni, en nokkurt brim var við ströndina, en skyggni allsæmilegt. Vitnið upplýsti, að við aðflug að bátnum hafi ætíð verið miðað við fjöruborð. Þá tók vitnið fram, að vegna vestanáttar hafi ætíð orðið nokkur sveigur á fugvélinni í aðfluginu og sé það bátnum í hag við hinar framkvæmdu mælingar.

Vitnið Ólafur Valur Sigurðsson stýrimaður, Skólabraut 39, Seltjarnarnesi, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og vann eið að framburði sínum. Staðfesti vitnið skýrslu skipherra og kvað hana rétta. Vitnið var við tímamælingar og skrásetti og bar klukkurnar alltaf saman. Vitnið sá númer bátsins, og þá sá það greinilega, að vírar voru í sjó.

Vitnið annaðist útsetningar á sjókort og taldi útsetningarnar réttar.

Þórhallur Karlsson flugmaður, Ásbraut 5, Kópavogi, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og vann eið að framburði sínum. Vitnið skýrði frá því, að umrædd ferð hafi verið farin í leiguflugvél frá Flugfélagi Íslands, en vélinni flaug Geir Garðarsson flugstjóri, en vitnið sat í aðstoðarflugmannssæti og sá um álestur og mæl-

ingar með flugmanni. Önnuðust þeir báðir talningu og lestur á stefnu, hæð og hraða.

Vitnið staðfesti skýrslu skipherra og taldi hana rétta. Vitnið annaðist mælingar milli þríhyrningamælipunkta, og mismun á tímanum á því flugi sagði vitnið, að hafi stafað af vindinum, sem var um 20-25 hnútar eftir flugpokanum á Fagurhólsmýri, sem vitnið flaug yfir skömmu síðar.

Vitnið tók fram í sambandi við mælingar kl. 1453, að þá hafi verið tekinn aðeins sveigur að bátnum, þannig að þá hefði báturinn getað verið aðeins nær landi en þar kemur fram.

Vitnið sá númer bátsins, VE 92, og að togvírar voru í sjó.

Ákærði, Agnar Smári Einarsson, kom fyrir sakadóm í máli þessu. Ákærði kvaðst hafa verið að togveiðum á m/b Sjöstjörnu, VE 92, þann 1. marz s.l. Um kl. 1500 flaug flugvél yfir bátinn, og var þá liðinn um klukkutími, síðan kastað var.

Ákærði segist hafa kastað u. þ. b. á miðri víkinni á ca. 46—48 faðma dýpi út af Reynisfjalli, og var síðan togað í austlæga stefnu. Ekki gat hann alveg sagt til um fjarlægð frá landi, en radar bátsins var bilaður. Ákærði kvaðst þekkja vel dýpi og aðstæður á þessum slóðum og hafi hann örugglega kastað fyrir utan landhelgislínu og síðan togað á um 45-50 faðma dýpi.

Ákærði skýrir frá því, að skömmu áður en flugvélin kom að honum, hafi hann haft miðið Arnardrangur ber aðeins austan við Hjörleifshöfða, og var hann þar á 54 faðma dýpi. Beygði hann síðan út og kom fljótlega á um 60 faðma dýpi, og í þann mund kom flugvél yfir. Hringsólaði hún yfir bátnum og síðan flaug hún til lands og flaug síðan að bátnum aftur, og kveðst ákærði þá hafa verið kominn á um 70 faðma dýpi.

Flugvélin, sem hér um ræðir, var Douglas flugvél frá Flugfélagi Íslands og ekki auðkennd sérstaklega. Ákærði hafði talstöð sína opna, en ekki var haft samband við hann.

Ákærði skýrði frá, að enginn af áhöfn bátsins hafi verið uppi, er flugvélin kom að, en hann hafi kallað áhöfnina upp, og kom hún um það leyti, er flugvélin var að fara.

Ákærði skýrir svo frá, að þegar þetta atvik var, hafi verið slæmt skyggni, rigning, eða a. m. k. skúrir, og mikið brim. Vindhraði var um 5-6 vindstig.

Ákærði upplýsti, að eftir að flugvélin var farin, hafi hann haldið áfram veiðum og hélt ekki til lands fyrr en næsta morgunn. Ákærði álítur, að um helmingur þess afla, sem hann kom með, hafi fengizt, eftir að flugvélin var farin. Ákærði hafði sam-

band við Vestmannaeyjaradio tvisvar þann 1. marz, en ekki var minnzt á, að hann kæmi til lands. Skýrði ákærði svo frá, að það fyrsta, sem hann heyrði um, að hann hefði verið grunaður um veiðar í landhelgi, hafi verið í útvarpinu sama daginn og hann kom til lands.

Í sambandi við skýrslu Landhelgisgæzlunnar og meðfylgjandi sjókort sagði ákærði, að hann hafi verið á meira dýpi en þar greinir, og þá sagði hann bátinn staðsettan of austarlega. Þá kvað hann, að erfiðleikum hafi verið bundið að sjá ströndina í því brimróti, sem þarna var. Þá sagði ákærði, að miðað við það dýpi og það mið, sem hann hafði, hafi hann verið alveg um landhelgislínu.

Ákærði upplýsti, að toghraði bátsins sé um 3½ míla á klst.

Ákærði lagði fram ljósrit af sjókorti, er hann hafði meðferðis í umræddri veiðiferð. Merkti hann í réttinum þá staði inn á kortið, er hann taldi sig hafa verið á, er flugvélin flaug yfir hann.

Ákærði kvaðst hafa togað í SV til VSV fyrst, eftir að flugvélin hafði komið að honum og þar til hún fór, og geti því stefnan milli merktu punktana á sjókorti Landhelgisgæzlunnar ekki verið rétt.

Freymundur Fannberg Jóhannsson, Bakkastíg 27, Vestmannaeyjum, stýrimaður á m/b Sjöstjörnunni, kom fyrir sakadóm í máli þessu.

Vitnið skýrði frá því, að um kl. 1400 þann 1. marz s.l. hafi verið kastað á víkinni á um 42 faðma dýpi að því er vitnið álítur. Ekki vissi vitnið, hversu langt var þá í land, enda slæmt skyggni. Þá tók vitnið fram, að radar bátsins hafi verið bilaður.

Togað var í SSA, en vitnið fór fljótlega niður í lúkar, og um klukkutíma síðar kom 1. vélstjóri og tjáði vitninu, að flugvél væri yfir bátnum. Vitnið fór þá upp, og sá þá vitnið Hjörleifshöfða og sá, að Arnardrangur var ekki genginn undir Höfðann, og gat vitnið ekki betur séð en drangurinn væri alveg frír við Höfðann. Ekki vissi vitnið, hversu langt báturinn var þá frá landi, en skipstjórinn sagði, að þeir væru á 54 faðma dýpi.

Vitnið skýrði frá því, að þegar þetta var, hafi verið suðvestan brim og veður hæð um 6 vindstig og mjög slæmt skyggni. Vitnið sá, að flugvélin kastaðist undan vindinum og var ókyrr í loftinu.

Vitnið upplýsti, að þetta hafi verið annað hal bátsins og að eftir þetta hafi verið tekið eitt hal og hafi verið í því ca. 900 kg. af aðgerðum fiski.

Martin Sigurður Kruse vélstjóri, Kirkjubæjarbraut 19, Vestmannaeyjum, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja.

Vitnið skýrði frá því, að það hefði verið niðri í vélarrúmi, er skipstjórinn kallaði til þess og bað það að ræsa áhöfnina, og gerði vitnið það. Ekki vissi vitnið, hvar báturinn var þá né hvar kastað var, enda þekkir vitnið ekki til miða.

Vitnið Brynjólfur Jónatansson rafvirkjameistari, Hólagötu 39, Vestmannaeyjum, kom fyrir sakadóm í máli þessu.

Vitnið staðfesti, að radar bátsins hefði verið óvirkur, er lagt var upp í umrædda veiðiferð, og var gert við bilun þessa þann 4. þ. m.

Samkvæmt eiðfestum framburði yfirmanna flugvélarinnar voru gerðar fjórar mælingar yfir fjarlægð m/b Sjöstjörnunnar, VE 92, á tímabilinu frá kl. 1447 til kl. 1459 þann 1. marz s.l., og sýndu þær bátinn frá 1.9 sml fjarlægð frá landi til 2.5 sml fjarlægðar. Sáust togvírar bátsins í sjó, og hefur ákærði viðurkennt að hafa verið að togveiðum í ofangreint skipti. Hins vegar telur hann sig hafa verið í meiri fjarlægð frá landi og nokkru vestar en útsetning Landhelgisgæzlunnar gefur til kynna. Er þessi framburður ákærða að nokkru studdur framburði Freymundar Fannbergs stýrimanns, en þó ber framburði þeirra ekki í öllu saman. Ekki er framburður ákærða studdur neinum mælingum og ekki heldur nægilegum rökum, og getur hann ekki staðsett sig með nákvæmni utan landhelgislínu. Eru því mælingar Landhelgisgæzlunnar óhraktar, og þykir bera að leggja þær til grundvallar í máli þessu.

Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir fullsannað, að ákærði hafi gerzt sekur um fullframið fiskveiðibrot og unnið til refsingar samkvæmt þeim lagaboðum, er í ákæru greinir.

M/b Sjöstjarnan, VE 92, er 53.09 brúttórúmlestir að stærð.

Samkvæmt síðustu opinberu skýrslu um gullgengi jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 2. marz s.l., voru afli og veiðarfæri Sjöstjörnunnar metin þannig:

Veiðarfæri	kr. 48.350.00
Fiskafli	— 23.518.50
	Samtals kr. 71.868.50

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2ja mánaða varðhald og 80.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 40 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Fram hefur komið, að radar m/b Sjöstjörnunnar var bilaður í veiðiferð þessari. Þá hefur komið fram, að skyggni var fremur lélegt á þessum slóðum, og má rekja brot ákærða að nokkru til vangæzlu. Þykir því, að svo komnu máli, eigi rétt að svipta ákærða skipstjórnarréttindum samkvæmt heimildarákvæðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 62/1967.

Gæzluflugvél Landhelgisgæzlunnar gerði ákærða ekki viðvart, þegar staðarákvarðanir höfðu verið gerðar, og ekki fékk hann tilkynningu um að halda til lands, en hélt áfram veiðum, eftir að hann hafði verið staðinn að brotinu. Upplýst er, að ákærði fékk nokkurn afla eftir þetta, en ekki hefur reynzt unnt að sannreyna, hversu mikill sá afli hefur verið. Þykir því ekki unnt að gera afla bátsins eða hluta hans í þessari veiðiferð upptækan, og ber að sýkna ákærða af þeirri kröfu ákæruvaldsins.

Hins vegar ber ákærða að þola upptöku veiðarfæra um borð í Sjöstjörnunni, VE 92, að verðmæti kr. 48.350.00, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands. Þá greiði ákærði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Smári Einarsson, sæti varðhaldi í tvo mánuði. Ákærði greiði kr. 80.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 40 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Veiðarfæri að verðmæti kr. 48.350.00 um borð í Sjöstjörnunni, VE 92, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. apríl 1973.

Nr. 16/1972: **Emil Ásgeirsson**
Guðjón Emilsson og
Guðmundur Pálsson
(Jóhann Nielsson hdl.)
gegn
Hreppsnefnd Hrunamannahrepps
f. h. hreppsins
(Jón Ólafsson hdl).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Jarðhiti. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu upphaflega með stefnu 24. maí 1971. Útivistardómur gekk í því máli 2. febrúar 1972. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjuðu áfrýjendur málinu af nýju með stefnu 3. febrúar 1972. Krefjast áfrýjendur þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 430.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 80.000.00 frá 1. maí 1966 til 1. september 1967, af kr. 181.000.00 frá þeim degi til 1. september 1968 og af kr. 430.000.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í máli þessu í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 7. október 1971.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefndi, sem hafði gjafvörn í héraði, hefur fengið gjafvörn fyrir Hæstarétti samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 14. apríl 1972.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Tveir nágrannar áfrýjenda hafa gefið vottorð, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, þess efnis, að þeir hafi aldrei heyrt talað um þurrð á heitu vatni í Grafarhver, fyrr en vatn hvarf í hvernum í marzmánuði 1966. Þá hefur byggingarfulltrúi Suðurlands gefið skýrslu um byggingu gróðurhúsa áfrýjenda og ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í garðrækt gert áætlun um hitaþörf áfrýjenda vegna húsa á býlum þeirra.

Áfrýjendur fá nú heitt vatn frá hitaveitu að Flúðum. Tenging við þá hitaveitu mun hafa verið gerð í aprílmánuði 1968.

Samkvæmt skýrslu Sveinbjörns Björnssonar eðlisfræðings, sem kannaði Grafahver 17. ágúst 1972, var hverinn þá alveg þurr. Sjálfrennsli var þá aðeins úr holu 1, sem er næst hvernum, og mældist meðalrennslið 0.74 l/sek. Þá sekir svo m. a. í skýrslunni:

„ .... Enda þótt venja sé, að tengsl milli borhola eða borholu og hvers séu gagnkvæm, þykir undirrituðum of einstrengingslega til orða tekið, að hver muni alltaf ná aftur fullu rennsli, þegar borholu, sem breytt hefur þrýstingi í bergi og valdið þurrð í hvernum, er lokað aftur eða jafnvel steypt í hana. T. d. gætu aðstreymisæðar hversins stíflazt eða fallið saman við þrýstingslækkunina og ekki orðið jafngóðar aftur, þótt fullur þrýstingur kæmi. Ætti hætta á slíku að vera mest á litlu dýpi undir hvernum, þar sem þrýstingsbreytingarinnar gætir mest í jarðvegi og vatnsborði.

.... Líklegt er, að borholurnar rétt við hverinn hafi endanlega spillt aðrennslisæðum hversins og valdið því, að hann er nú alveg þurr."

Sveinbjörn Björnsson staðfesti skýrslu þessa fyrir dómi hinn 18. september 1972 og skýrði svo frá, að hann teldi líklegt „að tengsl milli borhola séu alltaf gagnkvæm, en öðru máli geti gegnt um tengsl milli borholu og hvers." Ein af ástæðunum fyrir því, að rennslið í holu 1 hafi minnkað frá því í apríl 1966, geti verið útfellingar, sem þrengi holuna.

Fallast verður á það mat héraðsdóms, að ósannað sé, að borunaraðgerðir þær, er stefndi lét framkvæma að Flúðum,

hafi valdið minnkandi vatnsrennsli úr Grafarhver, og leiða hin nýju málsgögn ekki til annarra málaloka. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað er staðfest. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknar- og gjafvarnarlaun skipaðra talsmanna aðilja, kr. 60.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnefnd Hrunamannahrepps f. h. hreppsins, skal vera sýkn af kröfum áfrýjenda, Emils Ásgeirssonar, Guðjóns Emilssonar og Guðmundar Pálssonar, í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, Jóhanns Nielssonar héraðsdómslögmanns, og gjafvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Jóns Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 60.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 25. febrúar 1971.

Ár 1971, fimmtudaginn 25. febrúar, var í aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var í húsakynnum sakadóms að Borgartúni 7 í Reykjavík af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, og meðdómsmönnunum Guðmundi Pálmasyni verkfræðingi og Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 13/1967: Emil Ásgeirsson og fleiri gegn hreppsnefnd Hrunamannahrepps, en málið var dómtekið eftir munnlegan málflutning hinn 18. sama mánaðar.

Mál þetta hafa stefnendur, Emil Ásgeirsson, Gröf, Guðjón Emilsson, Laxárhlíð, og Guðmundur Pálsson, Sunnuhlíð, allir í Hrunamannahreppi, höfðað með stefnu, útgefinni 18. apríl 1967, gegn

stefnda, hreppsnefnd Hrunamannahrepps fyrir hönd hreppsins, og gert þær stefnukröfur, að viðurkennd verði með dómi bótaskylda stefnda gagnvart stefnendum vegna minnkaðs vatnsrennslis í Grafarhver, sem orsakazt hafi af borunum eftir heitu vatni að Flúðum í Hrunamannahreppi, er gerðar voru á vegum hreppsins árið 1966, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 200.000.00 auk 7% ársvaxta frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Í framhaldsstefnu, útgefinni 21. apríl 1969, krefjast stefnendur auk þessa, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 329.500.00 auk 7% ársvaxta af kr. 101.000.00 frá 1. september 1967 til greiðsludags, 7% ársvaxta af kr. 69.000.00 frá 1. september 1968 til greiðsludags, 7% ársvaxta af kr. 80.000.00 frá 1. maí 1966 til greiðsludags og 7% ársvaxta af kr. 79.500.00 frá 1. apríl 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins leiðrétti lögmaður stefnenda kröfugerð þeirra á þann veg, að krafizt er, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum samtals kr. 430.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 80.000.00 frá 1. maí 1966, af kr. 101.000.00 frá 1. september 1967 og af kr. 249.000.00 frá 1. september1968 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, hreppsnefnd Hrunamannahrepps, krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda í málinu og til vara, að kröfur þeirra verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi tildæmds málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Stefnendur fengu útgefið gjafsóknarleyfi í máli þessu hinn 14. nóvember 1967. Stefndi fékk útgefið gjafvarnarleyfi hinn 14. janúar 1970. Aðiljar málsins sömdu sín á milli um að leggja það ekki fyrir sáttanefnd. Sáttaumleitanir í dómþinginu báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefnandi Emil Ásgeirsson er ábúandi þjóðjarðarinnar Grafar í Hrunamannahreppi samkvæmt byggingarbréfi, útgefnu 27. nóvember 1956 og staðfestu af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 4. desember sama ár. Í byggingarbréfinu er tekið fram, að við byggingu jarðarinnar sé undanskilinn allur jarðhiti hennar nema til heimilisnota og í eigin þarfir. Hinn 9. júní 1961 gerðu stefnendur máls þessa, Emil Ásgeirsson, Guðjón Emilsson og Guðmundur Pálsson, með sér samning um skipti á ræktanlegu landi jarðarinn-

ar, og urðu býlin þá Gröf I, Gröf II og Gröf III. Ábúendur Grafar II og III, stefnendurnir Guðjón Emilsson og Guðmundur Pálsson, nefna býli sín Laxárhlíð og Sunnuhlíð.

Í Gröf er jarðhiti. Hafa stefnendur stundað þar ylrækt, og samkvæmt aðiljaskýrslu þeirra voru í marz 1966 sex gróðurhús að flatarmáli 1050 fermetrar samtals á öllum þrem býlunum. Þessi gróðurhús og íbúðarhúsin þrjú voru öll hituð upp með vatni úr Grafarhver. Þegar atburðir þeir, sem mál þetta er sprottið af, urðu í marz 1966, voru þó einungis tvö af stærri gróðurhúsunum í notkun til ræktunar auk tveggja lítilla húsa, þar sem plöntur voru í uppeldi. Var ástæðan sú, að verið var að endurbyggja gróðurhús í Gröf hjá Emil Ásgeirssyni, og einnig sú, að þennan vetur höfðu hjónin í Laxárhlíð, Guðjón Emilsson og kona hans, ráðizt til vinnu utan heimilis og ráku því ekki gróðurhús sín þennan vetur nema að litlu leyti. Samkvæmt aðiljaskýrslu stefnenda hafði Guðmundur Pálsson ekki reist nein gróðurhús á býli sínu, þegar þetta var. Guðjón Emilsson var eigandi meginhluta gróðurhúsanna og byggði afkomu sína aðallega á gróðurhúsaræktun og garðyrkju. Emil Ásgeirsson átti nokkru minna af gróðurhúsum og stundaði annan búskap jafnhliða gróðurhúsaræktun. Jarðhitavirkjun stefnenda var með þeim hætti, að vatn úr Grafarhver rann í steinsteypta þró hjá hvernum, en úr henni var vatninu síðan dælt um leiðslur í gróðurhúsin og íbúðarhúsin. Um vatnsmagn það, sem hér var fyrir hendi, verður síðar rætt.

Varnaraðili, Hrunamannahreppur, keypti með samningi 8. apríl 1929 landspildu úr jörðinni Hellisholtum til skólaseturs. Þar heitir að Flúðum, og þar er verulegur jarðhiti. Land Flúða takmarkast að norðan af Litlu-Laxá. Á kafla liggur Grafarland að ánni þar á móti. Barnaskóli var reistur á Flúðum 1929 og hitaður upp með hveravatni. Síðar hafa verið þar reistar ýmsar fleiri byggingar, sundlaug, félagsheimili, nýtt skólahús og hús í eigu einstaklinga, sem hituð eru upp með hveravatni. Árið 1949 var svo komið, að hita skorti til upphitunar þeirra húsa, sem þá voru til á staðnum. Var þá hafizt handa um borun eftir heitu vatni, og voru alls boraðar þrjár holur. Úr þeim virðast hafa fengizt samtals um 6 lítrar á sekúndu af sjóðandi vatni.

Hinn 21. marz 1966 hófst á vegum stefnda borun eftir heitu vatni á Flúðum, og önnuðust hana Jarðboranir ríkisins. Er mál þetta risið af því, að stefnendur telja, að borun þessi hafi valdið vatnsþurrð í hverunum í Gröf og að þeir hafi orðið fyrir tjóni af þeim sökum.

Í skýrslu Ísleifs Jónssonar, deildarverkfræðings við Jarðboranir ríkisins, dagsettri 22. september 1966, er umræddum aðgerðum lýst á þessa leið:

„Þegar komið var í 41 m dýpi 23. marz, kom mikið sjóðandi vatn úr holunni, um 10 lítrar á sekúndu. Kom þá strax í ljós, að vatn hvarf úr gömlu holunum, sem notaðar voru til upphitunar á húsunum á Flúðum. Holunni var þá strax lokað, svo að ekki hlytist skaði af, en þá var mjög kalt í veðri, um 10° frost.

Næsta dag, 24. marz, var borun haldið áfram, en holunni þó lokað öðru hverju til að hleypa vatni á hitakerfið, en það var greinilegt, að vatnið úr gömlu holunum hvarf, þegar sú nýja var opnuð, en kom aftur, þegar henni var lokað.

Um kvöldið 24. marz bárust þær fréttir, að Grafarhver væri hættur að gefa það vatnsmagn, sem hann hafði haft til þessa. Daginn eftir var hverinn athugaður. Þá var dælt úr honum 0,5 lítrum á sek. Þennan dag var unnið við frágang á holunni á Flúðum, sett í hana fóðurpípa niður í 49 m dýpi. Þannig var gengið frá holunni, að hægt væri að loka fyrir vatnið, sem kom í 40 m dýpi, og halda áfram að bora, en einnig hægt að opna fyrir það, ef þess væri óskað, eða dýpri borun bæri ekki árangur. Hinn 26. marz kom Emil Ásgeirsson, bóndi í Gröf, til mín og sagði, að Grafarhverinn hefði ekki fengið vatnið aftur, þótt búið væri að loka holunni að Flúðum.

Hann taldi, að undanfarið hafi verið dælt um 1½ lítra á sek. úr hvernum, en hann væri nú svo til vatnslaus og horfði til vandræða, ef ekkert væri gert til að tryggja honum vatn til að hita gróðurhúsin. Í samráði við jarðhitadeild raforkumálastjóra var ákveðið að senda borinn að Gröf til að bora þar eftir vatni í stað þess, sem tapaðist. Hinn 30. marz var gerður samningur við jarðeignir ríkisins um greiðslu kostnaðar við borunina. Var þá þegar gert ráð fyrir að hætta borun í Gröf, þegar tryggt væri, að vatnsmagn úr borholunni væri orðið að minnsta kosti eins mikið og það, sem tapaðist úr Grafarhver við borunina á Flúðum.

Næsta dag, 31. marz, var borinn fluttur að Gröf og strax byrjað að bora.

Borunin gekk vel, og úr 6,5 m dýpi fór að koma heitt vatn um 0,5 l/sek. Holan var nú fóðruð í 6 m með 6" pípu. Síðan var borað í 40,3 m. Holan gaf þá 1—2 l/sek af sjóðandi vatni, og var það leitt í hverinn, svo að hægt var að taka það strax í notkun.

Þessi borun stóð aðeins í tvo daga. Borinn var nú fluttur aftur að Flúðum til að ljúka því verki. Var ákveðið að nota tímann

til að mæla afköst holunnar í Gröf og sjá, hvort hún reyndist örugg.

Hinn 4. apríl fóru tveir starfsmenn jarðhitadeildar raforkumálastjóra austur til að mæla hitastig og rennsli úr holunni í Gröf.

Niðurstöður þeirra mælinga urðu sem hér segir: Heita vatnið virðist koma í holuna á 8—10 m dýpi. Hitastig vatnsins er þar 102° C.

Vatnsrennslið úr holunni var nokkuð óreglulegt, kom í gosum vegna þess, hve heitt vatnið er. Rennslið mældist 1,3—1,4 l/sek að meðaltali. Á meðan mælingarnar stóðu yfir, var holan á Flúðum lokuð. Talið var að hverinn hafi gefið meira vatn áður en borunin hófst, og var því ákveðið að bora meira, eftir að borun væri lokið að Flúðum. Sjá „greinargerð um hita og rennslismælingar á Flúðum og Gröf, Hrunamannahreppi" eftir Sveinbjörn Björnsson. Hinn 20. apríl var borinn fluttur aftur að Gröf og stillt upp ca 10 m frá fyrstu holunni. Þessi hola hefir greiðan samgang við holu 1 og gaf ekki teljandi viðbót við vatnið. Hola 2 er 33 m djúp, fóðruð með 6" pípu í 6,4 m dýpi. Þriðja holan var sett um 30 m NV af þeirri fyrstu.

Hola 3 er 30,5 m djúp, fóðruð með 8" pípu í 3 m dýpi. Vatnsmagn úr holu 3 var um 0,6 l/sek af 91° heitu vatni sjálfrennandi, þegar borun lauk. Þegar þessu var lokið, töldu sérfræðingar jarðhitadeildar, að ekki væri að vænta mikillar aukningar í vatnsrennsli með fleiri holum svo nærri hvernum. Var því ákveðið að hætta borunum, eftir að mælingar höfðu sýnt, að hægt er að fá með dælingu úr borholunum meira vatn en hverinn gaf, áður en boranir hófust . . ."

Í málinu hefur enn fremur verið lögð fram önnur skýrsla Ísleifs Jónssonar um þetta efni, dagsett 3. febrúar 1970. Í henni segir á þessa leið:

„Aðalatriðið, sem hér skiptir máli, er, að þegar holan að Flúðum var orðin 40 m djúp, fengust skyndilega um 10 l/sek af sjóðandi vatni. Það kom fljótt í ljós, að vatnið hvarf úr holum 1 og 2 að Flúðum, þegar nýja holan fór að gefa vatn, en engin breyting varð á holu nr. 3, sem er 40 m norðaustur frá nýju holunni (í áttina að Grafarhver). Holunni var lokað yfir nóttina, og kom þá strax vatnið aftur í gömlu holurnar. Daginn eftir bárust þær fréttir, að vatnsmagn Grafarhvers hefði minnkað, og kenndi bóndinn í Gröf því um, að borholan nýja á Flúðum tæki vatnið til sín. Við athugun kom ekki fram nein breyting á vatnsmagni

Grafarhvers, hvort sem holan að Flúðum var opin eða lokuð. Engar mælingar voru gerðar á vatnsmagni Grafarhvers, þegar borun að Flúðum hófst, og er því ekki vitað með vissu, hve mikið það var.

Þannig hagar til, að holan á Flúðum er boruð skammt frá gamla skólahúsinu. Toppur holunnar er í um 80 m hæð yfir sjó, en Grafarhver er í 73 m hæð. Hæðarmunur er því um 7 m, og liggur hverinn neðar. Fjarlægð holunnar frá hvernum er um 450 m í suðvestur. Vatnsæðin í 40 m dýpi var lokuð úti með 6" fóðurpípu og holan síðan boruð niður á 200 m dýpi, án þess að vart yrði við neinar vatnsæðar að gagni.

Í 200 m dýpi kom mjög góð vatnsæð, og gaf holan um 20 l/sek. Þegar þessi árangur var fenginn, var vatnsæðinni í 40 m dýpi lokað með því að steypa í hana og fylla holuna utan 6" pípunnar alla leið upp með steypu. Ég tel, að sú steyping tryggi það, að sú truflun, sem borun holunnar hafði á rennsli vatnsins í 40 m dýpi, sé þar með úr sögunni.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir varð engin breyting á Grafarhver og ekki aukning á vatnsmagni hans, þegar steypt var í æð holunnar í 40 m dýpi. Hér hlýtur þá að vera um sérstakar aðstæður að ræða, ef holan á sök á vatnsleysi hversins. Ég veit ekki til þess, að komið hafi fyrir við borun, að vatn hafi þrotið í hver svona langt frá.

Tengsl milli hola hafa fundizt á nokkrum stöðum, þar sem þétt er borað, en þær holur eru allar miklu dýpri en holan á Flúðum og fjarlægðin minni. Slík tengsl hafa fundizt í Reykjavík, Hveragerði, Dalvík, Laugalandi á Þelamörk, Selfossi og e. t. v. víðar. Tengsl holanna eru alltaf þannig, að þau eru gagnkvæm, þegar holu er lokað, sem tekur vatn frá annarri, kemur vatnið aftur í þá síðarnefndu. Einhliða tæming uppsprettu, sem ekki fær sitt vatn þrátt fyrir lokun holu með steypingu, hefir ekki komið fyrir við borun hér á landi."

Samkvæmt aðiljaskýrslu stefnenda tók vatn að þverra í hverunum í Gröf, Grafarhver og Fúl, hinn 23. marz 1966, og tók alveg fyrir rennsli úr þeim á næstu tveim dögum. Til þess að afstýra tjóni vegna vatnsþurrðarinnar var tekið til bragðs að bera sáðkassa og plöntukassa úr uppeldishúsunum inn í íbúðarhús, þar sem auðveldara var að hita með rafmagni. Stærri húsunum var reynt að halda heitum með olíuofnum, gasofnum og rafmagnsofnum. Tókst að halda lifandi því, sem í húsunum var. Stefnendur segja, að áður en vatnið þvarr, hafi þeir notað gróðurhúsin á

þann hátt að fá úr þeim eina uppskeru af gulrótum og aðra af tómötum eða agúrkum á ári. Gulrótunum hafi verið sáð um mánaðamót janúar—febrúar og skorið upp í maí eða snemma í júní. Þá hafi tómata- og agúrkuplöntur verið búnar til plöntunar í sömu hús og hafi þær gefið uppskeru fram undir áramót. Eftir að vatnsþurrðin varð, og borun sú, sem gerð var í Gröf, gaf einungis hluta af því vatnsmagni, sem horfið hafði, hafi orðið að draga úr notkun gróðurhúsanna. Veturinn 1967 hafi verið sáð gulrótum í 500 fermetra, en 470 fermetrar látnir ónotaðir, þar sem ekki hafi verið talið unnt að hita meira húsrými, enda hafi sú orðið raunin á, að hitinn gerði sízt betur en duga. Um sumarið eftir hafi hins vegar aðeins eitt gróðurhús verið látið ónotað.

Mælingar úr rennsli úr Grafarhver rétt fyrir borun holu 4 á Flúðum liggja ekki fyrir. Árið 1934 mældist rennsli úr honum 2—3 l/sek samkvæmt riti T. F. W. Barth: Volcanic Geology, Hot springs and Geysers of Iceland, útgefnu 1950, bls. 94. Árið 1944 mældist rennslið 2 l/sek úr Grafarhver og 0,3 l/sek úr hvernum Fúl samkvæmt skýrslu Rannsóknarráðs ríkisins. Hinn 25. marzs 1966 var dælt úr þró við Grafarhver 0,5 l/sek samkvæmt áðurgreindri skýrslu Ísleifs Jónssonar. Það var um tveim dögum eftir að vatn kom í holu 4 á Flúðum á 38 m dýpi, en áður en boranir hófust við Grafarhver.

Þessar mælingar sýna, að rennsli úr Grafarhver hefur minnkað verulega á síðastliðnum 30 árum. Hins vegar verður ekki sagt um það með vissu af mælingum, hvernig sú minnkun hafi átt sér stað.

Boranir að Flúðum til öflunar heits vatns voru fyrst gerðar árið 1949. Þá voru þar boraðar 3 holur og ein í Hellisholtum, sem er rétt hjá. Þessar holur voru 22—65 metra djúpar. Sjálfrennandi vatn úr þeim var fyrst eftir borun samtals 12,75 sekl. samkvæmt borholuspjaldskrá Jarðhitadeildar Orkustofnunar.

Ekki er vitað til þess, að þessar boranir að Flúðum hafi haft áhrif á rennsli úr Grafarhver.

Borun holu 4 á Flúðum í marz 1966 hafði þau áhrif, að rennsli úr gömlu holunum 1 og 2 þvarr alveg, þegar æðin opnaðist á 38 metra dýpi í holu 4. Hins vegar kom rennslið aftur, þegar lokað var fyrir holu 4. Náin tengsl virðast því vera á milli æðarinnar á 38 metra dýpi í holu 4 og eldri holanna 1 og 2, enda er fjarlægð lítil milli þeirra. Þessar upplýsingar koma fram í skýrslu Ísleifs Jónssonar.

Af ofangreindum tengslum milli holanna á Flúðum virðist mega

draga þá ályktun, að hafi hola 4 haft áhrif á Grafarhver, þá hefðu eldri holurnar 1 og 2 einnig átt að gera það, þegar þær eru boraðar, en þá gáfu þær samtals 5,75 sekl. af sjálfrennandi vatni.

Rennslismælingar á borholum í Gröf voru gerðar að borunum loknum. Um það fjallar skýrsla Sveinbjörns Björnssonar eðlisfræðings frá maí 1966. Reynt var meðal annars að finna gagnkvæm tengsl milli holu 4 á Flúðum og holu 1 í Gröf, sem er rétt við Grafarhver. Ekki verður talið, að ótvíræð tengsl hafi komið í ljós þann tíma, sem mælingar stóðu, en það var um 6 klukkustundir.

Hinn 27. september 1967 beiddist lögmaður stefnenda þess, að dómkvaddir yrðu tveir sérfróðir og óvilhallir menn til þess að skoða heitavatnsuppsprettur í Grafarlandi og segja til um breytingar á rennsli heita vatnsins, er orsökuðust af borunum eftir heitu vatni á Flúðum í marz 1966. Einnig skyldu hinir dómkvöddu menn meta til peninga það tjón, er Grafarbændur, þ. e. stefnendur, kynnu að hafa orðið fyrir vegna minnkunar á rennsli heita vatnsins vegna nefndra borana, svo og það tjón, sem minnkað sjálfrennandi nýtanlegt heitt vatn hafi í för með sér fyrir bændur Grafarbæjanna, þ. e. Grafar, Laxárhlíðar og Sunnuhlíðar. Í aukadómþingi Árnessýslu 18. janúar 1968 voru kvaddir til þessarar skoðunar og mats verkfræðingarnir Jóhannes Zoëga, Reykjavík, og Sveinn B. Einarsson, Kópavogi. Í matsgerð þeirra, dagsettri 26. nóvember 1968, segir á þessa leið:

„Niðurstöður undirritaðra matsmanna fara hér á eftir:

(1) *Breytingar á rennsli heits vatns í Grafarlandi.*

Um breytingar á rennsli heits vatns í landi Grafar samtímis því, að borun eftir heitu vatni fór fram að Flúðum, höfum við ekki önnur gögn en þau, er fram koma í málsskjölum, og virðist okkur, að þar sé veigamest skýrsla Ísleifs Jónssonar, forstöðumanns Jarðborana ríkisins, um borun í Gröf, Hrunamannahreppi, dags. 22. sept. 1966. Þar segir m. a. um borunina við Flúðir:

„Þegar komið var í 41 m dýpi 23. marz, kom mikið sjóðandi vatn úr holunni, um 10 lítrar á sekúndu. Kom þá strax í ljós, að vatn hvarf úr gömlu holunum, sem notaðar voru til upphitunar á húsum á Flúðum. Holunni var þá strax lokað, svo ekki hlytist skaði af, en þá var mjög kalt í veðri, um 10° frost.

Næsta dag, 24. marz, var borun haldið áfram, en holunni þó lokað öðru hverju til að hleypa vatni á hitakerfið, en það var greinilegt, að vatnið úr gömlu holunni hvarf, þegar sú nýja var opnuð, en kom aftur, þegar henni var lokað.

Um kvöldið 24. marz bárust þær fréttir, að Grafarhver væri hættur að gefa það vatnsmagn, sem hann hafði haft til þessa. Daginn eftir var hverinn athugaður. Þá var dælt úr honum 0,5 lítrum á sek. Þennan dag var unnið við frágang á holunni á Flúðum, sett í hana fóðurpípa niður í 49 m dýpi. Þannig var gengið frá holunni, að hægt væri að loka fyrir vatnið, sem kom á 40 m dýpi, og halda áfram að bora, en einnig hægt að opna fyrir það, ef þess væri óskað, eða dýpri borun bæri ekki árangur. Hinn 26. marz kom Emil Ásgeirsson, bóndi í Gröf, til mín og sagði, að Grafarhverinn hefði ekki fengið vatn aftur, þótt búið væri að loka holunni að Flúðum.

Hann taldi, að undanfarið hafi verið dælt um 1½ lítra á sek úr hvernum, en hann væri nú svo til vatnslaus og horfði til vandræða, ef ekkert væri gert til að tryggja honum vatn til að hita gróðurhúsin. Í samráði við jarðhitadeild raforkumálastjóra var ákveðið að senda borinn að Gröf til að bora þar eftir vatni í stað þess, sem tapaðist....“

Þetta sýnir að okkar dómi, að rennsli úr borholunni að Flúðum hafði bein áhrif á rennsli eldri borhola í nágrenni hennar.

Samkvæmt skipulagsuppdrætti að Flúðum er borstæði nýju holunnar að Flúðum í um 79 m hæð, en Grafarhver í 72,4 m hæð. Aðalinnrennsli í Flúðaholuna er á 41 m dýpi, eða um 34 m fyrir neðan vatnsborð Grafarhvers. Skilyrði eru þannig fyrir hendi til þess, að rennsli úr boholunni geti lækkað vatnsborð Grafarhvers og tekið fyrir sjálfrennsli úr honum.

Þar sem minnkunar rennslis úr Grafarhver verður skv. tilvitnaðri skýrslu Ísleifs Jónssonar vart sama dag (24. marz), og ýmist er opnað eða lokað fyrir holuna að Flúðum, og þar sem ekki er vitað um, að neinar aðrar aðgerðir hafi átt sér stað um þetta leyti, er gætu hafa haft áhrif á rennsli heits vatns í Gröf, er það álit okkar, að hin skyndilega breyting til minnkunar á vatnsrennsli í Grafarlandi hafi verið bein afleiðing af borunarframkvæmdum að Flúðum.

Nokkur óvissa er um það, hve miklu þessar breytingar á rennsli hafi numið.

Í greinargerð um hita- of rennslismælingar á Flúðum og í Gröf, Hrunamannahreppi, eftir Sveinbjörn Björnsson, sérfræðing jarðhitadeildar raforkumálaskrifstofunnar, dags. maí 1966, eru talin þau gögn, er fyrir liggja um eldri mælingar á rennsli og hitastigi úr Grafarhver og Fúl í Grafarlandi.

Segir þar um Grafarhver: „... virðist líklegast, að hverinn hafi verið um 2,0—2,5 l/s og 98—100°C heitu vatni".

Og um Fúl: „Samkvæmt skýrslu iðnaðardeildar 1945—1946 mældist hverinn 0,3 l/sek og 97°C heitur árið 1944".

Af aðiljaskýrslu Grafarbænda og skýrslu Ísleifs Jónssonar þykir mega ráða, að frá og með 26. marz 1966 hafi alveg tekið fyrir sjálfrennsli úr Grafarhver og Fúl.

Samkvæmt þessu teljum við, að minnkun á sjálfrennsli úr Grafarhvernum hafi getað numið að minnsta kosti 2,3 l/sek, og verður við þá tölu miðað hér á eftir.

(2) *Tímabundið tjón, er leiddi af minnkuðu vatnsrennsli.*

Grafarbændur létu þá ósk í ljósi við matsmennina á fundinum 20. júlí, að tjón yrði metið í einu lagi fyrir þá alla.

Þá upplýstu þeir, að rekstri gróðurhúsa hafi verið hagað þannig, að þeir hafi fengið eina uppskeru af gulrótum á fyrri hluta árs og eina uppskeru af tómötum á síðari hluta árs.

Uppskerutjón af völdum minnkaðs vatnsrennslis telja þeir hafa verið sem hér segir:

Árið 1967:	Ein uppskera gulrætur úr 470	m^2
— —	Ein uppskera tómatar úr 200	m^2
Árið 1968:	Ein uppskera gulrætur úr 470	m^2

Loks upplýstu þeir, að kostnaður vegna bráðabirgðahitunar til að firra þá tjóni vorið 1966 hafi verið óverulegur.

Matsmönnum er ekki kunnugt um, að annað tímabundið tjón hafi orðið en nú hefir verið talið.

Með hliðsjón af gögnum, er við höfum aflað um uppskerumagn, tilkostnað og verðlag afurða árin 1967—1968, teljum við tjón bænda hæfilega metið á eftirfarandi grundvelli:

Ræktun gulróta:	
Vergar tekjur	270 kr/m^2
Beinn kostnaður	125 —
Hiti, afskriftir, hagn.	*145 kr/m^2 á uppskeru*
Ræktun tómata:	
Vergar tekjur	375 kr/m^2
Beinn kostnaður	213 —
Hiti, afskriftir, hagn.	*162 kr/m^2 á uppskeru*

Samkvæmt þessu metum við heildartjón Grafarbænda sökum skertrar uppskeru af völdum minnkaðs vatnsrennslis þannig:

Árið	1967:	ein uppskera gulrætur	kr. 69.000.00
—	—	ein uppskera tómatar	— 32.000.00
—	1968:	ein uppskera gulrætur	— 69.000.00
		Samtals	kr. 170.000.00

(3) *Tjón vegna varanlegrar minnkunar sjálfrennslis heits vatns.*

Eins og fram kemur hér að framan, verður að telja, að minnkun sjálfrennandi heits vatns úr Grafarhvernum hafi numið 2,3 l/sek og að hér sé um varanlegt tjón að ræða.

Við mat á þessu tjóni til peninga verður að miða við það, hve hárri fjárhæð Grafarbændur hefðu þurft til að verja til þess að afla sér sambærilegrar aðstöðu og þeir áður höfðu.

Í marz og apríl 1966 voru boraðar 3 holur í Grafarlandi til þess að bæta úr vatnsskortinum. Jarðboranir ríkisins hafa upplýst fyrir matsmönnum, að þessar boranir hafi alls kostað um kr. 80.000.00.

Á bls. 2 í skýrslu Ísleifs Jónssonar frá 22. sept. 1966 í kaflanum „Árangur borframkvæmdanna" kemur fram, að við prófdælingu og mælingar, er fram fóru 27. apríl 1966, fengust með dælingu 2,7—2,9 l/sek af um 82°C heitu vatni úr holu 1, en niðurdráttur var um 1 m, og úr holu 3 fengust á sama hátt 1,5 l/sek af 95°C heitu vatni með um 0,7 m niðurdrætti vatnsborðs, eða alls sem svarar 4,3 l/sek af 87°C heitu vatni til jafnaðar, en það er jafngilt um 3,5 l/sek af 98°C heitu vatni.

Þetta gefur til kynna, að örugglega megi fá sem svarar 2,5 l/sek af 98°C heitu vatni úr holu 1, ef dælu væri komið fyrir í henni.

Með hliðsjón af þessu teljum við, að varanlegt tjón sökum minnkaðs sjálfrennslis sé hæfilega metið þannig:

(1)	Kostnaður við boranir í Gröf 1966 (3 holur)	kr. 80.000.00
(2)	Áætlaður kostnaður við kaup borholudælu, tengingu hennar og annan útbúnað	— 100.000.00
	Samtals	kr. 180.000.00

Grafarbændur hafa valið þann kost að kaup vatn frá nýrri hitaveitu frá Flúðum, sem telja verður dýrari leið en þá, er hér var miðað við.

Í þeim kostnaðarmismun er hins vegar innifalinn reksturskostnaður, er þeir urðu sjálfir að bera áður, og þykir okkur því ekki ástæða til þess að taka tillit til þess."

Í viðauka við matsgerð þessa, dagsettum 9. apríl 1969, segir, að lögmaður stefnenda hafi upplýst, að Grafarbændur hafi auk rafmagnsdælu haft mótordrifna varadælu, en um þetta hafi ekki verið kunnugt, þegar gengið var frá matsgerðinni.

Matsmennirnir halda síðan áfram og segja: „Samsvarandi öryggi fengist með benzínknúinni vararafstöð af hæfilegri stærð, sem við metum á kr. 80.000.00. Við þetta hækkar heildartjón vegna varanlegrar minnkunar sjálfrennslis úr kr. 180.000.00 í kr. 260. 000.00, og hefir það ekki önnur áhrif á niðurstöður matsgerðarinnar."

Niðurstöður.

Af skjölum málsins verður ekki talið sannað, að borun holu 4 að Flúðum hafi haft þau áhrif á rennsli Garafarhvers, sem stefnendur halda fram. Sú hegðun Grafarhvers, að rennsli hans hafi horfið alveg við opnun æðar á 38 metra dýpi í holu 4 á Flúðum og ekki komið aftur við lokun æðarinnar, verður að teljast óeðlileg, og er slíkt ekki þekkt um tengsl borhola eða hvera annars staðar. Þar sem mælingar liggja ekki fyrir til að staðfesta þessa hegðun, verður að telja hana ósannaða. Þar með er ekki sagt, að hola 4 á Flúðum geti ekki hafa haft einhver áhrif á rennsli Grafarhvers.

Dómurinn fellst þannig ekki á þá niðurstöðu um rennslisminnkun Grafarhvers, sem fram kemur í matsgerð Jóhannesar Zoëga og Sveins Einarssonar, enda hafa síðar verið lögð fram viðbótargögn varandi þetta atriði.

Eins og áður er getið, reyndist greiður samgangur milli holu 4 á Flúðum og eldri holanna 1 og 2 þar, enda er stutt á milli þessara hola. Ef hola 4 á Flúðum hefur haft áhrif á rennsli Grafarhvers, eins og haldið er fram, hefðu boranirnar 1949 sennilega einnig átt að hafa veruleg áhrif, þar sem þær juku vatnsrennslið á Flúðum um a. m. k. 10 l/sek. Þetta er svipað rennsli og fékkst úr æð á 38 metra dýpi í holu 4. Ekki er vitað um, að nein slík áhrif hafi komið fram við boranirnar 1949.

Telja verður, að bæði Flúðasvæðið og Grafarhver séu hlutar

af stærra jarðhitakerfi, og svo er einnig um fleiri jarðhitastaði í nágrenninu. Meiri háttar vinnsla á einum stað getur þannig hæglega haft áhrif á rennsli heits vatns á öðrum stað í sama jarðhitakerfi. Boranirnar á Flúðum eru mesta röskun, sem gerð hefur verið af manna völdum á þessu jarðhitakerfi, og hafa þær aukið rennsli þar um a. m. k. 20 l/sek. Það er því ekki óeðlilegt, að áhrifa þessarar röskunar gæti í nálægum hlutum jarðhitakerfisins. Hins vegar verður, eins og áður er greint, að teljast ósannað mál, að tiltölulega skyndileg áhrif hafi komið fram á Grafarhver af völdum holu 4 á Flúðum. Líklegra er, að Grafarhver hafi verið að minnka smátt og smátt, e. t. v. síðan 1949 af völdum þeirra borana, sem þá voru gerðar á Flúðum. Borun holu 4 getur hafa orsakað einhverja rennslisminnkun úr Grafarhver, en sú minnkun hefði átt að hverfa aftur, þegar æðinni á 38 metra dýpi var lokað.

Enda þótt dómurinn hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að borunaraðgerðir stefnda að Flúðum hefðu valdið minnkandi vatnsrennsli úr Grafarhver, er eigi að heldur ljóst, að stefndi yrði bótaskyldur gagnvart stefnendum fyrir þær sakir. Stefndi eða þeir, sem unnu verkið á hans vegum, höfðu ekki ástæðu til að telja hættu á því, að aðgerðir þessar mundu valda vatnsþurrð til tjóns á öðrum stöðum. Áður hafði verið borað eftir heitu vatni á sömu slóðum með árangri, án þess að kvartanir í þá átt kæmu fram, svo að vitað væri. Ef borunin ylli vatnsþurrð á öðrum stöðum, átti að vera hægt að auka rennslið á ný með því að loka fyrir borholur. Strax og talið var, að borunin hefði valdið vatnsþurrð í Gröf, voru slíkar ráðstafanir gerðar, enda þótt þær bæru að vísu ekki árangur.

Auk þess er að gæta, að vatnsæð þeirri, sem opnaðist á 38 metra dýpi í holu 4 á Flúðum, og ætlað var, að valdið hefði rennslisþurrð í Grafarhver, var lokað aftur fyrir fullt og allt, og hefur hún ekki verið nýtt, heldur önnur vatnsæð á 200 metra dýpi í sömu holu, og er ekki vitað til, að hún hafi nein áhrif á vatnsrennsli á öðrum stöðum.

Stefndi verður þannig ekki talinn bótaskyldur eftir almennum skaðabótareglum, þar sem hann hefur ekki bakað stefnendum tjón af neins konar gáleysi og þá heldur ekki af ásetningi. Ekki þykja heldur fyrir hendi nein önnur lagaskilyrði til þess að leggja bótaábyrgð á stefnda. Úrslit málsins verða því þau, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnenda.

Mál þetta er bæði gjafsóknar- og gjafvarnarmál, eins og áður er getið. Samkvæmt því ber að greiða málflutningslaun lögmanna

beggja málsaðilja úr ríkissjóði, og eru þau ákveðin kr. 90.000.00 til hvors þeirra. Enn fremur ber að greiða úr ríkissjóði annan málskostnað beggja aðilja, kostnað stefnenda, kr. 53.542.80, og kostnað stefnda, kr. 22.910.00, báðar fjárhæðirnar samkvæmt framlögðum reikningum.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnenfd Hrunamannahrepps, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Emils Ásgeirssonar o. fl., í máli þessu.

Málskostnaður stefnenda, kr. 143.542.80, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnenda, hæstaréttarlögmanni Vilhjálmi Árnasyni, að fá kr. 90.000.00 í málflutningslaun.

Málskostnaður stefnda, hreppsnefndar Hrunamannahrepps, kr. 112.910.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnda, hæstaréttarlögmanni Hauki Jónssyni, að fá kr. 90.000.00 í málflutningslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. apríl 1973.

Nr. 25/1972: **Aðalsteinn Gunnlaugsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 123.237.00 með 8% ársvöxtum af kr. 140.

532.00 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 203.874.00 frá þeim degi til 12. febrúar 1971 og af kr. 123.237.00 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar hafa lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt. Eru þar á meðal tillögur stjórnar stefnda til sjávarútvegsráðuneytis um ákvörðun meðalveiðimagns togskipa af sömu stærð og skip áfrýjanda á sumar- og haustvertíð í Vestmannaeyjum árin 1964 og 1965 og bréf sjávarútvegsráðherra 28. janúar 1965 og 21. febrúar 1966 um staðfestingu á þeim. Enn fremur hefur verið lagt fram bréf Más Elíssonar fiskimálastjóra frá 15. desember 1972.

Lög um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins nr. 77/1962 leystu af hólmi lög um Hlutatryggingasjóð bátaútvegsins nr. 48/1949. Er hlutverki sjóðanna efnislega lýst á sama veg í lögunum báðum, sbr. 2. gr. þeirra. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 77/1962 er það hlutverk sjóðsins „að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum". Meginákvæðin um ákvörðun á bótagrundvelli eru að öllu verulegu hin sömu, sbr. 4. gr. beggja laganna, þó svo, að sérstakt ákvæði er í lögum nr. 77/1962 um, að meðalveiðimagn skuli fundið „með hliðsjón af aflamöguleikum". Auðsætt er af efni laga um sjóðinn, að þau horfa fyrst og fremst að því að marka sjóðnum meginumgerð, en stjórn sjóðsins er ætlað undir yfirstjórn ráðuneytis, sem í hlut á, nú sjávarútvegsráðuneytis, að setja sjóðnum starfsskilyrði og móta ýmiss konar verklagsreglur.

Samkvæmt greinargerð frá stjórn Aflatryggingasjóðs hinn 18. september 1967 samþykkti hún 13. september 1963, er fyrst voru gerðar tillögur um meðalveiðimagn togbáta fyrir Suðurlandi, eftir að þær veiðar hófust að nýju, að leggja til, að meðalveiðimagn yrði 400 lestir, „miðað við 8 menn minnst". Síðar segir svo í greinargerð stjórnarinnar: „Orsökin til þess, að mannatala er ákveðin í samþykktinni, er, að nauðsynlegt þótti að setja reglu um mannafjölda á togveið-

um, þegar bótaútreikningar til þeirra báta hófust á ný eftir langt hlé. Var það í samræmi við stefnu sjóðsins frá upphafi að skapa hlutfall milli meðalveiðimagns, mannafjölda og annarra þeirra atriða, er ráða sóknarmætti viðkomandi veiðiskips. Þar við má bæta, að 1948—1952, sem meðalveiðimagnið var byggt á, var stærð áhafnar einmitt 8—10 menn almennt. Í framkvæmd þýðir ákvörðun sem þessi, að bætur til skipa með minni áhöfn en 8 menn eru skertar. Sé áhöfn stærri en 8 menn, eru bætur hins vegar auknar". Í síðari tillögum stjórnarinnar um meðalveiðimagn, sem hér skipta máli, var enn fremur miðað við 8 manna áhöfn, eða allt til 6. september 1966, er lagt var til að miða við 6 manna áhöfn „vegna áskorana Vestmannaeyinga", eins og í greinargerðinni segir. Í skýrslu Más Elíssonar fiskimálastjóra frá 15. desember 1972 segir svo um þann þátt, sem áhöfnin myndar í mótun á meðalveiðimagni: „Ég get fullyrt, að allt frá því er ég hóf störf fyrir sjóðinn (þ. e. skömmu eftir mitt ár 1954) var beitt reglum um stærð áhafna við bótaútreikninga til báta. Var meðalveiðimagn, er bætur miðast við, ýmist skert eða hækkað upp. Gilti þetta um alla flokka báta bæði á síldveiðum og þorskveiðum." Segir síðar í bréfi hans, að þegar botnvörpuveiðar hófust eftir 1960 á nýjan leik og til kasta sjóðsins kom að greiða bætur, hafi við ákvörðun á meðalveiðimagni verið „beitt þeirri reglu að miða við stærð áhafna, einnig á þessum flokki skipa".

Samkvæmt skýrslum þeim, sem nú hafa verið reifaðar að nokkru, var meðalveiðimagn ákvarðað einkum með tilliti til þriggja atriða, er máli þóttu skipta um sóknarmátt skipa. Voru þessi þrjú atriði: stærð skips, veiðibúnaður og fjöldi skipverja. Hefur því ekki verið hnekkt í máli þessu, að þessi þrenn atriði séu eðlileg til viðmiðunar, og ber að telja þetta mat stjórnarinnar reist á málefnislegum rökum.

Í fundargerðum stjórnar Aflatryggingasjóðs á árunum 1963—1966 er því ítrekað lýst, að tillögur til ráðuneytisins um meðalveiðimagn séu miðaðar við tiltekna áhöfn báta. Ekki er sýnilegt af bréfum stjórnar sjóðsins til ráðuneytis varðandi tillögur um meðalveiðimagn, að þessa atriðis sé bein-

línis getið. Af gögnum máls er helzt að ráða, að stjórnin hafi litið svo á, að hér væri um alþekkta forsendu að ræða, sem ráðuneyti hefði verið gerð almennt grein fyrir. Ber í því efni að benda á, að sá þáttur, er lýtur að áhöfn, tók engum breytingum á árunum 1963—1966, að því er varðar meðalveiðimagn á því veiðisvæði og á þeirri stærð togbáta, sem mál þetta varðar. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi var fjöldi skipverja í þessu sambandi hinn sami og sá, sem greindur var í samningum um kaup og kjör sjómanna við þær veiðar, er á reynir í máli þessu, sbr. m. a. samning sjómanna og útvegsmanna um skiptakjör frá 2. febrúar 1965. Þegar ráðuneytið staðfesti tillögur stjórnar Aflatryggingasjóðs fyrir árin 1964 og 1965, er hér skiptir máli, hafði Hlutatryggingasjóður og Aflatryggingasjóður starfað samtals á annan áratug. Þær bótaákvarðanir, sem áttu rót að rekja til þáttar skipshafnar í meðalveiðimagni, voru þá venjuhelgaðar, þ. á m. sú tilhögun að skerða meðalveiðimagn eða bæta við það, ef áhöfn var fámennari eða fjölmennari en viðmiðunarregla um áhöfn benti til, að því er ætla verður með vitund og samþykki ráðherra, enda starfar sjóðurinn undir „yfirstjórn ráðherra“, sbr. 7. gr. laga nr. 48/1949 og 7. gr. laga nr. 77/1962.

Bótaákvarðanir þær, sem mál þetta lýtur að, eru sem fyrr greinir reistar á málefnislegu mati, og eru þær í samræmi við meginreglur 2. gr. laga nr. 77/1962. Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, hefur þessum meginreglum um bótaákvarðanir verið beitt lengi og almennt, án þess að sýnt hafi verið fram á, að þeim, er sótt hafa um bætur hjá stefnda, hafi verið mismunað. Þar sem máli er svo farið, ber að dæma stefnda sýknu í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Stefndi, Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Aðalsteins Gunnlaugssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Stefndi hefur ekki uppi þá vörn fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi hafi vegna tómlætis glatað rétti til heimtu þess fjár, sem hann krefur í málinu.

Með lögum nr. 48/1949 var stofnaður sjóður, er nefndur var Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins. Var hlutverki hans lýst svo í 2. gr. laganna, að það væri „að bæta aflahluti útgerðar og skipshafna, þegar almennan aflabrest ber að höndum.“ Sjóður þessi tók aðeins til fiskibátaflotans, en skiptist í tvær deildir, síldveiðideild og almenna fiskideild. Með lögum nr. 77/1962 var sett ný löggjöf um þá starfsemi, sem Hlutatryggingasjóður hafði með höndum. Var starfssvið sjóðsins rýmkað og deildum hans fjölgað. Náðu ákvæði laganna nú einnig til togaraflotans. Í samræmi við þetta var heiti sjóðsins breytt. Hét hann nú Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, og var heiti hinna nýju laga í samræmi við það. Meginuppistaðan í lögum nr. 77/1962 voru þó hin eldri lög um Hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, en með ýmsum breytingum, sem ekki verða raktar sérstaklega.

Í 15. gr. laga nr. 77/1962 segir, að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, en að auki eru talin í 4. gr. laganna nokkur atriði, sem reglugerðin skal geyma fyrirmæli um. Samkvæmt 4. gr. er eitt þessara atriða meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, sem hafa beri til viðmiðunar, þegar reiknaðar eru bótagreiðslur úr sjóðnum, og skal þetta meðalveiðimagn fundið á þann hátt, sem nánar segir í greininni sjálfri. Framkvæmdin varð hins vegar sú, að meðalveiðimagnið var ekki tiltekið með ákvæðum í reglugerð, heldur hefur stjórn Aflatryggingasjóðs hverju sinni gert tillögur til ráðherra um ákvörðun meðalveiðimagns fyrir tiltekna flokka skipa, veiðisvæði og veiðitímabil, en ráðherra staðfest tillögurnar með sérstökum bréfum til sjóðsstjórnar. Þessi aðferð, er einnig virðist hafa tíðkazt, meðan lög nr. 48/1949 voru í gildi, styðst við 4. gr. reglugerðar nr. 94/1963, sem er að þessu leyti í ósamræmi við lögin. Hefur áfrýjandi ekki hreyft athugasemdum, vegna þess að fylgt

var þessari venjubundnu framkvæmd, er sjávarútvegsráðherra staðfesti þær tillögur stjórnar stefnda, sem áður voru greindar.

Með bréfum sjávarútvegsráðherra 28. janúar 1965 og 21. febrúar 1966 hlutu staðfestingu tillögur stjórnar stefnda um meðalveiðimagn, sem leggja bar til grundvallar við greiðslu bóta úr Aflatryggingasjóði til togskipa í Vestmannaeyjum, sams konar og skip áfrýjanda, vegna veiðitímabila þeirra, sem í málinu greinir. Í saðfestingarbréfum ráðherra var þess ekki getið, að meðalveiðimagn þetta væri miðað við ákveðinn lágmarksfjölda skipverja eða að stefnda skyldi heimilt við útreikning bóta að lækka meðalveiðimagnið í einstökum tilvikum vegna fámennis áhafnar, enda hafði enginn fyrirvari verið gerður um þetta í tillögum stjórnar stefnda. Ekki hafði lækkun meðalveiðimagnsins við útreikning bóta til áfrýjanda beina stoð í ákvæðum laga. Skírskotun stefnda til þess, að það hafi verið regla, sem helguð hafi verið af langri framkvæmd, að bætur væru skertar vegna tölu skipverja frá því, sem ákvarðað meðalveiðimagn sagði til um, er ekki studd nægum gögnum um það, að hverju marki hefur á þetta reynt. Er ósannað, að um þetta hafi myndazt venja, sem áfrýjandi verði að hlíta. Að svo vöxnu var stefnda ekki heimilt að skerða bætur til áfrýjanda, svo sem gert var. Ber því að taka til greina kröfur áfrýjanda í málinu, en fyrir Hæstarétti er enginn ágreiningur um fjárhæð dómkröfu eða vexti.

Rétt er að stefndi greiði áfrýjanda kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð eigi að vera þannig:

Stefndi, Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, greiði áfrýjanda, Aðalsteini Gunnlaugssyni, kr. 123.237.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 140.532.00 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 203.874.00 frá þeim degi til 12. febrúar 1971 og af kr. 123.237.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., höfðaði Aðalsteinn Gunnlaugsson útgerðarmaður, Hólagötu 15, Vestmannaeyjum, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. júní 1967, á hendur Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 212.376.00 með 8% ársvöxtum af kr. 111.031.00 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966 og af kr. 212.376.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfufjárhæð sína í kr. 203.874.00 með 8% ársvöxtum af kr. 140.532.00 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966 og af kr. 203.874.00 frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 80.637.00, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krafðist aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð í kr. 103.308.00 og vextir reiknaðir frá útgáfudegi stefnu og málskostnaður þá felldur niður. Við munnlegan flutning málsins féll stefndi frá varakröfu sinni, en hélt að öðru leyti við gerðar dómkröfur.

Málsatvik eru þau, að með lögum nr. 77/1962 var stofnaður Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins með því hlutverki að bæta aflahlut skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, en sjóðurinn skiptist í fjórar deildir, þ. e. síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild. Í 4. gr. laganna er ákvæði þess efnis, að með reglugerð, er sjóðsstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnum þar tiltekinna félaga, skuli ákveða:

„1. Bótatímabil, er miðist við vertíðaskipti í hverri verstöð. Stundi skip ekki veiðar allt tímabilið, skerðist bótaréttur við það hlutfallslega.
2. Skipting veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði.
3. Skipting veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl.
4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því

á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda. Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum. Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað."

Reglugerð um hina almennu deild bátaflotans við Aflatryggingasjóð bátaútvegsins var sett hinn 18. júní 1963, en það er sú deild sjóðsins, sem mál þetta varðar. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir, að ákvæði hennar taki til þeirra skipa bátaflotans, sem veiðar stundi með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða drag-nót. Í 2. gr. er veiðiskipum skipt í flokka. Sú flokkaskipun miðast við veiðiaðferðir, stærð skipanna og meðferð aflans. 3. gr. kveður svo á um skiptingu veiðisvæða og bótatímabil, og er þá miðað við flokkaskipun veiðiskipanna. Þá segir í 4. gr., að berist sjóðsstjórninni umsókn um bætur úr sjóðnum, skuli hún rannsaka aflabrögð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi verið að ræða, skal ráðherra samkvæmt tillögum sjóðsstjórnarinnar og eftir að leitað hefur verið samþykkis tilgreindra aðilja ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið, og skal það lagt til grundvallar bótaútreikningum. Reglugerðin ákveður þannig ekki meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, svo sem ráð er fyrir gert í 4. tl. 4. gr. laganna. Síðan hefur reglugerðin ýmis ákvæði, sem lögin sjálf hafa að geyma.

Með útfærslu fiskveiðilögsögunnar árið 1952 lögðust togveiðar báta að verulegu leyti niður, einkum við Suðurland. Skömmu eftir 1960 hófust þær hins vegar á ný í nokkrum mæli frá Vestmannaeyjum. Á árinu 1963 kom fram beiðni frá útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum um bætur úr sjóðnum til togbáta vegna aflabrests á því ári. Þar sem svo langt var liðið síðan útgerð slíkra báta hafði átt sér stað, ákvað sjóðsstjórnin til ákvörðunar á meðalveiðimagni að hafa hliðsjón af aflabrögðum togbáta við Suðurland og Suð-Vesturland á árunum 1948-1952. Ákvað ráðherra að fenginni tillögu sjóðsstjórnarinnar tiltekið meðalveiðimagn fyrir togbáta við Suðurland 1963, og var þá miðað við 8 manns minnzt í áhöfn. Í framkvæmd þýðir ákvörðun þessi, að bætur til skipa með minni áhöfn en 8 menn eru skertar. Sé áhöfn stærri en 8 menn, eru bætur hins vegar auknar. Hið sama átti sér stað fyrir árið 1964 og 1965, að vísu með breyttu meðalveiðimagni vegna atvika, sem hér virðast ekki skipta máli, en enn var miðað við 8 manna áhöfn minnst. Stefnandi málsins gerði út veiðiskip af

tilteknum stærðarflokki á árinu 1964 og 1965. Sótti hann um bætur úr Aflatryggingasjóði og fékk fyrir árið 1964 kr. 24.981.00 en fyrir árið 1965 kr. 50.671.00. Á skipi stefnanda var aðeins 6 manna áhöfn, og því skerti Aflatryggingasjóður bæturnar til stefnanda af þeim sökum um 15%. Telur stefnandi Aflatryggingasjóð ekki hafa haft heimild til þessarar skerðingar, og því höfðar hann málið nú til heimtu fullra bóta án tillits til fjölda áhafnar. Deila aðilja snýst eingöngu um þessa skerðingu bótanna, en ekki um meðalveiðimagn eða fjárhæðir bótanna að öðru leyti.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að sjóðsstjórnin geti ekki með neinum rétti skert bótagreiðslur úr sjóðnum umfram það, sem beint sé heimilað í gildandi lögum fyrir sjóðinn, sbr. og reglugerð. Hið eina, sem sjóðsstjórninni er heimilað í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar að meta til frádráttar frá meðalveiðimagni, sé, þegar um er að ræða styttri úthaldstíma. Sú ákvörðun sjóðsstjórnarinnar að skerða bótagreiðslur togbáta í Vestmannaeyjum á árinu 1964 og 1965 um 15% frá ákveðnu meðalveiðimagni, vegna þess að áhafnir togbáta hafi verið almennt 8—10 menn á árunum fyrir 1952, þegar full og eðlileg áhöfn togbátanna 1964—1965 hafi verið 6 menn, geti naumast staðizt. Sjóðsstjórnin hafi ekki þurft að leita mörg ár aftur í tímann til að fá upplýsingar um, hver hafi verið talin full og eðlileg áhöfn togbáta við Vestmannaeyjar á árinu 1964—1965. Eftir að meðalveiðimagn hafi verið fundið í hverjum flokki og úthaldstími báts lá fyrir, hafi sjóðsstjórnin engan lagalegan rétt né nokkra heimild haft til að skerða bótagreiðslur til þeirra, sem urðu fyrir aflabresti. Sjóðsstjórninni sé boðið í 10. gr. laganna og 7. gr. reglugerðarinnar, hvað skuli greiða hverjum. Þann rétt, sem hver á eftir þeim lagaboðum, geti sjóðsstjórnin ekki skert. Þá bendir stefnandi á, að við greiðslu úr sjóðnum til sín hafi ekki fylgt neinir útreikningar, með hverjum hætti greiðslan hafi verið reiknuð, og því hafi hann eigi getað séð við móttöku bótagreiðslnanna, með hverjum hætti sjóðsstjórnin hafi reiknað út bæturnar. Slíkur háttur af sjóðsstjórnarinnar hálfu sé til þess fallinn að vekja tortryggni á vinnubrögðum hennar, svo sem í ljós hafi komið í máli þessu, og það ekki að ástæðulausu, þar sem stjórn sjóðsins virði að vettugi lög og starfsreglur sjóðsins.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að með lögum nr. 77/1962 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sé svo kveðið á í 3. tl. 4. gr., að með reglugerð skuli skipta veiðiskipum í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafi skilyrði fyrir

sama meðalveiðimagni með tilliti til stærðar, veiðibúnaðar og fleira. Samkvæmt 4. tl. sömu greinar sé jafnframt kveðið svo á, að meðalveiðimagn þetta skuli fundið með hliðsjón af aflamöguleikum. Það sé viðurkennt af öllum, sem til þekkja, að þau þrjú höfuðatriði, sem ráða sóknarmætti og aflamöguleikum fiskiskipa, séu: 1. stærð skipanna, 2. veiðibúnaður þeirra og 3. fjöldi áhafnar. Til þess að fullnægja framangreindum ákvæðum laganna hafi því verið um tvo kosti að velja fyrir sjóðsstjórnina. Sá fyrri að flokka skipin með hliðsjón af fyrrgreindum þrem höfuðatriðum, sem hefði þýtt margfalt meiri flokkun bátanna frá því, sem nú sé í reglugerðinni, þar sem þátturinn „fjöldi áhafnar" leiði til margföldunar flokka veiðiskipanna. Ef þessi leið hefði verið farin, hefði að sjálfsögðu orðið að ákveða meðalveiðimagn fyrir hvern flokk báta fyrir sig og þá að sjálfsögðu verið ákveðið lægra meðalveiðimagn fyrir bát með 6 manna áhöfn af hverri stærð en þann, sem var með 8 manna áhöfn. Síðari kosturinn og sá, sem sjóðsstjórnin valdi og þjónar nákvæmlega sama markmiði og fyrri kosturinn, er hún samdi reglugerð fyrir sjóðinn, hafi verið sá að flokka skipin eftir stærð og veiðibúnaði, en skapa sér þá verklagsreglu að ákvarða síðan meðalveiðimagnið fyrir hvern flokk báta miðað við ákveðinn fjölda áhafnar (í þessu tilfelli 8 menn) og skerða síðan meðalveiðimagnið hlutfallslega, ef um færri menn var að ræða, en bæta við það, ef um fleiri menn en 8 var að ræða, og væri þetta gert við útreikning bótanna hverju sinni. Á þennan hátt hafi reglugerðin um sjóðinn, sérstaklega 2. gr. hennar, verið gerð mun einfaldari heldur en hún hefði annars verið, ef fyrri leiðin hefði verið farin, auk þess sem verklagsregla þessi hafi einfaldað allt starf sjóðsstjórnarinnar varðandi tillögur um meðalveiðimagn og útreikning bóta úr sjóðnum. Það hafi því verið alger forsenda sjóðsstjórnarinnar við ákvörðun á meðalveiðimagni, að á skipi væri 8 manna áhöfn. Þessari reglu hafi ávallt verið fylgt síðan 1949, er fyrst var stofnaður sjóður til að bæta aflabrest, þótt hann þá hafi heitið Hlutatryggingasjóður í stað Aflatryggingasjóður nú, en markmið beggja sjóðanna sé hið sama. Þessi bótaútreikningsmáti sjóðsstjórnarinnar hafi aldrei sætt neinum mótmælum af hálfu sjómanna eða útvegsmanna fyrr en nú og því verið viðurkenndur í framkvæmd. Það sé og ljóst, að sóknarmáttur skips með 6 manna áhöfn sé minni en skips með 8 manna áhöfn. Þótt engin bein ákvæði séu að finna í lögunum eða reglugerðinni, sem ákvarði, að skerða megi ákveðið meðalveiðimagn vegna fjölda skipverja á skipi, þá verði að telja, að

sá háttur sjóðsstjórnarinnar við útreikning bóta til hinna ýmsu skipa sé þannig í fullu samræmi við ákvæði laganna og tilgang þeirra. Sjóðsstjórninni sé ætlað að bæta aflahlut skips og áhafnar, en skiptihlutfall breytist að sjálfsögðu við fjölda áhafnar.

Már Elísson, fiskimálastjóri og stjórnarformaður hins stefnda sjóðs, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það sé venja, þá er greiddar eru bætur frá stefnda, að kvittun sé heft við útreikninga og útgerðarskýrslur fyrir skipið og liggi því ávallt til sýnis, þá er bætur eru greiddar. Í tilfelli því, sem hér um ræði, beri hins vegar á það að líta, að stefndi reyni að koma því þannig fyrir, að bætur séu greiddar á viðkomandi stað, og því geti verið, að bæturnar hafi verið greiddar af umboðsmanni sjóðsins í Vestmannaeyjum. Þegar svo sé ástatt, séu minni líkur fyrir því, að útreikningarnir fylgi, eða sé jafnvel mjög ósennilegt. Hins vegar sé útvegsmönnum ávallt frjálst að sjá sinn eigin útreikning hjá sjóðsstjórninni. Hann kvað stefnanda málsins oft hafa talað við sig, en hann kvaðst ekki minnast þess sérstaklega, að stefnandi hafi beðið um að fá að sjá útreikninga á bótum til sín.

Af því, sem hér að framan er rakið, er ljóst, að um almennan aflabrest var að ræða á viðkomandi veiðisvæði á tímabili því, sem um ræðir, þannig að til kasta stefnda kom að greiða bætur. Er því augljóst, að afli skipa hafi eigi verið nægur til þess að gera upp við skipverja samkvæmt reglum um hlutaskipti, þótt undantekning kunni þar á að hafa verið.

Því er ómótmælt, að réttum formreglum laganna um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og reglugerð um hina almennu deild bátaflotans við sjóðinn hafi verið beitt við ákvörðun meðalveiðimagns, en meðalveiðimagnið var ákveðið með tilliti til þess, að á skipi væri 8 manna áhöfn.

Lög nr. 77/1962 ákveða í 3. tölul. 4. gr., svo sem áður greinir, að með reglugerðinni skuli ákveða skiptingu veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama veiðimagni með tilliti til stærðar, veiðibúnaðar o. fl. Samkvæmt orðanna hljóðan í reglugerðinni er skipting skipanna í flokka eigi bundin við fjölda áhafnar, en dómurinn telur ramma laganna og eðli máls samkvæmt, að nauðsyn hefði borið til skiptingar að því leyti.

Það er ljóst, að aflamöguleiki veiðiskips með 6 manna áhöfn er minni en veiðiskips með 8 manna áhöfn, m.a. með tilliti til þess, að það tekur hið fyrrnefnda lengri tíma að innbyrða, gera að og losa afla í landi.

Ætla verður, eins og hér er málum háttað, að útgerðarmenn skipa, sem bætur fengu frá stefnda, hafi gert upp við skipverja sína samningsbundna kauptryggingu. Leiðir það til þess, að útgerðarmaður, sem á skipi sínu hefur 6 manna áhöfn, hefur minni útgjöld að því leyti en útgerðarmaður, sem á skipi sínu hefur 8 manna áhöfn. Við bótagreiðslu úr sjóði stefnda kæmi því meira í hlut hins fyrrnefnda en hins síðarnefnda. Telja verður, að það sé tilgangur laganna, að sem mestur jöfnuður fáist með veiðiskipum, en samkvæmt framansögðu næst slíkur jöfnuður eigi, ef eigi væri tillit tekið til fjölda áhafnar. Telur dómurinn því, að stjórn stefnda hafi verið heimil sú skerðing á bótum til stefnanda, sem af því leiddi, að hann hafði aðeins 6 manna áhöfn á skipi sínu. Er í því sambandi eigi annað komið fram en að réttum hundraðshluta hafi verið beitt við skerðingu bótanna miðað við áhafnarfjölda.

Undir rekstri málsins kom í ljós, að stefndi hafði fengið uppgefið aflamagn skips stefnanda fyrir árið 1964 of lágt, en aflamagnið var byggt á aflaskýrslu, sem undirrituð var af starfsmanni Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum h/f, þar sem afla skips stefnanda var landað, svo og af stefnanda sjálfum. Nam skekkja þessi kr. 80.637.00 of lágum bótum til stefnanda. Er skekkja þessi kom í ljós, greiddi stefndi stefnanda umrædda fjárhæð. Stefnandi hefur í kröfum sínum krafizt vaxta og málskostnaðar af fjárhæð þessari, svo sem fram kemur í kröfugerð hans við munnlegan flutning málsins. Að þessu athuguðu þykir eigi efni til að verða við kröfum stefnanda að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu verður því niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Jóni Björnssyni skipstjóra og Guðmundi Jónssyni borgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Aðalsteins Gunnlaugssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. maí 1973.

Nr. 90/1973: **Sigurlaug M. Jónsdóttir**
og Ingvar J. Ingvarsson
gegn
Steiniðjunni h/f, Ísafirði.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Sigurlaug M. Jónsdóttir og Ingvar J. Ingvarsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þau stefnda, Steiniðjunni h/f, Ísafirði, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 5.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. maí 1973.

Nr. 50/1971: **Bæjarfógetinn í Hafnarfirði**
f. h. ríkissjóðs
gegn
Sverri K. Bjarnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, bæjarfógetinn í Hafnarfirði f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 7. maí 1973.

Nr. 53/1973: **Veiðifélag Mývatns vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins og eigendum og ábúendum lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur með heimild í 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. marz 1973, er Hæstarétti barst 3. apríl s. á. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur um aðalkröfu hans í héraði verði úr gildi felldur „og að lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm varðandi þetta atriði". Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Varnaraðili fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur gert þær dómkröfur, að kærumálskostnaðarkröfu sóknaraðilja verði hrundið og hver aðili málsins beri sinn kostnað af því.

Varnaraðiljar hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, hafa ekki gert ákveðnar kröfur, en telja, að frávísun aðalkröfu sóknaraðilja sé „ekki óeðlileg".

Í máli þessu hefur héraðsdómur vísað frá dómi aðalkröfu sóknaraðilja, en hann er stefnandi í héraði. Hins vegar hefur héraðsdómur lagt efnisdóm á varakröfu hans. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 á héraðsdómari að taka til úr-

lausnar frávísunaratriði, áður en til efnisdóms kemur, þannig að bera megi þau atriði undir Hæstarétt, áður en dómur er lagður á efni máls. Þetta hefur héraðsdómur eigi gert. Verður því að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju, en eins og kæruefninu er háttað, verður ekki tekin afstaða til formhliðar málsins í héraði að öðru leyti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 15. marz 1973.

Mál þetta var dómtekið hinn 26. f. m. að afloknum munnlegum flutningi þess. Málið var höfðað fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu með opinberri eignardómsstefnu, útgefinni 13. september 1971, en málið var þingfest hinn 29. nóvember 1971.

Í stefnu gerir stefnandi, Veiðifélag Mývatns vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn, þær dómkröfur, að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild og að málskostnaður greiðist úr hendi þeirra aðilja, er halda vilja uppi mótmælum gegn kröfum þessum í málinu.

Við þingfestingu málsins hinn 29. nóvember 1971 risu upp til andsvara dómkröfum stefnanda fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, eða eins og segir í greinargerð „— hefur fjármálaráðuneytið ásamt iðnaðarráðuneytinu ákveðið að láta mæta í málinu og gæta þar hagsmuna ríkisvaldsins —“ eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, og hreppsnefnd Skútustaðahrepps vegna hreppsins. Allir þeir aðijar, sem risu til andsvara við dómkröfum stefnanda, mótmæltu eignarréttarkröfum stefnanda á þeim grundvelli, að þeir sjálfir ættu hver um sig að því er tekur til vatnsbotns utan netlaga — að öllu leyti eða nokkru — verðmæti þau, sem stefnandi krafðist eignarrétt að.

Af hálfu ríkissjóðs er þess krafizt jafnframt því sem kröfum stefnanda er mótmælt, að því er varðar botn og botnsverðmæti utan netlaga, að ríkissjóði verði tildæmdur botn Mývatns utan netlaga með öllum verðmætum í, á og undir botninum eða að þessi dómsákvörðun komi a. m. k. skýrt og ótvírætt fram í forsendum dómsins. Til vara krefst hann, að landbelti Skútustaðajarðar og vatnsbotn innan tilgreindra merkja samkvæmt landamerkjalýsingu verði ekki talin til „sameignar", ef dómurinn féllist á, að um sameign sé að ræða.

Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gera eftirfarandi sameiðinlegar kröfur:

Að hrundið verði kröfum ríkisins og stefnanda um eignarrétt að botni og botnsverðmæti Mývatns utan netlaga einstakra jarða.

Að hreppsnefnd Skútustaðahrepps fyrir hönd hreppsins verði dæmdur eignarréttur að botni Mývatns, þar með talinn óskoraður eignarréttur að öllum verðmætum í, á eða undir vatnsbotninum.

Verði framangreind krafa um rétt Skútustaðahrepps yfir hinum umdeildu verðmætum ekki tekin til greina, er af hálfu eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gerð krafa um,

að Mývatn utan netlaga einstakra jarða verði dæmt byggðaralmenningur og vatnsbotninn svo og hvers konar gæði á, í eða undir eða yfir vatnsbotninum skuli, utan netlaga einstakra jarða, teljast eign allra lögbýla í sveitinni og þar með þeirra.

Þá hafa allir málsaðiljar krafizt málflutningslauna og annars kostnaðar sér til handa, varnaraðiljar úr hendi stefnanda. Við munnlegan flutning málsins breytti lögmaður Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eru taldar eiga lönd að Mývatni, málskostnaðarkröfum sínum á þá leið, að hann gerði málskostnaðarkröfu úr hendi gagnaðilja, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Áður hafði stefnandi vegna veitingar gjafsóknar eftir útgáfu stefnu breytt kröfugerð, að því er málskostnað varðar, á þá lund, „að ég geri málskostnaðarkröfu úr hendi hugsanlegs gagnaðila, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknamál".

Undir rekstri málsins gerði stefnandi varakröfu, og voru dómkröfur hans við dómtöku málsins 26. febrúar 1973 svohljóðandi:

„Dómkröfur

stefnanda, Veiðifélags Mývatns.

Aðallega: Að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll, séu hluti af landareignum þeirra aðila, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild.

Til vara: Að sá hluti Mývatns (það er botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerir kröfur til, að dæmt verði eign íslenzka ríkisins, samanber dómsskjal nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign umbjóðenda stefnanda. Í báðum tilvikum er þess krafizt, að öðrum réttarkrefjendum í máli þessu sé in solidum gert að greiða umbj. m. málskostnað samkv. reikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá er þess krafizt, að mér verði tildæmdur málskostnaður úr hendi ríkissjóðs sem skipuðum lögmanni gjafsóknarhafa samkvæmt reikningi."

Stefnandi, Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eru taldir eiga lönd að Mývatni, hafa allir fengið gjafsókn í héraði.

Stefnandi skýrir ástæður sínar til málshöfðunar með því, að Alþingi og ríkisstjórn hafi með setningu laga nr. 22/1964 um Kísiliðju við Mývatn og framkvæmd þeirra laga slegið eign sinni á botn Mývatns, en hann telur jarðaeigendur við Mývatn rétta eigendur alls vatnsbotnsins ásamt ýmsum öðrum réttindum í og við vatnið.

Stefnandi rökstyður eignarréttarkröfu umbjóðenda sinna að öllum botni Mývatns með því, að jörðum þeim, sem eiga bakka vatnsins, hafi alltaf fylgt réttur til Mývatns alls, vatns, veiði, botns og allra verðmæta á, undir og yfir botni vatnsins og hafi réttindi þessi öll verið í óskiptri sameign allra jarðanna, en þó kemur fram í greinargerð stefnanda, að mjó strandræma hafi þó fylgt hverri jörð. Hafi því löggjafinn ekki haft stjórnskipulega heimild til að setja þau ákvæði vatnalaga eða önnur lagaákvæði, sem takmarki rétt þennan eða veiti hann ríkinu, landsmönnum öllum eða einhverjum takmörkuðum hluta landsmanna að nokkru eða öllu leyti. Þá mótmælir hann því, að almenningur í stöðuvatni sé sameign landsmanna allra eða tilheyri ríkinu, heldur sýni ákvæði Jónsbókar, að almenningur í stöðuvatni sé sameign þeirra, sem land eiga að vatninu.

Þá gerir stefnandi grein fyrir því, að hann hafi í samráði við lögmann ríkisins leitað til jarðeigenda við veiðivötn um nokkr-

ar upplýsingar um netlög, almenninga o. fl. og að við þeim fyrirspurnum hafi komið svör varðandi ýmis vötn, stór og smá, og hafi svör borizt m. a. um Svínavatn, Arnarvatn hið mikla, Löginn (Lagarfljót), Miklavatn, Áshildarholtsvatn, vötn á Auðkúluheiði og á Jökuldalsheiði, en sameiginlegt hafi verið með þessum svörum, að um engan almenning sé að ræða í vötnum; landeigendur eigi vatn og botn hver fyrir sínu landi, þar til merki mætast. Þá leggur hann fram bréf Þóris Steinþórssonar skólastjóra, áður bónda að Mývatni, en hann var síðar nefndarmaður í yfirmatsnefnd í sambandi við arðskiptingu jarða í veiðifélögum. Þórir telur strandeigendur eina eiga vatnsbotn. Þá leggur stefnandi fram öll fáanleg landamerkjabréf jarða í Mývatnssveit og telur það ekki fara á milli mála, að Mývatn „liggi undir" jarðeignirnar við Mývatn, sbr. orðalag í námulögum.

Stefnandi bendir á nokkur atriði í landamerkjabréfum jarða við Mývatn. Kemur þar fram m. a., að Garður sé talinn eiga land út í Mývatn samkvæmt beinni línu norður vatnið og Skútustaðir séu taldir eiga hluta af vatninu samkvæmt tilteknum markalínum, en þær hafa verið færðar inn á landabréf á dskj. nr. 147 A. Þá kveður hann með mörgum jarðanna vera upptaldar ýmsar nafngreindar eyjar í vatninu, er séu eign hverrar jarðar um sig. Þá segir hann enn fremur, að það hafi aldrei valdið neinum ásteitingi eða erfiðleikum hjá strandeigendum, hvernig eignarrétti þeirra að Mývatni hagaði þrátt fyrir mismunandi orðatiltæki í landamerkjabréfum. Þannig sýni samtökin, er hófust með stofnun veiðifélagsins 1905 og ætíð hafi varað síðan, að þau hafi litið á vatnið sem óskipta sameign, en þó að líkindum talið, að sérnytjar fylgdu ræmu næst strönd.

Þá hefur stefnandi gert nokkurn samanburð á íslenzkri löggjöf og dómum og löggjöf og dómum á öðrum Norðurlöndum varðandi svipuð málefni. Hann hefur og sérstaklega bent á þann mun, er var á stöðu ríkisvalds í Noregi, er Ísland var numið, og á Íslandi, þ. e. að ríkisvald hafi ekki verið fyrir hendi hér. Þá hefur hann rakið aðdraganda að setningu vatnalaga og ritgerðir og umræður þar að lútandi.

Ríkisvaldið færir fram þær aðalmálsástæður: a) Að samkvæmt réttri gagnályktun frá 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923 geti engri jörð eða landareign fylgt land lengra út í vatn (vatnsbotn) en sem netlögum nemur, enda sé þá b) engum öðrum til að dreifa um eign og aðild almennings (vatnsbotnsins) utan netlaga heldur en ríkisvaldinu (ríkissjóði).

Ríkisvaldið heldur því fram, að 4. gr. vatnalaga sé stjórnskipulega gild lagaregla og gagnályktun fullkomlega örugg. Landeigendur hafi aldrei átt lengra út í sjó eða vötn en sem netlögum nemur og að ekki sé vitað um neinar „fornar hefðir" í aðrar áttir og alls ekki við Mývatn. Er þar sérstaklega bent á landamerkjaskrá fyrir Bjarnastaði, þar sem beint sé talað um „fjörurétt og landhelgi", undirskrifaða af oddvita og öðrum fyrirmönnum byggðarlagsins. Rétt þykir hér að taka fram af dómsins hálfu, að merki Bjarnastaða í eða við vatn eiga við Sandvatn. Þá er því haldið fram, að hvorki Skútustaðahreppur né vatnsbakkabændur við Mývatn hafi nokkru sinni gert nokkurn fyrirvara, borið fram mótmæli eða breytingatillögur út af takmörkunum þeim, sem 4. gr. vatnalaga feli í sér (staðfesti), en þeim hafi þó gefizt til þess sérstakt tilefni, eftir því sem skýrt hafi verið frá, að sérstök nefnd Mývetninga hafi á sínum tíma verið sett í málið. Sú nefnd hafi látið við það sitja, að strandeigendur yrðu viðurkenndir einkaréttthafar veiðiréttinda, en um landbeltismörk og eignarrétt jarða út í vatnið hafi þeir engar breytingatillögur eða athugasemdir haft fram að færa. Þá er rakinn aðdragandi setningar vatnalaga, sérstaklega að því er 4. gr. varðar, svo og eldri réttarreglur, tilskipun 20. júní 1849, 3. gr., og Jónsbók, Landsleigubálkur, 56. kafli.

Síðari málsástæðuna, þ. e. að engin aðili geti átt eignarrétt að almenningi Mývatns nema ríkið, rökstyður ríkisvaldið með tilvitnunum í fræðimenn, konungsúrskurði og tilskipanir og hæstaréttardóma um Landmannaafrétt og Nýjabæjarafrétt svo og erlenda dóma.

Vitnað er í svokallað Hofsstaðabréf frá 1477 og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712, sem hvort tveggja sýni, að í Mývatni hafi verið almenningur, einnig utanhéraðsmanna (ótiltekið). Hafi Mývatn því aldrei verið byggðaralmenningur, hvað þá einkaalmenningur. Þá er bent á orðin „landhelgi", „landbelti" og „dráttarmál" einstakra jarða, sem víða komi fram í skjölum málsins og sýni, að óbeint sé viðurkennt, að vatnið þar fyrir utan sé almenningur og að ekki sé um neina sameign að öllu vatninu að ræða.

Ríkisvaldið heldur því fram, að sönnunarbyrðin sé hjá stefnanda, að umbjóðendur hans hafi gerzt eigendur vatns og botns í Mývatni og hvenær og hvernig sú eignartaka hafi farið fram. Er því haldið fram, að þó frásagnir Landnámabókar séu að vísu ekki allskostar ljósar, bendi þær þó allgreinilega til þess, að Mývetningar hafi ekki numið vatnið í öndverðu. Um Mývatn og

Mývatnssveit sé ekki getið um nein landnám. Af ummælum Landnámabókar megi ráða, að Mývatnslönd hafi ekki verið numin í heild eða samfellt, heldur hafi menn setzt að við vatnið hver fyrir sig. Um samfellt eða sameiginlegt landnám við vatnið, þar sem vatnið hefði t. d. orðið „innan í", hafi þannig ekki verið að ræða. Vitnað er til dóms um Landmannaafrétt frá 1955, m. a. til þess að rökstyðja þá staðhæfingu ríkisvaldsins, að óheimilt sé að álykta út frá veiðirétti í vatni til eignarréttar að vatnsbotni, en samkvæmt dómi þessum hafi bændum og byggðarlögum verið frádæmdur eignarréttur þrátt fyrir bæði beitarrétt og veiðirétt á tilteknum landsvæðum.

Skútustaðahreppur og eigendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, rökstyðja kröfur sínar með því, að fjórðungurinn hafi átt allan rétt til Mývatns utan netlaga, og að sveitarfélagið hafi eignazt þann rétt, er fjórðungur (og síðar amt) lagðist niður sem stjórnarfarsleg eining, en varakröfuna rökstyðja þeir með því, að réttur þessi hafi fallið til allra lögbýla í sveitinni. Rekur lögmaður þessara málsaðilja stöðu fjórðunga í þjóðskipulagi Íslendinga, hlutverk amtanna, ákvæði tilskipunar um byggingu eyðibýla frá 15. apríl 1776 (nýbýlatilskipun), frumvörp til nýbýlalaga 1893—1897 og hlutverk fjórðunga og amta. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé að telja sveitarfélögin rétta arftaka fjórðunganna að eignaraðild að almenningum. Gerð er m. a. grein fyrir þeirri þróun, að eftir að vald í hreppsmálum hefði áður færzt frá hreppsbúum til ríkisvalds, færist valdið með tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 aftur frá ríkisvaldinu í hendur sveitarstjórna. Þá er bent á það, sem alkunnugt sé, að Mývatn sé inni í miðri byggð, umlukt heimalöndum byggðra jarða á alla vegu og muni svo hafa verið frá öndverðu. Tíðast muni almenningar hafa legið að öræfum eða sjó. Þessi almenningur sé eðlilega eign byggðarinnar eða stofnana hennar. Þess vegna hafi ekki þýðingu að vísa til dóma um eignarrétt að hálendi eða hafalmenningi. Spurningin sé því ekki, hvort ríkið sé eigandi að almenningi Mývatns, heldur hin, hvaða stofnun byggðarinnar sé eigandi hans eða fari með umráðarétt yfir honum.

Varðandi það atriði, að í máli þessu hefur mjög verið vísað til erlendra réttarreglna og dóma, bendir lögmaður Skútustaðahrepps og jarðaeigenda í Mývatnssveit, sem ekki eru taldir eiga lönd að Mývatni, á, að hæpið sé að byggja á slíkum reglum, þar sem eðli málsins samkvæmt hljóti réttarreglur um almenning að

mótast af aðstæðum í hverju landi og þeirri þjóðfélagsþróun, sem þar hafi átt sér stað. Hann kveður enga beina reglu vera í lögum, sem mæli fyrir um eignarrétt að almenningum. Verði það því að leysast eftir eðli málsins og grundvallarreglum laga.

Í þessu máli hefur verið lagður fram mikill fjöldi skjala. Skal þeirra helztu getið:

Endurrit úr fundargerðabók Veiðifélags Mývatns frá stofnun 1905 til ársins 1950. Af lögum eða samþykktum félagsins er ljóst, að tilgangur þess er að stuðla að því að auka og vernda silunginn í vatninu, en ekki sameiginlegur veiðiskapur eða sameiginleg nytjun Mývatns. Ljóst er og, að félagið er ekki veiðifélag í skilningi laga um lax- og silungsveiði.

Álitsgerðir þeirra Einars Arnórssonar, síðar hæstaréttardómara, dr. juris, og Eggerts Claessens yfirréttarlögmanns um veiðirétt í Mývatni.

Álitsgerð Ólafs Jóhannessonar, þáverandi lagaprófessors, frá árinu 1961. Í álitsgerð sinni kemst lagaprófessorinn að þeirri niðurstöðu, að kísilgúr á botni Mývatns innan netlaga tilheyri tvímælalaust þeirri jörð, er netlög fylgja. Hins vegar sé vatnsbotn í stöðuvötnum utan netlaga almenningur landsmanna allra — sé ríkiseign. Kísilgúr á vatnsbotni utan netlaga sé því eign þjóðarheildarinnar, sem löggjafinn geti ráðstafað að vild sinni.

Bréfaskipti forráðamanna veiðifélagsins við forsvarsmenn Kísiliðjunnar og iðnaðarráðuneytið.

Orðsending lögmanns stefnanda til landeigenda við veiðivötn, þar sem óskað er eftir upplýsingum um, hvernig hagi til um veiði og veiðirétt annars staðar á landinu, svör landeigenda og annarra, er til þekkja, ásamt nokkrum fylgiskjölum.

Skrá um stærð stöðuvatna á Íslandi.

Landamerkjabréf fyrir jarðirnar Geirastaði, Ytri- og Syðri Neslönd, Grímsstaði, Reykjahlíð, Voga, Geiteyjarströnd, Kálfaströnd, Garð, Skútustaði, Álftagerði, Haganes, Hofsstaði, Arnarvatn, Gautlönd, Baldursheim, Grænavatn, Litlaströnd, Hörgsdal, Bjarnastaði og Helluvað í Skútustaðahreppi auk Hrappstaðasels í Bárðdælahreppi.

Sóknarlýsing Mývatnssveitar (Bókmenntafél.) ca. 1848.

Ljósrit frá Árnasafni v/„almenninga“ og „fjórðungsmenn“.

Samningar um gerðadóm og um verksmiðjulóð v/Kísiliðju.

Ritgerð dr. Halldórs Halldórssonar prófessors um sögnina „að eiga“.

Ýmis vætti um veiðivenjur í öðrum vötnum.

Endurrit úr gerðabók Skútustaðahrepps.

Ritgerð Jónasar Helgasonar á Grænavatni um silungsveiði við Mývatn.

Nokkur vottorð um venjur og skoðanir um veiðiskap við Mývatn svo og um veiðirétt í Svartárvatni í Bárðardal.

Endurrit af handritum Stefáns Stefánssonar, Ytri-Neslöndum við Mývatn.

Vottorð um veiði utanvatnsmanna í Mývatni.

Beiðni lögmanns ríkissjóðs um öflun lögfræðilegra upplýsinga í Danmörku.

Svar Felix Vangs, hæstaréttarlögmanns í Danmörku, við fyrirspurn lögmanns ríkissjóðs um reglur í Danmörku um eignarrétt að vatns- eða sjávarbotnum svo og námarétt.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns skrifuð og samantekin eftir almúgans tilsögn og undirrjetting að Skútustöðum við Mývatn þann 30. og 31. Augusti Anno 1712 (Þingeyjarþing eður Þingeyjarsýslu, *Mývatn* heitir hreppurinn).

Nokkrar lögfestur fyrir Skútustöðum, Vogum og Grænavatni.

Jarðakaupabréf frá 1477 um Hofsstaði og fleiri jarðir.

Landskipti milli Skútustaða og Álftagerðis frá 1849.

Nokkur kaupbréf, ítakabréf og vitnisburðir varðandi jarðir í Mývatnssveit.

Landnámi við Mývatn er háttað svo, að heimildir um það eru mjög ógreinilegar —eigi sízt að því er tekur til ummerkja eða víðáttu.

Fyrsti landnámsmaðurinn mun vera Þorsteinn Sigmundarson Gnúpa-Bárðarson, sem virðist hafa reist bæ „at Mývatni“ um eða eftir 930. Bær þessi er týndur, nema hann leynist undir öðru nafni. Reykdælasaga og Víga-Skútu virðast sýna, að hann hafi verið norðan vatns og ætti bær sonarsonar hans, Arnórs Þorgrímssonar, Reykjahlíð, að vera byggður úr landnámi hans. Reykjahlíð er að víðáttu til svo óhemju stór jörð, að hún beri þann veg með sér að geta verið hluti úr landnámi. Hitt er svo spurning, sem ekki er hægt að svara til sönnunar, að Grímsstaðir, Neslandatangi, Vindbelgur og Hofsstaðir hafi byggzt úr landnámi Þorsteins.

Geiri austmaður er nefndur fyrsti búandi að Geirastöðum — á milli Vindbelgjar og Hofsstaða nú — en þar með er engan veginn sýnt og sannað, að hann hafi tekið sér búsetu með landnámi. Geirastaðamerki í dag gefa ekki tilefni til þess að halda, að um landnám sé að ræða. Heimildir Geira gætu alveg eins vel verið fengnar með kaupum (samanber Ísl. fornrit X, bls. 186, 1. mgr.).

Og gegnir sama máli í því efni um Víga-Skútu, er keypti land „at Mývatni ok bjó þar, sem nú heitir á Skútustöðum“ (Op. cit. bls. 204).

Um Grænavatn er þess að geta, að Þorkell inn hávi er fyrstur manna talinn búa að Grænavatni. Hann og sonur og dóttir hans koma við sögu Víga-Glúms, þar sem Glúmur er yngsti sonur Hallfríðar Þorkelsdóttur að tali sögunnar og Vigfúsar Eyjólfssonar.

Grænavatn er mikil jörð að víðáttu og gæti það bent til þess, að um landnámsjörð væri að ræða. Á móti kemur, að engin eðlileg mörk virðast nú sýnileg milli landnáms norðan við vatn, og þar að auki er örskammt til Garðs og Brjánsness, sem standa á bakka Mývatns og hafa verið lögbýli svo langt sem rekja má aftur, áður en Brjánsnes var lagt undir Garð.

Að vísu kemur fram af dskj. nr. 158, 160 og 161, að Grænavatn á á 16. og 17. öld aðgang að dráttum fyrir Garðslandi, en hvenær og hvernig til þess hefur komið, er ekki hægt að skýra.

Skútustaðir með Álftagerði er svo mikil jörð, að hún hefur landnámseinkenni, en hún hefur verið keypt, eins og áður segir. Orðalagið „at Mývatni“, sem þrásinnis kemur fyrir, mun langoftast þýða „við Mývatn“.

Það er víst, að yfirgnæfandi meiri hluti lögbýla stendur á vatnsbakkanum, og má sjá það þegar af Auðunnarmáldögum 1318, sem að stofni eru eldri. Ástæðan er sú einfalda, að vatnið er forðabúr matar sumar og vetur, varp og veiði. Og liggur í hlutarins eðli, að hlunnindi þessi verða notfærð af búendum, um leið og þeir setjast að og nema lönd eða kaupa.

Mikilvægi veiðinnar er ljós af sérákvæði Staðarhólsbókar, Grg. II 32: „Mývetningum er þat rétt að leGia net sin í vatn helgan dag eptir eykð. ef rum heilact er eptir“.

Elzta heimild um dráttarveiði við Mývatn mun vera í Jarðteinabók Guðmundar biskups Arasonar, þar sem segir frá því, er gerðist í Reykjahlíð um hvítasunnu 1237. Lýsing á staðháttum er mjög góð, og enn fremur er þess getið, að engin veiði hafi verið um sinn í vatninu og hallæri mikið í sveitinni. Eftir að biskup hafði blessað „veiðistöð bónda“, varð veiði svo mikil, „at varla kom nytjum á“, og seldi bóndi „til þriggja kúa reyðar um sumarit“.

Í yngstu sögu biskups er þess og getið, en rittengsl eru sýnileg á milli, og ber frásögninni þar saman við Jarðteinabókina — einnig í andvirði sölunnar, er hann selur „þurran vatnfisk meir en til þriggja kúa“.

Í frásögnum þessum er einvörðungu miðað við dráttarveiði í

Hlíðarlandi og ekki getið, að utanhéraðsmenn hafi stundað veiði, en í yngstu sögunni segir, að „þetta sama vor lá mikit hallæri með því sama vatni, svo at náliga fékk engi byggðarmanna búðarverð". Gæti orðalag þetta um hallæri bent til, að almenn veiði kynni að hafa verið stunduð í vatninu.

Það er og til athugunar, að veiðistöðin þessi sé undan túninu og aðdýpi mikið. Svo er eigi nú, sbr. dskj. nr. 15 og 16. Mun landbrot af ísþrýstingi og e. t. v. eigi sízt Mývatnseldar (sbr. S.S.Í. IV, bls. 392, 402—403 og 410—411) hafa valdið hér töluverðu um auk slýsins, er vex með fádæmum seinni part sumars hvers.

Stefnandi málsins er Veiðifélag Mývatns vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn samkvæmt umboðum þeirra. Ekki hafa í málinu verið lögð fram skilríki fyrir því, hverjir nú séu eigendur eða ábúendur allra jarða, sem lönd eiga að Mývatni. Er því ekki fullkomið öryggi fyrir því, að allir eigendur og ábúendur hafi veitt stefnanda umboð fyrir allar jarðirnar. Hins vegar hafa gagnaðiljar stefnanda engum mótmælum hreyft vegna þess, að ekki séu lögð fram opinber sönnunargögn fyrir því, hverjir séu eigendur og ábúendur á jörðum þessum. Ekki hefur því heldur verið mótmælt af gagnaðiljum stefnanda, að fyrir sumar jarða þeirra, sem stefnt er fyrir, hefur einn eigandi eða ábúandi ritað á umboðsskjal til stefnanda „f. h. eigenda" eða „f. h. eiganda", án þess að umboð til undirritunar fylgi umboðinu. Þau ein mótmæli hafa komið fram í þessu sambandi, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið vegna prestseturshluta Skútustaða hefur óheimilað ábúanda umboð til að skuldbinda jarðarpartinn að því leyti, sem snertir kröfugerð varðandi netlög fyrir jörðinni, svo sem síðar verður að vikið. Telja verður og, að öllum eigendum og ábúendum hljóti að hafa verið kunnugt um stefnu og málarekstur, þar sem stefnubirting var opinber og málið hefur vakið mikla athygli um allt and og þá eigi sízt í heimahéraði. Málflutningur fór hið fyrra sinni fram að Mývatni, stóð fulla 2 daga og var á hvers manns vitorði innan sveitar. Þá hafa jarðamörk við vatnið verið færð inn á landabréf á dskj. nr. 14, og sést ekki annað samkvæmt því og landamerkjaskrám, sem lagðar hafa verið fram, en að öll strandlengja vatnsins falli undir jarðir þær, sem umboð er veitt fyrir, þótt einstakar lóðir kunni að hafa verið úr þeim látnar. Verður því að telja, að stefnandi hafi formlega heimild frá þeim, sem málið varðar, til málshöfðunarinnar.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi breytt kröfugerð sinni á þá lund, að hann gerir nú varakröfu (án breytingar á aðalkröfu)

um, að sá hluti Mývatns (það er botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerir kröfu til, að dæmt verði eign íslenzka ríkisins, sbr. dskj. nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign umbjóðenda stefnanda. Varakrafan sýnist ná til alls vatnsbotnsins utan netlaga samkvæmt vatnalögum.

Dómurinn lítur svo á, að óheimilt sé að breyta stefnukröfum í eignardómsmáli, nema breyting krafna sé birt á sama hátt og með sama fresti og upphafleg stefna, ef breyting felur í sér nokkra aukningu kröfu eða efnisbreytingu. Sé breyting hins vegar einungis fólgin í minnkun kröfu, þ. e. að einskis sé krafizt eftir breytinguna, sem upphafleg kröfugerð fól ekki í sér, þá sé opinber birting ónauðsynleg. Jafnframt telur dómurinn varakröfu stefnanda vera þess eðlis, að efni hennar rúmist innan ramma aðalkröfunnar, og sé því sú breyting, sem stefnandi hefur gert á kröfugerð í máli þessu, heimil og eigi ekki að leiða til frávísunar.

Skal þá fjallað um kröfur stefnanda.

Aðalkrafa.

Svo sem greint hefur verið frá, gerir stefnandi, Veiðifélag Mývatns vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn, þær dómkröfur aðallega, „að dæmt verði, að botn Mývatns og botnverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, sem lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild".

Í kröfu stefnanda er eigi tilgreind hlutfallstala hverrar landareignar í sameignarrétti þeim, sem krafizt er viðurkenningar á. Hér er því um að ræða sameiginlega heildarkröfu vegna allra jarðaeigenda og ábúenda um ósundurgreindan sameignarrétt að botni og botnsverðmætum alls vatnsins. Að mati dómsins fær slík kröfugerð því aðeins staðizt, að allir aðiljar, sem stefnt er fyrir, séu samþykkir og eigi aðild að henni.

Í bókun umboðsmanns ríkissjóðs, dags. 5. ágúst 1972, dskj. nr. 168, er því lýst yfir, að prestssetrið Skútustaðir, sem er ríkiseign, „geti ekki verið samaðili að slíkri kröfugerð, að því er til netlaganna tekur", og er hér átt við netlög, eins og þau eru skilgreind í 4. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923.

Þessi afstaða er ítrekuð og staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til lögmanns ríkissjóðs, dags. 4. október 1972, dskj. nr. 169.

Þykja hér tekin af öll tvímæli um það, að ríkissjóður sem meðeigandi Skútustaða sé ekki aðili að sameignarkröfunni, að því

er netlögin varðar, en með gagnaöflunarúrskurði, uppkveðnum hinn 29. júní 1972, var aðiljum gefinn kostur á að tjá sig greinilega um það, hvort allir eigendur og ábúendur óskuðu fyrirvaralaust eftir því að taka þátt í eignardómsmáli þessu á grundvelli ofangreindrar kröfugerðar stefnanda.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 telur dómurinn ekkert mundu hafa verið því til fyrirstöðu, að aðrir eigendur og ábúendur jarða við Mývatn en ríkissjóður gætu leitað dómsúrlausnar um sinn hluta hugsanlegs sameignarréttar að botni Mývatns.

Krafa stefnanda tekur hins vegar til heildarsameignar að vatnsbotninum, þ. á. m. til hlutdeildar ríkissjóðs vegna Skútustaða í slíkum hugsanlegum sameignarrétti, en ríkissjóður hefur samkvæmt framansögðu ekki veitt stefnanda heimild til slíkrar kröfugerðar.

Ber því, eins og kröfugerð stefnanda er háttað, að vísa aðalkröfu hans frá dómi ex officio.

Varakrafa.

Varakrafa stefnanda nær einungis til þess hluta Mývatns (botns ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem er utan netlaga í skilningi 4. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923, og til hans alls.

Um rétt þann, sem mál þetta snýst um, þ. e. eignarrétt að vatnsbotni ásamt verðmætum í, á og undir vansbotninum, gilda nú almenn ákvæði vatnalaga nr. 15 frá 1923, 4. gr. Áður giltu um þetta ákvæði Landsleigubálks Jónsbókar, einkum í 56. og 59. kap.

Um það er deilt í málinu, hvort 4. gr. vatnalaganna beri að skilja þannig, að hún takmarki fortakslaust eignarrétt strandeigenda að botnssvæðum Mývatns og annarra stöðuvatna við 115 metra belti frá landi, og ef svo væri talið, hvort slík regla fái staðizt að stjórnskipunarrétti, þar sem með henni kynnu landeigendur að vera sviptir eignarréttindum, sem þeir hefðu átt frá fornu fari eða áunnið sér fyrir langa notkun.

Dómurinn telur, að 4. gr. vatnalaga skilin á þann veg, að hún takmarki án frávika eignarrétt vatnsbakkabænda við landbelti af þeirri stærð, sem að framan greinir, sé ógild regla að stjórnskipunarlögum í þeim tilvikum, þar sem telja verður sannað, að strandeigendur hafi átt ríkari rétt til vatns og botns, er lögin voru sett. Verður að telja, að gagnályktun frá 4. gr. vatnalaganna verði ekki réttlætt með skírskotun til heimildar löggjafans til setningar ákvæða um almennar takmarkanir á eignarrétti, þar sem slík algild netlagaregla væri mjög óeðlileg í fjölda tilvika

og kæmi harkalega niður á einstökum landeigendum, þannig að jafna mætti til eignaupptöku. Með þeim takmörkunum, er að framan greinir, telja dómendur, að löggjafanum hafi verið frjálst að skipa eignarrétti að botnssvæðum stöðuvatna að vild, en af álitum meiri og minni hluta svonefndrar Fossárnefndar, er undirbjó vatnalögin, má ráða, að út frá því væri gengið, að botnssvæði í almenningum stöðuvatna væru eign þjóðarheildarinnar eða ríkiseign.

Af sögu landnáms á Íslandi þykir mega ráða, svo sem að framan greinir, að landnám við Mývatn hafi orið nokkuð seint á landnámsöld og/eða í upphafi sögualdar og hafi lönd þar verið numin af innlendum mönnum og í smærri stíl en svo, að allt Mývatn hafi verið innan eins landnáms. Má því sennilegt telja, eða a. m. k. mögulegt, að þegar í upphafi hafi orðið til almenningur í svo stóru vatni sem Mývatn er.

Tvö af skjölum málsins, afrit af jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns á dskj. nr. 149 og Hofsstaðabréfsafritið á dskj. nr. 155, benda til almennings í Mývatni á þeim tímum, sem þau skjöl eru gerð, þ. e. á öndverðri átjándu öld og ofanverðri fimmtándu öld. Hins vegar bendir orðalag jarðabókarinnar til þess, að almenningurinn í Mývatni hafi verið öllu takmarkaðri en sá almenningur, sem leiða má af gagnályktun frá 4. gr. vatnalaga (— „Í Flóanum, það er í miðju vatninu“ —).

Dskj. nr. 155, „Hofsstaðabréfið“ frá 1477, er talið frumrit á skinni, og trúverðugleiki þess eykst, þar sem staðfest endurrit á skinni hefur verið gert í Þykkvaskógi 1618 af nafngreindum mönnum til að sýna og varðveita eignarheimildir fyrir Jörfa, Hamra og Hornstaði í Dalasýslu. Það, sem máli skiptir, er, að söluvottar að Ási í Keldukerfi 1477 tilgreina hiklaust, að Hofsstaðir eigi „hlut j almeningi j mývatni, oc skipstaudv j geirastada jordo“. Er þetta orðalag afdráttarlaust og skiptir hér engu máli ættartengsl og venzl milli kaupanda og seljanda og segir ekkert um, hvenær þessi réttindi urðu til. Ex silentio má ekkert ráða.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er gerð að Skútustöðum 1712 að opinberri tilhlutan. Í raun réttri er hún þingvætti í heyranda hljóði, svo sem kemur fram í niðurlagi hennar, og segir þar m. a.: — „Silúngsveiði má hvör brúka sem vill af innanhreppsmönnum vetur og sumur í Mývatni í Flóanum, það er í miðju vatninu, og brúkar hvör so sem hann hefur atorku til, hvort sem hann á land að vatninu eður ekki, bæði með lagnetjum og dorg. Utansveitarmenn gjöra sig og stundum hingað, og meiga

þeir að frjálsu veiða á dorg, og so er sagt að þeim sje ekki meinað að hafa lagnet í Flóanum. Enginn má leyfislaust fyrir annars landi veiða. Þeir sem halda til með lagnet í Flóann meðan vatnið er þítt og ekki eiga land við vatnið fá skipstöðu af þeim, sem landið eiga, enginn kemur þar tollur fyrir —". Almenningur í Mývatni er tilgreindur vera „— í Flóanum, það er í miðju vatninu —". Í vatninu eru reyndar tveir flóar, Ytri-Flói og Syðri-Flói. Kemur málvenja þessi fram í jarðabókinni og Sýslulýsingum 1740. En miðað við legu Hofsstaða og utanbakkabæja annarra má ef til vill ráða, að átt sé við Syðri-Flóa, enda er hann stærri um sig. Má þar benda á dskj. nr. 100, er notar flóa í þeirri merkingu auk örnefnisins „Almenningsbolur" frá Kálfastrandarhöfðum að sunnan og norður gagnvart Kiðey. Á dskj. nr. 14 er það prentað Bolir.

Í landamerkjaskrám nokkurra jarða við Mývatn, sem lagðar hafa verið fram í málinu, er víðast tekið fram, að jörðunum fylgi veiði fyrir sínu landi lögum samkvæmt. Enn fremur koma víða fram í skjölum málsins hugtökin „dráttarmál", „landhelgi", „landbelti", sem benda til þess, að hverri jörð hafi fylgt séreignar- og sérnytjaréttur að tilteknum svæðum fyrir landi hverrar jarðar.

Þegar landamerkjaskrár vísa til gildandi laga um veiðiétt fyrir landi, er tæpast öðrum lögum til að dreifa en ákvæðum 56. kap. Landsleigubálks Jónsbókar um þetta efni. Þau ákvæði eru samkvæmt orðalagi sínu og eðli allóákveðin, og má ætla, að þau hafi eigi staðið í vegi fyrir, að stærra vatnsbelti fylgdi jörð en þau, sem vatnalög nú ákveða, og að algild stærðarregla um netlög hafi þá eigi verið í gildi. Má ætla, að staðbundnar venjur hafi innan vissra marka skapazt um þetta efni eftir aðstæðum á hverjum stað.

Hér kæmi ýmislegt til greina, svo sem dýpt vatns eða landfræðilegar aðstæður, eins og þegar víkur eða vogar skera sig inn úr aðalvatni og eru að mestu slitin úr tengslum við það, eða þegar eyjar, hólmar og sker tiltekinnar jarðar eru dreifð um ákveðið vatnasvæði. Hér gætu komið til afkomu- eða atvinnulegar ástæður (hve þýðingarmiklar vatnsnytjarnar hafa verið fyrir búskap á jörðinni), gróðurfarslegar aðstæður o. s. frv.

Ljóst er af 2 þinglýstum landamerkjaskrám, sem lagðar hafa verið fram í málinu (landamerkjaskrá fyrir Skútustaði frá 1891 og Garð frá 1894), að mörk jarðanna hafa verið sett út í Mývatn langt út fyrir þau svæði, sem vatnalögin síðar gerðu að netlögum. Þá benda og framlagðar landamerkjaskrár nokkurra annarra jarða til hins sama. Í landamerkjaskrám þessum er m. a. víða að því

vikið, að tiltekin jörð eigi alla veiði innan lýstra marka, alla hólma og sker svo og veiðigrunn, þ. e. vatnsbotninn sjálfan, þar sem dýpi er lítið.

Hvort sem landamerkjaskrár þessar teljast hafa nægilegt sönnunar- og heimildargildi eða ekki um eignarráð viðkomandi jarða, benda þær eindregið til þess, að ýmsir jarðaeigendur við Mývatn hafi talið eignarrétt sinn ná út fyrir netlög, eins og þau nú eru skilgreind í vatnalögum. Þykir dómendum sem slík ákvæði í landamerkjaskrám þurfi eigi óhjákvæmilega að brjóta í bága við fyrrgreind ákvæði Landsleigubálks Jónsbókar, sem voru lög í landi hér, er skrárnar voru gerðar, en áður hefur því verið slegið föstu af Hæstarétti, að þinglýstar landamerkjaskrár hafi visst opinbert trúgildi. Í þessu sambandi má benda á þá höfuðáherzlu, sem m. a. Llb 56 leggur á hugtakið *veiðistöð* með hliðsjón af Grágás I b, 122—123 og II, 509—510.

Einstaklingseignarréttur að landi á Íslandi, jörðum og lendum, byggist aðallega á námi og samfelldri röð eignayfirfærslna. Saga landnáms við Mývatn þykir benda til þess, að ekki hafi verið um að ræða samfellt nám alls lands umhverfis vatnið. Síðari tíma gögn benda einnig til þess, að almenningur hafi lengst af verið í vatninu.

Hins vegar verður því eigi slegið föstu hér, hver séu mörk þessa almennings, og eigi heldur því, að ýmsar einstakar jarðir við Mývatn hafi eigi átt, þegar vatnalögin voru sett, séreignarrétt að vatnsbotni Mývatns út fyrir þau mörk, sem í 4. gr. vatnalaga greinir. Hafi slíkur séreignaréttur einstakra jarða verið fyrir hendi við setningu laganna, er hann að mati dómenda í fullu gildi.

Mál þetta er hins vegar eigi höfðað eða sótt til viðurkenningar á slíkum hugsanlegum séreignarrétti einstakra jarða utan netlaga, heldur krefst stefnandi viðurkenningar á sameignarrétti allra vatnsbakkajarðanna að vatnsbotni utan netlaga.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir mega telja fullvíst, að í Mývatni hafi verið almenningur lengst af, þótt mörk hans og stærð séu óljós. Þykir ósannað, að botnssvæði innan almennings þessa hafi nokkurn tíma verið eign vatnsbakkabænda, og verður þegar af þeirri ástæðu að hafna varakröfu stefnanda um, að allt Mývatn (botn og botnsverðmæti) utan netlaga samkvæmt 4. gr. vatnalaga sé óskipt sameign umbjóðenda hans, þ. e. allra jarða, sem lönd eiga að Mývatni.

Eftir öllum atvikum og málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningsþóknun til lögmanns gjafsóknarhafa, Veiðifélags Mývatns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði, en hún þykir hæfilega ákveðin kr. 600.000.00.

Málflutningsþóknun til lögmanns gjafsóknarhafa, hreppsnefndar Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eru taldar eiga lönd að Mývatni, Guðmundar Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði, en hún þykir hæfilega ákveðin kr. 300.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, og samdómendurnir Magnús Már Lárusson háskólarektor og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Dómsorð:

Aðalkröfu stefnanda, Veiðifélags Mývatns, að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild, *er vísað frá dómi.*

Varakrafa stefnanda, að sá hluti Mývatns (þ. e. botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra f. h. ríkisins gerir kröfu til, að verði dæmt eign íslenzka ríkisins, sbr. dskj. nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign umbjóðenda hans, *verður eigi tekin til greina.*

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningsþóknun lögmanna gjafsóknarhafa greiðis úr ríkissjóði, kr. 600.000.00 til Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns stefnanda, Veiðifélags Mývatns, og kr. 300.000.00 til Guðmundar Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Skútustaðahreppi, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni.

Föstudaginn 11. maí 1973.

Nr. 188/1971: **Guðjón Guðjónsson**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Trésmiðju Sveins M. Sveinssonar s/f
(Hákon Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1971. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 479.860.00 með 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál þar, en áfrýjandi fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 20. janúar 1972.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Óhrakið er það álit hinna sérfróðu samdómenda í héraði, að áfrýjanda hafi mátt vera ljóst, að hann beitti óvarlegri aðferð, þá er hann hugðist stöðva „fræsivélina" með því að seilast til ræsirofans á þann hátt, sem hann hefur sjálfur lýst. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að réttarreglur leiði til þess, að skaðabótaábyrgð verði lögð á stefnda vegna lemsturs hans. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns hans þar, kr. 30.000.00.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri þessa máls í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. september 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Guðjón Guðjónsson trésmíðameistari, Eiríksgötu 25 í Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. apríl 1968, á hendur Trésmiðju Sveins M. Sveinssonar sef hér í borg til greiðslu á kr. 520.878.00 með 8% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 479.860.00, en hélt að öðru leyti við stefnukröfur.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Í stefnu er málsatvikum þannig lýst:

„Tildrög máls þessa eru þau, að er stefnandi, sem var og er vélsmiður í trésmiðju stefnda, var að vinna við trésmíðavél á verkstæði stefnda hinn 8. maí 1964, varð hann fyrir slysi við eina trésmíðavélina á þann hátt, að hann missti framan af 2 fingrum vinstri handar og skaddaði auk þess hinn þriðja. Stefnandi hafði áður slasazt við trésmíðavél í nefndri trésmiðju og þá á hægri hendi. Eftir það slys varð vinstri hönd honum sem hægri hönd eftir því, sem við varð komið, og varð tjónið af þessu slysi enn þá tilfinnanlegra af þeim ástæðum."

Öryggiseftirliti ríkisins var tilkynnt um slys þetta, og í skýrslu eftirlitsins, dags. 8. maí 1964, er tildrögum slyssins þannig lýst:

„Slasaði mun hafa verið að stilla fræsivél fyrir fals á hringgluggum úr harðviði og borið gluggann að án þess að hafa hlífarbúnað á, sem var þó fyrir hendi. Mun slasaði hafa misst af glugganum, er fræsitennur gripu í.

Frásögn slasaða:

„Ég var að fræsa hringglugga úr harðviði og var að stöðva vélina og þurfti að beygja mig niður til að ná í rofann, sem er rétt fyrir ofan miðja vél hægra megin að framan á vélinni. Þegar ég sneri handfangi rofans, mun ég hafa ýtt við glugganum, sem

ég hélt um með vinstri hendi, og komið við hann með þeim afleiðingum, að ég skaddaðist á öllum fingrum vinstri handar.““

Í skýrslunni er umsögn eftirlitsmannsins svohljóðandi:

„Ég tel slasaða hafa sýnt óvarkárni með því að hafa gluggann á vélinni, meðan hann var að stöðva hana, þar sem honum var kunnugt um staðsetningu rofans.

Ég tel staðsetningu rofans óþægilega og álít hana eiga sinn þátt í slysinu.“

Hinn 5. júlí 1967 var tekin skýrsla af stefnanda hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Er þannig bókað eftir honum í lögregluskýrslunni:

„Ég er búinn að vinna hjá Timburverzluninni Völundi h/f síðan 1925, og hef ég ávallt verið við vinnu í vélasal. Ég hafði að nokkru leyti umsjón í vélasal, en vann þó alltaf með. Er slys þetta skeði, hafði ég verið að vinna í nokkra daga við að fræsa hringramma, sem nota á í hringglugga. Ég var að ljúka verkinu, og er ég var með þennan síðasta ramma og búinn að vélarvinna hann, tók ég öryggisútbúnaðinn frá vélinni, en það þurfti ég að gera til þess að ná rammanum frá. Það hagar þannig til á vél þessari, að rofinn, sem er tvískiptur, er staðsettur hægra megin á vélinni á undirstöðu vélarinnar nokkuð undir sjálfu vinnuborðinu. Það þarf því að beygja sig til þess að stöðva eða gangsetja vélina. Það eru tvö ganghraðastig á vélinni, og var ég búinn að stöðva annað hraðastigið, og gekk vélin því ekki á nema hálfum hraða. Rofinn er nokkuð þungur og er ekki þrýstirofi, heldur snerill, og þarf nokkuð að taka á honum til þess að snúa honum. Ég hélt því með vinstri hendi utan um rammann, vegna þess að ramminn sjálfur er rúmur metri í þvermál, en borð vélarinnar ekki nema ca. 50 cm á breidd frá fræsitönn. Ég hafði tekið rammann frá tönninni ca. tvær tommur, er ég beygði mig niður til þess að stöðva vélina alveg og hélt þá sem fyrr segir yfir rammann með vinstri hendinni og hélt rammanum upp að mér. Við það að þurfa að taka á rofanum þá mun ég hafa beitt líkamanum eitthvað, því skyndilega greip fræsitönnin í rammann og dróst þá höndin með, og lenti ég með vinstri höndina á fræsitönninni, og tók þá strax af þremur fingrum, sá fjórði skarst illa og klofnaði, en þeim putta tókst að bjarga að mestu, en þumalfingur brákaðist og er ekki góður enn. Um leið og höndin fór í fræsitönnina, hentist ramminn upp af planborðinu og skall í höfuðið á mér. Ég var einn að vinna þarna og varð því að fara sjálfur og sækja hjálp.

Ég var fluttur á slysavarðstofuna og þaðan á spítala, þar sem

gert var að meiðslum mínum. Ég var frá vinnu um nokkurra mánaða skeið."

Stefnandi hefur ekki komið hér fyrir dóm, enda hefur skýrsla hans um aðdraganda slyssins ekki sætt andmælum af hálfu stefnda.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá stefnda, dags. 14. júlí 1971, en þar segir svo:

„Að gefnu tilefni leyfum við okkur að lýsa yfir eftirfarandi: Guðjón Guðjónsson, trésmiður, Eiríksgötu 25 hér í bæ, var ekki verkstjóri hjá okkur, þegar trésmíðavél sú var keypt, er hann slasaðist við þann 8. maí 1964, og hefur eigi verið verkstjóri hjá okkur síðan.

Trésmíðavélin, sem slysið varð við, var af gerðinni I. B. Bruun & Sön, 4½ hestafla fræsari, smíðaár 1952, en var keypt til Trésmiðju Sveins M. Sveinssonar sef. árið 1958.

Þetta vottast hér með."

Þetta vottorð hefur verið tekið gilt sem staðfest.

Hinn 13. október 1970 fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til að láta í ljós álit sitt á búnaði vélarinnar, starfsaðstöðu stefnanda við verk hans við hana og möguleika á hættu við starf að vélinni almennt.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, dags. 13. febrúar 1971, segir svo:

„Trésmíðavél sú, er slysið varð við, er fræsivél með lóðréttum spindli upp úr borði, borðstærð 80 til 90 cm á kant. Á vélina er festur öryggisútbúnaður, sem heldur ofan á stykki það, sem unnið er við. Rofi vélarinnar er staðsettur undir borði hennar aftantil hægra megin. Er honum stjórnað með handhjóli, sem reynist við athugun vera stíft að hreyfa, ekki sízt fyrir menn með skaddaða hönd. Vinnuaðstaða er að öðru leyti venjuleg, gólfið heilt trégólf, en birta í lakara lagi. Stykki það, sem unnið var við, er slysið varð, var hringlaga gluggi rúmlega 100 cm í þvermál samkvæmt sumum málsskjölum. Í slysatilkynningu, msk. 17, er gluggginn talinn nál. 70 cm í þvermál. Ljósmyndir af vettvangi, msk. 19, benda til þess, að sú tala sé nærri lagi.

Um búnað vélarinnar er þetta að segja:

1. Umræddur rofi er mjög illa staðsettur og að auki óþægilega stífur í gangsetningu og stöðvun. Takkarofi á hentugum stað, t.d. næst undir borði vélarinnar að framan, væri mun þægilegri og til aukins öryggis.

2. Borð vélarinnar er of lítið fyrir slíka framleiðslu. Hefði stækkun borðsins (framlenging) eða sérstakur búkki verið nauð-

synlegur. Mæling á staðnum sýnir, að 35 cm eru frá landi, sem glugginn hefur numið við, og að framkanti borðs vélarinnar. Jafnvel þótt glugginn hafi aðeins verið 70 cm í þvermál, er augljós hætta á, að hann missi jafnvægi á borðinu, eins og það var, ef ekki er stutt við hann. Hefði því framlenging borðsins eða búkki verið nauðsynlegur.

3. Öryggisútbúnaður sá, sem á vélinni er, er til bóta við umrætt verk, en ekki nægjanlegur, þegar stykkið er tekið frá landinu. Önnur öryggistæki eru til á staðnum, t.d. hlífar, en eru af aðilum ekki talin hafa komið til greina við verk þetta.

Um aðrar orsakir slyssins er þetta að segja:

Hægt hefði verið að taka gluggann frá borði vélarinnar, áður en vélin var stöðvuð, en það breytir hins vegar ekki þeim atriðum, sem áður eru talin."

Matsgerð þessari hefur eigi verið mótmælt sem óstaðfestri af hálfu stefnda.

Páll Sigurðsson læknir mat örorku stefnanda af völdum slyssins, og í mati hans, dags. 7. janúar 1965, segir m. a., að hér hafi verið að ræða um 66 ára gamlan trésmið, sem slasaðist við vinnu sína fyrir 8 mánuðum og missti þá framan af fingrum vinstri handar. Fyrir slysið hafði maðurinn nokkra bæklun á hægri hendi og var því vinstri höndin honum betri höndin. Læknirinn metur síðan örorku stefnanda á þá leið, að

í 2 mánuði nemi hún 100%
í 2 mánuði — — 75%
í 2 mánuði — — 50%
í 2 mánuði — — 25%
og síðan varanleg örorka 20%

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út örorkutjón stefnanda. Í útreikningi tryggingafræðingsins, dags. 24. júní 1966, kemst tryggingafræðingurinn að þeirri niðurstöðu, að verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps stefnanda miðað við slysdag sé kr. 254.761.00.

Krafa stefnanda er á þessum útreikningi tryggingafræðingsins byggð og er sundurliðuð þannig:

1.	Atvinnutjón	kr. 254.761.00
2.	Kostnaður við útreikning o. fl.	— 3.770.00
3.	Bætur fyrir þjáningar, óþægindi, lýti o. fl.	— 300.000.00
		Samtals kr. 558.531.00

÷ bætur frá Tryggingastofnun ríkisins	kr.	37.653.00
	Kr.	520.878.00
÷ greiðslur frá atvinnurekanda, stefnda	—	41.018.00
	Samtals kr.	479.860.00

sem er krafa stefnanda í málinu nú.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu í fyrsta lagi á því, að vél sú, er hann var að vinna við í margnefnt sinn, hafi verið gölluð. Borð vélarinnar hafi verið of lítið og eins hafi aflrofinn fyrir vélina verið illa staðsettur jafnframt því að vera óeðlilega þungur. Telur stefnandi, að til þessara orsaka verði slysið rakið. Beri stefndi því ábyrgð á slysinu gagnvart sér svo og af þeirri ástæðu, að um hættulega starfsemi hafi verið að ræða, sem stefnandi vann við. Slysið verði á engan hátt rakið til vangæzlu stefnanda við verkið. Hann hafi verið vanur og leikinn starfsmaður og farið að sem slíkur, þ. e. að treysta leikni sinni og velja einföldustu aðferðina við verkið. Hann hafi þurft að athuga grópina á glugganum, hvort rétt væri, og tekið gluggann því frá fræsitönninni án þess að slökkva á vélinni fyrst, en er hann hafi séð, að grópin var svo sem vera átti, hafi hann slökkt á vélinni.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að umrætt slys verði eingöngu rakið til aðgæzluskorts stefnanda sjálfs, og verði hann því að bera tjón sitt sjálfur. Stefnandi sé trésmíðameistari að menntun og hafði unnið í 39 ár hjá stefnda við vélavinnu, er slysið varð. Heldur stefndi því fram, að slysið verði ekki á neinn hátt rakið til vanbúnaðar á vinnustað almennt né á vél þeirri, sem stefnandi var að vinna við, eða annarra atvika, sem fellt geti bótaábyrgð á stefnda. Mótmælir stefndi því sérstaklega, að rekstur trésmíðaverkstæðis verði talinn hættulegur atvinnurekstur og hlutlæg fébótaábyrgð lögð á hann samkvæmt því. Stefnandi hafi átt þess kost, svo sem honum var kunnugt, að stöðva fræsivélina, áður en hann tók öryggisbúnaðinn frá henni, en það sé aðalorsök og eina orsök slyssins. Hann hafi einnig getað haft þá aðferð að taka öryggisbúnaðinn frá og leggja rammann frá sér, áður enn hann slökkti á vélinni. Sá kostur, sem stefnandi valdi við verkið, það er að taka öryggisbúnaðinn frá, styðja við rammann og beygja sig síðan og teygja í rofann, sé svo bersýnilega hættulegur, að ljóst sé hverjum manni, en stefnanda átti að

vera slíkt sérstaklega ljóst vegna menntunar sinnar og langrar reynslu í starfinu.

Dómendur hafa farið á vettvang og kannað aðstæður. Við það tækifæri sýndi stefnandi dómendum svo og lögmönnum aðilja, hvernig hann hafi farið að við verk sitt, er slysið varð.

Hinir sérfróðu meðdómendur kveða gerð umræddrar fræsivélar vera mjög algenga í trésmiðaverkstæðum hérlendis og þekki þeir gerla slíkar vélar í notkun. Við skoðun á vettvangi telja þeir þó, að rofinn sé í stífara lagi, en slíkir rofar séu þó jafnan nokkuð stífir af ýmsum ástæðum. Þá telja þeir, að öryggishlíf vélarinnar hefði varnað því, að efni það, sem stefnandi vann að í margnefnt sinn, hefði misst jafnvægi á borði vélarinnar.

Við aðstæður þær, þá er slysið skeði, er það einróma álit meðdómendanna, að réttasta og eðlilegasta aðferðin hefði verið sú, annað hvort að stöðva vélina, áður en öryggishlífin var tekin frá, eða taka efnið af borði hennar, áður en hún var stöðvuð, en með því móti hefði mátt tryggja það, að höndin hefði ekki farið í tönn vélarinnar. Við þessar aðstæður var hins vegar sú aðferð, sem stefnandi viðhafði, hættuleg og beinlínis því valdandi, hvernig fór. Stefnanda mátti sem trésmiður með langa reynslu að baki af notkun margnefndrar vélar vera fullljóst, hvernig réttilegast á að haga vinnu sinni við hana og hvað varast beri í því efni til að forðast hugsanlegt slys af notkun vélarinnar, og það því fremur, ef hann mátti þekkja hugsanlegan vanmátt sinn vegna fyrri meiðsla.

Með vísan til þessa og þar sem ekki verður fallizt á það með stefnanda, að hér sé fyrir hendi skilyrði til þess að beita reglum skaðabótaréttarins á hættulegum atvinnurekstri, hvorki að því er varðar starfsemi almennt né til vélarinnar sem slíkrar og starfs stefnanda við hana, er hann slasaðist, þá verður ekki hjá því komizt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Emi Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Jónassyni tæknifræðingi og Karli Einarssyni trésmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðja Sveins M. Sveinssonar sef, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðjóns Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. maí 1973.

Nr. 149/1972: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari ríkisins)
gegn
Guðfinni Birki Antonssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárdráttur. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjað er dómum sakadóms Reykjavíkur frá 8. ágúst 1972 og 16. október sama ár á hendur ákærða. Brot það, sem ákærði er dæmdur fyrir í síðara dómi, framdi hann hinn 25. júlí 1972 og því áður en fyrri dómur gekk. Var ákærða dæmd sakaukarefsing fyrir það brot. Þar sem svo stendur á, ber að sameina mál þessi í Hæstarétti.

Sannað er, að ákærði framdi brot þau, sem hann er sóttur til sakar fyrir. Eru brotin réttilega færð til refsiákvæða í hinum áfrýjuðu dómum. Fallast ber á úrlausn héraðsdómara, að ákærði sé sakhæfur. Þykir refsing ákærða fyrir brot þessi hæfilega ákveðin með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 12 mánaða fangelsi. Úrlausn héraðsdómara um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar ákærða frá refsingu hans er staðfest, enda tengist vistun hans í Gunnarsholti frá 24. nóvember 1971 til 12. janúar 1972 eigi við rannsókn þeirra mála á hendur ákærða, sem hér eru til úrlausnar, og á 76. gr. almennra hegningarlaga því eigi við.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðfinnur Birkir Antonsson, sæti fangelsi 12 mánuði, en frá dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 60 daga.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. ágúst 1972.

Ár 1972, þriðjudaginn 8. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 347/1972: Ákæruvaldið gegn Guðfinni Birki Antonssyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 4. október 1971, gegn Guðfinni Birki Antonssyni verkamanni, Sörlaskjóli 58, nú refsifanga, fæddum á Ísafirði 10. febrúar 1949,

„fyrir fjárdrátt og skjalafals, framin í Reykjavík í júlí 1971.

1. Hinn 24. júlí 1971 keypti ákærði stækkanlegan svefnbekk af Húsgagnaverzlun Þorsteins Sigurðssonar, Grettisgötu 13 í Reykjavík, fyrir kr. 8.900.00. Ekkert greiddi hann af andvirðinu, en samþykkti víxil fyrir kaupverðinu með gjalddaga 1. ágúst 1971. Var svo um samið skriflega, að verzlunin væri eigandi svefnbekkjarins, þar til andvirðið væri að fullu greitt.

Samdægurs fór svo ákærði með svefnbekkinn í fornverzlunina Húsmunaskálann við Klapparstíg og seldi hann þar fyrir kr. 2.000.00, staðgreiðslu.

Þykir ákærði hafa með þessu gerzt sekur um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Hinn 26. júlí 1971 gerði ákærði samning við Sveinbjörn Mjófjörð Tryggvason, sölumann í bifreiðasölunni í Höfðatúni 10, um að kaupa af honum bifreið. Skyldi ákærði greiða Sveinbirni Mjófjörð andvirði bifreiðarinnar með tveimur skuldabréfum, hvoru að upphæð kr. 125.000.00, tryggðum með veði í kjallaíbúð í húseigninni Sörlaskjóli 58, eign Valgerðar Sigurðardóttur, sem er móðir ákærða, II. veðrétti og uppfærslurétti, og skyldu bréfin

greiðast að fullu á þremur árum. Skyldi ákærði fá fyrir skuldabréfin umrædda bifreið og kr. 100.000.00 að auki, þ. e. a. s. kr. 50.000.00 í peningum strax og síðar kr. 30.000.00 í peningum og kr. 20.000.00 í víxli.

Ákærði falsaði nú nafn nefndrar móður sinnar sem undirskrift á bæði veðskuldabréfin, dagsett 26. júlí 1971, sem hann afhenti bifreiðasalanum, og fékk greiddar kr. 50.000.00, en tók ekki bifreiðina. Þessum kr. 50.000.00 eyddi hann síðan næstu daga í áfengi og ferðalag.

Með því að nota, svo sem sagt hefur verið, hin fölsuðu veðskuldabréf þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar".

Málsatvik.

I. Hinn 24. júlí s.l. seldi ákærði fornverzluninni Húsmunaskálanum við Klapparstíg svefnbekk fyrir 2.000 kr., en bekk þennan hafði hann sama dag keypt fyrir 8.700 kr. í Húsgagnaverzlun Þorsteins Sigurðssonar, Grettisgötu 13, og fengið gjaldfrest á öllu kaupverðinu, og hafði verzlunin áskilið sér eignarrétt að bekknum, unz kaupverðið væri að fullu greitt, sbr. 2. gr. kaupsamnings, er ákærði undirritaði, sbr. og að í 3. gr. sama samnings segir, að kaupanda sé algerlega óheimilt á afborgunartímanum að selja gefa eða afhenda samningsmunina.

Samkvæmt vætti Árna Víglundssonar, eiganda Húsmunaskálans, skilaði hann húsgagnaverzluninni svefnbekknum, en verzlunin bætti honum tjón hans.

II. Hinn 26. júlí s.l. seldi ákærði Sveinbirni Mjófjörð Tryggvasyni sölumanni, Meistaravöllum 17, tvö veðskuldabréf að fjárhæð kr. 125.000.00 hvort. Veðskuldabréf þessi voru gefin út til handhafa og tryggð með 2. veðrétti í íbúð í kjallara hússins nr. 58 við Sörlaskjól og með uppfærslurétti næst á eftir 1. veðréttar skuld kr. 24.000.00. Íbúð þessi er eign móður ákærða, Valgerðar Sigurðardóttur, og hafði ákærði útbúið bréfin án vitundar hennar og falsað nafn hennar undir bæði bréfin. Fyrir bréfin fékk ákærði kr. 50.000.00 í peningum, að frádregnum kostnaði við þinglýsingu bréfanna, þ. e. nettó kr. 46.800.00. Enn fremur átti hann að fá notaða bifreið, er hann tók ekki þegar í vörzlu sína. Síðar átti hann samkvæmt framburði Sveinbjörns að fá kr. 30.000.00 í peningum og víxil, kr. 20.000.00. Ákærði kannast hins vegar ekki við það, að hann hafi átt að fá neitt síðar fyrir bréfin nema bifreiðina.

Ekki kom til þess, að Sveinbjörn greiddi ákærða neitt fyrir bréfin nema áðurnefndar kr. 46.800.00.

III. Ákæruði á að baki verulegan brotaferil. Hinn 29. ágúst 1969 var ákæru á hendur honum fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1970 var hann dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir svik og 3. september sama ár í 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fjárdrátt. Hinn 15. janúar 1971 var hann með dómi sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd. Þá var hann 8. júlí 1971 dæmdur í 4 mánaða fangelsi fyrir svik. Auk þess hefur hann sætzt á greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot o. fl.

Grímur Magnússon læknir kannaði geðheilbrigði ákærða vorið 1970, og í skýrslu hans, dags. 3. júní 1970, segir m. a.:

„... Enginn vafi leikur á, að Guðfinnur er haldinn þeirri tegund geðveilu, sem gjarna leiðir til árekstra við umhverfið eða lög og reglur þjóðfélagsins. Og nær þekking okkar í dag ekki til að leysa það vandamál. Er því viðbúið, að honum vaxi ekki ábyrgðartilfinning fyrst um sinn.

Samt sem áður hefur Guðfinnur bæði fullt vit og dómgreind til að skynja og skilja gjörðir sínar og telst því sakhæfur".

Í sambandi við málssókn þá, sem nú er um að ræða, hefur á ný verið gerð rannsókn á geðheilbrigði ákærða, og gerði hana Jakob Jónasson læknir. Verður hér tekinn upp síðasti hluti skýrslu hans, sem dags. er 1. þ. m.:

„... Guðfinnur er 23 ára gamall maður, grannvaxinn og meðalmaður á hæð, dökkhærður með fölt litarapt, drengjalegur og fremur veiklulegur í útliti og almúgalegur í framkomu og fasi. Framferði hans í heild bar vott um hirðuleysislegt uppeldi og fákunnáttu í almennri háttvísi, og viðmót hans var háð þeim aðstæðum, sem fyrir hendi voru hverju sinni. Í viðtölunum í fangelsinu var hann bljúgur og auðmjúkur og reyndi augsýnilega að slá á viðkvæma strengi. Utan fangelsismúranna var hann öllu frakkari og átti til að skipta um ham á augabragði og sýna frekju og óbilgirni. Frásagnarmáti hans var loðinn og losaralegur, þótt hann væri eðlilegur að formi, og orðaforðinn greinilega mjög takmarkaður, en innihald frásagnarinnar bar ekki vott um neinar ranghugmyndir. Eins og flestir afbrotamenn af þessu tagi, hafði hann tilhneigingu til þess að skella skuldinni á aðra, einkanlega yfirvöldin og þjóðfélagið, þótt hann á hinn bóginn viðurkenndi vankanta sína. Í fangelsinu lagði hann mikla áherzlu á nauðsyn læknismeðferðar sér til handa, þar sem hann taldi afbrot sín og

lyfjaneyzlu eiga sér geðrænar orsakir. Stakk þessi krafa hans mjög í stúf við framferði hans á Kleppsspítalanum, þar sem hann fékk tækifæri til þess að notfæra sér slíka meðferð, svo og ráðningu hans á bátinn í Stykkishólmi og annað atferli hans, eftir að honum var sleppt úr fangelsinu. Í viðtölunum virtist tilfinningalíf hans rista fremur grunnt þrátt fyrir staðhæfingar um hið gagnstæða, t. d. sýndi hann engar geðshræringar í sambandi við hegðun hans gagnvart móður sinni, sem hann viðurkenndi að hafa þrásinnis misþyrmt til þess að hafa út úr henni peninga, veðsett eignir hennar og gert henni margan annan óskunda.

Í samtölunum kvaðst Guðfinnur alltaf hafa þjáðst af minnimáttarkennd og rótleysi í æði og athöfnum. Vanmetakenndin hafði skapað með honum spennu, sem hann hefði reynt að deyfa með lyfjum eða áfengi. Hins vegar hefði hann aldrei verið haldinn áberandi kvíða fyrir framtíðinni, þar sem hann væri hvatvís í hátterni og framkvæmdi viðstöðulaust það, sem honum hugkvæmdist.

Hann kvaðst vera skapbráður og hefðu reiðiköst hans einkanlega bitnað á móður hans. Stundum hefði hann fengið krampa í sambandi við reiðiköstin og hefði þá dottið niður og legið stjarfur með fullri meðvitund nokkra stund. Einnig kvaðst hann hafa fengið heilahristing í Stykkishólmi og legið þar 10 daga á sjúkrahúsi af þeim sökum. Hann kvaðst vera viðkvæmur í eðli sínu og fengi stundum þunglyndisköst, en við nánari eftirgrennslan virtist þunglyndi helzt sækja að honum, þegar hann fengi ekki óskum sínum fullnægt samstundis. Hann forðaðist yfirleitt að tala um afbrot sín, afgreiddi þau með yfirborðslegum réttlætingum, eins og t. d. að hann hefði ekki gert sér grein fyrir afleiðingum þeirra eða verið undir áhrifum lyfja við framkvæmd þeirra. Hann kvaðst ekki vera samvizkulaus, en engin merki um iðrun eða sektarkennd komu fram í samtölunum. Atferli hans utan fangelsismúranna sýndu greinilega laka dómgreind og algert tillitsleysi til þeirra krafna, sem til hans eru gerðar.

Niðurstaða.

Æviferill Guðfinns, klínísk einkenni og sálfræðileg próf (fylgiskjal 2) gefa ótvírætt til kynna, að Guðfinnur er haldinn geðvillu (psychopathia) af þeirri tegund, sem hefir í för með sér andfélagslegar tilhneigingar, eins og afbrotaferill hans ber glögglega vitni. Miklar líkur hníga í þá átt, að geðbrestir hans hafi komið fram þegar í bernsku, þótt umhverfisbreytingin um 8 ára aldurinn hafi sennilega haft mikil áhrif á hann. Hann hefir ekki tekið

uppeldi eins og önnur börn, og hvers konar tilraunir til úrbóta, svo sem umhverfisbreyting, umvandanir, sálfræðileg meðferð o. fl., báru engan árangur. Skapgerð hans hefir smám saman þróast yfir í geðvilluskapgerð fulltíða manns með öllum þeim einkennum, sem þeirri skapgerð fylgja, og frá 12 ára aldri er æviferill hans stráður afbrotum, sem fara í vöxt með aldrinum. Höfuðeinkenni slíkrar skapgerðar eru hömluleysi, sem fram kemur í hvatvíslegum athöfnum án umhugsunar um afleiðingarnar, og valda því oft árekstri við lög og rétt, óhæfi til þess að læra af reynslunni, þolleysi gagnvart öllum verkefnum og tilfinningakuldi gagnvart öðrum mönnum. Þar sem menn með þessa skapgerð eru ekki andlega vanþroska, að því er snertir greind, er gert ráð fyrir í 15. gr. almennra hegningarlaga, að þeir geti stjórnað gerðum sínum á þeim tíma, er þeir vinna verkið. Heilarit sýndi engar vefrænar breytingar í heila.

Ályktun.

Guðfinnur er ekki haldinn geðveiki, andlegum vanþroska eða hrörnun. Hann er afbrigðilegur persónuleiki með gallaða skapgerð og er því sakhæfur."

Enn fremur gerði Gylfi Ásmundsson sálfræðingur sálfræðilega athugun á ákærða. Niðurstöður í skýrslu hans, dags. 15. júní s.l., eru á þessa leið:

„... Rannsókn sú, sem hér hefur verið gerð á Guðfinni Antonssyni, er mjög ófullkomin vegna þess, hve óaðgengilegur og ósamvinnuþýður hann reyndist. Atferli hans var í góðu samræmi við geðvilltan persónuleika (sociopathic personality). Niðurstöður prófa, sem fyrir liggja, styðja slíka ályktun. Hann virðist meðalgreindur að eðlisfari, en skortir úthald, dómgreind og einbeitingu til að nýta greind sína. Ekkert kom fram, sem benti til vefrænna truflana á taugakerfi, né heldur merki um geðsjúkdóm af alvarlegri gerð (psykosis), sem gerði hann ósakhæfan. Sökum skorts á gögnum skulu vefrænar orsakir þó ekki útilokaðar og vísast til heilaafrits og taugaskoðunar til að skera úr um þetta atriði."

Niðurstöður.

I) Með því að ráðstafa svefnbekk þeim, sem ákærði hafði keypt af Húsgagnaverzlun Þorsteins Sigurðssonar, er hafði áskilið sér eignarrétt að bekknum, unz hann væri greiddur, hefur ákærði brotið gegn 247. gr. alm. hegningarlaga.

II) Með því að nota í lögskiptum tvö skuldabréf, er hann hafði falsað nöfn á, hefur ákærði brotið gegn 155. gr. alm. hegningarlaga.

Samkvæmt þeim gögnum, er fyrir liggja, verður að telja, að ákærði sé sakhæfur, og verður hann því dæmdur til refsingar, og verður hún með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga og af fortíð ákærða ákveðin fangelsi eitt ár.

Ákærði var í gæzluvarðhaldi frá 28. júlí til 26. september 1971 vegna rannsóknar máls þessa. Er samkvæmt 76. gr. hegningarlaga rétt, að vist þessi, 60 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Er gæzluvarðhaldsvist ákærða lauk, hóf hann úttekt 4 mánaða fangelsisrefsingar samkvæmt dómi 8. júlí 1971. Var hann í fangelsi til 24. nóvember, er afplánun var frestað, en ákærði fluttur í gæzluvistarhæli að Gunnarsholti, og mun hann hafa verið þar til 12. janúar, en þá virðist hann hafa verið fluttur á ný í hegningarhúsið í Reykjavík, og var hann þar til 4. febrúar. Af gögnum, sem verjandi ákærða hefur lagt fram, kemur fram, að ágreiningur hefur orðið milli hans og dómsmálaráðuneytisins út af vist ákærða að Gunnarsholti. Hefur verjandi haldið því fram, að vist ákærða að Gunnarsholti hafi verið refsivist og hafi honum því verið haldið í hegningarhúsinu í Reykjavík, eftir að lokið var afplánun áðurenfndrar 4 mánaða refsivistar, og því beri í máli þessu að draga frá refsingu ákærða þá daga, sem ákærða hafi verið haldið í fangelsi, eftir að afplánun lauk.

Úr þessum ágreiningi verður ekki að lögum leyst í þessu máli. Mundi bresta lagaheimild til að draga umrædda fangelsisvist frá dæmdri refsingu í þessu máli, jafnvel þótt talið yrði, að vist ákærða á Gunnarsholti skyldi talin refsivist.

Einnig hefur verjandinn krafizt þess, að dreginn verði frá refsingu ákærða sá tími, er hann var ekki frjáls ferða úr borginni vegna geðrannsóknarinnar. Ákærði þurfti að sjálfsögðu að koma nokkrum sinnum til fundar við lækni þann og sálfræðing, er rannsökuðu hann, en fráleitt er, að dregið verði af refsivist ákærða fyrir þær sakir. Þess skal getið, að samkvæmt skýrslum læknis og sálfræðings reyndist erfitt að ná ákærða til fundar, og mætti hann ekki á þeim tímum, er honum voru ákveðnir. Gekk af þessum sökum erfiðlega að ljúka rannsóknunum.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dráttur á rekstri máls þessa stafar einvörðungu af því, að skýrsla um geðrannsókn, sem um var beðið 29. október 1971, barst dóminum ekki fyrr en 3. þ. m.

Dómsorð:

Ákærði, Guðfinnur Birkir Antonsson, sæti fangelsi eitt ár. Frá refsingunni skal draga gæzluvarðhaldsvist hans, 60 daga.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. október 1972.

Ár 1972, mánudaginn 16. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 435/1972: Ákæruvaldið gegn Guðfinni Birki Antonssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. september s.l., gegn Guðfinni Birki Antonssyni, Suðureyri í Súgandafirði, fæddum 10. febrúar 1949 í Reykjavík, fyrir fjársvik, framin í Reykjavík í júlímánuði 1972. Í ákæruskjali er svofelld atvikalýsing og kröfugerð:

„Hinn 24. júlí 1972 auglýsti Björn Þ. Björgvinsson, Garðavegi 13 í Hafnarfirði, í dagblaðinu Vísi eftir íbúð til leigu. Daginn eftir símaði ákærði til Björns og kvaðst geta leigt honum íbúð á Sörlaskjóli 58 í Reykjavík, en vegna fyrirhugaðra lagfæringa yrði hún ekki tilbúin fyrr en um miðjan ágústmánuð. Varð það úr samkvæmt samkomulagi þeirra, að Björn greiddi ákærða kr. 14.000.00 í fyrirframgreiðslu húsaleigu, en það fé kvaðst ákærði ætla að nota til að greiða með kostnað við lagfæringu á íbúðinni.

Ákærði átti ekki íbúð þessa og hafði enga heimild til ráðstöfunar á henni, og voru þessar aðgerðir hans í því skyni gerðar að svíkja út framangreinda peningagreiðslu.

Þykir ákærði hafa með þessu gerzt brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/ 1940, og er þess krafizt, að hann verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar".

Í máli þessu hefur komið fram, að seint í júlí s.l. fékk ákærði Björn Þ. Björgvinsson, Garðavegi 13, Hafnarfirði, til þess að greiða sér kr. 14.000.00 sem fyrirframgreiðslu fyrir íbúð, er ákærði lofaði að leigja honum í Sörlaskjóli 58. Íbúð þessi er eign móður ákærða, og brast hann algerlega heimild til þess að leigja hana út. Að öðru leyti má vísa að öllu leyti til atvikalýsingar ákæruskjals.

Ákærði hefur samkvæmt þessu vakið ranga hugmynd hjá Birni,

að því er varðar heimild ákærða til að leigja út íbúð móður ákærða, og þannig haft af honum kr. 14.000.00 og gerzt brotlegur við 248. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði á verulegan sakaferil að baki. Hinn 29. ágúst 1969 var ákæru á hendur honum fyrir skjalafals frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

1970 12/6 7 mánaðafangelsi fyrir tékkasvik.
— 3/9 4 mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt og þjófnað.
1971 15/1 sakfelldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.
— 8/7 4 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.
1972 8/8 1 árs fangelsi fyrir skjalafals og fjárdrátt.

Ákærði hefur auk þess sætzt á greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot o. fl.

Geðheilbrigði ákærða hefur verið dregin í efa, og hefur tvívegis verið gerð geðrannsókn á ákærða. Í fyrra skiptið var það í sambandi við mál það, sem lauk með dómi 12. júní 1970. Þá rannsókn gerði Grímur Magnússon læknir, og segir svo í niðurlagi skýrslu hans, sem dagsett er 3. júní 1970:

„Enginn vafi leikur á, að Guðfinnur er haldinn þeirri tegund geðveilu, sem gjarnan leiðir til árekstra við umhverfið eða lög og reglur þjóðfélagsins. Og nær þekking okkar í dag ekki til að leysa það vandamál. Er því viðbúið, að honum vaxi ekki ábyrgðartilfinning fyrst um sinn.

Samt sem áður hefur Guðfinnur bæði fullt vit og dómgreind til að skynja og skilja gjörðir sínar og telst því sakhæfur."

Hinn 29. október 1971 var Jakob Jónassyni, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, falið að rannsaka geðheilbrigði ákærða á ný. Skýrsla hans er dagsett 1. ágúst s.l. Niðurstöðukafli skýrslunnar er á þessa leið:

„Æviferill Guðfinns, klínísk einkenni og sálfræðileg próf (fylgiskjal 2) gefa ótvírætt til kynna, að Guðfinnur er haldinn geðvillu (psychopathia) af þeirri tegund, sem hefir í för með sér andfélagslegar tilhneigingar, eins og afbrotaferill hans ber glögglega vitni. Miklar líkur hníga í þá átt, að geðbrestir hans hafi komið fram þegar í bernsku, þótt umhverfisbreytingin um 8 ára aldurinn hafi sennilega haft mikil áhrif á hann. Hann hefir ekki tekið uppeldi eins og önnur börn, og hvers konar tilraunir til úrbóta, svo sem umhverfisbreyting, umvandanir, sálfræðileg meðferð o. fl., báru engan árangur. Skapgerð hans hefir smám saman þróazt yfir í geðvilluskapgerð fulltíða manns með öllum þeim einkennum, sem þeirri skapgerð fylgja, og frá 12 ára aldri er ævi-

ferill hans stráður afbrotum, sem fara í vöxt með aldrinum. Höfuðeinkenni slíkrar skapgerðar er hömluleysi, sem fram kemur í hvatvíslegum athöfnum án umhugsunar um afleiðingarnar og valda því oft árekstri við lög og rétt, óhæfi til þess að læra af reynslunni, þolleysi gagnvart öllum verkefnum og tilfinningakuldi gagnvart öðrum mönnum. Þar sem menn með þessa skapgerð eru ekki andlega vanþroska, að því er snertir greind, er gert ráð fyrir í 15. gr. almennra hegningarlaga, að þeir geti stjórnað gerðum sínum á þeim tíma, er þeir vinna verkið. Heilarit sýndi engar vefrænar breytingar í heila.

Ályktun.

Guðfinnur er ekki haldinn geðveiki, andlegum vanþroska eða hrörnun. Hann er afbrigðilegur persónuleiki með gallaða skapgerð og er því sakhæfur".

Enn fremur gerði Gylfi Ásmundsson sálfræðingur sálfræðilega athugun á ákærða. Niðurstöður í skýrslu hans, dags. 15. júní s.l., eru á þessa leið:

„... Rannsókn sú, sem hér hefur verið gerð á Guðfinni Antonssyni, er mjög ófullkomin vegna þess, hve óaðgengilegur og ósamvinnuþýður hann reyndist. Atferli hans var í góðu samræmi við geðvilltan persónuleika (sociopathic personality). Niðurstöður prófa, sem fyrir liggja, styðja slíka ályktun. Hann virðist meðalgreindur að eðlisfari, en skortir úthald, dómgreind og einbeitingu til að nýta greind sína. Ekkert kom fram, sem benti til vefrænna truflana á taugakerfi, né heldur merki um geðsjúkdóm af alvarlegri gerð (psykosis), sem gerði hann ósakhæfan. Sökum skorts á gögnum skulu vefrænar orsakir þó ekki útilokaðar, og vísast til heilaafrits og taugaskoðunar til að skera úr um þetta atriði".

Brot það, sem ákærði er nú saksóttur fyrir, er framið, áður en síðasti refsidómur ákærða er kveðinn upp. Er því rétt samkvæmt 78. gr. alm. hegningarlaga að dæma honum hegningarauka, er verður ákveðinn fangelsi 60 daga.

Eftir kröfu Björns Björgvinssonar verður ákærði dæmdur til þess að greiða honum kr. 14.000.00.

Loks verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðfinnur Birkir Antonsson, sæti fangelsi 60 daga.
Ákærði greiði Birni Björgvinssyni kr. 14.000.00.
Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Miðvikudaginn 16. maí 1973.

Nr. 14/1973: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari ríkisins)
gegn
Guðbergi Hermanni Auðunssyni
og Hermanni Auðunssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar:

Veggspjöldum þeim, sem ákært er út af í máli þessu, er lýst í héraðsdómi. Fallast ber á það mat héraðsdóms, að veggspjöld þessu séu ekki liður í listrænni tjáningu. Myndir þessar eru klámfengnar, og tilbúningur þeirra og dreifing með þeim hætti, er í héraðsdómi greinir, varðar báða ákærðu refsingu samkvæmt 210. gr., 2. málsgrein, almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Svo sem sakarefni er háttað, þykir rétt að mæla svo fyrir samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, 4. gr., að ákvörðun refsingar hvors hinna ákærðu skuli frestað og hún niður falla, ef þeir gerast ekki sekir um nýtt brot, sbr. 60 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 7. gr. laga nr. 22/1955, næstu 2 ár eftir uppsögu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku ber að staðfesta svo og ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og laun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, kr. 18. 000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðbergur Hermann Auðunsson og Hermann Auðunsson, teljast sekir um brot á 210. gr. almennra hegn-

ingarlaga nr. 19/1940. Fresta skal ákvörðun refsingar ákærðu og hún niður falla, ef ákærðu gerast ekki sekir um nýtt brot, sbr. 60. gr. laga nr. 19/1940 og 7. gr. laga nr. 22/1955, næstu tvö árin eftir uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og laun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. nóvember 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 29. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í málinu nr. 504—505/1972: Ákæruvaldið gegn Guðbergi Hermanni Auðunssyni og Hermanni Auðunssyni, sem tekið var endanlega til dóms 22. þ. m.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 17. apríl s. l., er höfðað „opinbert mál á hendur eigendum útgáfufyrirtækisins Pardus s/f, þeim Guðbergi Hermanni Auðunssyni, forstjóra, Baldursgötu 6, Reykjavík, fæddum 18. júlí 1942 í Hveragerði, og Hermanni Auðunssyni, framkvæmdastjóra, Skipholti 36, Reykjavík, fæddum 15. október 1947 í Reykjavík, fyrir brot samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa látið prenta 2000 myndaspjöld („plaköt"), en á hverju þessara spjalda voru 12 klámfengnar myndir af fólki í ýmiss konar samræðisstellingum. Komu ákærðu síðan nokkrum hluta upplagsins til sölu í verzlun Karnabæjar að Laugavegi 66 í Reykjavík í janúarmánuði 1972, en gáfu ennfremur nokkur af þeim.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ákærðu sæti upptöku á því upplagi fyrrgreindra myndaspjalda, sem hald var lagt á við rannsókn máls þessa, skv. 69. gr., 1. töl., hegningarlaganna."

Ákærðu hafa hvorki sætt refsidómi né ákæru og aðeins nokkrum sektum samkvæmt dómssátt, sem hér skiptir eigi máli.

Ákærðu eru bræður. Samkvæmt framburðum þeirra og því, sem með öðrum hætti er fram komið, eru málavextir þessir:

I.

Á hádegi miðvikudaginn 12. janúar s.l. hringdi kona ein á lögreglustöðina í Reykjavík og tilkynnti, að í glugga verzlunarinnar Karnabæjar að Laugavegi 66 hér í borginni væri stillt út stóru blaði með 12 myndum á. Væri hver þeirra undir ákveðnu stjörnumerki og mjög ósiðleg. Þórður Kristjánsson lögreglumaður, Keldulandi 5 hér í borg, fór á staðinn og sá þá meðal annars myndaspjald í einum glugga verzlunarinnar. Var það eitt af spjöldum þeim, sem í ákæru máls þessa greinir. Lögreglumenn lögðu hald á spjaldið og 6 önnur, sem voru á gólfi fyrir innan afgreiðsluborð í verzluninni.

Vitnið Guðlaugur Bergmann Daníelsson, Hjarðarhaga 17 hér í borg, annar aðaleigandi Karnabæjar h/f, sem á fyrrgreinda verzlun, hefur borið, að nokkru eftir s.l. jól hafi ákærðu komið í skrifstofu þess og hafi þeir þá skuldað Karnabæ h/f rúmlega kr. 40.000.00 vegna vöruúttektar. Þeir hafi farið fram á að fá föt keypt hjá fyrirtækinu með greiðslufresti og í orðaskiptum þeirra um greiðslu fatnaðarins og hinnar gömlu skuldar hafi þeir sagt vitninu, að þeir væru með myndaspjald, sem það gæti selt fyrir þá í umboðssölu. Þeir hafi sýnt vitninu spjaldið, sem hafi verið sams konar og spjald það, sem í ákæru greinir. Vitnið kveðst ekkert athugavert hafa séð við spjaldið, og kveðst það hafa séð það víða erlendis til sölu með enskum texta. Það hafi orðið úr, að ákærðu hafi afhent nokkur spjöld í verzlunina að Laugavegi 66 til umboðssölu. Minnir vitnið, að talað hafi verið um, að útsöluverð hvers spjalds skyldi vera kr. 300.00 og þóknun til verzlunarinnar kr. 100.00, en útsöluverðið kæmi fyrst til frádráttar hinni gömlu skuld. Vitnið kveðst ekki hafa tekið sjálft við spjöldunum og ekki geta sagt um, hve mörg voru afhent í verzlunina, en andvirði seldra spjalda hafi ekki numið fjárhæð skuldarinnar.

Ákærðu stofnuðu sameignarfélagið Pardus í marz 1971, og var tilgangur þess útgáfustarfsemi. Hefur félagið gefið út ferðamannabækling og veggspjöld þau, sem mál þetta rís af. Verða nú raktir framburðir ákærðu:

Ákærði Guðbergur Hermann kveðst hafa séð bæði í Englandi og Bandaríkjunum myndaspjöld, áþekk þeim, sem mál þetta snýzt um, og hafi þau verið seld þar opinberlega. Nokkru fyrir s.l. jól hafi honum dottið í hug, að Pardus s/f léti gera slík spjöld

til sölu hér á landi. Hann kveðst hafa gert 12 teikningar í þessu skyni, þegar hann var staddur erlendis, og reynt að líkja eftir spjöldunum, sem hann sá í verzlunargluggum, en þó enga fyrirmynd haft við hendina. Hann hafi svo haft teikningarnar með sér hingað til lands og gengið frá þeim hér. Hann kveðst hafa verið einn um gerð þeirra og ákveðið einn hin íslenzku orð við þær. Stjörnumerkin hafi hann tekið upp úr ýmsum bókum, máske þó með einhverjum breytingum. Hann hafi síðan útbúið eitt spjald með öllum tólf teikningunum á og sýnt það ákærða Hermanni, sem samþykkt hafi, að Pardus s/f gæfi það út. Ákærði Guðbergur Hermann kveðst síðan hafa talað við Þorgrím Einarsson, framkvæmdastjóra Lithoprents h/f, og sýnt honum spjaldið. Þorgrímur hafi fallizt á að sjá um prentun þess og hafi 2000 eintök verið gerð. Ákærði Hermann hafi tekið að sér að geyma um 1000 eintök, en ákærði Guðbergur Hermann kveðst hafa geymt hinn hlutann. Hann hafi svo rætt við Guðlaug Bergmann Daníelsson um að hann tæki að sér að selja nokkur spjöld, og telur hann sig muna það rétt, að hann hafi farið með um 200 eintök í því skyni í verzlun Karnabæjar h/f að Laugavegi 66. Ákærði Guðbergur Hermann segir, að ákærðu hafi eigi verið búnir að taka ákvörðun um sölu eða dreifingu á fleiri spjöldum en þeim, sem afhent voru Karnabæ h/f, og að sending spjalda í verzlun á Akranesi hafi hvorki verið gerð með ráði þeirra né vitund. Hann kveðst hafa gefið kunningjum sínum örugglega 50 og máske fleiri spjöld og telur, að enginn þeirra hafi verið undir 18 ára aldri.

Ákærði Hermann kveður, að ákærði Guðbergur Hermann hafi átt uppástunguna að útgáfu myndaspjaldanna og gert drögin að þeim. Hann hafi samþykkt, að Pardus s/f léti prenta spjöldin, og hafi ákærði Guðbergur Hermann séð um það. Hann heldur, að prentuð hafi verið um 2000 eintök og hafi fyrst verið komið með upplagið í skrifstofu Pardus s/f, en síðan hafi hann geymt hluta þess. Ákærði Guðbergur Hermann hafi séð um sölu og dreifingu spjaldanna, og kveðst ákærði Hermann ekkert hafa unnið að því. Hann telur, að spjöldunum hafi ekki verið dreift til annarra söluaðilja en Karnabæjar h/f, en hann getur ekki sagt um, hve mörg eintök fyrirtækið fékk eða hvort það keypti spjöldin eða hafði þau í umboðssölu. Hann kveðst hafa gefið kunningjum sínum nokkra tugi spjalda og hafi þeir verið eldri en 18 ára. Sum og máske flest spjaldanna hafi ákærðu gefið saman og oftast hafi þau verið gefin samkvæmt beiðni.

Vitnið Þorgrímur Einarsson framkvæmdastjóri, Skeggjagötu

17 hér í borg, ber, að á s. l. vetri hafi annar hvor hinna ákærðu komið til þess og spurt það að því, hvort hann gæti fengið prentað hjá Lithoprenti h/f myndaspjald, sem hann sýndi vitninu teikningu af.

Hafi það verið teikning af spjaldi því, sem mál þetta rís af. Vitnið kveðst hafa fallizt á að vinna verkið. Hafi fyrst verið tekin ljósmynd af teikningunni og síðan gerðar plötur af myndinni og að því loknu hafi spjaldið verið prentað. Ákærðu hafi báðir komið til vitnisins, þegar prentun spjaldanna var lokið, og hafi þeir verið ánægðir yfir því, hvernig til hafði tekizt. Vitnið hefur sýnt í sakadóminum tvö skjöl úr bókhaldi Lithoprents h/f. Samkvæmt þeim hefur Auglýsingateiknistofan Tigris beiðst þess hinn 17. desember f. á., að Lithoprent h/f gerði „plakat" í 2000 eintökum, og er verklýsingin: filmutaka, plötutaka, prentun. Hafa 1000 eintök verið afhent 23. sama mánaðar og 1000 eintök 27. sama mánaðar. Umsamið verð verksins er talið vera kr. 19.000.00 auk söluskatts, kr. 209.00, eða samtals kr. 19.209.00. Kveður vitnið, að fjárhæð þessi hafi verið greidd með víxli, sem seldur var í Landsbanka Íslands. Vitnið segir, að ekki hafi hvarflað að því, að myndaspjaldið væri klám og gerð þess og dreifing refsiverð.

Landsbanki Íslands hefur látið dóminum í té ljósrit af víxli, útgefnum 23. desember 1971, af Lithoprenti h/f og samþykktum af Guðbergi Auðunssyni f. h. Auglýsingaskrifstofunnar Tigris, með gjalddaga 23. febrúar 1972, að fjárhæð kr. 19.209.00. Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls 25. sama mánaðar.

Vitnið Sumarliði Veigar Óskarsson, verzlunarstjóri í verzlun Karnabæjar h/f að Laugavegi 66, til heimilis að Hlaðbæ 8 hér í borg, minnir, að rétt eftir seinustu áramót hafi það fengið boð frá Guðlaugi Bergmann um að taka á móti „plakötum" til sölu og ætti útsöluverð þeirra að vera kr. 300.00 eintakið. Ákærðu eða annar hvor þeirra hafi svo komið með spjöldin og hafi þau verið í einum pakka og á miða á honum hafi staðið annað hvort 100 eða 200 stk. Engin nóta hafi fylgt pakkanum og hafi vitnið ekki kvittað fyrir móttöku hans. Vitnið hafi opnað pakkann og hafi spjöldin í honum verið eins og spjöld þau, sem mál þetta rís af. Vitnið hafi ekki talið spjöldin, en það vefengir ekki, að þau hafi verið 200 talsins. Vitnið kveðst hafa sett eitt spjald út í glugga verzlunarinnar og næstu daga hafi selzt um eða yfir 80 eintök á kr. 300.00 hvert. Enn fremur hafi 10 eintök verið send upp á Akranes í verzlunina Eplið, sem Karnabær h/f eigi. Nokkrum dögum síðar kveðst vitnið hafa afhent lögreglunni myndaspjaldið í verzl-

unargluggunum og önnur spjöld, sem þar voru. Vitnið man nú aðeins óljóst eftir því, hverjir keyptu spjöldin, en minnir, að kaupendur þeirra hafi einkum verið á aldrinum 20—25 ára, og minnist þess ekki, að nokkur þeirra hafi verið yngri en 18 ára. Vitnið segir, að verzlunin að Laugavegi 66 sé auglýst sem tízkuverzlun unga fólksins og sé þar seldur fatnaður fyrir aldursflokka frá því um fermingu og til 25 ára. Auk fatnaðar séu seld þar hljómtæki og hljómplötur, einkum svonefnd „popphljómlist".

Hinn 12. janúar s.l. lagði lögreglan á Akranesi hald á 7 veggspjöld í verzluninni Eplinu þar í umdæminu, og kvaðst verzlunarstjórinn hafa selt 3 spjöld.

Ákærði Guðbergur Hermann hefur ekkert haft að athuga við framburði vitnanna Guðlaugs Bergmanns og Þorgríms Einarssonar. Hann kveðst vera einkaeigandi Auglýsingateiknistofunnar Tigris og hafi sú stofa oft haft viðskipti við Lithoprent h/f. Hafi starfsmaður þess fyrirtækis sjálfsagt haldið, að Tigris væri verkbeiðandi, og því ritað það nafn, en ekki Pardus s/f. Þá segir ákærði Guðbergur Hermann, að fyrrgreint ljósrit víxils sé ljósrit víxils þess, sem hann samþykkti til greiðslu á kostnaði við gerð myndaspjaldanna, og sé víxillinn enn ógreiddur. Hann hefur ekkert haft að athuga við framburð vitnisins Sumarliða Veigars.

Hinn 12. janúar s.l. afhenti ákærði Guðbergur Hermann lögreglunni að sögn Þórðar Kristjánssonar lögreglumanns um 800 veggspjöld. Enn fremur afhentu ákærðu lögreglunni 25 sama mánaðar tvo pakka með veggspjöldum, sem voru á heimili ákærða Hermanns. Spjöld þessi voru ekki talin, en eftir því, sem fram hefur komið, héldu ákærðu, að þau væru lítið eitt innan við 1000 eintök, og kvittaði rannsóknarlögreglumaður fyrir viðtöku 950—1000 spjalda. Lagði sakadómurinn síðan hald á öll greind spjöld. Hinn 9. f. m. fór fram taling þeirra spjalda, sem eru í vörzlum sakadómsins. Reyndust þau vera 1594 eintök auk þeirra, sem komu frá Akranesi, svo og eins, sem rannsóknarlögreglan hafði til ljósmyndunar, og eins spjalds, sem lagt hefur verið fram í dómi, eða samtals 1603 spjöld.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur verið samþykkt, að máli þessu yrði lokið með sekt samkvæmt dómssátt, en ákærðu hafa hafnað þeim málslyktum. Telja þeir veggspjöldin ekki vera klám og því hafi þeir eigi framið refsiverðan verknað.

II.

Spjald það, sem mál þetta rís af, er 78 x 53 sm að stærð, prent-

að á 100 gr. pappír í tveim litum, svörtum og grænum. Á spjaldinu eru 12 jafnstórir ferningsreitir með hvítum grunni, en á hverjum er í efra vinstra horni stjörnumerki og út frá því heiti þess og tímabilið, er það tekur til. Aðalmyndin í miðjum hverjum reit sýnir konu og karl að ýmiss konar kynferðisleik. Sumar sýna beina samræðisstöður, en aðrar líkamsstöður einhliða eða gagnkvæmrar kynertingar. Undir hverri þessara mynda stendur heiti eins eiginleika. Yfirburðir, fjölhæfni (tvisvar), drenglyndi, hugvitssemi, varkárni, hugrekki, dugnaður, árvekni, mannúð, hugkvæmni og forsjálni. Ekki verður séð, að heiti þessi né heldur stjörnumerkin eigi nokkur merkingartengsl við aðalmyndina.

Kynlífsteikningarnar tólf eru skuggamyndir, „silhouettur", en þó þannig, að helztu líkamslínurnar, sem ekki markast af fletinum sjálfum, eru sýndar negatívar, þ. e. hvítar. Sýnd stjörnumerkjanna er hins vegar öfug við þetta: Þau eru hvít á svörtum grunni og innlínurnar því svartar. Teikningarnar eru kunnáttusamlega gerðar, og í þeim er á engan hátt leitazt við að draga neitt fram umfram líkamsstöðurnar, sem þær sýna, t. d. eru kynfæri ekki sýnd.

Spjald þetta er veggspjald, ætlað til þess að hanga uppi og því auðsætt hverjum, þar sem það er. Er að þessu leyti um að ræða beinni og opnari skírskotun myndanna heldur en væri í blaði eða bók.

Ekki verður séð, að veggspjald þetta helgist af neinum listrænum tilgangi né heldur neinum öðrum tilgangi en þeim að gera nefndar myndir að söluvarningi. Í því sambandi ber að líta á það, að eini staðurinn, þar sem spjöldin voru falboðin, var verzlun, sem höfðar mjög til ungs fólks með auglýsingum sínum og vörum þeim, er hún hefur á boðstólum.

Af hálfu ákærðu hefur ekki verið bent á neitt, sem hér á landi hefur verið gefið út myndaefnis, er gangi jafnlangt í klámkenda átt. Þykir dóminum ekki rétt, að hann gangi fram fyrir skjöldu til þess að rýmka mörkin í þessum efnum.

Samkvæmt þessu þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir gegn 210. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með tilliti til þess, að skiptar skoðanir geta verið um, hvað teljast skuli klám, og að ákærðu kunni að hafa haft nokkra ástæðu til að ætla, að gerð og dreifing fyrrgreindra veggspjalda væri innan marka þess, sem leyfilegt væri talið, þykir mega ákveða, að þeim skuli eigi refsing gerð.

Samkvæmt 69. gr., 1. mgr., hegningarlaganna ber að gera upp-

tæk veggspjöld þau, sem hald hefur verið lagt á, eins og að framan greinir.

Ákærðu ber að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.00.

Dóm þennan kveða upp Þórður Björnsson yfirsakadómari sem dómsformaður og meðdómendur Björn Th. Björnsson listfræðingur og Knútur Hallsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðbergi Hermanni Auðunssyni og Hermanni Auðunssyni, er eigi refsing gerð.

Framangreind veggspjöld, sem hald hefur verið lagt á, skulu upptæk vera.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. maí 1973.

Nr. 32/1972: **Gunnar Pálmason**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Ákasyni
Sveini K. Guðjónssyni og
Óskari Jóni Guðjónssyni
(Sigurður Baldursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Uppboð samkvæmt 35. gr. laga nr. 57/1949.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. marz 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. febrúar s. á. Dóm-

kröfur hans eru þær, „að íbúð til vinstri í rishæð hússins nr. 29 við Bergþórugötu í Reykjavík verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 112.796.00 með 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1970 til greiðsludags auk alls uppboðskostnaðar". Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

„1. veðréttur (útg. 1. 11. 1965)			
a) 22.10. 1966 afb. & vextir	kr.	8.500.00	
b) 31.10. 1967 — — —	—	8.150.00	
c) 28.10. 1968 — — —	—	7.800.00	
d) 31.10. 1969 — — —	—	7.450.00	kr. 31.900.00
3. veðréttur (útg. 8. 9. 1964)			
a) 9.8. 1965 afb. & vextir	kr.	9.010.00	
b) 27.8. 1966 — — —	—	8.639.00	
c) 31.8. 1967 — — —	—	8.268.00	
d) 29.8. 1968 — — —	—	7.897.00	
e) 29.8. 1969 — — —	—	7.526.00	kr. 41.340.00
4. veðréttur (útg. 1. 11. 1965)			
a) 22.10. 1966 afb. & vextir	kr.	10.540.00	
b) 31.10. 1967 — — —	—	10.106.00	
c) 28.10. 1968 — — —	—	9.672.00	
d) 31.10. 1969 — — —	—	9.238.00	kr. 39.556.00
			kr. 112.796.00"

Stefndu krefjast þess, að synjað verði um framgang uppboðs þess, sem í málinu greinir, og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málatvikum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Eins og þar er rakið, höfðaði áfrýjandi mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Ólafi Ásgeirssyni hinn 4. apríl 1966 og krafðist þess m. a., að Ólafi yrði dæmt að afsala áfrýjanda íbúð þeirri, sem mál þetta fjallar um. Með stefnu 11. júní 1969 var stefndu Guðmundi Ákasyni og Óskari Jóni

Guðjónssyni stefnt í málið ásamt Þorvarði Ólafssyni. Bæjarþingsmál þetta var hafið hinn 8. maí 1973.

Í úrskurði uppboðsdóms frá 22. júlí 1970 er því lýst, að áfrýjandi hafi greitt gjaldfallnar afborganir og vexti af tilteknum veðskuldum, sem hvíldu á eigninni. Félst héraðsdómari á, að áfrýjandi hafi goldið þessar fjárhæðir til að gæta réttmætra hagsmuna sinna, eins og nánar er greint í úrskurðinum. Var hann talinn eiga endurkröfurétt fyrir þessum fjárhæðum og njóta „sama veðréttar og tilsvarandi veðskuld naut". Lyktir máls þessa urðu þær, að áfrýjandi skyldi fá fjárhæðirnar, samtals kr. 145.720.00, greiddar af uppboðsverði. Stefndi Guðmundur Ákason skaut úrskurði þessum til Hæstaréttar, en málinu var þar vísað frá dómi, þar sem áfrýjunarfrestur var liðinn.

Uppboðskaupandi, stefndi Guðmundur Ákason, stóð ekki við boð sitt. Krafðist áfrýjandi þá þess, að eignin yrði boðin upp af nýju. Fjallar málið hér fyrir dómi um þessa kröfu áfrýjanda til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 112.796.00, sem ekki er tölulega vefengd, en þessi skuld er ógreiddar eftirstöðvar af þeim kr. 145.720.00, sem rætt er um í framangreindum úrskurði uppboðsdóms frá 22. júlí 1970.

Áfrýjandi galt fjárhæðina kr. 112.796.00 til að gæta réttmætra hagsmuna sinna. Samkvæmt úrskurðinum frá 22. júlí 1970 átti hann rétt til, að þessi fjárhæð yrði greidd af uppboðsandvirði nauðungaruppboðsins, sem fór fram 6. febrúar 1970, en þessi réttur náði ekki fram að ganga, þar sem uppboðskaupandi fullnægði ekki uppboðsskilmálunum. Var þá áfrýjanda, sem átti gjaldfallna kröfu vegna vanskila, heimilt að krefjast nýs uppboðs á grundvelli þess, er þegar hafði farið fram, samkvæmt 35. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 57/1949. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu áfrýjanda til greina.

Rétt þykir, að stefndi Guðmundur Ákason greiði áfrýjanda kr. 40.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómsorð:

Að kröfu áfrýjanda, Gunnars Pálmasonar, skal uppboð

af nýju fara fram á íbúð til vinstri í rishæð hússins nr. 29 við Bergþórugötu í Reykjavík til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 112.796.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1970 til greiðsludags auk alls uppboðskostnaðar.

Stefndi Guðmundur Ákason greiði áfrýjanda kr. 40. 000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 1971.

Gunnar Pálmason, til heimilis að Mánagötu 18, hefur krafizt þess, að hluti af fasteigninni Bergþórugötu 29, þ. e. í rishæð hússins til vinstri verði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 143.364.00 auk 7% ársvaxta frá 6. febrúar 1970 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað auk kostnaðar við uppboðið. Hann hefur og krafizt þess, að Óskari Guðjónssyni, Hverfisgötu 16 A, og Sveini K. Guðjónssyni, Bergþórugötu 29, verði in solidum gert að greiða sér málskostnað vegna uppboðsmáls þessa.

Sveinn K. Guðjónsson, Bergþórugötu 29, hefur mótmælt því, að uppboðsgerð þessi verði látin fram fara. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja Gunnar Pálmasonar.

Í máli þessu var mætt af hálfu Óskars Guðjónssonar, og var málskostnaðar krafizt af hans hálfu, en við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af lögmanni þeim, sem mætt hafði fyrir Óskar, að hann mætti aðeins fyrir Svein K. Guðjónsson.

Munnlegur flutningur fór fram 18. október s.l. Málið var endurupptekið samkvæmt ákvörðun uppboðshaldara hinn 17. þessa mánaðar til öflunar gagna, sem í ljós kom, að nauðsyn var að lægju fyrir. Dróst endurupptaka allmjög, og olli því annríki uppboðshaldara.

Var málið síðan tekið til úrskurðar á nýjan leik hinn 17. þessa mánaðar.

Hinn 6. febrúar 1970 fór fram nauðungaruppboð á hluta af fasteigninni nr. 29 við Bergþórugötu, þ. e. a. s. 2ja herbergja risíbúð til vinstri í vesturenda, til lúkningar 5. veðréttar skuld, þá að upphæð kr. 184.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Uppboðsbeiðandi var Þorvarður Ólafsson, Þórsgötu 12 hér í borg.

Þinglesin eigandi að þessari íbúð var Óskar Guðjónsson, Hverfisgötu 108. Samkvæmt veðbókarvottorði voru áhvílandi skuldir sem hér segir: á 1. veðrétti kr. 50.000.00, á 2. veðrétti kr. 30.000.00, á 3. veðrétti kr. 53.000.00, á 4. veðrétti kr 62.000.00, á 5. veðrétti kr. 230.000.00 og á 6. veðrétti kr. 200.000.00. Voru öll bréfin gefin út til handhafa, og hafa 1.—4. veðréttarbréfin komið fram í endurriti í máli þessu á rskj. 2 og 9—11.

Við uppboðið lá fyrir bréf Gunnars Pálmasonar, Mánagötu 18, þar sem hann krafðist þess, að til greina yrði tekin réttur hans til að taka sér greiðslu af uppboðsandvirði á kr. 145.720.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Gerði hann þá grein fyrir þessari kröfu, að hann hefði borgað áfallandi veðskuldir o. fl. af eignarhluta þessum, og þar eð hann hefði með þessu móti verið að tryggja verulega hagsmuni sína, teldi hann sér nú samkvæmt almennum reglum lögveðrétt í eignarhluta þeim, sem selja átti á uppboðinu.

Uppboðið fór þannig fram, að hæstbjóðandi varð Guðmundur Ákason, Heiðmörk 2 á Selfossi. Bauð hann kr. 425.000.00 og krafðist jafnframt útlagningar sér til handa sem ófullnægðum veðhafa, en hann fór með 6. veðrétt í eigninni.

Hinn 6. maí 1970 var haldinn uppboðsréttur til að taka ákvarðanir um úthlutun uppboðsandvirðis, og sætti framangreind krafa Gunnar Pálmasonar andmælum. Var sérstakt uppboðsréttarmál rekið um ágreininginn, og lauk því með úrskurði uppboðshaldara, uppkveðnum 22. júlí 1970, þann veg, að krafa Gunnars Pálmasonar var tekin til greina sem endurkrafa þeirra fjárhæða, sem hann hafði innt af hendi til að standa í skilum með afborganir og vexti af áhvílandi veðskuldum á 1.—4. veðrétti í eiginni og lögveðskrafa fyrir greiðslu á heimæðargjaldi hitaveitu. Samtals skyldi Gunnar fá af uppboðsverði kr. 145.720.00 auk 7% ársvaxta frá 6. febrúar 1970 til greiðsludags svo og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Málsskot á úrskurði þessum hafa ekki fengið framgang, hvorki til breytingar né staðfestingar.

Guðmundur Ákason hefur ekki greitt uppboðsandvirði til uppboðshaldara. Í málinu liggja fyrir nokkur bréf uppboðshaldara til hans af þessu tilefni, dags. 7. og 30. ágúst 1970 og 1. júlí 1971.

Hinn 7. júlí þ. á. var uppboðsréttur haldinn á skrifstofu uppboðshaldara, svo sem Guðmundi Ákasyni hafði verið tilkynnt, rskj. 5. Var þar mættur Gunnar Sæmundsson héraðsdómslögmaður vegna Gunnars Pálmasonar og ítrekaði kröfu um greiðslu sam-

kvæmt úrskurði uppboðsréttar, sbr. dóm Hæstaréttar á rskj. 2. Hann krafðist þess síðan, að eignin yrði boðin upp að nýju vegna vanskila hæstbjóðanda. Guðmundi Ákasyni og umboðsmanni hans, Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, var báðum tilkynnt um uppboðssölu, er fram skyldi fara á eigninni sjálfri á tiltekinni dagstund hinn 24. ágúst s.l.

Á hinum tiltekna degi og stund var uppboðsréttur haldinn á eigninni Bergþórugötu 29. Ekki var þar mætt af hálfu hins þinglesna eiganda, Óskars Guðjónssonar, né af hálfu Guðmundar Ákasonar. Aftur á móti lét Sveinn K. Guðjónsson, sem nú hefst við í íbúðinni, mæta af sinni hálfu. Hann mótmælti framgangi uppboðsins. Væri hann orðinn eigandi að skuldabréfum, hvílandi á 4. og 5. veðrétti, og félli frá uppboði á eigninni fyrir sitt leyti. Er Gunnar Sæmundsson héraðsdómslögmaður hélt fast við kröfur Gunnars Pálmasonar, var ákveðið, að sérstakt uppboðsréttarmál yrði rekið um ágreininginn. Er það mál hér til úrskurðar.

Forsaga atvika þeirra, sem hér er lýst, er viðamikil, og þar eð öll atriði hennar, er meginmáli skipta, hafa legið fyrir í mörgum deilumálum aðilja, og nú síðast gengið úrskurður um rétt sóknaraðilja um að taka að sér greiðslu af uppboðsandvirði, sjá hér rskj. 2, þykir ekki næg ástæða til að rekja hana ítarlega við úrskurð á þessu deilumáli. Þó verður þess að geta, að með samningi við Ólaf Þorkurn Ásgeirsson, dags. 7. janúar 1965, gerist sóknaraðili þessa máls, Gunnar Pálmason, kaupandi að margnefndri íbúð. Kaupverð skyldi hann að sumu greiða í peningum, en sumpart skyldi hann taka að sér skuldir áhvílandi 2. og 3. veðrétti og gefa út veðskuldabréf til að hvíla á 1. og 4. veðrétti á íbúðinni. Í odda skarst með aðiljum kaupsamnings þessa, og riftaði Ólafur kaupunum um miðjan janúar 1966, en Gunnar Pálmason var þá fluttur inn í húsnæðið. Þá hafði Ólafur fyrir nokkru gefið út og látið þinglýsa á 1. og 4. veðrétti veðbréf með sömu fjárhæð og sömu lánskjörum og Gunnar skyldi samkvæmt samningnum gefa út og standa í skilum með. Þá liggur fyrir, að Ólafur seldi umrædda íbúð Óskari Guðjónssyni með afsali 19. marz 1966, og var því afsali þinglýst sama dag. Með stefnu, útgefinni 4. apríl 1966, höfðaði Gunnar Pálmason dómsmál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Ólafi Ásgeirssyni og krafðist þess m. a., að Ólafi yrði dæmt að afsala íbúðinni til hans, og hefur Óskari Guðjónssyni meðal annarra verið stefnt inn í mál þetta til að þola slíkan dóm. Er dómsmál þetta enn fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Komið hefur fram í málinu afsal Óskars Guðjónssonar til varn-

araðilja máls þessa Sveins K. Guðjónssonar og er það í heild á þessa leið:

„AFSAL

Óskar Guðjónsson, sjóm.,
Hverfisgötu 16 A, Reykjavík

GJÖRIR KUNNUGT: Að ég með bréfi þessu sel og afsala til herra Sveins K. Guðjónssonar, kennara, Bergþórugötu 29, Reykjavík, íbúð í risi að vestanverðu í húseigninni Bergþórugata 29, hér í borg, sem er nánar tiltekið tvö herbergi, eldhús og bað, og ásamt öllu, er eignarhluta þessum fylgir og fylgja ber, og í því ástandi, sem eignin var í þann 1. september 1970, er kaupandi tók við íbúðinni og sættir sig við ástand hennar. Hin selda íbúð er 10.2% allrar húseignarinnar Bergþórugata 29.

Kaupandi hefur greitt kaupverðið að fullu meðal annars með því að taka að sér að greiða eftirfarandi veðskuldir, sem á hinni seldu eign hvíla.

1. Skuld við Búnaðarb. Ísl. skv. veðbr. 1/11 '65 upphaflega að upph. kr. 50.000.00, en nú að efst. 30.000.00
2. Skuld við sama banka skv. veðbr. 1/11 '65 upphaflega að upph. kr. 62.000.00, en nú að efst. 37.500.00
3. Skuld við Landsb. Ísl. skv. veðbr. 8/9 '64, upphafl. kr. 53.000.00, en nú að efst. 26.500.00

Með því að kaupandi hefur fullnægt öllum skyldum sínum í sambandi við kaup þessi, þá lýsi ég hann, herra Svein K. Guðjónsson, réttan og löglegan eiganda að íbúðinni í vesturenda rissins í húsinu nr. 29 við Bergþórugötu, hér í borg, með sömu réttindum og skyldum og ég hefi átt þá eign.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en ég svara til vanheimildar.

Rísi mál út af kaupum þessum eða afsali, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og þarf ekki að leggja það til sáttar fyrir sáttamenn.

Til staðfestu þessu undirrita ég nafn mitt í viðurvist tilkvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, 9. ágúst 1971.
Óskar Guðjónsson
Samþykkur sem kaupandi:
Sveinn Guðjónsson

Vitundarvottar:
Áki Jakobsson
Sigurður Baldursson

Móttekið 23/9 1971 kl. 10
og fært í veðmálaskrá í Reykjavík s. d
Merkt litra D 24 nr. 349.
Gjald ..... kr. 635 + 50
Simpilgjald — á st.

Samtals kr. 685
greitt.

Hið selda var selt á nauðungaruppboði 6. 2. 1970, en niðurstaða uppboðsins er óviss ennþá.

Fyrirvari vegna áhvílandi skulda annarra en þeirra, er um er getið í afsali þessu.

Þinglýst er endurriti úr uppboðsbók Reykjavíkur um uppboðsrétt Reykjavíkur dags. 7. 7. 1971 og 24. 8. 1971 varðandi uppboð á eignarhluta þessum.

Þórhallur Einarsson ftr."

Hinn 17. þessa mánaðar greiddi umboðsmaður núverandi eiganda íbúðarinnar þann kröfulið sóknaraðilja, sem fjallar um greitt heimtaugagjald hitaveitu. Sá liður nam samtals kr. 2.356.00, og lækkar höfuðstóll uppboðskröfunnar að því skapi. Var jafnframt gerður upp málskostnaður af þeirri fjárhæð svo og vextir af henni.

Af hálfu sóknaraðilja, Gunnars Pálmasonar, er bent á það, að fyrir liggi úrskurður uppboðsréttarins um það, að hann eigi kröfu tryggða með 1.—4. veðrétti, hvílandi á hinum umdeilda eignarhluta í Bergþórugötu 29. Þessar kröfur hljóti að hafa gjaldfallið ekki síðar en úrskurður var kveðinn upp 22. júlí 1970. Þá hafi og verið liðinn frestur sá, sem uppboðsskilmálar hafi veitt til að standa skil á uppboðsandvirði. Nú hafi uppboðsbeiðni hins upphaflega uppboðsbeiðanda ekki verið afturkölluð fyrri en hinn 24. ágúst þ. á., en þegar hinn 7. júlí hafi Gunnar Sæmundsson verið búinn að krefjast uppboðs að nýju og komi þessi afturköllun því ekki til athugunar.

Sóknaraðili vísar um kröfu sína um uppboð til 1. mgr. 35. greinar laga um nauðungaruppboð. Hann vísar til þess, að hann eigi veðkröfu samkvæmt úrskurði uppboðshaldara, gjaldfallna vegna vanskila á henni sjálfri, sbr. 21. grein nefndra laga, og geti hann því neytt aðildar samkvæmt 35. grein, þar eð greiðsla hafi brugð-

izt af hendi hæstbjóðanda til að krefjast uppboðs að nýju samkvæmt þeim uppboðsskilmálum, sem áður voru ráðnir.

Af hálfu varnaraðilja Sveins K. Guðjónssonar, Bergþórugötu 29, er fært fram í málinu, að úrskurður uppboðsréttarins frá 22. júlí 1970 nái aðeins til þess, að sóknaraðili geti tekið sér greiðslu af uppboðsandvirði. Þá hafi veðhafi einn í eigninni stofnað til nauðungaruppboðs og leiði engan veginn af úrskurðinum, að sóknaraðili geti sjálfur stofnað til uppboðs. Á það sé að líta, að uppboð 6. febrúar hafi gengið til baka, þar eð samið hafi verið við uppboðsbeiðendur. Þetta hafi umboðsmaður sóknaraðilja einnig viðurkennt með því að krefjast nú sjálfstæðs uppboðs. Þá beri að athuga, að varnaraðili Sveinn K. Guðjónsson sé nú orðinn eigandi að veðbréfum þeim, er hvíla samkvæmt veðbókarvottorði á 4. og 5. veðrétti, og ef uppboðskrafa sóknaraðilja nái fram að ganga, muni hann að sjálfsögðu krefjast greiðslu á þeim veðskuldum.

Eins og áður er greint, gerðist sóknaraðili máls þessa, Gunnar Pálmason, kaupandi að hinum umdeilda eignarhluta í Bergþórugötu 29 snemma á árinu 1965. Hann hefur, allt frá því þessum kaupum var riftað við hann, reynt að halda þeim til laga á ýmsum vettvangi. Í kaupsamningi tók hann að sér að svara til veðskulda á 1.—4. veðrétti á eigninni, og greiddi hann síðan af þeim veðskuldum afborganir og vexti, eftir því sem til féllu. Eins og segir í úrskurði uppboðsréttarins frá 22. júlí 1970, var hann með þessu að gæta brýnna hagsmuna sinna. Samkvæmt almennum reglum bar honum veðtrygging fyrir þessum útlátum. Þar eð nú gengið var að eigninni með nauðungaruppboði, lá við borð, að sóknaraðili missti af þessari tryggingu, og taldi uppboðsrétturinn allsendis óhjákvæmilegt að viðurkenna honum til handa veðtryggðan endurheimturétt í uppboðsandvirði því, sem þá var ekki útilokað, að greiðast mundi á hverri stundu, þótt raunar væru þá liðnir og ónotaðir látnir þeir frestir, sem hæstbjóðandi á uppboðinu hafði samkvæmt uppboðsskilmálum.

Annað mál er það, hvort sá réttur, sem sóknaraðilja var veittur til þátttöku í uppboðsandvirði, leiði af sjálfu sér til þess, að sóknaraðili eigi að hafa sjálfstæða söluheimild í eigninni til lúkningar kröfum sínum.

Nokkur tormerki eru á því að viðurkenna slíkan rétt sóknaraðilja til handa. Um 1., 3. og 4. veðréttarskuldir, sem á eigninni hvíla, er þess að geta, að sóknaraðili hefur ekki handhöfn viðkomandi skuldabréfa. Réttur handhafa þessara skuldabréfa virð-

ist eiga að standa því í vegi, að sóknaraðili geti, eins og nú standa sakir, látið uppboð fara fram upphæðum þeim til lúkningar, sem hann hefur borgað upp í þessa veðrétti. Nú standa ekki yfir lúkningaraðgerðir í eigninni annarra en sóknaraðilja sjálfs. Sóknaraðili hefur ýmsar aðrar leiðir en nauðungaruppboð til að tryggja rétt sinn í þessu efni, og virðist, eins og atvikum er háttað, engin ástæða til að úrskurða honum til handa frekari rétt en hann hefur brýnustu þörf fyrir.

Aftur á móti hefur sóknaraðili greitt upp 2. veðréttarskuldina og fengið veðskuldarbréfið afhent kvittað, en hann hefur ekki látið aflýsa því. Verður að telja, að hann geti beitt þeim aðildum, sem bréfið fær handhafa sínum, sem sé, að þá er skuldin er í gjalddaga komin, geti skuldareigandi látið selja veðið á nauðungaruppboði samkvæmt 39. gr. laga nr. 95/1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 og 1. gr. laga nr. 57/1949. Einnig nýtur krafa sóknaraðilja réttinda þeirra, sem 1. mgr. 21. gr. laga 57/1949 veitir. Ber að úrskurða, að uppboð megi fara fram til lúkningar kröfu þeirri, sem sóknaraðili á vegna útláta sinna til að greiða veðskuldina, þ. e. kr. 30.250.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1970 til greiðsludags, og hinum úrskurðaða málskostnaði, kr. 15.000.00. Er hér um að ræða vanefndauppboð samkvæmt 35. grein laga nr. 57/1949, og fer uppboðið fram á kostnað og ábyrgð hæstbjóðandans á uppboðinu 6. febrúar 1970, Guðmundar Ákasonar, Heiðmörk 2 á Selfossi.

Málskostnaður í þessu máli á að falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Að kröfu sóknaraðilja fer að nýju fram uppboð á íbúð þeirri á Bergþórugötu 29, sem boðin var upp hinn 6. febrúar 1970 og nú er þinglesin eign Sveins K. Guðjónssonar, til lúkningar skuld að fjárhæð kr. 30.250.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1970 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað. Uppboðsgerð þessi fer fram á kostnað og ábyrgð Guðmundar Ákasonar, Heiðmörk 2 á Selfossi.

Málkostnaður í þessu uppboðsréttarmáli fellur niður.

Föstudaginn 18. maí 1973.

Nr. 81/1972: **Hákon Jóhannsson f. h.**
Verzlunarinnar Sports
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Ingólfi Óskarssyni
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Vörumerki. Óréttmætir verzlunarhættir. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1972. Eru dómkröfur hans þær, **að** gagnáfrýjanda verði bannað að viðlögðum dagsektum, er renni til aðaláfrýjanda, að nota auglýsingaspjaldið „SPORT-vöruverzlun Ingólfs Óskarssonar“, **að** gagnáfrýjanda verði dæmd sekt samkvæmt 37. gr. laga nr. 47/1968 og 9. gr. laga nr. 84/1933 fyrir notkun auglýsingaspjaldsins og **að** gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Auglýsingaspjaldi gagnáfrýjanda er lýst í héraðsdómi. Svo sem auglýsingaspjald þetta er úr garði gert, verður eigi talið, að það brjóti gegn vörumerkjaheiti aðaláfrýjanda samkvæmt lögum nr. 47/1968. Þá verður eigi heldur talið, að það gangi í berhögg við 9. gr. laga nr. 84/1933. Með þessari athugasemd þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 4. apríl 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. febrúar s.l., hefur Hákon Jóhannsson kaupmaður, Laugavegi 13, höfðað f. h. Verzlunarinnar Sports hér í borg með stefnu, birtri 8. júní 1971, á hendur Ingólfi Óskarssyni kaupmanni, Klapparstíg 44, Reykjavík.

Málavextir eru þessir:

Hinn 18. marz 1958 tilkynnti stefnandi til firmaskrár, að hann ræki verzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Verzlunin Sport". Tilkynning þessi var skráð 20. s. m., og hinn 26. apríl 1958 var tilkynning þessi birt.

Hinn 15. apríl 1959 tilkynnti stefnandi til vörumerkjaskrár orðið Sport, ritað með sérstökum hætti.

Hinn 9. maí 1959 var vörumerki þetta skráð fyrir hvers konar íþróttavörur og tæki. Enn fremur segir svo í lýsingu á merkinu: „Ber að skoða orðið Sport sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir."

Hinn 15. ágúst 1970 stofnsetti stefndi verzlun að Klapparstíg 44, Reykjavík. Um áramótin næstu á eftir setti hann upp auglýsingaskilti á horn hússins. Skagar skilti þetta út yfir gangstéttina fyrir framan verzlunina, þannig að lesa má á það frá báðum hliðum. Á skilti þetta er skráð eftirfarandi:

Í efstu línu á skiltinu stendur orðið „SPORT" með mjög stórum rauðum upphafsstöfum. Fyrir aftan það orð er bandstrik. Í næstu línu er orðið „VÖRUVERZLUN", líka með upphafsstöfum, en miklu smærri. Í þirðju línu eru orðin „Ingólfs Óskarssonar", rituð með bláum stöfum. Eru þessi nöfn rituð með smáu letri og ekki upphafsstafir annað en I og Ó. Umhverfis áletrunina á skiltinu, út við jaðra þess, er blá lína, sem endar í tveim örvaroddum, er vísa á nafn stefnda.

Stefndi hefur komið fyrir réttinn og gefið skýrslu. Sagði hann auglýsingaskiltið hafa verið gert hjá fyrirtækinu Geislaplast s/f við Miklatorg. Kvaðst hann sjálfur hafa teiknað upp auglýsingaskiltið og farið með það í framangreint fyrirtæki. Mundi hann ekki betur en að teikning þessi hafi verið í tveim línum. Í efri línunni hafi staðið „Sportvöruverzlun", en í neðri línunni „Ingólfs Óskarssonar".

Síðan hafi stærð skiltisins ráðið því, hvernig orðunum hafi verið raðað á það. Stefndi gat þess, að skiltið hefði orðið svo stórt, að það hefði skagað út á götuna, ef „Sportvöruverzlun" hefði verið í einu orði.

Stefndi sagði, að sér hefði ekki dottið í hug með gerð skiltisins að blekkja viðskiptamenn til þess að halda, að þeir væru að skipta við verzlun stefnanda, er þeir ættu kaup hjá stefnda. Taldi hann sig ekki þurfa að beita neinu slíku, þar sem hann hefði í mörg ár leikið í íslenzka landsliðinu í handknattleik og verið fyrirliði þess. Kvaðst stefndi af þessum sökum þekkja menn í mörgum íþróttagreinum að meira eða minna leyti.

Vitnið Sigurður Antonsson, einn af eigendum fyrirtækisins Geislaplasts s/f, hefur komið fyrir réttinn og borið m. a., að hann muni ekki glöggt að greina frá því nú, hvort hann eða stefndi hafi ráðið útliti skiltisins, en sagðist halda, „að það muni hafa verið beggja blands." Vitnið kvað það geta verið, að stefndi hafi komið með teikningu af skiltinu, er hann hafi óskað eftir, að það yrði gert, en sennilega hafi því eitthvað verið breytt, enda séu ýmis sjónarmið, sem ráði því, hvernig gerð skiltis verði. Vitnið kvað þá hjá Geislaplasti s/f koma fram með hugmyndir um það, hvernig skilti eigi að líta út, og geri frumdrög af þeim. Í því tilviki, sem hér um ræðir, kvaðst vitnið telja, að gerð hafi verið ein frumdrög fyrir stefnanda og hann samþykkt þau. Síðan hafi þeir ráðlagt honum í sambandi við litaval.

Vitnið minnist þess ekki, að það hafi verið rætt milli hans og stefnda, hvers vegna „Sport" hafi verið sett eitt sér efst á skiltið, öðru vísi en svo, að vitnið telur ástæðuna fyrst og fremst hafa verið þá, að ef orðið „Sportvöruverzlun" hefði verið haft í einni línu, hefði skiltið skagað of lang út á götuna. Með því móti að hafa það í tveimur línum og öðru vísi stafagerð í „Sport", heldur en „Vöruverzlun" hafi fengizt meiri „ballans" í skiltið, þar sem efsta línan hafi þó náð u. þ. b. jafnlangt út og neðri línan. Vitnið var spurt að því, hvort nokkuð hefði veri því til fyrirstöðu að hafa orðið Sportvöruverzlun í tveimur línum, þannig að „Sportvöru" væri í efri línunni, en „verzlun" í þeirri neðri. Svaraði vitnið þessu þannig, að hér væru um matsatriði að ræða. Treysti það sér ekki til þess, að segja um þetta, þar sem það hefði ekki gert frumdrætti að slíkri gerð skiltisins, en það væri nauðsynlegt til þess að geta myndað sér skoðun um þetta.

Varðandi bláu örvarnar, sem eru utan um sjálfa auglýsingu skiltisins, sagði vitnið, að það hefði verið tillaga stefnda að setja þær á skiltið. Hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa rætt það við stefnda, af hvaða ástæðu hann hafi viljað þetta, en vitnið taldi, að það hefði verið til þess að auglýsa nafn Ingólfs Óskarssonar,

og enn fremur fannst vitninu, að meiri hreyfing kæmi í auglýsinguna með þessu móti.

Fyrir sjó- og verzlunardóminum gerir stefnandi þær dómkröfur, *að* Ingólfi Óskarssyni verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda bannað að nota framangreint auglýsingaspjald, *að* Ingólfi Óskarssyni verði dæmt að sæta sektum (til vara varðhaldi, ef sekt er ekki greidd), sbr. lög nr. 47/1968, 37. gr., og *að* stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Til rökstuðnings dómkröfum sínum bendir stefnandi á, að fyrirtæki stefnda sé óskráð og ekki hafi hann heldur fengið skráð vöru merki í þá átt, er á auglýsingaskiltinu greinir. Notkun stefnda á vörumerki stefnanda sé því brýnt brot gegn lögum nr. 47/1968, 37. gr., svo og gegn lögum nr. 84/1933, 9. gr., og varði viðurlögum sem þar segir. Stefnandi telur, að eins og skilti þetta sé gert, sé blekkingatilgangur af hálfu stefnda fyrir hendi. Í fjarlægð sjáist ekkert nema orðið „Sport". Í næstu línu á skiltinu standi orðið vöruverzlun. Það orð sé ekki til í íslenku máli. Hins vegar sé til orðið verzlun og sportvörur. Því hefði verið eðlilegra að hafa í efstu línu skiltisins orðið Sportvöru- og í næstu línu verzlun. Þá heldur stefnandi því fram, að orðið sport sé ekki mikið notað orð. Þess í stað sé notað orðið íþróttir. Þegar talað sé um sport, þá viti allir, að átt sé við verzlanir stefnanda. Orðið „Sport" sé því lagað til þess að njóta lögverndar.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að orðið sport sé erlent að uppruna og tökuorð í íslenzku máli. Stefnandi sé ekki höfundur þessa orðs. Orð þetta sé algent á því sérsviði, sem hér um ræðir, og einnig sé það almennt notað. Sport feli ekki í sér nægileg séreinkenni, heldur sé það samheiti fyrir íþróttir og alls konar íþróttavörutegundir. Megi nánast líkja því við vöruheiti. Þá sé orð þetta mjög algengt í samsetningum, svo sem sportmaður, sportidíót, sportvörur, sportbuxur, sportjakki, að stunda sport og svo framvegis. Af þessum ástæðum telur stefndi útilokað, að stefnandi geti átt einkarétt á notkun þessa orðs. Hann geti því ekki meinað stefnda að nota orðið sport í samsetningu við önnur orð. Þá mótmælir stefndi þeirri staðhæfingu stefnanda, að mönnum detti fyrst í hug verzlanir hans, þegar þeir heyra eða sjá orðið sport. Þvert á móti komi þá hverju mannsbarni fyrst og fremst í huga íþróttir eða íþróttavörur.

Að endingu mótmælir stefndi því, að margnefnt auglýsingaskilti sé sett upp í blekkingaskyni eða til þess að laða viðskiptamenn stefnanda á óheiðarlegan hátt til stefnda. Ekki sé skiltið heldur sett upp til þess að skaða einn eða annan, heldur einungis til þess að vísa fólki rétta leið að „Sportvöruverzlun Ingólfs Óskarssonar."

Orðið „sport" er tökuorð í íslenzku máli. Það er notað sem almennt orð í málinu um íþróttir. Auk þess er það almennt orð og algengt sem fyrri hluti samsettra orða yfir íþróttavörur.

Þetta orð hefur því eigi í sér fólgin nægileg sérkenni til þess, að stefnandi geti — einmitt á því viðskiptasviði, sem hér er um að tefla — öðlazt einkarétt til notkunar þess. Hann getur því ekki meinað stefnda að nota það á þann hátt, sem hann gerir á áðurgreindu auglýsingaskilti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með skýrskotun til 178. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppsögn dóms þessa, stafar af því, að rétt eftir dómtöku málsins þurfti meðdómandinn Jón Arnalds að fara utan í opinberum erindum og kom eigi aftur hingað til lands fyrr en 31. marz 1972.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Óskarsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hákonar Jóhannssonar f. h. Verzlunarinnar Sports, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. maí 1973.

Nr. 77/1973: **Valdstjórnin**
gegn
Haraldi Ólafssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 15. maí 1973, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. maí 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 15. maí, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Þórði Björnssyni yfirsakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 14. þ. m., er höfðað opinbert mál á hendur Haraldi Ólafssyni, Víðimel 32 í Reykjavík, fæddum þar í borg 19. ágúst 1946, fyrir brot á 211. gr., sbr. 20. gr., en til vara fyrir brot á 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og fyrir brot á 1. mgr. 217. gr., 4. mgr. 220. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir eru þessir í stuttu máli.

Laust fyrir klukkan 1400 sunnudaginn 14. janúar 1973 var lögreglan í Reykjavík beðin um skjóta aðstoð að Yrsufelli 11 vegna manns, sem væri þar á efstu hæð hússins með byssu og væri að

skjóta á fólk. Lögreglumenn, sem komu á staðinn, handtóku þar ákærða, Harald Ólafsson.

Dómsrannsókn hefur farið fram í málinu. Bera vitni, að ákærði hafi skotið með haglabyssu í gegnum hurð að íbúð Elínar B. Ólafsdóttur á 4. hæð, en hún er fyrrverandi tengdamóðir hans, og að í framhaldi af því hafi hann sprengt upp dyrnar. Við skotið hafi högl lent í Elínu, sem staðið hafi innan við dyrnar, og auk þess hafi sonur hennar, Þórhallur Ölver, særzt á brjósti af tréflísum úr hurðinni. Síðan er ákærði sagður hafa hleypt af fleiri skotum í íbúðinni og aftur hafi högl lent í Elínu. Hafi Elínu tekizt að sleppa út úr íbúðinni og niður í íbúð á næstu hæð, en á leið hennar niður stigann á ákærði að hafa skotið á eftir henni. Bera vitni, að ákærði hafi sprengt upp dyr að annarri íbúð á næstu hæð fyrir neðan, þegar hann hafi komið þangað, og síðan hafi hann ruðzt inn með byssuna í höndunum, en þar var nokkurt fólk fyrir. Hafsteinn Jósefsson, íbúi í húsinu, hafi reynt að ýta frá sér byssunni, sem beindist að honum, en þá hafi skot hlaupið úr henni í hægri fót hans með þeim afleiðingum, að taka varð af honum fótinn fyrir ofan hné. Þá bera vitni, að ákærði hafi að lokum verið yfirbugaður af Ólafi Ögmundssyni, Stigahlíð 24, en hann var gestkomandi í húsinu. Byssunni er ákærði sagður hafa stolið frá kunningja sínum að Nökkvavogi 62.

Ákærði hefur verið yfirheyrður í dómi um atburði þessa, en ber við minnisleysi vegna ölvunnar. Hann hefur gengizt undir rannsókn á andlegri og líkamlegri heilbrigði sinni, en skýrsla hefur enn eigi borizt um niðurstöður þeirrar rannsóknar.

Hinn 15. janúar s.l. var ákærði úrskurðaður í gæzluvarðhald allt að 60 dögum, og var sú vist framlengd 15. marz s.l. frá og með 16. marz s.l. um jafnlangan tíma, eða nánar tiltekið til kl. 1134 í dag. Af hálfu saksóknara ríkisins er þess krafizt, að gæzluvarðhaldsvist ákærða verði framlengd, þar til héraðsdómur gengur, en af hálfu verjanda ákærða er mótmælt framlengingu á þeirri vist hans, enda sé rannsókn málsins nú lokið.

Samkvæmt því, sem fyrr var rakið í úrskurði þessum, svo og með skírskotun til 67. gr., 1. mgr., 4. tl., laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist ákærða um allt að 8 vikum, eða til þriðjudagsins 10. júlí 1973, klukkan 1134.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist ákærða, Haralds Ólafssonar, framleng-

ist um allt að 8 vikum, eða til þriðjudagsins 10. júlí 1973, klukkan 1134.

Fimmtudaginn 24. maí 1973.

Nr. 28/1973: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari ríkisins)
gegn
Hjörleifi Guðmundssyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar:

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði er í máli þessu sóttur til saka fyrir brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Málið var sótt og varið munnlega, svo sem boðið er í 1. málsgr. 1. tl.. 130. gr. laga nr. 82/1961. Fór munnlegur málflutningur fram hinn 10. maí 1972. Segir svo í lok bókunar í því þinghaldi: „Eftir ítrekun krafna lögðu báðir (þ. e. saksóknari og verjandi) málið í dóm". Ekki er þó bókað, að málið hafi verið dómtekið þá. Hinn 16. maí 1972 er tekin skýrsla fyrir dómi af einu vitni sem komið hafði fyrir rannsóknarlögreglu. Er bókað í þingbók, að sækjandi og verjandi séu samþykkir þessari fyrirtöku máls, en óski ekki að vera viðstaddir. Næst þingaði dómari í málinu hinn 20. ágúst 1972. Segir svo í upphafi bókunar: „Málið var dómtekið, en hvorki saksóknari né verjandi ákærða óskuðu eftir frekari málflutningi eftir yfirheyrslu vitnisins Ellerts Svavarssonar", þ. e. vitnis þess, er kom fyrir dóm hinn 16.

maí 1972. Í þinghaldi hinn 29. ágúst 1972 var kveðinn upp dómur sá, sem áfrýjað hefur verið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, leið röskur hálfur fjórði mánuður frá því, að munnlegur málflutningur fór fram, unz dómur var kveðinn upp. Munnlegur málflutningur kemur ekki að því gagni, sem til er ætlazt, þegar svona langur tími líður frá flutningi máls til dómsuppsögu. Er þessi réttarfarsháttur brot á 165. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 191. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til málflutnings af nýju og til uppsögu dóms.

Með bréfi til sakadóms Hafnarfjarðar 30. janúar 1971 setti Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómslögmaður fram bótakröfu vegna Jóns E. Sigurjónssonar á hendur ákærða. Enn fremur sótti hann dómþing með nefndum Jóni, er hann gaf skýrslu í sakadómi Hafnarfjarðar hinn 28. apríl 1971. Á þessum tíma gegndi Sigurður Hallur Stefánsson starfi fulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði. Var hann löggiltur til dómsstarfa, og er svo enn. Var óviðeigandi, að dómarafulltrúi gegndi lögmannsstarfi með þessum hætti. Sigurður Hallur Stefánsson áréttaði fyrrgreinda bótakröfu í bréfi til sakadóms Hafnarfjarðar hinn 8. janúar 1973. Þá höfðu tekið gildi reglur nr. 32 10. febrúar 1971 um málflytjandastörf manna í opinberu starfi. Umsýsla fulltrúans með síðargreinda bréfinu fær ekki samrýmzt nefndum reglum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda ákærða, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til málflutnings af nýju og dómsuppsögu.

Ríkissjóður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 29. ágúst 1972.

Árið 1972, þriðjudaginn 29. ágúst, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 877/1972: Ákæruvaldið gegn Hjörleifi Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Hjörleifi Guðmundssyni skrifstofumanni, Laufási 1, Garðahreppi, fyrir að hafa að kvöldi fimmtudagsins 31. desember 1970 slegið Jón Egil Sigurjónsson, Hringbraut 64, Hafnarfirði, þungt hnefahögg í andlitið, er þeir voru staddir á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar, með þeim afleiðingum, að Jón Egill hlaut brot á þremur stöðum á efri kjálka hægra megin.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 26. júlí 1920, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:
1960 16/1 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarslys.
1962 25/10 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Af hálfu ákærða hefur verið haldið uppi vörnum í máli þessu og aðallega krafizt sýknu af kröfu ákæruvaldsins, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá er krafizt frávísunar á skaðabótakröfunni og henni efnislega mótmælt.

Málavextir eru þessir:

Á gamlársdag 1970 einhvern tíma á tímabilinu frá klukkan 1630 til 1830 kom Jón Egill Sigurjónsson, Hringbraut 64, Hafnarfirði, inn á afgreiðslu Bifreiðastöðvar Hafnarfjarðar, og var ætlun hans að fá leigubíl með sig heim. Var hann nokkuð undir áhrifum víns. Þarna inni á stöðinni var þá ákærði, sem veitti henni forstöðu. Er Jón sá ákærða, kvað hann hafa hlaupið í sig illt blóð og hann farið að stríða ákærða, ýtt við honum og slegið til hans, en gat ekki, er hann var fyrst yfirheyrður, gert sér grein fyrir, hvar höggið lenti, en taldi síðar, er hann bar hér fyrir dómi, að við höggið hefði ákærði misst hattinn og hefði því höggið lent á hatti hans. Hann kvaðst svo hafa hrint ákærða, sem við það hafi fallið á legubekk, en um leið og hann hefði dottið, hefði ákærði slegið hann með vinstri hendi og höggið lent á hægra kinnbeini hans. Kvaðst Jón hafa vankast við höggið, en Ellert bílstjóri á

BSH hafi farið með hann út fyrir og Jón á G 1480 farið með hann á lögreglustöðina. Á lögreglustöðinni hafði Jón litla viðdvöl. Lögregluvarðstjórinn, Gísli Sigurðsson, segir í skýrslu sinni, að Jón hafi verið allmikið ölvaður, er hann kom, og hann bent honum á, að þannig á sig kominn gæti hann ekki verið þar.

Fór Jón þá samstundis út aftur án þess að bera fram kæru eða kvörtun, og tók varðstjórinn ekki eftir því, að hann væri með áverka. Jón hafi hringt í hann tveimur til þremur tímum síðar og þá verið að spyrjast fyrir um ferðir sínar, en ekki minnzt á, að hann hefði orðið fyrir neinu misjöfnu.

Jón kvaðst muna það næst, að hann vaknaði heima hjá sér um klukkan 2430, og fann hann þá til sársauka í kinnbeininu. Fór hann til Kristjáns Jóhannessonar læknis 4. janúar 1971, sem lýsir meiðslum hans þannig:

„Við skoðun sést að andlitið er bólgið nokkuð h. megin neðan auga og mikil eymsli þar. Röntgenmynd tekin af höfði á Sólvangi 4/1 sýndi efri kjálka hægra megin brotinn á þremur stöðum, en brot ekki úr lagi færð, svo neinu nemi . . .“

Læknirinn vottaði og, að Jón hefði verið óvinnufær vegna þessara meiðsla frá 31. desember 1970 til 18. janúar 1971. Og er ákærði kom fyrir dóm 28. apríl 1971, kvaðst hann ekki hafa náð sér eftir áverkann og kvaðst þá finna enn til dofa í andlitinu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Jón í umrætt sinn. Hann kvaðst hafa komið upp á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar um klukkan 1630 þennan dag og skömmu síðar hafi komið inn á stöðina Jón E. Sigurjónsson, sem honum virtist nokkuð ölvaður. Kvað hann Jón þegar hafa ráðizt að sér með orðaskaki og hnippingum, m. a. hafi hann ráðizt að ákærða, náð hálstaki og dregið hann niður í legubedda í bílstjóraherberginu. Þar kvaðst ákærði hafa getað snúið sig af honum og gengið fram í afgreiðslu, en Jón elt hann og dregið til baka, en ákærði enn rifið sig af honum og beðið um, að hringt yrði á lögreglu og maðurinn tekinn. Þá hafi það gerzt, að Jón hafi stokkið á hann, hnibbað í hann með öxlinni, ákærði ýtt honum frá sér, en Jón komið strax aftur og rekið ákærða kjaftshögg, sem lent hafi á vinstra munnviki og fleiðrazt hafi undan því á tönn, en ekkert verulegt sár komið. Þá um leið kvaðst ákærði hafa hallazt aftur á bak upp að legubekknum og slegið út í loftið með vinstri hendinni og höggið lent á hægri neðri kjálka Jóns, og hnúinn lent neðan við efri tanngarð Jóns, sem við höggið hafi snúizt álútur.

Ákærði kvað svo Jón með hnefaskaki hafa gert sig líklegan

til frekari árásar, og kvaðst ákærði þá hafa gripið í bringu hans og haldið honum frá sér, en í því hafi Ellert Svavarsson, Holtsgötu, sem þarna var viðstaddur, tekið hægri hönd Jóns og ákærði þá vinstri og þeir hafi lagt hann í gólfið og hann þá gefizt upp. Hann hefði umfram allt beðið um, að lögreglan yrði ekki látin hirða sig. Hann hafi staðið upp, setzt á legubekk og verið rólegur og ákærði ekki fylgzt náið með honum eftir það. Ákærði kvaðst ekki vera örvhentur.

Vitnið Ellert Sigurður Svavarsson bílstjóri, til heimilis að Holtsgötu 20, Hafnarfirði, kvaðst hafa verið ásamt ákærða að telja vörulager BSH milli klukkan 17—18 á gamlársdag. Hafi þá Jón Sigurjónsson, sem vitnið þekkir, ruðzt inn á stöðina og verið áberandi ölvaður. Hann hafi þegar byrjað að atast í ákærða, m. a. með því að taka af honum hattinn og hrinda honum til. Ákærði hafi beðið hann að hætta þessum fíflagangi, en Jón ekki sinnt því, heldur haldið áfram uppteknum hætti og ákærði þá spurt hann, hvað hann meinti með slíkum látum, hvort hann væri að sækjast eftir slagsmálum, og Jón svarað með þessum orðum „alveg eins".

Jón hafi svo eftir að hafa sakað ákærða um, að hann hafi staðið að því, að hann var látinn hætta að aka á BSH á sínum tíma, slegið hann með hægri hendi á vinstri kjálka. Þá hafi ákærði slegið Jón með vinstri hendi, krepptum hnefa, og hafi það högg lent á hægri kjálka Jóns, sem hafi verið smástund að jafna sig eftir það, en þó ekki fallið við. Jón hafi ráðizt aftur á ákærða, og blandaði vitnið sér þá inn í átök þeirra, og tókst því og ákærða að leggja Jón í gólfið og halda honum þannig þar, að hann hafi gefizt upp og beðizt vægðar. Vitnið kvaðst svo hafa talað Jón til og hann svo farið. Ekki hafi hann kvartað um meiðsli neins staðar. Tveimur til þremur dögum síðar hafi hann talað við það og þá aðallega verið að spyrja um, hvað hafi komið fyrir, hvernig þessi umtöluðu átök hafi verið og jafnframt sagt því frá meiðslum á hægra kinnbeini.

Vitnið kvað ákærða hafa verið allsgáðan, en því virzt sem snögglega hafi fokið í hann, er Jón sló hann.

Vitnið Jón Friðleifsson, Austurgötu 26, Hafnarfirði, kvaðst hafa komið inn á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg einhvern tíma gamlaárskvöldið 1970 og þá verið þar inni hjá bílstjórunum ákærði og Jón Egill Sigurjónsson, sem hafi verið að flangsa utan í ákærða, sem ýtt hafi Jóni frá sér. Jón hafi þá farið að munnhöggvast við ákærða og ákærði þá slegið hann. Taldi vitnið höggið hafa lent á vinstri kinn Jóns, en var þó ekki viss um á

hvorri kinninni það lenti, en við höggið hafi Jón hálfpartinn dottið á hnén.

Ástæðuna fyrir stríðni sinni við ákærða kvað Jón vera, að ákærði hafi verið óliðlegur við hann, meðan hann var leigubifreiðarstjóri á þessari stöð, og einnig hafi hann neitað honum um stöðvarpláss.

Ákærði kveður það rétt, að hann hafi neitað Jóni um stöðvarpláss, en neitar því, að hann hafi verið óliðlegur við Jón, heldur þvert á móti verið honum innan handar með því t. d. að lána honum stöðvargjöldin.

Ákærði hefur haldið því fram, að afleiðingarnar af höggi því, sem hann veitti Jóni, geti ekki hafa verið svo alvarlegar sem læknisvottorð sýni, og hefur hann gefið í skyn, að meiðsli Jóns stafi af einhverju öðru.

Ekkert er fram komið í máli þessu, sem geri það líklegt. Eftir því sem næst verður komizt fóru átök ákærða og Jóns fram á tímabilinu frá 1700—1800. Jón G. Kristinsson leigubílstjóri, Smyrlahrauni 50, Hafnarfirði, ók honum í umrætt sinn frá BSH að lögreglustöðinni. Kvað það Jón hafa verið hálfkjökrandi, er það tók hann í bifreið sína, ekki viljað segja því, hvers vegna hann fór á lögreglustöðina, en talað um, að það mundi frétta það síðar. Þó minnti vitnið, að Jón hefði verið að tala um, að hann væri brotinn í andliti. Kona Jóns, Jóhanna Gísladóttir, kvað Jón hafa komið þetta kvöld 10—15 mínútum of seint til matar, en borða hafi átt klukkan 1800. Hafi hann einungis sagt „Hann sló mig", en síðan gengið til náða og sofið til um klukkan 2130, en þá vaknað dofinn mjög í andliti og þá haft samband við lækni. Hún kvað Jón hafa komið gangandi heim frá lögreglustöðinni með smáviðdvöl í anddyri hússins nr. 65 við Hringbraut. Ekki vissi hún til þess, að Jón hefði orðið fyrir neinu áfalli á leiðinni. Ekki telst það vera löng leið frá lögreglustöðinni að heimili Jóns.

Bendir allt þetta til þess, að ekkert hafi verið óeðlilegt við ferðir Jóns eftir átökin og að hann hafi komizt stuttu eftir þau og án annarra áfalla heim. Verður því á því byggt í máli þessu, að meiðsli Jóns á hægri kinn stafi af höggi því, sem ákærði veitti honum.

Af því, sem fram er komið, þykir í ljós leitt, að ákærði sló Jón Egil Sigurjónsson vinstri handar hnefahögg á hægri kinn, svo að hann hlaut þrjú brot á efri kjálka hægra megin auk þess að bólgna upp neðan við hægra auga, þar sem voru mikil eymsli. Jón var óvinnufær af þessum sökum, frá því hann varð fyrir

högginu 31. desember 1970 til 18. janúar 1971, og fann auk þess dofa og óþægindi í andlitinu fram eftir vetrinum og lengur.

Ekki verður mark tekið á þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi einungis ætlað að banda frá sér, heldur verður að telja, að með vætti vitna, og þegar virt er, hversu miklar afleiðingar höggsins urðu, að það er veitt með krepptum hnefa, sé sannað, að vilji ákærða stóð til að slá Jón Egil, þó að hins vegar verði ekki talið ljóst, að ásetningur hans hafi verið að valda honum líkamstjóni, sem telja verður hafa orðið fyrir gáleysi.

Ákærði hafði orðið fyrir ólögmætri líkamsárás af hálfu kæranda, sem ákærði á engan hátt gaf tilefni til og átti hendur sínar að verja. Hins vegar verður talið, þegar aðstæður eru virtar, að ákærði hafi farið út fyrir eðlileg mörk neyðarvarnar.

Með verknaði þessum hefur ákærði gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir atvikum og samkvæmt heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, þykir rétt að fresta ákvörðun um refsingu og verði ekkert af henni, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt nefndri 57. gr., sbr. lög nr. 22/1955, í 3 ár frá uppsögu dóms þessa.

Kærandi, Jón E. Sigurjónsson, hefur gert kröfu til skaðabóta, sem hann sundurliðar þannig:

1.	Vinnutap	kr. 12.114.00
2.	Lækniskostnaður	— 750.00
3.	Óþægindi og þjáningar	— 25.000.00
		Kr. 37.864.00

Ákærði hefur krafizt frávísunar vegna vanreifunar, en ekki verður fallizt á það.

Með því að kærandi með hinni ólögmætu árás gaf tilefni til þess að vera sleginn og á þannig að nokkru leyti sök í máli þessu, verður sök skipt til helminga.

Skal nú vikið að kröfunni í einstökum atriðum:

Um kröfulið 1. Tjónþoli hefur lagt fram afrit launaseðils frá Bátalóni h/f, og kemur þar fram, að vinnuvikuna frá 18. janúar 1971-23. janúar 1971 er vikukaup hans kr. 5.504.60, og er það lagt til grundvallar kröfugerð hans og ekki mótmælt af hálfu ákærða. Tjónþoli var tvær vinnuvikur frá vinnu vegna áverkans og hefði

kaup hans fyrir það tímabil orðið kr. 11.009.20, og þykir mega fallast á kröfuna með þessari breytingu.

Um lið 2. Hér er um beinan lækniskostnað að ræða samkvæmt reikningi og kröfuliður þessi tekinn til greina að fullu.

Um lið 3. Þegar virt er, að tjónþoli var dofinn í andliti nokkuð lengi eftir árásina, þykir krafan samkvæmt þessum lið í hóf stillt og er tekin til greina.

Ákærða ber því að greiða tjónþola, Jóni E. Sigurjónssyni,
kr. 36.759.20 : ½ = kr. 18.379.60

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin kr. 8.000.00 í saksóknarlaun og kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar.

Drætti á dómsuppsögu veldur annríki dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Ákvörðun refsingar á hendur ákærða, Hjörleifi Guðmundssyni, er frestað og kemur ekki til, ef ákærði heldur almennt skilorð samkvæmt 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, í 3 ár.

Ákærði greiði Jóni Agli Sigurjónssyni, Hringbraut 64, Hafnarfirði, kr. 18.379.60.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. júní 1973.

Nr. 124/1972: **Sigurjón Þorsteinsson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Akraneskaupstað og gagnsök
(Árni Guðjónsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar:

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. október 1972. Krefst hann þess, **að** lögheimili hans frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971 verði talið í Strandarhreppi í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, **aðallega að** Eystra-Miðfelli í þeim hreppi, en **til vara** í „Hvalveiðistöðinni á Miðsandi", og **að** gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1972. Krefst hann þess aðallega, „að lögheimili aðaláfrýjanda verði talið á Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968". Til vara er þess krafizt, „að lögheimili aðaláfrýjanda verði talið að Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971." Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Kröfur aðilja í máli þessu hafa verið hvarflandi um afmörkun úrskurðarefnis, að því er varðar það tímabil, sem úrskurðurinn um heimilisfesti aðaláfrýjanda skyldi taka til. Héraðsdómari hefur einskorðað rannsókn sína við tímabilið frá 1. desember 1968 og fram til 1. desember 1971. Var það rétt, svo sem kröfur horfðu við honum.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísun til rökstuðnings hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður sakadóms Akraness 10. júlí 1972.

Með bréfi Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, Akranesi, dags. 9. janúar 1970 til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu krefst hann þess f. h. Sigurjóns Þorsteinssonar, þá talins til heimilis að Eystra-Miðfelli í Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu, að sýslumaður kveði upp úrskurð um heimilisfang hans 1. desember 1968 samkvæmt 14. gr. laga nr. 35/1960, en Sigurjón hafði verið með breytingaskrá Hagstofu Íslands, útgefinni 1. apríl 1969, tekinn út af íbúaskrá Strandarhrepps og settur á íbúaskrá Akraneskaupstaðar miðað við 1. desember 1968. Var þess jafnframt krafizt, að heimilisfesti Sigurjóns væri úrskurðuð í Strandarhreppi 1968.

Málið var tekið fyrir í sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 12. febrúar 1970. Hófst þá rannsókn í máli þessu, og lögð voru fram ýmis gögn í málinu, og tekin var skýrsla af sóknaraðilja, Sigurjóni Þorsteinssyni. Úrskurði var þó frestað, þar sem eigi hafði verið leitað umsagnar bæjarstjórnar Akraness í málinu.

Umsögn bæjarstjórans á Akranesi, dags. 7. apríl 1971, var send sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með bréfi lögmanns Akraneskaupstaðar, dags. 10. maí 1971. Í bréfi þessu krefst lögmaðurinn þess f. h. bæjarstjórnar Akraness, að málinu verði vísað frá sakadómi Mýra- og Borgafjarðarsýslu, þar sem Sigurjón Þorsteinsson hafi verið skráður í Þjóðskrá síðan 1. desember 1968 á Akranesi og af því leiði, að mál til ákvörðunar lögheimils hans beri að reka á Akranesi.

Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu féllst á þessa kröfu og sendi bæjarfógetanum á Akranesi gögn málsins og rannsókn með bréfi, dags. 29. júní 1971.

Rannsókn málsins hófst í sakadómi Akraness 14. september og hélt síðan áfram. Með bréfi dómarans, dags. 10. marz 1972, var málið aftur sent bæjarstjóranum á Akranesi til umsagnar vegna nýrrar og breyttrar kröfugerðar í málinu.

Eftir að umsögn bæjarstjórans á Akranesi var lögð fram svo

og greinargerð aðilja, var málið tekið til úrskurðar 9. júní s.l. eftir munnlegan flutning málsins. .

Dómkröfur sóknaraðilja, Sigurjóns Þorsteinssonar, voru upphaflega þær, eins og að framan er rakið, að lögheimili hans væri úrskurðað að Eystra-Miðfelli í Strandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu miðað við 1. desember 1968.

Í greinargerð, dags. 8. desember 1971, af hans hálfu eru kröfur hans þær, að lögheimili hans verði dæmt Hvalveiðistöðin á Miðsandi í Strandarhreppi og að varnaraðilja, Akraneskaupstað, verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Í sakadómi Akraness 2. júní s. l. óskaði lögmaður sóknaraðilja bókaðar þær dómkröfur í málinu, að lögheimili sóknaraðilja frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971 verði ákveðið í Strandarhreppi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Í munnlegum flutningi málsins 9. júní s.l. orðaði lögmaður sóknaraðilja kröfur sínar þannig, að lögheimili sóknaraðilja í málinu frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971 verði úrskurðað í Strandarhreppi, *aðallega* að Eystra-Miðfelli, en *til vara* í Hvalveiðistöðinni á Miðsandi, og málskostnaðarkröfur hans voru þær sömu.

Í greinargerð af hálfu varnaraðilja, Akraneskaupstaðar, dags. 1. júní s.l., gerir hann þær kröfur að staðfest verði, að lögheimili Sigurjóns Þorsteinssonar sé að Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968. Í munnlegum flutningi málsins var af hálfu varnaraðilja gerð sú nánari grein fyrir kröfu þessari, að í henni fælist krafa um úrskurð um lögheimili Sigurjóns til þess tíma, er úrskurður gengur, eða einnig fyrir árið 1972. En fram hefur komið í málinu, eins og síðar verður rakið, að sóknaraðili hefur tilkynnt flutning lögheimilis síns í nóvember 1971 að Hvalveiðistöðinni á Miðsandi í Strandarheppi í Borgarfjarðarsýslu.

Til vara er þess krafizt af hálfu varnaraðilja, að lögheimili Sigurjóns verði úrskurðað að Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971.

Þá er af hálfu varnaraðilja krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Sóknaraðili, Sigurjón Þorsteinsson, fæddur 11. júlí 1916, hefur lýst því yfir fyrir dómi, að hann hafi síðan 1945 átt með bróður sínum húseignina Sunnubraut 2, Akranesi, og hafi hann átt lögheimili þar þangað til á árinu 1956, að hann flutti lögheimili sitt að Eystra-Miðfelli í Strandarhreppi til Valgarðs Jónssonar bónda

þar. Kveðst sóknaraðili hafa flutt lögheimili sitt þangað til þess að tryggja sér örugga vinnu við sitt hæfi hjá Hvalveiðistöðinni hjá Hval h/f í Strandarhreppi, en þar hefur hann unnið í um 20 ár og í mörg ár við kyndistöð Hvals h/f. Allan þennan tíma kveðst hann hafa haft aðaltekjur sínar hjá fyrrnefndu félagi, sem starfar og á varnarþing í Strandarhreppi. Sóknaraðili kveðst þó hafa unnið á Akranesi um tvo mánuði á ári hverju og hafi hann, sem er ókvæntur, stundum dvalizt annars staðar en á lögheimili sínu, en þó aðeins skamma hríð. Hann sagðist hafa átt lögheimili deilulaust að Eystra-Miðfelli frá 1956 til 1968, en þá úrskurðaði Hagstofa Íslands, að lögheimili hans skyldi vera á Akranesi að Suðurgötu 36 miðað við 1. desember það ár. Sóknaraðili festi kaup á efri hæð húseignarinnar Suðurgötu 36, Akranesi, haustið 1966. Fljótlega leigði hann íbúð þessa Ástu Laufeyju Haraldsdóttur, sem sóknaraðili kvaðst hafa þekkt frá því að þau voru börn, hún alin upp á Reyni, en hann á næsta bæ, Kjaransstöðum í Innri-Akranesheppi, en þar dvaldist hann í 19 ár. Sóknaraðili kvaðst hafa áskilið sér leyfi til að dveljast í einu herbergi í íbúð sinni, þegar hann væri á Akranesi, en Ásta Laufey hafi rétt til afnota af herbergi hans, þegar hann væri langdvölum í burtu. Sóknaraðili hefur neitað því, að hann búi í óvígðri sambúð með Ástu Laufeyju eða að hún sé sambýliskona sín og þau hafi ekki sameiginlegt húshald. Hún greiði að vísu ekki fast gjald fyrir íbúðina, en hann kaupi stundum fæði af Ástu, er hann dveljist á Akranesi. Hann kvað Ástu kaupa í matinn fyrir sig og dreng sinn að öllu leyti á sinn kostnað, þó að það kunni að koma fyrir, að hann kaupi í matinn fyrir þau öll, er hann er staddur á Akranesi. Sóknaraðili kvað persónulega muni sína, svo sem fatnað, bækur og húsgögn, vera nokkuð dreifða. Hann hafi að sjálfsögðu haft með sér fatnað í vinnuskálann í Hvalveiðistöðinni, en þar er til staðar rúmstæði og skápar. Þá kvaðst hann eiga einhver húsgögn hjá bróður sínum að Sunnubraut 2. Og að Suðurgötu 36 sagðist hann eiga húsgögn, svo sem svefnsófa og einnig stofuhúsgögn, sem hann leigi Ástu Laufeyju. Hann sagðist ekki eiga nema lítið af munum að Eystra-Miðfelli, en þó eitthvað af bókum, en þar eigi hann frjálsan aðgang að herbergi og dvöl, hvenær sem hann vilji.

Vitnið Valgarður Lyngdal Jónsson, bóndi að Eystra-Miðfelli, Strandarhreppi, fæddur 14. nóvember 1916, kvaðst hafa unnið í Hvalveiðistöðinni í Hvalfirði á árunum 1949, 1950 og 1951, og ók hann þar bifreið. Þar vann þá einnig Sigurjón Þorsteinsson, sóknaraðili í máli þessu, og voru þeir herbergisfélagar. Sigurjón

vann sem sögunarmaður við beinasögina á stöðinni. Vitnið kvaðst vita, að Sigurjón bilaði eitthvað í baki og fékk því léttara starf hjá Hval h/f sem kyndari í ketilhúsinu og það starf muni hann hafa enn á hendi. Á þessum árum var Sigurjón búsettur á Akranesi og einnig vitnið, sem gerðist bóndi að Eystra-Miðfelli árið 1953. Vitnið kvað það hafa verið haustið 1956, að Sigurjón kom til þess og spurði, hvort hann mætti ekki skrifa lögheimili sitt hjá því að Eystra-Miðfelli. Kvað hann sér það nauðsynlegt, til þess að hann hefði forgangsrétt til vinnu hjá Hval h/f, en til þess að svo væri, yrði hann að vera búsettur í hreppnum og vera meðlimur í Verkalýðsfélaginu Herði, Hvalfirði. Vitnið sagðist hafa samþykkt þetta, og mun Sigurjón hafa tilkynnt oddvita um flutning á heimili sínu. Eftir þetta komu skattskýrslur og önnur plögg varðandi Sigurjón heim til vitnisins, að því er það minnti til ársins 1971. Vitnið kvaðst hafa sagt Sigurjóni, að hann væri hvenær sem er velkominn til sín til dvalar að Eystra-Miðfelli, en þetta hafi hann hins vegar lítið notað sér. Hann hafi þó á hverju ári gist einhverjar nætur og þá helzt um miðjan vetur. Sigurjón hafi þó komið mjög oft sem gestur og hafi það komið fyrir nokkrum sinnum, að hann hafi rétt þeim hjálparhönd við heyvinnu, slátrun o. fl. Vitnið kvað Sigurjón ekki hafa haft á leigu sérstakt frátekið herbergi á heimili vitnisins, en aðstöðu til að gista hvenær sem var. Hann hafi aldrei átt neitt verulegt af persónulegum munum að Eystra-Miðfelli, en þó kunni að vera, að hann eigi þar eitthvað af smámunum, svo sem myndir eða bækur.

Vitnið kvaðst vita, að Sigurjón hafi unnið undanfarin ár í Hvalveiðistöðinni frá því upp úr páskum á vorin og fram í desember. En auk þessa hafi hann farið í Hvalveiðistöðina, ef útskipun hefur verið á lýsi og mjöli.

Vitnið Ásta Laufey Haraldsdóttir kvaðst hafa flutzt í íbúð Sigurjóns Þorsteinssonar að Suðurgötu 36, Akranesi, haustið 1966, en þá hafi hún um árs skeið dvalizt á Selfossi. Hún sagðist hafa þekkt Sigurjón nokkuð áður, og er hún vissi, að hann hafði eignast þessa íbúð, hafi hún spurt hann, hvort hún gæti ekki fengið leigt hjá honum húsnæði. Hún sagðist hafa alla íbúðina á leigu, en hún er 3 herbergi og eldhús. Hún er með einn dreng með sér, 13 ára. Hún kvaðst ávallt vinna úti við ýmis störf. Vitnið neitaði því, að hún byggi í sambýli með Sigurjóni Þorsteinssyni. Hún kvaðst að vísu ekki greiða neitt fast gjald í leigu á íbúðinni, en hún annist íbúðina, hreinsi hana og hirði. Sigurjón hafi ávallt

áskilið sér rétt til að dveljast í herbergi í íbúðinni, þegar hann dveljist á Akranesi, og fái hann þá venjulega fæði hjá henni, ef aðstaða er til og hún ekki í vinnu. Vitnið kvað Sigurjón þó ekkert greiða fyrir fæðið.

Vitnið sagði, að Sigurjón eigi þarna í íbúðinni sófasett og sófaborð, svefnsófa svo og föt og ýmsa smámuni. Hún kvaðst mega nota stofuhúsgögnin jöfnum höndum, en hún eigi hins vegar nokkuð af húsgögnum.

Skulu nú rakin nokkur gögn, sem lögð hafa verið fram í máli þessu.

Vottorð Hagstofu Íslands, dags. 2. apríl 1970, er svohljóðandi: „Sigurjón Þorsteinsson, fæddur 11/7 1916, sem er ókvæntur, var á upphaflegri íbúaskrá 1/12 1968 með lögheimili að Eystra-Miðfelli, Strandarhreppi. Bæjarstjóri Akraness gerði í bréfi til Hagstofunnar, dags. 24/2 1969, þá athugasemd við íbúaskrá, að Sigurjón Þorsteinsson ætti að vera með skráð lögheimili að Suðurgötu 36, Akranesi. Segir í bréfinu: „Á hér íbúð, sem hann býr í, og hefur stundað atvinnu hér síðan í sumar, og óskast því lögheimili hans úrskurðað hér."

Þessi krafa var send til umsagnar oddvita Strandarhrepps 10. marz 1969 og honum tilkynnt, að bærist ekki tafarlaust mótmæli við kröfu Akraness, yrði hún tekin til greina. Engin mótmæli eða annað barst frá oddvita Strandarhrepps, og var því Sigurjón Þorsteinsson tekinn út af íbúaskrá Strandarhrepps og settur á íbúaskrá Akraness miðað við 1. desember 1968. Voru þessar breytingaskrár gefnar út 1. apríl 1969. Meðferð máls þessa á Hagstofunni er í samræmi við 11. gr. laga nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu."

Lagt hefur verið fram í dóminum ljósrit af ofangreindu bréfi eða fyrirspurn Hagstofu Íslands, dags. 10. marz 1969, til oddvita Strandarhrepps. Í bréfi þessu segir, að „svar við þessari fyrirspurn verður að vera komið í hendur Hagstofunni í síðasta lagi 12 dögum eftir dagsetn. fyrirspurnarinnar. Er því nauðsynlegt að svara fyrirspurninni með símsk. eða símtali, ef ekki er nokkurn veginn öruggt, að bréflegt svar hafi borizt Hagstofunni 12 dögum eftir dags. fyrirspurnar." Þá segir einnig í fyrirspurninni: „Sveitarstjórnir þær, sem hér eiga hlut að máli, krefjast þess, að eftirtaldir einstaklingar séu skráðir í sveitarfélögum þeirra 1/12 s.l., og verða kröfur þeirra teknar til greina, ef þeir fallist á þær eða láti hjá líða að mótmæla þeim tafarlaust, sjá nánar um frest efst á þessu blaði. Mótmæli verða að vera studd greinar-

gerð um málsatvik — ella kom þau ekki til álita. Hagstofan tekur ákvörðun í hverju slíku máli á grundvelli upplýsinga frá báðum sveitarfélögum og tilkynnir þeim síðan, í hvoru þeirra hlutaðeigandi skuli skráður 1. des. s.l."

Upplýst er í málinu, að framangreind fyrirspurn Hagstofu Íslands var eigi send oddvita í ábyrgðarpósti.

Vitnið Guðmundur Brynjólfsson, Hrafnabjörgum í Strandarhreppi, oddviti hreppsins, hefur fyrir dómi staðhæft, að því hafi ekki borizt í ársbyrjun 1969 framangreind fyrirspurn Hagstofu Íslands og mótmæli bæjarstjórnar Akraness gegn því, að sóknaraðili ætti lögheimili að Eystra-Miðfelli. Það sé því rétt, að hann hafi sem oddviti engin mótmæli sett fram á þessum tíma gegn flutningi á heimilisfangi sóknaraðilja til Akraness. Vitnið vissi ekki um flutning á heimilisfangi sóknaraðilja, fyrr en því barst breytingaskrá frá Hagstofunni vorið 1969. Vitnið kvaðst þá hafa átt símtal við Ingimar Jónasson, deildarstjóra hjá Þjóðskránni, fyrst og fremst til þess að fá upplýst, hvers vegna heimilisfang sóknaraðilja var flutt til Akraness. Hafi þá meðal annars borizt í tal, að bréf frá Þjóðskránni mundi hafa glatazt. Vitnið kvaðst þó ekki hafa mótmælt flutningi á heimilisfangi sóknaraðilja þá, enda hafi það talið það þýðingarlaust, því að hér hafi verið um fullnaðarafgreiðslu að ræða í það sinn. Hins vegar sagðist vitnið hafa mótmælt flutningi á heimilisfangi sóknaraðilja, eins og fram kemur á vottorði vitnisins, dags. 4. desember 1971, sem hefur verið lagt fram í dóminum og er þannig: „Í sambandi við ágreining um lögheimili Sigurjóns Þorsteinssonar, starfsmanns Hvalveiðistöðvarinnar í Hvalfirði, vil ég upplýsa eftirfarandi:

1. Litlu eftir að mér barst íbúaskrá Hvalfjarðarstrandarhrepps 1. desember 1970 frá Hagstofu Íslands, sem ber með sér flutning nefnds Sigurjóns til Akraness, sendi ég Hagstofunni mótmæli gegn flutningi þessum ásamt flutningi annars einstaklings, þar sem ég vissi, að flutningur þessi var án vilja og vitundar nefndra einstaklinga.
2. Í nóvember s.l. tilkynnti Sigurjón Þorsteinsson flutning lögheimilis í Hvalstöðina, Miðsandi. Var tilkynning sú póstlögð til Hagstofunnar 13. nóvember s.l."

Þá hefur verið lagt fram í dóminum vottorð oddvita Strandarhrepps, dags. 23. ágúst 1969, sem hann hefur staðfest fyrir dómi og er svohljóðandi: „Það vottast hér með, að hr. Sigurjón Þorsteinsson, sem verið hefir heimilisfastur í Hvalfjarðarstrandarhreppi undanfarin 13 ár, hefir ekki óskað eftir að flytja lögheimili

sitt héðan. Enda hefir hann öll þessi ár haft svo til alla atvinnu sína hér í hreppnum og hyggst halda starfi sínu hjá Hval h.f. framvegis. En mundi stofna atvinnuöryggi sínu í nokkra hættu með því að flytja héðan."

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Hvals h/f, dags. 27. ágúst 1969, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að hr. Sigurjón Þorsteinsson, Eystra-Miðfelli, Hvalfjarðarstrandarhreppi, hefur unnið hjá Hval h.f. síðastliðin 20 ár og hefur vinna hans hér verið hans aðalatvinna. Sigurjón vinnur nú hjá oss eins og undanfarin ár, og hyggst hann starfa hér svo lengi sem heilsa hann leyfir og einhverja vinnu verður hér að hafa."

Í bréfi Sigmars B. Ákasonar, verkstjóra hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. h/f, Akranesi, til sóknaraðilja (dómsskj. nr. 11), dags. 15. desember 1971, segir:

„Það vottast hér með, að samkvæmt kröfu Verkalýðs- og Sjómannafélags Akraness voruð þér látinn hætta störfum í frystihúsi Haraldar Böðvarssonar & Co. h/f hinn 15. janúar 1969, en hófuð aftur störf hér hinn 25. febrúar sama ár.

Ástæðan fyrir þessu var sú, að þér voruð ekki skráður félagi í áðurnefndu félagi, og atvinnuástand var þannig á áðurnefndu tímabili, að löglegir félagar þess voru atvinnulausir.

Undirrituðum var tjáð, að þér væruð skráður félagi í verkalýðsfélagi á Hvalfjarðarströnd."

Loks hafa verið lögð fram í dóminum skattframtöl sóknaraðilja í 5 ár, eða árin 1967 til 1971 incl., svo og lög Verkalýðsfélagsins Harðar, Hvalfirði.

Sóknaraðili hefur rökstutt kröfur sínar með því, að hann hafi haft sína aðalatvinnu hjá Hval h/f á Miðsandi í Strandarhreppi síðan 1949. Hann hafi dvalizt þar við vinnu sína í 7 til 9 mánuði á ári og haft í Strandarhreppi meira en ⅔ hluta af árstekjum sínum. Fyrst í stað taldi hann sig eiga heima á Akranesi, en árið 1956 flutti hann heimilisfang sitt að Eystra-Miðfelli til vinnufélaga síns Valgarðs Jónssonar. En eftir sem áður var raunverulegt heimili hans í Hvalveiðistöðinni, þar sem hann dvaldist eins og fyrr segir, meiri hluta ársins og svaf og borðaði. Hér eigi því beint við 3. og 4. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, sem taki af öll tvímæli um það, að sóknaraðili hafi átt lögheimili í Strandarhreppi, og skipti í því sambandi litlu máli, hvort lögheimilið er talið í Hvalveiðstöðinni á Miðsandi eða að Eystra-Miðfelli. Það skipti eigi máli í þessu sambandi, þó að sóknaraðili eigi íbúð

eða íbúðir á Akranesi og dveljist þar nokkurn tíma árlega, enda sé það alrangt, að hann hafi sameiginlegt heimili eða húshald með konu þeirri, Ástu Laufeyju Haraldsdóttur, sem leigir íbúð hans að Suðurgötu 36 á Akranesi. Sóknaraðili sé eigi að koma sér undan sköttum með því að eiga lögheimili í Strandarhreppi, heldur stofni það atvinnuöryggi hans í hættu að eiga þar ekki lögheimili, þar sem félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Herði í Hvalfirði hafa forgangsrétt til vinnu þar á félagssvæði sunnan Skarðsheiðar, en utan Akraness. Heimilisfang sóknaraðilja hafi og verið flutt til Akraness algerlega gegn vilja og vitund hans og upplýst sé, að oddvita Strandarhrepps hafði eigi verið tilkynnt um kröfu Akraneskaupstaðar um flutning á heimilisfangi sóknaraðilja samkvæmt 11. gr. laga nr. 54/1962, þar sem bréf Hagstofu Íslands var ekki sent í ábyrgðarpósti. Hér sé Hagstofu Íslands eða Þjóðskránni veitt mikið vald og sé því nauðsynlegt, að gætt sé almennra grundvallarreglna og gefa sveitarstjórn og sóknaraðilja færi á að koma að mótmælum og greinargerð um málsatvik, en það hafi ekki verið gert, eins og fram er komið í máli þessu.

Varnaraðili, Akraneskaupstaður, hefur fært þau rök fyrir kröfum sínum, að sóknaraðili búi í óvígðri sambúð í íbúð sinni að Suðurgötu 36 með Ástu Laufeyju Haraldsdóttur og þar dveljist hann 4—6 mánuði samfleytt á ári hverju og komi þangað um helgar, þegar hann á frí milli vakta og á öðrum tímum, sem gefast. Að Suðurgötu 36 hafi sóknaraðili og persónulega muni sína, svo sem húsgögn, föt og ýmsa smámuni, sbr. vætti Ástu Laufeyjar, sem að framan er rakið. Það megi og ráða af vætti Valgarðs L. Jónssonar, bónda Eystra-Miðfelli, að sóknaraðili hafi engin þau tengsl við það heimili, sem skapi honum lögheimili þar, enda hafi hann aðeins komið þar sem gestur. Og dvöl sóknaraðilja og vinna í Hvalveiðistöðinni að Miðsandi í Strandarhreppi sé aðeins árstíðabundin, meðan vinna stendur yfir og sóknaraðili dveljist þar í vinnuskála ásamt öðrum starfsmönnum.

Þá hefur af hálfu varnaraðilja verið bent á, að það sé eigi ákvarðandi um lögheimili sóknaraðilja, þó að hann hafi meiri hlutann af atvinnutekjum sínum hjá Hval h/f í Strandarhreppi. Það sé því ekki 3. og 4. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, sem segi til um, hvar telja beri lögheimili manna, heldur 2. gr. laganna og samkvæmt henni og framkomnum gögnum í málinu eigi sóknaraðili lögheimili að Suðurgötu 36 á Akranesi.

Í 2. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili segir: „Þar er lögheimili manns, sem hann á heimili. Heimili manns er sá staður, þar

sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl." Þá segir í greininni, að það teljist eigi heimili, ef um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu er að ræða, enda hverfi maðurinn til heimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

Þegar þessi ákvæði laganna eru höfð í huga, og þau gögn málsins, sem að framan eru rakin, eru virt, verður að líta svo á, að lögheimili sóknaraðilja, Sigurjóns Þorsteinssonar, hafi verið að Suðurgötu 36, Akranesi, 1. desember 1968. Og þar sem eigi verður séð, að nein breyting hafi orðið á högum Sigurjóns Þorsteinssonar, þangað til hann tilkynnir heimilisfang sitt að Hvalveiðistöðinni að Miðsandi í nóvember 1971, þykir mega úrskurða, að lögheimili hans hafi verið óbreytt til 1. desember 1971.

Eins og að framan er greint, hefur sóknaraðili máls þessa tilkynnt flutning á heimilisfangi sínu að Hvalveiðistöðinni að Miðsandi miðað við 1. desember 1971.

Af hálfu varnaraðilja þessa máls er þess krafizt, að í máli þessu verði úrskurðað um lögheimili sóknaraðilja árið 1972 (miðað við 1. desember 1971).

En þar sem rannsókn í máli þessu hefur beinzt að því að upplýsa, hvort lögheimili sóknaraðilja væri að Suðurgötu 36, Akranesi, eða Eystra- Miðfelli, Strandarhreppi, miðað við 1. desember 1968, en ekki nema að litlu leyti athugað hugsanlegt heimilisfang hans að Hvalveiðistöðinni að Miðsandi, þykir þetta atriði eigi nægilega upplýst og því vanreifað, og verður því þessi krafa varnaraðilja eigi úrskurðuð í máli þessu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sóknaraðili, Sigurjón Þorsteinsson, telst hafa átt lögheimili að Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Því úrskurðast:

Lögheimili sóknaraðilja, Sigurjóns Þorsteinssonar, telst hafa verið í Akraneskaupstað frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 8. júní 1973.

Nr. 193/1971: **Ólafur Markússon og**
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Tómasi Þ. Sigurðssyni
(Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Árekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar:

Héraðsdóminn kvað upp Rúnar Guðjónsson, fulltrúi sýslumanns í Rangárvallasýslu.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1971. Krefjast þeir þess, að þeim verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 38.254.00 með 7% ársvöxtum frá 27. nóvember 1970 til greiðsludags. Þá krefjast þeir þess, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, að áfrýjendum beri að bæta tjón stefnda að fullu.

Stefndi hefur eigi lagt fram viðhlítandi gögn fyrir kröfu sinni samkvæmt 1. kröfulið að fjárhæð kr. 1.692.00, og verður hún því eigi tekin til greina. Fallast má á ákvörðun héraðsdómara um kröfur samkvæmt 2.—7. kröfulið.

Með vísan til þessa ber áfrýjendum að greiða stefnda óskipt kr. 81.508.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. október 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 45.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Ólafur Markússon og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Tómasi Þ. Sigurðssyni, óskipt

kr. 81.508.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. október 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 45.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 22. október 1971.

Mál þetta var dómtekið 29. september s.l. að loknum munnlegum málflutningi. Það er höfðað með dómsstefnu, útgefinni 4. ágúst 1971, og var stefnan birt lögmanni stefndu, en hann mætti í dóminum við þingfestingu málsins þann sama dag. Stefnandi er Tómas Þorsteinn Sigurðsson verkstjóri, Hlunnavogi 6, Reykjavík. Hann stefnir Ólafi Markússyni kjötmatsmanni, Hrafnskálum 8, Hellu Rangárvallasýslu, og Stefáni G. Björnssyni forstjóra, Hrefnugötu 10, Reykjavík, f. h. Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, Reykjavík. Dómkröfum breytti stefnandi til lækkunar við munnlegan málflutning. Kröfurnar eru nú þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 89.305.00 auk 10% ársvaxta frá 31. október 1970 til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins. Af hálfu beggja hinna stefndu er þess krafizt, að þeim verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 38.254.00 með 7% ársvöxtum frá 27. nóvember 1970 til greiðsludags, en málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir.

Bifreiðaárekstur varð um klukkan 1100 laugardaginn 31. október 1970 á þjóðveginum rétt austan við brúna á Ytri-Rangá, þ. e. gegnt veginum Þrúðvangi, sem liggur inn í Hellukauptún. Skullu þar saman bifreiðarnar R 750, Rambler fólksbifreið, árgerð 1965, eigandi og ökumaður stefnandi, og L 163, Austin Gipsy, jeppi, árgerð 1962, eigandi og ökumaður stefndi Ólafur Markússon. Á lögregluskýrslu er skráð, að veðrið hafi verið heiðskírt, dagsbirta og færið þurrt, en yfirborð vegarins fast og malborið. Engin slys urðu á mönnum í árekstri þessum, en báðar bifreiðarnar urðu fyrir talsverðum skemmdum. Mál þetta er höfðað til bóta vegna tjóns stefnanda, og er Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f stefnt, þar sem keypt hafði verið ábyrgðartrygging vegna L 163 hjá því tryggingarfélagi.

Á árekstrarstað eru staðhættir þannig, eins og sýnt er á framlögðum uppdráttum og sést enda á framlögðum ljósmyndum, að

Suðurlandsvegurinn liggur þarna fram hjá Hellu, skammt frá kauptúninu, og er vegurinn 7½ metri á breidd. Á árekstrarstaðnum sker vegurinn, sem liggur frá Hellu, Suðurlandsveginn og liggur áfram suður að vöruskemmum, stórgripasláturhúsi og trésmiðju, sem eru skammt sunnan Suðurlandsvegarins. Einnig liggur gamall vegarslóði út frá þessum vegamótum, þó steinsnar austar, í suðausturátt. Austan vegarins að Hellu, en norðan Suðurlandsvegarins er benzínafgreiðsla, áföst við veitingaskála (grillskála). Biðskyldumerki er hægra megin vegar, þegar ekið er frá Hellu við vegamót Suðurlandsvegar, sem nýtur því aðalbrautarréttar.

Áreksturinn varð með þeim hætti, að bifreiðinni R 750 var ekið í austurátt eftir Suðurlandsvegi. Rétt áður en bifreiðin kom að vegamótunum að Hellu, tók ökumaður hennar eftir jeppabifreiðinni, sem ekið var frá Hellu á mjög hægri ferð. Jeppabifreiðin nálgaðist vegamótin hægt, en hafði áður stöðvað við fyrrnefnt biðskyldumerki, sem er spölkorn frá sjálfum vegamótunum. Bifreiðinni R 750 var ekið hiklaust eftir Suðurlandsvegi í austurátt, eins og áður segir, þó mátti sjá á hjólförum, að dregið hafði verið úr ferð hennar, þegar nær dró að fyrrgreindum vegamótum. Þegar jeppabifreiðin var komin inn á miðjan Suðurlandsveginn, var ferð hennar snögglega aukin og henni ekið þvert yfir veginn, en bifreiðinni R 750 var í sama mund snögghemlað, og lenti vinstra framhorn R 750 framarlega á hægri hlið jeppans. Samkvæmt vitnisburði lögreglumannsins Sveins Ísleifssonar hér fyrir dómi mátti marka það á hjólförum í mölinni, að dregið hafði verið úr ferð bifreiðarinnar R 750 á 39 metra kafla, áður en áreksturinn varð, en raunveruleg hemlaför hafi verið á 11 metra kafla frá árekstrarstað.

Jafnframt uppdráttum af vettvangi árekstrarins, sem áður hefur verið minnzt á, hafa verið lagðar fram í málinu fimm ljósmyndir (dskj. nr. 4) auk yfirlitsljósmynda slysstaðarins, og sýna þær nokkuð afstöðu bifreiðanna eftir áreksturinn og áverka á þeim, sem voru talsverðir.

Farþegar í bifreiðinni R 750 voru þeir Aðalsteinn Júlíusson vitamálastjóri, sem sat í framsæti við hlið ökumanns, og Gunnar Bergsteinsson, forstjóri Sjómælinga Íslands, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar, stefndi Ólafur var einn í bifreiðinni L 163.

Skulu nú raktir framburðir aðilja og vitna um aðdraganda árekstrarins, eftir því sem efni þykja til.

Lögreglumaðurinn Sveinn Ísleifsson kom fyrir dóminn, eins og fram hefur komið, og staðfesti skýrslu sína á dskj. nr. 2 með þeirri

skýringu á lengd hemlafara bifreiðarinnar R 750, sem áður getur.

Stefnandi, Tómas Þorsteinn Sigurðsson, kvaðst hafa ekið með ca. 60 km/klst. hraða, þegar hann hafi ekið yfir brúna á Ytri-Rangá. Sá hann þá bifreið koma neðan úr Helluþorpi, en önnur umferð hafi ekki verið sjáanleg á veginum. Hann kvaðst hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar, en hin bifreiðin hafi stöðvazt við biðskyldumerkið, sem er við vegamótin, en stefnandi kvað biðskyldumerkið vera nokkuð langt frá aðalveginum (Suðurlandsvegi). Stefnanda sýndist eðlilegt, að ökumaður hinnar bifreiðarinnar væri að þokast hægt að afleggjaranum eða að hann hyggðist aka að benzínstöð, sem þarna er utan vegarins. Hann kvaðst þó, eins og áður greinir, hafa dregið nokkuð úr ferð bifreiðarinnar, þegar hann nálgaðist vegamótin, en þegar hann kvaðst hafa átt óekna nokkra metra að vegamótunum, hafi ökumaður hinnar bifreiðarinnar ekið rakleitt yfir veginn án þess að hika. Hann kvaðst hafa reynt að gefa hljóðmerki og sveigja bifreiðinni fram hjá til þess að forðast árekstur, en slíkt hafi ekki dugað og hefði árekstur ekki orðið umflúinn. Aðspurður kvaðst hann fullyrða að hafa ekið með 60 km/klst. hraða yfir brúna, enda hafi hann lesið það af hraðamælinum.

Stefndi Ólafur Markússon segir svo frá, að þegar hann ók út úr Helluþorpi, hafi hann stöðvað við biðskyldumerkið, sem er við þjóðveginn, enda geri hann það ætíð, þegar hann fari þarna um, sem sé á hverjum degi í sláturtíðinni. Hann kvaðst enga bifreið hafa séð koma eftir þjóðveginum, fyrr en hann var kominn inn á hann miðjan, en þá sá hann bifreið koma frá hægri. Hann kvaðst hafa ekið inn á þjóðveginn í öðru ganghraðastigi, en þegar hann hafi orðið hinnar bifreiðarinnar var, kvaðst hann hafa aukið hraðann með því að stíga fastar á olíugjöfina, en með þessu móti kvað hann hafa ætlað að reyna að sleppa yfir veginn, áður en árekstur yrði. Þegar stefnda var sýndur uppdráttur að vettvangi slyssins, dskj nr. 2, kvað hann uppdráttinn réttan að öðru leyti en því, að ákomustaðurinn hafi verið á hægra afturhorni bifreiðar sinnar, en síðan hafi hin bifreiðin runnið fram eftir bifreið sinni, eins og ljósmyndir á dskj. nr. 4 gefi til kynna. Hann kvað bifreið sína hafa þeytzt upp í moldarbarð handan vegarins við áreksturinn.

Vitnið Gunnar Bergsteinsson, sem var farþegi í bifreiðinni R 750 og sat í aftursæti hennar, kvað hraða bifreiðarinnar R 750, áður en áreksturinn varð, hafa verið eðlilegan eða eins og venjulegt sé, að bifreiðar aki á þjóðvegum, en vitnið kvaðst ekki hafa

séð á hraðamæli. Vitnið kvaðst ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar L 163, fyrr en það leit upp, þegar því fannst verða snögg breyting á akstursmáta bifreiðarinnar R 750, en þá gizkar vitnið á, að um það bil 10—15 metrar hafi verið á milli bifreiðanna. Þegar vitnið leit upp, kvaðst það hafa séð bifreiðina L 163 á leiðinni þvert yfir þjóðveginn og heldur vinstra megin við bifreiðina, sem vitnið sat í. Það kveður ökumann bifreiðarinnar R 750 hafa hemlað og reynt að sveigja til hægri fyrir bifreiðina. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að ökumaður L bifreiðarinnar liti inn á þjóðveginn. Vitnið minnir, að ákoman á bfreiðina L 163 við áreksturinn hafi verið á hurðina hægra megin, og líklega fremst á hurðina. Vitnið kvað hraða bifreiðarinnar R 750 hafa verið þannig, að bifreiðin hafi verið stöðug á veginum, og gizkar á, að hraðinn hafi verið ca. 60—70 km/klst.

Vitnið Aðalsteinn Júlíusson, sem var farþegi í bifreiðinni R 750 og sat í framsæti hennar, skýrði svo frá, að þegar þeir hafi komið á hæðina fyrir ofan brúna á Ytri-Rangá, hafi það séð jeppabifreið stöðvaða við biðskyldumerkið við gatnamót þjóðvegar og vegarins að Hellukauptúni. Eftir því sem bifreiðin R 750 nálgaðist vegamótin, kvað vitnið jeppabifreiðina hafa ekið hægt nær vegamótunum, og þegar bifreiðin, sem vitnið var í, var komin, að því er vitnið telur, á brúarsporðinn austan megin, hafi ökumaður jeppabifreiðarinnar fyrst aukið ferðina og þá farið þvert yfir þjóðveginn í veg fyrir bifreiðina R 750. Þar eð jeppabifreiðin seig svo hægt að gatnamótunum, áleit vitnið, að ökumaður hennar væri að bíða eftir því, að bifreiðin R 750 færi fram hjá, og ætlaði síðan inn á þjóðveginn á eftir. Vitnið kvað ökumann bifreiðarinnar R 750 hafa gefið upp benzíngjöfina, þegar hann nálgaðist vegamótin, en áður hafi hann ekið á venjulegum þjóðvegahraða, gizkar á yfir 60 km/klst. hraða, enda auður og góður vegur. Síðan hafi hann hemlað, þegar hann sá, hvað verða vildi, en þá hafi verið nokkuð stutt á milli bifreiðanna. Aðspurt kvað vitnið bifreiðina R 750 hafa lent framantil á hægri hlið jeppabifreiðarinnar eða að sér hafi a. m. k. aldrei dottið annað í hug. Vitnið kvaðst hafa þekkt bifreiðina R 750 mjög vel, enda hafi það átt hana á undan stefnanda, og kveðst vitnið þess vegna hafa vitað, að þetta var eðlilegur þjóðvegahraði á bifreiðinni.

Eins og fram kemur á vettvangsuppdráttum og ljósmyndum á dskj. nr. 4, þá sveigði bifreiðin R 750 við áreksturinn til suðurs og inn á veginn, sem liggur að fyrrnefndu sláturhúsi o. fl. og stöðvaðist þannig, að afturendi hennar nam við árekstrarstað-

inn. Við árekstur inn sveigði bifreiðin L 163 til suðausturs og inn á hinn fyrrnefnda gamla vegarslóða og stöðvaðist þar skammt frá Suðurlandsvegi.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér staðhætti þar.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi Ólafur eigi alla sök á árekstrinum og beri hann því ábyrgð á tjóni stefnanda svo og hið stefnda vátryggingarfélag, og eru kröfugerðin og stefnan byggð á lögum nr. 40/1968, 48. gr., 2. mgr., og 68. gr., sbr. 69. gr., 1. mgr., og 74. gr., 2. mgr., sömu laga.

Áður er rakið, hvernig stefnandi og tveir farþegar í bifreið hans lýsa því, hvernig árekstur inn varð. Af hálfu stefnanda er sök stefnda Ólafs byggð á þessari atvikalýsingu. Stefnandi kveður ökumann jeppabifreiðarinnar ekkert hafa reynt til þess að forðast árekstur. Jeppabifreiðinni (L 163) hafi verið ekið út á Suðurlandsveginn beint í veg fyrir R 750 þrátt fyrir biðskyldumerki, sem ökumaður L 163 virti ekki. Þegar í óefni var komið, hafi stefnandi reynt að forðast árekstur og hafi örugglega dregið úr tjóni með aðgerðum sínum, en ökumaður L 163 gerði ekkert til þess að forðast árekstur. Þá kveður stefnandi, að eftirtalin veigamikil atriði vilji hann sérstaklega undirstrika, en þau eru, að bifreiðinni R 750 hafi verið ekið á löglegum hraða og á réttum vegarhelmingi austur Suðurlandsveg. Hann vill leiðrétta skýrslu, sem tekin var af honum hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, og segir þar rangt eftir sér haft, þar sem segi: „Hraði sá, sem ég gaf upp, er ágizkun ein", enda segi í sömu skýrslu, að skýrsla lögreglunnar í Rangárvallasýslu sé rétt, en þar sé eftir honum haft, að hann hafi ekið á um 60 km/klst. Farþegar í 750 beri og, að bifreiðinni hafi verið ekið á mjög eðlilegum hraða miðað við aðstæður. Með dskj. nr. 3 sé leiðrétt teikning af vettvangi, sem fylgi dskj. nr. 2, og sé leiðréttingin eftirfarandi: „Þar sem merkt er, að hemlaför hafi mælzt 11—12 metrar, en hjólför og hemlaför hafi mælzt samtals 39 metrar." Bifreiðin R 750 sé sjálfskipt og hafi hún verið með snjódekk, þegar umræddur árekstur átti sér stað. Hafi því lítið þurft að hægja, jafnvel nægilegt að gefa upp benzíngjöfina, til þess að slíkt markaði í malarveginn. Hemlar bifreiðarinnar hafi verið ný yfirfarnir..

Stefnandi vitnar í bókina „Akstur og umferð" varðandi útreikning á hraða með hliðsjón af hemlunarvegalengd, svo og vitnar hann í danska bók, „Færdselen", og kveður, að þær niðurstöður, sem fáist í hér umræddu tilviki með útreikningi í samræmi við

þær reglur, sem upp eru gefnar í bókum þessum, renni stoðum undir þá fullyrðingu, að hann hafi ekið á löglegum hraða.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1.	Flutningur farþega frá árekstrarstað ..... Upphaflega var kröfuliður þessi kr. 3.897.00, en við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi hann, og kvað hann lækkunina nema kr. 7.00 pr. km., en þá greiðslu, sem kröfuliðurinn nú nemur, kveðst hann mundu hafa fengið frá vita- og hafnarmálastofnuninni, hefði hann farið á eigin bifreið.	kr. 1.692.00
2.	Flutningur bifreiðarinnar R 750 frá árekstrarstað	— 2.961.00
3.	Endurrit lögregluskýrslu ..... Við munnlegan flutning málsins kvaðst stefnandi fallast á það með stefndu, að þessi liður ætti undir málskostnað.	— 105.00
4.	Varahlutir samkvæmt reikningi frá Vökli h/f	— 31.498.00
5.	Viðgerðarreikningur frá Bílaskálanum	— 34.249.00
6.	Áætlaður kostnaður á viðgerð, sem eftir er ..	— 3.800.00
7.	Dagpeningar í 20 daga á kr. 750.00	— 15.000.00
		Alls kr. 89.305.00

Kröfuliðina hefur stefnandi stutt þeim rökum, að liðir 1 og 2 séu flutningur á farþegum og bifreiðinni R 750 frá árekstrarstað. Á reikning samkvæmt lið 1 hafi verið stimplað, að hann hafi verið færður á vissar framkvæmdir hjá vita- og hafnarmálastofnuninni, en hún eigi endurkröfurétt á hendur sér, þar sem stefnandi hafi tekið að sér að flytja þessa farþega. Flutningur á bifreiðinni R 750 stafi af því, að hún var óökufær og talið hagkvæmast að fá gert við hana í Reykjavík. Liður 3 skýri sig sjálfur. Liðir 4 og 5 séu reikningar fyrir viðgerð og varahlutum vegna árekstrarins. Um leið og þessi viðgerð fór fram, þá hafi stefnandi látið vinna sérstaklega við bifreiðina, til þess að of mikill munur yrði ekki á nýmáluðu og þeim hluta bifreiðarinnar, sem slapp við skemmdir, og þurfti hann að greiða fyrir það kr. 9.636.00, og er þetta óbeinn kostnaður, sem stefnandi kveðst þurfa að bera. Fulltrúar Sjóvátryggingarfélagsins hafi fylgzt með viðgerðinni. Liður 6 sé áætlaður kostnaður á varahlutum og við-

gerð, sem eftir er að framkvæma. Er þar um að ræða felgu, krómlista, stefnuljós og vinnu, sem áætlað er, að kosti kr. 3.800.00. Enn hafa varahlutir þessir ekki fengizt og muni stefnandi leggja fram reikninga, ef hægt verður að fá varahlutina og framkvæma viðgerðina, áður en málið yrði dómtekið. Liður 7, dagpeningar kr. 750.00 í 20 daga. Kveðst stefnandi hafa rekið mjög á eftir viðgerðinni og megi þakka sér, hve skamman tíma hún tók. Um upphæð dagpeninganna sé það að segja, að hann hafi bifreiðastyrk, þar sem hann tekur þær skyldur á sig að aka í þágu hafna- og vitamálastofnunarinnar. Að jafnaði aki hann 24000 km á ári. Á meðan á viðgerðinni stóð, hafi hann þurft að leigja sér bifreiðar til þess að uppfylla þær skyldur, sem honum höfðu verið lagðar á herðar. Fyrir utan slíkar beinar greiðslur þá hafi skapazt óþægindi og útgjöld við að komast á vinnustað, en stefnandi býr að Hlunnavogi 6, en vinnustaður er í hinum enda bæjarins, að Seljavegi 32. Í nóvember var leigugjald fyrir bifreiðaleigubíl kr. 490.00 fastagjald á dag og kr. 5.00 á hvern ekinn km auk 11% söluskatts. Leigutaki varð sjálfur að greiða allt benzín. Miðað við notkun stefnanda í 20 daga, þá kveður hann þetta gera kr. 9.800.00 í fastagjald, kr. 6.575.00 í kílómetragjald og kr. 1.801.00 í söluskatt, eða samtals kr. 18.176.00. Sé því kröfunni fyrir dagpeninga stillt í hóf.

Kröfu sína um 10% ársvexti af stefnufjárhæð styður stefnandi þeim rökum, að hann hafi orðið að fá lán til að greiða viðgerðarkostnaðinn og annan útlagðan kostnað. Vart sé hægt að reikna með því, að einstaklingur hafi það mikið handbært fé, að hann geti greitt slíkar upphæðir án lántöku. Komi þá ekki annað en víxillán til greina, en víxilvextir séu 10—12% á ári. Sjóvátryggingarfélagið h/f hafi boðið að greiða helming heildartjóns, sem væri þá fullnaðargreiðsla, en með því boði viðurkenndi það sök L 163 að hluta. Því boði hafi verið hafnað sem fullnaðargreiðslu, en um leið farið fram á einhverja greiðslu upp í viðgerðarkostnaðinn með vísun til laga nr. 20/1954, 2. mgr. 24. gr. Deildarstjóri bifreiðadeildar tryggingarfélagsins hafi neitað að greiða nokkuð upp í kröfurnar, en endurtekið fyrra boð sitt, sem að ofan greinir.

Stefndu hafa stutt kröfur sínar þeim rökum, að atvik málsins hafi verið þau, að stefnandi hafi verið, eins og fyrr hefur verið lýst, á ferð í bifreið sinni R 750 austur um Hellu og lent þar í árekstri við stefnda, sem ekið hafi bifreið sinni L 163 inn á þjóðveginn í veg fyrir stefnanda, en hann hafi þá verið langt undan, en á svo mikilli ferð, að honum hafi ekki tekizt að stöðva bif-

reið sína, en hemlaför eftir hana hafi þó mælzt 39 metra löng að sögn lögreglunnar í Rangárvallasýslu, dskj. nr. 2. Árekstur inn hafi verið svo harður, að báðar bifreiðarnar hafi stórskemmzt, og sé ljóst, að bifreið stefnanda hafi ekki verið nærri stöðvuð, er árekstur inn varð. Af þessu og skýrslu stefnanda um atvik máls ins sé ljóst, að hann hafi ekið mjög hratt og brotið gegn ákvæðum umferðarlaga um ökuhraða, ekki sízt þegar þess er gætt, að þarna er þéttbýli og umferðar að vænta inn á þjóðveginn. Stefnandi hafi og séð til ferða stefnda Ólafs, en ökuhraði hans hafi reynzt of mikill og því hafi farið sem fór. Hins vegar verði svo að líta til þess, að stefndi Ólafur hafi ekið inn á þjóðveginn í veg fyrir stefnanda, og verði hann því einnig að bera nokkra sök á árekstrinum.

Eftir öllum atvikum og í samræmi við dómvenju hafi stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, sem selt hafi stefnda Ólafi ábyrgðartryggingu fyrir bifreið hans, talið rétt að skipta sök í máli þessu til helminga og hafi boðið stefnanda bætur í samræmi við það, en af hálfu stefnanda hafi því eindregið verið hafnað, að hann ætti nokkra sök.

Eftir að lögreglan í Rangárvallasýslu hafi gefið fyrstu skýrslu sína um árekstur þennan, hafi hún gefið aðra skýrslu, þar sem reynt sé að draga úr þeirri fullyrðingu fyrri skýrslunnar, að hemlaför eftir bifreið stefnanda hefðu mælzt 39 metrar. Þessari viðbót sé mótmælt sem rangri, enda verði að gera kröfu til, að fyrsta skýrsla lögreglumanns um athuganir hans sé rétt.

Um fjárhæðir í sundurliðun kröfugerðar stefnanda hafa stefndu haldið fram eftirfarandi: Því er mótmælt, að stefndu eigi að taka þátt í kostnaði við að flytja farþega í bifreið stefnanda af árekstrarstað. Kostnaður við að flytja bifreið stefnanda er ekki vefengdur tölulega. Um kostnað við endurrit lögregluskýrslu hefur áður verið rætt. Fjárhæðum varahlutakostnaðar og viðgerðarreiknings er ekki mótmælt tölulega né heldur fjárhæð áætlaðs ólokins viðgerðarkostnaðar. Stefndu kveða engin rök hafa verið að því leidd, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af afnotamissi bifreiðar sinnar, sízt svo miklu, sem hann vilji vera láta. Verði hann að leggja fram gögn um rekstrarkostnað bifreiðarinnar og tekjur af henni, t. d. útdrátt úr skattskýrslu, til rökstuðnings þessum lið. Til samkomulags er þessi kostnaður þó viðurkenndur sem kr. 200.00 á dag í 20 daga, eða sem kr. 4.000.00.

Að öllu þessu athuguðu kveðast stefndu sundurliða fjárhæð dómkröfu sinnar því þannig:

1.	Flutningskostnaður bifreiðar	kr. 2.961.00
2.	Varahlutir	— 31.498.00
3.	Viðgerðarkostnaður	— 34.249.00
4.	Áætlaður ólokinn kostnaður	— 3.800.00
5.	Afnotamissir	— 4.000.00
		Samtals kr. 76.508.00

en af þeirri fjárhæð telja stefndu sér aðeins skylt að bæta stefnanda helming, eða kr. 38.254.00.

Niðurstaða.

Svo sem ljósmyndir og vettvangsuppdrættir gefa til kynna og áður hefur verið vikið að, varð árekstur bifreiðanna á syðri vegarbrún Suðurlandsvegar, á mótum þess vegar og vegarins, sem liggur frá kauptúninu Hellu að vöruskemmum, sláturhúsi og trésmiðju sunnan Suðurlandsvegarins.

Bifreiðin L 163 var að koma frá Hellu, en þar er biðskyldumerki við Suðurlandsveg, sem nýtur því aðalbrautarréttar, og hugðist ökumaður bifreiðarinnar aka þvert yfir þann veg og að áðurnefndu sláturhúsi sunnan vegarins, en bifreiðin R 750 kom akandi eftir Suðurlandsvegi úr vesturátt og ætlaði áfram austur þann veg.

Sannað er í málinu, að stefndi Ólafur nam staðar við fyrrnefnt biðskyldumerki og ók síðan afar hægt að vegamótunum, en eins og áður er fram komið, er nokkur spölur að sjálfum vegamótunum.

Telja verður, að stefndi Ólafur hafi með akstursmáta sínum brotið gegn þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, sem tilgreind eru af hálfu stefnanda, en í framburði stefnda Ólafs sjálfs kemur fram, að hann veitti bifreiðinni R 750 ekki athygli, fyrr en hann var kominn inn á miðjan Suðurlandsveginn, enda þótt hann hafi ekið afar hægt, a. m. k. frá fyrrnefndu biðskyldumerki, þar sem hann hafði staðnæmzt, og í stað þess að stöðva þá bifreið sína, sem honum var skylt og hefði átt að vera auðvelt, jók hann hraðann snögglega þvert yfir Suðurlandsveginn og í veg fyrir bifreiðina R 750, sem þá var rétt komin að vegamótunum.

Fallast verður á það með stefnanda, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, miðað við akstursmáta stefnda Ólafs, fyrir árekstrinn, að hann (Ólafur) væri að þoka bifreið sinni að vegamótunum, á meðan stefnandi æki fram hjá þeim, eða að hann

ætlaði að benzínstöðinni, sem þarna er norðan Suðurlandsvegarins, rétt austan vegamótanna.

Telja verður engar sönnur fram komnar um það, að stefnandi hafi ekið of hratt eða með öðrum hætti ótilhlýðilega miðað við aðstæður, þannig að honum verði gefin nein sök á árekstrinum, og ber því stefndu in solidum að bæta tjón stefnanda að fullu.

Um fjárhæðir í sundurliðun kröfugerðar stefnanda skal fara sem hér segir: Kröfulið 1 var mótmælt af stefndu, og lækkaði stefnandi hann við munnlegan flutning málsins í kr. 1.692.00. Þykir dóminum stefnanda hafa tekizt að færa næg rök að því, að hann hafi tekið að sér flutning á umræddum mönnum, eins og atvikum málsins er háttað, og verður framangreind krafa hans, sem þykir hófleg, tekin til greina að öllu leyti. Kröfulið 2 hafa stefndu ekki mótmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur. Stefnandi hefur fallizt á, eins og áður er frá greint, að kröfuliður 3 falli undir málskostnað. Kröfulið 4 er ekki mótmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur. Kröfuliðum 5 og 6 er ekki mótmælt tölulega, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir. Kröfulið 7 hafa stefndu mótmælt sem of háum, eins og áður er rakið. Dóminum þykir stefnanda ekki hafa tekizt að færa að því haldbær rök, að tjón hans vegna afnotamissis bifreiðarinnar hafi numið þeirri upphæð, sem krafizt er, en þegar öll gögn eru virt, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 9.000.00.

Samkvæmt framanskráðu ber stefndu að greiða stefnanda in solidum kr. 83.200.00 (kr. 1.692.00 + kr. 2.961.00 + kr. 31.498.00 + kr. 34.249.00 + 3.800.00 + 9.000.00) ásamt 7% ársvöxtum frá 31. október 1970 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 23.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Markússon og Sjóvátryggingarfélag Íslands, greiði in solidum stefnanda, Tómasi Þ. Sigurðssyni, kr. 83.200.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. október 1970 til greiðsludags og kr. 23.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. júní.

Nr. 82/1973: **Helga Kristrún Þórðardóttir**
gegn
Guðmundi Jóni Sigurbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurður skiptadóms um frávísun staðfestur.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Bogi Nílsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1973, sem barst Hæstarétti 28. maí s. á. Kveður lögmaður sóknaraðilja sig hafa fengið vitneskju um úrskurðinn 12. apríl s. á. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir skiptaráðandann á Akureyri að taka mál þetta af nýju til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að mál þetta sæti eigi úrlausn skiptadóms, sbr. 79. gr. laga nr. 39/1921, er hér á við, sbr. nú 54. gr. laga nr. 60/1972. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð. Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Helga Kristrún Þórðardóttir, greiði varnaraðilja, Guðmundi Jóni Sigurbjörnssyni, kærumálskostnað kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Akureyrar 5. apríl 1973.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 16. marz s.l., hefur

Helga Kristrún Þórðardóttir, Dvergabakka 24, Reykjavík, höfðað fyrir skiptaréttinum með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 25. ágúst s.l. á hendur fyrrverandi eiginmanni sínum, Guðmundi Jóni Sigurbjörnssyni, Álfabyggð 13, Akureyri.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, „að húseigninni Álfabyggð 13, Akureyri, óskiptri eign félagsbús fyrrverandi hjóna, sóknar- og varnaraðilja, verði skipt að hálfu miðað við nettóandvirði eignarinnar, allt eftir reglum laga nr. 20, 1923."

Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins og framlögðum málskostnaðarreikningi.

Varnaraðili krefst þess, að máli þessu verði vísað frá skiptarétti og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Sáttatilraunir hafa reynzt árangurslausar.

Báðir aðiljar hafa gefið skýrslu fyrir dómi, og af hálfu beggja hafa verið lagðar fram greinargerðir og önnur skjöl, samtals 16. Málflutningur um frávísunarkröfu varnaraðilja fór fram hinn 16. marz s.l. og málið þá tekið til úrskurðar um það ágreiningsefni.

Málavextir eru þeir í megindráttum, að hinn 21. júlí 1970 leituðu hjónin Guðmundur Jón Sigurbjörnsson og Helga Kristrún Þórðardóttir, aðiljar þessa máls, til embættis bæjarfógetans á Akureyri og óskuðu þess, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng þeirra í milli yrði gefið út.

Samkvæmt bókun í hjónaskilnaðabók embættisins, en myndrit hennar hefur verið lagt fram í málinu, dskj. nr. 5, hafa hjónin verið á eitt sátt um skipan forræðis yfir barni þeirra, um framfærslueyri með því og á milli þeirra innbyrðis, en hann skyldi enginn vera. Um fjárskipti hjónanna er þetta bókað: „Þau lýsa því yfir, að algert samkomulag sé um eignaskipti á félagsbúi þeirra."

Eftir því, sem komið hefur fram í málinu, höfðu hjónin ekki lokið fjárskiptum sínum að öllu leyti, þegar hér var komið. M. a. var skiptum varðandi húseign þeirra, Álfabyggð 13, Akureyri, og skuldauppgjöri ólokið.

Leituðu þau samdægurs til Ingvars Gíslasonar héraðsdómslögmanns og báru málið undir hann. Sóknaraðili man ekki, hvað fór á milli þeirra hjónanna og lögmannsins, en minnir, að varnaraðili hafi eitthvað minnzt á húseign þeirra.

Varnaraðili segir, að lögmaðurinn hafi tekið að sér að gera eignaskiptasamning fyrir þau og hafi hann síðan ritað „samkomulag um eignaskipti", sem lagt hefur verið fram í málinu, dskj.

nr. 11. Skjalið, sem er undirritað af báðum aðiljum, ómótmælt, og dagsett 28. september 1970, er svohljóðandi:

„Í sambandi við skilnað okkar að borði og sæng lýsum við undirrituð yfir því sem samkomulagi okkar á milli um eignameðferð, að ætlun okkar er, að maðurinn haldi húseigninni Álfabyggð 13, Akureyri, en greiði konunni út eftir nánara samkomulagi síðar ákveðna fjárupphæð sem eignarhluta hennar í búinu. Erum við ásátt um, að fjárhæð þessi sé rétt metin kr. 370.000.00 — þrjúhundruðogsjötíuþúsund krónur 00/100. Er þá fólgið í þeirri tölu lán að upphæð kr. 70 þús., sem faðir konunnar, Þórður Snæbjörnsson, lét ganga til okkar, tekið hjá Lífeyrissjóði verkstjóra, með veði í húsi Þórðar. Er ætlunin, að konan (Helga) sjái um að greiða lánið, sem þá yrði manninum (Jóni) óviðkomandi.

Ofangreinda upphæð, kr. 370 þús., skal maðurinn greiða upp á minnst tíu árum, frá því að lögskilnaður hefst, en annars eins fljótt og fjárhagur hans leyfir. Skal nánara samkomulag um skuld þessa og greiðslu hennar gert síðar, m. a. vaxtagreiðslur. Er í því sambandi rætt um að gera skuldabréf með veði í fasteign búsins, en engu slegið föstu um greiðslufyrirkomulag né tryggingu á greiðslunni."

Hjónin fengu útgefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 22. júlí 1970, eða daginn eftir að beiðni þeirra hafði komið fram.

Hinn 25. júní 1971 ritaði sóknaraðili undir „afsal", sem lagt er fram í málinu, dskj. nr. 3, og er það svohljóðandi:

„Ég undirrituð Helga K. Þórðardóttir, Túngötu 32, Reykjavík, geri kunnugt með bréfi þessu, að ég tel fyrrverandi eiginmann minn, Jón Sigurbjörnsson, Álfabyggð 13, Akureyri, löglegan eiganda að húseigninni Álfabyggð 13 og öllu, sem í því er, og því tilheyrir. Svo og bifreiðunum A 335, sem er Daf 750, árgerð 1963, og A 1453, sem er Volkswagen 1200, árgerð 1956.

Hef ég að fullu tekið allt það, sem ég ætla að taka og leggja hald á.

Lýsi ég hér með yfir, að hann hefur að fullu greitt mér áður umsamið andvirði hluta míns í sameign okkar með:

1. hluta úr innbúi þann 22. 7. 1970 og til 23. 6. 1971.
2. kr. 100.000.00 eitthundraðþúsundkrónur 00/100, sem greitt var með ávísun þann 6. maí 1971.
3. veðskuldabréfi kr. 266.666.00 tvöhundruðsextíuogsexþúsund sexhundruðsextíuogsex 00/100 krónur, dagsettu og þinglesnu þann 24. júní 1971.

Tel ég eignaskiftum okkar þar með að fullu lokið.

Framangreindu afsali til staðfestu er nafn mitt ritað í votta viðurvist."

Með yfirlýsingu, dagsettri 8. ágúst 1972, ritaðri á eitt eintak afsalsins, afturkallar sóknaraðili nafnritun sína undir afsalið á þeim forsendum, að hann hafi verið blekktur, vísvitandi eða óafvitandi, til þess að rita undir það.

Hinn 22. júlí 1971 leitaði varnaraðili til embættis bæjarfógetans á Akureyri og krafðist lögskilnaðar við konu sína, sóknaraðilja þessa máls. Lýsti hann því þá yfir m. a., að eignaskiptum væri lokið.

Hinn 13. ágúst s. á. mætti Ingvar Gíslason héraðsdómslögmaður fyrir hönd sóknaraðilja í hjónaskilnaðarmálinu samkvæmt skriflegu umboði sóknaraðilja, sbr. dskj. nr. 4, þar sem segir:

„Ég undirrituð Helga Þórðardóttir, Túngötu 32, Reykjavík, veiti hér með Ingvari Gíslasyni, Álfabyggð 18, Akureyri, umboð til að annast fyrir mig frágang eignaskipta og lögskilnað hjá bæjarfógeta Akureyrar vegna fjarveru minnar."

Féllst lögmaðurinn á lögskilnaðarkröfu varnaraðilja fyrir hönd umbjóðanda síns með þeim skilmálum, sem varnaraðili hafði lýst.

Leyfi til algers skilnaðar milli aðiljanna var síðan gefið út í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 18. ágúst s. á.

Með bréfi til bæjarfógetans á Akureyri, dagsettu 10. ágúst s.l., krafðist Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður þess fyrir hönd sóknaraðilja, að félagsbú aðiljanna, þ. e. fasteignin Álfabyggð 13, Akureyri, yrði tekið til skiptaréttarmeðferðar.

Í bréfi til lögmannsins, dagsettu 18. sama mánaðar, bendir bæjarfógeti á, að aðiljarnir hafi „tilkynnt embættinu oftar en einu sinni, að algert samkomulag væri um eignaskiptin og að eignaskiptum á félagsbúinu væri lokið." Þá vísar hann til 59. gr. og 79. gr. laga nr. 39/1971 um rétt til riftunar á samkomulagi hjóna um eignaskipti, en þau mál telur hann „eðlilegast, að séu rekin fyrir bæjarþingi."

Mál þetta var síðan tekið fyrir í skiptarétti Akureyrar hinn 25. ágúst s.l., eins og áður er rakið.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að óheimilt hafi verið að veita aðiljum leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 22. júlí 1970, þar sem fjárskiptum þeirra hafi ekki verið lokið, nema vísa skiptunum þá um leið til skiptaréttar. Varnaraðili hafi síðar blekkt sóknaraðilja til þess að undirrita afsalið á dskj. nr. 3, sem ritað er hér að framan. Lausafjármunum búsins hafi verið skipt í samræmi við afsalið og sóknaraðili móttekið þar greint fé og

veðskuldabréf, en húseignin Álfabyggð 13 sé hins vegar enn óskipt eign búsins. Þá hafi umboðsmaður sóknaraðilja, Ingvar Gíslason, farið út fyrir umboð sitt, þegar hann samþykkti lögskilnaðarkröfu og yfirlýsingu varnaraðilja um, að eignaskiptum væri lokið, fyrir valdsmanni hinn 13. ágúst 1971. Sé yfirlýsing umboðsmannsins því ekki skuldbindandi fyrir sóknaraðilja. Þá hélt lögmaður sóknaraðilja því fram við munnlegan málflutning, að „samkomulag um eignaskipti" á dskj. nr. 11, sem ritað er hér að framan, væri ógilt frá upphafi af sömu ástæðum og afsalið á dskj nr. 3.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að fullt samkomulag hafi verið með aðiljum um fjárskipti þeirra. Samkvæmt 59. gr. og 79. gr. laga nr. 39/1921 geti það hjóna, sem telji á sig hallað í samningum um eignaskipti vegna hjúskaparslita, stefnt hinu fyrir rétt og fengið samningum hrundið. Þetta skuli þó gera innan 6 mánaða frá skilnaði. Lögskilnaður hafi verið veittur aðiljum þessa máls hinn 18. ágúst 1971 og séu því allir frestir til aðgerða liðnir. Beri því að vísa málinu frá skiptarétti.

Ekki verður talið, að 51. gr. laga nr. 39/1921, sem við átti, eða venjuhelguð framkvæmd hafi verið því til fyrirstöðu, að hjónum væri veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng, þótt þau hefðu þá ekki lokið fjárskiptum eða skiptaréttur tekið bú þeirra til skiptameðferðar. Nægði í þessu efni, að hjón væru sammála um að skipta sjálf búi sínu án aðstoðar skiptaréttar, enda væru þau á eitt sátt um meginatriði skiptanna.

Samkvæmt efni yfirlýsingar aðiljanna fyrir valdsmanni hinn 21. júlí 1970 varðandi fjárskiptin, með hliðsjón af skjalagerð þeirra, áður en leyfi til algers skilnaðar var gefið út, þykja aðiljar hafa haft fullan vilja til þess að skipta búi sínu sjálfir án aðstoðar skiptaréttarins. Eftir gögnum málsins þykir skiptum þeirra jafnframt hafa verið lokið, þegar leyfi til algers skilnaðar var gefið út hinn 18. ágúst 1971.

Í þessu máli verður ekki metið, hvort hallað hafi verið á annan hvorn aðiljann í samningum þeirra, enda ber það ágreiningsefni undir bæjarþing samkvæmt 79. gr. laga nr. 39/1921.

Samkvæmt framangreindu ber að vísa máli þessu frá skiptarétti.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Við munnlegan málflutning hreyfði lögmaður sóknaraðilja því, að skiptaráðandi málsins væri ef til vill vanhæfur til þess að fara

með það vegna fyrri afskipta bæjarfógetans á Akureyri af því. Ekki krafðist lögmaðurinn þess, að skiptaráðandi viki sæti.

Það athugist, að skiptaráðandi þessa máls hefur farið með það þann tíma, sem málið hefur verið til meðferðar í skiptarétti, og hafði hann engin afskipti af málinu áður.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá skiptarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 12. júní 1973.

Nr. 85/1973: **Guðmundur Snorrason**
gegn
Guðmundi Hj. Ákasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar:

Jakob J. Havsteen, fulltrúi sýslumanns í Árnessýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1973, er barst Hæstarétti 30. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að „ómerktur" verði hinn kærði úrskurður „um tryggingu og niðurfellingu málskostnaðar og að fógetagerðin nái fram að ganga og" honum verði „tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum."

Varnaraðili krefst þess, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 3, a, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Það athugast, að kæra þessi er að ófyrirsynju..

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Guðmundur Snorrason, greiði varnaraðilja, Guðmundi Hj. Ákasyni, kærumálskostnað, kr. 8. 000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Árnessýslu 19. maí 1973.

Ár 1973, laugardaginn 19. maí, var í fógetarétti Árnessýslu, sem háður var í skrifstofu embættisins á Selfossi, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. A-1/1973: Guðmundur Snorrason gegn Guðmundi Hj. Ákasyni, sem tekið var til úrskurðar 18. þ. m.

Gerðarbeiðandi, Guðmundur Snorrason, hefur krafizt þess, að honum verði með beinni fógetagerð fengin umráð muna þeirra, er hann keypti á uppboðum höldnum á Selfossi 22. júlí 1971 og 3. marz 1972, en munir þessir eru geymdir í húsnæði gerðarþola.

Gerðarþoli, Guðmundur Hj. Ákason, hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, nema hann fái greidda leigu fyrir húsnæði það, sem munirnir eru í, auk 7% ársvaxta frá gjalddögum til greiðsludags, en hann telur sig eiga haldsrétt í munanum til tryggingar leigunni.

Munir þeir, sem hér um ræðir, voru eign Borgarblikksmiðjunnar h/f, sem um tíma starfaði á Selfossi, en fyrirtæki þetta hafði á leigu húsnæði gerðarþola að Eyrarvegi 31—33, Selfossi. Voru umræddir munir þar, er þeir voru seldir, og hafa verið síðan.

Ekki er um það deilt í máli þessu, að gerðarbeiðandi sé eigandi muna þeirra, er hann krefst, að verði afhentir sér, né heldur, að húsnæði það, sem munirnir hafa verið geymdir í, sé eign gerðarþola.

Gerðarþoli hefur krafizt þess að fá greidda húsaleigu, kr. 10. 000.00 á mánuði, frá 1. janúar 1971 til og með marz 1973, eða í 27 mánuði.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt kröfu gerðarþola til húsaleigu með því, að leigusamningur hafi aldrei verið gerður milli hans og gerðarþola. Enn fremur heldur gerðarbeiðandi því fram, að

ekkert það réttarsamband sé milli þeirra gerðarþola, er réttlætt geti haldsréttarkröfu gerðarþola.

Þá hefur gerðarbeiðandi bent á, að húsaleigukrafa gerðarþola beinist að hluta gegn Borgarblikksmiðjunni h/f, en sú krafa sé sér óviðkomandi.

Svo sem áður greinir, er ekki um það deilt, að gerðarbeiðandi sé réttur eigandi muna þeirra, er hér um ræðir, og ber því að taka til greina kröfu hans um að fá þá afhenta.

Um kröfur gerðarþola til húsaleigu og haldsréttar verður ekki fjallað í þessu máli, en með tilliti til þess, að líklegt er, að greindir munir verði fluttir úr umdæminu, gerðarbeiðandi er ekki búsettur hér og á hér engar eignir aðrar, svo vitað sé, þá verður að telja eðlilegt, svo sem máli þessu er háttað, að gera gerðarbeiðanda að setja tryggingu fyrir húsaleigukröfu gerðarþola frá 22. júlí 1971 að telja, en ekki hefur verið sýnt fram á, að gerðarbeiðandi beri á nokkurn hátt ábyrgð á kröfum gerðarþola til húsaleigu fyrir þann tíma.

Gerðarþoli hefur krafizt kr. 10.000.00 á mánuði í húsaleigu, en þeirri upphæð hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður því við hana miðað hér.

Samkvæmt framanskráðu ber að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda í máli þessu gegn því, að hann setji tryggingu fyrir kröfu gerðarþola til húsaleigu, og þykir sú trygging hæfilega ákveðin kr. 200.000.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð skal ná fram að ganga gegn tryggingu að fjárhæð kr. 200.000.00.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. júní 1973.

Nr. 52/1972: **Dagfinnur Stefánsson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Soffíu Haraldsdóttur
og gagnsök.
(Magnús Thorlacius hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. apríl s. á. Skilja verður kröfur aðaláfrýjanda svo, að hann krefjist þess, að hrundið verði kröfum gagnáfrýjanda um riftun á uppboðskaupum hans á byggingarlóð að Haukanesi 26, Garðahreppi, svo og að kröfur aðaláfrýjanda um tvo frádráttarliði, að fjárhæð kr. 163.600.00 og kr. 33.256.00, frá uppboðsverði greindrar fasteignar á uppboði 15. júlí 1971 verði teknar til greina. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1972, sbr. 3. málsgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Krefst hún þess aðallega „að uppboðskaupum aðaláfrýjanda á byggingarlóð að Haukanesi 26, Garðahreppi, verði riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár og lagt fyrir uppboðshaldara að láta fara fram uppboð af nýju". Til vara er þess krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að undanskildu ákvæði um málskostnað. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Bú þeirra aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda sætir opinberum skiptum í skiptadómi Reykjavíkur vegna lögskilnaðar

þeirra, er veittur var með bréfi dómsmálaráðherra 7. ágúst 1970. Með bréfi 25. marz 1971 óskaði skiptaráðandinn í búinu, Sigurður M. Helgason borgarfógeti, eftir því við uppboðshaldarann í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að byggingarlóðin að Haukanesi 26, Garðahreppi, „tilheyrandi búinu, en þinglýst á nafn Dagfinns Stefánssonar“ yrði seld á opinberu uppboði. Segir í bréfinu, að þetta sé gert „samkvæmt ákvörðun skiptafundar“ í framangreindu búi. Ósk þessi var áréttuð með bréfi skiptaráðandans til uppboðshaldara, og var þess þá getið, að óskað sé, að uppboð verði auglýst af nýju „til sameignarslita“. Fór uppboðið fram 15. júlí 1971, svo sem greint er frá í hinum áfrýjaða úrskurði. Varð ágreiningur um úthlutunargerð, en samkvæmt drögum uppboðshaldara að henni skyldi draga frá fjárhæð hæsta boðs, sem nam 550.000.00, tvo liði, hitaveitugjald, sem aðaláfrýjandi greiddi 1. marz 1968, að fjárhæð kr. 33.256.00, og gatnagerðargjald að fjárhæð kr. 163.600.00, sem aðaláfrýjandi greiddi 39. september 1970. Hlutur hvors hjóna var síðan ákvarðaður samkvæmt drögum þessum með því að skipta mismuninum í tvo jafna parta. Fyrir skiptadómi flutti Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður mál þetta vegna gagnáfrýjanda hér fyrir dómi og skiptaráðandans í Reykjavík, er gaf nefndum lögmanni hinn 8. desember 1971 „umboð til að flytja mál það, er búið (Soffía Haraldsdóttir) á nú í gegn Dagfinni Stefánssyni fyrir uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu . . .“

Samkvæmt því, sem rakið var um tilbúnað máls þessa í héraði, var skiptaráðandinn í Reykjavík beiðandi uppboðsins, og er hann því aðili uppboðs samkvæmt 1. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949. Svo sem lýst var hér að framan, var mál þetta flutt í héraði, m. a. af hálfu skiptaráðandans í Reykjavík. Er þessa getið í úrskurði uppboðsdóms og jafnframt, að af hálfu skiptaráðanda hafi ekki verið gerðar sérstakar kröfur í málflutningi. Skiptaráðandinn í Reykjavík var samkvæmt framansögðu aðili uppboðsmálsins, og bar að stefna honum fyrir Hæstarétt. Það hefur eigi verið gert, og verður því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi

greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15. 000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Dagfinnur Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda, Soffíu Haraldsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum .

Úrskurður uppboðsdóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. janúar 1972.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 16. desember s.l. að loknum munnlegum málflutningi, hefur umboðsmaður sækjanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, krafizt þess *aðallega*, að uppboðskaupum verjanda á byggingarlóð að Haukanesi 26, Garðahreppi, verði riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár, en *til vara*, að niður verði felldir frádráttarliðirnir í frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði áðurnefndrar byggingarlóðar, samtals kr. 196.856.00. Kröfur umboðsmanns verjanda, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, eru þær, að öllum kröfum sóknaraðilja verði hrundið og að umbjóðanda hans, Dagfinni Stefánssyni, verði lögð út byggingarlóðin nr. 26 við Haukanes, Garðahreppi, gegn greiðslu þeirri, sem hann hefur þegar innt af hendi til uppboðsréttarins, að áskildum rétti verjanda til að krefjast helmings af kostnaði við uppboð eignarinnar af hluta sækjanda úr félagsbúi málsaðilja. Báðir krefjast málsaðiljar málskostnaðar úr hendi hvors annars að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, sem nú verður lýst:

Með bréfi ódagsettu, en mótteknu hjá embættinu 11. maí 1971, beiddist Sigurður Helgason borgarfógeti þess, að auglýst yrði uppboð til sameignarslita vegna skipta á félagsbúi Dagfinns Stefánssonar og fyrrverandi konu hans, Soffíu Haraldsdóttur, á byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes í Garðahreppi, eign nefnds félagsbús. Auglýsing þessa efnis birtist síðan í 31., 35. og 37. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1971, og var þar fram tekið, að uppboð á nefndri byggingarlóð færi fram á henni sjálfri fimmtudaginn 15. júlí 1971, klukkan 2.00 e. h., til sameignarslita samkvæmt beiðni

skiptaréttar Reykjavíkur, og einnig, að lóð þessi væri þinglýst eign varnaraðilja, Dagfinns Stefánssonar.

Til áréttingar auglýsingu þessari birtist síðan í dagblaðinu Vísi þann 12. júlí 1971 efnislega samhljóða auglýsing.

Sala á eigninni fór svo fram, eins og ákveðið hafði verið, þann 15. júlí s.l. og varð hæstbjóðandi á uppboðinu Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður f. h. varnaraðilja í máli þessu, Dagfinns Stefánssonar. Var boð hans kr. 550.000.00. Næsthæstbjóðandi var Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður f. h. sóknaraðilja, Soffíu Haraldsdóttur. Á uppboðinu tók umboðsmaður verjanda fram og óskaði bókað, að hann (verjandi) hefði að hálfu greitt gatnagerðargjald af lóðinni og krefðist hann þess, að það yrði greitt af uppboðsandvirði eignarinnar. Síðar við rekstur máls þessa lagði umboðsmaður varnaraðilja fram skilríki (kvittanir) fyrir því, að hann (varaaðili) hefði þann 1. marz 1968 greitt hitaveitugjald til Hitaveitu Arnarness, kr. 33.256.00, og þann 29. september 1970 hefði hann greitt til sveitarsjóðs Garðahrepps vegna Haukaness 26 kr. 163.600.00, eða samtals kr. 196.856.00. Ekki komu fram við uppboðið mótmæli frá sóknaraðilja eða umboðsmanni hennar gegn þessari kröfu umboðsmanns varnaraðilja.

Þann 16. júlí s.l. greiddi umboðsmaður varnaraðilja til embættis uppboðshaldarans í Gullbringu- og Kjósarsýslu kr. 100.000.00 upp í uppboðsandvirði hinnar seldu eignar. Leið svo fram til 27. október s.l., að ekki voru gerð frekari skil á uppboðsandvirðinu af hálfu uppboðskaupanda eða umboðsmanni hans, en þann dag sendi uppboðshaldari þeim Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni sem umboðsmanni hæstbjóðanda í eignina, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni sem umboðsmanni næsthæstbjóðanda og Sigurði M. Helgasyni, borgarfógeta í Reykjavík, sem uppboðsbeiðanda símskeyti, þar sem segir, að krafizt hafi verið tafarlauss uppgjörs á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, sem hér ræðir um, og hafi hann (uppboðshaldari) því ákveðið, að hafi ekki hæstbjóðandi gert upp uppboðið að fullu fyrir 6. nóvember s.l., yrði tekið næsthæsta boð í eignina eða uppboð haldið að nýju á henni vegna vangreiðslu á uppboðsandvirðinu. Daginn eftir, þ. e. 28. október s.l., komu fyrir uppboðshaldara Ólafur Þorgrímsson hæstaréttalögmaður og með honum verjandi í máli þessu, Dagfinnur Stefánsson, og lögðu fram sem tryggingu fyrir eftirstöðvum þess hluta uppboðsandvirðis hinnar seldu eignar, sem þeir töldu uppboðskaupanda eiga að standa skil á, svo og áætluðum uppboðskostnaði ávísun á Verzlunarbanka Íslands að fjárhæð kr. 185.000.00.

Héldu þeir því fram sem fyrr við þetta tækifæri, að sá hluti fasteignagjalda, sem verjandi hafði greitt af hinni seldu eign, skyldi við uppgjör koma til frádráttar af uppboðsandvirðinu óskiptu, áður en því yrði skipt milli sameigenda hinnar seldu eignar, þ. e. aðilja þessa máls.

Þann 8. nóvember s.l. var mál þetta tekið fyrir í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu að viðstöddum Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni sækjanda, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni umboðsmanni verjanda, og Sigurði M. Helgasyni, borgarfógeta í Reykjavík, uppboðsbeiðanda.

Við fyrirtöku þessa lagði uppboðshaldari fram uppkast að úthlutunargerð á andvirði hinnar seldu eignar, þar sem gert var ráð fyrir, að fasteignagjöld þau, sem verjandi hafði greitt af hinni seldu eign, sbr. það, sem hér að framan segir, yrðu dregin frá uppboðsandvirðinu óskiptu og að hlutur hvors sameiganda hinnar seldu eignar, þ. e. aðilja þessa máls, yrði því kr. 550.000.00 ÷ 196.856.00 = 353.144.00 : 2 = 176.572.00. Þessu uppkasti að úthlutunargerð mótmælti umboðsmaður sóknaraðilja og óskaði að leggja fram greinargerð í málinu til rökstuðnings mótmælum sínum. Hafa síðan umboðsmenn málsaðilja beggja lagt fram greinargerðir sínar og munnlegur flutningur málsins farið fram, svo sem áður segir.

Aðalkröfu sína um, að uppboðskaupum varnaraðilja verði riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár, styður umboðsmaður sóknaraðilja með því, að varnaraðili hafi látið undir höfuð leggjast að greiða allt uppboðsandvirðið og gert þau skil, sem hann hafi gert seint og illa. Telur hann (umboðsmaður sóknaraðilja), að af þessu réttlætist riftun uppboðskaupanna.

Varakröfu sína, þ. e. að niður verði felldir frádráttarliðirnir í frumvarpi að úthlutunargerð, samtals kr. 196.856.00, styður umboðsmaður sóknaraðilja þeim rökum, að þrátt fyrir það, að uppboð það, sem hér ræðir um, hafi farið fram á uppboðsþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu af þeirri ástæðu einni, að það sé samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1949, 23. gr. Þá sé það fjarstæða, að uppboðshaldarinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu eigi fyrir þær sakir að grípa fram fyrir hendur skiptaréttar Reykjavíkur, þar sem skipti á félagsbúi málsaðilja fara nú fram. Sé því ekki um það að ræða, að verið sé að gæta hagsmuna þeirra, sem veðbönd eiga í þeirri eign, sem seld hefur verið á uppboði, heldur telji varnaraðili sig hafa lagt út fé fyrir búið og eiga kröfu á endurgreiðslu. Segir umboðsmaður sóknaraðilja, að hún hafi einnig lagt út fé

fyrir búið og eigi því kröfu á endurgreiðslu, en það heyri undir skiptarétt Reykjavíkur, hvernig eignir og skuldir búsins skiptast með aðiljum þessa máls. Sé það í hans verkahring, en ekki uppboðshaldara í öðru lögsagnarumdæmi.

Kröfu sína um útlagningu á hinni seldu eign til varnaraðilja rökstyður umboðsmaður hans með því, að fasteign sú, sem hér ræðir um, sé hjúskapareign varnaraðilja, sem hann eigi rétt á að fá sér lagða út gegn greiðslu á sannvirði hennar til fullnægju á rétti sóknaraðilja. Um þetta segir umboðsmaður varnaraðilja raunar hafa verið reynt að semja, en það hafi ekki tekizt og hafi því ekki verið annars kostur en að sannreyna verðmæti eignarinnar með uppboði. Telur umboðsmaður verjanda, að umbjóðandi hans hafi ekki einu sinni þurft að bjóða sjálfur í eignina, heldur hafi hann getað krafizt á henni útlagningar samkvæmt hæsta boði. Þá hefur umboðsmaður verjanda bent á í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins, að það sé meginregla í íslenzkum rétti, að ekki aðeins skuli uppboð á fasteignum fara fram í þinghá, þar sem þær eru, sbr. 23. og 12. gr. laga nr. 57/1949, heldur og einnig, að öll mál út af réttindum yfir fasteign skuli rekin í þinghá, þar sem fasteignin liggur, sbr. 78. gr. laga nr. 85/1936. Af þessum sökum telur hann, að uppboðshaldara beri að skera úr ágreiningi í máli þessu. Þá bendir umboðsmaður varnaraðilja einnig á, að á hinni seldu eign hafi hvílt samningsbundnar kvaðir um greiðslu gatnagerðargjalds og greiðslur vegna þátttöku í Hitaveitu Arnarness. Hafi þess verið getið við uppboð á eigninni, að verjandi hafi greitt upp í gjöld þessi, eftir að aðiljar þessa máls slitu hjúskap sínum, og hafi þess þá verið krafizt, að þessar fjárhæðir yrðu endurgreiddar af uppboðsandvirðinu óskiptu. Hvorki skiptaráðandinn í Reykjavík né umboðsmaður sóknaraðilja, sem báðir hafi verið viðstaddir, er uppboðið fór fram, hafi mótmælt þessu og hafi uppboðið farið þannig fram. Telur umboðsmaður varnaraðilja hann eiga ótvíræðan skuldajafnaðarrétt við uppboðsandvirðið, bæði vegna helmingseignar sinnar í andvirði eignarinnar sem og þeirra kvaðagreiðslna, sem hann hafi leyst til sín, eftir að hjúskap aðilja lauk. En jafnframt eigi hann kröfu til greiðslu á helmingi þess kostnaðar, sem leitt hefur af uppboðinu, í búshluta sóknaraðilja. Þá hefur umboðsmaður verjanda enn fremur bent á, að bú málsaðilja sé undir opinberum skiptum eftir kröfu sækjanda og sé hann (þ. e. sækjandi) því ekki að hans áliti aðili þessa máls, heldur skiptaráðandinn í Reykjavík vegna búsins.

Þess skal getið, að við munnlegan flutning máls þessa lagði umboðsmaður sóknaraðilja, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, fram málflutningsumboð, þar sem segir, að áðurnefndur lögmaður hafi umboð til að flytja mál það, er búið (Soffía Haraldsdóttir) á nú í gegn Dagfinni Stefánssyni fyrir uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, búinu að kostnaðarlausu. Umboð þetta er undirritað af Sigurði M. Helgasyni borgarfógeta, sem fer með skiptamál málsaðilja fyrir skiptarétti Reykjavíkur. Af hálfu skiptaréttar Reykjavíkur hafa hins vegar engar kröfur verið gerðar við rekstur máls þess, sem hér er til úrskurðar.

Aðalkrafa sóknaraðilja í máli þessu er, svo sem áður getur, að uppboðskaupum varnaraðilja á lóðinni nr. 26 við Haukanes í Garðahreppi verði vegna dráttar á greiðslu uppboðsandvirðis riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár.

Rétt er það að vísu, að allmikill og verulegur dráttur hefur orðið á því, að uppboðskaupandi, varnaraðili í máli þessu, stæði uppboðshaldara skil á uppboðsandvirðinu samkvæmt boði sínu.

Þess ber þó að gæta, að varnaraðili greiddi þegar, eftir að uppboðshaldari hafði sett honum ákveðinn lokafrest til greiðslu þess, þann hluta uppboðsandvirðisins, sem hann (varnaraðili) taldi sig að eigin mati eiga að greiða, en mál það, sem hér er til úrskurðar, er hins vegar sprottið af ágreiningi málsaðilja um greiðslu hins hluta uppboðsfjárhæðarinnar. Þykja því samkvæmt framansögðu og eftir atvikum ekki nægileg efni til riftunar á uppboðskaupum varnaraðilja, og er því aðalkrafa sóknaraðilja ekki tekin til greina.

Varakrafa sóknaraðilja er, að niður verði felldir frádráttarliðirnir í frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, svo sem lýst er hér að framan, samtals að fjárhæð kr. 196.856.00.

Vegna þessarar kröfu er þetta tekið fram:

Svo sem hér að framan er getið, fór uppboð á byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes, Garðahreppi, fram samkvæmt beiðni skiptaráðandans í Reykjavík, en hann hefur með höndum skipti á félagsbúi aðilja máls þessa, Dagfinns Stefánssonar og Soffíu Haraldsdóttur.

Virðist því vera ljóst, að eign þessi hafi verið hluti af heildareignum félagsbús áðurnefndra hjóna og hafi beiðni skiptaráðandans í Reykjavík um uppboðssölu á þessum eignarhluta búsins byggzt á því aðeins, að honum yrði komið í verð, þar eð málsaðiljar hafi ekki verið ásáttir um, í hvors hlut eign þessi skyldi koma við skiptin. Af framansögðu virðist leiða, hvað sem öðru

líður, að andvirði nefndrar eignar, eins og það reyndist verða samkvæmt hæsta boði á uppboði því, sem fram fór á eigninni þann 15. júlí 1971, skuli allt og óskipt renna í nefnt félagsbú, sem er í vörzlu skiptaráðandans í Reykjavík. Beri því uppboðshaldaranum í Gullbringu- og Kjósarsýslu að innheimta uppboðsandvirði hinnar seldu eignar samkvæmt hæsta boði í hana á áðurnefndu uppboði og greiða andvirðið síðan uppboðsbeiðanda, skiptaráðandanum í Reykjavík.

Umboðsmaður varnaraðilja hefur frá upphafi máls þessa krafizt þess, að greiðslur þær, sem hann (varnaraðili) hefur innt af hendi vegna hinnar seldu eignar (fasteignagjöld), eftir að fjárfélagi hjóna þeirra, sem eru aðiljar þessa máls, var slitið, skuli dragast frá uppboðsandvirði hinnar seldu eignar óskiptu svo og beri sóknaraðilja að greiða helming uppboðskostnaðar. Telja verður, að kröfum öllum á hendur búi því, sem hér ræðir um, án tillits til þess, af hvaða skiptum þær eru sprottnar eða af hvaða eignarhlutum búsins þær kunna að stafa, beri að beina til þess aðilja, sem hefur með höndum skipti heildareigna búsins milli aðilja þessa máls, þ. e. skiptaréttar Reykjavíkur, og verði ekki gegn mótmælum sóknaraðilja tekin afstaða til neinna sérkrafna viðkomandi búinu fyrir öðrum rétti, t. d. uppboðsrétti, sem engin önnur afskipti hefur haft af skiptum viðkomandi bús en þau að annast sölu á eignarhlutum þess eftir beiðni skiptaráðanda, sem með búið fer í heild.

Samkvæmt framansögðu verður því niðurstaða þessa réttar sú, að tekin verður til greina varakrafa umboðsmanns sóknaraðilja um, að niður skuli felldir frádráttarliðir í frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, samtals að fjárhæð kr. 196.856.00, og skuli fjárhæðin öll samkvæmt hæsta boði í eignina, kr. 550.000.00, afhent skiptaráðandanum í Reykjavík, er hún hefur að fullu verið greidd uppboðshaldaranum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Uppboðskostnað allan ber uppboðkaupanda eftir almennum reglum og samkvæmt uppboðsskilmálum að greiða.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Aðalkrafa sóknaraðilja, Soffíu Haraldsdóttur, um riftun uppboðskaupa varnaraðilja, Dagfinns Stefánssonar, á byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes, Garðahreppi, á uppboði 15. júlí 1971 án endurgreiðslu innborgaðs fjár er ekki tekin til

greina, enda greiði uppboðskaupandi, varnaraðili í máli þessu þegar að fullu uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, kr. 550. 000.00, til uppboðshaldarans í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Tekin er hins vegar til greina varakrafa sóknaraðilja um, að niður verði felldir frádráttarliðir í framlögðu frumvarpi að úthlutun á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, samtals að fjárhæð kr. 196.856.00.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. júní 1973.

Nr. 62/1972: **Jón Gunnar Möller**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Skiptaráðandanum á Siglufirði
f. h. þrotabús Kaupfélags Siglfirðinga
(Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Gjaldþrot. Forgangskrafa.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið hinum áfrýjaða úrskurði til Hæstaréttar með stefnu 12. maí s. á. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér sem forgangskröfu kr. 70.794.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur eigi gagnáfrýjað máli þessu. Hann sættir sig við úrlausn skiptadóms um kröfur að fjárhæð kr. 51.392.80 svo og að kröfur hans séu forgangskröfur í þrotabúinu. Hann andmælir vaxtakröfum áfrýjanda svo og málskostnaðarkröfum hans.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, var áfrýjanda sagt upp störfum hjá Kaupfélagi Siglfirðinga með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 30. september 1970. Starfaði hann hjá kaupfélaginu til 9. október þ. á., en þann dag var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta. Verður við það að miða, að áfrýjandi hafi ekki átt þess kost að halda áfram föstu starfi sínu hjá þrotabúinu til loka uppsagnarfrestsins. Miðast kröfur áfrýjanda við laun þau, er hann hefði notið allt til 31. desember 1970. Enn fremur er krafizt ógreidds orlofsfjár í 24 daga, samtals kr. 17.160.00.

I. **Krafa áfrýjanda vegna ógreiddra launa og ráðningarslita, kr. 53.634.00.**

Kröfu þessari er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Fallast má á þá úrlausn skiptadóms, að til frádráttar henni komi kr. 2.667.00. Skiptadómur dregur einnig frá henni kr. 15. 494.27, sem dómurinn telur, að áfrýjandi hafi aflað sér í desember 1970 með rekstri verzlunar, er hann stofnaði á Siglufirði 5. desember þ. á. Engin gögn hafa komið fram um hagnað af verzlun þessari, og viðurkennt er í málinu, að verzlunin hafi verið lögð niður eftir nokkurra mánaða starfrækslu. Með vísan til þessa þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að áfrýjandi hafi haft tekjur af rekstri verzlunarinnar í desember 1970, og verður þessi frádráttarliður því ekki tekinn til greina. Launakrafan er að öðru leyti óvefengd. Samkvæmt því verður þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 50.966.40 (kr. 53.634.00 ÷ 2.667.60) sem forgangskrafa í búi stefnda, sbr. b lið 5. tölulið 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

II. **Krafa áfrýjanda vegna orlofs, kr. 17.160.00.**

Samkvæmt úrslitum um kröfu I hér að framan ber að taka þessa kröfu til greina að fullu sem forgangskröfu í þrotabúi stefnda, sbr. 4. gr. i. f. laga nr. 16/1943, er þá giltu, sbr. og b lið 5. töluliðs skiptalaga nr. 3/1878.

III. **Um vexti af framangreindum kröfum.**

Áfrýjandi lýsti kröfum sínum í þrotabú Kaupfélags Siglfirðinga með bréfi til skiptaráðandans á Siglufirði 7. desember 1970. Ekki hafði hann þá uppi vaxtakröfu. Krafa hans var áréttuð með bréfi Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdóms-

lögmanns 12. október 1971. Þar er eigi heldur hreyft vaxtakröfu, og kemur slík krafa fyrst fram í greinargerð lögmanns áfrýjanda í héraði 10. febrúar 1972. Gegn andmælum stefnda verður vaxtakrafa áfrýjanda að svo vöxnu máli eigi tekin til greina.

Úrslit málsins verða samkvæmt framansögðu þau, að áfrýjandi eigi forgangsrétt í þrotabú stefnda fyrir kr. 68.126.40. Þá ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Gunnar Möller, á forgangsrétt í þrotabú stefnda, Kaupfélags Siglfirðinga, samkvæmt framansögðu fyrir kr. 68.126.40.

Stefndi, skiptaráðandinn á Siglufirði f. h. þrotabús Kaupfélags Siglfirðinga, greiði áfrýjanda, Jóni Gunnari Möller, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Siglufjarðar 21. febrúar 1972.

Ár 1972, mánudaginn 21. febrúar, var í skiptarétti Siglufjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins Aðalgötu 10 af Elíasi I. Elíassyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í málinu: Gunnar Möller gegn þrotabúi Kaupfélags Siglfirðinga.

Að beiðni stjórnar Kaupfélags Siglfirðinga var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar hinn 9. október 1970. Lýstu margir aðiljar kröfum í búið, m. a. 31 aðili vegna vinnulauna, og meðal þeirra var sóknaraðili, Gunnar Möller, er gerði kröfu til þess með bréfi, dags. 7. desember 1970, að sér verði m. a. greidd sem forgangskrafa úr þrotabúinu laun í 3 mánuði, kr. 53.634.00, þ. e. kr. 17.878.00 á mánuði, og óuppgert orlof í 24 daga kr. 17.160.00, eða kr. 715.00 á dag, eða þannig samtals kr. 70.794.00. Að liðnum innköllunarfresti var gerð skrá yfir lýstar kröfur og hún lögð fram á skiptafundi 23. marz 1971, er fresta varð, og kom skráin fyrst til athugunar á skiptafundi 27. apríl 1971. Tóku

fundarmenn sér þá frest til þess að gera athugasemdir, ef því væri að skipta, við vinnulaunakröfurnar í kröfulýsingarskránni. Næst gerðist það, að skiptaréttinum barst hinn 1. júní 1971 bréf, dags. 27. maí 1971, frá Jóhanni Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, sem gætir hagsmuna 15 kröfuhafa við þrotabússkiptin. Í bréfinu segir svo m. a.:

„Til áréttingar munnlegum mótmælum á síðasta skiptafundi leyfi ég mér hér með að ítreka mótmæli við eftirtöldum liðum á lista yfir lýstar kröfur í þrotabú Kf. Siglfirðinga.

1. Ég mótmæli þriggja mánaða uppsagnarfresti þess starfsfólks, sem sannanlega hefir komist í önnur störf á því tímabili.
2. .....
3. .....
4. Að lokum og til vara mótmæli ég því, að uppsagnarfrestur starfsfólksins sé talin forgangskrafa í þrotabúinu. Ég tel að uppsagnarfresturinn sé skaðabótakrafa, en alls ekki vinnulaunakrafa. Er það augljóst, þegar litið er til þess, að sumt starfsfólkið hefur verið á launum annars staðar, að uppsagnarfresturinn getur ekki talizt launakrafa, heldur er þar um að ræða bætur fyrir það tjón, sem skapast við fyrirvaralausa uppsögn. Er því ljóst, að slík krafa telst ekki forgangskrafa í þrotabúið."

Þar er ekki tókust sættir um ágreining út af launakröfunum, var ákveðið á skiptafundi 10. september s.l. að leita eftir úrskurði um nánargreindar launakröfur, þ. á. m. launakröfu sóknaraðilja í máli þessu, og beðið með að taka afstöðu til annarra launakrafna á meðan. Lokatilraun til þess að reyna sættir út af áðurnefndum ágreiningi var gerð á skiptafundi 18. nóvember s.l., er boðað hafði verið sérstaklega til í því skyni. Á þeim fundi kom í ljós, að umbjóðendur Jóhanns Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns við búskiptin hyggðust ekki gera frekari reka að þeim sérstöku skiptaréttarmálum, er ráð hafði verið fyrir gert á áðurnefndum skiptafundi 10. september s.l. og áttu rót sína að rekja til mótmælanna í áður tilvitnuðu bréfi, og tekur þetta m. a. til máls þess, sem hér er til meðferðar. Er svo var komið, taldi dómarinn sem skiptaráðandi umrædds þrotabús eftir atvikum rétt að útvega því sérstakan talsmann í málinu, svo úr ágreiningnum fengist skorið, enda var ríkáherzla á það lögð af hálfu kaupkröfuhafa í búinu, að svo mætti verða, og kom það m. a. fram á síðasta skiptafundi

og fyrirsjáanlegt, að langt sé í það, að endanleg úthlutun geti átt sér stað.

Að loknum munnlegum málflutningi var mál þetta tekið til úrskurðar hinn 11. þ. m. Í greinargerð, er lögð var fram í skiptaréttinum þann dag og svo í munnlegum flutningi málsins voru af hálfu sóknaraðilja gerðar þær kröfur í málinu, að honum verði úrskurðað sem forgangskrafa úr þrotabúinu kr. 70.794.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 9. október 1970 til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu, þ. á. m. ferðakostnaður og dagpeningar.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafizt aðallega, að synjað verði um greiðslu hinnar umkröfðu fjárhæðar úr þrotabúinu, nema sem svarar ógreiddum launum fyrir tímabilið 1. til 9. október 1970, þ. e. 9/30 hlutar af mánaðarkaupi, og orlofsfjár, en til vara, að krafa sóknaraðilja verði að öðru leyti aðeins talin almenn krafa. Kröfu um vexti er mótmælt. Loks er krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Sóknaraðili, sem er verzlunarmaður og meðlimur í Verzlunarmannafélagi Siglufjarðar, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi í 7 eða 8 ár starfað hjá Kaupfélagi Siglfirðinga, er félagið varð gjaldþrota 9. október 1970, og var hann deildarstjóri í búsáhalda- og gjafavörudeild. Með bréfi, dags. 29. september 1970, var honum sagt upp starfi hjá félaginu með 3ja mánaða uppsagnarfresti miðað við 30. september 1970. Bréfið er svohljóðandi: „Vegna óvissu um framtíðarrekstur félagsins hefur stjórn K.F.S. falið mér að segja yður upp starfi með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 30. september n.k". Bréfið er undirritað af kaupfélagsstjóranum. Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið greidd laun síðan 1. október 1970. Hann kveðst hafa átt rétt til 24 daga orlofs, og er orlofskrafa hans í málinu vegna alls ársins 1970. Í október 1970 vann sóknaraðili nokkra daga við vörutalningu fyrir þrotabúið. Frá 23. nóvember 1970 vann hann að undirbúningi opnunar eigin verzlunar, er hann opnaði 5. desember 1970.

Kröfur sóknaraðilja í málinu eru byggðar á áðurgreindu uppsagnarbréfi. Lögmaður hans sagði við munnlegan flutning málsins, að því hefði verið slegið föstu með dómi Hæstaréttar, að hér sé um að ræða forgangskröfu, sbr. dómasafn Hæstaréttar XVIII, bls. 133. Enn fremur er því haldið fram, að óheimilt sé að draga frá þeirri kröfu tekjur, er hann kunni að hafa haft á uppsagnartímanum.

Af hálfu varnaraðilja er bent á, að strax eftir gjaldþrot kaupfélagsins hafi sóknaraðili hafið rekstur eigin verzlunar á Siglufirði og gerzt kaupmaður. Með því hafi hann verið í fullu starfi frá gjaldþrotinu og alls ósannað, að hann hafi orðið fyrir nokkru tjóni af þeim sökum. Samkvæmt almennri venju og viðurkenndum reglum íslenzks réttar fái fólk ekki greidd laun á uppsagnarfresti, ef það hefur þá hafið önnur störf, enda sé uppsagnarfrestur á því byggður, að vinnuveitandi tryggi starfsmanni sínum laun, á meðan hann leiti sér að annarri atvinnu, í allt að þrem mánuðum (eða í annan tíma samkvæmt samningi hverju sinni). Lagareglur og samningsákvæði um uppsagnarfrest séu einmitt sett til að tryggja starfsmann fyrir tjóni af atvinnuleysi, en ekki til að skapa starfsmanni tvöföld laun, ef honum tekst strax að fá aðra atvinnu. Hvort heldur sóknaraðili byggi rétt sinn á uppsagnarfrestinum samkvæmt uppsagnarbréfinu eða á afleiðingum gjaldþrotsins, þá leiði reglur ekki til launagreiðslu honum til handa, þar eð vitað sé, að hann hafi verið í fullu starfi frá upphafi gjaldþrotaskipta. Telur lögmaður varnaraðilja fráleitt, að sóknaraðili eigi frekar rétt til launa, þó að hann hafi sjálfur gerzt kaupmaður, heldur en ef hann hefði tekið laun hjá öðrum vinnuveitanda. Telur hann það undarlegan skilning, ef hlutur sóknaraðilja væri talinn verri sem sjálfstæðs kaupmanns heldur en launþega hjá öðrum.

Lögmaður varnaraðilja leiðir þá reglu af nokkrum dómum Hæstaréttar, er hann tilfærir í greinargerð sinni, að bæta eigi launþega það tjón, sem fyrirvaralaus uppsögn veldur honum allt að fullum uppsagnarfresti, en aðeins tjón, og draga beri frá bótum þær tekjur, sem aflað hefur verið annars staðar á uppsagnartímabilinu, enda minnki þær það tjón, sem starfsmaður verði fyrir, enda sé það grundvallarregla íslenzks skaðabótarréttar, að bæta beri tjón, sem valdið sé, en haldi starfsmaður fullum launum annars staðar, þá valdi uppsögn engu tjóni. Kvað lögmaðurinn aðalkröfur varnaraðilja í málinu byggðar á þessum sjónarmiðum.

Kröfur sóknaraðilja voru auknar svo í greinargerð og munnlegum málflutningi, að auk launa og orlofs, er krafizt var í kröfulýsingu, var nú einnig gerð krafa til vaxta. Þeim auknu kröfum var þegar, er efni voru til, mótmælt af hálfu varnaraðilja við munnlegan flutning málsins. Ber því að vísa vaxtakröfunni á bug, og kemur hún ekki til álita í máli þessu.

Lögmenn aðilja voru í málflutningi sínum sammála um það, að krafa um laun á uppsagnarfresti væri í eðli sínu skaðabótakrafa.

Lögmaður sóknaraðilja hélt því fram, að slík bótakrafa nyti aukinnar réttarverndar, eða m. ö. o. eins og launakrafa og væri þetta forgangskrafa í bú. Benti hann á í því sambandi, að sjómönnum væri veitt sjóveð fyrir sambærilegum kröfum þeirra. Óheimilt væri að draga frá þessari kröfu það, sem viðkomandi kynni að hafa unnið sér inn hjá öðrum aðiljum á uppsagnartímanum. Lögmaður varnaraðilja hélt því hins vegar fram, eins og áður er rakið, að draga bæri frá kröfunni þær tekjur, er maður hefði haft á uppsagnartímanum. Beindist málflutningur lögmanna aðiljanna ekki hvað sízt að því að rökstyðja þessar andstæðu skoðanir. Við munnlegan flutning málsins sagði lögmaður varnaraðilja, að sóknaraðili einn gæti upplýst, hverjar tekjur hann hefði haft, eftir að hann fór að verzla í desember 1970, og væri hans að sýna fram á, ef hann hefði haft minni tekjur af því en tilsvarandi tekjur hjá kaupfélaginu fyrir sama tíma.

Upplýst er í málinu og ágreiningslaust, að sóknaraðili átti 3 mánaða uppsagnarfrest samkvæmt gildandi samningi um kaup og kjör Verzlunarmannafélags Siglufjarðar við atvinnurekendur. Með tilvísun til þess ber að taka til greina kröfu sóknaraðilja um um greiðslu 3 mánaða launa úr þrotabúinu, og telst hún eiga að njóta forgangsréttar samkvæmt 5. tl., b liðs, 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Kemur þá til álita, hvort draga beri frá uppsagnarfrestsgreiðslunni, er samsvari tekjum sóknaraðilja frá öðrum á uppsagnarfrestinum, en það hlýtur að vera matsatriði hverju sinni, hvort og þá að hve miklu leyti til slíks frádráttar skuli koma. Með því að fallast má á rök af hálfu varnaraðilja fyrir þess konar frádrætti í máli þessu, þykir rétt að ákveða, að frá launagreiðslunni fyrir uppsagnartímann skuli draga laun vegna vinnu við vörutalningu fyrir þrotabúið, kr. 2.667.60, og er samsvarar 26 daga launum í desember 1970, eða frá því sóknaraðili hóf rekstur eigin verzlunar, kr. 15.494.27 (þ. e. kr. 17.878 x 26/30).

Þá er komið að því að taka afstöðu til kröfu sóknaraðilja um greiðslu orlofs í 24 daga. Hann kvaðst eiga rétt til 24 daga árlegs orlofs og orlofskrafan sé vegna ársins 1970. Sóknaraðili hefur enn fremur upplýst, að hann hafi á sínum tíma gengið frá kröfulýsingu sinni í búið í samráði við kaupfélagsstjórann. Verður þá gengið út frá því, að orlofskrafan sé útaf fyrir sig rétt, enda hefur ekkert það komið fram í málinu, er sýni hið gagnstæða. Þykir því bera með hliðsjón af því, sem rakið var hér að framan um uppsagnarfrestskröfu sóknaraðilja, að taka til greina sem forgangs-

kröfu í búið kr. 15.920.67 sem orlofsgreiðslu, þ. e. a. s. 22 dagar á kr. 715.00 + 2 dagar á kr. 715.00 x 4/30.

Úrslit máls þessa verða því þau, að úrskurða ber sóknaraðilja sem forgangskröfu úr hendi varnaraðilja kr. 53.634.00 ÷ kr. 2. 667.60 og ÷ kr. 15.494.27. Og enn fremur kr. 15.920.67, eða samtals samkvæmt því kr. 51.392.80, en eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður skuli niður falla.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili, Gunnar Möller, hefur forgangsrétt samkvæmt 5. tl., b liðs, 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878 í þrotabú varnaraðilja, Kaupfélags Siglfirðinga, fyrir kr. 51.392.80.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. júní 1973.

Nr. 95/1973: **Haraldarbúð h/f**
gegn
Stefáni Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1973, er barst dóminum 13. júní 1973. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að veittur verði gagnaöflunarfrestur sá, sem synjað var um með úrskurði héraðsdóms.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Lagaheimild skortir til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 1, j, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1973.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 9. maí s.l., hefur Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður f. h. Haraldarbúðar h/f höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. desember 1964, gegn Stefáni Jónssyni, Egilsstöðum, Seltjarnarnesi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 49.469.84 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda hafa þær dómkröfur verið gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

II.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu orðrétt: „Skuld þessi er eftirstöðvar af vöruúttekt stefnda í verzlun stefnanda á árunum 1955 til 1960, að báðum árum meðtöldum.“ Um málavexti segir svo í greinargerð stefnanda orðrétt: „Stefndi réðst til starfa hjá stefnanda á árinu 1955 og vann þar til ársloka 1960. Öll þessi 6 ár tók stefndi út vörur í verzlun stefnanda út í reikning. Fékk stefndi jafnan afhentan reikning um hver mánaðamót yfir úttektina og fékk um leið tíu af hundraði í afslátt af mánaðarviðskiptunum, og var nettófjárhæðin færð inn í viðskiptamannabók stefnanda, og er útdrátturinn á dómskjali nr. 2 úr þeim bókum. Stefndi greiddi inn í reikning sinn peninga árið 1955, 1956, og 1957, en ekkert eftir þann tíma. Kemur þetta allt fram á dskj. nr. 2. Ég ritaði stefnda kröfubréf hinn 10. desember 1964 og tjáði honum, að skuldin væri að fyrnast og yrði hann að semja um greiðslu á henni, þar eð mál yrði höfðað gegn honum að öðrum kosti fyrir árslok 1964. Þessu bréfi sinnti stefndi ekki að koma til viðtals um samninga varðandi greiðslu, og var málshöfðun því óhjákvæmileg.“

Frekari málavaxtalýsingu er ekki að finna af hálfu stefnanda í gögnum málsins.

Dómsskjal nr. 2 er vélritað, óundirritað skjal, sem ber yfirskriftina viðskiptareikningur.

Stefndi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Hann sagðist hafa unnið hjá stefnanda frá sumrinu 1955 til 1. september 1969, en setti þó þann varnagla, að hann myndi þetta ekki nákvæmlega. Hann sagðist ekki muna eftir því, að skriflegir samningar hafi verið gerðir um ráðningu hans og launakjör hjá stefnanda. Hann kveðst hafa fengið föst mánaðarlaun, greidd í lok hvers mánaðar. Verzlunarstjóri stefnanda á þessum tíma, Sveinbjörn Árnason, hafi ráðið hann til starfa. Hann hafi einn gegnt störfum pakkhúsmanns allan starfstíma sinn. Ekki hafi verið um neinn fastákveðinn daglegan vinnutíma að ræða. Hann hafi oft unnið til klukkan 8—9 að kvöldi, en fyrir hann hafi verið lagt að hefja vinnu klukkan 8 að morgni og hafi hann mætt þá í raun. Hann tók fram, að vinnutími hefði verið breytilegur frá degi til dags og þar sem svo langt væri um liðið, myndi hann ekki nákvæmlega, hvenær hann hefði venjulega hætt vinnu að kvöldi. Þegar hann hafi unnið fram til klukkan 8—9 að kvöldi, hafi hann ekki tekið kvöldmatartíma. En auk þess hafi hann stundum þurft að vinna næturvinnu, sem hann taldi hefjast frá klukkan 9 að kvöldi. Um slíka næturvinnu hafi helzt verið að ræða í sambandi við hátíðir. Ekki sagðist hann muna, hvort hann hafi hætt störfum hjá verzluninni, áður en verzlunin hætti starfsemi sinni, en það sagðist hann ekki muna, hvenær hefði verið. Ekki kvaðst hann muna, hve há laun hann hefði fengið greidd við hver mánaðamót, og ekki heldur, hvort hann hafi þá fengið afhentan launaseðil. Hann sagðist hafa tekið út vörur hjá verzluninni, sem hann hefði ýmist greitt „contant" eða fengið skrifaðar í reikning. Síðarnefndu úttektirnar hafi hann greitt með efirvinnu sinni. Ekki sagðist hann muna, hvort um þetta hafi sérstaklega verið samið milli hans og verzlunarstjórans. Hann sagðist heldur ekki muna, hvort hann hafi getið þess, er hann fékk skrifaða úttekt á vörum, að þessa úttekt mundi hann greiða með eftirvinnu sinni, og ekki heldur, hvort af hálfu þeirra er vörurnar afhentu, hafi verið gerðar nokkrar athugasemdir að þessu leyti. Hann sagðist ekki muna, hvort hann hefði tekið út vörur vikulega, mánaðarlega eða eitthvað á hverju ári, og ekki heldur, hvort hann hefði fengið afhentan reikning um úttekt við hver mánaðamót, og enn fremur ekki, hvort hann hafi fengið 10% afslátt af úttektinni hjá stefnanda. Hann staðfesti, að auk fastra launa hefði hann átt

að fá greitt fyrir eftirvinnu, sem ávallt hafi verið einhver og stundum mikil. Fljótlega hafi hann hins vegar komizt að raun um, að aðeins föstu launin voru greidd í peningum, en aukavinnan tekin af vinnuveitandans hálfu sem eins konar greiði við hann gegn því, að greiði kæmi á móti, en sú fyrirgreiðsla hafi verið í því fólgin, að stefndi hafi mátt taka hóflega út vörur í verzlun stefnanda, hvað hann hafi og gert á móti eftirvinnunni, báðum til gagnkvæmrar ánægju. Með föstum launum ætti hann við laun samkvæmt þágildandi kjarasamningi verzlunarmanna. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann hefði einhvern tíma óskað eftir því, að eftirvinna væri greidd í peningum, en ekki þannig, að hann mætti taka út vörur, sem henni næmi. Hann sagði, að með orðinu „vinnuveitandi" ætti hann við verzlunina. Hann staðfesti, að aldrei hafi verið kvartað yfir því, að úttektin færi fram yfir það mark, sem hún mátti vera vegna yfirvinnunar, og aldrei hafi honum verið sýndur reikningur á áramótum, er sýndi skuld hans við stefnanda, og aldrei hafi hann verið krafinn um neina skuld fyrr en í desember 1964. Hann sagðist minnast þess, að hann hefði greitt einhvern tíma peninga inn á reikning hjá stefnanda, en ekki kvaðst hann muna, hvenær það hafi verið eða hversu mikið. Hann sagðist ekki muna, hvort rétt væri það, sem um þetta segði í greinargerð stefnanda og áður er rakið. Hann sagðist stundum hafa verið einn í eftirvinnunni og stundum hafi aðrir verið við vinnu á sama tíma, annað hvort í pakkhúsinu eða í verzluninni. Hann hafi punktað þessa eftirvinnu hjá sér. Þá punkta hafi hann ekki lengur í fórum sínum. Hann sagðist ekki muna, hvort hann hefði sýnt eða lagt þessa punkta fram um eftirvinnuna fyrir verzlunarstjóra eða annan af hálfu verzlunarinnar, enda hafi hann skrifað eftirvinnuna hjá sér fyrst og fremst sér til minnis. Hann sagði, að verzlunarstjórinn og hann hafi verið svilar. Hann sagði, að pakkhússtarf hans hefði verið margbreytilegt, svo sem að taka upp vörur, fara með vörur í verzlun stefnanda, setja dún í sængur, þvo glugga á verzluninni, hreinsa til í pakkhúsinu, taka upp vörur, sem komu í pakkhúsið, og fleira. Hann sagðist oft hafa verið beðinn að bera vörur inn í verzlunina, til dæmis þunga stranga, sem kvenfólk í verzluninni treysti sér ekki til að bera. Vel gæti verið, að hann hafi einhvern tíma farið með vörur inn í verzlunina af sjálfsdáðum, en sagðist þó ekki muna það sérstaklega. Hann sagðist hafa unnið við margt í eftirvinnunni, en sagðist ekki muna eftir að tilgreina annað í augna-

blikinu en þvott á gluggum verzlunarinnar og upptöku á vörum, sem borizt hefðu rétt fyrir lokun verzlunarinnar, en auk þess hefði hann þurft að fara til að flagga á verzluninni á hátíðum.

III.

Mál þetta var þingfest 12. janúar 1965, og fékk þá stefndi frest til skila á greinargerð, er lögð var fram á hinu reglulega bæjarþingi 2. marz 1965. Síðan fengu umboðsmenn aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna, fyrst til 30. marz s. á. og síðan fresti um tiltekinn tíma, allt frá hálfum mánuði upp í þrjá mánuði í senn. Í samræmi við starfsvenjur hjá borgardómaraembættinu á þeim tíma var málið ætíð tekið fyrir á hinum reglulegum bæjarþingum. Á bæjarþingi 27. maí 1969 var málinu frestað um óákveðinn tíma, og var það í samræmi við breytta starfstilhögun hjá embættinu, sem var fólgin í því, að mál voru látin ganga út af bæjarþinginu, jafnskjótt og greinargerð af hálfu varnaraðilja var komin fram, sátta hafði verið leitað með aðiljum og munnlegur málflutningur ákveðinn. Samkvæmt þessari starfsreglu fá þá umboðsmenn aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma, málin ganga til yfirborgardómara, sem síðar úthlutar þeim til hinna ýmsu dómara við embættið, er ákveða svo í samræmi við starfshætti sína næstu fyrirtöku málanna. Áður var hins vegar sá háttur á hafður, að mál voru til meðferðar á hinum reglulegu bæjarþingum, meðan á gagnaöflun í þeim stóð, og þá fyrst, er henni var lokið, var málunum úthlutað til hinna einstöku dómara til framhaldsmeðferðar. Þess vegna fóru til dæmis yfirheyrslur fram á ýmsum tímum, öðrum en hinum ákveðnu fyrirtektardögum á reglulegum bæjarþingum, og að þeim loknum gengu málin á ný inn á hið reglulega bæjarþing, þar sem frestir voru teknir á þann hátt, sem að framan segir. Þetta leiddi til þess, að ýmsir dómarar gátu haft meðferð sama máls með höndum, þangað til gagnaöflun í því var lokið. Í samræmi við þessa starfsháttu var undirrituðum dómara falið að halda yfirheyrslur í málinu, og fór þinghald fram í því skyni 1. marz 1968. Fór málið að því búnu aftur til meðferðar á hinu reglulega bæjarþingi í samræmi við það, sem áður er sagt, þar sem umboðsmenn aðilja fengu áframhaldandi sameiginlega fresti til frekari gagnaöflunar, svo sem áður er greint frá.

Þann 19. maí 1972 úthlutaði yfirborgardómari formlega málinu undirrituðum dómara til meðferðar. Þá stóð svo á, að hinn 11. janúar 1971 hafði undirritaður dómari kveðið upp dóm í mál-

inu: Haraldarbúð h/f gegn Björgvin Þorbjörnssyni. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og þar sem umboðsmenn aðilja þess máls voru sammála um, að dómur í því máli hefði hugsanlegt fordæmisgildi fyrir önnur mál, þar sem stefnandi var hinn sami, og til meðferðar voru hér fyrir bæjarþinginu, þar á meðal mál það, sem hér liggur fyrir, var ákveðið að hafast ekki að í málinu, fyrr en hæstaréttardómur væri genginn í fyrst nefndu máli. Dómur í því máli gekk í Hæstarétti 21. febrúar 1973. Eftir að endurrit þess dóms var fengið, boðaði undirritaður dómari til þinghalds í máli því, sem hér liggur fyrir, og var það haldið 7. marz 1973. Í því þinghaldi kom fram frávísunarkrafa af hálfu stefnda, en sökum mikilla anna dómarans reyndist eigi unnt að boða til munnlegs málflutnings um hina framkomnu frávísunarkröfu fyrr en 9. maí 1973. Í því þinghaldi féll umboðsmaður stefnda frá frávísunarkröfu sinni, en neitaði þess í stað beiðni umboðsmanns stefnanda um frekari frest til gagnaöflunar. Var það ágreiningsefni þá tekið til úrskurðar, en áður var umboðsmönnum aðilja gefinn kostur á að tjá sig um ágreiningsefnið.

IV.

Umboðsmaður stefnanda vísaði til niðurlags í endurriti frá þinghaldi 1. marz 1968, þar sem segir, að yfirheyrslum í málinu væri frestað. Þess vegna teldi hann, að ekki hefði þurft að biðja sérstaklega um frekari yfirheyrslur. Annars hafi málið frestazt vegna þess, að ákveðið hefði verið að bíða hæstaréttardóms í öðru máli, sem talið hefði verið, að gæti haft fordæmisgildi fyrir þetta mál. Að þeim hæstaréttardómi uppkveðnum hefði málið verið tekið fyrir og þá hefði strax komið fram ósk af hálfu stefnanda um frekari yfirheyrslur. Nú væri hins vegar sérstaklega brýnt vegna mótmæla af hálfu stefnda við gögnum, sem í þessu þinghaldi hefðu verið lögð fram af hálfu stefnanda, að aðiljar og vitni kæmu fyrir dóm til að tjá sig meðal annars um þessi skjöl. Vegna þeirra gagna væri einnig sérstök ástæða til, að stefndi kæmi aftur fyrir dóm, til þess að þau skjöl yrðu borin saman við fyrri framburð hans. Loks vitnaði lögmaðurinn til þess, að í málinu hefði í síðasta þinghaldi verið frestað án athugasemda af hálfu stefnda, svo og, að samkomulag hefði verið um að bíða eftir hæstaréttardómi, svo sem áður er getið.

Umboðsmaður stefnda kvaðst lýsa allri sök á hendur stefnanda vegna dráttar á málinu, minnti á, að mál þetta hefði verið þingfest 12. janúar 1965, en frá þeim tíma hefði stefnandi ekki hlut-

azt til um neina gagnaöflun þangað til í þessu þinghaldi, að hann legði fram áðurnefnd skjöl. Lagði umboðsmaðurinn fram í réttinum afrit af bréfi til yfirborgardómara, dags 11. maí 1967, þar sem þess væri óskað, að hið allra fyrsta færi fram aðiljayfirheyrsla í þessu máli. Í framhaldi af því hefði stefndi komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Því þinghaldi hafi lokið með bókun um, að yfirheyrslum yrði frestað, og því hefði stefnanda verið í lófa lagið að óska eftir frekari yfirheyrslum, enda hefði bókunin gefið fullt tilefni til þess. Umboðsmaðurinn vísaði til skýrslu stefnda í málinu og sagðist ekki sjá, að þörf væri á frekari skýrslu af hans hálfu. Gögn þau, sem umboðsmaður stefnanda vildi nú, að borin væru undir stefnda, hefðu ekki legið fyrir, er hann gaf aðiljaskýrslu sína, og ekki væri komin fram nein skýring á því, hvers vegna þau gögn hefðu ekki legið fyrir á þeim tíma. Loks vísaði lögmaðurinn til bókunar af sinni hálfu í þinghaldi 7. marz 1973 þess efnis, að hann teldi málið vera komið í mikið óefni vegna óhæfilegs dráttar, er stefnandi ætti sök á, og hefði því málið engan veginn verið flutt með hæfilegum hraða, svo sem lög gerðu ráð fyrir. Ekki væri fram komið, að af hálfu stefnanda hafi verið hlutazt til um, að gagnaöflun færi fram á þeim langa tíma, sem mál þetta hefði verið til meðferðar. Að öllu þessu athuguðu neitaði hann um frekari frest í málinu.

V.

Við þingfestingu máls þessa voru lögð fram af hálfu stefnanda eftirtalin skjöl: Stefna, tvö vélrituð blöð, er stefnandi kallaði viðskiptareikning, og nr. 3 greinargerð. Frá því að greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram í þinghaldi 2. marz 1965, svo sem áður er getið, fór ekki fram nein gagnaöflun af hálfu aðilja málsins, fyrr en stefndi kom fyrir dóm 1. marz 1968 og einnig er áður getið. Í því þinghaldi lágu þess vegna ekki fyrir önnur skjöl en áður eru upp talin. Skjöl þau, sem af hálfu stefnanda voru lögð fram í þinghaldi 9. maí 1973, er munnlegur málflutningur skyldi fara fram um áður framkomna frávísunarkröfu af hálfu stefnda, eru þessi: Þrjár handskrifaðar kvittanir, undirritaðar af Stefáni Jónssyni, dags. 1958 og 1959, þar sem meðal annars segir: „Móttekið fyrir akstur og fleira". Handskrifuð blöð, samanheft í þrennu lagi og þannig lögð fram og af hálfu stefnanda sögð vera úttektarnótur stefnda. Þessar nótur, sem eru afrit, eru dags. frá 3. nóvember 1958 til 24. nóvember s. á., frá 27. nóvember 1959 til 22. desember 1959 og frá 1. febrúar 1960 til 22. febrúar s. á. Þessum

skjölum mótmælti umboðsmaður stefnda þá þegar í þinghaldinu sem of seint fram komnum, röngum og þýðingarlausum fyrir málið. Er dómari innti umboðsmann stefnanda eftir því, hvort hin nýframlögðu gögn væru þau, sem svonefndur viðskiptareikningur á dskj. nr. 2 byggðist á, svaraði hann því til, að þessi gögn væru sýnishorn um úttekt af hálfu stefnda.

Svo sem nú hefur verið rakið, hefur orðið vítaverður dráttur á gagnaöflun í máli þessu. Engar frambærilegar skýringar hafa komið fram af hálfu stefnanda um það, hvers vegna gögn þau, sem hann óskar nú, að borin verði undir stefnda, sem áður hefur komið fyrir dóminn til skýrslugerðar, lágu eigi fyrir, er það þinghald fór fram. Af hálfu stefnanda er eigi heldur greinilega fram komið, hverra annarra frekari gagna hann hyggst afla, þar á meðal ekki, hver vitni hann hyggst leiða í málinu. En jafnvel þótt slíkt lægi fyrir, hefur stefnandi, svo sem nú hefur verið rakið, haft slík tilefni til hvers konar gagnaöflunar á fyrri stigum málsins, að synja verður frestbeiðni hans, sem nú hefur verið fram borin.

Málskostnaðarkröfur hafa eigi komið fram í þessum þætti málsins.

Úrskurður þessi er eigi fyrr upp kveðinn vegna veikindaforfalla dómara.

Úrskurð þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson borgardómari.

Úrskurðarorð:

Beiðni stefnanda, Haraldarbúðar h/f, um gagnaöflunarfrest er synjað.

Mánudaginn 18. júní 1973.

Nr. 76/1972: **Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins**
(Einar Viðar hrl.)
gegn
Birni Jónssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sjálfskuldarábyrgð.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1972. Gerir hann þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 296.627.10 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar þær, sem málssókn áfrýjanda er reist á, eru óljósar. Stefndi hafði á þeim tíma, sem yfirlýsingarnar voru gefnar, ekki bein reikningsviðskipti við áfrýjanda, heldur fékk vörur frá honum á vegum Samkaupa h/f. Hann rak verzlanir sínar með ótakmarkaðri ábyrgð. Hlaut honum að vera ljóst, að ábyrgða hans var óskað vegna fyrrgreindra viðskipta. Hins vegar verða yfirlýsingarnar einungis skýrðar á þann veg, að stefndi hafi tekið á sig ábyrgð á þeim viðskiptaskuldum Samkaupa h/f við áfrýjanda, sem stöfuðu af viðskiptum þeirra þriggja verzlana, sem greindar eru í yfirlýsingum hans. Eins og þeim var háttað, bar nauðsyn til, að áfrýjandi aðgreindi sérstaklega í bókhaldi sínu úttektir og greiðslur Samkaupa h/f vegna verzlana stefnda. Viðurkennt er, að stefndi hefur goldið hlutafélaginu kaupverð varanna. Áfrýjandi hefur ekki gert grein fyrir því, að hverju leyti þær greiðslur, sem honum bárust, voru vegna vörukaupa stefnda. Hann hefur því ekki sýnt fram á, að um skuld

sé að ræða, sem ábyrgðaryfirlýsingar stefnda taki til. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eins og málið er vaxið, þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. marz 1972.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. marz s.l., hefur Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins í Reykjavík höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur gegn Birni Jónssyni, Vesturgötu 17 A, Reykjavík, með stefnu, birtri 25. janúar 1971.

Dómkröfur stefnanda í stefnu málsins eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 323.441.11 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1967 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krafðizt þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 296.627.10 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan er getið.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Sættir hafa verið reyndar með málsaðiljum, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

II.

Málavextir eru þessir: Á árinu 1946 var stofnað í Reykjavík hlutafélagið Samkaup. Stofnendur þess voru nokkrir kaupmenn í Reykjavík og víðar. Stefndi gerðist hluthafi í félaginu og var stjórnarformaður þess frá 31. október 1955 til 22. marz 1968, sbr. framlagt ljósrit úr firmaskrá Reykjavíkur, dskj. nr. 41. Tilgangur félagsins var m. a. að gera innkaup á nokkrum vörutegundum, svo sem tóbaki og fleiru, fyrir félagsmenn og fá hagstæðari kjör með því að gera stærri innkaup. Voru þau fyrst fólgin í því, að veittur var ákveðinn afsláttur, 2%, en síðar í því, að viðskiptamenn fengu lengri greiðslufrest. Samkaup h/f ann-

aðist þessi innkaup þar til í apríl 1967, að síðustu úttektir fóru fram, enda tók þá stefnandi fyrir öll lánsviðskipti við Samkaup h/f vegna skuldar fyrirtækisins við stefnanda.

Frá upphafi settu félagsmenn Samkaupa h/f stefnanda persónulegar tryggingar fyrir úttektum verzlana sinna hjá stefnanda, og voru þær upphaflega í formi tryggingarvíxla, sem félagsmenn samþykktu og afhentu stefnanda. Á árunum 1965—1966 var þessu fyrirkomulagi breytt þannig, að í stað víxlanna undirrituðu félagsmenn sjálfskuldarábyrgðir, er afhentar voru stefnanda.

Stefndi í máli þessu, Björn Jónsson, átti þrjár verzlanir, sem Samkaup h/f gerði innkaup fyrir hjá stefnanda, Verzlun Halla Þórarins og verzlunina Foss í Reykjavík og verzlunina Reykjafoss í Hveragerði. Úttektir fóru venjulega þannig fram, að viðkomandi kaupmaður hafði samband við Samkaup h/f og bar fram pöntun. Af hálfu Samkaupa h/f var síðan útfylltur sérstakur pöntunarseðill, er síðan var sendur til stefnanda. Þar var úttektum fyrir hverja verzlun haldið sér, þannig að fært var á reikningsyfirlit Samkaupa h/f fyrir hvaða verzlun hver úttekt var. Inn á skuldina við stefnanda greiddi Samkaup h/f hins vegar í „slumpum", og var þess aldrei getið af hálfu Samkaupa h/f, að ákveðin innborgun væri fyrir nokkurn sérstakan aðilja. Reikningsyfirlit Samkaupa h/f hjá stefnanda sýnir því einungis heildarskuld þess fyrirtækis við stefnanda vegna umræddra viðskipta. Að sögn stefnanda nam sú skuld, er mál þetta var höfðað, kr. 1.142.531.12, en að leiðréttingu, sem stefnandi hefur gert á þeirri tölu, verður síðar vikið.

Stefnandi reyndi að fá Samkaup h/f til að greiða skuld þessa, og hefur verið lagt fram í málinu innheimtubréf, dagsett 6. maí 1969, frá stefnanda til Samkaupa h/f. Samkaup h/f greiddi ekki skuldina, og var fyrirtækið úrskurðað gjaldþrota hinn 7. október 1971, og við uppskrift reyndist búið eignalaust.

Fyrir þann tíma höfðu hins vegar lengi staðið yfir samningaviðræður milli stefnanda og eigenda hinna ýmsu verzlana, sem að Samkaupum h/f stóðu, og þar á meðal stefnda, um greiðslu á þessari skuld, og fóru fram bréfaskipti af því tilefni, sbr. dskj. nr. 30 og 31. Verzlunareigendurnir neituðu greiðslum, og segir af því tilefni í greinargerð stefnanda: „Er því haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi þegar greitt úttektir sínar hjá Á. T. V. R. til Samkaupa h/f, og hinu sama halda félagar hans fram. Þetta mun vera rétt, en hins vegar stóðu forsvarsmenn Samkaupa h/f ekki skil á þeim peningum til Á. T. V. R."

Dskj. nr. 30 er bréf lögmanns umræddra verzlunareigenda til stefnanda, dagsett 5. júlí 1969. Er í bréfinu fyrst vísað til samtals lögmannsins við forsvarsmenn stefnanda, en síðan segir orðrétt: „Í ofangreindu samtali, sem fór mjög vinsamlega fram, eins og vænta mátti, kom það fram frá umbj. m., að þrátt fyrir það, að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingarnar væru upphaflega útgefnar vegna eigin vöruúttekta, og þrátt fyrir það, að verzlanirnar hafa greitt vöruandvirði allt til Samkaupa h.f., sem hins vegar virðist ekki hafa staðið skil á greiðslunum til yðar, og þó að ekki sé haldið aðskildu hjá yður vöruúttektum einstakra verzlana, sem gáfu ábyrgðaryfirlýsingarnar, þá eru umbj. m. allir að vilja gerðir til þess að koma á móts við yður og fá fram friðsamlega lausn til þess að báðir aðilar, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins annars vegar og hver einstakur ábyrgðaraðili hins vegar, verði fyrir sem minnstu tjóni á samningslegan hátt og án þess að til málaferla komi. Aðilar þeir sem hér um ræðir:

Nafn:	Fjárhæð ábyrgðarskuldbindingar:
Vörðufell	kr. 75.000.00
Ávaxtabúðin	— 150.000.00
Bragabúð og verzl. Herjólfur	— 100.000.00
Verzlunin Fossvogur	— 170.000.00
Grensáskjör	— 115.000.00
Gunnlaugsbúð	— 40.000.00
Verzl. Jónasar Sigurðssonar	— 55.000.00
Vaðnes	— 85.000.00
Vísir	— 140.000.00
Verzl. Péturs Kristjánssonar	— 75.000.00
Verzl. Jóns Matthísen, Hafnarf.	— 95.000.00
Verzl. Halla Þórarins, verzl. Foss. og verzl. Reykjafoss	— 405.000.00
	Kr. 1.505.000.00

Umbj. m. telja, að til mála geti komið frá þeirra hendi að semja nú þegar við yður án þess að leggja fram skuldbindandi tilboð í því efni, fyrr en vitað er um undirtektir yðar, á eftirtalinn hátt:

1. Á sínum tíma voru ábyrðaraðilarnir í Samkaupum h/f nokkuð fleiri, þ. e. Sunnubúðin, Kársneskjör, Straumnes, og N. og B. voru þá einnig með, með ábyrgðaryfirlýsingar að fjár-

hæð kr. 525.000.00, en þeir munu hafa samið við yður um það, er þeir færðu viðskipti sín frá Samkaupum til Matkaupa, að ábyrgðaryfirlýsingar þeirra flyttust frá hinu fyrrnefnda til hins síðarnefnda með þeim afleiðingum, að þeir, sem eftir urðu í Samkaupum, eru nú raunverulega látnir ábyrgjast greiðslur vegna hluta þeirra, sem á brott fóru að yðar samþykki. Það eru því tilmæli umbj. m., að frá þeirri fjárhæð, sem þér óskið nú, að ábyrgðarskuldbinding umbj. m., kr. 1.142. 535.12, nái til, verði dregnar fyrst áðurnefndar kr. 525.000.00

2. Sú fjárhæð, sem þá verði eftir, kr. 617.535.12, deilist hlutfallslega miðað við ábyrgðaryfirlýsingarnar á útgefendur þeirra.
3. Fyrir þeirri fjárhæð, sem þannig fæst á hvern aðila, þá gefi hann út veðskuldabréf, veðtryggt í fasteign, teknu gildu af yður, en greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 15 árum og með 5% ársvöxtum til greiðslu upp í skuldir Samkaupa h. f. hjá yður, enda fái hlutaðeigandi aðilar yfirlýsingu frá yður um það, að þeir séu lausir undan öllum frekari ábyrgðarskuldbindingum vegna Samkaupa h. f. og að þeir eigi þann rétt gegn Samkaupum h. f. eða forráðamönnum þess fyrirtækis, sem þér áttuð vegna þessara fjárhæða."

Hinn 22. september 1969 ritar áðurnefndur lögmaður stefnanda annað bréf, þar sem meðal annars segir orðrétt: „Ég vísa til bréfs míns til yðar, hr. forstjóri, dagsetts 5. júní s.l., vegna sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar nokkurra verzlana til fyrirtækis yðar.

Umbjóðendur mínir telja miklar horfur á eftir viðtal við yður, að tilboði þeirra í nefndu bréfi mínu verði hafnað.

Ég vil minna á eftirfarandi atriði, sem öll hníga að því, að umbj. m. séu ekki ábyrgir hver um sig, nema sem því svarar, sem reikningur þeirra hjá yður segir til um, en séu ekki ábyrgir vegna vöruúttekta annarra aðila, þó að þeir séu hnýttir félagsböndum með þeim í Samkaupum h. f.:

1. Sjálfskuldarábyrgaryfirlýsingin er gefin vegna viðskiptaskuldar, sem hlutaðeigandi verzlun kann á hverjum tíma að skulda Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins vegna vöruúttektar. Ábyrgðinni verður því ekki beitt vegna skulda Samkaupa h. f. við fyrirtæki yðar, heldur vegna skuldar hlutaðeigandi verzlunar vegna úttektar hennar á tóbaki frá fyrirtæki yðar, hvort sem það var fyrir milligöngu Samkaupa h. f. eða með öðrum hætti. Þess vegna á kaupmaðurinn kröfu

á að fá að vita niðurstöðu reiknings síns að undangengnu yfirliti yfir úttektir og inngreiðslur, áður en ábyrgðin verður gerð virk gagnvart honum.

2. Verzlanir þær, sem ég er umbjóðandi fyrir samkvæmt bréfi mínu frá 5. júní s.l., hafa allar greitt vöruandvirðið til Samkaupa h. f., og mátti stofnun yðar fyrr og síðar vera það ljóst. Ekki er eðlilegt, að viðskiptamenn telji sér skylt að tvígreiða sömu vöruna.
3. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni, svo sem fyrr segir, var skylt að halda vöruúttektum sjálfskuldarábyrgðarmanna aðskildum frá annarra úttektum. Þetta hefur eigi verið gert, svo sem fyrr segir. Í framkvæmd hefur verið viðurkennt, að hver og einn sé aðeins ábyrgur fyrir sinni úttekt, og á ég þar við Sunnubúð, Kársneskjör, Straumnes o. fl. ábyrgðaraðila, er Samkaup h. f. hafði milligöngu um kaup fyrir og ekki eru taldir ábyrgir vegna skulda Samkaupa h. f. við yður.
4. Tilboð umbjóðenda minna í bréfinu frá 5. júní s.l. um greiðslu á skuldum Samkaupa h. f. við yður var gefið með þeim fyrirvara, eins og fram kemur í bréfinu, að þar væri ekki um skuldbindandi tilboð að ræða og að þetta var aðeins sett fram til þess að fá friðsamlega lausn á deilumáli, en alls ekki vegna þess, að umbj. mínir viðurkenndu að nota mætti ábyrgðaryfirlýsingar þeirra vegna skulda Samkaupa við yður.

Af ofangreindu tilefni lýsi ég því yfir fyrir hönd umbjóðenda minna, að þeir telja sig ekki á nokkurn hátt vera ábyrga fyrir öðru en úttektum verzlana sinna hjá yður. Skora ég á yður að gefa yfirlit um, hvað hver þessara aðila skuldar samkvæmt reikningum yðar."

Í bréfi stefnanda til lögmanns síns á dskj. nr. 32 kemur fram, að Sunnubúðin og verzlunin Straumnes hættu að kaupa tóbak á vegum Samkaupa h/f í árslok 1962, að verzlunin Kársneskjör skipti við Samkaup h/f til ársloka 1966, en síðan ekki, og að verzlunin Nonni og Bubbi hélt viðskiptum áfram þar til í apríl 1967, þegar vöruafgreiðsla við Samkaup var stöðvuð af stefnanda. Um þetta atriði segir nánar í öðru bréfi stefnanda til lögmanns síns á dskj. nr. 39: „Verzl. Nonni & Bubbi höfðu alltaf nokkur persónuleg viðskipti við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins framhjá Samkaupum h. f. á umræddu tímabili. En fyrri part árs 1967 hættu þeir að verzla hér í Reykjavík, bæði persónulega og einnig gegnum Samkaup h. f. Ástæðan var sú, að þá var búið að opna

útsölu í Keflavík og í sambandi við hana tóbaksafgreiðslu. Fluttu verzlanir á Suðurnesjum sín tóbaksviðskipti þá til Keflavíkur. Mun verzlunin Nonni & Bubbi þá hafa fengið afhenta tryggingu sína, enda var sett ný trygging hjá útsölustjóranum í Keflavík. Var rætt við forstjóra Samkaupa um þessa breytingu, og taldi hann ekki, að umrædd verzlun skuldaði þar neitt. Hvað þessi trygging var há, getum vér ekki séð.

Sunnubúðin og verzlunin Straumnes hættu viðskiptum hér í gegnum Samkaup h. f. 1962. Kváðu eigendur þeirra sig vera gengna úr samtökunum og hafa þá gert upp allar sínar sakir við þau. Munum vér ekki betur en forstjóri Samkaupa h. f. hafi staðfest þetta munnlega. Sama er að segja um Kársneskjör, sem keypti gegnum Samkaup h. f. til ársloka 1966."

Stefndi kom fyrir dóm þann 28. janúar 1972. Þar staðfesti hann undirskrift sína á sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingum á dskj. nr. 22—24, en þau skjöl eru öll undirrituð 9. marz 1966. Dskj. nr. 22 er þannig orðrétt:

„ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERZLUN
RÍKISINS

SJÁLFSKULDARÁBYRGÐ

Ég undirritaður Björn Jónsson, Vesturgötu 17 a, ábyrgist hér með sem sjálfskuldarábyrgðarmaður viðskiptaskuld, sem Verzl. Foss, Bankastr. 2, kann á hverjum tíma að skulda Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins vegna vöruúttektar. Þó ekki hærri upphæð en nemur að höfuðstól kr. 55.000.00 krónum — fimmtíu og fimm þúsund 00/100 — auk vaxta og alls kostnaðar, sem leiða kann af vanskilum.

Sjálfskuldarábyrgð þessi er óafturkallanleg.

Mál út af ábyrgð þessari má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án þess að leita þurfi til sáttanefndar.

Reykjavík, 9. marz 1966
Björn Jónsson

Vottar:
Gunnar Skagfjörð
Ragnar Jónsson"

Sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing á dskj. nr. 23 er algerlega samhljóða þessari að öðru leyti en því, að hún á við Verzlun Halla Þórarins, og fjárhæðin er kr. 210.000.00, og sjálfskuldarábyrgðar-

yfirlýsing á dskj. nr. 24 er sömuleiðis alveg samhljóða að öðru leyti en því, að hún á við verzlunina Reykjafoss, Hverageröi, og fjárhæðin er kr. 140.000.00.

Stefndi sagði fyrir dómi, að hann hefði í fjölda mörg ár og áður en ofangreindar sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar voru gefnar út, haft liggjandi hjá stefnanda ábyrgðaryfirlýsingar vegna viðskipta verzlana sinna við fyrirtækið, bæði þegar þær skiptu beint við stefnanda og á þeim tíma, er viðskiptin fóru fram í gegnum Samkaup h/f. Um hafi verið að ræða persónuábyrgðir fyrir fyrirtæki stefnda, en ekki neitt sameiginlegt vegna Samkaupa h/f. Allir kaupmenn, sem haft hafi sams konar viðskipti við Samkaup h/f, hafi gefið út sams konar sjálfskuldarábyrgðir að kröfu stefnanda. Sagði stefndi, að nefndar sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar væru endurnýjun á fyrri ábyrgðum til handa stefnanda. Stefnda var þá sýnt tryggingarbréf á dskj. nr. 36, þar sem segir orðrétt: „Ég undirritaður, Björn Jónsson, kaupmaður, Vesturgötu 17 a, Reykjavík, geri kunnugt: Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldar, sem ég kann á hverjum tíma að vera í við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins vegna verzlunarinnar Foss, Bankastræti 2, Rvík, Verzl. Halla Þórarins, Hverfisgötu 39, og Vesturgötu 17 A, báðar í Rvík, og verzl. Reykjafoss, Hverageröi, að fjárhæð allt að kr. 500.000.00 — fimm hundruð þúsund krónur 00/100 — auk vaxta og alls kostnaðar, sem leiða kann af vanskilum, veðset ég hér með Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins fasteign mína ....". Stefndi sagði, að tryggingarbréf þetta væri framhald á byrgðum, þar sem sjálfskuldarábyrgð væri breytt í veðskuldarábyrgð vegna kröfu stefnanda um, að fasteignaveð lægi að baki skuldbindingu. Nánar spurður um þessar ábyrgðir sagði stefndi orðrétt: „Mín fyrirtæki lögðu aldrei fram neina ábyrgð til Samkaupa h/f, og ég lagði aldrei fram neinar ábyrgðir vegna viðskipta minna við Samkaup h/f."

Stefndi sagði og, að viðskipti hans beint við stefnanda hafi hafizt á árinu 1967 og á þeim tíma hafi hann ekki átt viðskipti við stefnanda í gegnum Samkaup h/f. Stefndi var þá að því spurður, hvort verzlanir hans hefðu verið í lánsviðskiptum við stefnanda fram hjá Samkaupum h/f á árunum 1965, 1966 og 1967. Stefndi svaraði fyrst orðrétt: „Ég myndi ekki kalla, að ég hafi verið í lánsviðskiptum við Á. T. V. R., en ég keypti vörur hjá þeim fram hjá Samkaupum h/f á þessum tíma." Eftir nánari spurningar sagði stefndi, að í sumum tilfellum hafi þessum viðskiptum verið þannig háttað, að verzlanir hans hafi tekið út í

reikning hjá stefnanda, sem síðan hafi þá verið greiddur um næstu mánaðamót. Að öðru leyti hafi verið um staðgreiðsluviðskipti að ræða.

Stefndi lýsti hins vegar viðskiptum verzlana sinna við stefnanda á þeim tíma, sem þau fóru fram í gegnum Samkaup h/f, þannig, að Samkaup h/f hafi keypt vörur af stefnanda og hafi þær farið inn á „kontó" Samkaupa h/f. Samkaup h/f hafi síðan afgreitt vörur til verzlana stefnda eins og annarra úr reikningi Samkaupa h/f, en verzlanir stefnda hafi á hverjum tíma verið skuldlausar við Samkaup h/f.

Vegna ummæla stefnda um viðskipti fyrirtækja hans við stefnanda á árunum 1965—1967 segir svo í áðurnefndu bréfi stefnanda til lögmanns síns á dskj. nr. 39:

„Samkvæmt beiðni yðar höfum vér athugað viðskipti eftirtalinna fyrirtækja við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins á árunum 1965—1967.

Bragabúð
Verzl. Herjólfur
Verzl. Fossvogur
Grensáskjör
Gunnlaugsbúð
Verzl. Jónasar Sigurðssonar
— Vaðnes
— Vísir
— Péturs Kristjánssonar
— Jóns Mathiesen
— Halla Þórarins
— Foss
— Reykjafoss
— Vörðufell.

Vér getum ekki séð í bókum stofnunarinnar, að nokkurt þessara fyrirtækja hafi átt lánsviðskipti utan við Samkaup h. f. fyrr en í maí 1967, en þá var búið að loka fyrir öll lánsviðskipti til Samkaupa h. f. Eftir þann tíma byrja fyrr nefndir aðilar persónuleg viðskipti við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, enda settu þeir þá nýjar tryggingar fyrir úttekt sinni. Þetta á jafnt við um Björn Jónsson og aðra."

Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri stefnanda, kom fyrir dóm áðurnefndan þingdag. Um tilefni þess, að stefndi undirritaði nefndar sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar á dskj. nr. 22—24 sagði hann orðrétt: „Þarna er um lánsviðskipti að ræða. Kaupmenn hér í

Reykjavík og nágrenni höfðu möguleika á þrjátíu daga greiðslufresti frá útláni, og þetta notuðu þeir sér í ríkum mæli. En þar sem þarna er um stórar fjárhæðir að ræða, þá taldi Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins sér ekki fært annað en að fá einhverja tryggingu fyrir skilvísri greiðslu. Til að byrja með voru þetta mest víxlar, tryggingarvíxlar, en þar sem þurfti að endurnýja þá árlega, þá var farið yfir í sjálfskuldarábyrgð. Nú sá Samkaup um úttekt fyrir sína félagsmenn, og þá kröfðumst við þess, að þeir settu tryggingu eins og aðrir fyrir sínum úttektum. Þannig eru þessar tryggingar Björns Jónssonar til komnar." Vitnið sagði, að þegar ábyrgðirnar voru gefnar út, hafi stefndi, eins og allir aðrir aðiljar Samkaupa h/f, sem verið hafi í reikningsviðskiptum, skuldað stefnanda meira en mánaðaráttekt, yfirleitt einn og hálfan mánuð, því að sá hafi greiðslufresturinn verið í raun, þó að miða hafi átt við þrjátíu daga. Stefnandi hafi beðið um nefndar sjálfskuldarábyrgðir beinlínis vegna viðskipta kaupmanna við Samkaup h/f og stefnanda. Það eina, sem Samkaup hafi annazt í þessu sambandi, hafi verið að panta vörurnar fyrir kaupmennina. Skrifuð hafi verið nóta á Samkaup h/f og tekið fram í hvert sinn, fyrir hvaða verzlun hver úttekt var, og síðan hafi Samkaup h/f annazt greiðslu reikninganna. Vitnið sagði, að inngreiðslur frá Samkaupum h/f hafi verið bókaðar hjá stefnanda á þann hátt, sem fram komi á dskj. nr. 21. Samkaup h/f hafi borgað í „slumpum" fyrir hina einstöku kaupmenn innan vébanda Samkaupa h/f, en Samkaup h/f hafi átt að gera upp eftir einn mánuð frá úttekt fyrir alla sína viðskiptamenn. Vitnið var að því spurt, hvort stefnandi hafi sent fyrirækjum stefnda reikningsyfirlit um hver áramót. Vitnið svaraði því til, að Samkaupum h/f hafi verið sent yfirlit um hver mánaðamót, en stefndi hafi einmitt verið stjórnarformaður í því fyrirtæki. Vitninu var sýnt dskj. nr. 36 og spurt, hver hafi verið ástæða til útgáfu tryggingarbréfsins. Vitnið svaraði orðrétt: „Þetta bréf er gefið út, eftir að lokað var öllum viðskiptum fyrir Samkaup h/f, og þá var náttúrlega ekki annað hægt fyrir Björn Jónsson, ef hann ætlaði að halda áfram að kaupa tóbak, en gefa slíka tryggingu, ef hann ætlaði ekki að staðgreiða." Sagðist vitnið telja, að það hafi verið meiningin, að þetta bréf ætti aðeins við hin nýju viðskipti. Framburður stefnda varðandi nefnt dskj. var borinn undir vitnið, sem sagði, að ef skýring stefnda á tilefni þessa dómsskjals væri rétt, hefði stefndi fengið til baka ábyrgðaryfirlýsingarnar á dskj. nr. 22—24.

Vitnið Gunnar Skagfjörð Sæmundsson, framkvæmdastjóri Sam-

kaupa h/f, kom fyrir dóm áðurnefndan þingdag. Vitnið sagði, að umrædd viðskipti hefðu oftast farið þannig fram, að viðkomandi kaupmenn hafi hringt í Samkaup h/f, þar sem fylltur hafi verið út pöntunarseðill, sem síðan hafi verið farið með upp í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Þessir aðiljar hafi upphaflega greitt til Samkaupa h/f eftir hvern mánuð, þó þannig, að liðið hefðu 10—15 dagar fram yfir hver mánaðamót. Stefnandi hafi sent Samkaupum h/f reikningsyfirlit ásamt úttektarnótum hvers aðilja, sem oft hafi verið fleiri en einn í mánuði. Síðan hafi Samkaup h/f annazt innheimtu hjá viðkomandi aðilja. Skuld Samkaupa h/f við stefnanda hafi myndazt þannig, að í stað afsláttar, sem Samkaup h/f hafi upphaflega fengið, hafi fyrirtækinu verið veittur frestur á greiðslum nefndra aðilja til stefnanda. Umrætt afsláttarfyrirkomulag hafi varla staðið yfir nema í eitt ár eða svo, þannig að greiðslufrestsfyrirkomulagið hafi gilt meginið af umræddum viðskiptatíma. Vitnið sagði, að einstakir verzlunarmenn hefðu alltaf gert upp við Samkaup h/f. Vitnið sagði, að stefndi hefði verið stjórnarformaður Samkaupa h/f fram til 1965, en eftir það hafi það eiginlega „dæmzt" á vitnið að vera bæði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Vitnið sagðist halda, að umræddir kaupmenn hefðu skrifað undir sjálfskuldarábyrgðirnar á skrifstofu stefnanda, en hins vegar hafi Samkaup h/f verið beðið um að nálgast þær hjá þeim. Loks sagði vitnið, að á meðan Samkaup h/f hafi staðið í skilum, hafi uppgjör af hálfu Samkaupa h/f við stefnanda alltaf farið fram um hver mánaðamót.

Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 37 endurrit úr sjó- og verzlunardómsbók Reykjavíkur í málinu nr. 33/1971: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins gegn Pétri Kristjánssyni, og er þar um að ræða yfirheyrslu yfir stefnda í því máli, sem höfðað hefur verið af sams konar tilefni og mál það, sem hér liggur fyrir. Yfirheyrslan fór fram 4. febrúar 1972. Nefndur Pétur hefur undirritað sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu vegna verzlunar sinnar að Ásvallagötu 19 í Reykjavík, og er yfirlýsingin í sams konar formi og þær, sem lagðar hafa verið fram í þessu máli. Var sú yfirlýsing borin undir nefndan Pétur og hann að því spurður, fyrir hvað ábyrgðin væri. Hann sagði, að hún væri fyrir þáverandi viðskipti við Samkaup h/f og Tóbakseinkasöluna og hafi hún komið í stað tryggingarvíxils, sem fallið hefði niður eins og fyrri víxlar, þegar þeir hafi verið endurnýjaðir árlega. Hann sagðist ekki hafa átt nein bein viðskipti við stefnanda, eftir að viðskipti hófust í

gegnum Samkaup h/f, en þegar þau viðskipti hættu og hann hóf viðskipti beint við stefnanda, hafi hann sett stefnanda bankatryggingu og hafi þá sjálfskuldarábyrgðartryggingin fallið niður. Ekkert hafi verið minnzt á það, að hann fengi sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsinguna þá afhenta, og satt að segja hafi það bara gleymzt. Nefndur Pétur var að því spurður, hvort umrædd sjálskuldarábyrgð hafi verið sett til að tryggja úttektir Samkaupa h/f hjá Á. T. V. R. fyrir hann og verzlun hans. Nefndur Pétur svaraði þá orðrétt: „Það geri ég ráð fyrir."

Í málinu hefur enn fremur verið lagt fram sem dskj. nr. 38 endurrit úr sjó- og verzlunardómsbók Reykjavíkur í málinu nr. 34/1971: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins gegn Gísla Þorgeirssyni, og er þar um að ræða yfirheyrslur yfir nefndum Gísla í því máli, sem höfðað er af sams konar tilefni og mál það, sem hér liggur fyrir. Yfirheyrslan fór fram 4. febrúar 1972. Nefndur Gísli hefur undirritað sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu vegna verzlunarinnar Fossvogs, og er hún í sama formi og þær yfirlýsingar, sem lagðar hafa verið fram í þessu máli. Nefndur Gísli var á sama hátt spurður og áðurnefndur Pétur, fyrir hvað nefnd ábyrgðaryfirlýsing væri, og svaraði hann orðrétt: „Það var fyrir þessu tóbaksveseni uppi í Áfengis- og tóbaksverzlun." Þá var hann að því spurður, hvort nefnd sjálfskuldarábyrgð næði til viðskipta hans við Samkaup h/f. Nefndur Gísli svaraði orðrétt: „Já, þetta var gert í því augnamiði." Þá var hann að því spurður, hvort umrædd ábyrgð hafi verið sett til þess að tryggja úttektir Samkaupa h/f hjá stefnanda fyrir hann og verzlun hans. Nefndur Gísli svaraði þá orðrétt: „Það var bara fyrir úttektinni, sem fór svo í gegnum Samkaup h/f."

Í málinu hefur stefnandi lagt fram sem dskj. nr. 3—20 reikninga vegna úttekta Samkaupa h/f í marz og apríl 1967 fyrir verzlanir stefnda og sem dskj. nr. 21 reikningsyfirlit, sem er heildaryfirlit yfir úttektir og innborganir Samkaupa h/f. Nefndir reikningar eru stílaðir á Samkaup h/f vegna viðkomandi verzlana stefnda, en reikningsyfirlitið er stílað eingöngu á Samkaup h/f.

Vegna þess, hvernig inngreiðslum Samkaupa h/f til stefnanda var háttað, svo sem að framan er rakið, fékk stefnandi Kjartan Jóhannsson rekstrarverkfræðing til þess að reikna út og skipta áðurnefndri skuld Samkaupa h/f við stefnanda milli hinna ýmsu kaupmanna, sem Samkaup h/f gerði innkaup fyrir hjá stefnanda, miðað við úttektir Samkaupa h/f fyrir þá í marz og apríl 1967 og með hliðsjón af sjálfskuldarábyrgð þeirra. Byggir stefnandi

kröfur sínar í málinu á útreikningum þessum. Reikningsaðferðum er lýst í bréfi verkfræðingsins til lögmanns stefnanda á dskj. nr. 28, þar sem segir orðrétt:

„Að ósk yðar hef ég kynnt mér viðskipti Samkaupa h. f. og Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og reiknað út skiptingu skuldar á viðskiptaaðila samkv. samtali við yður.

Samkvæmt upplýsingum bókhaldsdeildar Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins nemur skuld Samkaupa h.f. kr. 1.142.531.12, og eru þá vextir ekki reiknaðir.

Upplýst er, að úttektir þeirra viðskiptaaðila, sem innkaup gera gegnum Saumkaup h. f. seinustu tvo viðskiptamánuðina, námu samtals kr. 1.363.943.97, og eru þessi viðskipti sundurliðuð í fylgiriti 1.

Á hjálagðri töflu hefur viðskiptaskuldinni verið skipt á viðskiptaaðilana í hlutfalli við úttektir þeirra hina tvo seinustu viðskiptamánuðina (marz, apríl 1967), og ber sá dálkur yfirskriftina hlutdeild í skuld. Þessi skuldarhlutdeild fæst þannig með því að margfalda heildarskuldina með hlutfallinu milli úttektar viðskiptaaðilans og heildarúttektar allra aðilanna (1.363.943.97). Jafnframt hefur verið gerður samanburður á þessum fjárhæðum og upphæð sjálfskuldarábyrgða."

Samkvæmt yfirliti því, sem vísað er til í þessu bréfi verkfræðingsins, voru úttektir verzlana stefnda umræddan tíma kr. 131. 394.10 vegna verzlunarinnar Reykjafoss, kr. 189.072.30 vegna verzlunar Halla Þórarins og kr. 73.765.40 vegna verzlunarinnar Foss. Með ofangreindum reikningsaðferðum reiknaði verkfræðingurinn síðan út „hlutdeildarskuld" hverrar verzlunar stefnda fyrir sig og fékk þá út tölurnar kr. 6.790.85 vegna verzlunarinnar Foss, kr. 158.379.58 vegna Verzlunar Halla Þórarins og kr. 110.064.53 vegna verzlunarinnar Reykjafoss. Tölur þessar leggur stefnandi til grundvallar stefnufjárhæð, þó þannig, að þar sem tala verkfræðingsins vegna verzlunarinnar Foss er kr. 6.790.85 hærri en sjálfskuldarábyrgð vegna þeirrar verzlunar, sbr. dskj. nr. 22, miðar stefnandi við fjárhæð þeirrar sjálfskuldarábyrgðar, þannig að stefnukrafan sundurliðast þannig: kr. 55.000.00 + 158.379.58 + 110.064.53 = 323.444.11.

Svo sem að framan er getið lækkaði stefnandi stefnukröfur sínar við munnlegan flutning málsins. Byggðist lækkunin á endurskoðun fyrri útreikninga, vegna þess að í þeim hafði vaxtaskuld fyrir árið 1967 að fjárhæð kr. 114.137.44 verið færð sem úttekt. Var heildarskuldin lækkuð sem nemur nefndri vaxtafjár-

hæð, þannig að heildarskuld Samkaupa h/f við stefnanda var talin nema kr. 1.028.393.68. „Hlutdeildarskuldir" voru síðan reiknaðar út að nýju með sömu reikningsaðferðum og að framan er getið, og komu þá út tölurnar, kr. 55.617.75 vegna verzlunarinnar Foss, kr. 142.557.80 vegna Verzlunar Halla Þórarins, kr. 99.069.30 vegna verzlunarinnar Reykjafoss, sbr. dskj. nr. 40. Eru hinar nýju stefnukröfur byggðar á þessum tölum að öðru leyti en því, að að því er varðar verzlunina Foss er miðað við upphæð sjálfskuldarábyrgðar, kr. 55.000.00, og sundurliðast þá dómkrafa stefnanda þannig: kr. 55.000.00 + kr. 142.557.80 + 99.069.30 = kr. 296.627.10.

III.

Stefnandi styður mál sitt þeim rökum, að með yfirlýsingum á dskj. nr. 22—24 hafi stefndi tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á skuld Samkaupa h/f við stefnanda vegna úttekta framangreindra þriggja verzlana sinna, að fjárhæð samtals kr. 405.000.00, sem er samanlögð fjárhæð yfirlýsinganna. Til að finna sanngjarna hlutdeild stefnda í heildarskuldinni hafi hann fengið sérfræðing til útreikninga, svo sem að framan er rakið, og byggist kröfugerð á hendur stefnda á þeim. Á umræddum tíma hafi stefndi vegna verzlana sinna ekki átt lánsviðskipti við stefnanda nema í gegnum Samkaup h/f. Vegna þess svo og með hliðsjón af málavöxtum í heild, þar á meðal framburðum Gísla Þorgeirssonar og Péturs Krisstjánssonar, sé ljóst, að sjálfskuldarábyrgðunum hafi verið ætlað að tryggja skuld Samkaupa h/f við stefnanda og beri að skýra þær á þann veg. Enn fremur sýni sáttatilboð á dskj. nr. 30, að stefndi telji sig bera ábyrgð á skuldinni. Loks var þá mótmælt af hálfu stefnanda við munnlegan málflutning, að krafan væri fallin niður fyrir fyrningu. Hvorki aðalskuld né ábyrgðarskuldbindingin væri fyrnd samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, og var af hans hálfu vitnað í 3. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laganna, því til stuðnings.

Kröfu sína um sýknu byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að krafa stefnanda sé fyrnd. Svokallaðar sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar séu gefnar út 9. marz 1966 og hafi því samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrnzt á sama mánaðardegi fjórum árum síðar samkvæmt þeirri meginreglu, að fyrningarfrestur samningsbundins loforðs hefjist á útgáfudegi loforðsins. Í öðru lagi er sýknukrafan studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, hvernig umræddar sjálfskuldaryfirlýsingar skuldbindi stefnda til greiðslu

stefnufjárhæðarinnar. Orðalag þeirra gefi ekki slíkt til kynna. Í þeim sé hvergi minnzt á Samkaup h/f, en samt sé því haldið fram af hálfu stefnanda, að þær eigi við viðskiptaskuld þess fyrirtækis við stefnanda. Svo víðtæka merkingu sé ekki hægt að gefa yfirlýsingunum þvert ofan í orðalag þeirra. Því er einnig haldið fram af hálfu stefnda, að eftir að umsvifum Samkaupa h/f lauk, hafi stefndi átt bein viðskipti við stefnanda og af því tilefni gefið út tryggingarbréf, sbr. dskj. nr. 36, sem hafi verið endurnýjun á fyrri ábyrgðum, sem við það hafi fallið niður. Loks er því haldið fram af hálfu stefnda, að reikningsgrundvöllur stefnufjárhæðar sé rangur og leiði það til sýknu. Í bréfi Samkaupa h/f til stefnanda, dags. 6. maí 1969, sé heildarskuld Samkaupa h/f talin vera kr. 2.617.531.12 að höfuðstóli. Í bréfinu sé því slegið föstu, að kr. 1.375.000.00 séu tryggðar með veði í húseign Gunnars Skagfjörðs, en kr. 1.142.531.12 séu tryggðar með sjálfskuldarábyrgðum ýmissa kaupmanna. Í bréfi umrædds verkfræðings til lögmanns stefnanda, dags. 18. janúar 1971, sé heildarskuld Samkaupa h/f talin nema síðarnefndu fjárhæðinni, hvernig svo sem það verði skilið til samræmis við fyrrgreint bréf. Fjárhæðin kr. 1.375.000.00 sé algerlega fundin út af stefnanda og Gunnari Skagfjörð í sameiningu án afskipta stefnda eða annarra kaupmanna. Síðan segist verkfræðingurinn finna hlutdeild hvers einstaks kaupmanns í svonefndri heildarskuld Samkaupa h/f með því að margfalda þessa tölu með hlutföllum milli úttektar hverrar verzlunar og heildarúttektar allra 14 verzlananna í marz og apríl 1967, sem verkfræðingurinn telji hafa numið kr. 1.363.943.97. Út úr þessu fái verkfræðingurinn tölu, sem verði viðmiðunartala stefnanda gagnvart hverri einustu stefnukröfu þannig, að viðmiðunartalan sé notuð, sé hún lægri en fjárhæð áðurnefndra skuldbindinga, en ella sé stefnufjárhæð hvers einstaks stefnda miðuð við fjárhæð ábyrgðarskuldbindingar. Þetta sé kyndug röksemdafærsla. Stefndi hafi greitt skuld sína við Samkaup h/f að fullu. Hann hafi ekki fremur verið skuldugur stefnanda fyrir vöruúttektir mánuðina marz—apríl 1967 en hann hafi verið fyrir vöruúttektir í sömu mánuðum á árunum 1965—1968. Stefnandi hafi ekki haft neinn rétt til þess að telja stefnda eða fyrirtæki hans til skuldar uppgefna úttektarfjárhæð eða tilbúna viðmiðunarfjárhæð verkfræðingsins. Stefnufjárhæðin sé á engum rökum reist. Sé miðað við ábyrgðarfjárhæðina, sé ranglega ályktað, að fyrir hendi sé skuld við stefnanda, sem sé þó höfuðskilyrði ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Viðurkennt sé, að inngreiðslur hafi aldrei ver-

ið færðar á reikninga einstaks fyrirtækis. Því sé ekki hægt að færa nokkur haldbær rök fyrir því, að ábyrgðaryfirlýsingarnar hafi tekið til skuldar við stefnanda, enda hafi ekki verið staðfest þrátt fyrir áskorun, hvenær sú skuld hafi átt að stofnast eða hver hún sé að fjárhæð.

IV.

Málatilbúnaður stefnanda byggist á því, að stefndi hafi gerzt sjálfskuldarábyrgðarmaður að þeirri viðskiptaskuld, sem fyrirtækið Samkaup h/f væri í við stefnanda vegna vöruúttektar nefndra þriggja verzlana stefnda með þeim hætti, sem að framan er lýst.

Stefnandi hefur hvorki með bókhaldsgögnum né á annan hátt sannað slíka skuld. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson dómsformaður ásamt meðdómsmönnunum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóhanni J. Ólafssyni stórkaupmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Jónsson, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. júní 1973.

Nr. 99/1971: **Dana Jóhannsdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Sigmari Péturssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kjarasamningar. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. júlí s. á. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér kr. 13.917.50 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa nokkur vitni verið yfirheyrð fyrir dómi. Þá hafa nokkur ný gögn verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal yfirlýsingar Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna frá 4. júní 1965. Í fyrri yfirlýsingunni kvaðst Félag framreiðslumanna taka „á sig alla ábyrgð og áhættu vegna álagningar þjónustugjalds á söluskatt í vínveitingahúsum, meðan enn er óútkljáð fyrir dómstólum, hvort það er í samræmi við íslenzk lög, að þjónustugjald sé lagt á söluskattinn." Síðan segir svo: „Með tilvísun til framanritaðs lætur Samband veitinga- og gistihúsaeigenda það óátalið, að framreiðslumenn leggi þjónustugjald ofan á söluskattinn, þar til úrslit viðkomandi dómstóls liggur (sic) fyrir." Með yfirlýsingu sama dag, er sömu aðiljar stóðu að, komu þeir sér saman um „að skjóta til almennra dómstóla eða Félagsdóms ágreiningi" m. a. um það, „hvort framreiðslumönnum sé heimilt að leggja þjónustugjald ofan á söluskatt". Samband veitinga- og gistihúsaeigenda höfðaði mál fyrir Félagsdómi gegn Félagi framreiðslumanna út

af þessu sakarefni, og var það þingfest 25. janúar 1967. Mál þetta féll niður 6. maí 1970, er aðiljar sóttu eigi dómþing, en áður en til þessa kom, var til dómsmáls þess stofnað, sem hér er til úrlausnar, er þingfest var í bæjarþingi Reykjavíkur 25. september 1969.

Samkvæmt aðiljaskýrslu áfrýjanda í héraði, sem ekki hefur verið vefengd, starfaði hún að framreiðslustörfum í veitingahúsi stefnda frá 1. maí 1968 til 15. apríl 1969. Lokauppgjör við áfrýjanda fór fram í júlí 1969, og er kvittun stefnda fyrir endurgreiðslu áfrýjanda á söluskatti af þjónustugjaldi að fjárhæð kr. 13.917.50 dagsett 21. júlí 1969.

Á starfstíma áfrýjanda hjá stefnda gilti um kjör hennar kjarasamningur frá 19. marz 1968 milli Félags framreiðslumanna, sem hún var félagi í, og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, er stefndi var aðili að. Samkvæmt 1. gr. samnings þessa skyldi áfrýjandi „fá þóknun frá viðskiptamönnum sem greiðslu fyrir starf sitt. Skal sú þóknun vera 15% miðað við verð veitinga til almennings". Er þetta ákvæði tekið upp í héraðsdóm, og er þar rækilega lýst aðdraganda að þessu ákvæði svo og lagarökum, er máli skipta um túlkun þess. Með vísun til raka héraðsdóms ber að fallast á túlkun hans á þessu ákvæði.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar m. a. á því, að stefndi hafi allt fram til lokauppgjörs við sig í júlí 1969 greitt sér fyrirvaralaust kaup í samræmi við þau kaupkjör, sem hún taldi rétta túlkun á framangreindum kjarasamningi, sbr. næstu málsgrein hér á undan.

Stefndi skýrir svo frá í aðiljaskýrslu sinni fyrir dómi hinn 21. maí 1970, „að fleiri af framreiðslumönnum veitingahússins hafi hætt störfum, en hann kveðst ekki hafa gert upp við þá á sama hátt og stefnanda máls þessa (þ. e. áfrýjanda), en þó gert upp við þá með fyrirvara". Kvaðst stefndi ekki hafa talið sér fært að gera upp við þá á sama hátt og áfrýjanda „vegna hættu á verkföllum og vandræðum, fyrr en þetta mál, er hér liggur fyrir, er til lykta leitt". Stefndi andæfir sjónarmiðum áfrýjanda um tómlæti af hans hálfu við uppgjör launa með vísan til þess, að Samband veitinga- og gisti-

húsaeigenda hafi slegið við almennan varnagla vegna félagsmanna sinna gagnvart stéttarfélagi áfrýjanda, er gilt hafi einnig um samninginn frá 19. marz 1968. Stefndi gerði upp við áfrýjanda án fyrirvara allt frá upphafi starfs hennar og fram til síðasta uppgjörs, sem fram fór, að því er virðist, þremur mánuðum eftir að hún lét af starfi hjá honum. Með þessu fyrirvaralausa uppgjöri allan starfstímann vakti stefndi áfrýjanda það traust, að hún hlyti laun í samræmi við skilning hennar á framangreindum kjarasamningi frá 19. marz 1968. Þegar af þessari ástæðu ber að fallast á kröfur áfrýjanda í máli þessu og dæma stefnda til að greiða henni þær kr. 13.917.50, er hann hélt eftir af kaupi hennar hinn 21. júlí 1969, ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1969 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmar Pétursson, greiði áfrýjanda, Dönu Jóhannsdóttur, kr. 13.917.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 13. f. m., hefur Dana Jóhannsdóttir, Efstalandi 22 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Sigmari Péturssyni veitingamanni, Stórholti 47 hér í borg, með stefnu, útgefinni hinn 16. september 1969, til greiðslu eftirstöðva vinnulauna að fjárhæð kr. 13.917.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 21. júlí 1969 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að hún hafi starfað sem framreiðslumaður á veitingahúsinu Sigtúni síðari hluta árs 1968 og fram á árið 1969, en á þeim tíma hafi stefndi rekið veitingahúsið á eigin ábyrgð. Á því ári hafi hlutafélagið Sigtún tek-

ið við rekstrinum og hafi stefnandi starfað þar áfram um skeið, þar til henni hafi verið sagt upp starfi. Er stefnandi hætti störfum, hafi hún átt þar inni nokkrar fjárhæðir. Í júlímánuði 1969 hafi stefnandi verið við störf utan borgarinnar, hafi móðir hennar átt að taka við eftirstöðvum af launum hennar. Er farið var að athuga launaumslag það, sem móðir stefnanda fékk í hendur, hafi komið í ljós, að auk ávísunar og kvittana, sem stefnandi kannaðist við, hafi þar verið að finna kvittun fyrir endurgreiðslu söluskatts af þjónustugjaldi, kr. 13.917.50. Stefnandi taldi sig ekki eiga að greiða umræddan söluskatt og krafði stefnda um greiðslu á umræddri fjárhæð, sem hún taldi á vanta, til að laun hennar væru að fullu greidd, en stefndi hefur synjað greiðslu, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að það muni hafa verið 1. maí 1968, að hún hafi ráðizt til starfa sem framreiðslumaður í veitingahúsinu Sigtúni hér í borg. Hún kveður það hafa verið stefnda, sem hafi ráðið sig til starfsins. Ekki kveður hún hafa verið rætt sérstaklega um kaup og kjör, en kveðst hafa gengið út frá því sem sjálfsögðu, að hún væri ráðin samkvæmt kjarasamningi Félags framreiðslumanna, sem hún kveður starfsfélag sitt, og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, sem veitingahúsið hafi verið aðili að. Stefnandi kveður Þórdísi Ríkharðsdóttur hafa verið eina starfandi farmreiðslumanninn í húsinu, er hún hóf störf. Það muni því örugglega hafa verið hún, sem hafi gefið sér upp verð veitinga að meðtöldum söluskatti og þjónustugjaldi, þ. e. það verð, sem hún átti að krefja gesti hússins um. Í verði þessu kveður hún, að vafalaust hafi verið innifalinn 10% skattur á svokallað „bommuverð", þ. e. verð veitinganna án söluskatts og þjónustugjalds. Kveðst hún marka þetta af því, að þegar framreiðslumenn skiluðu af sér á kvöldin, hafi þeir átt að rita „bommuverð" seldra veitinga á umslagið og bæta við það 10% og hafi þá komið út sú fjárhæð, sem þeir hafi átt að skila. Venjulegu launauppgjöri á þessum tíma hefur stefnandi lýst þannig: „Á kvöldin var kassinn sleginn út. Þá var bætt ofan á fjárhæðina, sem kassinn sýndi, 10%. Það, sem eftir var, það áttum við, 15%." Kveður stefnandi þetta hafa verið venjulegan hátt á uppgjöri launa, þegar veitingasalir voru opnir almenningi. Stefnandi kveður það hafa verið, eftir að ný reglugerð um sölu og veitingar áfengis kom til framkvæmda og vínskammturinn var minnkaður úr 4 cl. í 3 cl., að „bommuverðið" í húsinu hafi hækkað og hafi framreiðslumenn eftir það verið látnir skrifa söluna eina á uppgjörsumslagið. Kveður stefn-

andi sér hafa skilizt, að þessi hækkun á „bommuverðinu“ stafaði af því, að söluskatturinn var nú innifalinn. Stefnandi kveður nú einnig hafa verið gefna út verðskrá yfir áfengi, en fyrir þann tíma hafi hún ekki séð neina slíka verðskrá. Kveðst stefnandi hafa innheimt verð á veitingum í samræmi við hina nýju gjaldskrá, eftir að hún kom til. Eftir framangreinda reglugerðarbreytingu kveður hún fyrirkomulag launauppgjörs hafa verið þannig, að ekki hafi verið bætt við 10% við fjárhæð þá, sem í kassanum var, því þá hafi söluskattur o. fl. verið komið inn í verðið. Í þeim tilvikum, er hún þurfti að láta viðskiptavinum í té reikninga, kveðst hún ekki hafa sundurliðað söluskatt og þjónustugjöld, hvorki áður en reglugerðarbreytingin kom til né eftir það. Hún kveður sér hafa verið gefin upp tvö verð á veitingum, svokallað „bommuverð“ og útsöluverð, og kveður það hafa verið útsöluverðið, sem hún hafi ritað á slíka reikninga. Stefnandi kveðst ávallt hafa krafið gesti veitingahússins um það verð fyrir veitingar, sem fyrir hana hafi verið lagt að krefja. Stefnandi kveður það yfirleitt hafa verið stefnda sjálfan, sem hafi slegið út kassann á kvöldin, en eftir að yfirþjónn tók til starfa, þá hafi komið fyrir, að hann hafi gert það. Stefnandi kveður það einnig hafa komið fyrir, að skrifstofumaðurinn hafi slegið út kassann, er stefndi hafi ekki verið viðlátinn.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ráðið stefnanda til starfa hjá veitingahúsinu Sigtúni, en hann hafi þá verið einkaeigandi þess. Kveðst hann á þessum tíma hafa verið félagi í Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda. Stefndi kveður ráðningarkjör stefnanda hafa verið í samræmi við það, sem þá var í gildi samkvæmt samningi Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna. Kveður hann reiknað hafa verið með því, að stefnandi greiddi gjöld sín, þ. á. m. opinber gjöld og þá söluskatt, eins og henni hafi borið. Stefndi kveður stefnanda hafa fengið upp gefið hjá sér svokallað flöskuverð, en til viðbótar því hafi stefnandi átt að skila að dagsverki loknu 10%, en þar sé um að ræða söluskatt og ýmis önnur gjöld, en þó ekki söluskatt af þjónustugjaldi. Stefnandi kveður söluskatt á þessum tíma hafa verið 7.5%, en auk hans hafi sjúkrasjóðsgjald og orlofsheimilissjóðsgjald verið innifalið í greindum 10%. Kveður stefndi framreiðslumenn hafa skilað til sín kassauppslætti að viðbættum 10%, en laun þeirra hafi verið 15% þóknun, sem hann hafi aldrei tekið á móti. Stefndi kveður fyrirkomulag í sambandi við áfengi og aðrar veitingar vera það, að veitingamaðurinn selji veitingaþjónin-

um veitingar á ákveðnu verði, sem sé innkaupsverð og álagning hússins. Síðan endurselji þjónninn gestinum vöruna að viðbættum 10% á innkaupsverði, þ. e. söluskattur o. fl. Kveður stefndi þetta vera það verð, sem veitingaþjónninn skili veitingamanninum. Stefndi kveður þjóninn síðan bæta þjónustugjaldi við þetta, er hann selur gestinum veitingarnar, en það þjónusugjald renni ekki til veitingamannsins. Stefndi kveður fyrirkomulag þetta, sem hér hefur verið lýst, hafa verið í gildi, áður en breyting á reglugerðum um sölu og veitingar áfengis kom til. Er reglugerðarbreytingin kom til, kveður hann söluskattinn hafa verið stimplaðan inn á kassann inn í veitingaverðinu. Hann kveður þjónustugjaldið ekki stimplað inn á kassann, að minnsta kosti ekki af þjónum í veitingasal, en um þjóna í bar gildi önnur regla.

Er hann hóf rekstur veitingahússins Sigtúns hinn 1. október 1963, kveður stefndi þann hátt hafa verið á skilagrein þjóna, að þeir hafi skilað uppslæti á kassa. Síðan hafi þeir lagt þjónustugjald á þá fjárhæð og af því, sem þá kom út, hafi þeir skilað álögðum söluskatti. Stefndi kveður breytingu hafa orðið á þessu í maímánuði 1965. Þá hafi þjónar tekið upp þann hátt að leggja ofan á veitingaverðið söluskatt og aðra skatta og taka síðan þjónustu gjald af öllu saman. Kveður stefndi veitingamenn ekki hafa unað þessu og hafi framreiðslumenn þá hafið verkfall, sem hafi leyststst á þann hátt, að þetta ágreiningsefni skyldi lagt fyrir dómstóla. Ekki kveðst stefndi vita til þess, að neinn úrskurður hafi komið varðandi þetta atriði. Stefndi kveðst hafa orðið að greiða söluskatt af þjónustugjaldinu, en hann kveðst hafa gert það með fyrirvara gagnvart skattayfirvöldum. Stefndi kveðst nú fá tvær söluskattsskýrslur frá skattayfirvöldum og sé önnur skýrslan fyrir veitingahúsið Sigtún, en hin skýrslan fyrir veitingahúsið Sigtún vegna þjóna. Stefndi kveðst reikna söluskatt af þjónustugjaldinu þannig, að hann bæti 15% við sölu hússins, og þannig fái hann út þjónustugjaldið, eins og það er. Síðan kveðst hann margfalda þá fjárhæð með því margfeldi, sem söluskattsskýrslan gefi til kynna hverju sinni, þegar eigi að taka söluskattinn af bráttóverði í stað þess að leggja hann á. Síðan kveðst hann skila söluskattsskýrslum. Stefndi kveður þjónustugjald stefnanda, frá því að hún hóf störf hjá stefnda og þar til Sigtún h/f tók við rekstrinum nema kr. 185.567.00. Kveður hann söluskatt af þeirri fjárhæð nema kr. 13.917.50. Stefndi kveður fleiri af framreiðslumönnum veitingahússins hafa hætt störfum, en hann kveðst ekki hafa gert upp við þá á sama hátt og stefnanda máls þessa, en gert upp við

þá með fyrirvara. Kveðst hann ekki hafa talið sér fært að gera upp við þá á sama hátt og stefnanda vegna hættu á verkföllum og vandræðum, fyrr en þetta mál, sem hér er til úrlausnar, væri til lykta leitt. Stefndi kveður 10% álagið ekki hafa verið innheimt, eftir að hin nýja gjaldskrá gekk í gildi, og kveður söluskattinn og önnur þau gjöld, sem voru hluti af 10% álaginu, nú vera komin inn í kassaverðið. Við verðlagningu kveðst stefndi nú fara eftir verðskrá, sem hann fái frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Þar kveður hann vera gefið upp verð án söluskatts, en síðan kveðst hann bæta söluskattinum við, og þetta kveður hann vera endanlegt kassaverð. Stefndi kveður orlof, sjúkrasjóðsgjald og orlofsheimilissjóðsgjald raunverulega ekki vera innheimt af seldum veitingum, heldur sé það tekið af álagningunni.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að samkvæmt 1. gr. kjarasamnings framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda skuli starfsþóknun framreiðslumanna vera 15% af verði veitinga til almennings. Ljóst sé, að söluskattur til ríkissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, sé innifalinn í verði veitinga til almennings og 15% þóknunina beri því að reikna af því verði, enda hafi framreiðslumenn jafnan fylgt þeirri reglu. Framreiðslumenn séu starfsmenn viðkomandi veitingahúss, sem taki laun sín með sérstökum hætti, svo sem fram komi í 9. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt. Stefnandi máls þessa hafi því verið starfsmaður stefnda og hafi fengið laun sín greidd með 15% þjónustugjaldi af gjaldi veitinga til almennings að meðtöldum söluskatti. Er því haldið fram, að engin heimild sé til þess í íslenzkum lögum, að vinnuveitandi dragi af kaupi starfsmanns síns þann söluskatt, sem greiddur er af launum starfsmannsins, og því hafi stefnda með öllu verið óheimilt að draga frá launum stefnanda fjárhæð söluskatts þess, sem stefndi er nú krafinn um í máli þessu. Er og haldið fram, að eigi hafi verið ágreiningur um þessa framkvæmd milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að þjónusta sú, sem stefnandi hafi veitt viðskiptavinum stefnda með framreiðslustarfi sínu, sé söluskattsskyld þjónusta samkvæmt 2. gr. laga nr. 61/1964, sbr. lög nr. 10/1960 um söluskatt. Þar sem stefnandi taki við andvirði hinnar seldu vöru og þjónustu frá viðskiptavininum, þar með töldum söluskatti til ríkissjóðs, sé ljóst, að stefnandi eigi að afhenda stefnda söluskattinn, 7.5%, af andvirði vöru og þjónustu, eða 6.976% af sölu vöru og þjónustu algerlega óháð samningum

veitingamanna og framreiðslumanna um launakjör framreiðslumanna, enda eigi hvorugur þeirra innheimtufé ríkissjóðs. Hins vegar séu laun stefnanda, þ. e. þjónustugjaldið, hluti af andvirði seldrar vöru og þjónustu. Af þessu sé einnig ljóst, að söluskatturinn sé það síðasta, sem lagt verði á vöru og þjónustu. Engan annan söluskattsskyldan kostnað megi leggja á vöruna, þegar búið sé að bæta við hana söluskatti. Þetta leiði beint af orðalagi söluskattslaganna og af framkvæmd þeirra. Er því haldið fram, að í því tilviki, sem hér er fjallað um, sé stefndi innheimtumaður ríkissjóðs á söluskatti og eigi að skila 7.5% af andvirði seldrar vöru og þjónustu. Viðskiptavinir stefnda greiði stefnanda söluskattinn í andvirðinu og söluskattinum beri stefnandi að skila til stefnda, hvorki meira né minna. Það standist því engan veginn að leggja þjónustugjaldið, sem sé söluskattsskylt, ofan á söluskattinn. Með því móti mundi stefndi greiða ríkissjóði meira en 7.5% söluskatt, sem fái ekki staðizt. Söluskatt eigi ekki að greiða af söluskatti. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að það sé rangtúlkun á 1. gr. kjarasamnings Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, að þóknun framreiðslumanna, sem sjálf sé söluskattsskyld, eigi að miða við verð veitinga með söluskatti. Í lögunum um söluskatt segi, að skattinn skuli reikna af andvirði vöru og þjónustu og það andvirði eigi að fela í sér allan tilkostnað vörunnar og þjónustunnar, einnig álagninguna.

Stefnandi var starfsmaður stefnda og skyldi taka laun sín með þeim sérstæða hætti „að fá þóknun frá viðskiptamönnum sem greiðslu fyrir starf sitt. Skal sú þóknun vera 15% miðað við verð veitinga til almennings," eins og segir í 1. gr. samnings Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, en aðiljar voru félagar þeirra samtaka á þeim tíma, sem fjallað er um í máli þessu. Þegar atvik málsins eru virt, þykja úrslit þess vera komin undir því, hvernig beri að skýra framangreint ákvæði kjarasamningsins í samræmi við ákvæði laga um söluskatt. Samkvæmt því, sem komið er fram í málinu, hafa ákvæði þessi verið óbreytt, a. m. k. frá því á árinu 1962.

Við munnlegan flutning málsins kom fram hjá lögmönnum aðilja, að á árinu 1965 hefði risið ágreiningur með Félagi framreiðslumanna og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda um innheimtu þjónustugjalds, þar sem framreiðslumenn hefðu þá tekið að innheima þjónustugjaldið af söluskatti. Hinn 13. maí 1965 tilkynnti Samband veitinga- og gistihúsaeigenda Félagi framreiðslumanna, að þessari framkvæmd innheimtu þjónustugjalds væri

mótmælt sem ólöglegri. Á árinu 1965 mun hafa orðið að samkomulagi að leita til dómstóla með ágreiningsefnið, og höfðaði Samband veitinga- og gistihúsaeigenda mál fyrir Félagsdómi út af þessum ágreiningi, en mál þetta var fellt niður á þessu ári, þ. e. 1970. Söluskattur er gjald, sem hverjum skattskyldum seljanda vöru og þjónustu ber að leggja á og innheimta af heildarsölu vöru og þjónustu án frádráttar nokkurs konar, sbr. 2. og 9. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960. Í því tilviki, sem hér um ræðir, bar stefnda að miða skattinn við heildarandvirði seldra veitinga að þjónustugjaldi meðtöldu, og telst söluskatturinn þá ekki með í heildarandvirðinu. Þegar af þessu leiðir, að skatturinn breytir í engu fjárhæð þess þjónustugjalds, sem koma skal í hlut framreiðslumanns, auk þess sem engin rök eru til að líta svo á, að breytingar á skattinum ættu að leiða af sér breytingar á launum framreiðslumanns. Ber því ekki að reikna 15% þjónustugjald á söluskattinn. Sá háttur var við hafður, að þjónustugjaldið fór í flestum tilvikum aldrei um sjóð eða bókhald stefnda, eins og að framan er lýst. Ágreiningslaust er, að við uppgjörið hélt stefnandi eftir 15% af heildarandvirði veitinga til veitingahússins að viðbættum 15% af söluskattinum reiknuðum af verðinu til hússins. Hefur stefnandi talið sér heimilt að halda þessu fé sem þjónustugjaldi, en það þýddi raunverulega, að þjónustugjaldið yrði þá 16.125% af heildarandvirðinu til veitingahússins. Þegar atvik málsins eru virt, m. a. það, sem fram er komið um ágreining Félags framreiðslumanna og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda um framkvæmd innheimtu þjónustugjaldsins, þá verður að skýra samskipti aðiljanna svo, að það hafi verið vilji stefnda að láta innheimta söluskatt af þjónustugjaldinu með þeim hætti að reikna 15% á 7.5% álagið fyrir söluskatti á verðið til veitingahússins. Hins vegar hafi stefnandi haldið þessu fé vegna þess ágreinings, sem uppi var um skilning á 1. gr. fyrrgreinds kjarasamnings.

Stefnda bar að standa skil á söluskatti af heildarsölu sinni án frádráttar þjónustugjalds eða annars kostnaðar. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir stefnandi því ekki eiga rétt á að halda þessu fé fyrir stefnda. Var stefnda heimilt, eins og á stóð, að draga það frá við lokauppgjör sitt við stefnanda, þótt eigi sé fram komið, að stefndi hafi haft uppi fyrirvara um það við stefnanda. Samkvæmt því, sem fram er komið, hefur fjárhæð sú, sem stefnandi hélt sem þjónustugjaldi, reiknað með þeim hætti, sem að framan er lýst, og á því tímabili, sem hér skiptir máli, numið kr. 185.557.00. Ekki er fram kominn í málinu ágrein-

ingur milli aðilja um þessa fjárhæð út af fyrir sig. Stefndi hefur haldið eftir 7.5% af þessari fjárhæð, eða kr. 13.917.50. Honum bar hins vegar ekki að standa skil á nema kr. 12.946.00, þ. e. 6.9767% af kr. 185.557.00, með því að söluskattur telst ekki hluti af heildarsöluverði vöru eða þjónustu, sbr. 9. gr. laga nr. 10/1960. Ber stefnda því að greiða stefnanda mismuninn, þ. e. kr. 971.50. Verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, sem eftir öllum atvikum ákveðast 7% ársvextir frá 21. júlí 1969 til greiðsludags. Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eggert Kristjánssyni og Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðendum.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmar Pétursson, greiði stefnanda, Dönu Jóhannsdóttur, kr. 971.50 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. júní 1973.

Nr. 26/1973: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari ríkisins)
gegn
Herði Ívarssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðar-

ákvarðanir, sem gerðar voru úr varðskipinu Óðni 15. nóvember 1972 og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Segir svo m. a. í greinargerð skólastjórans:

„A = staður varðskipsins kl. 0100 h. 15/11 '72. Þá mælist báturinn á stað **a** um 1,8 sjóm. frá landi eða um 1,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varskipsins kl. 0106. Þá mælist báturinn á stað **b** um 0,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 0113. Þá mælist báturinn á stað **c** um 0,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 0110. Þá mælist báturinn á stað **d** um 0,2 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

E = staður varðskipsins kl. 0155 við bátinn. Staður **E** mælist um 2,2 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Hraði bátsins miðað við fjarlægðir milli mælistaða reiknast mér þannig: a—b um 6,0 sjóm., b—c um 2,6 sjóm., c—d um 5,0 sjóm. og d—E um 3,0 sjóm.

Við þessa útreikninga er það að athuga, að tíminn milli mælistaða er aðeins tiltekinn með mínútu nákvæmni, auk þess að hér er um stutt tímabil að ræða nema milli d og E. Má því gera ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í hraðanum milli mælistaðanna a, b, c og d.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Sperry-radars varðskipsins viðurkenna, mundi það gefa stað bátsins um 0.15 sjóm. utar við fyrstu mælinguna. Við hinar mælingarnar mundi það gefa staði bátsins um og innan við 0.1 sjóm. utar."

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands 14. júní 1973 jafngilda 100 gullkrónur 5.089.50 seðlakrónum.

Í rannsókn máls hafa skipstjórnarmenn á varðskipinu Óðni eigi verið prófaðir um veiðiaðgerðir og atferli ákærða á þeim tíma, er ákæran lýtur að, og eigi hafa skipstjórnarmenn og ákærði verið samprófaðir um þetta efni. Með vísan til þessa og gagna máls að öðru leyti þykja ekki fram komnar einhlítar sannanir fyrir því, að ákærði hafi verið að fiskveiðum innan fiskveiðimarkanna á þeim tíma, er í ákæru greinir, og ber að staðfesta héraðsdóm um sýknu af aðalkröfu ákæru-

valds í máli þessu. Sannað þykir samkvæmt játningu ákærða, er fær stoð í vætti vitna og öðrum sakargögnum, að ákærði hafi gerzt sekur um brot það, ólöglegan umbúnað veiðarfæra, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi. Varðar brot hans við 2. gr. laga nr. 62/1967, nú 4. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 21/1969, sbr. enn fremur 2. gr. D 2, sbr. D 1 laga nr. 21/1969, sbr. að því er varðar síðast greinda tilvitnun 1. gr. laga nr. 89/1971, er þá giltu, nú lög nr. 101/1972, svo og 4. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Er heimilt að dæma ákærða áfall samkvæmt öðrum ákvæðum en 2. gr. laga nr. 62/1967, svo sem skýra ber ákæruskjal vegna tengsla aðalkröfu og varakröfu og með vísan til 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 82/1961, enda var málið flutt á þeim grundvelli fyrir Hæstarétti. Svo sem greinir í héraðsdómi, sætti ákærði refsidómi fyrir fiskveiðabrot innan fiskveiðimarka með dómi sakadóms Vestmannaeyja 27. september 1971, birtum samdægurs. Með vísan til þess og sakferlis ákærða í máli þessu þykir refsing hans samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/1967, nú 2. málsgr. 5. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, og 7. gr., nú 8. gr. laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. laga nr. 21/1969 og 6. gr. reglugerðar nr. 189/1972 hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Kópaness, RE 8, í umræddri veiðiferð, sbr. 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 62/1967, nú 2. málsgr. 5. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, enda er brot ítrekað. Enn fremur ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 15.000.00.

Rannsókn máls þessa er eigi svo vönduð sem skyldi.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ívarsson, sæti 40.000 króna sekt til

Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Kópaness, RE 8, á að vera óraskað svo og ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Hörður Ívarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. nóvember 1972.

Ár 1972, laugardaginn 18. nóvember, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í dómssal embættisins af Sigurði Halli Stefánssyni ásamt meðdómsmönnunum Árna Sigurðssyni og Þorsteini Eyjólfssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1206/1972: Ákæruvaldið gegn Herði Ívarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru saksóknara ríkisins, sem útgefin er í dag, höfðað á hendur Herði Ívarssyni, Háaleitisbraut 48 í Reykjavík, skipstjóra á vélbátnum Kópanesi, RE 8, fyrir fiskveiðibrot:

„*Aðallega* — samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. lög nr. 89/1971 og 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972 um fiskveiðilandhelgi Íslands með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti laust eftir miðnætti aðfaranótt miðvikudagsins 15. nóvember 1972 við Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum C 1 og C 2 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961, og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Til vara — samkvæmt 2. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967 með því að hafa samkvæmt framangreindu eigi haft þar og þá veiðarfæri í búlka innanborðs.

Ákærist því nefndur Hörður Ívarsson til að sæta refsingu — aðallega samtkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., laga nr. 62/1967, en til vara samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og 6. gr., nú 7. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969 og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er sakhæfur, fæddur hinn 19. júní 1935 að Melanesi, Rauðasandshreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, og hlaut hann með dómi, uppkveðnum í Vestmannaeyjum 27. september 1971, 40. 000.00 króna sekt fyrir ólöglegar fiskveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Hann hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt öðrum kærum eða refsingum.

Málavextir eru þeir samkvæmt skýrslu Sigurðar Þorkels Árnasonar, skipherra á varðskipinu Óðni, að miðvikudaginn 15. nóvember 1972 var m/b Kópanes, RE 8, staðinn að ætluðum ólöglegum togveiðum undan Ingólfshöfða. Nánari málsatvik voru sem hér greinir:

„Miðvikudaginn 15. nóvember 1972 var varðskipið á eftirlitsferð við Ingólfshöfða. Um kl. 0050 var tekið eftir fiskibáti skammt SA af Ingólfshöfða.

Kl. 0100 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:
Báturinn miðast r/v 059° fjarl. 8.4 sml.
StröndinV-við Ingólfshöfða fjarl. 4.2 sml.
V-kantur Ingólfshöfða fjarl. 6.9 sml.
Gefur það stað bátsins um 1.8 sml. frá landi.
Kl. 0106 var staðarákvörðunin endurtekin:
Báturinn miðast r/v 061° fjarl. 6.85 sml.
Ströndin V-við Ingólfshöfða fjarl. 3.6 sml.
V-kantur Ingólfshöfða fjarl. 5.3 sml.
Gefur það stað bátsins um 2.3 sml. frá landi.
Kl.0113 var staðarákvörðunin endurtekin:
Báturinn miðast r/v 063° fjarl. 5.65 sml.
Ströndin V-við Ingólfshöfða fjarl. 3.2 sml.
V-kantur Ingólfshöfða fjarl. 4.2 sml.
Gefur það stað bátsins um 2.7 sml. frá landi.
Kl. 0119 var staðarákvörðunin endurtekin:
Báturinn miðast r/v 065° fjarl. 4.4 sml.
V-kantur Ingólfshöfða miðast r/v 007° fjarl. 3.2 sml.
Gefur það stað bátsins um 3.2 sml. frá landi.
Kl. 0158 var komið að m/b Kópanesi, RE 8, sem var að toga með stb. vörpu. Staður:

A-kantur Ingólfshöfða miðast r/v 303° fjarl. 5.2 sml. Dýpi 62. Gefur það stað bátsins um 5.2 sml. frá landi.

Haft var samband við skipstjóra bátsins og honum sagt að hífa inn vörpuna. Aðspurður neitaði hann að hafa verið að ólöglegum togveiðum. Var honum þá sagt að fara til Grindavíkur, þar sem frekari rannsókn í máli hans færi fram í Reykjavík. Skömmu síðar hélt báturinn áleiðis til Grindavíkur, en varðskipið snéri til annarra starfa.

Veður: ANA — 4—5 vindstig, léttskýjað.

Mælingar voru framkvæmdar af skipherra, I., II. og III. stýrimanni varðskipsins með ratsjá, sem er af gerðinni SPERRY MK-16 og gyróáttavita, sem er af gerðinni SPERRY MK E 1."

Rannsókn málsins hér fyrir dómi hófst fimmtudaginn 16. nóvember s.l., og komu þá fyrir dóminn ákærði og vitnin Jakob Ólafsson, stýrimaður á m/b Kópanesi, og Rasmus Andreas Rasmussen, 2. vélstjóri á m/b Kópanesi.

Ákærði kvaðst hafa haldið til botnvörpuveiða frá Grindavík síðdegis laugardaginn 11. nóvember s.l. og siglt beint austur á Ingólfshöfðasvæðið, 18—22 tíma siglingu, hafið þar veiðar um hádegisbilið á sunnudaginn og verið síðan að veiðum á Ingólfshöfðasvæðinu, en þó utan þriggja mílna markanna. Hann kvaðst síðla þriðjudagskvöldið 14. nóvember s.l. hafa togað meðfram hraunkanti, sem liggur nokkurn veginn beint á strandlínuna, en er hann var kominn upp undir þriggja mílna mörkin, kvaðst hann hafa beygt í NaA og togað þannig nokkra stund, örugglega utan fiskveiðimarkanna, unz varpan var hífð upp klukkan 2330—2345, en þá hafi komið í ljós, að fótreipi vörpunnar var slitið, og hafi hann ásamt öðrum af áhöfninni unnið í u. þ. b. 50—60 mínútur við að gera við fótreipið og dytta að vörpunni að öðru leyti. Á meðan hafi bátinn rekið nær landi og hafi forvængur verið utan á síðu svo og báðir hlerar. Hann kvaðst að viðgerð lokinni hafa farið upp í stýrishús og þá séð í ratsjánni, að báturinn var kominn inn fyrir fiskveiðimörkin. Kvaðst hann þá hafa sett á ferð og siglt hæga ferð út fyrir mörkin, en á meðan hafi áhöfnin verið að vinna við aðgerð aflans, sem var eitthvað af ýsu og kola. Ákærði kvað lausan fjarlægðarhring ratsjár bátsins hafa verið stilltan á 3 sjómílur og hafi hann látið kasta vörpunni í sjó, er hringurinn var vel laus frá landi í ratsjárskerminum og báturinn sennilega 3.2 sjómílur frá landi. Er kastað var, hafi klukkan sennilega verið 0115—0120. Síðan kvað hann hafa verið að toga í SA, en hann hafi fljótlega orðið var við varðskip,

sem lýsti á báta, sem voru á svipuðum slóðum, aðallega í NA frá Kópanesi. Hann kvaðst hafa togað í u. þ. b. eina klukkustund í SA, en á þeirri leið hafi varðskip siglt að bátnum, lýst hann upp og siglt heilan hring í kringum hann án þess þó að stöðva hann. Hann kvaðst þá hafa litið í ratsjána og séð, að báturinn var 5.2—5.3 sjómílur frá Ingólfshöfða. Er togað hafði verið nokkra stund áfram, fyrst í sömu stefnu, en síðan í vestur, kvað ákærði varðskipsmenn hafa kallað sig upp í örbylgjustöð og fyrirskipað, að varpan yrði hífð upp, og nokkru síðar var honum sagt að sigla til útgerðarhafnar vegna ætlaðs fiskveiðibrots.

Jakob Ólafsson kvað sér ekki vera kunnugt um, hvort m/b Kópanes hefði verið að ólöglegum fiskveiðum í umrætt sinn. Hann kvað hafa komið í ljós, er varpan var hífð upp, einhvern tímann kl. 2300—2400 þriðjudaginn 14. nóvember s.l., að fótreipið var slitið og varpan eitthvað rifin að öðru leyti. Hann kvað afturvænginn hafa verið tekinn inn og síðan hafi öll áhöfnin unnið að viðgerðum í u. þ. b. 40 mínútur. Hann kvað sig minna, að bátnum hafi eitthvað verið „lónað" að lokinni viðgerð, en mundi ekki í hvaða átt. Að skammri stundu liðinni hafi vörpunni verið kastað, en hann farið að sofa strax eftir það og sofið, þar til ákærði vakti hann og sagði honum, að komið væri varðskip, sem hefði fyrirskipað, að hífa ætti vörpuna. Hann kvað sig minna, að klukkan hafi þá verið eitthvað um 0230. Aðspurður hafi ákærði þá sagt bátinn vera rúmar 5 mílur frá landi. Hann kvaðst hafa farið strax á þilfar, en þá hafi varðskipið ekki verið sjáanlegt. Eftir þetta hafi varpan verið hífð upp og hlerar teknir inn og síðan siglt vestur til Grindavíkur.

Rasmus Andreas Rasmussen kvaðst ekkert geta sagt um, hvort m/b Kópanes hafi verið að ólöglegum veiðum í umrætt sinn. Hann kvaðst hafa unnið að viðgerðum á fótreipi og vörpunni að öðru leyti um miðnætti, en síðan hafi verið „lónað" í nokkra stund og eftir það hafi vörpunni verið kastað. Er búið var að toga í nokkra stund, kvaðst hann hafa séð ljóskastara varðskips beint að báti. Hann kvaðst hafa farið að sofa, er lokið var aðgerð á fiski úr síðasta togi, en klukkan u. þ. b. 0300 hafi ákærði vakið hann og sagt, að varðskip hefði fyrirskipað að varpan skyldi hífð upp. Kvaðst hann hafa farið upp á þilfar, en ekki séð varðskip. Varpan hafi þá verið tekin inn og síðan siglt til heimahafnar, sennilega klukkan um 0400.

Í dag komu fyrir dóminn og báru vætti yfirmenn varðskipsins Óðins. Jafnframt var dómendum sýnt í skipinu, hvernig mæling-

ar voru framkvæmdar svo og hvernig útbúnaður ratsjárinnar var notaður til að fyrirbyggja, að um rugling á einstökum bátum gæti verið að ræða, þótt fylgzt væri með mörgum í senn, þ. e. á þann hátt, að yfir ratsjárskerminum er gagnsætt teikniborð, sem á var unnt að marka staði bátanna miðað við varðskipið og breytingar á afstöðu hvers einstaks í afstöðu við varðskipið óslitið, þar til að þeim var komið.

Sigurður Þorkell Árnason skipherra staðfesti skýrslu sína og kvaðst að eigin raun geta borið um allt það, er þar greinir utan staðarákvörðun, er gerð var klukkan 0158. Hann kvað 2. stýrimann hafa sett út staði bátsins í sjókort, en hann síðan yfirfarið mælingarnar og hafi þær reynzt réttar. Hann kvað varðskipsmenn fyrst hafa orðið vara við 6 báta á þessum slóðum, sem þeir töldu vera innan fiskveiðitakmarkanna, og hafi verið siglt að þeim öllum, þeir lýstir upp og tekin niður nöfn þeirra og athafnir, en síðan hafi verið siglt að sjöunda bátnum, sem var nokkuð frá hinum, en ekki reynzt vera ásæða til neinna aðgerða gagnvart honum. Þá hafi verið siglt aftur að hinum bátunum og verið farið að setja út staði þeirra. Eftir það hafi verið kallað til bátanna og hafi sennilega liðið um klukkustund frá því komið var að bátunum upphaflega, þar til þeir voru kallaðir upp. Hann kvað alla bátana hafa verið með vinnuljós á þilfari, en ekki hafi sézt, hvort þeir voru með togljós, meðan á aðför stóð, og hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli, er komið var að þeim.

Sigurjón Hannesson, 1. stýrimaður, staðfesti skýrslu skipherrans rétta, að svo miklu leyti sem hann gat um borið, en hann kom til mælinga, nokkru eftir að þær voru hafnar, og mældi staði bátsins klukkan 0113 og eftir það ásamt 2. stýrimanni, en skipherrann fylgdist með mælingunum, og 3. stýrimaður skráði þær niður. Hann kvað hverja einstaka mælingu á bátum þeim, er fylgzt var með í umrætt sinn, hafa tekið um hálfa mínútu.

Sigurjón Ingi Sigurjónsson, 2. stýrimaður, kvaðst hafa unnið að öllum mælingunum með aflestri á ratsjá, fyrst með skipherrannum, en frá og með þriðju mælingu með 1. stýrimanni, en undir umsjón skipherrans. Hann kvaðst hafa fært út staði bátsins á sjókort í samræmi við staðarákvarðanir, en skipherrann síðan yfirfarið útsetningarnar.

Framangreind vitni unnu öll eið að vætti sínum.

Er virt er það, sem fram hefur komið við rannsókn málsins, þykja sönnur skorta fyrir því, að ákærði hafi gerzt sekur um botnvörpuveiðar í umrætt sinn á svæði, þar sem slíkar veiðar eru

bannaðar og frá er greint í ákæruskjali. Ber því að sýkna ákærða af aðalkröfu ákæruvaldsins. Hins vegar þykir sannað með framburði ákærða og vætti vitna, að hann hafi gerzt brotlegur við 2. gr. laga nr. 62/1967, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969, sbr. lög nr. 89/1971 og 4. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961, með því að hafa eigi haft veiðarfæri í búlka innanborðs í vélbátnum Kópanesi, RE 8, laust eftir miðnætti aðfaranótt miðvikudagsins 15. nóvember 1972 við Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi, eins og hún er ákveðin í 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum C 1 og C 2 liði 2. gr. laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Vélbáturinn Kópanes, RE 8, er 105 brúttórúmlestir.

Gullgildi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 4335.16 pappírskrónum.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 2. mgr. 4. gr., nú 5. gr., og 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, hæfilega ákveðin kr. 25.000.00 sekt í landhelgissjóð Íslands, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Upptæk skulu gerð til Landhelgissjóðs Íslands allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vélbátsins Kópaness, RE 8, í veiðiferð 11.—15. nóvember 1972.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hörður Ívarsson, greiði krónur 25.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri vélbátsins Kópaness, RE 8, þar með taldir dragstrengir, í veiðiferð 11.—15. nóvember 1972 skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. júní 1973.

Nr. 90/1973: **Hörður Ólafsson**
gegn
Jörundi Á. Guðlaugssyni

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn kærða úrskurð hafa kveðið upp stjórnarmenn Lögmannafélags Íslands, þeir Benedikt Blöndal, Björn Sveinbjörnsson, Hjörtur Torfason, Jóhannes L. L. Helgason og Skúli Pálsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. apríl 1973, sem Hæstarétti barst 5. júní s. á. Krefst hann þess, að þóknun fyrir lögmannsstörf þau, er í málinu greinir, verði ákveðin kr. 154.897.00. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr., sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 sæta kæru úrskurðir stjórnar félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna „um endurgjald fyrir málflutningsstarf." Sóknaraðili hefur í máli þessu, bæði fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands og hér fyrir dómi, krafizt einnar ósundurliðaðrar fjárhæðar fyrir öll störf sín í þágu varnaraðilja, og í hinum kærða úrskurði er sóknaraðilja úrskurðuð ein fjárhæð fyrir þessi störf. Af gögnum málsins er sýnt, að sóknaraðili hefur innt af hendi ýmis störf fyrir varnaraðilja, sem ekki teljast til málflutningsstarfa, eins og skýra ber það hugtak í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942. Af þessu leiðir, að úrlausn stjórnar Lögmannafélags Íslands verður einungis skoðuð sem álitsgerð, en ekki úrskurður, er kæru sætir samkvæmt

ákvæðum 4. mgr. 8. gr. sömu laga. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hörður Ólafsson, greiði varnaraðilja, Jörundi Á. Guðlaugssyni, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 21. marz 1973.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, er lagt fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands af hálfu sóknaraðilja, Jörundar Á Guðlaugssonar, Hjallabrekku 7, Kópavogi, með bréfi frá Jóni Þorsteinssyni, lögmanni hans, dags. 17. apríl 1972, þar sem stjórnin er beðin að skera úr ágreiningi milli hans og varnaraðilja út af þóknun fyrir lögfræðistörf, er varnaraðili vann í þágu sóknaraðilja á árinu 1971. Áður hafði varnaraðili kynnt stjórninni málið með bréfi, dags. 27. febrúar 1972, þar sem hann fór þess á leit við stjórnina, að hún tæki að sér að meta hæfilegt endurgjald fyrir þessi störf sín samkvæmt síðari greinargerðum aðiljanna og því, sem upplýsast kynni við meðferð málsins. Kvaðst varnaraðili þar telja ólíklegt, að unnt yrði að leysa ágreining aðiljanna um endurgjaldið, svo báðum mundi líka, nema með úrskurði óvilhallra aðilja. Hann gat þess enn fremur, að sér virtist reglur gjaldskrár Lögmannafélags Íslands ekki taka nema að litlu leyti til þeirra starfa, er hann hefði unnið, þannig að leiðbeininga um gjaldtökuna væri þörf. Í bréfinu kom fram, að sóknaraðili ætti innstæðu hjá varnaraðilja að fjárhæð kr. 154.897.00 vegna viðskipta þeirra.

Fyrir liggur í málinu reikningur varnaraðilja á hendur sóknaraðilja, dags. 14. marz 1972, þar sem störf hans eru stuttlega rakin. Telur varnaraðili þar vera um að ræða verkefni, sem þó virðast tengd þannig, að þau varða öll að einhverju leyti skuldastöðu sóknaraðilja vegna aðildar hans að fyrirtækinu Festarfelli h/f, Reykjavík, er hann rak um skeið ásamt tveimur öðrum aðalhluthöfum. Samkvæmt reikningnum er það tillaga varnaraðilja, að

laun hans fyrir störf að þessum verkefnum verði ákveðin alls kr. 250.000.00 án sérstakrar sundurliðunar.

Þessum reikningi hefur sóknaraðili mótmælt með bréfi, dags. 28. marz 1972, rituðu af lögmanni hans. Telur hann þóknun þá, er varnaraðili krefst, óhæfilega háa og sé hæfilegt endurgjald fyrir störfin kr. 50.000.00, en þá fjárhæð hafi sóknaraðili raunar þegar greitt á árinu 1971. Þá andmælir hann og lýsingu reikningsins á verkefnum varnaraðilja og störfum hans að þeim í tilteknum atriðum. Loks er farið fram á reikningsyfirlit frá varnaraðilja yfir stöðu viðskipta hans við sóknaraðilja og þeirri innstæðu sóknaraðilja, sem lýst er í áðurnefndu bréfi varnaraðilja til stjórnarinnar, andmælt að svo stöddu sem of lágri.

Krafa varnaraðilja í málinu er sú, að endurgjald fyrir lögmannsstörf varnaraðilja í þágu sóknaraðilja á árinu 1971 verði ákveðið kr. 50.000.00 eða önnur hæfileg fjárhæð að mati stjórnarinnar. Jafnframt krefst hann þess, að varnaraðilja verði gert að greiða sér kostnað af málinu eftir mati stjórnarinnar.

Varnaraðili gerir þá kröfu aðallega, að sóknaraðilja verði gert að leggja fram geymslugreiðslu (depositio), er svari mismuninum á fyrrgreindri inneign hans hjá varnaraðilja og reikningi varnaraðilja frá 14. marz 1972 (þ. e. kr. 250.000.00 ÷ kr. 154.897.00 = kr. 95.103.00) og verði málinu vísað frá að öðrum kosti, ef sú greiðsla bregðist. Til vara krefst hann þess, að fjárhæðin á reikningi hans frá 14. marz 1972 verði staðfest sem hæfileg þóknun fyrir þar greind störf. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, hvernig sem málið fer.

Kröfu sína um geymslugreiðslu að viðlagðri frávísun málsins byggir varnaraðili á ákvæðum 12. gr. siðareglna (Codex ethicus) fyrir Lögmannafélag Íslands. Telur varnaraðili sýnt, að sóknaraðili hafi falið öðrum lögmanni, þ. e. umboðsmanni sínum í máli þessu, að ljúka afgreiðslu þeirra verkefna, er varnaraðilja hafi áður verið falin fyrir hann. Hafi sóknaraðili gert þetta án þess að hirða um að afla samþykkis varnaraðilja eða bera það undir hann að öðru leyti. Hljóti sóknaraðili að þurfa að inna af hendi geymslugreiðslu á upphæð þeirrar þóknunar, sem varnaraðili hafi síðan sett upp fyrir störf sín, sbr. ákvæði 2. málsgr. 12. gr. siðareglnanna, til að eiga yfirleitt rétt á úrskurði um ágreining þeirra um þóknunina.

Fram kemur í skjölum málsins, að sóknaraðili hafi sjálfur lokið afgreiðslu sumra þeirra erinda, er hann hafði falið varnaraðilja. Hins vegar er því eindregið haldið fram, að hann hafi gert

þetta á eigin spýtur ásamt mági sínum án aðstoðar annars lögmanns. Lögmaðurinn Jón Þorsteinsson hefur og lýst því yfir fyrir stjórninni, að hann hafi ekki tekið við umræddum verkefnum eða haft nein afskipti af þeim, heldur hafi sér einungis verið falið að aðstoða sóknaraðilja við úrlausn ágreiningsins um þóknun varnaraðilja og endanlegt uppgjör þeirra í milli. Þykir verða að leggja það til grundvallar, að hér sé rétt með farið, enda virðast umrædd verkefni hafa verið þess eðlis eða þannig á veg komin, að unnt væri að ljúka þeim án aðstoðar lögmanns.

Samkvæmt þessu verður að telja, að þau verkefni varnaraðilja, sem mál þetta tekur til, hafi ekki verið falin öðrum lögmanni. Þegar af þeirri ástæðu þykir ekki unnt að taka til greina kröfu varnaraðilja um geymslugreiðslu að viðlagðri frávísun málsins.

Störf varnaraðilja í þágu sóknaraðilja virðast aðallega hafa verið unnin á tímabilinu ágúst—október 1971. Í aðalatriðum voru þau annars vegar fólgin í að annast uppgjör fyrir sóknaraðilja á skiptum hans við kaupanda efri hæðar húseignarinnar nr. 7 við Hjallabrekku í Kópavogi, eignar sóknaraðilja, er hann hafði selt með kaupsamningi hinn 10. maí 1971 fyrir milligöngu Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns. Var kaupverð þeirrar eignar samtals kr. 1.950.000.00, en af því átti sóknaraðili ófengnar kr. 1.421.544.00 í peningum og skuldabréfum, þegar varnaraðili kom til sögunnar. Hins vegar var um að ræða aðstoð við skuldaskil milli sóknaraðilja og Samvinnubanka Íslands h/f, er taldist eiga þrjár víxilkröfur á hendur sóknaraðilja sem hér segir:

a. Samkvæmt víxlum að fjárhæð samtals kr. 500.000.00, tryggðum með veði í áðurnefndum eignarhluta sóknaraðilja í húseigninni Hjallabrekku 7 í Kópavogi samkvæmt tryggingarbréfi sömu fjárhæðar.
b. Samkvæmt víxlum að fjárhæð samtals kr. 1.000.000.00, tryggðum með veði í eignarhluta tengdaföður sóknaraðilja í sömu húseign samkvæmt tryggingarbréfum sömu fjárhæðar.
c. Samkvæmt víxlum að fjárhæð samtals kr. 317.000.00, er virðast hafa verið án veðtryggingar, er varðaði sóknaraðilja.

Víxlar þessir, sem munu hafa verið gjaldfallnir um það leyti, er varnaraðili hóf afskipti af málinu, voru til komnir vegna áðurnefndrar aðildar sóknaraðilja að Festarfelli h/f. Var félagið samþykkjandi að flestum þeirra, a. m. k. öllum þeim, sem vísað er til

í a lið og c lið að framan, en sóknaraðili útgefandi eða ábyrgðarmaður ásamt öðrum aðalhluthöfum í fyrirtækinu.

Af málflutningi aðilja má ráða, að Festarfell h/f hafi verið komið í greiðsluþrot á þeim tíma, er hér skiptir máli, en félagið var lýst gjaldþrota með úrskurði skiptaráðanda í Reykjavík hinn 14. desember 1972. Hafi Samvinnubankinn aðallega treyst á veð sín um greiðslu víxilskuldanna og sóknaraðilja persónulega að þeim slepptum, þar sem aðrir ábyrgðarmenn að víxlunum hafi verið miður gjaldfærir en hann. Hins vegar kemur fram, að sóknaraðili hafi talið heimild bankans að tryggingarbréfunum vefengjanlega fyrir einhverjar sakir og átt í stappi um að fá bankann til að skila þeim aftur til útgefenda. Telur varnaraðili það hafa verið hið fyrsta verkefni sitt fyrir sóknaraðilja að leita samninga við bankann um það mál. Kröfu sóknaraðilja um afhendingu bréfanna án greiðslu hafi bankinn algerlega synjað og hafi þá verið gengið til samninga við hann á öðrum grundvelli.

Samningur sóknaraðilja frá 10. maí 1971 um sölu eignarhlutans að Hjallabrekku 7 liggur ekki frammi í málinu, en ljóst er, að sóknaraðili átti að vera búinn að leysa veð Samvinnubankans samkvæmt a lið að framan af eignarhlutanum hinn 15. ágúst 1971 ásamt áhvílandi veðskuld við Lífeyrissjóð múrara og fjárnámsskuld við Útvegsbankann. Hafi afsal átt að fara fram á þeim degi gegn greiðslu meginhlutans af útborgun kaupanda í eigninni, kr. 650.000.00, og öðrum ráðstöfunum hans megin. Þetta hafi sóknaraðilja ekki tekizt og hafi kaupandi því stöðvað efndir að sínu leyti og lagt við hótun um riftun á kaupunum.

Gögn um störf varnaraðilja frá þeim tíma, er að þeim var unnið, liggja ekki fyrir í málinu önnur en skriflegt umboð, útgefið 1. september 1971, er sóknaraðili veitti varnaraðilja til að ganga frá uppgjöri um eignarhlutann að Hjallabrekku 7, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Jörundur Á. Guðlaugsson, Hjallabrekku 7 í Kópavogi, veiti hér með Herði Ólafssyni, hrl., Austurstræti 14, umboð til eftirfarandi ráðstafana fyrir mína hönd:

1. Til að undirrita afsalsbréf til Guðrúnar Sigurgeirsdóttur skv. kaupsamningi mínum við hana, dags. 10. maí s.l., um eignarhluta minn í Hjallabrekku 7, efri hæðina með því, sem fylgir.

2. Til að taka við greiðslum þeim, sem ég á eftir að fá fyrir eignarhlutann:

a.	Greiðsla í peningum 15. ágúst s.l.,	650.000.00
b.	Greiðsla með víxli per 15. okt. n. k.,	70.000.00
c.	Greiðsla með veðskuldabréfum, tryggðum með fjórða veðrétti í fjögurra herbergja íbúð á 2. h. t. v. á Kleppsvegi 216 næst á eftir veðskuldum að fjárhæð kr. 296.000.00 og heimild til veðsetningar að fjárhæð kr. 300.000.00	555.000.00
d.	Greiðsla með veðskuldabréfi tryggðu með þriðja veðrétti í Hjallabrekku 7,	146.544.00
	Áður í peningum	280.000.00
	Yfirtekin veðskuld við Veðd. Landsb.	248.456.00
		1.950.000.00

3. Að skilja eftir kr. 70.000.00 í vörzlu Þorsteins Júlíussonar, lögmanns, Skólavörðustíg 12, til tryggingar tilteknum efndum af minni hálfu á skriflegu loforði mínu, dags. 21. ágúst s.l.

4. Að greiða Þorsteini eftirstöðvar sölulauna.

5. Að afhenda Samvinnubankanum í Keflavík ofangreind veðbréf undir c lið, að fjárhæð kr. 555.000.00, með þeim skilmálum, að kr. 500.000.00 af þeim verðbréfum komi í stað tryggingarbréfs míns að fjárhæð kr. 500.000.00, sem bankanum var látið í té til tryggingar víxilláni Festarfells h/f, enda afhendi bankinn tryggingarbréfið jafnframt, kvittað með áritun um heimild til aflýsingar þess.

6. Að semja um og greiða víxilskuld mína við Útvegsbankann, sem fjárnám hefur verið gert fyrir.

7. Að greiða skuld mína við Lífeyrissjóð múrara að eftirstöðvum kr. 90.000.00."

Jafnframt liggur frammi endurrit af viðskiptareikningi sóknaraðilja hjá varnaraðilja, svohljóðandi:

„1971

1.9.	Pro:	Þorsteinn Júl. v. Guðr. Sigurg.		374.000.00
	An:	Est. sölulaun til Þorsteins	24.000.00	
	Pro:	Seld 10 ára veðsk.br. Samvb. nafnv. kr. 555.000.00 + 3.-700.00		558.700.00

	An:	Innl. víxlar, 499.000.00 + kostn.	545.832.00	
	An:	Gr. til Samv.v. á conto v. v. Festarf.	12.868.00	
29.9.	Pro:	Þorsteinn Júl. v. Guðrúnar Sigurg.d.		4.897.00
5.10.	An:	Pen.	200.000.00	
31.12.		Mism.	154.897.00	
			937.597.00	937.597.00
1972				
1.1.	Pro:	Inneign		154.897.00“

Að öðru en þessu er lýsing málavaxta aðallega byggð á skriflegum og munnlegum málflutningi aðilja fyrir stjórninni, þar á meðal á reikningi varnaraðilja frá 14. marz 1972, sem telja má til málflutningsskjala.

Störf sín fyrir sóknaraðilja rekur varnaraðili þannig, að honum hafi verið falið hinn 23. ágúst 1971 að ganga úr skugga um, hvort veðbréf það, er Samvinnubankinn hafði undir höndum samkvæmt a lið að framan, fengist afhent án greiðslu tilheyrandi víxla svo og tryggingarbréf þau, er um ræðir í b lið. Því erindi hafi verið synjað, sem fyrr segir. Hins vegar hafi bankinn fallizt á að kaupa af sóknaraðilja skuldabréf þau að fjárhæð kr. 555. 000.00, er hann átti að fá frá kaupanda íbúðar sinnar með 4. veðrétti í íbúð að Kleppsvegi 216 gegn innlausn af hálfu sóknaraðilja á hinum gjaldföllnu víxlum, er veðið átti að tryggja, sbr. c lið 2. gr. og 5. gr. umboðsins frá 30. september. Frá þessum kaupum var gengið, svo sem m. a. kemur fram í 3.—5. færslu á ofangreindum viðskiptareikningi milli aðiljanna. Var kaupverð bréfanna með áföllnum vöxtum kr. 558.700.00, en innlausnarverð víxlanna kr. 545.832.00. Mismunurinn, kr. 12.868.00, fór til greiðslu upp í skuldir Festarfells h/f við Samvinnubankann, og var það skilyrði af bankans hálfu. Tryggingarbréfið og hina innleystu víxla afhenti bankinn varnaraðilja. Um samninga þessa fjallar 1. liður reiknings varnaraðilja.

Eftir samningaumleitanirnar við Samvinnubankann kveður varnaraðili það hafa komið til hinn 30. ágúst 1971 að sinna kröfu kaupanda eignarhlutans að Hjallabrekku 7 um lausn veðbanda og afsal að viðlagðri riftun svo og að tryggja efndir á greiðslum kaupanda. Um þetta fjallar 2. liður reiknings varnaraðilja. Í þessu

sambandi virðist lausn mála gagnvart Samvinnubankanum hafa verið aðalatriðið og hafi aðiljar að henni fenginni náð samkomulagi um uppgjör á þeim grundvelli, sem ofanritað umboð gerði ráð fyrir. Framkvæmdin sýnist hafa orðið sú, að verðbréfaskiptin við Samvinnubankann samkvæmt 5. lið umboðsins hafi farið fram samdægurs hinn 2. september 1971, sbr. ofanritaðan viðskiptareikning. Jafnframt hafi kaupandi eða þorsteinn Júlíusson hæstaréttarlögmaður fyrir hennar hönd haldið eftir kr. 276. 000.00 af útborgun kaupanda til greiðslu á áhvílandi skuldum samkvæmt 6. og 7. lið umboðsins við Útvegsbankann (kr. 107. 710.00) og Lífeyrissjóð múrara. Mismuninn, kr. 374.000.00, hafi Þorsteinn greitt varnaraðilja að frádregnum umsömdum sölulaunum sínum, sbr. 4. lið umboðsins. Greiðsla á umræddum skuldum hafi svo átt sér stað í framhaldi af þessum aðgerðum og Þorsteinn skilað afgangi geymslufjárins til varnaraðilja hinn 29. september 1971, sbr. viðskiptareikninginn.

Afsal sóknaraðilja til kaupanda liggur ekki frammi í málinu, en gildandi afsal kaupanda var gefið út hinn 21. september 1973 af sóknaraðilja sjálfum og þinglýst í Kópavogi hinn 8. nóvember 1971.

Loks kveður varnaraðili það hafa verið eftir í sambandi við fasteignakaupin að leysa úr kröfu kaupanda um greiðslu á kr. 70.000.00 vegna þess, sem sóknaraðili hefði átt ógert samkvæmt kaupsamningnum. Fjallar 3. liður reiknings hans um þessa kröfu, sem snerist um efndir á því skriflega loforði sóknaraðilja til kaupanda frá 21. ágúst 1971, er um ræðir í 3. lið umboðsins frá 1. september 1971. Kveðst varnaraðili hafa gengið til samninga um það mál hinn 30. september og þá við Jóhann Níelsson héraðsdómslögmann fyrir hönd kaupanda. Málalokin hafi orðið þau, að kaupandi hafi fallizt á að lækka fjárhæð þá, er geymd var hjá Þorsteini Júlíussyni þessa vegna um kr. 30.000.00 og tekið við kr. 40.000.00 sem fullnaðargreiðslu í efnda stað.

Í 4.—5. lið reiknings varnaraðilja er síðan fjallað um frekari skipti hans við Samvinnubankann fyrir hönd sóknaraðilja, þ. e. vegna víxilskulda þeirra að fjárhæð kr. 1.000.000.00 og kr. 317. 000.00, sem um getur hér að framan. Um þær skuldir skýrir varnaraðili svo frá, að bankinn hafi höfðað tvö mál til greiðslu þeirra um hinn 7. október 1971 á bæjarþingi Reykjavíkur gegn Festarfelli h/f, sóknaraðilja, Páli Ásgrímssyni og Friðþjófi Karlssyni. Hafi varnaraðili mætt í þessum málum. Jafnframt hafi náðst samningar við bankann þess efnis, að skuldirnar yrðu greiddar

á 15 árum. Þetta hafi sóknaraðili ekki viljað samþykkja að svo stöddu og hafi þingsókn því verið hætt og málin dæmd á hendur stefndu. Ekki er ljóst af reikningnum, hvort varnaraðili telur umræddra samninga hafa komið til orða, áður en málin voru höfðuð, en telja verður, að tilvísun hans milli 1. og 4.—5. liðs reikningsins beri að skilja á þá lund.

Í 6. lið reiknings varnaraðilja kemur svo fram að lokum, að hann hafi tekið að sér að innheimta hjá Sigurjóni Magnússyni og Þungavinnuvélum h/f kröfu sóknaraðilja að fjárhæð kr. 39. 000.00 samkvæmt einum af þeim víxlum, er innleystir höfðu verið fyrir sóknaraðilja hjá Samvinnubankanum. Hafi varnaraðili gefið út stefnu til bæjarþings fyrir kröfunni hinn 13. október 1971. Af þingfestingu málsins hafi þó ekki orðið, þar sem nefndur Sigurjón hafi mætt á bæjarþingi og sýnt þar gilda gagnkröfu, sem dómur var fyrir, að fjárhæð kr. 30.000.00. Hafi innheimtan þar með fallið niður án frekari aðgerða.

Lýsingu varnaraðilja á störfum sínum er eindregið mótmælt af hálfu sóknaraðilja, að því er varðar þá samninga við Samvinnubankann, að víxilskuldirnar að fjárhæð kr. 1.317.000.00 hafi mátt greiðast á 15 árum. Segir sóknaraðili, að varnaraðili hafi hvorki gert þessa samninga né verið falið að gera þá. Þessi greiðslukjör hafi ávallt staðið til boða af bankans hálfu, en ekki verið gengið frá samningum þar að lútandi, fyrr en eftir að mál þetta kom fyrst fyrir stjórnina. Hafi sóknaraðili gert það sjálfur ásamt Páli Ásgrímssyni. Á sama hátt hafi það ekki verið fyrir tilverknað varnaraðilja, að Samvinnubankinn keypti ofangreind veðskuldabréf sóknaraðilja að fjárhæð kr. 555.000.00. Hlutverk varnaraðilja hafi einungis verið að framkvæma skipti á bréfunum, eins og umboðið frá 1. september beri með sér. Í öðrum atriðum hefur lýsingunni ekki verið mótmælt, svo máli skipti.

Varnaraðili heldur fast við það, sem fram kemur í reikningnum frá 14 marz 1972. Hefur hann lagt fram í málinu vottorð Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns þess efnis, að afskiptum varnaraðilja af þeim málum varðandi Samvinnubankann, sem reikningurinn greinir, sé þar rétt lýst, en Jón starfaði að þessum málum sem lögmaður bankans. Í vottorðinu kemur og fram, að þeir samningar, sem sóknaraðili gerði endanlega við bankann um lúkningu þeirra víxilkrafna, er dæmdar voru á hendur honum, hafi einnig byggzt á greiðslufresti skuldurunum til handa, en fresturinn þá verið skemmri en var hjá varnaraðilja, þ. e. 14 ár. Samningarnir

voru gerðir um hálfu ári eftir, að upp úr slitnaði milli sóknaraðilja og varnaraðilja.

Málsaðiljar hafa ekki fært fram önnur sönnunargögn um þetta ágreiningsatriði, og samræmdari eða fyllri frásögn um það en hér kemur fram er ekki til að dreifa frá þeirra hendi. Ekki er sannað í málinu, að greiðslufrestur sá, sem sóknaraðili fékk hjá Samvinnubankanum, hafi verið varnaraðilja að þakka í þeim skilningi, að hann hefði ekki fengizt, ef aðstoðar varnaraðilja sem lögmanns hefði ekki notið við. Má og segja, að þetta sé ekki staðhæft í reikningi varnaraðilja, a. m. k. að því leyti sem reikningurinn styðst við vottorð Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, auk þess sem það er ekki óhjákvæmilegt skilyrði þess, að varnaraðili eigi rétt til þóknunar. Hitt má telja ljóst, að varnaraðilja var falið fyrirsvar fyrir sóknaraðilja um skuldaskil gagnvart bankanum og að þar hafi verið um umtalsvert starf að ræða. Þykir sýnt, að þetta verkefni varnaraðilja hafi ekki einungis náð til þeirra víxilskulda, sem tryggðar voru með veði í húseign sóknaraðilja, sbr. 1. lið reikningsins, heldur einnig hinna, sem um getur í 4.—5. lið. Hafi umboð varnaraðilja a. m. k. náð til að gæta réttar sóknaraðilja í þeim málum, er bankinn höfðaði til greiðslu síðari skuldanna, og þá eftir atvikum til að leita á þeim friðsamlegrar lausnar, þótt sóknaraðili hafi ekki fyrr en síðar viljað fara þá leið, sem varnaraðli mælti með.

Samkvæmt þessu þykir verða við það að miða, að sóknaraðilja hafi í fyrstu verið umhugað að reyna ýtrustu leiðir gagnvart Samvinnubankanum, og þá fyrst og fremst það að fá veðum bankans skilað án greiðslu, þannig að eftirleikurinn yrði skuldurunum þeim mun léttari. Hafi varnaraðilja verið falið að kanna þá leið, en hann talið hana vonlausa eða óráðlega eftir atvikum og réttara að leita lausnar eftir þeim samkomulagsleiðum, sem til greina kæmu af hálfu bankans. Þetta hafi málsaðiljar verið sammála um, að því er varðaði veðkröfu bankans í húseign sóknaraðilja, enda leiddu þeir hana sameiginlega til lykta, eins og að framan er lýst. Varðandi síðari kröfurnar hafi sóknaraðili hins vegar ekki viljað hverfa að svo stöddu frá hinni harðari stefnu og neitað að taka við því samkomulagi, sem varnaraðili ráðlagði. Hafi þessi ágreiningur verið þáttur í því, að málsaðiljar skildu að skiptum, hvort sem fleira kom þar til eða ekki. En ljóst þykir, að varnaraðili eigi einnig rétt á þóknun fyrir störf sín að þessum síðari kröfum, þótt honum hafi ekki tekizt að binda enda á málin.

Störf varnaraðilja fyrir sóknaraðilja samkvæmt framansögðu lúta aðallega að skuldaskilum, sbr. 1., 4. og 5. lið reikningsins frá 14. marz 1972, og má segja, að það taki einnig til þeirra starfa, er sérstaklega snertu kaupin um húseignina Hjallabrekku 7. Þykir rétt að hafa hliðsjón af þeim ákvæðum gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, er um skuldaskil fjalla (16. gr.), við ákvörðun um þóknun varnaraðilja. Í síðasta lið reikningsins er vísað til innheimtu, sem varnaraðilja var falin í framhaldi af skuldaskilunum, og verður jafnframt höfð hliðsjón af 4. og 11. gr. gjaldskrárinnar, að því er hana varðar. Hins vegar þykir ekki ástæða til að gera slíkt sérstaklega varðandi erindi það, sem lýst er í 3. lið reikningsins. Loks ber að taka tillit til 4. gr. gjaldskrárinnar í sambandi við þingsókn varnaraðilja í málum sóknaraðilja samkvæmt 4.—5. lið reikningsins.

Eftir að málið var upphaflega flutt fyrir stjórninni, var varnaraðilja gefinn kostur á að leggja fram sundurliðun á reikningi sínum, ef hann teldi þess þörf, en þóknun hans er í reikningnum sett fram í einu lagi, sem fyrr segir. Sá varnaraðili ekki ástæðu til þessa. Af hálfu sóknaraðilja er því hins vegar haldið fram, að honum sé nauðsyn á sundurliðun vegna þess, að hann kunni að eiga endurkröfurétt á hendur samskuldurum sínum fyrir því, sem hann þurfi að greiða fyrir störf varnaraðilja að þeim málum, er vörðuðu Festarfell h/f, þ. e. samkvæmt 4.—5. og að hluta samkvæmt 1. lið reikningsins.

Varnaraðili hefur ekki gert grein fyrir þeim tíma, sem til starfa hans fór, en ætla má, að þau hafi verið nokkuð umstangssöm. Í reikningi sínum bendir hann hins vegar á þann hagnað, sem sóknaraðili hljóti að hafa af greiðslufresti sínum hjá Samvinnubankanum, en það atriði þykir ekki skipta sérstöku máli, eins og hér er ástatt.

Af hálfu sóknaraðilja hefur það verið vefengt, að inneign hans hjá varnaraðilja sé rétt tilgreind á viðskiptareikningi þeim, sem hinn síðarnefndi hefur lagt fram samkvæmt framansögðu. Telur hann þar vanta greiðslur að fjárhæð samtals kr. 50.000.00, er hann hafi innt af hendi til varnaraðilja á árinu 1971, svo og endurgreiðslu frá Landsbanka Íslands á geymslufjárinnstæðu vegna Festarfells h/f að fjárhæð kr. 36.966.70. Við flutning málsins hefur varnaraðili lagt fram yfirlýsingu undirritaða af sóknaraðilja og fleirum hinn 23. maí 1971, er gefur til kynna, að nefndar kr. 50.000.00 hafi að efni til verið greiðsla upp í væntanlegan reikning vegna starfa fyrir Friðþjóf Karlsson og Festarfell h/f. Þá hefur

hann og lagt fram bankakvittun ásamt yfirlýsingu frá Friðþjófi Karlssyni frá árinu 1971, er bendir til þess, að umrædd innstæða að fjárhæð kr. 36.966.70 hafi verið frá Friðþjófi komin, en ekki sóknaraðilja. Aðiljar hafa ekki lagt ágreining þennan undir úrskurð stjórnarinnar, og virðist hann ekki þannig vaxinn, að ástæða sé til, að stjórnin láti það mál til sín taka.

Eftir atvikum þykir mega ákveða þóknun varnaraðilja í einu lagi fyrir öll sörf hans, er að framan greinir. Þegar allt er virt, sem að framan er rakið, þar á meðal verðmæti þau, sem verkefni varnaraðilja tóku til (kr. 1.421.000.00 ÷ 1.317.000.00), þykir sú þóknun réttilega ákveðin kr. 90.000.00. Af þeirri fjárhæð þykir rétt að telja kr 48.000.00 til þeirra mála, sem sóknaraðili hefur óskað aðgreiningar um samkvæmt framansögðu, án þess að afstaða sé þar með tekin til þess, hvort sú aðgreining muni skipta hann máli.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 8.000.00 upp í málskostnað.

Því úrskurðast:

Þóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir lögfræðistörf í þágu sóknaraðilja, Jörundar Á. Guðlaugssonar, ákveðst kr. 90.000.00.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 8.000.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 20. júní 1973.

Nr. 98/1973: **Valdstjórnin**
gegn
Einari Sverri Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar:

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15.

júní 1973, sem barst dóminum 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. júní 1973.

Ár 1973, föstudaginn 15. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 13. þ. m. var brotizt inn í Háaleitis Apótek og þaðan stolið verulegu magni af lyfjum og lífshættulegum eiturefnum. Rökstuddur grunur leikur á því, að Einar Sverrir Einarsson, fæddur 11. ágúst 1944, hafi tekið þátt í innbrotinu. Styðst sá grunur m. a. við framburð Guðbjörns Lárusar Elíssonar hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en hann hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu. Nefndur Einar var handtekinn klukkan 2115 í gær. Hann er þekktur vanaafbrotamaður. Rannsókn máls þessa er á algeru frumstigi. Nauðsyn er að útiloka möguleika kærða á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega samseka og vitni. Ber því með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að hann skuli sæta gæzluvarðhaldi, enda eru skilyrði til þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 7 dögum.

Úrskurðarorð:

Einar Sverrir Einarsson skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 7 dögum.

Miðvikudaginn 20. júní 1973.

Nr. 99/1973: **Valdstjórnin**
gegn
Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar:

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júní 1973, sem barst dóminum 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, að því er hann varðar.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann um varnaraðilja.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður, að því er varnaraðilja, Óskars Elíasar Héðin Guðmundsson, varðar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1973.

Ár 1973, laugardaginn 16. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 13. þ. m. var brotizt inn í Háaleitis Apótek og þaðan stolið verulegu magni af lyfjum og lífshættulegum eiturefnum. Rökstuddur grunur leikur á því, að innbrotið hafi verið framið af þeim Einari Sverri Einarssyni, Guðbirni Lárusi Elíssyni, Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni og Páli Konráði Konráðssyni. Styðst sá grunur m. a. við framburð nefnds Guðbjörns Lárusar Elíssonar hjá rannsóknarlögreglunni, en hann hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu.

Jóhann Bragi Friðbjarnarson, fæddur 30. nóvember 1935, og Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, fæddur 9. ágúst 1951, voru handteknir um klukkan 1500 í gær. Þeir eru báðir þekktir vanaafbrotamenn.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Nauðsyn er að útiloka möguleika þeirra á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega samseka og vitni. Ber því með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að þeir skuli sæta gæzluvarðhaldi, enda eru skilyrði til þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærðu eru grunaðir um háttsemi, sem getur varðað þá fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Jóhann Bragi Friðbjarnarson og Óskar Elías Héðinn Guðmundsson skulu sæta gæzluvarðhaldi allt að 30 dögum.

Föstudaginn 22. júní 1973.

Nr. 118/1972: **Fjármálaráðherra og Samgönguráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Gunnlaugi Sigurðssyni og gagnsök.
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur. Ábyrgð Vegagerðar ríkisins. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. september 1972. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. .

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. september 1972. Krefst hann þess, að dæmt verði, að aðal-

áfrýjandi beri „alla skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem gagnáfrýjandi varð fyrir hinn 21. ágúst 1970 um kl. 2200, er bifreið hans af Man-gerð, árgerð 1967, skrásetningarnúmer U 1220, skemmdist í veltu við brúna á Uxalæk á Vallanesvegi í Suður-Múlasýslu". Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Aðiljar hafa lýst því hér fyrir dómi, að vegur sá, sem um er rætt í málinu, sé þjóðvegur.

Guðni Nikulásson, flokksstjóri hjá Vegagerð ríkisins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi séð um vegarlagningu við brúna yfir Uxalæk. Var vinna hafin þarna um 10. ágúst 1970. Þegar slysið varð, var vegarlagningu lokið við brúna, en eftir að fylla í vik hægra megin í veginn, þegar komið er frá fljótinu. Í vegarbrúnir höfðu verið settir nokkrir ómálaðir hælar, en engin önnur aðvörunarmerki.

Samkvæmt gögnum máls verður að telja, að vegurinn hafi verið þannig gerður, að ófært hafi verið að leyfa umferð um hann. Verður að meta starsmönnum Vegagerðar ríkisins þessi mistök til stórkostlegs gáleysis.

Gagnáfrýjandi hafði eigi ástæðu til að vænta þess, að vegurinn væri svo varhugaverður sem raun var á. Verður við það að miða samkvæmt skýrslu hans, sem studd er vætti Ara Björnssonar, að hann hafi ekið gætilega og eigi brugðizt óeðlilega við þeim vanda, sem við var að etja, er í ófæru var komið. Niðurlagsákvæði 2. mgr. 65. gr. laga nr. 23/1970 er einstætt frávik frá almennum reglum, sem skýrt eftir orðum sínum mundi nær gersamlega girða fyrir bótaskyldu. Er ekki ætlandi, að tilgangur löggjafarvaldsins hafi verið sá að þrengja svo mjög bótaskyldu frá því, sem talið var gilda fyrir gildistöku vegalaga nr. 71/1963, er fyrst leiddu þetta ákvæði í lög. Ber því að skýra ákvæði þetta þröngt. Þegar þetta er virt, þykir gagnáfrýjandi ekki hafa firrt sig rétti til bóta samkvæmt lagaákvæði þessu.

Samkvæmt þessu verður að leggja á aðaláfrýjanda alla fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði

gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 70.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, ber fébótaábyrgð á tjóni því, er gagnáfrýjandi, Gunnlaugur Sigurðsson, varð fyrir hinn 21. ágúst 1970, þegar bifreið hans, U 1220, valt út af vegi við brú á Uxalæk á Vallanesvegi í Suður-Múlasýslu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 70.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Við úrlausn á bótarétti gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda vegna slyss þess, er í málinu greinir, verður að fara eftir ákvæði 2. mgr. 65. gr. laga nr. 23/1970, sem í veigamiklum atriðum víkur frá almennum reglum.

Telja verður, að vegurinn við Uxalækjarbrú hafi verið mjög varhugaverður, er hann var opnaður fyrir umferð að nýju. Stafaði þetta af ótryggilegum vinnubrögðum vegagerðarmanna við breikkun og hækkun vegarins. Var vegurinn enn varasamari en ella, vegna þess að umferð var leyfð um hann, áður en breikkun hans var lokið til fulls, en vegfarendur ekki varaðir við hættunni með glöggum viðvörunarmerkjum. Verður að meta starfsmönnum Vegagerðar ríkisins það til mikils gáleysis, að þeir leyfðu umferð um veginn að svo búnu.

Gagnáfrýjandi hafði skömmu áður ekið um Uxalækjarbrú. Hlaut honum að vera ljóst, að brúin var fremur þröng og mjórri en vegurinn. Hins vegar var bifreið gagnáfrýjanda allstór og á henni malarhlass. Er gagnáfrýjandi kom að brúnni á bakaleið var skuggsýnt, og ók hann með ökuljósum. Að sjálfs hans sögn ók hann að brúnni með 25—50 km hraða miðað við klukkustund. Uppdráttur gefur vísbendingu um,

að hann hafi komið að brúnni með vinstra bifreiðarhjól nálægt vinstri vegjaðri. Hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á, að hann hafi gætt „ýtrustu varkárni" í umrætt sinn. Vegna þeirra skilyrða, sem 2. mgr. 65. gr. laga nr. 23/1970 setur fyrir skaðabótaskyldu Vegagerðar ríkisins vegna slysa á opinberum vegum, verður samkvæmt framansögðu ekki hjá því komizt að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda um skaðbætur vegna þess tjóns, sem málið er af risið.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Aðaláfrýjandi, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, ber eigi skaðabótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda, Gunnlaugs Sigurðssonar, vegna skemmda, er urðu á bifreiðinni U 1220 við veltu við brú yfir Uxalæk á Vallanesvegi 21. ágúst 1970.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1972.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, er höfðað með stefnu, birtri 18. maí 1971.

Stefnandi málsins er Gunnlaugur Sigurðsson, Selási 16, Egilsstöðum, Suður-Múlasýslu.

Stefndu eru fjármálaráðherra og samgönguráðherra f. h. ríkissjóðs.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda ríkissjóði verði dæmt að greiða honum kr. 764.512.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 21. ágúst 1970 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð, sem dagsett er 31. ágúst 1971, hafa stefndu gert þær dómkröfur aðallega, að ríkissjóður verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að ríkissjóði verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Í þinghaldi 15. maí 1972 lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir æsktu þess með hliðsjón af 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, að sakarefninu yrði skipt á þann veg, að fyrst yrði dæmt um skaða-

bótaskyldu ríkissjóðs. Féllst dómarinn á þessa skiptingu sakarefnisins.

Í þessum þætti málsins eru dómkröfur stefnanda þær, að ríkissjóður verði dæmdur skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna þess tjóns, sem stefnandi varð fyrir hinn 21. ágúst 1970, um klukkan 2200, þegar bifreið stefnanda skemmdist, og að ríkissjóður verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að ríkissjóður verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað ríkissjóði að skaðlausu.

Dómurinn hefur leitað eftir sáttum í málinu án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 21. ágúst 1970, um klukkan 2200, ók stefnandi vörubifreið sinni U 1220 eftir Vallanesvegi í Suður-Múlasýslu. Þegar bifreiðin nálgaðist brúna á Uxalæk, sem er skammt frá prestssetrinu Vallanesi, sprakk vegkanturinn undan bifreiðinni með þeim afleiðingum, að bifreiðin valt út af veginum og skemmdist verulega. Í bifreiðnni með stefnanda var einn farþegi, Ari Björnsson. Hafði Ari fengið stefnanda til þess að ná í möl úr námu, sem er við Lagarfljót, skammt frá Vallanesi. Óku þeir sem leið lá frá Egilsstöðum eftir Vallanesvegi fram hjá Vallanesi og niður að námunni. Þar tóku þeir u. þ. b. 2 rúmmetra af líparítmöl, og að því loknu óku þeir af stað áleiðis til Egilsstaða aftur og voru á heimleið, þegar umrætt ökuóhapp varð.

Vörubifreið stefnanda er af tegundinni MAN, árgerð 1967. Breidd bifreiðarinnar er 2.35 metrar og eigin þyngd 7750 kg og leyfilegur farmþungi 7750 kg.

Stefnandi gaf skýrslu hjá lögreglunni í Suður-Múlasýslu, sem strax hófst handa um rannsókn málsins.

Í skýrslunni, sem er ódagsett, skýrir stefnandi svo frá: „Ég kom akandi norðan Vallanesvegar á ca. 25—30 km hraða á bifreiðinni U 1220. Á bifreiðinni var hlass u. þ. b. 2 m^3 af líparítmöl. Ók ég hiklaust út á veginn við Uxalækjarbrúna, enda var vegurinn nýr og leit vel út. Þegar ég var kominn út á nýja kafla vegarins við brúarendann, fann ég, að vegurinn gaf sig undan vinstra framhjóli bílsins og tók mikið í stýrið til vinstri. Reyndi ég að ná bifreiðinni til hægri og bætti lítillega við olíugjöf vélarinnar, en er ég var kominn með framhluta bifreiðarinnar inn á brúna,

sveik vegkanturinn skyndilega undan vinstra afturhjóli, og missti ég alveg stjórn á bifreiðinni, sem valt ofan í lækinn. Komst ég út um framglugga bifreiðarinnar, sem brotnaði við veltuna."

Í sakadómi Suður-Múlasýslu hinn 14. september 1970 skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi lagt af stað eitthvað fyrir klukkan 2200 frá Egilsstöðum ásamt nefndum Ara Björnssyni. Ók hann sem leið lá eftir Vallanesveginum á leið til námunnar og þá yfir brúna á Uxalæk. Kveðst hann ekki hafa tekið eftir neinu varhugaverðu við veginn við brúna, en tekur fram, að þetta hafi verið í ljósaskiptunum. Stefnandi kveðst þó hafa tekið eftir, að brúin yfir Uxalæk var ný og nýlagður vegur var að henni. Hann segir, að engin aðvörunarmerki hafi verið þarna við brúna og ekki hafi hann tekið eftir neinum stikum. Er þeir höfðu sett um það bil 2 rúmmetra af möl á bifreiðina, var ekið aftur heimleiðis til Egilsstaða. Er þeir nálguðust brúna á Uxalæk, kveðst stefnandi hafa ekið með venjulegri ferð. Kveðst hann ekki geta sagt til um hraðann með neinni nákvæmni, en hann hafi verið einhvers staðar milli 25 og 50 km. Skuggsýnt hafi verið orðið, og kveðst stefnandi hafa ekið með ljósum. Vegurinn liggi þarna yfir gil eða djúpa lægð og sé vegurinn uppbyggður Fljótsmegin, þ. e. þeim megin, sem stefnandi kom akandi með hlassið. Þegar hann nálgaðist brúna yfir Uxalæk, hafi bifreiðin sokkið í veginn vinstra megin að aftan. Þegar stefnandi varð var við, að bifreiðin seig niður vinstra megin, kveðst hann hafa aukið olíugjöfina og lagt lítið eitt á til hægri, en vegurinn þarna hafi ekki verið nema rétt bifreiðarbreiddin. Þegar stefnandi ók þarna með ljósunum, sýndist honum vegurinn vera breiðari en hann reyndist vera, þar sem fláinn á vegkantinum virtist vera hluti akbrautar. Stefnandi kveðst ekki hafa hemlað, er bifreiðin seig. Þetta hafi allt saman gerzt á svipstundu og gerðir hans hafi því verið viðbrögð til þess að koma í veg fyrir slys. Kveðst stefnandi hafa ætlað að reyna að rífa bifreiðina upp, en hann hafi þarna nánast misst stjórn á bifreiðinni. Bifreiðin hafi komið hallandi inn á brúna og hafi hann verið kominn vel inn á miðja brú með framendann á bifreiðinni, þegar hún valt út af brúnni, en afturhlutinn hafi þá enn verið á vegkantinum og fór ekki inn á brúna. Velta bifreiðarinnar hafi verið hæg til að byrja með. Bifreiðin hafi fyrst farið á hliðina, en síðan snöggoltið á toppinn. Í veltunni hafi framrúða bifreiðarinnar farið úr í heilu lagi og hafi hann ásamt Ara farið þar út úr stýrishúsinu. Stefnanda virtist vegurinn þarna vera mjög laus í sér. Hafi honum gengið illa að komast upp veg-

kantinn á leið sinni frá bifreiðinni upp á veginn. Kanturinn hafi skriðið undan honum og hafi verið um lausamöl að ræða. Þegar stefnandi gekk eftir veginum eftir slysið, hafi vegurinn sokkið undan fæti, svo gljúpur hafi hann verið. Hann segir, að dumbungsveður hafi verið, en ekki rigning. Stefnandi kveðst ekki hafa orðið var við, að vegurinn væri gljúpur, þegar hann ók til þess að sækja hlassið. Telur stefnandi, að það muni stafa af því, að miklu verra hafi verið að koma akandi frá Fljótinu, eins og hann gerði, þá er slysið varð, heldur en hinum megin frá. Þegar ekið er frá Fljótinu sé komið niður á þennan nýja kafla af dálítilli hæð, því að nýji kaflinn sé í nokkurri lægð. Vik hafi verið í veginum hægra megin, þegar komið er frá Fljótinu, og þess vegna hafi hann lent heldur meira vinstra megin og kanturinn, sem aðeins var lausamöl, gefið eftir. Hinum megin frá hafi þetta ekki fundizt, því að þá hafi hann ekið beint af brúnni á þennan nýja vegarkafla. Hafi þar verið jafnslétt að brúnni og hann því ekki tekið eftir neinu óvenjulegu. Stefnandi kveðst hafa verið mjög vel fyrirkallaður í umrætt sinn. Áður en stefnandi og Ari yfirgáfu slysstaðinn, tóku þeir planka, sem lágu við brúna, og lögðu þá þvert yfir veginn, hvorn sínum megin við brúna til þess að aðvara vegfarendur. Þeir komust fljótlega til Egilsstaða, hittu þar lögreglumann, sem fór strax með þeim aftur á slysstaðinn, og athugaði aðstæður allar. Lýstu þeir upp staðinn með vasaljósi og bifreiðaljósum. Segir stefnandi, að honum hafi virzt greinilegt, að eftir að bifreiðin seig í að aftan, hafi hún lyfzt upp hægra megin að framan, því að ekki hafi hann getað merkt för hægra framhjólsins í veginum. Stefnandi segir, að á myndum, sem teknar voru af vettvangi, sjáist greinilega, hvernig vegkanturinn hafi brýstst út. Stefnandi tekur fram, að er hann fór á vettvang með rannsóknardómaranum 14. september 1970, hafi hann séð, að búið var að gerbreyta þar öllu. Búið hafi verið að breikka veginn mikið, setja í hann bindiefni, hlaða upp kantinn þeim megin, sem bifreiðin fór út af. Hafi kanturinn verið hlaðinn úr stórgrýti alveg að brúnni. Þá hafi verið búið að reka niður gular stangir við vegbrúnina og gera við brúna.

Ari Björnsson gaf svofellda skýrslu hjá lögreglu: „Bifreiðin U 1220 var að koma norðan frá Vallanesi með hlass af flögumöl. Er bifreiðin ók að Uxalæknum, kom hún á nýbyggðan vegarkafla, er byggður er við nýja brú á læknum. Sveik vinstri vegkanturinn þá undan bifreiðinni, en hann er laus í sér. Framhluti bifreiðarinnar var kominn inn á brúna, er hún valt, og braut hún handrið

brúarinnar með sér í fallinu. Valt bifreiðin á vinstri hlið, síðan yfir á þakið og stanzaði á hægri hlið. Miklar skemmdir urðu á stýrishúsi bifreiðarinnar og krana."

Í sakadómi Suður-Múlasýslu hinn 15. september 1970 hefur vitnið Ari Björnsson skýrt svo frá, að það hafi fengið stefnanda til þess að sækja fyrir sig líparítmöl við Lagarfljót nálægt Vallanesi. Þegar þeir óku til þess að sækja mölina, hafi vitnið séð, að ný brú var yfir Uxalækinn og nýr vegur að brúnni. Vitnið kveðst hafa verið vel fyrirkallað í nefnt sinn og það hafi Gunnlaugur einnig verið. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir neinu óvenjulegu við hinn nýja veg og ekki hafa tekið eftir stikum á veginum. Það kveðst heldur ekki hafa tekið eftir breidd vegarins þarna. Vitnið telur, að hlassið hafi verið um 2 rúmmetrar og hafi hlassið verið kúfur á miðjum palli. Er þeir nálguðust brúna á Uxalæk á heimleiðinni, hafi veðrið verið gott, ekki heiðríkja, en ekki hafi rignt. Vitnið beindi þá ekki athygli sinni að veginum. Allt í einu varð vitnið vart við, að bifreiðin fór að síga til vinstri. Var bifreiðin þá á mjög rólegri ferð. Vitnið tekur fram, að það sjálft sé þaulvanur bifreiðarstjóri og hafi það þarna verið farþegi í bifreið og hafi því fundizt akstur bifreiðarstjórans eðlilegur í alla staði. Þegar bifreiðin fór að síga til vinstri, eins og fyrr greinir, beindist athygli vitnisins að veginum. Kveðst vitnið fyrst hafa haldið, að einhver bilun hefði orðið í afturhjóli, en fljótlega kveðst vitnið hafa fundið, að vegkanturinn var að gefa sig, og hafi það verið, þegar famendi bifreiðarinnar var kominn inn á brúna. Ekki kveðst vitnið muna til þess, að það og stefnandi hafi verið að spjalla saman fyrir slysið. Það kveðst muna, að áður en bifreiðin fór að síga, hafi það verið að horfa í aðra átt en vegurinn lá. Þetta hafi verið í ljósaskiptunum. Kveðst vitnið standa í þeirri meiningu, að ljós hafi verið á bifreiðinni. Þegar bifreiðin var komin með framhlutann töluvert inn á brúna, hafi hún oltið ofan í gilið, til að byrja með rólega. Kveðst vitnið ekki fullkomlega geta gert sér grein fyrir veltunni. Vitnið kveðst hafa ætlað að fara upp á veginn beint upp af bifreiðinni, en ekki komizt upp vegkantinn, þar sem vegkanturinn hafi skriðið undan fæti, því að vegkanturinn hafi verið úr lausamöl. Kveðst vitnið því hafa fært sig lengra frá brúnni, þar sem kanturinn var styrkari.

Hákon Aðalsteinsson lögreglumaður, sem fór á vettvang strax um nóttina, sem slysið varð, hefur gert uppdrátt af vettvangi, sem liggur fyrir í málinu. Hann skýrir svo frá fyrir sakadómi hinn 14. september 1970, að hægri hjólför hafi ekki verið sjáan-

leg, þegar hann kom á vettvang. Þegar lögreglumaðurinn athugaði vettvang, kveðst hann hafa séð á gólfi brúarinnar, sem er úr timbri, greinilegt far eftir hjólbarða og hafi mátt merkja, að hjólbarðinn hafði dregizt út á hlið, og hafi greinilega sézt blá málning á brún brúarinnar á móts við hjólbarðafarið. Merkti lögreglumaðurinn staðinn, þar sem farið eftir hjólbarðann sást, með stóru B á uppdrættinum. Hann segir, að sjálf brúin sé 5.82 metrar á lengd og breidd hennar milli hliðarplanka sé 3.20 metrar. Hliðarplankar séu nokkuð hærri en sjálft brúargólfið, en plankarnir séu 3 x 8 tommur og jafnlangir brúnni. Hæð frá brúargólfi í efri brún plankans sé 10.5 cm. Þegar lögreglumaðurinn kom á vettvang kvöldið, sem slysið varð, kveður hann rigningarslitring hafa verið, en skyggni sæmilegt. Kveðst lögreglumaðurinn þegar í stað hafa gert allar mælingar á staðnum og gengið frá uppdrættinum daginn eftir. Ljósmyndirnar á dskj. nr. 4 kveðst vitnið hafa tekið daginn eftir.

Vitnið Guðrún Lára Ásgeirsdóttir, prestsfrú í Vallanesi, hefur hinn 15. september 1970 skýrt svo frá, að einhvern tíma milli klukkan 2200 og 2230 nefnt kvöld hafi það komið að brúnni á Uxalæk, sem sé skammt frá prestssetrinu. Vitnið kveðst ekki muna, hvernig veðrið var. Þegar vitnið kom á lága hæð, sem er Vallanesmegin (Fljótsmegin við brúna), kveðst vitnið hafa séð mann á brúnni og bifreið á hvolfi í lækjargilinu. Telur vitnið, að brúin hafi verið opnuð til notkunar kvöldið áður, og hafði vitnið ekki ekið yfir hina nýju brú. Vitnið tók eftir djúpu hjólfari vinstra megin á veginum. Virtist vitninu það fara mikið dýpkandi, þar til að brúnni var komið, en þá hafi kanturinn alveg verið farinn. Vitnið stöðvaði bifreið sína, áður en það kom að hjólförunum. Vitnið tekur fram, að því hafi virzt hjólfarið, sem það hefur greint frá, ekki stefna á brúna miðja, heldur aðeins til vinstri. Vitnið kveðst hafa fylgzt nokkuð með vegargerðinni að brúnni dagana áður og hafi það tekið eftir því, að mölinni hafi verið sturtað í bil, sem var milli gamla vegarins og nýju brúarinnar. Kveðst vitnið sérstaklega hafa undrazt, að engin ýta var notuð, heldur hafi mölinni verið sturtað af bifreið. Vitnið kveðst hafa verið að hugsa um að aka yfir brúna, en þeir stefnandi og Ari hafi ráðlagt vitninu frá því, þar sem skarð var í veginum rétt við brúna. Kveðst vitnið við athugun hafa séð, að það mundi ekki komast veginn, vegna þess hve skarðið náði langt inn í veginn. Vitnið kveðst því hafa ekið yfir moldarflag niður að læknum og yfir lækinn.

Helgi Gíslason hefur hinn 15. september 1970 skýrt svo frá, að hann sé verkstjóri hjá Vegagerð ríkisins og m. a. haft verkstjórn í sambandi við brúarlagningu og veg að brúnni yfir Uxalæk í Vallanesvegi. Byrjað hafi verið á brúarsmíðinni 10. ágúst 1970. Þarna hafi verið brú fyrir. Steyptir voru nýir stöplar í sömu hæð og hinir fyrri, en síðan settir stálbitar á nýju stöplana, en áður hafi verið trébitar. Stálbitarnir hafi verið hærri og hafi brúin hækkað um þykktina á þeim. Nýja brúin sé nákvæmlega á sama stað og gamla brúin. Gamli vegurinn hafi ekki verið rifinn, en hann hafi verið breikkaður og hækkaður um á að gizka 70—80 cm sitt hvorum megin, en kveðst þó ekki vilja fullyrða um hækkunina, því að hann kveðst ekki sjálfur hafa séð um þetta verk. Hann hafi falið Guðna Nikulássyni að sjá um verkið, þ. e. vegarlagninguna, en brúarsmíðin hafi verið á vegum Einars Sigurðssonar á Reyðarfirði. Helgi kveðst ekki hafa sagt Guðna út í yztu æsar, hvernig ætti að vinna verkið. Guðni sé flokksstjóri hjá honum og sé búinn að vera við vegagerð árum saman og því þaulkunnugur vegagerð. Hann kveðst hafa falið Guðna að leggja veginn að brúnni, þ. e. hækka og breikka gamla veginn. Það hafi verið sín fyrirmæli. Helgi segir, að hann telji, að vegarlagningunni hafi ekki verið lokið, þegar slysið varð. Hann kveðst hafa komið á staðinn 23. ágúst 1970. Hann segir, að honum hafi virzt, að eftir hafi verið að fylla í vik hægra megin á veginum, þegar komið er frá Fljótinu, og segir, að vik þetta sjáist nokkuð vel á myndum nr. 4 og nr. 2 á réttarskjali nr. 4. Hann telur, að búið hafi verið að hlaða sniddukant að brúnni vinstra megin, þegar komið er frá Fljótinu, og telur, að hann hafi rótazt niður með bifreiðinni, þegar hún valt út af. Hann telur, að hluti af sniddukantinum sjáist á báðum áðurgreindum myndum nr. 2 og 4. Hann telur, að kanturinn hafi verið hlaðinn næst brúnni, og segir, að þetta sé venjulegur máti að hlaða kanta. Þeir séu venjulega hlaðnir úr sniddum á malarkant, ef svo ber undir og eins og þarna var. Aftur á móti, ef vatn leiki um vegarkant, sé nauðsynlegt að hlaða kanta úr grjóti, og kveðst hann halda, að ekki hafi verið nauðsynlegt að hlað kantinn þarna megin úr grjóti, en aftur á móti gæti það verið nauðsynlegt hinum megin, þar sem vatnið kemur undir brúna. Hann telur, að vegurinn hafi verið fær öllum bifreiðum, og tekur fram, að bifreið sú, sem ók möl í veginn, hafi stöðugt ekið veginn, en það hafi verið breikkunin á veginum, sem hafi svikið. Hann kveðst hafa verið í leyfi frá 20. til 23. ágúst. Kveðst hann ekkert hafa fylgzt með umræddri vegarlagningu. Fyrirmæli

um þessa vegarlagningu kveðst Helgi hafa fengið hjá Agli Jónssyni, umdæmisverkstjóra á Reyðarfirði. Aðspurður skýrir hann svo frá, að aðvörunarmerki séu sett upp, ef vegur er talinn hættulegur fyrir umferð.

Guðni Nikulásson flokksstjóri hefur hinn 15. september 1970 skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi séð um vegarlagninguna við Uxalækjarbrú, en Einar Sigurðsson hafi séð um brúarsmíðina. Guðni kveðst hafa byrjað að vinna við brúar- og vegarlagninguna sennilega um 10. ágúst. Helgi Gíslason hafi ekkert samband haft við sig út af vegarlagningunni né hann við Helga. Aftur á móti hafi verið rætt um það við Egil Jónsson umdæmisverkstjóra, að mætti sæi um verkið. Aðspurður segir Guðni, að nýja brúin sé alveg á sama stað og gamla brúin, en hún sé nokkuð hærri, sennilega milli 70 og 80 cm, og hafi því þurft að hækka veginn við brúna sem þessari hækkun nam. Vegurinn hafi að sjálfsögðu breikkað, bæði að neðan og við vegarhæð. Ekki treystir Guðni sér til þess að segja til um með neinni nákvæmni, hve mikið vegurinn hafi breikkað. Breikkunin hafi verið framkvæmd þannig, að sótt var möl og henni ekið á gamla veginn og sturtað og síðan mokað úr. Hann kveðst hafa höggvið gamla kantinn, sem var úr sniddum, við brúna og út frá honum í stalla, til þess að mölin rynni síður til. Gamli sniddukanturinn hafi staðið óhaggaður við brúna, allt þar til 1 metri ca. var í hina nýju vegarhæð, og sennilega rúmlega 1 metra út frá brúnni Fljótsmegin. Hann kveðst hafa lagt steininn, sem sjáist fremst á mynd nr. 7 á réttarskjali nr. 4, ofan á gamla kantinn. Það, sem fyrir ofan er, sé nýtt og hafi sniddur verið hlaðnar þar í vegarhæð. Hann bendir sérstaklega á tréborðin í vegkantinum á mynd nr. 7. Það séu timburborð, sem hann hafi lagt í veginn til þess að koma í veg fyrir skrið. Borð og planka hafi hann lagt á gamla veginn og hafi borðin náð út fyrir hann. Síðan hafi verið keyrð möl í veginn ofan á borðin og hafi hann lagt borð alltaf öðru hverju og sjáist greinilega í eitt borð á mynd nr. 7, þar sem endi af því standi út úr kantinum nokkuð fyrir neðan, þar sem fremri maðurinn stendur. Engar teikningar kveðst Guðni hafa haft í sambandi við vegarlagningu þessa. Aðspurður hvort lagningu vegarins hafi verið lokið, þegar slysið varð, svarar mætti, að brúarsmíðinni hafi verið lokið, en eftir hafi verið að fylla í vik hægra megin á veginum, þegar komið er frá Fljótinu. Sjáist vik þetta greinilega á mynd nr. 4 á dskj. nr. 4. Hann kveðst hafa sett niður hæla þá, sem sjáist á myndum nr. 1—6. Hælarnir hafi verið ó-

málaðir. Önnur aðvörunarmerki voru ekki sett upp. Hann segir, að þeir hafi verið búnir að keyra veginn til daginn áður og hafi vegagerðarbifreið þeirra, sem er svipuð að stærð og U 1120, verið notuð í keyrslu á mölinni og hafi hún verið margbúin að aka veginn. Þegar síðasta mölin hafi verið keyrð í veginn og sléttuð, hafi þeir ekið bifreiðinni fram og aftur um veginn og myndað hjólför í veginn.

Vitnið Hrafn Sveinbjarnarson kveðst hafa unnið við að aka möl í veginn báðum megin við brúna yfir Uxalæk. Kveðst vitnið hafa unnið verk þetta í tímavinnu og hafi Vegagerð ríkisins greitt honum laun fyrir það. Vitnið kveðst hafa sótt mölina í námu, sem sé skammt austan við brúna, það er ekki Fljótsmegin. Þeim megin hafi lítið þurft af möl í veginn, aðeins rétt við brúna. Fljótsmegin við brúna hafi gamli vegurinn verið mikið lægri en brúin og hafi því þurft að aka mikilli möl þar í. Þegar vitnið var búið að aka möl að brúnni austan megin, bakkaði það bifreiðinni yfir brúna og sturtaði mölinni af pallinum, fyrst að brúnni, og síðan kveðst vitnið hafa bakkað lengra og lengra út á hinn nýja veg, sem þannig myndaðist, og haldið svo áfram, þar til Guðni Nikulásson sagði vitninu, að nóg væri komið. Guðni hafi stjórnað verkinu. Vitnið varð ekki vart við, að Helgi Gíslason verkstjóri eða Egill Jónsson umdæmisverkstjóri hefðu afskipti af framkvæmd verksins. Vitnið telur, að vinnan við þetta hafi tekið tvo til þrjá daga. Vitnið lauk við að aka mölinni á fimmtudagskvöldi. Segir vitnið, að Guðni hafi rutt úr mölinni og hafi verið honum til aðstoðar tveir unglingar. Ekki hafi þeir haft önnur verkfæri en skóflur. Vitnið sá, að Guðni lagði þverborð hér og þar í veginn til þess að treysta bindingu malarinnar, og vitnið kveðst hafa tekið eftir því, að við brúna, Fljótsmegin, hafi verið hlaðið með sniddum. Vitnið kveðst hafa hætt að bakka bifreiðinni með mölinni, þegar fært var að aka allan vegarspottann, en þá kveðst vitnið hafa snúið bifreiðinni við á melnum Fljótsmegin við Uxalæk. Þegar vitnið hafði lokið við að aka mölinni, kveðst það samkvæmt beiðni Guðna hafa ekið nokkrum sinnum fram og aftur vegarspottann til þess að þjappa veginn og til þess að setja í hann hjólför. Guðni hafði sett niður nokkra ómálaða hæla, sem sjáist á framlögðum myndum á dskj. nr. 4.

Egill Jónsson umdæmisverkstjóri Vegargerðar ríkisins, hefur hinn 20. október 1970 skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi haft yfirumsjón með vegarlagningu að og frá brú yfir Uxalæk í ágústmánuði 1970. Hann kveðst hafa komið á staðinn, þegar verið var

að enda við að byggja brúna. Með brúarsmiðnum var Guðni flokksstjóri, en Helgi Gíslason verkstjóri var þar ekki. Egill kveðst hafa falið Guðna að fylla að brúnni, eins og venjulegt sé að gera, og hlaða að brúnni. Kveðst hann sérstaklega hafa beðið Guðna að hlaða að brúnni, því að ef það kæmi fyrir, að gleymist að hlaða að brú, þá myndist vik við brýrnar. Egill kveðst hafa haft tal af Helga Gíslasyni verkstjóra, sennilega daginn eftir að hann ræddi við Guðna, og hafi hann sagt Helga, að hann hefði falið Guðna að fylla að brúnni. Guðni muni vera búinn að starfa sem flokksstjóri hjá Vegagerð ríkisins í þrjú til fjögur sumur og sé hann þaulvanur vegagerðarmaður. Aðspurður segir Egill, að eiginlega hafi vegarlagningunni ekki alveg verið lokið þann dag, sem slysið varð hinn 21. ágúst 1970. Eftir hafi verið að fylla upp í vik um það bil 10—12 metra frá brúnni Vallanesmegin. Tekur hann fram, að um þetta hafi hann ekki vitað fyrr en daginn eftir slysið, þegar hann kom á vettvang. Hafi hann þá strax séð, að eftir var að fylla upp í greint vik. Kveðst hann hafa rætt um þetta við Guðna, sem þá hafi verið staddur þarna. Hafi Guðni sagt, að rétt væri, að vikið væri óuppfyllt. Hann hafi ætlað að fylla upp í það eftir helgina. Segir Egill, að fyllt hafi verið upp í vikið þarna strax á eftir. Hann segir, að vikið sjáist greinilega á myndum nr. 2 og 4 á dskj. nr. 4. Hann segir, að ekki hafi verið teikning af umræddri vegarlagningu, en þarna hafi verið endurbyggður gamall vegur. Hann kveðst hafa spurt Guðna, hvað hann hafi notað til þess að þétta eða binda vegarefnið. Guðni hafi sagzt hafa notað þverborð, sem hann hafi lagt hér og þar í kantana, svo að síður rynni. Egill segir, að honum sé ekki kunnugt um, að slík aðferð sé venjuleg. Aftur á móti sé oftast til bindingar notaðar sniddur. Hann kveðst aldrei hafa séð notuð borð sem að framan greinir, til bindingar. Þegar kantur er hlaðinn á eftir, þá sé grafið úr til þess að koma sniddum inn í vegbrúnina til bindingar, en sé kantur hlaðinn jafnóðum, þá er sniddum raðað þannig inn í veginn, að vegarefnið bindist. Þetta sé aðallega gert, þar sem efni til vegarins sé laust í sér.

III.

Daginn eftir umrætt slys tilnefndi sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu tvo skoðunarmenn til að skoða vettvang. Skoðunarmennirnir, þeir Sölvi Aðalsteinsson og Björn Sveinsson, fóru samdægurs á staðinn, og hinn 23. ágúst 1970 skiluðu þeir skoðunargerð, þar sem m. a. segir svo:

„Við undirritaðir skoðunarmenn, tilnefndir af sýslumanni Suður-Múlasýslu hinn 22. ágúst 1970 til þess að gera skoðunargerð á veginum við Uxalækjarbrú á Vallanesvegi, þar sem bifreiðin U 1220 valt út af veginum að kvöldi þess 21. þ. m.

Laugardaginn 22. ágúst 1970 mættum við á slysstað og gerðum athuganir þær, sem hér fara á eftir.

Á Uxalæk er nýbyggð brú, og undanfarna daga hefur verið unnið að lagningu vegar að henni. Brúin var hækkuð og vegurinn einnig hækkaður um 1 m og þar með dregið úr kvos, sem er við lækinn. Akpallur brúarinnar er 3.20 m á breidd. Vegarbreidd við brú 3.60 m, breikkar síðan í 5 m í 5 m fjarlægð, mjókkar aftur á næstu 4 m niður í 3 m og heldur þeirri breidd á 11 m kafla.

Vegargerðin er þannig framkvæmd, að ekið er þurri möl á veginn og rennt að bílpalli í breikku, sem verður í gamla veginn. Síðan er byggður einfaldur sniddukantur á veginn á fyrstu 5 m frá brú. Kanturinn að vestan er 1.50 m á hæð, flái 0.95 m, að austan hefur kanturinn verið um 2.30 m á hæð, en er horfinn á 3.8 m kafla frá brú, en horn stendur eftir, 1.2 m, sem við teljum, að hafi skriðið fram um 30 cm.

Athugavert við gerð þess vegar teljum við vera:

I. Vegurinn er gerður úr þurri möl, sem fær ekki bindingu, fyrr en hann hefur staðið um tíma og helzt blotnað í gegn, enda skríða kantarnir undan fæti og hægt að skara mölina með reku, þegar við grófum holur til að kanna veginn.

II. Breikkun vegarins um ca. 30 til 50 cm teljum við varhugaverða með því að renna haldlausri möl fram af gamla veginum, og gefi það skriðhættu. Hér hefði þurft að undirbyggja breikkunina úr sniddu eða góðu bindiefni minnsta kosti í hæð gamla vegarins.

III. Einfaldur sniddukantur, óbundinn, gefur engan styrk á þurri malaruppfyllingu.

IV. Auðséð er, að malaruppfyllingin skríður undan bílhjólinu, og afleiðingin verður velta.

V. Þessi vegargerð þolir ekki keyrslu, fyrr en vegurinn hefur sezt, og umferð á hann er því leyfð of fljótt og án viðvörunar.

VI. Vængur brúarstólpans er ekki vel lagaður til að byggja við hann vel góðan kant.“

IV.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að sam-

kvæmt því, sem fram komi í skoðunargerð svo og öðrum gögnum málsins, þar á meðal rannsókn á kornastærð fyllingarefnis, sé leitt í ljós, að orsök slyssins megi rekja til þess í fyrsta lagi, að vegargerð hafi verið stórlega áfátt, og í öðru lagi, að viðvörunarmerkjum hafi ekki verið komið fyrir, enda þótt vegargerðinni hafi ekki verið lokið. Þetta hvort tveggja verði að teljast til stórkostlegs gáleysis af hendi vegagerðarmanna. Beri ríkissjóður því fulla bótaábyrgð á því tjóni, sem hlauzt af slysinu. Til frekari stuðnings kröfum sínum er á það bent af hálfu stefnanda, að framkvæmd vegarlagningarinnar hafi öll verið í handaskolum. Ekki hafi verið gerð sérstök teikning af mannvirkinu, en nútímatækni krefjist þess, að uppdráttur skuli gerður og verkið hannað fyrirfram. Enginn verkstjóri hafi verið við framkvæmd verksins, heldur aðeins flokksstjóri. Efnisvali hafi verið áfátt. Ekki verði annað séð en að stefnandi hafi ekið eftir miðjum vegi og að vegurinn hafi hreinlega sprungið undan þunga bifreiðarinnar, en stefnandi hafi sýnt af sér ýtrustu varkárni í akstrinum.

V.

Af hálfu ríkissjóðs er aðalkrafan um sýknu studd þeim rökum í greinargerð, að sök á slysinu liggi hjá stefnanda sjálfum. Ekki sé um slíkt gáleysi að ræða af hendi starfsmanna Vegagerðarinnar, að sannað sé eða líklegt, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, ef ýtrasta varkárni hefði verið sýnd af hendi ökumanns. Að öðrum kosti beri ríkissjóður ekki ábyrgð á tjóni, er hljótast kynni af slysum á opinberum vegum samkvæmt 2. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963. Samkvæmt teikningu af vettvangi á fylgiskjali með dómsskjali nr. 13 virðist ljóst, að um útafakstur ökumanns bifreiðarinnar hafi verið að ræða. Engin tilraun hafi heldur verið gerð til þess að koma í veg fyrir slys með því að stöðva bifreiðina, eftir að ljóst var, að hún var komin út úr hjólförum vegarins, heldur hafi ökumaðurinn aukið við eldsneytisgjöf bifreiðarinnar og valdið þar með útafakstri. Vegargerðin þarna hafi verið á allra vitorði austur þar, enda í þessu tilfelli ökumaðurinn nýbúinn að aka yfir brúna, áður en slysið varð, og því fullkunnugt um hinn nýja og tiltölulega lausa veg. Auk þess beri vegfarendum að sýna sérstaka varúð í akstri, þar sem unnið er að vegargerð, sbr. lög nr. 40/1968. Þá hafi vegurinn næst brúnni verið merktur með stikum og því enn meiri ástæða til aðgæzlu.

Við hinn munnlega málflutning var af hálfu ríkissjóðs á það

bent, að stefnandi hafi ekið of hratt að brúnni í nefnt sinn, enda þótt hann hafi verið búinn að veita því eftirtekt, að brúin var ný og vegurinn beggja vegna við hana. Þá er því og haldið fram, að ekki sé venjulegt að hanna verk sem lagningu þessa vegarspotta. Flokksstjórinn hafi verið verkstjóri og ekki hafi verið ástæða til að kveðja til verkfræðing. Útlagning vegarins hafi verið samkvæmt venju. Ríkið haldi uppi víðtækri þjónustu fyrir borgarana, þar á meðal umfangsmiklu vegakerfi af mismunandi gerð, allt frá krókóttum vegslóðum og upp í steinsteyptar hraðbrautir. Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald sé gífurlegur. Ákvæði 2. mgr. 65. gr. vegalaganna hafi verið sett til að takmarka bótaábyrgð ríkissjóðs. Lagaákvæði þetta brjóti ekki í bága við meginreglur laga og alls ekki við stjórnarskrána, enda geti bifreiðaeigendur tryggt sig fyrir því tjóni, sem verða kann á bifreiðum við akstur á opinberum vegum, með því að húftryggja bifreiðarnar, t. d. hafi stefnandi húftryggt bifreið sína á árunum 1967—1970, en því miður hafi hann tekið hana úr tryggingu, nokkru áður en slysið varð. Ekkert bendi til að víkja beri nefndu lagaákvæði til hliðar. Verði stefnandi samkvæmt framansögðu sjálfur að bera tjón sitt.

Varakrafa ríkissjóðs um lækkun stefnukröfunnar er í fyrsta lagi byggð á hlutdeild stefnanda í tjóninu, verði aðalkrafan um algera sýknu ekki tekin til greina, en í öðru lagi á of háum og órökstuddum kröfum vegna atvinnutjóns.

Af hálfu ríkissjóðs er vísað til Hrd. 1959/79 með þeirri athugasemd, að lagaákvæðið í 65. gr. vegalaga séu yngri en dómurinn.

VI.

Dómendur fóru hinn 30. maí s.l. á vettvang og kynntu sér aðstæður. Var þá tekið sýni af fyllingarefni í vegi. Sýni þetta var sent Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem hinn 2. júní s.l. framkvæmdi rannsókn á kornastærð sýnisins.

Umræddur vegur, sem liggur heim að prestssetrinu Vallanesi og býlinu Jaðri, telst til opinberra vega. Í 64. og 65. gr. vegalaga nr. 23/1970 er fjallað um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum. Greinar þessar eru svohljóðandi:

„64. gr.

Þegar vegur er fullgerður eða almenn umferð hefur verið leyfð um hann, skal honum haldið við, eftir því, sem aðstæður leyfa, þannig að hann gegni sem bezt hlutverki sínu.

65. gr.

Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið, eftir að hún hefur fengið vitneskju um vegaskemmdir, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði, þar til viðgerð hefur farið fram.

Vegagerð ríkisins er ekki ábyrg fyrir tjóni, sem hljótast kann af slysum á opinberum vegum, nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýtrustu varkárni."

Ákvæði 2. mgr. 65. gr. var fyrst tekið upp í vegalög nr. 71/1963. Í greinargerð með frumvarpi að síðastnefndum lögum varðandi nefnt ákvæði segir svo:

„Í gildandi vegalögum er ekki vikið að skaðabótaábyrgð vegagerðarinnar vegna slysa á vegum. Undanfarið hefur í vaxandi mæli gætt tilhneigingar til að koma slíkri bótaskyldu á vegagerðina af hálfu þeirra, sem fyrir tjóni urðu. Hér er lagt til, að ábyrgð vegagerðarinnar komi því aðeins til, að starfsmenn hennar hafi sýnt „stórkostlegt gáleysi" og ökumenn hefðu ekki getað afstýrt slysi, þótt beitt hefði verið ýtrustu varkárni. — Ætti að vera ljóst, að ekki er unnt að hafa svo stöðugt og vakandi eftirlit með yfir 10 þús. km. malarvegakerfi landsins, jafnvel þótt viðhaldsfé væri ríflegra en verið hefur, að ekki verði af og til allvíða varasamir kaflar, sé ekki farið með ýtrustu varkárni."

Þegar virt er tilorðning 2. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 23/1970, verður að telja, að hún taki fyrst og fremst til vegaviðhalds. Hækkun brúarinnar yfir Uxalæk og vegarframkvæmdirnar við hana voru frekar endurnýjun en venjulegt vegaviðhald. Hinir sérfróðu meðdómendur eru sammála um, að fyllingarefnið, sem notað var, sé bindiefnasnautt og því hafi vegna skriðhættu verið nauðsynlegt að þjappa það sérstaklega vel. Það var ekki gert, þar sem þjöppun var ekki framkvæmd utan hjólfara. Viðurkennt er af verkstjóra Vegagerðarinnar, að vegargerðinni var ekki lokið. Vik var í veginum, svo að á kafla var vegurinn mjög mjór. Vegna þess hve vegurinn þarna var mjór og þjöppun efnisins ófullkomin, var umferð um veginn varhugaverð. Engin viðhlítandi aðvörunarmerki voru á staðnum. Lítur dómurinn svo á, að umrætt slys verði fyrst og fremst rakið til þeirra mistaka starfsmanna Vegagerðarinnar að hleypa umferð yfir brúna án viðvörunarmerkja, áður en forsvaranlega var frá veginum gengið. Á þessum mistökum starfsmanna sinna ber ríkissjóður ábyrgð, enda verður að líta

svo á, eins og á stendur, að ákvæði 2. mgr. 65. gr. vegalaga standi þessu ekki í vegi. Hins vegar þykir sýnt, að stefnandi, sem skömmu áður hafði ekið yfir brúna, hafi ekki gætt allrar þeirrar varúðar, sem af honum mátti krefjast. Verður hann því sjálfur að bera hluta af tjóni sínu. Þykir rétt að skipta sök þannig, að ríkissjóður bæti stefnanda tjón hans að 3/5, en stefnandi beri sjálfur 2/5 hluta tjóns síns.

Rétt þykir, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Hákoni Ólafssyni og Pálma R. Pálmasyni verkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og samgönguráðherra f. h. ríkissjóðs, bera skaðabótaábyrgð á 3/5 hlutum þess tjóns, sem stefnandi, Gunnlaugur Sigurðsson, varð fyrir hinn 21. ágúst 1970, er bifreið hans U 1220 skemmdist í veltu.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Föstudaginn 22. júní 1973.

Nr 89/1973: **Ásgeir Hannes Eiríksson**
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur
Heilbrigðismálaráðherra
f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og
Dómsmálaráðherra
f. h. dómsmálaráðuneytisins.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem héraðsdómaranum barst 15. maí 1973 og Hæsta-

rétti 5. júní s. á. Krefst hann þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur. Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, en af hendi annarra varnaraðilja er kærumálskostnaðar ekki krafizt.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, gerir sóknaraðili þá dómkröfu í máli þessu, að ógild verði dæmd synjun borgarstjórans í Reykjavík frá 3. febrúar 1972 um leyfi handa sóknaraðilja til að halda hund á heimili sínu. Málsefni þetta er nægilega sérgreint, og eru ákvæði 67. gr. laga nr. 85/1936 því eigi til fyrirstöðu, að sóknaraðilja sé rétt að fá úrlausn dómstóla um þá kröfu sína. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1973.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 19. febrúar 1973. Munnlegur málflutningur fór fram 11. apríl sama ár, og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi máls þessa heitir Ásgeir Hannes Eiríksson, til heimilis að Flókagötu 39, Reykjavík. Er hann varaformaður Hundavinafélagsins.

Stefndu eru borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur, heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins.

Í stefnu segir, að málið sé höfðað „til þess að fá skorið úr um

gildi þeirra ákvæða í eftirtöldum reglugerðum, sem kveða á um bann við hundahaldi í Reykjavík:

1. Reglugerð nr. 61 frá 12. sept. 1924.
2. Reglugerð nr. 11 frá 20. jan 1950, 161. gr.
3. 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 frá 7. janúar 1930 ásamt áorðnum breytingum."

Fyrir dómi kveðst stefnandi gera þessar dómkröfur: „Að viðurkennt verði með dómi, að synjun borgarstjórans í Reykjavík, með bréfi, dags. 3. febr. 1972, um leyfi til handa stefnanda að mega halda hund af íslenzku fjárhundakyni á heimili sínu, Flókagötu 39, Reykjavík, sé ólögmæt."

Jafnframt gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi allra stefndu in solidum að mati dómsins.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur gerir þær kröfur, að synjun hans með bréfi, dags. 3. febrúar 1972, um leyfi til handa stefnanda að mega halda hund af íslenzku fjárhundakyni á heimili sínu, Flókagötu 39, Reykjavík, verði talin lögmæt og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur engan árangur borið.

2.0.

2.1. Atvik máls þessa koma einkum fram í greinargerð stefnda. Segir þar, að þann 22. júlí 1969 hafi verið stofnaður í Reykjavík félgsskapur, sem hafi hlotið nafnið Hundavinafélagið. Skyldi markmið félagsins m. a. vera að stuðla að því, að hundahald yrði leyft í þéttbýli og að settar yrðu reglur um hundahald af hálfu hins opinbera. Í samræmi við þennan tilgang félagsins hafi það leitað eftir því með bréfi til borgarstjórans í Reykjavík, dags. 21. október 1970, að borgarstjórn Reykjavíkur heimilaði hundahald í borginni á grundvelli reglna um hundahald, sem félagið hafi látið gera. Borgarráð hafi vísað erindi félagsins til umsagnar heilbrigðisráðs Reykjavíkur, lögreglustjórans í Reykjavík og Dýraverndunarfélags Reykjavíkur. Í greinargerðinni segir, að þegar umsagnir ofantalinna aðilja hafi borizt borgarráði um erindi Hundavinafélagsins, hafi borgarráð samþykkt eftirfarandi ályktun: „að fengn-

um umsögnum heilbrigðismálaráðs, lögreglustjóra og Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, sbr. einnig bréf landlæknis, dags. 3. þessa mánaðar (þ. e. des. 1970) og bréf yfirdýralæknis, dags. 5. fyrra mánaðar (þ. e. nóv. 1970) mælir borgarráð ekki með því, að breytt verði gildandi reglum um bann við hundahaldi í Reykjavík, sbr. bréf Hundavinafélagsins, dags. 21. október s.l. Borgarráð beinir þeim tilmælum til lögreglustjóra, að um framkvæmd bannsins verði höfð hliðsjón af því, að nokkurt hundahald hefur viðgengizt í borginni að undanförnu, og telur borgarráð eðlilegt, að eigendum þeirra hunda, sem nú eru í borginni, verði veittur frestur til 1. september næstkomandi til að hætta hundahaldi, þó þannig, að hundar verði ekki leyfðir á almannafæri á þeim tíma og að réttmætum kvörtunum vegna ónæðis af hundahaldi verði sinnt."

Þann 18. desember var framangreind ályktun borgarráðs afgreidd á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur og samþykkt þar með 14 atkvæðum gegn 1. Þá segir í greinargerðinni, að er líða hafi tekið að þeim tíma, sem tilgreindur hafi verið í ályktun borgarstjórnar frá 17. desember 1970, hafi Hundavinafélagið ritað bréf til borgarráðs, dags. 14. ágúst 1971, þar sem þess var farið á leit, að borgarstjórn endurskoðaði afstöðu sína í ljósi upplýsinga, sem félagið hafði aflað hjá heimskunnum erlendum sérfræðingum á þeim staðhæfingum, sem fram kæmu í skýrslu heilbrigðisráðs Reykjavíkur og áður er getið og borgarstjórn grundvallað samþykkt sína á.

Bréfi þessu hafi borgarstjórinn í Reykjavík svarað með bréfi, dags. 1. september 1971, og þar hafi verið tilkynnt, að borgarráð mælti ekki með því, að gerð yrði breyting á samþykkt borgarstjórnar frá 17. desember 1970.

Í greinargerð segir, að stefnandi hafi ekki viljað una því, að honum væri meinað að halda hund á heimili sínu. Hann hafi því sent umsókn til borgarstjóra í Reykjavík, dags. 31. janúar 1972. Umsóknin hljóðaði svo: „Ég leyfi hér hér með að sækja um leyfi til að halda hund af íslenzku fjárhundakyni, á heimili mínu, samkvæmt rgj. 61/1924, sbr. 1. 8/1924 (nú 1. 7/1953). Ég skuldbind mig til þess að hlíta öllum reglum, er varða skráningu og hreinlæti í meðferð hunda."

Borgarstjóri svaraði þessu erindi með bréfi, dags. 3. febrúar, en þar segir svo: „Eigi er unnt að verða við tilmælum yðar í bréfi, dags. 31. f. m., um leyfi til að halda hund að heimili yðar, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 61 frá 12. september 1924 um hundahald

í Reykjavík, sbr. einnig ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík frá 25. janúar 1950."

Stefnandi ítrekaði umsókn sína með bréfi 6. apríl 1973 á þeim grundvelli, að borgarstjóraskipti hafi orðið. Segir svo í bréfinu: „Með bréfi, dags. 31. janúar 1972, sótti ég undirritaður um leyfi til fyrrverandi borgarstjóra, Geirs Hallgrímssonar, til að halda hund af íslenzku fjárhundakyni á heimili mínu Flókagötu 39, hér í borg, en var synjað með bréfi hans, dags. 3. febrúar 1972.

Með tilliti til þess, að borgarstjóraskipti urðu þann 1. desember s.l., leyfi ég mér hér með að ítreka umsókn mína um leyfið.

Með því að fyrirhugaður er munnlegur málflutningur, miðvikudaginn 11. þ. m., bæjarþingsmáls þess, er ég hef höfðað af tilefni synjunar frá 3/2 1972, leyfi ég mér að vænta svars við umsókn þessari fyrir þann tíma."

Svarbréf borgarstjóra er dagsett 9. apríl 1973. Er það efnislega á sömu leið og tilgreint bréf borgarstjóra frá 3. febrúar 1972.

Í málinu hefur verið lagt fram óstaðfest vottorð undirritað af Sigríði Pétursdóttur, Ólafsvöllum, Skeiðahreppi, Árnessýslu, hinn 15. marz 1973. Í því segir svo: „Af gefnu tilefni vottast hér með, að Ásgeir Hannes Eiríksson, Flókagötu 39, Reykjavík, formaður sambands dýraverndunarfélaga á Íslandi, hefur síðastliðin tvö ár haft í geymslu hjá mér hund af íslenzku fjárhundakyni."

Ekki þykir ástæða að rekja gögn málsins frekar en nú hefur verið gert.

3.0.

3.1. Sóknarástæður stefnanda eru einkum á því reistar, að ákvæði reglugerðar nr. 61 frá 12. september 1924 um hundahald í Reykjavík, sbr. einnig ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík frá 20. janúar 1950 svo og 65. gr. lögreglusamþykktar hér í Reykjavík nr. 2 frá 7. janúar 1930 ásamt síðari breytingum, séu ógild, að því er varðar hundahald í Reykjavík. Stefnandi heldur því fram, að framangreindar réttarheimildir brjóti í bága við 66. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. í Evróputáðssamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem kveði á um friðhelgi einkalífs manna, heimilis þeirra og fjölskyldu. Verði ekki á móti mælt, að í þessum rétti sé fólginn tvímælalaus réttur til þess að halda hund eða annað húsdýr á heimili. Einasta undantekningin, sem geti komið til, sé sú, að bann við hundahaldi sé nauðsynlegt, t. d. af heilbrigðisástæðum og styðjist við lög. Stefnandi vefengir, að framangreindar reglugerðir hafi nægjan-

lega stoð í lögum, þar sem samkvæmt lögum nr. 7/1953 sé ekki heimilt að banna hundahald í Reykjavík nema í heilbrigðisskyni og að nauðsynlegt sé til varna útbreiðslu á sullaveiki eða í það rýmsta til verndar heilbrigði. Heldur stefnandi því fram, að félagslegar ástæður hafi ráðið við setningu reglugerðanna um bann við hundahaldi, en slíkt sé óheimilt.

Þá hefur stefnandi hreyft því, að reglugerð nr. 61 frá 12. september 1924 hafi fallið úr gildi, um leið og lög nr. 8/1924 hafi verið felld úr gildi, og hann vefengir sérstaklega, að 8. kafli lögreglusamþykktar nr. 2 frá 1930 eigi nægjanlega lagastoð. Þá er því haldið fram, að téð reglugerðarákvæði sé niður fallið sakir notkunarleysis. Er á það bent, að reglum þessum hafi aldrei verið beitt. Loks er því hreyft, að stefnandi gjaldi þess að búa í þéttbýli á þann hátt að fá ekki að hafa hund, en slík mismunun brjóti í bága við jafnréttisákvæði 14. gr. mannréttindasáttmálans.

Í sóknargögnum er eigi sérstaklega fjallað um formhlið máls þessa. Eigi var heldur sérstaklega fjallað um þau í munnlegum málflutningi.

3.2. Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík hefur haldið því fram, að téð reglugerðarákvæði hafi nægjanlega lagastoð svo og 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Bent er á, að synjun borgarráðs á umsókn stefnanda um að halda hund á heimili sínu styðjist við landslög. Því er mótmælt, að með því hafi á nokkurn hátt verið brotið í bág við 66. gr. stjórnarskrárinnar eða 8. gr. Evrópuráðssamningsins. Ekki verði heldur fundin nein rök fyrir því, að skert hafi verið friðhelgi heimilis stefnanda með umræddri synjun, bæði af því að réttur til hundahalds geti ekki talizt til þeirra réttinda, sem vernduð séu með 8. gr. Evrópuráðssamningsins, svo og vegna þess, að stefnandi eigi engan hund.

Í greinargerð eða málflutningi var eigi fjallað um formhlið málsins.

3.3. Stefndu dómsmálaráðherra og heilbrigðismálaráðherra hafa í fyrsta lagi vefengt, að stefnandi geti fengið úrlausn dómstóla um gildi og/eða lögmæti þeirra atriða almennt, sem mál þetta fjallar um. Stefnandi eigi engan hund og hafi því ekki orðið fyrir neinni skerðingu á friðhelgi einkalífs eða mannréttinda og dómkrafa stefnanda sé takmörkuð við húsnæði það, sem hann nú hafi á Flókagötu 39. Stefnandi sé ekki skráður eigandi að því húsi. Ekki sé upplýst, hve margar fjölskyldur eða heimili séu í húsinu, og ekki sé ljóst, hvort stefnandi takmarki kröfu sína við einn hund eða fleiri.

Að öðru leyti eru varnarástæður svipaðar og raktar voru í 3.2. Ekki er talinn vafi á því, að umrædd reglugerðarákvæði og áminnzt ákvæði lögreglusamþykktar Reykjavíkur séu í samræmi við lagaákvæði og stjórnskipulega gild. Því er mótmælt, að með þessum heimildum hafi 66. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Evróparáðssamningsins verið brotin eða 14. gr. mannréttindasáttmálans. Loks er því mótmælt sem röngu, að umrædd ákvæði í hinum tilvitnuðu reglugerðum séu niðurfallin sakir notkunarleysis.

4.0.

4.1. Að framan er það rakið, að stefnandi hefur sótt um leyfi til borgaryfirvalda til að halda hund af íslenzku fjárhundakyni á heimili sínu í Reykjavík. Þessari umsókn var ekki sinnt á þeim grundvelli, að ákvæði reglugerða nr. 61 frá 12. september 1924 og nr. 11 frá 20. janúar 1950, 161. gr., varðandi bann við hundahaldi í Reykjavík stæðu því í vegi. Niðurstaðan er á því reist, að heimild í reglugerðunum til frávika sé ekki fyrir hendi í tilviki þessu, enda sýnist það vafalaust. Stefnandi beinir nú málssókn þessari að lögmæti „synjunarinnar" í því skyni að fá skorið úr um gildi fyrrgreindrar reglugerðar og reglugerðarákvæðis auk 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 fá 7. janúar 1930 ásamt síðari breytingum, sem einnig varða hundahald í Reykjavík.

Athugunarefni er, hvort málssóknin með þessum hætti fái staðizt. Jafnvel þótt svo væri, er formskilyrðum laga að öðru leyti ekki fullnægt.

Það er fyrr rakið, að stefnandi hefur lagt fram vottorð, sem bendir til þess að hann eigi hund í geymslu utan Reykjavíkur. Þessu vottorði hefur þó verið mótmælt sem röngu, og hefur stefnandi ekki upplýst þetta nánar. Umsókn stefnanda var og eigi í tengslum við ákveðinn hund, og stefnandi hefur enga viðhlítandi grein gert fyrir áformum sínum um að halda hund á heimili sínu í Reykjavík. Það þykir því ekki hafa verið nægjanlega sýnt fram á, að umrædd ályktun borgarstjóra í fyrrgreindu bréfi, dags. 3. febrúar 1972, brjóti gegn brýnum og ákveðnum hagsmunum stefnanda að lögum. Málssóknin, eins og hún hér liggur fyrir, fer því í bága við 67. gr. gr. laga nr. 85/1936 og þær almennu reglur réttarfarsins, sem hér eiga við. Er því strax af þessari ástæðu skylt að vísa málinu frá dómi, enda þótt krafa um það hafi ekki komið fram.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.
Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:
Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 22. júní 1973.

Nr. 93/1973: **Grand Metropolitan Hotels Ltd.**
gegn
Birgi Ágústssyni
Finnbirni Þorvaldssyni
Hilmari H. Bendtsen og
Ólafi Finsen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl. b., laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1973, sem Hæstarétti barst 8. júní s. á. Krefst hann þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Sóknaraðilja var með úrskurði sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. desember 1971 veittur kostur á öflun ýmissa nánar greindra gagna. Kröfugerð hans á hendur varnaraðiljum er á því reist, að þeir beri sem stjórnarmenn í hlutafélaginu Ferðasögu h/f persónulega ábyrgð á skuldbindingum

Ferðaskrifstofunnar Sögu gagnvart sóknaraðilja. Til sönnunar fyrir skuldum Ferðaskrifstofunnar Sögu hefur sóknaraðili lagt fram viðskiptamannareikning sinn við ferðaskrifstofuna („Saga Travel Bureau") og ljósrit ýmissa fylgiskjala, þar á meðal ljósrit beiðna um fyrirgreiðslu fyrir ýmsa nafngreinda ferðamenn. Eins og málatilbúnaði sóknaraðilja er háttað, þykir rétt, að sjó- og verzlunardómur dæmi málið að efni til. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara

Með vísun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. apríl 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. f. m., hefur Hörður Ólafsson, hæstaréttarlögmaður hér í borg, höfðað fyrir hönd Grand Metropolitan Hotels Ltd., Curzon Street 17 B, London, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 5. nóvember 1968, á hendur Ólafi Finsen, Einimel 1, Hilmari H. Bendtsen, Hagamel 23, Birgi Ágústssyni, Meistaravöllum 13, öllum hér í borg, og Finnbirni Þorvaldssyni, Blikanesi 7, Garðahreppi, öllum persónulega og fyrir hönd Saga Travel Service og/eða Ferða-

skrifstofunnar Sögu, Ingólfsstræti hér í borg, til óskiptrar greiðslu á skuld að fjárhæð £ 679.2.0 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1967 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldskröfugerð var dómkröfum stefnanda breytt, og í samræmi við það eru endanlegar dómkröfur þær, að stefndu verði dæmdir til óskiptrar greiðslu á skuld að fjárhæð £ 758.11 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa hver fyrir sig krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Skuldin er skv. ódagsettum yfirlitsreikningi stefnanda á hendur Saga Travel Service vegna úttektar ýmissa aðila á vegum þess fyrirtækis á ýmsum hótelum stefnanda á tímabilinu frá 30. janúar 1967 til 28. október 1967. Kröfubréfi, er sent var Ferðaskrifstofunni Sögu 28. október s.l., hefur ekki verið sinnt.

Gert er ráð fyrir, að Saga Travel Service sé sama fyrirtækið og Ferðaskrifstofan Saga, en hvort tveggja eru óskrásett fyrirtæki, sem hafa komið fram gagnvart stefnanda og öðrum (sbr. símaskrá Reykjavíkur um Ferðaskrifstofuna Sögu) sem einkafyrirtæki. Bera eigendur þeirra því ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á fjárskuldbindingum þessara fyrirtækja með öllum sínum eignum.

Með því að hin stefndu fyrirtæki eru óskráð, er allt í óvissu um eigendur þeirra. Hins vegar er til fyrirtækið Ferða-Saga h. f., og bendir ýmislegt til, að hluthafar þess séu einnig eigendur Saga Travel Service og Ferðaskrifstofunnar Sögu. Hefur því að svo stöddu verið stefnt aðalstjórn og varastjórn Ferða-Sögu h. f. skv. tilkynningu til hlutafélagaskrár 27. marz s.l.“

Undir rekstri málsins kom fram nýr yfirlitsreikningur frá stefnanda yfir viðskipti við Ferðaskrifstofuna Sögu til og með 30. september 1968, þar með taldar greiðslur upp í viðskiptin, sem inntar voru af hendi í júní, ágúst og desember 1967, samtals £ 85.14.3, og var breyting á dómkröfum stefnanda gerð á grundvelli niðurstöðu þessa nýja yfirlitsreiknings.

Með bréfi til sakadóms Reykjavíkur, dags. hinn 28. ágúst 1969, óskaði lögmaður stefnanda eftir opinberri rannsókn á því, hver væri eigandi Ferðaskrifstofunnar Sögu og því aðili að skuld þeirri, sem stefnt er til greiðslu á í máli þessu.

Njáll Símonarson skrifstofustjóri skýrði svo frá við rannsókn þessa, að fyrirtækið Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna

Sögu í Ingólfsstræti, en hún hafi erlendis gengið undir nafninu Saga Travel Bureau. Kveður hann þetta hafa verið á almanna vitorði. Njáll kvað Ferðaskrifstofuna Sögu hafa verið rekna frá árinu 1954 og þar til í októbermánuði 1968. Hann kvaðst hafa gerzt framkvæmdastjóri á árinu 1962 og hafa gegnt því starfi þar til í júlímánuði 1968. Njáll kvað þá Ólaf Finsen, Birgi Ágústsson og Hilmar Bendtsen hafa verið í stjórn Ferða-Sögu frá árinu 1962 og þar til ferðaskrifstofan hætti störfum. Ekki kvað Njáll það hafa verið gert í blekkingaskyni að reka ferðaskrifstofuna undir nafninu Saga, þótt hlutafélagið Ferða-Saga hafi verið raunverulegur eigandi ferðaskrifstofunnar. Kvað hann fyrri eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu ekki hafa talið sig geta fengið skráð firmað Ferðaskrifstofan Saga, þar sem til hafi verið kvikmyndafélag með nafninu Saga. Ekki kvaðst Njáll geta sagt um án nánari athugunar, hvort kröfur stefnanda séu réttar, þó að rann telji ástæðulaust að rengja þær. Kvað hann a. m. k. sumt af fólki því, sem þar er tilgreint, hafa verið búið að greiða ferðakostnað sinn hjá ferðaskrifstofunni. Við rannsókn þessa skýrði Ólafur Hannes Finsen svo frá, að Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna Sögu, og neitaði hann því eindregið, að nokkur blekkingatilgangur hafi legið þarna á bak við. Kvaðst Ólafur hafa keypt hlut í Ferða-Sögu h/f ásamt Norðurleið h/f, Birgi Ágústssyni og Njáli Símonarsyni. Hafi þarna verið um að ræða meiri hluta hlutabréfanna, en seljendur hafi verið Martin Petersen, Hilmar Bendtsen og Finnbjörn Þorvaldsson, en þeir hafi átt áfram smáhluti í félaginu. Áður hafi seljendur hlutabréfanna verið búnir að reka ferðaskrifstofuna og eiga hlutafélagið í nokkurn tíma. Eftir eigendaskiptin hafi stjórnin verið skipuð Ólafi Finsen, stjórnarformanni, Hilmari Bendtsen og Birgi Ágústssyni, meðstjórnendum. Hafi stjórnin verið skipuð þannig óbreytt, þar til ferðaskrifstofan hætti störfum. Taldi Ólafur það nokkurn veginn víst, að ferðamenn þeir, sem tilgreindir eru, hafi verið búnir að greiða reikninga sína til ferðaskrifstofunnar.

Ágúst Birgir Ágústsson skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi aldrei verið hluthafi í Ferða-Sögu h/f, en að forminu til hafi hann átt að vera í stjórn vegna Norðurleiðar h/f, sem Ólafur Finsen hafi svo til eingöngu átt og hann sjálfur hafi eignast smáhlut í um þetta leyti. Kvaðst hann aldrei hafa verið boðaður á stjórnarfundi í félaginu, þótt hann gengi iðulega eftir því. Birgir kvað þá Finnbjörn Þorvaldsson og Martin Petersen hafa tekið skýrt fram við eigendaskiptin, að ekki mætti nota heitið

Ferðaskrifstofan Saga við fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart þriðja manni, þótt nota mætti það í daglegri starfsemi. Birgir kvaðst hafa keypt hlut Ólafs Finsens í Norðurleið h/f um áramótin 1967—1968 og þá hafi jafnframt verið samið um það við Ólaf, að Ferða-Saga væri Norðurleið alveg óviðkomandi. Birgir kvaðst hafa gengið ríkt eftir því, að það yrði tilkynnt til hlutafélagaskrár, að hann væri genginn úr stjórninni, en það hafi ekki verið gert. Birgir kvaðst ekkert vita um kröfur stefnanda máls þessa eða aðrar skuldir ferðaskrifstofunnar.

Hilmar Haukur Bendtsen skýrði svo frá við rannsókn málsins, að Ferða-Saga h/f hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Kvað hann síðastgreinda nafnið ekki hafa fengizt skráð, þar sem nafnið Saga hafi þegar verið frá tekið. Hins vegar hafi skrifstofan alltaf í daglegu tali gengið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga. Síðustu stjórn kvað hann hafa skipað auk sín þá Ólaf Finsen og Birgi Ágústsson og minnir, að auk þess hafi Finnbjörn Þorvaldsson verið varamaður. Ekki kvaðst Hilmar vita neitt um kröfu stefnanda máls þessa annað en það, að henni hafi verið stefnt fyrir sjó- og verzlunardóm Reykjavíkur.

Krafa stefnanda er byggð á því, að frá sjónarmiði stefnanda sé fyrirtækið Saga Travel Service, pósthólf 315, Reykjavík, skuldari umræddrar kröfu. Vitað sé, að hér sé um að ræða Ferðaskrifstofuna Sögu í Ingólfsstræti. Eigendur ferðaskrifstofunnar séu því skuldarar kröfunnar. Fyrirspurn til firmaskrár Reykjavíkur hafi hins vegar leitt í ljós, að ekki sé til skrásett fyrirtæki með nafninu Ferðaskrifstofan Saga, en til sé fyrirtækið Ferða-Saga h/f og skráður framkvæmdastjóri þess Njáll Símonarson, sem einnig hafi verið framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu. Með tilliti til þessa hafi verið talið, að stofnendur Ferða-Sögu h/f hafi upphaflega ætlað að reka ferðaskrifstofu með því nafni og með þess konar ábyrgð, en hafi hætt við þá fyrirætlun og í þess stað tekið að reka fyrirtækið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga með fullri persónulegri ábyrgð eigenda. Gagnvart þessari tilgátu hafi hluthafar Ferða-Sögu h/f átt að vera eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu og því skuldarar kröfunnar persónulega og fyrir hönd þeirra fyrirtækja, sem þeir hafi til stofnað. Því hafi sú leið verið valin, unz annað réttara kemur í ljós, að stefna persónulega núverandi stjórn Ferða-Sögu h/f sem eigendum Ferðaskrifstofunnar Sögu.

Sýknukrafa stefnda Ólafs Finsens er byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Hann hafi á árinu 1962 eignast hluta-

bréf í Ferða-Sögu h/f og hafi þá verið kosinn í stjórn þess félags. Hafi hlutafélag þetta alla tíð verið eigandi Ferðaskrifstofunnar Sögu og rekið hana og hafi þetta aldrei verið neitt leyndarmál. Einstakir hluthafar í Ferða-Sögu h/f hafi hins vegar aldrei verið persónulegir eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefnanda beri að beina kröfu sinni að Ferða-Sögu h/f, en ekki einstökum hluthöfum í því félagi. Þá er sýknukrafa stefnda Ólafs byggð á því, að krafa stefnanda sé vanreifuð efnislega og tölulega. Er á það bent í þessu sambandi, að ekki liggi ljóst fyrir, hvers konar samningur liggi til grundvallar viðskiptum stefnanda og Ferðaskrifstofunnar Sögu. Þá er bent á það, að framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu hafi tekið út fé eða fengið þjónustu í eigin nafni, en þetta sé fært á Ferðaskrifstofuna Sögu.

Sýknukrafa stefnu Finnbjörns og Hilmars er byggð á því, að þeir séu ekki réttir aðiljar máls þessa. Er því lýst yfir af þeirra hálfu, að þeir hafi stofnað til ferðaskrifstofu hér í borg með nafninu Saga á árinu 1958 ásamt þriðja manni. Þeir hafi unnið að rekstri hennar í hjáverkum. Á árinu 1961 hafi þeir stofnað hlutafélag um starfsemina ásamt eiginkonum sínum og hafi valið félaginu nafnið Ferða-Saga h/f, þar eð skráningarstjóri hafi færzt undan að skrá félagið með nafninu Saga einu saman. Hafi félagið verið skráð 27. marz 1961 og stefndi Hilmar kjörinn formaður þess, en að öðru leyti hafi stjórnin verið skipuð eiginkonum aðiljanna. Í ársbyrjun 1962 hafi þeir ákveðið að hætta aðild sinni að ferðaskrifstofunni og í aprílmánuði það ár hafi þeir selt fyrirtækið hlutafélaginu Norðurleið, en stefndi Ólafur Finsen hafi þá verið einn af aðaleigendum þess félags. Þannig hafi þó frá málinu verið gengið formsins vegna, að stefndi Finnbjörn og Hilmar og meðstofnandi þeirrra hafi hver um sig verið taldir hluthafar áfram fyrir hlut að fjárhæð kr. 5.000.00, en að öðru leyti hafi hlutafé, sem jafnframt hafi verið aukið í kr. 150.000.00, verið í höndum hinna nýju aðilja. Þetta hafi gerzt á hluthafafundi hinn 17. apríl 1962 og hafi þá jafnframt verið kosin sú stjórn í félaginu, sem stefnt er í máli þessu. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði hafi verið skipaður Njáll Símonarson, sem komið hafi inn í félagið sem hluthafi við hlið Norðurleiðar h/f. Er því haldið fram af hálfu þessarra stefndu, að með þessum aðgerðum hafi þeir raunverulega verið lausir allra mála við Ferða-Sögu h/f og ferðaskrifstofu þess félags. Aðild þeirra að stjórn félagsins og hluthafaskrá hafi einungis verið ætluð til bráðabirgða, þar til hinir nýju hlut-

hafar hefðu gert á því framtíðarskipan, sem hentaði hagsmunum þeirra. Það hafi og orðið svo í reynd, að þessir stefndu hafi engin afskipti haft af félaginu, hvorki sem stjórnarmenn né hluthafar, og hafi þeir ekki haft neinna persónulegra hagsmuna að gæta. Rekstur félagsins og skipulag hafi að öllu leyti verið í höndum hinna nýju eigenda. Hins vegar hafi hinir nýju eigendur ekki gert reka að því að veita stefndu formlega lausn með nýrri stjórnarskráningu þrátt fyrir aftirgangsmuni, en það skipti þó engu máli gagnvart stefnanda máls þessa. Er því haldið fram samkvæmt þessu, þ. e. stefndu skildu við Ferða-Sögu h/f, hafi aðstaðan verið sú, að félagið hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Sú skipan hafi verið fyllilega heimil og lögleg, án þess að nokkur persónuleg ábyrgð kæmi til, og verði að telja að svo sé enn. Samkvæmt því sé ekki önnur ábyrgð fyrir hendi á skuldum Ferðaskrifstofunnar Sögu en hin félagslega ábyrgð Ferða-Sögu h/f. Verði hin umstefnda skuld talin réttmæt skuld ferðaskrifstofunnar, sem þó sé ósannað, beri að beina henni að Ferða-Sögu h/f, en hvorki að stjórnendum félagsins né hluthöfum. Ef stefnandi vilji ekki beina kröfum sínum að hlutafélaginu, þá eigi hann ekki annars úrkostar en að halda sig að viðsemjendum sínum, hvort sem það er Njáll Símonarson eða einhver annar, eða að þeim mönnum, sem raunverulega höfðu persónulega hagsmuni af starfsemi Ferðaskrifstofunnar Sögu á þeim tíma, sem til skuldarinnar var stofnað. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefndi Finnbjörn og Hilmar séu ekki réttir aðiljar máls þessa. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki fært nægilegar sönnur að kröfu sinni í máli þessu með þeim gögnum, sem hann hefur lagt fram. Er efni kröfunnar og fjárhæð mótmælt.

Sýknukrafa stefnda Birgis er byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Er því haldið fram, að hann hafi aðeins komið við sögu hlutafélagsins Ferða-Sögu með þeim hætti, að hann hafi verið kosinn í stjórn þess hinn 17. apríl 1962 sem fulltrúi Norðurleiðar h/f, er þá hafi eignazt meiri hluta hlutabréfa í félaginu. Hann hafi sjálfur engan hlut átt í félaginu og hafi aldrei átt nema í umboði Norðurleiðar h/f. Er því haldið fram, að stefndi Birgir hafi engin afskipti haft af rekstri ferðaskrifstofunnar á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og þar sem Norðurleið h/f sé ekki lengur hluthafi, sé aðild stefnda Birgis að stjórn Ferða-Sögu h/f lokið. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefndi Birgir verði ekki með nokkrum hætti gerður ábyrgur fyrir skuldum Ferðaskrifstofunnar Sögu. Þá er því og haldið fram, að stefnandi hafi

ekki fært sönnur að kröfu sinni með þeim gögnum, sem hann hefur lagt fram, hvorki að efni né fjárhæð.

Samkvæmt endurriti úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur var Ferða-Saga h/f skráð hinn 27. marz 1961. Var tilgangur félagsins að reka ferðaskrifstofu og veita hvers konar fyrirgreiðslu og þjónustu í því sambandi. Ekki kemur fram í skráningunni, að starfsemi félagsins skyldi rekin undir öðru nafni. Stofnendur voru Hilmar Bendtsen, Björg Sverrisdóttir, Finnbjörn Þorvaldsson, Theodóra Björnsdóttir, Martin Petersen og Kristín Sigurðardóttir. Var fyrsta aðalstjórn félagsins skipuð þeim Hilmari Bendtsen, Kristínu Sigurðardóttur og Theodóru Björnsdóttur. Samkvæmt skráningu hinn 30. marz 1968 skipuðu aðalstjórn félagsins Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen og Birgir Ágústsson. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði var þá skráður Njáll Símonarson.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 3. febrúar 1969, var bú Ferða-Sögu h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Með bréfi, dags. hinn 10. marz 1969, var lýst í þrotabúið upphaflegri fjárhæð dómkröfu máls þessa ásamt vöxtum og innheimtukostnaði. Í kröfulýsingunni kemur fram, að stefnandi hafi ekki vitað um tilvist Ferða-Sögu h/f og því hafi félaginu ekki verið stefnt í máli því, sem stefnandi hafi höfðað. Hins vegar hafi komið fram í greinargerðum varnaraðilja málsins, að þeir telji Ferða-Sögu h/f réttan skuldara kröfunnar.

Með gagnaöflunarúrskurði gaf dómurinn aðiljum kost á að afla þessara gagna:

„1. Skýrslu fyrirsvarsmanna stefnanda um það, með hvaða hætti stofnað hafi verið til viðskipta við Ferðaskrifstofuna Sögu (Saga Travel Service) og hver hafi samið við stefnanda.
2. Hver hafi séð um greiðslur af hálfu Ferðaskrifstofunnar Sögu og með hvaða hætti þær hafi verið inntar af hendi.
3. Aflað verði upplýsinga frá skiptarétti Reykjavíkur úr gögnum þrotabús Ferða-Sögu h.f. um samband þess félags við Ferðaskrifstofuna Sögu.
4. Stefndi Finnbjörn Þorvaldsson komi fyrir dóm til skýrslugjafar.
5. Annarra þeirra gagna, sem framangreind atriði kunna að gefa efni til."

Með bréfi, dags. hinn 28. janúar 1972, skýrði lögmaður stefnanda lögmanni stefnanda í Englandi frá efni úrskurðar þessa og óskaði eftir svari við 1. og 2. lið úrskurðarins. Í svarbréfi lögmanns stefnanda í Englandi kemur fram, að verið sé að reyna að

afla greindra upplýsinga, en með tilliti til tíma þess, sem liðið hafi og mannaskipta í starfsliði stefnanda, sé það erfiðleikum bundið. Lögmaðurinn kveðst geta skýrt frá því, að samkvæmt bókhaldsgögnum hafi greiðslur frá Saga Travel Service verið inntar af hendi í reiðufé, þótt bókhaldskerfið geri ekki greinarmun á greiðslum í reiðufé og greiðslum með ávísunum.

Þá ritaði lögmaður stefnanda skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, þar sem hann gerði grein fyrir 3. lið gagnaöflunarúrskurðar dómsins og óskaði eftir, að sér yrðu látnar í té upplýsingar þær, sem þar eru greindar. Lýsti lögmaður stefnanda yfir við munnlegan flutning málsins, að ekki hafi borizt svar við þessu bréfi.

Samkvæmt vottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík hefur ekki verið skráð firma með nafninu Ferðaskrifstofan Saga.

Það þykir eigi nægjanlega fram komið, hvernig rekstri Ferðaskrifstofunnar Sögu og viðskiptasambandi hennar við stefnanda hefur verið háttað, til þess að unnt sé að leggja efnisdóm á málið. Þykir því verða að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Þegar virt er sönnunarstaða í málinu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eggert Kristjánssyni og Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðendum.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. júlí 1973.

Nr. 100/1973: **Þórður Júlíusson**
gegn
Eyjólfi Bjarnasyni og
Hákoni Kristinssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. maí 1973, er barst Hæstarétti 20. júní s. á. Krefst hann þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili Hákon krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað. Frá varnaraðilja Eyjólfi hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Hákoni Kristinssyni kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 6. 000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þórður Júlíusson, greiði varnaraðilja Hákoni Kristinssyni kærumálskostnað, kr. 6.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 18. maí s.l., hefur Þórður Júlíusson, Seljalandsvegi 78, Ísafirði, höfðað með stefnu, birtri

29. maí og 9. júní 1972, á hendur Eyjólfi Bjarnasyni rafvirkjameistara, Stórageröi 26, Reykjavík, Magnúsi Kristinssyni vélvirkjameistara, Njarðvíkurbraut 23, Njarðvíkurhreppi, og Hákoni Kristinssyni, Njarðvíkurbraut 23, Njarðvíkurhreppi, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 120.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1970 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Fram kemur í greinargerð stefnanda, að þá er birta átti stefnu, hafi komið í ljós, að Magnús Kristinsson var látinn og hafi ekki unnizt tími til að stefna dánarbúinu. Að sinni muni það ekki verða gert og sé þar með fallið frá kröfum á það.

Af hálfu stefnda Eyjólfs Bjarnasonar var í upphafi sótt þing, en í þinghaldi þann 16. janúar 1973 féll þingsókn niður af hans hálfu, án þess að andmæli kæmu fram gegn stefnukröfum.

Af hálfu stefnda Hákonar Kristinssonar hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að máli þessu verið vísað frá dómi, en til vara, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar, hvernig sem málið fer, og verði tekið tillit til ferðakostnaðar og dagpeninga við ákvörðun málskostnaðar.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að hann hafi á árinu 1969 byggt fiskverkunarhús að Strandgötu 18 í Sandgerði. Hús þetta hafi verið byggt úr efni, sem hann hafi fengið úr stálgrindarhúsum, sem hann hafi keypt af sölunefnd varnarliðseigna. Hús þessi hafi á sínum tíma verið byggð á Straumnesfjalli í Sléttuhreppi. Þegar byggingu hússins var lokið, hafi smávegis af járni verið eftir og hafi hann geymt það við hlið fiskverkunarhússins.

Seinni hluta árs 1969 hafi hann leigt Gleriðju Suðurnesja hús þetta. Árið 1970, er hann, sem búsettur sé á Ísafirði, var á ferð í Sandgerði, hafi hann veitt því athygli, að járn þetta var horfið og hafi hann þá innt Eyjólf Bjarnason, meðstefnda í máli þessu, eftir því, hvað orðið hefði af járninu. Eyjólfur hafi ekki sagzt vita, hvað af því hefði orðið. Eyjólfur Bjarnason var þá framkvæmdastjóri Gleriðju Suðurnesja. Stefnandi hafi þá ekki séð sér annað fært en biðja um opinbera rannsókn í málinu. Hann hafi síðan gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 17. desember 1970.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar þessarar sé alveg augljóst, að allir hinir þrír stefndu hafi átt hlutdeild í töku járnsins og

beri þeim því skylda til að bæta það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir í því sambandi.

Stefnandi kveður stefndu hafa tekið og ráðstafað 6 tonnum af svörtu plötujárni, og sé verð fyrir hvert kíló af því kr. 25.00, og 2 tonnum af galvaniseruðu járni, en verð á því sé kr. 35.00 fyrir hvert kg. Þetta geri samtals kr. 220.000.00 og sé stefnukrafan við það miðuð.

Í skýrslu stefnanda fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði kveðst stefnandi hafa komizt að því, að Magnús Kristinsson, forstjóri Vélsmiðju Njarðvíkur, hafi tekið járnið. Hann kvaðst hafa hringt í Magnús og spurt hann, hvort hann hefði tekið járnið. Hann hafi svarað því til, að svo væri og hefði Hákon Kristinsson, bróðir sinn, keypt járnið af Eyjólfi Bjarnasyni.

Hákon Kristinsson hefur borið það fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, að hann hafi árið 1968 látið Eyjólf Bjarnason hafa efni til uppsetningar á borðum og grindum í Gleriðjuna, sem þá hafi verið að taka til starfa. Þegar hann hafi farið að innheimta skuld þessa, hafi Eyjólfur ekki átt fé til að greiða honum, en hafi boðizt til að láta hann hafa járnadrasl, nánast brotajárn, tvær súlur ca. 4—5 metra langar, tvo bita ca. 3—4 metra á lengd og 30—40 kolrústaðar járnplötur með ásoðnum vinklum, hornskakkar, rústaðar og götóttar. Kvað hann ekki hafa verið mögulegt að nota meira en 40% úr nefndum plötum. Hann kvaðst hafa notað um ⅔ af annarri súlunni og hafi það verið það eina, sem honum hafi orðið til fjár. Bitunum gæti hann skilað aftur og því, sem eftir væri af súlunum. Hann kvaðst geta skilað plötunum aftur eða sams konar járnplötum, ef þess væri óskað. Þá skýrði hann svo frá, að ef hann hefði keypt þetta járnadrasl hjá sölunefndinni, hefði það ekki kostað meira en 6—8 þúsund krónur, eða svipaða upphæð og Eyjólfur skuldaði honum.

Eyjólfur Níels Bjarnason, meðstefndi í máli þessu, hefur skýrt svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, að hann hafi tekið við fiskverkunarhúsi stefnanda haustið 1968 og stofnsett þar glerverksmiðju. Hann hafi séð járnadrasl fyrir neðan húsið. Hafi hann talið það verðlaust rusl, nánast brotajárn, enda liggjandi undir tortímingu. Hafi litið svo út, að járnið hafi legið þarna umhirðulaust lengi. Fiskverkunarhúsið hafi verið í vanhirðu mikilli, er hann tók við því, og vatnsdæla hússins, sem vera átti í lagi, hafi verið kolrústuð og ónothæf. Hann kvaðst hafa tekið dæluna og farið með hana í viðgerð í Vélsmiðju Njarðvíkur. Kostnaður við viðgerðina hafi verið um 6—8 þúsund krónur og

hafi sennilega í þeim reikningum einnig verið efni í borðkant. Þegar svo Hákon Kristinsson innheimti reikninginn árið 1969, hafi það komið til tals, að Hákon nýtti eitthvað af þessu umtalaða járni eða tæki það upp í reikninginn, og kvaðst Eyjólfur hafa verið mjög ánægður með það, þar sem hann hafi talið sig vera að bjarga verðmætum fyrir Þórð, en Þórður hefði hlotið að borga viðgerð á tækjum hússins, þ. e. a. s. á dælunni o. fl. Hann kvað þá upphæð, sem stefnandi tali um í skýrslu sinni, fjarstæðukennda miðað við það magn, sem hann hafi séð við húsið og áður er sagt frá.

Aðalsteinn Jónsson, Skipagötu 14, Ísafirði, hefur komið fyrir sakadóm Ísafjarðar sem vitni í málinu. Hann skýrði svo frá, að veturinn 1965—66 hefði hann unnið úr stálplötum með ásoðnum tilheyrandi járnum algerlega óryðguðum. Hann hafi búið til úr þessu beinakassa, fiskikassastirrur og færibönd o. fl., sem fara hafi átt í fiskverkunarhús að Strandgötu 18, Sandgerði. Þegar hann hafi lokið verkinu, hafi ugglaust verið eftir 6 tonn af plötum og talsvert magn af pípum og sverum súlum. Hafi það aldrei verið undir tveim til þrem tonnum með vinklum. Sveru súlurnar hafi aldrei verið undir 800 kílóum, en efnið hafi verið af ýmsum tegundum.

Svo sem að framan greinir, hefur stefndi Hákon Kristinsson krafizt frávísunar málsins. Var málið munnlega flutt um frávísunarkröfu hans í þinghaldi þann 18. maí s.l. Lögmaður stefnanda gerði þá kröfu, að synjað yrði um frávísun málsins og umbjóðanda hans dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu vegna þessa þáttar málsins. Hann hélt því fram, að í greinargerð sinni kæmi nægilega fram, hveru miklu járni stefnandi teldi sig hafa tapað og hvert rétt verð þess væri. Eyjólfur Bjarnason hefði selt þetta járn á kr. 6.000.00, sem væri fjarri réttu verði þess. Hann mótmælti því, að kröfugerð hans væri á þessu stigi málsins svo óljós, að vísa ætti málinu frá, án þess að aðiljar kæmu fyrir dóm.

Lögmaður stefnda Hákonar Kristinssonar gerði við munnlegan flutning frávísunarkröfu sinnar þá kröfu, að jafnframt því, að málinu yrði vísað frá dómi yrðu umbjóðanda hans dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Frávísunarkröfu sína byggir hann þeim rökum, að málið sé stórlega vanreifað af hendi stefnanda. Ekki hafi á nokkurn hátt verið sýnt fram á, hvað af járni hafi horfið. Stefnandi hafi ekki lagt fram gögn til stuðnings fjárkröfu sinni, eins og t. d. vottorð um verð fyrir hvert kíló af smíðajárni eða brotajárni. Þannig sé ekki fylgt ákvæði 1. mgr. 105. gr. laga

nr. 85/1936. Málið sé á þann veg svo stórlega vanreifað, að ekki sé vinnandi vegur að finna út, hvert tjón stefnandi telji sig hafa orðið fyrir, ef hann hafi þá orðið fyrir nokkru tjóni.

Álit dómsins.

Stefnandi hefur ekki lagt fram mats- eða skoðunargerð um ástand þess járns, sem enn er eftir í vörzlum Hákonar Kristinssonar eða á hans vegum. Hann hefur hvorki reifað né lagt fram gögn um, hvernig verð það er fundið, sem hann byggir kröfu sína á. Vegna fullyrðinga Hákonar Kristinssonar og Eyjólfs Bjarnasonar í skýrslum þeirra fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði var þó full ástæða fyrir stefnanda að byggja betur upp kröfu sína þegar í upphafi máls. Þá kemur ekki skýrlega fram, hverjar eru málsástæður stefnanda á hendur stefndu hverjum fyrir sig.

Þegar allt þetta er virt, þykir verða að fallast á það með stefnda Hákoni Kristinssyni, að vísa eigi málinu frá dómi samkvæmt kröfu hans og ex officio gagnvart Eyjólfi Bjarnasyni, sbr. 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt þykir, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Hrafn Bragason borgardómari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Mánudaginn 2. júlí 1973.

Nr. 103/1973: **Valdstjórnin**
gegn
Einari Sverri Einassyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar:

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1973, sem barst dóminum 26. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. júní 1973.

Ár 1973, föstudaginn 22. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg 9 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt miðvikudagsins 13. þ. m. var brotizt inn í Háaleitis Apótek og þaðan stolið verulegu magni af lyfjum og lífshættulegum eiturefnum. Guðbjörn Lárus Elísson hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu og bent á þá Einar Sverri Einarsson og Jóhann Braga Friðbjarnarson sem samseka. Þeir halda báðir fram sakleysi sínu.

Jóhann Bragi hefur viðurkennt, að hann hafi að kvöldi miðvikudagsins 13. þ. m. komið í bifreið að húsi hér í borg ásamt Einari Sverri og fleirum. Kveðst hann hafa farið inn í húsið og komið þar til geymslu poka með lyfjum. Lyf þessi segir hann vera þýfi úr innbroti, sem hann hefur viðurkennt að hafa framið í Háaleitis Apótek 20. febrúar s.l. Rannsóknarlögreglan hefur nú lyfin undir höndum. Veruleg líkindi eru til, að sannast muni, að lyfin geti ekki verið tekin í því innbroti.

Aðfararnótt fimmtudagsins 14. þ. m. var brotizt inn í söluturn að Kópavogsbraut 115. Guðbjörn Lárus hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu og bent á þá Einar Sverri og Jóhann Braga sem samseka. Hann hefur og tilgreint nöfn tveggja stúlkna, sem hann segir hafa verið með í innbrotsleiðangrinum. Lögregluskýrsla, sem tekin hefur verið af stúlkunum, styður eindregið þennan framburð hans.

Einar Sverrir Einarsson er fæddur 11. ágúst 1944. Samkvæmt sakavottorði hefur hann sex sinnum hlotið fangelsisdóma vegna brota gegn hinum almennu hegningarlögum nr. 19/1940. Hjá sakadómi Reykjavíkur eru óafgreiddar 4 ákærur á hendur honum, allar vegna ætlaðra brota gegn fyrrgreindum lögum. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 12. apríl—12. maí s.l. vegna gruns um hlutdeild í innbroti. Ekki hefur enn verið gefin út ákæra í því máli.

Hinn 15. þ. m. var Einar Sverrir úrskurðaður í allt að 7 daga gæzluvarðhald vegna gruns um hlutdeild í innbrotinu í Háaleitis Apótek þann 13. s. m. Mikið er enn óunnið við rannsókn þess máls. Sama máli gegnir um innbrotið að Kópavogsbraut 115. Nauðsyn er að útiloka möguleika hans á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega samseka og vitni. Koma verður í veg fyrir, að hann haldi áfram afbrotastarfsemi. Ber því með tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að gæzluvarðhaldsvist hans skuli framlengd, enda eru skilyrði þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur 15. júní 1973.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhaldsvist Einars Sverris Einarssonar framlengist um allt að 90 dögum frá klukkan 2056 22. júní 1973.

Mánudaginn 16. júlí 1973.

Nr. 72/1973: **Alþýðusamband Íslands f. h. Félags framreiðslumanna vegna félagsmanna sinna, er starfa hjá Hótel Loftleiðum**
gegn
Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótels Loftleiða.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar:

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. apríl 1973, sem Hæstarétti barst 14. maí s. á. Krefst hann þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm um þá þætti málsins, sem frávísað var. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Ágreiningur málsaðilja er um það, hvort álagningarstofn 15% þjónustugjaldsins sé verð veitinga að viðbættum söluskatti eða án hans. Skilur aðilja því í raun réttri á um það, hversu hátt þjónustugjald framreiðslumenn megi reikna sér samkvæmt 1. gr. kjarasamnings 22. ágúst 1972. Þykir Félagsdómur eiga úrlausn þess ágreiningsefnis, sbr. 2. tl. 1. málsgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella úr gildi frávísunarákvæði hins kærða dóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Frávísunarákvæði hins kærða dóms er úr gildi fellt.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 13. apríl 1973.

Dómendur:
Hákon Guðmundsson,
Gunnlaugur E. Briem,
Bjarni K. Bjarnason,
Einar B. Guðmundsson og
Ragnar Ólafsson.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 3. þ. m., af Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótels Loftleiða gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags framreiðslumanna vegna félagsmanna þess á Hótel Loftleiðum.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að verkfall það, sem framkvæmt var fyrirvaralaust á hádegi 2. apríl s.l. á Hótel Loftleiðum fyrir atbeina hins stefnda félags og enn stendur, verði dæmt ólögmætt.

2. Að hinu stefnda félagi verði gert að greiða sekt fyrir hið ólögmæta verkfall.

3. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur stefnanda á 1. gr. kjarasamnings á milli aðiljanna frá 22. ágúst 1972, að framreiðslumönnum beri að haga svo álagningu þjónustugjalds, 15%, og söluskatts, 13%, að í fullu samræmi sé við ákvæði 9. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt og að skila til veitingamanns öllum þannig álögðum og innheimtum söluskatti.

4. Að hinu stefnda félagi verði gert að greiða stefnanda málskostnað fyrir Félagsdómi að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Jafnframt hefur hann samkvæmt 53. gr. laga nr. 80/1938 gert þessar gagnkröfur:

1. Að dæmt verði, að verkbann það, sem hótelstjóri Hótels Loftleiða efndi til á hádegi 2. apríl s.l., án þess að fullnægt væri ákvæðum 16. gr. laga nr. 80/1938, verði dæmt ólögmætt.

2. Að sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda verði gert að greiða sekt vegna hins ólögmæta verkbanns.

3. Að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur Félags framreiðslumanna á 1. gr. kjarasamnings aðilja frá 22. ágúst 1972, að framreiðslumönnum beri þjónustugjald, sem miðað sé við söluverð vörunnar til gestsins að öllu meðtöldu, öðru en þjónustugjaldinu sjálfu.

4. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

I.

Mál þetta á sér alllangan aðdraganda, og er hann í höfuðdráttum á þessa leið:

Í 1. gr. samnings, sem dagsettur er 22. ágúst 1972 og aðiljar telja, að í gildi sé milli þeirra sem kjarasamningur, segir svo:

„Framreiðslumenn fá þóknun frá viðskiptamönnum fyrir starf sitt. Skal sú þóknun vera 15% miðað við verð veitinga til almennings."

Ákvæði sama efnis hefur verið í kjarasamningum aðilja máls þessa nokkur undanfarin ár. Í þeim kjarasamningi aðilja, sem gerður var 4. júní 1965, var tilsvarandi ákvæði á þessa leið:

„Framreiðslumenn og barmenn taka ekki kaup hjá atvinnurekanda, en fá þóknun frá viðskiptamönnum sem greiðslu fyrir starf sitt. Skal sú þóknun vera 15% miðað við verð veitinga til almennings."

Í flutningi málsins kom fram, að orðin „miðað við verð veitinga til almennings" ættu rót sína að rekja til þess, að veitingahús, sem rekið var af stjórnmálafélagi, hefði á fundum, sem félagið efndi til, gefið fundarmönnum afslátt frá almennu verði veitinga. Framreiðslumenn hefðu talið sig verða fyrir tjóni fyrir þær sakir vegna lægra þjónustugjalds. Hefði ákvæðið um verð til almennings því verið tekið upp í kjarasamninginn til að tryggja framreiðslumönnum ákveðið þjónustugjald, þótt veitingahús veitti afslátt frá almennu verði á veitingum.

Samkvæmt skýrslu stefnda var hinn 12. maí 1965 á sameiginlegum fundi stjórnar Félags framreiðslumanna, trúnaðarráðs félagsins og yfirframreiðslumanna í veitingahúsum, lagður fram af þáverandi formanni félagsins útreikningur á verði veitinga til gesta, „þar sem þjónustugjaldið var reiknað af verði veitinganna að meðtöldum 10% „skatti", sem veitingamenn lögðu þá á verðið". Segir stefndi, að þessari reikningsaðferð hafi svo verið beitt þegar hinn sama dag.

Samband veitinga- og gistihúsaeigenda mótmælti þessari reikningsaðferð með símskeyti til Félags framreiðslumanna þegar næsta dag. Hófst upp úr þessu hörð deila milli nefndra aðilja, m. a. um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins.

Við gerð kjarasamningsins frá 4. júní 1965 varð það að samkomulagi með deiluaðiljum að skjóta til almennra dómstóla eða Félagsdóms ágreiningi um það, hvort framreiðslumönnum væri

heimilt að leggja þjónustugjaldið ofan á söluskatt. Jafnframt var samið um það, að Félag framreiðslumanna tæki á sig alla ábyrgð og áhættu af því, hvort „það væri í samræmi við íslenzk lög, að þjónustugjald sé lagt á söluskattinn", en Samband veitinga- og gistihúsaeigenda lýsti því, að það léti óátalið, að framreiðslumenn legðu „þjónustugjald ofan á söluskattinn, þar til úrslit viðkomandi dómstóls liggur fyrir."

Dráttur varð á, að nefndur ágreiningur væri borinn undir dómstóla, og hafði það ekki verið gert, þegar kjarasamningur málsaðilja frá 4. júní 1965 féll úr gildi 1. júní 1966. Nýir samningar tókust ekki, og 15. júlí 1966 voru sett bráðabirgðalög þess efnis, að gerðardómur skyldi ákveða kaup og kjör framreiðslumanna. Úrskurður gerðardóms þessa var kveðinn upp 30. desember 1966, og var 1. gr. þá orðuð svo:

„Framreiðslumenn og barmenn, sem vinna upp á prósentur, skulu fá 15% þóknun miðað við verð seldra veitinga."

Enn kom upp ágreiningur um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins, og höfðaði Samband veitinga- og gistihúsaeigenda mál fyrir Félagsdómi í janúar 1967 gegn Félagi framreiðslumanna. Mál þetta var tvíþætt. Fjallaði það bæði um þá kröfu veitingahúsaeigenda að framreiðslumönnum væri óheimilt að leggja þjónustugjaldið á söluskattinn, og svo um skilning á verðskrá um áfengisverð, sem um skeið var mikið ágreiningsefni málsaðilja.

Hinn 31. janúar 1967 var enn gerður kjarasamningur milli málsaðilja, án þess þó að þeir gerðu hreint fyrir sínum dyrum um ágreininginn um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins. Þessi kjarasamningur gilti til 1. október s. á.

Næst var kjarasamningur gerður 1. apríl 1968, og gilti hann til 1. apríl 1969.

Haustið 1968 hófust viðræður í svonefndri samstarfsnefnd aðilja, sem skipuð var fulltrúum frá veitingamönnum og framreiðslumönnum. Hinn 12. desember s. á. varð nefndin að sögn stefnda sammála um tilhögun verðlagningar á áfengi á veitingastöðum, og var gefin út verðskrá, sem felur í sér þá skipan, að vínverð er reiknað út með tilliti til rýrnunar og þjónustugjaldið reiknað af vínverðinu að söluskatti meðtöldum. Félagsdómsmál það, er höfðað var í janúar 1967, var þá enn rekið fyrir dóminum, en það féll niður 6. maí 1970, er aðiljar sóttu eigi dómþing. En áður en það gerðist, var komið af stað bæjarþingsmálið Dana Jóhannsdóttir gegn Sigmari Péturssyni veitingamanni, þingfest 25. september 1969, en mál þetta fjallaði í reynd að efni til um

það síkvika deilumál framreiðslumanna og veitingahúsaeigenda, hvort þeim fyrrnefndu væri rétt að leggja þjónustugjaldið á verð veitinga að viðbættum söluskatti.

Við samningaumleitanir um kjarasamninga, er fram fóru milli málsaðilja fyrri hluta árs 1971, er álagningargrundvöllur þjónustugjaldsins enn ágreiningsefni, en þá höfðu kjarasamningar verið lausir í nærfellt tvö ár. Þá skömmu áður, eða í desembermánuði 1970, hafði verið kveðinn upp dómur í áðurnefndu bæjarþingsmáli. Með þeim dómi var í meginatriðum fallizt á viðhorf veitingahúsaeigenda um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins. Segir stefnandi, að af því tilefni hafi í samningaviðræðunum verið rætt um áhrif málsúrslita bæjarþingsmálsins.

Þær umræður leiddu eigi til neins samkomulags um þjónustugjaldsdeiluna, og sátu báðir aðiljar við sinn keip, en framreiðslumenn munu hafa staðið að áfrýjun málsins, sem ekki hefur enn verið dæmt í Hæstarétti.

Í aprílmánuði 1972 kveðst stefnandi hafa óskað eftir viðræðufundi við stjórn Félags framreiðslumanna til þess m. a. að ræða um hugsanlegt samkomulag í þjónustugjaldsmálinu. Af þeim fundi varð ekki, og segir stefnandi, að tilkynnt hafi verið af hálfu stjórnar framreiðslumanna, að hún hafnaði öllum viðræðum um útreikning þjónustugjaldsins.

Af þessu tilefni kveður stefnandi, að boðað hafi verið til almenns fundar veitingamanna hinn 14. apríl 1972. Hafi þar verið samþykkt að segja upp þágildandi samningum við Félag framreiðslumanna frá 11. maí 1971 til þess að fá endanlega skorið úr ágreiningi þeim, sem verið hafi milli veitingahúsaeigenda og framreiðslumanna um framkvæmd álagningar á þjónustugjaldi og söluskatti og skil framreiðslumanna á innheimtum söluskatti.

Í samningaumleitunum þeim, sem því næst fóru fram, ritaði samninganefnd Félags framreiðslumanna gagnaðilja sínum svohljóðandi bréf hinn 11. júlí f. á.:

„Vegna þeirra atriða, sem fram komu af hálfu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda á samningafundi í dag, vill samninganefnd Félags framreiðslumanna taka eftirfarandi fram:

Félag framreiðslumanna telur, að núverandi framkvæmd við álagningu þjónustugjalds hafi verið samþykkt af báðum aðilum um leið og samið var um rýrnun með milligöngu samstarfsnefndar F. F. og S. V. G. Það er álit félagsins, að þá hafi verið leystur í einu lagi sá ágreiningur, sem var á milli aðila og var þá til meðferðar í Félagsdómi að tilhlutan S. V. G.

Þessu til stuðnings bendir félagið á, að eftir að samkomulagið var gert og sameiginleg verðskrá aðila, byggð á núverandi fyrirkomulagi, kom út, var félagsdómsmálið látið falla niður. Inn í mál þeirra Dönu Jóhannsdóttur og Sigmars Péturssonar spinnast fleiri atriði, t. d. aðild Sigmars að S. V. G., og getur því félagið ekki fallizt á að binda sig á nokkurn hátt gagnvart S. V. G. um breytingar á gerðu samkomulagi á grundvelli niðurstöðu Hæstaréttar í því máli.

Að því er varðar kröfur veitingamanna um greiðslu fæðispeninga, vill nefndin taka fram, að hún er ekki til viðræðu um afsal þeirra fæðishlunninda, sem framreiðslumenn hafa notið um margra ára skeið.

Nefndin tekur fram, að þrátt fyrir þetta er ritað á hennar ábyrgð, en mun verða lagt fyrir stjórn og trúnaðarráð félagsins.

Í samninganefnd Félags framreiðslumanna."

Samninganefnd Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda svaraði samdægurs með svolátandi bréfi:

„Með tilvísun til bréfs samninganefndar Félags framreiðslumanna, dagsett í dag, leyfir samninganefnd S. V. G. sér hér með að mótmæla eindregið þeirri fullyrðingu, sem fram kemur í téðu bréfi, að núverandi framkvæmd við álagningu þjónustugjalds hafi verið samþykkt af hálfu S. V. G., um leið og samið var um rýrnun, með milligöngu samstarfsnefnda F. F. og S. V. G.

Bendir samninganefndin á, að við síðustu samningsviðræður, í marz 1971, voru aðilar ásáttir um, að úr þessum ágreiningi aðilanna myndi fást skorið með dómi Hæstaréttar í máli Dönu Jóhannsdóttur og Sigmars Péturssonar, og kemur okkur því á óvart hin breytta afstaða Félags framreiðslumanna nú.

Við ítrekum því þau tilmæli okkar á fundi með samninganefnd F. F. nú fyrr í dag, að við samningsgerðina nú verði gengið frá yfirlýsingu á milli aðilanna um, að andvirði þeirra 1.65%, sem ágreiningur er um, verði sett inn á sérstakan reikning, unz dómur Hæstaréttar liggur fyrir um ágreininginn.

Samninganefnd S. V. G."

Hinn 22. júlí 1972 varð samkomulag um nýjan kjarasamning milli samninganefndanna. Undir þetta samkomulag rituðu fulltrúar veitingahúsaeigenda með svofelldum hætti:

„F. h. Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda með fyrirvara, er felist í eftirfarandi yfirlýsingu, svo og um samþykki félagsfundar:

Samband veitinga- og gistihúsaeigenda hefir vefengt, að fram-

reiðslumönnum sé heimilt að reikna þjónustugjald af söluskatti og á þann hátt að auka þjónustugjald sitt um 1.65%—3.30% í stað þess að innheimta og skila 11% söluskatti af þjónustugjaldi í samræmi við ákvæði í 1. og 2. gr. kjarasamnings aðila og 2. gr. 1. nr. 10/1960, sbr. 1. gr. 1. nr. 3/1970. Með því að samninganefnd Félags framreiðslumanna hefur ekki fallizt á að undirrita sameiginlega yfirlýsingu um, að aðilar kjarasamnings þessa séu ásáttir um, að á væntanlegan dóm Hæstaréttar í máli Dönu Jóhannsdóttur gegn Sigmari Péturssyni verði litið sem endanlegan úrskurð um framanritaðan ágreining, lýsir samninganefnd S. V. G. yfir því, að þótt nefndin nú undirriti framanritaðan kjarasamning, þá áskilur hún S. V. G. allan rétt til þess að höfða mál fyrir hlutaðeigandi dómstóli til þess að fá skorið úr ágreiningi þessum, um leið og nefndin áskilur einstökum veitingamönnum innan vébanda S. V. G. allan rétt til þess að endurkrefja einstaka framreiðslumenn um allt það fé, sem þeir kunna að hafa aftekið samkvæmt framansögðu á undanförnum árum."

Undirritun af hálfu framreiðslumanna var hins vegar á þessa leið:

„Í tilefni af yfirlýsingu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda hér að framan tekur Félag framreiðslumanna fram, að það telur, að með útgáfu sameiginlegrar verðskrár frá 2. desember 1968 hafi endanlega verið leyst úr ágreiningi aðila varðandi skilning á 1. mgr. 1. gr. kjarasamnings aðila og sé því núverandi tilhögun við álagningu þjónustugjalds samningsbundin. Félag framreiðslumanna mótmælir því fyrirvara Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, sem í yfirlýsingunni felst, en þar sem hér er um að ræða atriði, sem Félagsdómur mundi eiga úrskurðarvald um, undirritar nefndin framanritaðan kjarasamning með þessari athugasemd."

Samningsuppkast þetta var fellt í Félagi framreiðslumanna. Voru samningaumleitanir því næst teknar upp á ný og kjarasamningar undirritaðir 22. ágúst 1972.

Jafnhliða þeirri undirritun afhentu fulltrúar veitingahúsaeigenda fulltrúum framreiðslumanna svohljóðandi yfirlýsingu:

„Reykjavík, 22. ágúst 1972.

Samninganefnd Félags framreiðslumanna, Reykjavík.

Með hliðsjón af samningi þeim, sem nú hefir verið undirritaður í dag um kaup og kjör framreiðslumanna, vill samninganefnd S. V. G. taka fram eftirfarandi:

Eins og áður hefir komið fram í samningsviðræðum aðila, sbr.

fyrirvara við samning, dags. 22/7 1972, hefir S. V. G. véfengt, að framreiðslumönnum sé heimilt að reikna þjónustugjald af söluskatti í stað þess að innheimta og skila söluskatti af þjónustugjaldi í samræmi við ákvæði í 1. og 2. gr. kjarasamnings aðila og 2. gr. 1. nr. 10/1960, sbr. 1. gr. nr. 1. nr. 3/1970.

Með því að aðilar samningsins hafa ekki getað orðið ásáttir um, að dómur í máli því, sem nú er rekið fyrir Hæstarétti út af samskonar ágreiningi, verði talinn skera endanlega úr þessum ágreiningi, vill samninganefnd S. V .G., þrátt fyrir undirritun sína nú undir samninginn ekki láta hjá líða að áskilja S. V. G. allan rétt til þess að höfða mál fyrir hlutaðeigandi dómstóli til þess að fá skorið úr ágreiningi þessum."

II.

Eftir þessi málalok hinn 22. ágúst f. á. stendur enn allt við það sama um þjónustugjaldið, sem framreiðslumenn leggja áfram á verð veitinganna að viðbættum söluskatti.

Næst gerist það, að ákveðið er með lögum nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey að leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðilja og lög nr. 10/1960 taka til um eins árs skeið frá 1. marz þ. á. Segir m. a. í 8. gr. laganna, að sú hækkun á útsöluverði vöru og þjónustu, sem af þessu gjaldi hljótist, skuli ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Í tilefni af þessari lagasetningu ritaði stefnandi fjármálaráðuneytinu hinn 1. marz s.l. eftirfarandi bréf:

„Við tilvísum viðræður undirritaðs við ráðuneytisstjóra, Jón Sigurðsson, varðandi 2% viðlagagjald á söluskattsstofn, sem innheimt skal á tímabilinu 1. marz 1973 til 28. febr. 1974, sbr. ákv. í 8. gr. 1. nr. 4/1973.

Hinu háa ráðuneyti mun vera kunnugt um þá deilu, sem verið hefir um framkvæmd álagningar þjónustugjalds, þar sem þjónar hafa þrátt fyrir andmæli veitingamanna lagt þjónustugjald á með eftirtöldum hætti:

1.	verð vöru frá veitingahúsi	kr. 100.00	
2.	söluskattur 11%	— 11.00	kr. 111.00
3.	þjónustugjald 15%	— 16.65	
		Heildarverð	kr. 127.65

Eins og sést af þessu dæmi, reiknast enginn söluskattur af þjónustugjaldinu. Að sjálfsögðu geta allir aðilar átt von á því, að með innheimtu viðlagagjaldsins skv. 1. nr. 4/1973 muni þjónar ætla að hafa sama hátt á um álagningu þess og um álagningu söluskattsins og á þann hátt að hagnast á álagningu viðlagagjaldsins.

Við leyfum okkur því að spyrjast fyrir um það hjá hinu háa ráðuneyti, hvaða reglum skuli fylgja um álagningu og innheimtu söluskatts 11% og viðlagagjaldsins 2%, sbr. auglýsingu ráðuneytisins í dagbl. í gær, og óskum eftir skriflegum fyrirmælum yðar í þeim efnum."

Til svars þessari fyrirspurn sendi ráðuneytið 2. s. m. stefnanda ljósrit af bréfi ríkisskattstjóra til fjármálaráðuneytisins, dags. sama dag, svohljóðandi:

„Með vísun til bréfs yðar, dags. í dag, ásamt viðfestri fyrirspurn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 4/1973 skal leggja viðlagagjald á söluskattsstofn frá 1. marz 1973 til 28. febrúar 1974. Viðlagagjaldið reiknast að öllu leyti eins og söluskatturinn, og er þess ekki krafizt, að því sé haldið sérgreindu frá söluskatti við útskrift reikninga og söluskattsskil. Framkvæmdin verður því sú sama og orðið hefði, ef söluskattur hefði hækkað í 13%.
2. Þjónustugjald í veitingahúsum er söluskattsskylt skv. 9. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt, og ber veitingahúsum að skila söluskatti miðað við heildarandvirði hins selda að meðtöldu þjónustugjaldi.
3. Reikningar, sem gefnir eru út af veitingahúsum með upplýsingum um innheimtan söluskatt af viðskiptavinum, ættu því að sýna eftirfarandi niðurstöður:

Verð vöru (án sölusk. og þj.gj.)	kr. 100.00
Þjónustugjald 15%	— 15.00
	kr. 115.00
Söluskattur og viðlagagj. 13%	— 15.00
	kr. 130.00

Hlutfall þjónustugjalds, sem hér er reiknað 15%, er hins vegar mál veitingahúsaeigenda og þjóna.

4. Eins og áður segir, verður söluskattur og viðlagagjald samtals 13%, sem heimilt er við söluskattsskil að reikna 11,5% af heildarveltu með söluskatti og viðlagagjaldi."

Hinn 3. marz s.l. boðaði stjórn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda til fundar með stjórn Félags framreiðslumanna. Kynnti hún stjórn stefnda framangreint bréf fjármálaráðuneytisins og óskaði eftir því að sögn stefnanda, að eftirleiðis yrði álagningu og innheimtu 13% söluskatts hagað í samræmi við þá ákvörðun, sem fram kæmi í nefndu bréfi ráðuneytisins, og yrði söluskattinum þannig álögðum skilað til veitingamanna.

Ekki er neitt fram komið í málinu um undirtektir framreiðslumanna á fundi þessum, en 6. s. m. sendi stefnandi stefnda afrit af ráðuneytisbréfinu. Jafnhliða þessu unnu veitingahúsaeigendur, að sögn stefnanda, að gerð nýrra verðskráa yfir mat og vín, þar sem 15% þjónustugjald og 13% söluskattur var falið í heildarverði. Kveður stefnandi, að þetta hafi verið gert til aukins hagræðis fyrir gesti, og jafnframt hafi það verið til samræmis við það, sem tíðkast á hótelum um verðlag á gistingu, í vínstúkum húsanna og söluklefum.

Engar viðræður fóru fram um þetta milli málsaðilja eftir hinn sameiginlega fund 3. marz s.l.

Hinn 19. marz s.l. sendi stjórn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda félagsmönnum sínum eftirfarandi leiðbeiningar um framkvæmd nýrrar tilhögunar þess efnis, að framvegis verði þjónustugjald og söluskattur innifalið í verði veitingahúsanna:

„A. Hið breytta fyrirkomulag skal taka gildi samtímis á öllum vínveitingahúsum í landinu, mánudaginn 2. apríl 1973.

1) Þann dag skulu matseðlar og vínlistar sýna verð, þar sem innifalið er í verðinu 15% þjónustugjald og 13% söluskattur. Skal þetta eftirleiðis kallað HÚSVERÐ.
2) Þegar 20% þjónustugjald á við, skal bætt á reikning gesta, sem skrifaður er út á húsverði: Aukaþj.gj. 4.20%.
3) Þegar 30% þjónustugjald á við, skal á sama hátt bætt á reikning gesta, sem skrifaður er út á húsverði: Aukaþj.gj 13.04%.

B. Uppgjör framreiðslumanns við veitingamann að lokinni vakt skal fara fram á sérstökum eyðublöðum, sem veitingamaður lætur framreiðslumönnum í té, sbr. hjálagt sýnishorn.

Við útreikning á þjónustugjaldi til framreiðslumanns er þess að geta, að þjónustugjald af heildarsölu er sem hér segir:

1. 15% þjónustugj. þjónn fær ætíð 11.543% af húsverði.
2. 20% þjónustugj. þjónn fær ætíð 14.75% af húsverði. að viðbættu aukaþjónustugjaldi.
3. 30% þjónustugj. þjónn fær ætíð 20.43% af húsverði. að viðbættu aukaþjónustugjaldi.

Nauðsynlegt er, að veitingamenn veki athygli framreiðslumanna á því, að þegar um aukaþjónustugjald er að ræða, beri framreiðslumanni að bomma á kassa þá upphæð í einu lagi, sem aukaþjónustugjaldi nemur, og fylgi bomma þessi uppgjöri ásamt afriti af reikningum til gesta.

Við leggjum áherzlu á, að sú framkvæmd, sem hér er ráðgerð, verði tekin upp samtímis í öllum vínveitingahúsum í landinu, og er ætlunin, að það verði 2. apríl 1973.

Til þess að svo megi verða, hefir verið ákveðið, að allir veitingamenn í vínveitingahúsum boði starfsfólk sitt (framreiðslufólk) til fundar, hver í sínu húsi, mánudaginn 26. marz n. k., þar sem hver veitingamaður kynni starfsfólki sínu, hvernig framkvæmdinni verði háttað, öll atriði hennar og hvenær hún komi til framkvæmda."

Samkvæmt þessum fyrirmælum tilkynntu veitingamenn starfsfólki á hótelum borgarinnar þessa tilhögun hinn 26. marz s.l. og skýrðu jafnframt frá því, að hinir nýju verðlistar tækju gildi 2. apríl.

Á Hótel Loftleiðum tilkynnti hótelstjórinn, Erling Aspelund, starfsfólki þar nefndar reglur. Við það tækifæri afhenti trúnaðarmaður Félags framreiðslumanna, Bergþór Bergþórsson, hótelstjóranum eftirfarandi plagg:

„1. Um er að ræða, að þjónunum er lögð á herðar aukin vinna með breyttum uppgjörsmáta, þ. e. vinna við uppgjör í stað þess að greiða beint skv. kassauppgjöri. Þessu er mótmælt skv. 4. gr. samnings, þar sem hér er ekki um að ræða færslu á nótum, heldur breytta vinnuaðferð, sem skerðir kjör framreiðslumanna.

2. En fyrst og fremst er hér um að ræða stórfellda skerðingu á launakjörum eða rúmlega 11% af launum. Þetta er ekki einungis fráleitt, heldur svo ósvífið að ætla að reyna slíkt á miðjum samningstíma, án þess að nokkurt sjáanlegt tilefni sé fyrir hendi, að það er ekki einungis til þess fallið að móðga framreiðslumenn, heldur og til að félag þeirra getur naumast treyst viðsemjendum sínum í framtíðinni.

3. Þar sem veitingamenn virðast ætla að leggja fram verð-

lista yfir allan varning með útsöluverði, munu framreiðslumenn, meðan málið er í athugun hjá félagsstjórn, bakreikna þjónustugjald af heildarsölu sem hér segir:

15% þjónustugjald sem 13.05% af sölu
20% þjónustugjald sem 16.67% af sölu
30% þjónustugjald sem 23.08% af sölu."

Hinn 30. marz s.l. ritaði stefndi Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda svohljóðandi bréf:

„Almennur félagsfundur Félags framreiðslumanna haldinn 29. marz 1973 mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem S. V. G. hefur frammi gegn félaginu. Komið hefur í ljós, að S. V. G. hefur upplýst stjórn F. F. um, að þeir ætli sér (S. V. G.) að setja upp nýja verðskrá, þar sem þjónustugjald skal vera innifalið, og samkvæmt áðurnefndri verðskrá skal þjónustugjald bakreiknast með 11.543%, sem samsvarar rúmlega 11% kauprýrnun.

Þessu hefur verið mótmælt af stjórn F. F., og lýsti S. V. G. þá yfir, að þetta væri einhliða ákvörðun þeirra.

Slík vinnubrögð eru frekleg árás á tekjur framreiðslumanna og svívirðing gagnvart félagi þeirra, jafnframt því sem hér er um að ræða gróft brot á 4. gr. samninga milli F. F. og S. V. G. frá 1972. Jafnframt áskilja framreiðslumenn sér rétt til að vinna áfram samkvæmt því fyrirkomulagi, sem verið hefur.

Virðingarfyllst, / f.h. Félags framreiðslumanna,
Óskar Magnússon, formaður."

Samkvæmt skýrslu Erlings Aspelunds kveðst hann rétt fyrir kl. 1200 hinn 2. apríl hafa fengið í hendur svohljóðandi tilkynningu frá stjórn Félags framreiðslumanna til trúnaðarmanna félagsins:

„TRÚNAÐARMENN

Stjórn Félags framreiðslumanna vill benda trúnaðarmönnum félagsins á, að komi fram matseðlar og vínseðlar, sem eru settir upp með söluskatti og þjónustugjaldi, skal trúnaðarmaður bakreikna af uppgefnu verði á viðkomandi seðli 13.05%, áður en slegið er á kassa.

Dæmi:	Verð vöru	1.000.00
	÷ 13.05%	130.50
	Verð á kassa	869.50

Stjórn félagsins vill benda á, að nauðsynlegt er, að allir félagsmenn standi saman sem einn maður í máli þessu. Jafnframt skal þess getið, að verði misbrestur á, verður viðurlögum beitt.

Þér sem trúnaðarmanni ber að tilkynna þetta öllum félagsmönnum á viðkomandi vinnustað.

Stjórnin."

Hafi hann þá kallað fyrir sig þá framreiðslumenn, sem voru á vakt, og bent þeim á, að þeir yrðu að „bomma", þ. e. stimpla fjárhæðir á kassa samkvæmt hinum nýju verðskrám. Mundi eldhús ekki afgreiða annað. Ef þeir ætluðu að reikna sér annað þjónustugjald — þ. e. annað en það, sem nýja gjaldskráin gerði ráð fyrir — mundi hann gefa þeim kvittun, en síðar yrði svo að leita úrskurðar um réttmæti álagningarprósentunnar.

Aspelund segir, að framreiðslumennirnir hafi þá neitað að vinna eftir nýja fyrirkomulaginu eftir að hafa hringt til félagsins. Hann kveðst þá hafa bent framreiðslumönnunum á, að færu þeir út, tæki hann það sem uppsögn af þeirra hálfu. Hafi þeir því næst gengið út af hótelinu. Skömmu síðar hafi þeir komið aftur ásamt formanni félags síns. Hafi málið þá verið rætt. Eftir nokkrar umræður hafi formaðurinn, Óskar Magnússon, bent á, að væri ekki farið eftir fyrirmælum í bráfi Félags framreiðslumanna yrði ekkert unnið.

Erling Aspelund kveðst þá hafa beðið framreiðslumennina að vera ekki í húsinu. Segir stefnandi, að það sé regla, að framreiðslumenn, sem ekki séu að störfum, skuli ekki vera á vinnustað. Hótelstjórinn segir enn fremur, að þrír framreiðslumannanna hafi komið aftur á vakt klukkan 1900.

Þessari skýrslu hefur ekki verið hnekkt.

Þennan sama dag ritaði Félag framreiðslumanna Hótel Loftleiðum á þessa leið:

„Samkvæmt þeim upplýsingum, sem félagið hefur fengið, gerðist það á Hótel Loftleiðum um hádegisbilið í dag, að hótelstjóri lagði fyrir tvo framreiðslumenn, sem voru að störfum í sal, að taka upp nýtt vinnufyrirkomulag, sem skerða mundi kjör framreiðslumanna mjög verulega. Er framreiðslumennirnir neituðu að verða við þessum fyrirmælum hótelstjórans og kváðust mundu halda óbreyttum vinnuaðferðum, þ. e. að stimpla á kassa og gera upp á sama grundvelli og tíðkazt hefur, mun hótelstjóri hafa vísað þeim á brott án fyrirvara.

Félagið lítur það mjög alvarlegum augum, að reynt sé í trássi við beint ákvæði í síðustu málsgrein 4. gr. kjarasamninga okkar

frá 22. 8. 1972 að fá félagsmenn til að taka upp nýjar vinnuaðferðir, sem skerði kjör þeirra. Enn alvarlegri augum er það að sjálfsögðu litið, þegar félagsmönnum er vikið úr starfi fyrir það eitt að halda fast við samningsbundinn rétt sinn.

Annar manna þeirra, sem þarna var vísað af vinnustað, var trúnaðarmaður félagsins á vinnustaðnum, Bergþór Bergþórsson, og telur félagið brottrekstur hans, er hann var að sinna starfsskyldum sínum sem slíkur, ótvírætt brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og jafnframt brot á kjarasamningi eins og brottrekstur hins framreiðslumannsins, Gunnars Stefánssonar.

Félagið skorar hér með á yður að taka nefnda framreiðslumenn aftur í vinnu þegar í stað, bæta þeim tjón það, sem þeir hafa þegar orðið fyrir, og biðjast afsökunar á atferli yðar. Að öðrum kosti mun félagið snúa sér til dómstólanna með mál þetta."

Jafnframt var Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda sent afrit af bréfi þessu og þess óskað, „að þér bregðið skjótt við og fylgist með, að Hótel Loftleiðir leiðrétti þau rangindi, sem umræddir framreiðslumenn hafa verið beittir, og beitið áhrifum yðar í þá átt, að atburðir sem þessi endurtaki sig ekki."

Deila þessi breiddist svo út til annarra veitingahúsa.

Hinn 4. apríl s.l. ritaði Samband veitinga- og gistihúsaeigenda Félagi framreiðslumanna á þessa leið:

„Út af vinnudeilu þeirri, sem nú er risin á milli félaga okkar, er félagsmenn yðar þann 2. apríl á Hótel Loftleiðum og síðan á öðrum veitingahúsum neituðu að fara að fyrirmælum forsvarsmanna veitingahúsanna um að slá inn á kassa heildarandvirði veitinga (inkl. þjónustugjald og söluskatt), viljum við hér með staðfesta þá yfirlýsingu, sem fram kom á fundum með starfsfólki húsanna þann 26. marz s.l. frá hótelstjórum um, að framreiðslumönnum yrði heimilað að bakreikna þjónustugjald með þeim prósentutölum, er þeir teldu réttar skv. þeim skilningi, sem framreiðslumenn hafa haft um framkvæmd álagningar á þjónustugjaldi, en veitingamenn myndu að sjálfsögðu gera fyrirvara um uppgjör þjónustugjalds.

Á téðum fundum var hótelstjórum afhent ódagsett bréf frá félagi yðar, þar sem veitingamönnum voru kynntar þessar tölur.

Við viljum því nú ítreka, að veitingamenn eru enn reiðubúnir að standa við fyrrgreinda yfirlýsingu sína, en munu að sjálfsögðu móttaka uppgjör á þjónustugjaldi með fyrirvara, unz endanlega hefir verið skorið úr ágreiningi um framkvæmd álagningu þjón-

ustugjalds í máli því, sem nú er rekið fyrir Félagsdómi, enda hefji þá framreiðslumenn störf nú þegar.

Væntum við svara yðar hið allra fyrsta."

Þessu bréfi svaraði Félag framreiðslumanna 5. apríl á þessa leið:

„Á almennum félagsfundi í Félagi framreiðslumanna, sem haldinn var í dag, var tillaga sú, sem fram kemur í bréfi yðar, dags. 4. þ. m., tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu. Tillagan var felld. Fundurinn samþykkti síðan svofellda ályktun:

Almennur félagsfundur í Félagi framreiðslumanna, lýsir yfir í tilefni af bréfi S. V. G., dags. 4. þ. m., að framreiðslumenn hafi ætíð verið reiðubúnir að starfa við óbreytt vinnu- og uppgjörsfyrirkomulag. Félagið vítir þau vinnubrögð, sem S. V. G. hefur viðhaft í máli þessu, vísar til niðurlagsákvæðis 4. gr. samnings aðila og ítrekar þá skoðun sína, að einu eðlilegu vinnubrögðin af hálfu S. V. G. í máli þessu hefðu verið þau að fá skorið úr deilunni um álagningu þjónustugjalds fyrir dómstólunum, áður en verðskrá miðuð við skoðun veitingamanna var lögð fram.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Stóð við hið sama í deilu málsaðilja, þegar mál þetta var flutt munnlega og dómtekið 10. þ. m.

III.

Stefnandi telur, að sú afstaða framreiðslumanna Hótels Loftleiða 2. apríl s.l. að neita að fara eftir þeim fyrirmælum hótelstjórans að slá inn á kassa fjárhæðir samkvæmt hinum nýju verðskrám, þ. e. heildarverð veitinga með inniföldu 15% þjónustugjaldi og 13% söluskatti, hafi verið ólögmæt. Þetta hafi þeir gert í samráði við stéttarfélag sitt og að fyrirmælum stjórnar þess, enda hafi forráðamenn félagsins staðið fyrir sams konar vinnuneitun í öðrum hótelum í borginni. Hér sé því um verkfall að ræða. Hann neitar því alfarið, að sú tilhögun, sem veitingamenn hafi ákveðið að taka upp um innslátt á kassa, svo sem að framan greinir, sé andstæð 4. gr. kjarasamnings aðilja frá 22. ágúst f. á. Hann telur það fráleitt, að hér sé um þess konar breytingar á vinnuaðferð að ræða, sem feli í sér skerðingu á kjörum framreiðslumanna, enda sé allt vinnu- og fyrirkomulag óbreytt. En hvað sem því líði, hefði ágreiningur út af slíku atriði heyrt undir dómsvald Félagsdóms og samkvæmt 17. gr. laga nr. 80/1938 sé óheimilt að hefja verkfall, ef ágreiningur er aðeins um atriði, sem Félagsdómur eigi

úrskurðarvald um. Sé verkfall framreiðslumanna því beint brot á nefndu lagaákvæði og beri að refsa stefnda fyrir það.

Kröfu sína í þriðja lið dómkrafna stefnanda í máli þessu um tilhögun álagningar á þjónustugjaldi, 15%, og söluskatti, 13%, og skil til veitingamanns byggir hann á ákvæðum 9. gr. laga nr. 10/1960 og 25. gr. reglugerðar nr. 169/1970. Heldur hann því fram, að ef það hefði verið ætlan veitingamanna að semja við stefnda um það, að framreiðslumenn legðu 15% þjónustugjald ofan á söluskattinn þrátt fyrir ákvæði í lögum um söluskattsskyldu af þjónustugjaldinu — en veitingamenn tækju þar með á sig þau auknu útgjöld, sem af slíku fyrirkomulagi leiddi — hefði þess konar skuldbinding þurft að vera gerð með beinu og ótvíræðu orðalagi í samningi milli málsaðilja. Hins vegar sé algerlega óheimilt að leiða slíka reglu af orðalagi, sem tekið hafi verið upp af öðrum ástæðum, en stefnandi skýrir svo frá, svo sem áður er að vikið, að orðalag 1. gr. kjarasamninga undanfarinna ára, „af verði veitinga til almennings", sé upphaflega sett að kröfu framreiðslumanna vegna þess, að þeir hafi talið veitingamönnum óheimilt að semja um lægra verð við viðskiptamenn en á matseðli greindi.

Þá mótmælir stefnandi því, að hann hafi nokkurn tíma fallizt á þá framkvæmd, sem framreiðslumenn hafi beitt um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins, enda sé hún algerlega andstæð ákvæðum laga um söluskatt. Um þessa aðferð hafi verið deilt við hverja kjarasamningagerð, en veitingamenn hafi aldrei samið sig undir þá skyldu gagnvart framreiðslumönnum að greiða þann mismun á fjárhæð söluskatts, sem fram kæmi vegna innheimtuaðferðar framreiðslumanna og þeirrar fjárhæðar, sem skattayfirvöld krefðu veitingamenn um vegna söluskattsskyldu af þjónustugjaldinu. Hefur stefnandi um þess efni vísað til þeirra atriða, sem upp eru talin í atvikalýsingu málsins, og mótmælt því, að nokkur skylda hafi sakir tómlætis eða af öðrum ástæðum fallið á veitingamenn. Sérstaklega hefur hann bent á það, að fráleitt sé, að gjald eins og 2% viðlagasjóðsgjaldið samkvæmt lögum nr. 4/1973, sem ekki eigi að valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu, eigi að geta leitt til kauphækkunar hjá framreiðslumönnum vegna hærri þjónustugjaldsgrundvallar, en til slíkrar niðurstöðu leiði afstaða stefnda. Loks mótmælir stefnandi því eindregið, að kjarasamningurinn frá 22. ágúst hafi bundið honum neinar skyldur á herðar um að fylgja því fyrirkomulagi um álagningu þjónustugjalds, sem stefndi telur, að fylgt hafi verið og samningar standi

til. Bendir stefnandi í þessu efni til skýlausra fyrirvara af sinni hálfu við þá samningsgerð.

Af hálfu stefnda er því alfarið neitað, að um verkfall hafi verið að ræða af hálfu félagsmanna hans, er þeir neituðu að taka upp breytta aðferð við pöntun veitinga úr eldhúsi og breytta tilhögun á reikningsskilum þjónustugjalds, sem að hans áliti hefði rýrt launakjör framreiðslumanna verulega frá því, sem verið hefði um margra ára skeið. Telur stefndi, að neitun framreiðslumannanna, sem hafi verið í fullu samræmi við ákvörðun stéttarfélags þeirra, hafi verið réttmæt. Heldur hann því fram, að framreiðslumenn þeir, sem hér eigi hlut að máli, mæti til vinnu, þegar þeim ber, og séu tilbúnir að hefja störf að óbreyttum vinnuaðferðum. Þá bendir stefndi á, að þeir framreiðslumenn, sem hin nýja tilhögun nái ekki til, haldi áfram vinnu með venjulegum hætti.

Rök stefnda fyrir því, að framreiðslumönnum hafi verið rétt að hafna breyttri vinnuframkvæmd, eru í höfuðatriðum þau, að hin nýja skipan brjóti í bág við 5. mgr. 4. gr. kjarasamnings aðilja frá 22. ágúst 1972, en með því ákvæði skuldbindi veitingamenn sig til þess að taka ekki upp nýjar vinnuaðferðir, er skerði kjör framreiðslumanna. Í annan stað heldur stefnandi því fram, að fyrirmæli hótelstjóra Loftleiða til framreiðslumanna 2. apríl fái alls ekki samrýmzt yfirlýsingu stefnanda frá 4. júní 1965, en hennar er áður getið, því þar sé um svo ótvíræða yfirlýsingu að ræða, að enginn vafi geti verið um efni hennar. Af þessu leiði, að sýkna beri stefnda alfarið af þeirri kröfu stefnanda, að framreiðslumenn hafi gerzt sekir um að hefja ólögmætt verkfall. Þvert á móti telur stefndi, að með viðbrögðum sínum við neitun framreiðslumanna á hádegi 2. apríl s.l. hafi hótelstjórinn á Hótel Loftleiðum hafið verkbann, án þess að fullnægt hafi verið ákvæðum 16. gr. laga nr. 80/1938. Beri því að dæma verkbannið ólögmætt, svo sem stefndi krefst í 1. lið gagnkrafna sinna, og dæma stefnanda, sem að þessu verkbanni standi, til að greiða sekt vegna þessarar ólögmætu athafnar sinnar.

Sýknukrafa stefnda, að því er varðar 3. kröfulið í dómkröfum stefnanda, og rök hans fyrir 3. lið gagnkröfu sinnar — en þessir kröfuliðir báðir lúta að sama málsatriði — eru í höfuðatriðum á því reist, að framreiðslumönnum sé rétt að reikna sér þjónustugjald af öllu verði seldra veitinga, öðru en þjónustugjaldi. Telur stefndi, að þessi réttur þeirra byggist í fyrsta lagi á upphafsákvæði 1. gr. kjarasamnings aðilja, enda sé sá skilningur einn eðlilegur. Í annan stað hafi verið um þetta samið, svo sem fram

komi af verðskrám, sem aðiljar hafi sameiginlega staðið að, og loks verði tómlæti veitingamanna allar götur frá 13. maí 1965 um að fá endanlega skorið úr þessu ágreiningsefni ekki skýrt á annan hátt en þann, að veitingamenn hafi fallizt á skoðun framreiðslumanna um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins. Telur stefndi samkvæmt þessu, að sýkna beri sig af 3. kröfulið stefnanda, en hins vegar beri að taka 3. lið gagnkröfu sinnar að öllu leyti til greina.

IV.

Dómkröfur stefnanda og gagnkröfur stefnda lúta alfarið að sömu efnisatriðum og eru að öllu leyti samkynja og samstæðar. Verða þær því dæmdar í senn.

1. Verkfall eða verkbann.

Atvik að ágreiningi þeim, er upp kom 2. apríl milli hótelstjóra Hótels Loftleiða og framreiðslumanna þeirra, er þá voru að störfum, eru rakin ítarlega hér að framan undir II svo og tildrög árekstrar þess, er varð sama dag milli hótelstjórans og forráðamanna stefnda, er leiddi til þess, að vinna þeirra framreiðslumanna, er hlut áttu að máli, féll niður.

Telja verður, að hótelstjórinn Erling Aspelund hafi eigi farið út fyrir valdmörk sín sem hótelstjóri, þegar hann gaf framreiðslumönnum þeim, er störfuðu á hótelinu, fyrirmæli um að fylgja þeim reglum, sem veitingamenn höfðu sett um framkvæmd nýrrar tilhögunar þess efnis, að framvegis yrði þjónustugjaldið og söluskatturinn innifalið í verði veitingahúsanna og að reikningsskil framreiðslumanns að lokinni vakt hans skyldu gerð á sérstökum eyðublöðum. Bar framreiðslumönnum að fara eftir þeim reglum, og var óheimilt að neita að beita þeim við vinnu sína eða neita að vinna á þeim grundvelli. Hins vegar áttu framreiðslumenn rétt á því að bera réttmæti hinnar nýju skipunar undir dómstól, ef þeir töldu hana brjóta í bág við fyrirmæli eða samningsákvæði í kjarasamningi aðilja. Hefur stefndi m. a. sett fram þá staðhæfingu, sem reyndar hefur ekki verið studd neinum rökum, að hin nýja skipan leiði til aukins erfiðis fyrir framreiðslumenn. Þá hefur hann og talið, að hin nýja skipan svipti hann ranglega réttmætu þjónustugjaldi. Af skýrslu hótelstjórans er ljóst, að þótt framreiðslumönnum væri lagt á herðar að slá á kassa, „bomma", fjárhæðir samkvæmt hinum nýju verðskrám, gætu þeir reiknað sér þjónustugjald eftir þeim reglum, er þeir teldu eiga að gilda,

en síðar yrði svo skorið úr um réttmæti þess hundraðshluta þjónustugjaldsins, sem framreiðslumenn reiknuðu sér.

Samkvæmt því, sem rakið er í atvikalýsingu í II. kafla hér að framan, er fram komið, að framreiðslumenn á Hótel Loftleiðum neituðu í samráði við stjórn stéttarfélags síns og með fullu samþykki hennar að fara eftir lögmætum fyrirmælum hótelstjórans um framkvæmd vinnutilhögunar á vinnustað vegna ágreinings um skilning á ákvæðum kjarasamnings milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna frá 22. ágúst 1972. Hafa framreiðslumenn enn haldið þeirri afstöðu. Þessum viðbrögðum framreiðslumanna og stéttarfélags þeirra ber að jafna til verkfalls samkvæmt II. kafla laga nr. 80/1938. Og þar sem hér er um að ræða ágreining út af skilningi á 4. gr. kjarasamnings aðilja, en um þann ágreining átti Félagsdómur úrskurðarvald, var verkfall út af þeim ágreiningi óheimilt samkvæmt 1. lið 17. gr. sömu laga, og ber samkvæmt því að taka til greina þá kröfu stefnanda, að það verði dæmt ólögmætt.

Eftir atvikum og með tilliti til allra málavaxta verður stefndi ekki dæmdur til greiðslu sektar.

2. Ágreiningur um álagningargrundvöll þjónustugjalds þ. e. 3. liður dómkrafna stefnanda og 3. liður gagnkrafna stefnda.

Í málavaxtalýsingu I. kafla hér að framan eru rakin samskipti málsaðilja og deilur um þjónustugjaldið allt frá árinu 1965. Af þeirri atvikalýsingu kemur fram, að ágreiningur um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins hefur verið stöðugur fylgifiskur við kjarasamningagerð málsaðilja, án þess að nefndur ágreiningur hafi nokkru sinni verið brotinn til mergjar. Þessi ágreiningur hefur, eins og fram kemur af málavaxtalýsingu, verið í því fólginn, að framreiðslumenn hafa reiknað þjónustugjaldið af verði veitinganna að viðlögðum söluskatti, en ekki fylgt reglum skattayfirvalda um það, að reikna bæri söluskatt af þjónustugjaldi. Veitingamenn hafa hins vegar orðið að inna af hendi söluskatt af verði seldrar vöru og þjónustu, sem varð hærri en söluskattur sá, er framreiðslumenn innheimtu af viðskiptamönnum. Verður þessi mismunur því hærri sem söluskattur eða önnur því lík gjöld, sem lögð eru á vörur og þjónustu hækka, en þjónustugjald og þar með launatekjur framreiðslumanna hækka þá að sama skapi. Getur þessi regla leitt til þess, að ákvæði laga um tiltekna skattaálögu leiði til beinnar íþyngingar fyrir veitingamenn, en beinnar launahækkunar fyrir framreiðslumenn. Kom þetta upp, eins og að framan greinir, er 2% viðlagagjald var lagt á með lögum nr. 4/

1973, en það varð beint tilefni þess, að upp kom enn deilan um álagningargrundvöll þjónustugjaldsins.

Þegar litið er til samskipta og kjarasamninga aðilja máls þessa á undanförnum árum, ber að hafa það í huga, að hver kjarasamningur gildir fyrir ákveðið tímabil, og verður fyrst og fremst að meta ákvæði hvers einstaks kjarasamnings út frá þeim kröfum, sem settar eru fram við samningsgerð, viðbrögð samningsaðilja við þeim og afgreiðslu þeirra á einstökum samningsatriðum eða samningnum í heild.

Ljóst er, að við gerð kjarasamnings þess, er undirritaður var 22. ágúst f. á. og gildir til 1. nóvember 1973, hefur verið tvímælalaus og augljós ágreiningur með samningsaðiljum um það, hvernig reikna skyldi þjónustugjaldið. Voru skýlausir fyrirvarar um þetta fyrst ritaðir með undirskrift samningsaðilja á samkomulag það, sem samninganefndir undirrituðu 22. júlí, en síðar var fellt í Félagi framreiðslumanna. Við undirritun kjarasamningsins 22. ágúst 1972 afhentu fulltrúar veitingamanna yfirlýsingu þá, sem að framan er lýst, og mátti fulltrúum stefnda þá þegar við undirritun vera fullljóst, að fulltrúar veitingamanna hefðu ekki fallið frá afstöðu þeirri, sem fram kom af þeirra hálfu við undirritun samkomulagsins frá 22. júlí sama ár.

Með hliðsjón af þessari augljósu afstöðu aðilja við samningsgerð og undirritun kjarasamningsins frá 22. ágúst, sbr. og bréf stefnda til stefnanda, dags. 5. þ. m., verður að líta svo á, að fyrirvari sá, sem gerður var við undirskrift nefnds samnings, hafi verið með þeim hætti, að 2. málsliður 1. mgr. 1. gr. hans hafi ekki að geyma samningsákvæði, sem taki til þess ágreiningsefnis, sem 3. kröfuliður í dómkröfum beggja málsaðilja felur í sér. Og þar sem önnur ákvæði kjarasamningsins taka ekki heldur til þessa atriðis, dæmir Félagsdómur ekki efnislega um þann ágreining, sem fellst í nefndum kröfuliðum, sbr. 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938.

Dómendur eru og sammála um, að ekki verði heldur lagður dómur á þessa kröfu samkvæmt 3. lið 44. gr. sömu laga, þegar af þeirri ástæðu, að málsaðiljar hafa hvorki samið ótvírætt um það, að Félagsdómur beiti þeirri heimild til að dæma í máli út af samskiptum þeirra við samningagerðina í ágúst 1972 né heldur hafa þeir samið um, að Félagsdómur dæmi í margnefndu ágreiningsefni sem gerðardómur.

Samkvæmt því er 3. kröfulið í kröfugerð beggja aðilja vísað frá Félagsdómi.

Þegar hafðar eru í huga þeir miklu hagsmunir, sem í húfi eru

fyrir báða málsaðilja, að því er varðar lögmæti vinnustöðvunar þeirrar, sem um er deilt í máli þessu, þykir rétt með vísun til 69. gr. laga nr. 80/1938 að dæma málið í heild þrátt fyrir ákvæði 108. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Vinnustöðvun, er hófst á Hótel Loftleiðum 2. apríl s.l., er verkfall af hálfu framreiðslumanna, og er verkfallið ólögmætt.

Þriðja kröfulið í dómkröfum stefnanda, Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótels Loftleiða, og 3ja kröfulið í gagnkröfum stefnda, Alþýðusambands Íslands f. h. Félags framreiðslumanna vegna félagsmanna þess á Hótel Loftleiðum, er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi og stefndi eiga að vera sýknir af refsikröfum hvors annars í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. ágúst 1973.

Nr. 106/1973: **Valdstjórnin**
gegn
Haraldi Ólafssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1973. Gögn máls þessa bárust Hæstarétti hinn 12. og 20. s. m.

Af hálfu skipaðs verjanda varnaraðilja, Páls S. Pálssonar

hæstaréttarlögmanns, er þess krafizt, „að í stað gæzluvarðhalds verði ákveðið, að“ varnaraðili „sé lagður inn á hæli til lækningar, sbr. ákvæði 65. gr. almennra hegningarlaga, með hliðsjón af ákvæðum 62. gr. sömu laga.“

Eins og kröfugerð er háttað, verður að skýra hana svo, að krafizt sé, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Þá er krafizt kærumálskostnaðar.

Þegar litið er til brotaferils varnaraðilja, er með vísan til 5. og 6. tl. laga nr. 82/1961, sbr. nú 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 73/1973, rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. júlí 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 10. júlí, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í dómssal hegningarhússins við Skólavörðustíg af sakadómurunum Halldóri Þorbjörnssyni, Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni.

Haraldur Ólafsson, Víðimel 32, fæddur 19. ágúst 1946 í Reykjavík, hefur í dag verið dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 12 ára fangelsi fyrir brot gegn 211., sbr. 20. gr., 219. gr., 220. gr. og 259. gr. alm. hegningarlaga og gegn umferðarlögum. Er jafnframt lokið gæzluvarðhaldsvist, sem hann hefur sætt undir rannsókn og meðferð þessa máls.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafizt, að Haraldur Ólafsson verði úrskurðaður til þess að sæta áfram gæzlu, unz hæstaréttardómur gengur í máli hans, en samkvæmt 1. tl. 175. gr. laga 82/1961 ber að áfrýja dóminum.

Kröfu þessari er mótmælt af hálfu dómfellda.

Með skírskotun til þeirrar refsingar, sem Haraldi hefur verið dæmd, þykir samkvæmt 4. tl. 67. gr. laga 82/1961 rétt að taka kröfu þessa til greina. Lengd gæzluvarðhaldsins verður markaður ákveðinn tími, og við ákvörðun hans verður að líta til þess, að réttarhlé standa yfir í Hæstarétti til loka september. Þykir rétt, að Haraldur verði úrskurðaður til þess að sæta gæzluvarðhaldi

allt að 120 dögum, þó eigi lengur en til þess tíma, er Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu.

Því úrskurðast:

Haraldur Ólafsson sæti gæzluvarðhaldi allt að 120 dögum, þó eigi lengur en til þess dags, er Hæstiréttur kveður upp dóm sinn í máli hans.

Miðvikudaginn 1. ágúst 1973.

Nr. 110/1973: **Valdstjórnin**
gegn
Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júlí 1973, sem barst dóminum 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, sbr. nú 1. tl. 67. gr. laga nr. 73/1973.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. júlí 1973.

Ár 1973, mánudaginn 16. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson var hinn 16. júní s.l. úrskurð-

aður til að sæta gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum vegna gruns um þátttöku í innbroti, sem framið var í Háaleitis Apótek aðfaranótt 13. júní s.l., en þaðan var stolið verulegu magni af lyfjum og eiturefnum.

Jóhann Bragi Friðbjarnarson, sem úrskurðaður var í gæzluvarðhald sama dag, hefur nú játað að hafa framið þennan verknað. Kveðst hann hafa unnið verkið án vitundar annarra. Guðbjörn Lárus Elísson hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu. Segir hann, að þeir Óskar Elías og Jóhann Bragi hafi brotizt inn í Háaleitis Apótek, en aðrir þátttakendur í innbrotinu hafi beðið í bifreið þar skammt frá. Óskar Elías heldur eindregið fram sakleysi sínu í þessu máli.

Við rannsókn ofangreinds máls vaknaði sá grunur, að sömu aðiljar hefðu þann 14. júní s.l. brotizt inn í söluturn að Kópavogsbraut 115 og stolið þar tóbaki. Óskar Elías hefur nú viðurkennt að hafa framið þennan verknað. Segist hann hafa framið innbrotið án vitundar annarra. Guðbjörn Lárus hefur skýrt svo frá, að auk hans sjálfs og Óskars Elíasar hafi þeir Jóhann Bragi og Einar Sverrir Einarsson tekið þátt í innbrotinu.

Margt er enn óupplýst í rannsókn ofangreindra mála. Óljóst er, hver er hlutur hvers eins hinna grunuðu í innbrotunum. Stór hluti lyfjanna, sem stolið var, er enn ófundinn. Rannsókn beinist einnig að ráðstöfun á tóbakinu, sem stolið var úr söluturninum. Nauðsyn er að útiloka möguleika kærða, Óskars Elíasar Héðins Guðmundssonar, á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega meðseka og vitni. Ber því með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að gæzluvarðhaldsvist hans skuli framlengd, enda eru skilyrði þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1973.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhaldsvist Óskars Elíasar Héðins Guðmundssonar farmlengist um allt að 60 dögum frá klukkan 1507 16. júlí 1973.

Mánudaginn 24. september 1973.

Nr. 39/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Ásmundi Jóhannssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Í bréfi Hafrannsóknastofnunarinnar, dags. 15. marz 1973, til saksóknara ríkisins er þeirri spurningu saksóknara, hver afstaða stofnunarinnar sé til þess, að ákærði hafi verið að togveiðum innan fiskveiðimarkanna, svarað á þennan hátt:

„... Vegna margra kvartana ýmissa skipstjóra um mikinn ágang báta í smáfisk, aðallega ýsu, við suðausturströndina, t. d. við Ingólfshöfða, og þar bæði innan landhelgi sem utan, ákvað Hafrannsóknastofnunin seint í júlí 1972 að reyna að fá þeim svæðum lokað, sem mestur ágangur var á. Samkvæmt áliti sjávarútvegsráðuneytisins var ekki fyrir hendi lagaheimild til slíkrar lokunar, en hins vegar var ákveðið:

a) að biðja skipstjóra með auglýsingu að forðast smáfiskasvæðin
b) að rannsaka afla bátanna á svæðunum.

Hið fyrra var hlutverk ráðuneytisins, hið síðara hlutverk Hafrannsóknastofnunarinnar.

Stofnunin fékk því leyfi eigenda tveggja báta — annar var m/b Ársæll Sigurðsson, GK 320 — til þess að hafa rannsóknamann með í eina veiðiferð, og skyldi hann hafa með höndum lengdarmælingar á afla eftir því, sem aðstæður leyfðu. Bátar þessir voru ekki teknir á leigu né á neinn hátt tengdir Hafrannsóknastofnuninni

umfram það, sem áður er sagt. Hér var um að ræða greiðasemi tveggja útgerðarmanna við Hafrannsóknastofnunina. Vegna þess áhuga, sem vitað var, að Hafrannsóknastofnunin hafði á þessum veiðum, og skipstjóra var vitaskuld kunnugt um vegna veru rannsóknamannsins um borð, efast ég að sínu leyti ekki um réttmæti framburðar skipstjóra ... um ástæður þess, að hann hóf veiðar innan markanna, sérstaklega með tilliti til þess orðróms, sem fór af veiðum innan landhelgi á þessu svæði og áður er vikið að. Framburður rannsóknamannsins ... virðist mér styrkja þetta álit, enda kom fram, að smáfiskur veiddist vart utan línu, en ástæða til að ætla, að hann væri nær landi og þá veiddur innan landhelgi, eins og kvartað hafði verið um. Þannig kann vera rannsóknamannsins um borð að hafa verkað óbeint hvetjandi í þá átt að afla sýnishorna af smáfiski, þótt hann hafi alls ekki með orðum né gerðum hvatt til landhelgisbrots, enda kemur það skýrt fram í málsskjölum".

Í sama bréfi er þeirri spurningu saksóknara, með hvaða hætti starfsmaður stofnunarinnar hafi reynt að fá opinbert leyfi til veiða innan fiskveiðimarka, svarað svo:

„... Rannsóknamaðurinn reyndi að fá opinbert leyfi til að veiða innan landhelgi á þann hátt að hafa talsamband við mig. Ég tjáði honum, að ég teldi ekki rétt að sækja um slíkt leyfi, enda var þá ekki vitað, að smáfiskurinn héldi sig svo mjög innan marka landhelginnar eins og í ljós kom, sbr. umsögn rannsóknamannsins .... Er líklegt, að ég hefði sótt um slíkt leyfi til skamms tíma, ef vitað hefði verið fyrir um útbreiðslusvæði og dreifingu fisksins. Samt er reglan sú, að ekki er sótt um leyfi til landhelgisveiða nema til skipa, er Hafrannsóknastofnunin hefur umráð yfir, en þó er út af því brugðið, þyki sérstök ástæða til."

Leitt er í ljós, að hinn 1. ágúst 1972 beindi sjávarútvegsráðuneytið þeim tilmælum til skipstjóra allra togbáta, „að þeir stundi veiðar sínar utan 8 sjómílna marka frá grunnlínu á svæðinu frá Dyrhólaey austur að Kambanesi", og er

þess getið, að tilmælin séu sett fram „til verndunar smáýsu".

Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir starfsmanna Landhelgisgæzlunnar, þær er greinir í gögnum máls þessa og lýst er í héraðsdómi. Í greinargerð skólastjórans, sem dagsett er 9. apríl 1973, segir svo: „Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 30 staðarákvarðanir gæzluflugvélarinnar TF-SÝR, eins og um getur í hæstaréttarmálinu nr. 39/1973: Ákæruvaldið gegn Ásmundi Jóhannssyni, skipstjóra á m/b Ársæli Sigurðssyni, GK 320. Á kortinu eru:

A = staður bátsins kl. 0848 h. 18/8 '72 samkv. tímamælingu flugvélarinnar. Staður **A** mælist um 1.9 sjóm. frá landi eða um 1.1 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 0902 samkv. tímamæilingu flugvélarinnar. Staður **B** mælist um 2.65 sjóm. frá landi eða um 0,35 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Hraði bátsins milli mælistaða reiknast mér um 4.1 sjóm.

Hvað snertir fjalægðarákvarðanirnar, sem gerðar eru með flugtíma og flughraða, tel ég, að sannreyna hefði átt þessa aðferð með því að fljúga nokkrum sinnum milli þekktra punkta og athuga, hvernig flugtími og hraði kom heim við fjarlægðina milli punktanna.

Miðað við stefnurnar 305° og 320° og vind SV-3 ættu áhrif vindsins á hraða flugvélarinnar að hafa verið lítil."

Fallast ber á mat héraðsdóms um, að ákærði hafi gerzt sekur um fiskveiðibrot það, er hann er sóttur til saka fyrir í ákæru. Eigi verður talið, að háttsemi hans réttlætist af afsakanlegum misskilningi á lagareglum, sbr. 3. tl. 1. málsgr. 74. gr. almennra hegningarlaga. Ber að refsa ákærða samkvæmt 1. málsgr. 4. gr., nú 8. gr., sbr. 7. gr., nú 11. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1972, sbr. einnig lög nr. 89/1971, 1. gr., og síðar lög nr. 101/1972, 5. gr., og nú bráðabirgðalög nr. 74/1973, 1. gr. Reglugerð nr. 3/1961, sem greind er í ákæruskjali, féll úr gildi 1. september 1972, og leysti reglugerð nr. 189/1972 hana af hólmi.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 24. september 1973, jafngilda 100 gullkrónur 5.089.50 seðlakrónum. Stærð skips ákærða er rétt greind í héraðsdómi.

Samkvamt framangreindum refsiákvæðum, sbr. lög nr. 4/1924, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, svo og málskostnaðarákvæði dómsins.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ásmundur Jóhannsson, greiði 60.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, skulu óröskuð svo og málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. ágúst 1972.

Árið 1972, mánudaginn 21. ágúst, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var í dómsal embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni ásamt meðdómsmönnunum Árna Sigurðssyni og Þorsteini Einarssyni, fyrrverandi skipstjórum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 758/1972: Ákæruvaldið gegn Ásmundi Jóhannssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Ásmundi Jóhannssyni, Vörum, Grindavík, skipstjóra á vélskipinu Ársæli Sigurðssyni, GK 320, sem er 195 brúttó rúmlestir, fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu nr. 62/1967, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 89/1971, og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961 með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndu skipi föstudagsmorguninn 18. ágúst 1972 við Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. nefndrar reglugerðar nr. 3/1961, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum C 1 og C 2 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærist því nefndur Ásmundur Jóhannsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds skips og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 9. maí 1942 á Siglufirði, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1959 21/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1962 9/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: Varðhald í 10 daga, sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins, fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum.
1962 8/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 14/6 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 7., sbr. 78. gr. lögreglusamþykktar.
1965 29/6 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 19/8 á Seyðisfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 1/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 18. ágúst 1972 var flugvél Landhelgisgæslunnar, TF SÝR, í gæzluflugi við SA land, er m/b Ársæll Sigurðsson, GK 320, var staðinn að ólöglegum veiðum innan þriggja mílna fiskveiðitakmarkanna út af Ingólfshöfða. Nánar segir svo um þetta í skýrslu skipherrans á varðskipinu, Ólafs V. Sigurðssonar, að „kl. 0848 var flogið yfir bátinn með stefnu á Ingólfshöfðavita. Togvírar sáust í blökk stb.-megin. Flugstefna var rv. 305°, flughraði

130 sml., flughæð 200 fet, flugtími 52 sek. Gefur það stað bátsins um 1,9 sml. frá landi.

Kl. 0855 var flogið yfir GK-320 og voru togvírar í blökk.

Kl. 0902 var flogið yfir bátinn með stefnu á Ingólfshöfðavita. Flugstefna rv. 320°, flughraði 130 sml., flughæð 500 fet, flugtími 73,5 sek. Togvírar eru þá enn í blökk.

Gefur það stað bátsins um 2,65 sml. frá landi.

Kl. 0917 var enn flogið yfir bátinn, og togaði hann þá enn með stefnu frá landi.

Flugtími var mældur samtímis með þremur skeiðklukkum af skipherra, stýrimanni og flugmanni, og bar þeim saman.

Skipherra las af flugmælum með flugmönnum, sem einnig gáfu merki, þegar flogið var yfir mælingastaði. Vindur var SV 3, sjólítið, skýjað."

Þeir Ólafur V. Sigurðsson skipherra, Hermann Sigurðsson stýrimaður og Páll Halldórsson, flugmaður á flugvél Landhelgisgæzlunnar, TF SÝR, hafa allir komið hér fyrir dóm og borið um efni skýrslunnar, og staðfestu þeir framburði sína með eiði.

Kom þar fram, að mælingin hafði farið þannig fram, að er flugvélin var beint yfir m/b Ársæli Sigurðssyni með stefnu á Ingólfshöfðavita, voru þrjár skeiðklukkur settar í gang samtímis og þær stöðvaðar samtímis, um leið og flugvélin var yfir Ingólfshöfðavita. Fjarlægð bátsins frá landi svo fundin út með hlutfallsreikningi, þ. e. flugtími miðaður við flughraða á klst.

Seinni mælingin fór eins fram.

Öllum ber þeim saman um að hafa séð skipið á ferð með togvíra í sjó, og sáu þeir allir einkennisstafi bátsins. Þeim ber og saman um, að skeiðklukkurnar hafi allar sýnt sama tíma, er þær voru stöðvaðar.

Flugmaður kvað hafa verið haldið jöfnum hraða á leiðinni frá bátnum að vitanum á Ingólfshöfða og vindur ekki verið það mikill og staðið á hlið flugvélarinnar, þannig að hann hefði ekki haft áhrif á hraðann.

Ákærði hefur viðurkennt hér fyrir dómi að hafa verið að veiðum innan þriggja mílna fiskveiðitakmarkanna. Kvaðst hann hafa verið föstudaginn 18. ágúst s.l. á veiðum með m/b Ársæl Sigurðsson, GK 320, út af Ingólfshöfða og laust fyrir kl. 0700 kastað um 4 mílur utan við Ingólfshöfða og togað að landi, þar til hann var um 1 mílu frá austurhorni höfðans, en þá snúið við og togað aftur út frá landi og verið á útleið frá landinu, þegar flugvél

Landhelgisgæzlunnar hafi komið og sveimað yfir þeim og hann gert sér grein fyrir því, að verið var að staðsetja bátinn vegna meintrar ólöglegrar veiði í landhelgi. Hann hafi samt haldið áfram að toga, þar til hann hafi verið kominn að 4 mílna mörkunum, en þá hafi hann hífт og upp komið um ½ lest af ufsa. Ákærði vefengir ekki mælingar Landhelgisgæzlunnar, en útsettan stað bátsins á sjókort samkvæmt seinni mælingunni kvað hann þó vart fá staðizt, þar sem á þeim stað sé hraunbotn og útilokað hafi verið fyrir hann að toga þar, með því að botnvarpan hafi verið með fótreipi, en ekki bobbingum.

Ástæðuna fyrir veiðum sínum innan þriggja mílna markanna kvað ákærði þá, að hann hefði viljað sýna fram á, að ekki væri meira um smáfisk á veiðisvæðinu frá 4 sjómílna landhelgislínunni að 8 mílna línunni. Hann sagði því hafa verið haldið fram, að mikið væri um smáfiskadráp á þessu svæði, og þeim tilmælum verið beint til skipstjóra að halda sig utan 8 sjómílna markanna.

Um borð í báti hans hafi í þessari veiðiferð verið starfsmaður Hafrannsóknastofnunarinnar, sem átt hafi að fylgjast með, hvort mikið væri um veiði á smáýsu.

Til að sýna starfsmanni Hafrannsóknastofnunarinnar fram á, að ákærði hafi ekki verið með hann á veiðisvæðum, þar sem lítið væri um smáfisk, svo og vegna þess, að starfsmaðurinn hafi haft áhuga á, að veitt yrði innan markanna til að kanna, hvað kæmi úr vörpunni þar, kveðst ákærði hafa farið inn fyrir, svo að hann kæmist að raun um, að ekki væri meira af smáfiski þar. Ákærði kvað starfsmanninn ekki hafa hvatt sig til að fara inn fyrir. Hann hafi leitað leyfis opinberra aðilja til þess að fá að fara inn fyrir, og var ákærða ljóst, að hann hafði ekki fengið leyfið.

Starfsmaðurinn hefur hér fyrir dómi staðfest frásögn ákærða um þetta atriði.

M/b Ársæll Sigurðsson er 195 brúttósmálestir að stærð.

Með framburði ákærða, vætti skipherrans og annarra af áhöfn TF SÝR svo og með framlögðu sjókorti er nægilega sannað, að ákærði var að ólöglegum veiðum innan leyfðra veiðimarka í umrætt sinn, eða innan þriggja mílna landhelginnar.

Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við þau laga- og reglugerðarákvæði um veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem um getur í ákæruskjali.

Refsing hans þykir samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7. gr., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. laga nr. 21/1969, og með tilliti til núverandi gullgengis ísenzkrar krónu og stærð-

ar bátsins m/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, hæfilega ákveðin 60.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri m/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, í veiðiferð frá 11.—19. ágúst 1972, þar með taldir dragstrengir, svo og afli í þessari veiðiferð ber að gera upptæk til sama sjóðs, en þau voru metin á samtals kr. 197.278.00.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ásmundur Jóhannsson, greiði krónur 60.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli í veiðiferð m/b Ársæls Sigurðssonar, GK 320, 11.—19. ágúst 1972 skulu upptæk vera til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. september 1973.

Nr. 133/1973: **Jóhanna Jónsdóttir**
Ármann Magnússon
Sigurður H. Magnússon
Svavar Magnússon
Jóna G. Magnúsdóttir
Jón H. Magnússon
Kristín Þórarinsdóttir
Björn Magnússon
Magnús J. Magnússon
Kristófer Magnússon og
Bjarni Valdimarsson
gegn
Önnu Magnúsdóttur og
Einari Magnússyni
f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Rúnar Guðjónsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Með kæru 3. september 1973, sem barst Hæstarétti 21. s. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð aukadómþings Rangárvallasýslu 1. ágúst þ. á., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um frest. Sóknaraðiljar krefjast þess, að úrskurðinum sé breytt og þeim veittur umbeðinn frestur. Varnaraðiljar krefjast þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Lagaheimild skortir til kæru máls þessa, sbr. 1. tölulið 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar greiði varnaraðiljum óskipt kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Kæra þessi er ófyrirsynju.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar, Jóhanna Jónsdóttir, Ármann Magnússon, Sigurður H. Magnússon, Svavar Magnússon, Jóna G. Magnúsdóttir, Jón H. Magnússon, Kristín Þórarinsdóttir, Björn Magnússon, Magnús J. Magnússon, Kristófer Magnússon og Bjarni Valdimarsson, greiði óskipt varnaraðiljum, Önnu Magnúsdóttur og Einari Magnússyni f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, kærumálskostnað, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Rangárvallasýslu 1. ágúst 1973.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. júlí s.l., er höfðað fyrir aukadómþinginu af Önnu Magnúsdóttur og Einari Magnússyni f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, Leirubakka í Landmannahreppi, gegn Jóhönnu Jónsdóttur, Ármanni Magnússyni, Sigurði H. Magnússyni, Svavari Magnússyni, Jónu G. Magnúsdóttur, Jóni H. Magnússyni, Kristínu Þórarinsdóttur, Birni Magnússyni, Magnúsi J. Magnússyni, Kristófer Magnússyni og Bjarna Valdimarssyni með stefnu, útgefinni 4. janúar 1973.

Kröfur stefnenda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að ½ jörðin Leirubakkahóll í Landmannahreppi ásamt gögnum og gæðum, sem jarðarhlutanum fylgja og ber að fylgja, sé eign dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, sem nú er undir opinberum skiptum, að viðurkennt verði með dómi, að taka beri til greina kröfu stefnenda fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu um, að jarðarhlutinn verði skrifaður upp og virtur sem eign dánarbúsins, og loks, að stefndu verði „in solidum" dæmd til að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu.

Í þinghaldi 4. júlí s.l. lýsti lögmaður stefnenda því yfir, að gagnaöflun af sinni hálfu væri lokið, eins og málinu væri nú háttað.

Lögmaður stefndu lýsti því hins vegar yfir, að hann teldi

gagnöflun ekki lokið, og krafðist frests til frekari gagnaöflunar.

Lögmaður stefnenda synjaði um frestinn fyrir sitt leyti og tók fram í því sambandi, að kröfur lögmanns stefndu um vettvangsgöngu í málinu væru með öllu löglausar og eigi þar ekki heima, og að því er snertir kröfu hans um frestun málsins til þess að leiða aðilja fyrir dóm, þá telur lögmaðurinn, að lögmaður stefndu hafi haft meira en nægilega fresti til þess að leiða aðilja sína fyrir dóm eða að leggja fram skriflegar skýrslur þeirra. Einnig gæti sá aðili, sem mættur var í þinghaldinu, komið skýrslu sinni að, áður en munnlegur flutningur færi fram.

Lögmaður stefndu óskaði þess, að málinu væri frestað í tvo mánuði, þar sem hann teldi nauðsynlegt, að farið væri á vettvang og stefnendurnir Anna Magnúsdóttir og Einar Magnússon bendi á mörk í túni á þeirri spildu, sem þau telja ekki selda Bjarna Valdimarssyni, og hús, sem ekki eru seld að þeirra áliti. Einnig taldi hann nauðsynlegt, að stefnendur og Bjarni Valdimarsson verði samprófuð. Líka óskar lögmaður stefndu, að þau Svavar Magnússon, Ármann Magnússon og Jón Magnússon komi fyrir dóm.

Að öðru leyti eru málavextir þeir samkvæmt stefnu og öðrum gögnum málsins, að með úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 18. janúar 1972, var ákveðið, að opinber skipti skyldu fara fram í dánarbúi Magnúsar Sigurðssonar, Leirubakka. Af hálfu stefnenda, sem eru erfingjar í dánarbúinu, var því lýst yfir á skiptafundum í búinu 31. maí og 12. júní 1972, að þau teldu, að ½ jörðin Leirubakkahóll væri eign búsins. Var þar átt við þann helming jarðarinnar, sem föðurfaðir þeirra, Sigurður Magnússon, átti og bjó á. Aðrir erfingjar og Bjarni Valdimarsson andmæltu þessu, og Bjarni taldi sig hafa eignast jörðina með samningi.

Dánarbú Magnúsar Sigurðssonar var skrifað upp 2. maí 1970 af hreppstjóra Landmannahrepps ásamt virðingarmanni. Jóhanna Jónsdóttir, ekkja Magnúsar, og Jón, sonur hans, sögðu til eigna búsins, og var þar uppskrifuð og metin jörðin Leirubakki með Hóli og húsi á Leirubakka auk annarra eigna búsins. Með umboði, dags. 14. maí 1970, veittu erfingjar Jóhönnu umboð til þess að selja Bjarna Valdimarssyni á Selfossi jörðina Leirubakka ásamt húsum, rafstöð og öðrum hlutum, sem tilgreindir voru í skjali, sem fylgdi. Kaupsamningur var síðan gerður 15. maí 1970, en afsal gefið út 25. nóvember 1970. Í kaupsamningi var bætt við ofan línu með bleki „og Hól", en í afsalinu er aðeins tilgreind

sala á Leirubakka, eins og í umboðinu. Með bréfi, dags. 14. nóv. 1970, til Jóhönnu Jónsdóttur mótmæltu systkinin Einar Magnússon og Anna Magnúsdóttir sölu á Leirubakkahóli með Leirubakka með þeim rökstuðningi, að Jóhanna hefði farið út fyrir umboð það, sem erfingjarnir veittu henni til sölu á Leirubakka. Það hefði aðeins náð til Leirubakkans. Dánarbúið hefði aldrei átt nema ½ Leirubakkahól og hefði sá jarðarhluti ekki átt að vera innifalinn í sölunni. Hinir erfingjarnir hafa ekki viljað fallast á þetta og haldið því fram, að árið 1935 hafi Leirubakkahóll verið lagður undir Leirubakkann og síðan verið hluti af honum. Öll hús á Hólnum hefðu þá verið rifin og girðingar teknar niður og jarðirnar síðan verið nefndar Leirubakki.

Aðrir erfingjar búsins en Anna Magnúsdóttir og Einar Magnússon hafa lagt fram yfirlýsingu (dmskj. nr. 8) þess efnis, að í umboði til Jóhönnu um sölu á Leirubakka hafi einnig falizt heimild hennar til að selja Leirubakkahól, sakir þess að jarðirnar hefðu fyrir löngu verið sameinaðar undir heitinu Leirubakki. Það er þó vitanlegt, að í fasteignamatsbók og veðmálabókum sýslumannsembættisins í Rangárvallasýslu eru þessar jarðir aðgreindar.

Mál þetta var þingfest 22. janúar s.l., og hefur síðan verið þingað í því 6 sinnum, síðast 4. júlí s.l. Þá lýsti lögmaður stefnenda því yfir, að af sinni hálfu væri gagnaöflun lokið, en lögmaður stefndu kvað hins vegar gagnaöflun ekki lokið af sinni hálfu og óskaði eftir 2ja mánaða fresti, en gagnaðili neitaði, og var þetta atriði þá tekið til úrskurðar. Lögmenn aðilja höfðu einnig í þinghaldi 29. marz s.l. haft frammi sams konar yfirlýsingar.

Í málinu hafa stefnendur og Bjarni Valdimarsson, kaupandi Leirubakka, komið fyrir aukadómþingið og gefið skýrslu, og í skiptarétti hafa fimm hinna stefndu gefið skýrslu í málinu, sjá dmskj. nr. 19. Lögmanni stefndu gafst þá færi á því að leggja spurningar fyrir stefnendur. Lögmaður stefndu hefur síðan 29. marz s.l. til 4. júlí s.l. fengið fjóra fresti til gagnaöflunar og vitnaleiðslna, og verður dómarinn að telja, að sá tími hefði átt að nægja til þess að ljúka gagnasöfnun, og verður því með tilliti til þess og andmæla lögmanns stefnenda, enda er hér ekki um vettvangsmál að ræða, að synja um frekari frest í máli þessu.

Því úrskurðast:

Krafa Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns um framhaldsfrest verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 26. september 1973.

Nr. 115/1973: **Svavar Antoníusson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. júní 1973, sem barst Hæstarétti 30. júlí s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst sóknaraðili þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða frávísunardóms og að kærumálskostnaður verði felldur niður.

Með skírskotun til hins kærða dóms ber að staðfesta hann, sbr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949.

Kærumálskotnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1973.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með sáttakæru, birtri 5. október 1971, á hendur ríkissjóði. Stefna í máli þessu er birt 17. október 1972 og 24. október sama ár. Að tilhlutan dómara fór munnlegur málflutningur fram um formhlið 29. maí s.l. Að svo búnu var mál þetta tekið til dóms eða úrskurðar.

Stefnandi máls þessa er Svavar Antoníusson, Bárustíg 5, Vestmannaeyjum. Stefndu eru fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Ís-

lands og Jóhann Salberg Guðmundsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki og sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, persónulega.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur í efnishlið máls þessa, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 1.126.789.50 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. maí 1971 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál. Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaðarkrafa á hendur stefnanda hefur ekki verið gerð.

Eins og áður greinir, fjallar sá þáttur málsins, sem hér er til úrlausnar, um formhlið. Eins og mál þetta er vaxið, þótti dómara rétt að láta þennan þátt málsins koma strax til sérstakrar rannsóknar, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936, enda þótt krafa hefði ekki komið fram í þá átt.

Stefnandi hefur andmælt því, að mál þetta eigi að sæta frávísun, en stefndu hafa engar kröfur gert af þessu tilefni.

Með bréfi dómsmálaráðherra 16. ágúst 1972 var stefnanda veitt gjafsókn til höfðunar máls þessa.

Sátt hefur þegar verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur engan árangur borið.

2.0.

2.1. Upphaf máls þessa er það, að stefnandi máls þessa, Svavar Antoníusson, hafði selt Guðmundi Þórðarsyni, Skagfirðingabraut 35, Sauðárkróki, vélbátinn Gullbjörgu, VE 89, með afsali 5. júlí 1965. Til tryggingar eftirstöðvum kaupverðsins hafði stefnandi m. a. fengið skuldabréf, 3 talsins, útgefin 5. júlí 1965 af Guðmundi Þórðarsyni til handhafa að fjárhæð kr. 458.923.00 og tryggð m. a. í síldar- og fiskimjölsverksmiðju Guðmundar Þórðarsonar á Sauðárkróki. Einnig átti stefnandi aðrar kröfur á hendur Guðmundi. Voru skuldir þessar gjaldfallnar en ógreiddar.

Af skjölum málsins verður séð, að 9. október 1967 var uppboðsþing Sauðárkróks sett á Sauðárkróki og haldið af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta. Var þar tekið fyrir uppboðsmálið nr. 7/1967, nauðungaruppboð á hraðfrystihúsi, fiskimjölsverksmiðju og fiskmóttökuhúsi, sem talin voru eign Guðmundar Þórðarsonar, Sauðárkróki. Uppboðsmál þetta, sem tekið var þarna fyrir fyrsta sinni, hefur orðið tilefni til deilumáls þess, sem hér er rekið fyrir bæjarþinginu. Uppboðsbeiðandi í nefndu uppboðsréttarmáli var m. a. stefnandi máls þessa, Svavar Antoníusson.

Verður nú ekki frekar rakinn gangur uppboðsréttarmáls þessa, en þingað var í því nokkrum sinnum til 28. febrúar 1968, þegar m. a. var tekið fyrir að halda nauðungaruppboð á fiskimjölsverksmiðju uppboðsþola, Guðmundar Þórðarsonar, ásamt vélum og öðru tilheyrandi. Er þá m. a. bókað: „Fyrir ríkissjóð og atvinnuleysistryggingasjóð sækir þing Ragnar Pálsson bankastjóri, fyrir Fiskimálasjóð o. fl. kröfuhafa sækir þing Halldór Þ. Jónsson fyrir Jón Hjaltason hrl. vegna Svavars Antoníussonar o. fl., svo og fyrir Mími h. f., Fiskiðju Sauðárkróks h. f. og Kaupfélag Skagfirðinga sækir þing Árni Þorbjörnsson hdl. og ennfremur fyrir Lýsi og Mjöl h. f., Hafnarf., og Inga Ingimundarsonar hrl. sækir þing Árni Þorbjörnsson hdl., fyrir bæjarsjóð Sauðárkróks og Brunabótafélags Íslands sækir þing Hákon Torfason bæjarstjóri. Fyrir uppboðsþola Guðmund Þórðarson, sem er fjarverandi sökum veikinda, sækir þing að ósk hans Erlendur Hansen rafvirki. ... uppboð þetta hefur verið auglýst í dagblaði og með uppfestum auglýsingum hér á staðnum. Hefur uppboðið fengið löglegan undirbúning og verður því látið fram fara, enda engum mótmælum gegn því hreyft. Þar sem eignirnar hraðfrystihús með áföstu fiskmóttökuhúsi annars vegar og fiskimjölsverksmiðja hins vegar eru sérskildar í veðmálaregistri og veðbönd á þeim eru eigi hin sömu, þykir rétt að láta uppboð um eignir þessar fara fram sitt í hvoru lagi, og er það samþykkt að viðstöddum umboðsmönnum.

Fór uppboðið síðan þannig fram ... II. Fiskimjölsverksmiðja með vélum og öðru tilheyrandi ... Halldór Þ. Jónsson f. h. Fiskimálasjóðs býður kr. 2.550.000.00.

Árni Þorbjörnsson býður fyrir sömu aðila og áður kr. 2.255.000.00 og krefst útlagningar (til Svavars Antoníussonar).

Fleiri boð voru ekki gerð. Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að samþykkja boðið.

Umboðsmaður uppboðsþola óskar, að annað og síðasta uppboð á eigninni verði látið fara fram."

Miðvikudaginn 6. marz 1968 tók Jóhann Salberg Guðmundsson bæjarfógeti fyrir á ný framangreint uppboðsmál. Fór þá fram annað og síðasta uppboð. Er þá m.a. bókað:

„II. fiskimjölsverksmiðja með vélum og öðru tilheyrandi.

Ragnar Pálsson f. h. Árna Þorbjörnssonar vegna Svavars Antoníussonar, Vestmannaeyjum, ítrekar boð gert á uppboðsþingi 28. f. m. kr. 2.555.000.00 og krefst útlagningar.

Halldór Þ. Jónsson f. h. Fiskimálasjóðs býður kr. 2.560.000.00.

Ragnar býður f. h. sömu aðila og að framan greinir kr. 2.600.-

000.00 og krefst útlagningar. Fleiri boð voru ekki gerð. Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til þess að samþykkja boð."

Föstudaginn 17. maí 1968 var uppboðsmál þetta enn tekið fyrir af sama bæjarfógeta. Er þá m. a. bókað:

„Fyrir var tekið uppboðsmál nr. 7/1967 framhald nauðungaruppboðs á fiskimjölsverksmiðju Guðmundar Þórðarsonar á Sauðárkróki.

Skjöl málsins nr. 1—59 liggja frammi í þinginu.

Uppboðshaldari lagði fram nr. 60 símskeyti frá Guðmundi Péturssyni hrl., nr. 61 símskeyti frá Fiskimálasjóði, nr. 62 símskeyti frá fjármálaráðuneytinu ... Samkvæmt framangreindum nú framlögðum skjölum þykir rétt að samþykkja frest til samþykkis á uppboðinu til 31. maí n.k."

Símskeyti þau, sem til er vitnað í þinghaldinu, fjalla um samþykki á fresti til uppgjörs til handa hæstbjóðanda, Svavari Antoníussyni, og að hans beiðni.

Málið var síðan tekið fyrir föstudaginn 31. maí 1968 og frestað í sama skyni til 12. júní 1968, og þá er m. a. bókað:

„... á uppboðsþinginu er staddur Árni Þorbjörnsson hdl. vegna Svavars Antoníussonar, sem er hæstbjóðandi í eignina. Óskar hann framlengingar til samþykkis boða til 31. ágúst n.k.

Þar sem fyrir liggur samþykki næstbjóðanda Fiskimálasjóðs og fjármálaráðuneytisins til þess frests, sem um er beðið, ákvað uppboðshaldari að veita frest í þessu skyni til laugardagsins 31. ágústmánaðar n.k. kl. 10 f. h., og verður þá málið tekið fyrir á sama stað."

Af skjölum málsins verður ekki séð, að uppboðsmál þetta hafi verið tekið fyrir fyrr en miðvikudaginn 14. maí 1969. Þá er m. a. bókað:

„... nauðungaruppboð á eign þessari fór fram 6. marz 1968. Hæsta boð í hana átti Svavar Antoníusson útgerðarmaður, Vestmannaeyjum, kr. 2.600.000.00, en næsta boð átti Fiskimálasjóður, kr. 2.560.000.00. Hæstbjóðandi fékk nokkrum sinnum framlengdan frest til samþykkis á boði hans, en næstbjóðandi samþykkti að standa við boð sitt, meðan frestur stæði yfir, ýmist með símskeytum eða í símtölum við uppboðshaldara. Nú hefur hæstbjóðandi eigi staðið við boð sitt, og er langt liðið fram yfir veittan frest. Þótti sýnt, að hæstbjóðandi stæði eigi við boðið. Hins vegar hefur næstbjóðandi, Fiskimálasjóður, lýst yfir því, að hann standi við boð sitt kr. 2.560.000.00. Er staddur á uppboðsþinginu umboðsmaður Fiskimálasjóðs, Halldór Þ. Jónsson hdl.,

og staðfestir hann framanritað og óskar samþykkis á boði sjóðsins, enda muni sjóðurinn standa við allar greiðslur og skyldur skv. uppboðsskilmálum. Jafnframt krefst umboðsmaður Fiskimálasjóðs útlagningar eignarinnar sjóðnum til handa upp í ófullnægðar veðkröfur.

Uppboðshaldari samþykkti téð boð Fiskimálasjóðs, og verður útlagning til sjóðsins gerð síðar."

Málið var enn tekið fyrir í uppboðsrétti þriðjudaginn 1. júní 1969. Er skemmst af því að segja, að í þinghaldi á þessum degi var Fikimálasjóði lögð út umrædd fiskimjölsverksmiðja til eignar upp í ófullnægða veðkröfu hans.

Í söknarskjölum segir, að þar sem stefnandi hafi ekki ætlað að eiga eða reka umrædda fiskimjölsverksmiðju, hafi hann notað frestinn í uppboðsmálinu til þess að athuga söluhorfur á eignunum og í apríl 1970 hafi svo verið komið, að stefnandi hafi haft líklegan kaupanda að vélum í frystihúsinu. Hafi hann þá frétt það á skotspónum, að Fiskimálasjóður mundi hafa ráðstafað þessum vélum úr síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni suður til Keflavíkur. Kveðst stefnandi þegar hafa hafizt handa til að afla dómsgerða af uppboðsmálinu, þar sem Fiskimálasjóður hefði í símtali greint frá því, að hann hefði í júlí 1969 leyst til sín eignirnar á uppboði. Afgreiðsla dómsgerða hafi dregizt og ekki fengizt fyrr en dómsmálaráðuneytið hafði veitt aðstoð sína í þessu efni. Þann 18. desember 1970 hafi dómsgerðir loks verið afgreiddar, en þá hafi allir frestir til áfrýjunar verið liðnir og leyfi ekki fengizt til áfrýjunar. Ljóst er af gögnum málsins, að stefnandi málsins óskaði eftir því með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. desember 1970, að leyfi yrði veitt til áfrýjunar greinds uppboðsmáls. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 30. desember 1970 var þeirri umsókn synjað á þeim grundvelli, að dómsmálaráðherra gæti aðeins veitt leyfi til áfrýjunar á næstu þremur mánuðum frá lokun dómsathafnar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Stefnandi ítrekar þessa beiðni sína með bréfi, dags. 7. janúar 1971. Svarbréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er dags. 9. marz 1971. Taldi það sem fyrr lagaheimild bresta til að veita leyfi til áfrýjunar fyrrgreinds uppboðsmáls.

Sem röksemdir í efnishlið málsins hefur stefnandi einkum bent á, að hann hafi verið hæstbjóðandi í umræddar eignir á uppboðsþingi 28. febrúar 1968. Málinu hafi verið frestað með samþykki allra aðilja til að ganga endanlega frá tilboði stefnanda. Síðast hafi verið gengið frá slíku samþykki frá veðhöfum 12. júní 1968,

sem þá hafi verið síðasta löglega fyrirtaka uppboðsmálsins. Uppboðsmálið hafi ekki komið fyrir þann 31. ágúst 1968, þótt það hafi verið ákveðið í þinghaldi fyrirfram. Stefnandi hafi verið í þeirri góðu trú, að uppboðsmálið hvíldi, unz honum yrði gert aðvart um fyrirtöku. Síðan hafi uppboðsmálið verið tekið fyrir 14. maí 1969, án þess að stefnandi vissi, og eignirnar lagðar út til handa Fiskimálasjóði sem ófullnægðum veðhafa. Ekki hafi stefnanda heldur verið boðin endurgreiðsla á kr. 30.000.00, sem stefnandi hafi greitt í uppboðskostnað til bæjarfógeta til staðfestu á boði sínu í eignirnar hinn 6. apríl 1968.

Í annan stað eru kröfur stefnanda á því reistar, að bæjarfógetinn á Sauðárkróki og sýslumaður Skagafjarðarsýslu, Jóhann Salberg Guðmundsson, hafi dregið að afgreiða dómsgerðir til stefnanda frá því í apríl 1970 og þar til í desember sama ár og með því girt fyrir sjálfstæða áfrýjun uppboðsgerðarinnar.

Telur stefnandi tvímælalaust, að stefndi beri ábyrgð á þessari ólögmætu meðferð.

Stefnandi telur, að hefði hann fengið eignina útlagða sem ófullnægður veðhafi, hefði hann þar með sloppið skaðlaus frá viðskiptunum við Guðmund Þórðarson. Dómkröfur í máli þessu eru því miðaðar við fjárhæðir þeirra krafna, sem stefnandi telur sig hafa átt hjá Guðmundi Þórðarsyni ásamt vöxtum ásamt þeim fyrrgreindu kr. 30.000.00, sem stefnandi telur sig hafa greitt bæjarfógetanum á Sauðárkróki í sambandi við uppboðsmálið.

Annars hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína þannig:

1.	Víxill við Útvegsbanka Íslands, sem Guðmundur hafði lofað að taka að sér undir 3. tölulið afsals, dags. 5. júlí 1965, kr. 80.000.00, dráttarvextir frá þeim tíma til 1. maí 1971, kr. 56.000.00, eða samtals	kr. 136.000.00
2.	Víxill pr. 1. október 1965, kr. 100.000.00 undir 5. lið tilvitnaðs afsals auk dráttarvaxta kr. 70.000.00 til 1. maí 1971 og málskostnaður, kr. 14.935.00	— 184.935.00
3.	Veðskuldabréf samkvæmt 6. tölulið afsalsins, kr. 458.923.00 auk 7% ársvaxta eitt ár, verður kr. 491.047.60 auk dráttarvaxta 1% á mánuði frá 1. júlí 1966 til 1. maí 1971, þ. e. 4 ár og 10 mánuðir, kr. 284.806.90	— 775.854.50
4.	Greitt bæjarfógeta á Sauðárkróki með tékk-	

ávísun frá Jóni Hjaltasyni hæstaréttarlögmanni, dags. 6. apríl 1968, upp í uppboðskostnað til að festa boð	kr. 30.000.00
	Kr. 1.126.789.50

Stefndu telja málssóknina fjarstæðu og sérstaklega þó fjárhæð dómkröfu.

3.0.

3.1. Dómkrafa í málinu er höfð uppi óskipt á hendur stefndu, eins og fyrr greinir. Samkvæmt stefnu og öðrum sóknarskjölum verður málssóknin eigi skilin öðru vísi en svo, að hér sé í öllum tilvikum um að ræða skaðabótakröfu á hendur stefndu. Skaðabótakrafa þessi er á því reist, að bæjarfógeta á Sauðárkróki og sýslumanni í Skagafjarðarsýslu hafi orðið á mistök í meðferð uppboðsmálsins nr. 7/1967, sem varðaði nauðungaruppboð á hraðfrystihúsi, fiskimjölsverksmiðju og fiskmóttökuhúsi, allt eignir uppboðsþola, Guðmundar Þórðarsonar, að því er talið var. Hefur stefnandi vísað til upphafsákvæðis 34. gr. laga nr. 85/1936 kröfu sinni til stuðnings.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 verður ábyrgð á hendur héraðsdómara, en í þeirri tölu er uppboðshaldari í þessu tilviki, ekki komið fram með málssókn í héraði, svo sem máli þessu er háttað. Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna mistaka í dómaraverkum hlýtur einnig að byggjast á mati á þeim dómaraverkum. Slík úrlausn verður því heldur ekki fengin með málssókn í héraði, sbr. 2. mgr. 34. gr. fyrrgreindra laga.

Af þessum sökum ber að vísa máli þessu frá dómi í heild sinni, enda þótt krafa um það hafi ekki komið fram.

Gjafsóknarkostnaður til handa stefnanda er hæfilega ákveðinn kr. 65.000.00, þar af hljóti skipaður umboðsmaður stefnanda, Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000.00 í málssóknarlaun. Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Málskostnður milli aðilja á að falla niður.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður, kr. 65.000.00, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmað-

ur stefnanda, Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000.00 í málssóknarlaun. Framangreinda fjárhæð ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 29. september 1973.

Nr. 42/1972: **Sveinn Hjörleifsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Kristni Pálssyni f. h. eiganda og áhafnar m/b Bergs, VE 44, og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Björgun. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1972. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að honum verði gert að greiða mun lægri fjárhæð en í héraðsdómi greinir og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjendur hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu 20. marz 1972. Gera þeir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 1.837.350.00 með 8% ársvöxtum af kr. 1.930.430.00 frá 18. desember 1970 til 22. júlí 1971 og af kr. 1.837.350.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefjast þeir enn

fremur viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Kristbjörgu, VE 70, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Fyrir Hæstarétti hefur því verið lýst yfir, að eigandi m/b Bergs, VE 44, sé Bergur h/f í Vestmannaeyjum, og enn fremur að samkomulag sé um, að við það verði miðað í málinu, að verðmæti m/b Bergs hafi numið vátryggingarfjárhæð bátsins, kr. 12.249.000.00.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Er þeirra á meðal matsgerð skipstjóranna Jóns Björnssonar og Þorsteins Gíslasonar, en eftir uppsögu héraðsdóms voru þeir dómkvaddir að beiðni aðaláfrýjanda „til þess að kynna sér skjöl máls“ ... „og þá sérstaklega öll þau atriði, er varða útbúnað á skipinu Kristbjörgu, VE 70, eins og kemur fram í málsskjölum, að hann hafi verið hinn 18. des. 1970, er skipið lenti í erfiðleikum um 28 sjómílur frá Akrabergi við Færeyjar, og kynni sér veðurlag og annað, er hér getur skipt máli, og gefi síðan álit sitt um, hvort skipið hefði getað bjargazt af sjálfsdáðum til Íslands með þeim neyðarútbúnaði, sem fyrir hendi var á skipinu“.

Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, dags. 6. janúar 1973, segir svo:

„Eftir athugun á sjókortum, með tilliti til þekkingar og reynslu frá siglingaleiðum, sem um er fjallað, og eftir að hafa kynnt okkur nákvæmlega atvik og allar aðstæður, eins og lýst er í skjölum sjó- og verzlunardóms, þá álítum við:

1. Við álítum nær óhugsandi, að m/s Kristbjörg, VE 70, hefði getað bjargazt af sjálfsdáðum til Íslands við þær aðstæður, er fyrir lágu.
2. Með tilliti til öryggis skips og skipshafnar voru framkvæmdar björgunaraðgerðir hárréttar eins og málum var háttað.
3. M/s Kristbjörg var algjörlega stjórnlaus, bæði meðan stýrið var fast og eins eftir að það losnaði.

Á þessari stuttu leið veldur stýrið skemmdum á skipsskrúfunni, sem var látin snúast með lítilli stigningu (skurði).

Því getur enginn svarað, hvaða skaðar hefðu orðið á skipi eða skipsskrúfunni, ef reyna hefði átt að sigla alla leið til

Íslands með þeirri stigningu, sem þarf til að ná e.m. hraða. Eins var sama hætta á ferðum, þótt skipið hefði verið dregið, þar sem stýrið slóst laust.

Á skipi af þessari gerð verður engin sigling né stjórn framkvæmd með messansegli einu.

Efni til neyðarstýristilraunar virðist ekki vera til staðar annað en lestarhleri. Við nefndar aðstæður hefði slík tilraun verið óframkvæmanleg.

Af öryggisástæðum hefði verið óforsvaranlegt að taka hlera af lestarlúgu."

Samkvæmt gögnum máls var m/b Kristbjörg í 26—28 sjómílna fjarlægð frá Akrabergi, er stýri hennar varð óvirkt.

Telja verður, að svo sem háttað var bilun m/b Kristbjargar, útbúnaði bátsins, veðri og öðrum aðstæðum hafi m/b Bergur bjargað m/b Kristbjörgu, er hann dró hana til Þórshafnar í Færeyjum, sbr. 1. mgr. 199. gr. laga nr. 66/1963. Skerðir það ekki rétt gagnáfrýjanda til björgunarlauna, þótt sammæli hafi verið með skipstjórum bátanna um að hafa samband sín á milli á leið frá Þýzkalandi til Íslands.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega láta sitja við ákvörðun fjárhæðar björgunarlauna svo og um málskostnað.

Ekki verður ráðið af gögnum máls, að aðaláfrýjandi hafi andmælt vaxtakröfu gagnáfrýjenda fyrir héraðsdómi umfram það, sem leiddi af kröfugerð hans um sýknu sér til handa. Fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi ekki sérstaklega mótmælt vaxtakröfunni, þótt málsreifun af hendi gagnáfrýjenda veitti til þess brýnt tilefni. Verður vaxtakrafa gagnáfrýjenda samkvæmt þessu tekin til greina.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum kr. 110.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 eiga gagnáfrýjendur sjóveðrétt í m/b Kristbjörgu, VE 70, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sveinn Hjörleifsson, greiði gagnáfrýj-

endum, Kristni Pálssyni f. h. eiganda og áhafnar m/b Bergs, VE 44, kr. 1.050.000.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 1.143.080.00 frá 18. desember 1970 til 22. júlí 1971 og af kr. 1.050.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og samtals kr. 200.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur eiga sjóveðrétt í m/b Kristbjörgu, VE 70, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 24. janúar 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 18. desember s.l., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 11. ágúst 1971, af Kristni Pálssyni, skipstjóra og útgerðarmanni, Kirkjubæjarbraut 6, Vestmannaeyjum, f. h. eiganda og áhafnar m/b Bergs, VE 44, gegn eiganda og útgerðarmanni m/b Kristbjargar, VE 70, Sveini Hjörleifssyni, Höfðavegi 2, Vestmannaeyjum, og til réttargæzlu vátryggjanda m/b Kristbjargar, VE 70, Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja.

Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar sérstakar kröfur, og hefur hann engar kröfur haft uppi í máli þessu.

Á hendur aðalstefnda eru gerðar kröfur um björgunarlaun að fjárhæð kr. 1.837.350.00 með 8% ársvöxtum af kr. 1.930.430.00 frá 18. desember 1970 til 22. júlí 1971 og af kr. 1.837.350.00 frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málsvarnarlaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. Þá er krafizt sjóveðréttar í m/b Kristbjörgu, VE 70, fyrir stefnukröfunum.

Stefndi gerir þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður, en til vara, að honum verði gert að greiða mun lægri fjárhæð en í stefnu greinir og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að þann 18. desember 1970, er m/b Kristbjörg, VE 70, var á leið frá Þýzkalandi til Íslands og var stödd skammt undan Færeyjum, varð skipið fyrir bilun í stýri, og við athugun kom í ljós, að eigi mundi unnt að gera við bilunina

þarna. Var þá haft samband m/b Berg, VE 44, og beðið um, að skipið yrði dregið inn til Þórshafnar í Færeyjum. Er þetta gerðist, var m/b Kristbjörg, VE, um 28 sjómílur frá Akrabergi í Færeyjum, og var veðurhæð á þessum slóðum um 5—7 vindstig VSV, og gekk á með hryðjum.

M/b Bergur silgdi strax í áttina til m/b Kristbjargar og kom að skipinu um klukkan 2200. Var strax hafizt handa um að koma dráttartaug yfir í m/b Kristbjörgu, og gekk það vel. Var skipið síðan dregið í átt til Þórshafnar, og var afráðið að sigla fyrir Akraberg til að komast í skjól við eyjarnar. Fljótlega eftir að dráttur hófst, kom í ljós, að dráttartaugin var of stutt, og slitnaði hún. Var þá bætt við snurpuvír um 350 faðma löngum og hann hafður tvöfaldur og síðan bætt við dráttartaugina. Var síðan lónað í ANA undan vindi og sjó í stefnu vel lausa við Akraberg. Gekk drátturinn vel utan það, að einu sinni þurfti að stoppa til þess að toga dráttartaugina, sem var farin að gefa sig í kefanum á m/b Kristbjörgu.

Síðan var drættinum haldið áfram, unz komið var að skerjum beint út af suðuroddunum á Suðurey. Var það í þann mund, að rauða ljósið sást á vitanum á Akrabergi. Versnaði sjólag mjög þarna, og gerði m/b Bergur ekki betur en að halda í við veður og vind. Var þá aðeins bætt við vélarafl á m/b Bergi, og mjökuðust skipin hægt áfram, en eftir skamma stund slitnaði dráttartaugin, þar sem vírarnir höfðu verið settir saman. Rak nú m/b Kristbjörgu í áttina að landi, undan þungum straumi, en skipverjar beggja skipanna hófust handa við að koma tauginni aftur á milli skipanna. Tókst að koma vírunum á milli, og dró m/b Bergur m/b Kristbjörgu frá landinu, og síðan tókst að koma skipunum í skjól. Meðan reynt var að koma vírunum á milli, rak m/b Kristbjörgu sífellt nær landi og í átt að skerjum, er þarna eru. Á þessum tíma var sent út neyðarkall til annarra skipa, er voru á þessum slóðum, enda útlit fyrir, að m/b Kristbjörgu mundi reka upp þarna. Þá fékk m/b Bergur á sig töluverðan brotsjó, meðan á þessum aðgerðum stóð, og var dælt út olíu af skipinu — um tvö til þrjú þúsund lítrum — til þess að lægja sjóinn.

Eftir að skipin voru komin í meira skjól, var m/b Kristbjörg dregin áfram áleiðis til Þórshafnar, og gekk drátturinn stórslysalaust eftir þetta utan það, að dráttartaugin slitnaði einu sinni enn, en þá var tryggilega frá samskeytum gengið með því að hnýta fangalínunni þar um. Til Þórshafnar komu skipin um klukkan 1800 þann 19. desember.

Skipstjórinn á m/b Bergi, VE 44, Sævald Pálsson, hefur skýrt frá því fyrir dómi, að þegar dráttartaugin slitnaði milli skipanna skammt undan Akrabergi, hafi skipverjar hans lagt sig í töluverða hættu við að koma tauginni á milli skipanna. Um leið þá, er valin var í átt til Þórshafnar, sagði skipstjórinn, að hún hefði verið valin vegna þess, að hún lá beinast við og undan sjó og vindi. Varðandi það atriði, hvort m/b Kristbjörg hafi verið í bráðri hættu, þar sem m/b Bergur kom fyrst að skipinu, áleit skipstjórinn svo ekki vera, en skipið hefði getað rekið upp með tímanum. Þá skýrði skipstjórinn á m/b Bergi frá því, að skip hans hefði tafizt í um einn og hálfan sólarhring við að draga m/b Kristbjörgu inn til Þórshafnar.

Hjálmar Jónsson, skipstjóri á m/b Kristbjörgu, skýrði svo frá fyrir dómi, að þegar skipið varð fyrir stýrisbiluninni, hafi verið þar um borð 800 faðma togvír, lögleg legufæri, nokkrir línubelgir og venjulegar fangalínur, en sérstakt sleftóg hafi ekki verið um borð í bátnum. Vitnið skýrir frá því, að fyrst, þegar m/b Bergur kom að m/b Kristbjörgu, hafi skipið ekki verið í yfirvofandi hættu. Hefðu þeir getað haldið sér frá landi og þá keyrt í norðvestlæga stefnu, því vindur stóð á land, en hefði vindátt breytzt, hefðu þeir getað stöðvað alveg. Ekki taldi vitnið, að tök hefðu verið á að koma upp neyðarstýri eins og veðurlagi var háttað, heldur hefði þurft að bíða eftir, að veður lægði.

Friðrik Már Sigurðsson, stýrimaður á m/b Kristbjörgu, skýrði svo frá fyrir dómi, að m/b Kristbjörg hefði eigi verið í yfirvofandi hættu, þegar stýrið bilaði. Líklega hefði þó eigi verið unnt að koma upp neyðarstýri með þeim útbúnaði, er var um borð í m/b Kristbjörgu, og eins og veðri var háttað. Hefði þurft að bíða með aðgerðir eftir betra veðri, en ekki hafi verið hætta á, að m/b Kristbjörgu ræki þarna upp í bráð. Vitnið skýrði frá því, að þegar vírarnir slitnuðu undan Akrabergi, hafi m/b Kristbjörg verið í nokkurri hættu og hefði getað farið illa, ef ekki hefði gengið eins vel og raun varð á að koma vírunum á milli skipanna.

Vélstjórinn á m/b Kristbjörgu, Garðar Ásbjörnsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að þegar stýri skipsins bilaði, hafi strax verið haft samband við hann. Fór vitnið að athuga þetta og skoðaði stýrið og sá þá, að stýrisvísirinn sýndi rétt, eftir því sem stýrið var hreyft, en ekki lét báturinn að stjórn. Fór vitnið þá og athugaði stýrisöxulinn, og var allt eðlilegt með hann, þar sem til sást. Hlaut þá að vera um það tvennt að ræða, að stýrið væri

farið af eða stýrisásinn brotinn. Skömmu síðar heyrðist, að stýrið slóst við bátinn, og sást þá, að stýrisásinn var brotinn.

Vitnið skýrði frá því, að ekki hafi verið tök á að laga þetta þarna og lítil tök á að fá bátinn til að láta að stjórn, eins og veðri og sjólagi var háttað. Eftir að skipið var komið til Þórshafnar í Færeyjum, kom í ljós, að rétt var, að stýrisásinn hafði brotnað, og tók viðgerð um tvo sólarhringa.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða. M/b Kristbjörg hafi verið stýrislaus og í miklum sjó út af Færeyjum, og stóð vindur á land. Bað m/b Kristbjörg því m/b Berg um hjálp, og lagði áhöfn m/b Bergs sig fram við hjálpina. Við erfiðar aðstæður var haldið með m/b Kristbjörgu stytztu leið í var. Lagði áhöfn m/b Bergs sig í mikla hættu við að koma vírum milli skipanna, er dráttartaugin slitnaði undan Akrabergi og m/b Kristbjörgu var að reka þar upp. Mjög vel hafi verið að staðið af áhöfn m/b Bergs við erfið skilyrði og ekki til sparað að dæla út olíu til að slá á sjóinn, meðan vírum var komið á milli skipanna, enda hafi farið svo, að björgunin hafi tekizt giftusamlega, og komst m/b Bergur með m/b Kristbjörgu inn til hafnar í Þórshöfn í Færeyjum, eins og til hafði verið ætlazt.

Af hálfu stefnenda er því af þessum ástæðum haldið fram, að hér sé ótvírætt um að ræða björgun í skilningi siglingalaganna. M/b Kristbjörg hafi verið hjálparvana á hættulegum slóðum við vondar aðstæður, en m/b Bergi tekizt að koma skipinu úr þeirri hættu. Þessi sjónarmið hafi ekki verið viðurkennd af vátryggjanda m/b Kristbjargar, VE 70. Eina greiðslan, sem borizt hefur frá vátryggingarfélaginu, Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 93.080.00, er greiðsla fyrir víra, sem m/b Bergur lagði til við björgunina. Greiðsla þessi barst til lögmanns stefnenda hinn 22. júlí 1971, en ekki gert ráð fyrir innheimtukostnaði né vaxtagreiðslum. Eru því stefnukröfur miðaðar við það.

Loks benda stefnendur á, að björgunarlaunum sé mjög í hóf stillt miðað við vátryggingarverðmæti m/b Kristbjargar, sem nemi kr. 12.249.000.00, en vátryggingarverðmæti m/b Bergs, VE 44, nemi kr. 23.000.000.00. Eru stefnukröfur miðaðar við, að björgunarlaun og þar með talin olía, er m/b Bergur varð að dæla út í umrætt sinn, og annað beint útlagt af útgerðinni nemi 15% af hinu bjargaða verðmæti.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hér hafi verið um að

ræða aðstoð, en eigi björgun. Er aðalkrafan því, að sýkna beri af kröfu um björgunarlaun, en stefnendur hafi ekki verið til viðræðu um þóknun fyrir aðstoð umfram þær kr. 93.080.00, er rétt argæzlustefndi hefur þegar sent stefnendum fyrir útlögðum kostnaði.

Að hér hafi verið um að ræða aðstoð, styður stefndi þeim rökum, að m/b Kristbjörg og m/b Bergur hafi lagt upp frá Þýzkalandi um sama leyti á leið til Íslands. Áður en skipin fóru frá Þýzkalandi, hafi orðið að samkomulagi milli skipstjóranna að hafa samflot á leiðinni og veita hvor öðrum gagnkvæma aðstoð, ef með þyrfti.

Þá bendir stefndi á, að það sé viðurkennt af skipstjóra m/b Bergs, að m/b Kristbjörg hafi ekki verið í sérstakri hættu, er aðstoðin hófst, og því ekki bjargarþurfi í skilningi siglingalaga. Þótt svo hafi komið að því síðar, að m/b Kristbjörg komst í nokkra hættu, hafi þar eingöngu verið um að kenna lélegum útbúnaði m/b Bergs til dráttarins.

Þá telur stefndi mjög líklegt, að m/b Kristbjörg hefði getað bjargazt af sjálfsdáðum, ef aðgerðir m/b Bergs hefðu ekki leitt hann í háskann, með því að koma upp neyðarstýri og seglum. Er því þannig mótmælt, að stefnendur eigi nokkra þóknun fyrir aðstoðina.

Varakrafa stefnda er rökstudd mjög á sama hátt. Er á það bent, að m/b Kristbjörg hafi ekki verið í hættu, fyrst er m/b Bergur kom að skipinu. Aðstoðin hafi tekizt illa og sé raunar ein hrakfallasaga. Beri því að færa mjög niður þóknunina fyrir hana.

Þá bendir stefndi á, að verði viðurkennt, að hér sé um björgun að ræða, beri að lækka mjög kröfur stefnenda, en þær séu reiknaðar allt of háar, og er gerð krafa um verulega lækkun þeirra.

Niðurstaða.

Dómurinn lítur svo á, að m/b Kristbjörg hafi verið í hættu stödd, er m/b Bergur hóf aðgerðir sínar, og sé hér því um að ræða björgun í skilningi siglingalaga. Er þetta stutt vætti yfirmanna m/b Kristbjargar um útbúnað skipsins og með tilliti til veðurfars og allra aðstæðna á þessum slóðum á þeim tíma, er hér um ræðir. Skiptir eigi máli í þessu sambandi, þótt skipstjórar skipanna hafi komið sér saman um að hafa samflot á leiðinni frá Þýzkalandi til Íslands.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, árangurs björgunaraðgerðanna, þess tíma, er til björgunarinnar var varið, vátryggingarverðmætis m/b Kristbjargar, VE 70, og með hliðsjón

af atvikum öllum þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin kr. 1.050.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til þeirra kr. 93.080, er vátryggjendur m/b Kristbjargar hafa innt af höndum til stefnenda.

Ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum fjárhæð þessa ásamt vöxtum, er þykja hæfilega ákveðnir 7% p. a., frá 18. desember 1970 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 90.000.00.

Samkvæmt 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 eiga stefnendur sjóveð rétt í m/b Kristbjörgu, VE 70, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Mál þetta flutti af hálfu stefnenda Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður, en af hálfu stefnda flutti málið Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður.

Dóm þennan kváðu upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógeta, ásamt meðdómsmönnunum Angantý Elíassyni og Páli Þorbjörnssyni skipstjórum.

Dómsuppsaga hefur dregizt vegna anna dómsformanns og vegna fjarveru annars meðdómandans úr bænum.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Hjörleifsson, eigandi m/b Kristbjargar, VE 70, greiði stefnendum, Kristni Pálssyni f. h. eigenda og áhafnar m/b Bergs, VE 44, kr. 1.050.000.00 með 7% ársvöxtum frá 18. desember 1970 til greiðsludags og kr. 90.000.00 í málskostnað.

Stefnendur eiga sjóveðrétt í m/b Kristbjörgu, VE 70, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. október 1973.

Nr. 35/1973: **Jón Baldursson**
gegn
Gjaldheitmustjóra f. h.
Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Baldursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 1. október 1973.

Nr. 106/1972: **Böðvar Sveinbjörnsson**
(Guðmundur Skaftason hrl.)
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs á Ísafirði
f. h. ríkissjóðs
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skattamál. Tekjuskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. ágúst 1972. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 42. gr. laga nr. 55/1964 og 4. mgr. 42. gr. laga nr. 90/1965 var ríkisskattanefnd heimilt að frumkvæði ríkisskattstjóra að áætla tekjur áfrýjanda af nýju og gera honum að greiða tekjuskatt samkvæmt því. Áfrýjandi hefur eigi leitt rök að því, að á tekjuáætlun þessari séu þeir annmarkar, að ógildingu varði. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Böðvar Sveinbjörnsson, greiði stefnda, innheimtumanni ríkissjóðs á Ísafirði f. h. ríkissjóðs, kr. 35.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. maí 1972.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 30. maí 1972. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu sama dag, og var það dómtekið að honum loknum.

Stefnandi málsins er bæjarfógetinn á Ísafirði, innheimtumaður ríkissjóðs f. h. ríkissjóðs. Stefndi er Böðvar Sveinbjörnsson forstjóri, Túngötu 7, Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 222.493.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði frá 1. janúar 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfunum og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt bar ekki árangur.

2.0.

2.1. Málavextir eru þeir, að stefndi taldi ekki fram til skatts og skilaði engum skattframtölum fyrir skattárin 1963, 1964, 1965

og 1966. Skattstjóri Vestfjarðaumdæmis áætlaði stefnda því tekjur til álagningar fyrir gjaldárin 1964—1967.

Haustið 1967 fór fram á vegum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra athugun á skattframtölum og bókhaldi stefnda. Í skýrslu rannsóknarfulltrúa hans, dags. 26. september 1967, segir, að stefndi eigi vefnaðarvöruverzlun að Hafnarstræti 4, Ísafirði, sem kona hans, Iðunn Eiríksdóttir, reki. Enn fremur segir í skýrslunni: „Erindi mitt í ofangreinda verzlun var að gera nokkra athugun á bókhaldi fyrirtækisins. Þegar til átti að taka, var ekkert bókhald til og hafði ekki verið fært, að sögn eiganda, síðan 1961, og staðfesti frúin það. Aðspurður um sjóðbók fyrir árið 1967 sagði eigandi, að hún væri ekki til. Aðspurð um bókun á vörukaupum og vörusölu verzlunarinnar töldu hjónin, að um einhverja vöntun væri að ræða. Ég óskaði eftir því, ef mögulegt væri, að þau gæfu upp til rannsóknardeildarinnar vantalda sölu fyrir árin 1965 og 1966, hvað þau sögðust mundu gera. Vísast hér með til bréfs, sem er dagsett 20. september 1967 og undirritað af Iðunni Eiríksdóttur.

Við athugun á framtölum gjaldanda kom í ljós, að hann hafði eigi talið fram síðan árið 1963 (skattár 1962)."

Í tilefni af framangreindri skýrslu sendi ríkisskattstjórinn svohljóðandi bréf til stefnda, sem dagsett er 27. september 1967:

„Hér með sendist yður skýrsla rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um athugun á bókhaldi og framtölum yðar fyrir árin 1962—1966.

Eins og upplýst hefir verið í málinu, eru engin bókhaldsgögn fyrir ofangreind ár til, og eigi hefir verið talið fram til skatts s.l. fjögur ár, er því ekkert til það, sem hægt er að leggja til grundvallar skattálagningu.

Megið þér því búast við, að yður verði áætlaðar tekjur að nýju fyrir ofangreind ár.

Vegna ríkisskattanefndar tilkynnist yður jafnframt, að eins og málið liggur fyrir, gæti komið til hækkunar á áður álögðum söluskatti, aðstöðugjaldi, tekjuskatti og eignarskatti fyrir ofangreind ár.

Er yður hér með veittur frestur til 9. október 1967 til að koma að þeim gögnum og skýringum, sem þér kynnuð að óska."

Jafnframt lagði ríkisskattstjóri mál þetta fyrir ríkisskattanefnd. Úrskurður ríkisskattanefndar er dags. 14. desember 1967, og hljóðar meginmál hans svo:

„Á fundi ríkisskattanefndar 14. des. 1967 var tekin til endur-

skoðunar álagning tekjuskatts á Böðvar Sveinbjarnarson, Túngötu 7, Ísafirði, nafnnr. 1499 — 5331, fyrir gjaldárin 1964, 1965, 1966 og 1967.

Málið er tekið upp að tilhlutan ríkisskattstjóra skv. 42. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt.

Málavextir eru þeir, að rannsóknardeild ríkisskattstjóra gerði nokkra athugun á skattlagningu á gjaldanda fyrir gjaldárin 1964, 1965, 1966 og 1967. Skýrsla deildarinnar hefur legið fyrir til athugunar. Með bréfi, dags. 27. sept. s.l., var gjaldanda tilkynnt, að áður álögðum tekjuskatti og fleiri opinberum gjöldum kynni að verða breytt til hækkunar og honum gefinn kostur á að gæta réttar síns. Bréfinu svaraði gjaldandi ekki.

Í skýrslu rannsóknardeildar kom fram, að gjaldandi á verzlun á Ísafirði, sem kona hans rekur. Í verzlun þessari eru seldar vefnaðarvörur alls konar. Í ljós kom, að gjaldandi færði alls ekkert bókhald fyrir verzlunina og hefur auk þess ekki talið fram síðan gjaldárið 1963. Hafði álagning opinberra gjalda farið fram eftir áætlun skattstjóra. Aðspurður um vörusölu taldi gjaldandi, að einhverju hefði verið sleppt við uppgjöf til söluskatts, en hefur enga viðhlítandi grein getað gert fyrir, hversu háar upphæðir þar er um að ræða.

Með hliðsjón af framansögðu og öðru því, sem fyrir liggur í málinu, þykir verða að ákveða gjaldanda tekjur að nýju fyrir gjaldárin 1964, 1965, 1966 og 1967.

Hreinar tekjur gjaldanda gjaldárið 1964 þykja hæfilega ákveðnar kr. 360.000.00. Persónufrádráttur er kr. 143.000.00, og verða skattskyldar tekjur því kr. 217.000.00.

Tekjuskattur af þeirri upphæð er kr. 57.671.00, en var kr. 12.433.00.

Hreinar tekjur gjaldanda gjaldárið 1965 þykja hæfilega ákveðnar kr. 460.000.00. Persónufrádráttur er kr. 160.000.00, og verða skattgjaldstekjur því kr. 300.000.00. Tekjuskattur af þeirri upphæð er kr. 72.810.00, en var áður kr. 18.270.00.

Hreinar tekjur gjaldanda gjaldárið 1966 þykja hæfilega ákveðnar kr. 500.000.00. Persónufrádráttur er kr. 162.000.00, og verða skattgjaldstekjur því kr. 338.000.00. Tekjuskattur af þeirri upphæð er kr. 81.991.00, en var kr. 27.451.00.

Hreinar tekjur gjaldanda gjaldárið 1967 þykja hæfilega ákveðnar kr. 600.000.00. Persónufrádráttur er kr. 185.900.00, og verða skattgjaldstekjur því kr. 414.100.00. Tekjuskattur af þeirri upphæð er kr. 101.308.00, en var áður kr. 33.133.00.

Við ákvörðun hreinna tekna skv. framanrituðu hefur hækkun á söluskatti fyrir árin 1963, 1964, 1965 og 1966 svo og hækkun á aðstöðugjaldi gjaldárin 1964, 1965 og 1966 verið reiknuð til frádráttar.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar er 21 dagur frá póstlagningu úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldanda gjaldárið 1964 hækkar um kr. 45.238.00 úr kr. 12.433.00 í kr. 57.671.00.

Tekjuskattur gjaldanda gjaldárið 1965 hækkar um kr. 54.540.00 úr kr. 18.270.00 í kr. 72.810.00.

Tekjuskattur gjaldanda gjaldárið 1966 hækkar um kr. 54.540.00 úr kr. 27.451.00 í kr. 81.991.00.

Tekjuskattur gjaldanda gjaldárið 1967 hækkar um kr. 68.175.00 úr kr. 33.133.00 í kr. 101.308.00.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Stefndi kærði þennan úrskurð til ríkisskattanefndar með bréfi, dags. 14. febrúar 1968. Í kæru þessari segir m. a.:

„*Tekjuskattur.*

Tekjuskattur gjaldandans, gjaldárin 1964—1967, hefir verið endurreiknaður og hækkaður um kr. 222.493.00. Aðallega er gerð krafa um, að greind álagning verði með öllu felld niður, en til vara, að hún verði stórlega lækkuð.

Gjaldandinn taldi ekki fram umrædd ár, og ekki liggur annað fyrir í málinu en skattstjóri hafi áætlað honum tekjur í samræmi við ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og gjöldin síðan álögð með framlagningu skattskrár.

Almennt mega menn treysta því, að um fullnaðarálagningu sé að ræða samkvæmt skattskrá. Til að endurreikningur sé heimill, verða að koma fram ákveðin atvik, sbr. 38. gr. greindra laga. Samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar er heimilt að breyta skatti gjaldanda, sem eigi hefir talið fram, ef „síðar kemur í ljós, að áætlun hefir verið of lág" o.s.frv.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að neitt hafi komið fram um það, að áætlanir skattstjóra hafi verið of lágar. Hlýtur því að bera að taka aðalkröfuna til greina af þessum sökum.

Í öðru lagi er því haldið fram, að þó að svo yrði litið á, að áætlanir skattstjóra væru of lágar, þá sé hin kærða álagning alltof

há. Er til þess vísað, að aðeins er um að ræða hugsanlegan hagnað af mjög lítilli vefnaðarvöruverzlun, sem vart getur numið teljandi fjárhæðum. Er varakrafa á þessu byggð."

Þann 12. júní 1968 kvað ríkisskattanefnd upp úrskurð í tilefni af framangreindri skattkæru stefnda.

Í úrskurðinum segir m. a.:

„Samkv. því, sem fram kemur í fyrri úrskurði nefndarinnar, er mál kæranda upp tekið að tilhlutan ríkisskattstjóra skv. heimild í 42. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt.

Fyrir liggur í málinu, að kærandi hafði ekkert bókhald fært fyrir rekstur sinn síðan á árinu 1961. Ennfremur að gjaldandi taldi einhverju hafa verið sleppt við uppgjöf söluskatts. Kærandi hafði ekki talið fram til skatts gjaldárin 1964 til og með 1967. Þegar litið var til alls þessa ásamt þeim gögnum eða líkum, er fyrir lágu um aðrar tekjur gjaldanda en af rekstri verzlunar, þótti sýnt, að teknaáætlanir og aðrar áætlanir skattstjóra vegna vantandi framtala umrædd gjaldár voru of lágar, og vísast í því sambandi til ákvæða 2. mgr. 37. gr. laga nr. 90/1965. Með hliðsjón af þessu og með vísan til ákvæða 38. gr. og 42. gr. laga nr. 90/1965 þykir því verða að synja aðalkröfu umbm. kæranda.

Eins og áður greinir, sendi kærandi engin skattframtöl árin 1964 til og með 1967, og hefir hann enn ekki bætt úr því. Áætlanir skattstjóra og ríkisskattanefndar, að því er tekjuskatt varðar, fela því í sér 25% viðbót við grunnáætlaða gjaldstofna, sbr. ákvæði 47. gr. laga nr. 90/1965, sbr. og sömu gr. laga nr. 55/1964.

. . . . . .

Enginn rökstuðningur kemur fram í kæru umbm. kæranda um önnur atriði kærunnar, sem gefur tilefni til breytinga á fyrri áætlunum nefndarinnar, og þykir því ekki ástæða til að taka til greina varakröfu hans.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattshækkanir gjaldáranna 1964, 1965, 1966 og 1967 standi óbreyttar."

3.0.

3.1. Dómkröfur stefnanda eru reistar á því, að með úrkurði ríkisskattanefndar frá 14. desember 1967, sem staðfestur hafi verið eftir kæru stefnda með úrskurði frá 12. júní 1968, hafi stefnda verið gert að greiða hækkun tekjuskatts fyrir gjaldárið 1964 kr. 45.238.00, gjaldárið 1965 kr. 55.540.00, gjaldárið 1966 kr. 54.540.00 og gjaldárið 1967 kr. 68.175.00, eða alls kr. 222.493.00. Eigi verði

annað séð en að skattstjóri og ríkisskattanefnd hafi í einu og öllu farið að lögum við álagningu skattauka þeirra, sem stefnt sé út af.

Stefnandi bendir á, að stefndi hafi ekkert bókhald haldið um rekstur sinn og ekki skilað neinu skattframtali varðandi þau skattár, sem um er deilt í málinu. Aðalgögn málsins séu því skýrslur skattrannsóknardeildar ríkisskattstjóraembættisins, en samkvæmt þeim skýrslum sé fullkomin ástæða til að ætla áætlun skattstjóra of lága. Af þeim ástæðum standi 2. mgr. 38. gr. tekju- og eignarskattslaga því ekki í vegi, að ríkisskattanefnd hafi verið heimilt að endurskoða tekjuskattsálagningu á stefnda fyrir umrædd ár.

3.2. Stefndi telur, að líta verði svo á, að gjaldandi megi almennt geta treyst því, að endanleg álagning sé fram komin, þegar gjaldendum sé boðaðar álögur með þeim hætti, sem í lögunum greini. Skattayfirvöld séu þannig bundin við þær ákvarðanir, sem álagning sé byggð á, nema ótvíræð heimild sé í lögum um aðra tilhögun. Þessi regla sé mjög nauðsynleg fyrir öryggi gjaldenda.

Í 38. gr. tekjuskattslaganna séu gerðar nokkrar undantekningar frá þessari reglu. Samkvæmt 2. mgr. sé heimilað að breyta skatti gjaldenda, sem eigi hafi talið fram, ef „síðar kemur í ljós, að áætlun hafi verið of lág" o. s. frv. Telur stefndi, að í þessari reglu felist það, að til þess að „eftirreikningur" sé heimill þurfi að liggja fyrir bein sönnun um það, að hreinar tekjur hafi verið of lágt áætlaðar og að sönnunarbyrðin fyrir því hvíli á skattkrefjanda. Í þessu máli liggi hins vegar engin sönnun fyrir um slíkt.

Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi eigi hafizt handa um innheimtu gjaldanna með lögtaki, þótt fyrir lægi, að þau yrðu ekki greidd án undangengins úrskurðar. Hafi því lögtaksréttur fyrnzt. Sé því málssókn þessi til komin vegna aðgerðarleysis stefnanda.

4.0.

4.1. Af gögnum málsins og flutningi aðilja er fram komið, að stefndi afhenti ekki skriflega skýrslu til skattayfirvalda um tekjur sínar á árunum 1963, 1964, 1965 og 1966, eins og boðið er í 35. gr. laga nr. 55/1964 og 35. gr. laga nr. 90/1965. Stefndi fullnægði heldur eigi þeirri skyldu síðar. Skattstjóri Vestfjarðaumdæmis áætlaði tekjur stefnda til skatts fyrir hvert umrætt ár samkvæmt heimild í 2. mgr. 37. gr. laga nr. 55/1964, sbr. 47. gr. sömu laga, sbr. og tilsvarandi ákvæði í áður tilgreindum lög-

um. Stefndi virðist hafa greitt tekjuskatt sinn samkvæmt þessum áætlunum.

Í 2.1. er það rakið, að haustið 1967 gerði rannsóknardeild ríkisskattstjóra athugun á skattframtölum og bókhaldi stefnda. Þessi rannsókn sýnist hafa leitt m. a. til þess, að ríkisskattstjóri lagði málið fyrir ríkisskattanefnd til breytingar á fyrri tekjuskattsáætlunum skattstjóra fyrir umrædd skattár. Ákvað ríkisskattanefnd tekjur stefnda að nýju samkvæmt því, og leiddi það til nýrrar og hærri tekjuskattsáætlunar á hendur stefnda, eins og rakið hefur verið.

Í 42. gr. laga nr. 55/1964, sbr. og tilsvarandi ákvæði í lögum nr. 90/1965, er kveðið á m. a. um það, að ríkisskattstjóri skuli hafa eftirlit með störfum skattstjóra og vera þeim til leiðbeiningar. Enn fremur að ríkisskattstjóri geti af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, sem varði framkvæmd laganna. Þá er enn boðið, að við embætti ríkisskattstjóra skuli starfa rannsóknardeild, sem hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögunum. Síðan segir í 4. mgr. nefndrar 42. gr.: „Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um skattákvörðun, og getur hann þá, þótt eigi hafi verið kært, lagt málið fyrir ríkisskattanefnd, sem breyta má ákvörðun skattstjóra og gera skattþegni skatta að nýju. Ætíð skal nefndin gera gjaldþegni viðvart, áður en hún breytir skattgjaldi hans, án þess að yfir hafi verið kært."

Eigi verður annað séð en að ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd hafi fullnægt framangreindum ákvæðum 42. gr. laganna, er ákvörðun skattstjóra Vestfjarðaumdæmis var breytt og stefnda gert að greiða tekjuskatt að nýju fyrir áðurgreind skattár. Ákvæði 2. mgr. 38. gr. laga nr. 55/1964, sbr. samsvarandi ákvæði í lögum nr. 90/1965, verður að skýra með hliðsjón af þeirri heimild, sem ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd hefur til að breyta ályktunum skattstjóra samkvæmt áður tilvitnaðri 4. mgr. 42. gr. laganna. Verður ekki talið, að nefnd 2. mgr. 38. gr. takmarki þessa heimild á neinn hátt.

Með því að eigi verður annað séð en að öðrum ákvæðum laganna hafi verið fullnægt við umdeilda skattálagningu og að þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að umrædd tekjuskattsáætlun hafi verið óhófleg, þykir mega taka stefnukröfuna til greina ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Lögtaksréttur sá, sem kröfunni fylgdi, er fyrndur. Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Böðvar Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, bæjarfógetanum á Ísafirði, innheimtumanni ríkissjóðs f. h. ríkissjóðs, kr. 222.493.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. október 1973.

Nr. 91/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hrafni Pálssyni
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns þar, kr. 15.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að úr hófi dróst að hefja rannsókn máls þessa. Þá var rannsókninni hvorki haldið áfram með nægilegum hraða né var hún svo vönduð, sem rétt var.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hrafn Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1972.

Ár 1972, föstudaginn 29. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 526/1972: Ákæruvaldið gegn Hrafni Pálssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 18. ágúst s.l., gegn ákærða, „Hrafni Pálssyni, verkamanni, Hverfisgötu 58, Reykjavík, fæddum 10. marz 1935 í Vestmannaeyjum, fyrir þjófnað með því að hafa föstudagsmorguninn 2. júní 1972 farið í heimildarleysi inn í íbúð Lárusar Fjeldsted að Laufásvegi 35 í Reykjavík og stolið þar handtösku, einni flösku af áfengi, nokkrum dósum af niðursoðnum matvælum og notuðum karlmannaskóm.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsidómum sem hér segir:

1961 3/2 Vestmannaeyjum: 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga.

1963 18/7 Vestmannaeyjum: 40 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 1. gr., 1. mgr., 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 53. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini í 2 ár frá dómsuppkvaðningu.

1966 5/4 Vestmannaeyjum: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 209. og 1. mgr. 217. gr. hegningarlaga.

1967 16/3 Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga og áfengislögum.
1967 15/6 Reykjavík: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1968 19/3 Neskaupstað: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1968 25/7 Reykjavík: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
1969 16/5 Reykjavík: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).
1969 12/9 Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
1971 11/5 Reykjavík: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
1971 25/2 Reykjavík: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

Með dómi hinn 11. október 1956 var ákærði sýknaður af ákæru fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum.

Hinn 1. júní 1958 var hann kærður fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, en ákæru frestað á hendur honum skilorðsbundið í 3 ár.

Loks hefur ákærði undirgengist 45 sinnum sektir með dómssátt, er nema frá 100—900 kr. hverju sinni, mestmegnis fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 2. júní s.l., klukkan 0822, var hringt á lögreglustöðina frá Laufásvegi 35 og tilkynnt, að maður hefði skömmu áður farið þar inn um glugga og framið þjófnað. Lögreglumenn héldu á staðinn og hittu þar að máli húsráðanda, Lárus Fjeldsted verzlunarmann. Kvað hann manninn hafa farið inn um opnanlegan glugga á húsinu. Lárus kvað hafa verið stolið nokkrum niðursuðudósum og svörtum spariskóm, er hann sjálfur átti. Jórunn Fjeldsted, eiginkona Lárusar, skýrði lögreglunni frá því, að hún hefði haft tal af manni þeim, er fór inn í húsið. Hefði hann sagzt heita Hrafn Pálsson og eiga heima á Hverfisgötu. Jórunn kvað mann þennan hafa verið ljóshærðan, á að gizka 30 ára að aldri. Maðurinn var með rauða tösku í hendi, er á stóð „Coca cola". Jórunn kvaðst ekki í fyrstu hafa grunað mann þennan um þjófnað og hefði hún ekki tálmað för hans á brott. Að sögn lögreglunnar voru engar skemmdir sjáanlegar á glugganum.

Rannsóknarlögreglan yfirheyrði ákærða Hrafn út af framan-

greindum þjófnaði hinn 26. júní s.l. Þegar ákærða höfðu verið kynnt málsatvik, skýrði hann frá því, að hann gæti ómögulega munað eftir atburði þessum, en vildi þó ekki þræta fyrir, að það hefði verið hann, sem fór inn í húsið að Laufásvegi 35. Ákærði kvaðst ekki muna eftir neinum niðursuðudósum né svörtum skóm, sem hann gæti hafa tekið þarna, en sannist það, að hann hafi farið inn í húsið og tekið þessa hluti, sé hann fús til að bæta skaðann, verði þess krafizt.

Í viðtali við rannsóknarlögregluna skýrði Lárus Fjeldsted nánar svo frá, að í stað svörtu skónna, sem hefðu verið teknir frá sér, hefðu verið skildir eftir rauðleitir reimaðir skór. Afhenti hann rannsóknarlögreglunni þá.

Magnús Magnússon rannsóknarlögreglumaður, er hafði á hendi lögregluransókn í máli þessu, hafði tal af Hjördísi Gunnarsdóttur, eiginkonu ákærða Hrafns. Skýrði hún svo frá, að ákærði hefði eitt sinn snemma í júnímánuði s.l. komið heim í svörtum skóm, sem hann hefði ekki átt. Afhenti hún skó þessa. Jafnframt sagði Hjördís, að ákærði hefði átt að vera í rauðleitum skóm frá skóverksmiðjunni Iðunni á Akureyri. Bæði ákærða og eiginkonu hans voru sýndir umræddir skór, en þau könnuðust hvorugt við, að þeir væru úr eigu ákærða.

Magnús Magnússon rannsóknarlögreglumaður hefur mætt í dómi sem vitni og skýrt frá því, að Lárus Fjeldsted hafi komið með skó þá, er í skýrslu þess greinir. Þetta voru skór, rústrauðir að lit, frá Iðunni. Vitnið kveðst hafa mátað þessa skó á ákærða Hrafn og hafi þeir passað á hann. Ákærði viðurkenndi, að skórnir pössuðu á sig, en neitaði að kannast nokkuð við þá. Vitnið kveður, að ákærða Hrafni hafi verið stillt upp ásamt 2 öðrum mönnum og Jórunn Fjeldsted síðan kvödd á vettvang. Hafi hún bent á ákærða Hrafn sem mann þann, er farið hefði inn í íbúð hennar að morgni 2. júní s.l. Vitnið kveðst hafa farið heim til Hjördísar Gunnarsdóttur, eiginkonu ákærða Hrafns, að Hverfisgötu 58. Hringdi Hjördís til þess að fyrra bragði og sagði því, að heima hjá sér væru svartir skór, sem ákærði hefði komið í heim í umrætt sinn. Sótti vitnið skóna til Hjördísar. Vitnið sýndi Lárusi Fjeldsted skó þessa, og sagði hann, að um sína skó væri að ræða. Hefðu þeir horfið frá sér umrætt sinn.

Þá skýrir vitnið frá því í skýrslu sinni, að ákærði hafi verið í rauðri blússu, er það yfirheyrði hann 26. júní s.l. Hafi verið lítil rifa á hægri blússuerminni.

Vitnið Jórunn Fjeldsted hefur skýrt frá því, að það hafi vaknað

við það að morgni föstudagsins 2. júní s.l. um kl. 0800, að drukkinn maður kom inn í svefnherbergi þess. Spurði hann vitnið, hvar hann gæti komizt út úr húsinu. Vitnið spurði manninn, hvaðan hann væri að koma. Sagðist hann vera að koma úr vaskahúsi Hjördísar, en vitnið botnaði hvorki upp né niður í því. Vitnið spurði manninn að heiti, og sagðist hann heita Hrafn Pálsson og eiga heima á Hverfisgötu. Vitnið fór fram úr rúminu og vísaði manninum út um bakdyrnar. Maðurinn var klæddur rauðri blússu, og um leið og hann fór út, lenti blússuermi á hægra handlegg hans á járni á dyrastafnum og rifnaði ermin lítils háttar. Vitnið veitti því athygli, um leið og maðurinn fór á brott, að hann var með rauða Coca-cola tösku. Sá það, að í töskunni voru niðursuðudósir og vínflaska. Þegar betur var að gáð, eftir að maðurinn var farinn á brott, kom í ljós, að farið hafði verið inn um glugga á skrifstofu Lárusar, eiginmanns vitnisins. Hafði verið mikið rótað í skrifborði hans, og var saknað 1 flösku af whiskey úr skáp í skrifborðinu, en vodka flaska úr skápnum hafði verið sett á skrifborðið. Jafnframt kom í ljós, að rauða taskan, sem maðurinn var með, hafði verið tekin úr kjallaranum ásamt niðursuðudósunum og svörtum skóm, er Lárus átti. Hins vegar höfðu verið skildir eftir brúnleitir karlmannsskór, reimaðir, og voru þeir afhentir rannsóknarlögreglunni. Vitnið kveðst þegar hafa gert lögreglunni aðvart. Hafi hún leitað um nágrennið, en ekki fundið manninn. Vitnið kveðst hafa þekkt umræddan mann við sakbendingu hjá rannsóknarlögreglunni og hafi það verið ákærði Hrafn Pálsson. Vitnið skýrir frá því, að það hafi séð svarta skó hjá rannsóknarlögreglunni, er því var sagt, að fundizt hefðu hjá ákærða Hrafni. Búið var að skemma skóna með þeim hætti, að tvær stórar rifur höfðu verið skornar í þá. Voru skórnir algerlega ónýtir. Vitnið kveðst hafa þekkt, að þar var um skó Lárusar að ræða, og byggir það á því, að hann velur skó með sérstöku sniði, sem erfitt er að fá.

Vitnið Lárus Fjeldsted kveðst hafa verið heima hjá sér sofandi, er þjófnaðurinn var framinn á heimili þess að morgni 2. júní s.l. Kona vitnisins vakti það, eftir að maður sá, sem farið hafði inn í hús þeirra, var farinn á brott, og skýrði því frá, hvað gerzt hafði. Vitnið kveður hafa horfið úr skáp í skrifborði þess eina flösku af whisky. Einnig hurfu úr herberginu svartir skór, er vitnið átti, en úr kjallaranum handtaska ásamt nokkrum niðursuðudósum. Ekkert af þýfinu kom aftur í leitirnar nema skórnir, sem vitnið sá í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Var vitninu tjáð, að Hjördís, eiginkona ákærða Hrafns, hefði komið með þá

þangað. Búið var að skera í skóna, og voru þeir ónýtir. Vitnið kveðst strax hafa þekkt, að hér var um skó þess að ræða, sem eru af Tiger gerð, en sú tegund af skóm er sjaldgæf hér, og hafði vitnið keypt skóna í Kaupmannahöfn. Vitnið kveður hafa fundizt í kjallaranum heima hjá sér, eftir að maðurinn hafði verið þar, rauð- brúnleita skó og hatt, sem vitnið afhenti rannsóknarlögreglunni.

Ákærði Hrafn hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi búið á Hverfisgötu 58 á þeim tíma, sem þjófnaðurinn var framinn í íbúð Lárusar Fjeldsteds að Laufásvegi 35. Ákærði kveðst nóttina áður hafa verið heima hjá sér og eigi neytt neins áfengis. Ákærði fór á fætur klukkan 0730 að morgni 2. júní og tók saman farangur sonar síns, sem var að fara til dvalar í sveit. Ákærði fór síðan með syni sínum út á Umferðarmiðstöð um klukkan 0830 og skildist þar við hann, en að því búnu hélt hann heim til sín. Ákærði neitar að hafa komið að Laufásvegi 35 umræddan föstudagsmorgun og vill ekki viðurkenna að hafa framið þar þjófnað, eins og honum er gefið að sök í ákæru. Ákærði heldur að öðru leyti fast við skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni. Honum var kynnt það, sem fram hefur komið í málinu varðandi þjófnað þann, sem framinn var að Laufásvegi 35, og kveðst hann engu að síður halda fast við framburð sinn. Ákærði kveðst vilja benda á, að hann sé skolhærður, en Jórunn Fjeldsted hafi skýrt lögreglunni frá því, að maður sá, er framdi þjófnaðinn að Laufásvegi 35, hafi verið ljóshærður.

Með eiðfestum framburði vitnanna Jórunnar og Lárusar Fjeldsteds svo og þegar virtur er framburður ákærða sjálfs í upphafi máls þessa hjá rannsóknarlögreglunni telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um framangreindan þjófnað. Hefur hann með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af sakavottorði hans fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hrafn Pálsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-

arlaun til skipaðs verjanda síns, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. október 1973.

Nr. 76/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Agli Grímssyni Thorarensen
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
Birgi Þorvaldssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
og Sigurði Ívari Sigurðssyni
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Rangur framburður fyrir dómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna ber að staðfesta, að ákærði Egill Grímsson Thorarensen hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi. Varða brotin við 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 17. gr., sbr. 2. tl. 33. gr., 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 73/1973, eru skilyrði fyrir hendi, að beita megi 1. mgr. 17. gr. greindra áfengislaga.

Samkvæmt sakargögnum verður talið sannað, að ákærðu

Birgir Þorvaldsson og Sigurður Ívar Sigurðsson hafi gerzt sekir um rangan framburð, ákærði Birgir í þinghaldi 16. nóvember 1971 og ákærði Sigurður Ívar í þinghaldi 9. desember 1971, en þá voru þeir yfirheyrðir sem vitni. Varða brot þeirra við 1. mgr. 142. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing allra hinna ákærðu þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Greiðslufrestur sektar ákærða Egils Grímssonar Thorarensens verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms, að sá gæzluvarðhaldstími hinna ákærðu Egils og Birgis, sem þar greinir, komi til frádráttar refsingum þeirra.

Um greiðslu sakarkostnaðar skal fara sem hér segir:

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um greiðslu málsvarnarlauna skipaðra verjenda ákærðu.

Ákærði Egill greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti kr. 20.000.00.

Ákærði Birgir greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti kr. 20.000.00.

Ákærði Sigurður Ívar greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti kr. 20.000.00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.000.00, greiði allir hinir ákærðu óskipt að hálfu, en ákærði Egill einn að hálfu.

Það athugast, að ónákvæmni um sakargiftir gætir í síðara ákæruskjali.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Egils Grímssonar Thorarensens og um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans á að vera óraskað. Greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Birgis Þorvaldssonar og um frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans á að vera óraskað.

Ákærði Sigurður Ívar Sigurðsson sæti fangelsi 3 mán-

uði. Fullnustu refsingar hans skal fresta, og niður skal hún falla eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 verða haldin.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um greiðslu málsvarnarlauna skipaðra verjenda ákærðu.

Ákærði Egill Grímsson Thorarensen greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000.00.

Ákærði Birgir Þorvaldsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000.00.

Ákærði Sigurður Ívar Sigurðsson greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000.00.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.000.00, greiði allir hinir ákærðu óskipt að hálfu, en ákærði Egill Grímsson Thorarensen einn að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæðinu að öðru leyti en því, að ég tel, að dæma beri ákærðu til að greiða sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti in solidum, annan en laun skipaðra verjenda sinna, sbr. 142. gr. laga nr. 73/1973, sbr. 142. gr. laga nr. 82/1961.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 13. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 78—80/1973: Ákæruvaldið gegn Agli Grímssyni Thorarensen, Birgi

Þorvaldssyni og Sigurði Ívari Sigurðssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 4. nóvember 1971, gegn ákærða Agli fyrir að aka laugardaginn 7. ágúst 1971, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R 20570 frá Reykjavík austur að Ölfusá við Selfoss og síðan um kvöldið, þá undir áhrifum áfengis, að aka sömu bifreið að Flúðum í Hrunamannahreppi og seinna um nóttina þaðan áleiðis til Reykjavíkur, þar til bifreiðin hafnaði utan vegar við vegamót Suðurlandsvegar og Þrengslavegar. Enn fremur að hafa fyrir ferð þessa keypt þrjár flöskur af ótollafgreiddu 75% vodka „af einhverjum leigubifreiðarstjóra", en meginhluta áfengis þessa og allar flöskurnar hafði ákærði meðferðis í bifreiðinni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 24. gr., sbr. 35. og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einnig er málið höfðað með ákæru, dagsettri 19. maí 1972, gegn ákærðu Agli Grímssyni Thorarensen, Birgi Þorvaldssyni og Sigurði Ívari Sigurðssyni. Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa gerzt sekir um rangan framburð fyrir dómi við meðferð sakadómsmáls vegna meintra áfengis- og umferðarlagabrota ákærða Egils Grímssonar Thorarensens við sakadóm Reykjavíkur í nóvember og desember 1971. Að beiðni ákærða Egils báru þeir Birgir og Sigurður Ívar þá ranglega um akstur bifreiðarinnar R 20570 og hver ekið hefði henni laugardaginn 7. ágúst 1971 og aðfaranótt næsta dags, er þeir voru yfirheyrðir um það efni sem vitni í sakadóminum 16. nóvember og 9. og 13. desember 1971, en ákærðu fóru umrætt sinn saman í veiðiför að Ölfusá í fyrrgreindri bifreið, R 20570, eign ákærða Egils. Að tilmælum Egils hélt Birgir þá því fram, að hann (Birgir) hefði ekið bifreiðinni frá Reykjavík að veiðistað þeirra við Ölfusá, að Sigurður Ívar hefði ekið bifreiðinni þaðan að Selfossi og að þeir hefðu fengið einhvern ókunnan mann til að aka bifreiðinni fyrir sig frá Selfossi, en Sigurður Ívar kvaðst ekkert um það vita, hver ekið hefði bifreiðinni frá Reykjavík að Ölfusá né þaðan, og var þetta gegn betri vitund beggja.

Þykja ákærðu með fyrrgreindum hætti hafa gerzt brotlegir samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,

sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, að því er varðar þátt ákærða Egils.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Egils hefur hann sætt kærum og refsigum sem hér segir:

1968 19/11 í Kópavogi: Sátt, 4.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 48. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 19. nóvember 1968.

1970 11/9 í Hafnarfirði: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11. september 1970.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Birgis hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1959 5/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstefnuakstur.

1960 11/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir óspektir.

1961 22/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

1968 21/2 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga og 15. gr. lögreglusamþykktar.

1968 29/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga.

1968 30/7 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 37. gr. umferðarlaga.

1969 2/4 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga. (Einnig dæmt fyrir brot, sem dómur frá 29. maí 1968 fjallar um).

1970 7/7 í Reykjavík: Sátt, 400 króna sekt fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 73/1952.

1971 10/11 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sigurðar Ívars hefur hann sætt kærum og refsingum svo sem hér segir:

1958 11/1 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 4.600 kr. sekt fyrir brot á 3. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 58/1954.

Málsatvik eru þessi:

Að morgni sunnudagsins 8. ágúst 1971 komu lögreglumenn að bifreiðinni R 20570, sem ekið hafði verið út af Suðurlandsvegi

við Þrengslaveg. Í bifreiðinni sváfu ákærðu Egill og Birgir, hinn fyrrnefndi í framsæti, en hinn síðarnefndi í aftursæti. Lögreglu virtist þeir vera undir áhrifum áfengis. Þeir skýrðu svo frá, að þeir hefðu verið sofandi, þegar bifreiðinni var ekið út af veginum, en henni hefði þá stjórnað maður frá Selfossi, sem þeir gátu enga frekari grein gert fyrir. Eigandi bifreiðarinnar, ákærði Egill, kvað fyrrnefndan ökumann hafa farið með kveikjuláslykla bifreiðarinnar með sér á brott, en við leit á Agli fundust þeir í buxnavasa hans. Í bifreiðinni R 20570 fundu lögreglumenn óuppteknа þriggja pela flösku af 75% vodka, aðra axlarfulla og hina þriðju tóma sem og nokkrar tómar Tuborg bjórflöskur.

Tekin voru blóðsýni úr ákærðu Agli og Birgi klukkan um 0800, og fundust í blóði hins fyrrnefnda efni, sem samsvara 0.76‰ af alkóhóli, en 0.80‰ í hinum síðarnefnda. Ákærðu voru síðan færðir í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu sunnudaginn 8. ágúst 1971 skýrði ákærði Egill frá því, að hann hefði ásamt Birgi og einum kunningja þeirra farið árla daginn áður frá Reykjavík austur að Ölfusá til laxveiða og hann tekið með sér í fararnesti þrjár þriggja pela flöskur af 75% vodka, sem hann hafði keypt af ópekktum leigubifreiðarstjóra. Þriðji maðurinn hefði yfirgefið þá, eftir að veiðum lauk klukkan um 2200, þeir Birgir farið til Selfoss og ákærði Egill þar beðið einhvern mann, sem hann þekkti ekkert, að aka fyrir sig bifreiðinni, enda hefði hann þá sjálfur aðeins verið búinn að bragða áfengi. Hinn ókunni maður hefði ekið þeim á dansleik að Flúðum, en síðan áleiðis til Reykjavíkur, þar til bifreiðin hafnaði utan vegar, einhverjir menn komið að, og taldi ákærði, að ökumaður hefði horfið á brott með þeim og sennilega afhent honum kveikjuáslykil bifreiðarinnar, áður en hann fór. Ákærði kvað þá Birgi hafa verið orðna mjög ölvaða, þegar nefndum dansleik lauk, og þeir sofið hluta leiðarinnar frá Flúðum.

Ákærði Birgir var einnig yfirheyrður af rannsóknarlögreglu sunnudaginn 8. ágúst 1971. Var frásögn hans mjög á sömu lund og ákærða Egils, en ekki kom glöggt fram í yfirheyrslum þessum, hvernig þeir félagar komust úr Reykjavík að Ölfusá né frá veiðistað á Selfoss, og frekari yfirheyrslur fóru ekki fram í málinu hjá rannsóknarlögreglu.

Hinn 4. nóvember 1971 höfðaði saksóknari ríkisins mál á hendur Agli Grímssyni Thorarensen vegna atvika þeirra, sem rakin hafa verið hér að framan.

Hinn 16. sama mánaðar kom Birgir Þorvaldsson fyrir dóm sem vitni í málinu. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni R 20570 austur að Ölfusá umræddan laugardagsmorgun, tekið að neyta áfengis um miðjan daginn, en Sigurður Ívar Sigurðsson ekið þeim Agli, eftir að veiðum lauk, að Selfossi, þar sem Egill hefði fengið einhvern pilt til að aka bifreiðinni að Flúðum og síðan áleiðis til Reykjavíkur, en vitnið sofnað á leiðinni þangað.

Hinn 9. desember 1971 kom ákærði Egill fyrir dóm og staðhæfði, að Birgir hefði ekið bifreiðinni nefndan morgun austur að Ölfusá, þeir hafið áfengisneyzlu seinni hluta dagsins og Sigurður Ívar því ekið þeim um kvöldið frá veiðistað að Selfossi, en þangað hefði eiginkona Sigurðar Ívars komið og sótt hann. Ákærði kvaðst hafa beðið ungan mann, sem hann kannaðist ekkert við né vissi deili á, að aka fyrir sig bifreiðinni, maðurinn orðið við því og ekið þeim Birgi endurgjaldslaust fyrst austur að Flúðum og síðan áleiðis til Reykjavíkur, þar til bifreiðin hafnaði utan vegar við mót Suðurlandsvegar og Þrengslavegar. Ákærði játaði kaupum á þremur ¾ líters flöskum af ótollafgreiddum vodka og kvað seljanda vera einhvern leigubifreiðarstjóra, sem hann gæti eigi greint nánar frá.

Þennan sama dag kom Sigurður Ívar Sigurðsson fyrir dóm sem vitni. Staðhæfði vitnið, að Birgir hefði ekið þeim félögum á veiðistað nefndan morgun. Vitnið kvaðst ekki hafa ekið þaðan og að Selfossi, enda eiginkona þess komið á veiðistað og náð í það, og staðfesti eiginkonan þetta atriði sem vitni samdægurs.

Hinn 10. desember 1971 komu ákærðu Egill og Birgir á ný fyrir dóm. Héldu þeir fast við fyrri framburði sína í málinu og vildu í engu breyta þeim. Voru þeir þá úrskurðaðir til að sæta allt að 30 daga gæzluvarðhaldi.

Mánudaginn 13. desember 1971 komu ákærðu Egill og Birgir enn fyrir dóm, og voru framburðir þeirra enn óbreyttir. Eftir að þeim voru kynnt vætti Sigurðar Ívars og eiginkonu hans, staðhæfði ákærði Egill, að hinn ókunni maður hefði tekið við stjórn bifreiðarinnar á veiðistað, en Birgir kvað sig enn minna, að Sigurður Ívar hefði ekið frá veiðistað á Selfoss, þótt hann þyrði ekki að fullyrða slíkt.

Hinn 14. desember 1971 kom Sigurður Ívar Sigurðsson á ný fyrir dóm. Skýrði hann þá frá því af sjálfsdáðum, að umræddan laugardagsmorgun hefði ákærði Egill ekið bifreiðinni R 20570 frá Reykjavík austur að Ölfusá og þeir félagar allir neytt nokkurs áfengis á leiðinni austur. Kvaðst Sigurður Ívar ekki hafa sagt

allt af létta fyrr, þar sem hann hefði talið, að hann væri meðsekur hinum sakir þess, að hann neytti sjálfur áfengis í bifreiðinni, en eftir að hafa leitað lögfræðilegra ráðlegginga, vildi hann skýra frá hinum réttu staðreyndum málsins. Sigurður Ívar staðhæfði, að Egill hefði beðið sig um að leyna því, að hann, þ. e. Egill, hefði ekið bifreiðinni greint sinn og neytt áfengis við aksturinn, þetta átt sér stað á sameiginlegum vinnustað þeirra í Hafnarfirði, röskum mánuði eftir að atburðurinn gerðist, að því er hann minnti. Eftir að Sigurður Ívar fékk boð um að koma fyrir sakadóm, hefðu þeir Birgir rætt væntanlegan framburð hans og í því samtali hefði Birgir skýrt honum frá því, hvernig þeir Egill hefðu áður borið í málinu.

Hinn 16. desember 1971 bar ákærði Birgir á dómþingi, að Egill hefði ekið greindan laugardagsmorgun frá Reykjavík austur að Ölfusá og allir þeir, sem í bifreiðinni voru, neytt áfengs öls á leiðinni. Um kvöldið hefði Guðlaugur Thorarensen ekið frá veiðistað að Flúðum og síðan áleiðis til Reykjavíkur, en Birgir kvaðst hafa sofnað stuttu eftir brottförina þaðan. Birgir hélt því fram, að þá er Egill var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu, hefði hann beðið fyrir utan, þunn hurð verið á milli og hann sjálfur því heyrt alla skýrslu Egils hjá rannsóknarlögreglu og því freistazt til að bera á sama veg og Egill um atvik málsins. Lögreglumaður sá, sem rannsóknina annaðist, Eggert Nordahl Bjarnason, taldi, að verið gæti, að framburður Birgis væri réttur í þessum efnum.

Birgir kvaðst hafa borið á annan veg áður fyrir dómi um atvik málsins vegna þess, að hann hefði hræðzt, að hann yrði sakaður um hlutdeild í akstrinum, þar sem honum hefði verið kunnugt um, að þeir Egill og Guðlaugur voru sviptir ökuréttindum.

Birgir staðhæfði í þessu sama réttahaldi, að þeir Egill hefðu sammælzt um, eftir að málið kom fyrir dóm, að Birgir bæri á þann veg fyrir dómi, sem raun varð á, og þessar ákvarðanir um rangan framburð hans verið gerðar að beiðni Egils í því skyni, að hann slyppi við refsingu. Hefðu þeir rætt málið saman oftar en einu sinni og einnig hefði verið talað við Sigurð Ívar um, að Birgir viðurkenndi aksturinn austur að Ölfusá.

Laugardaginn 18. desember 1971 játaði ákærði Egill loks fyrir dómi, að hann hefði sjálfur ekið bifreið sinni laugardagsmorguninn 7. ágúst 1971, neytt nokkurs áfengis við aksturinn, en ekki taldi hann sig hafa fundið til áhrifa áfengis. Ákærði Egill kvaðst hafa haldið áfram drykkju um daginn og því hefði hann beðið

Guðlaug bróður sinn, sem komið hefði á veiðistað, að aka fyrir sig bifreiðinni og Guðlaugur ekið þeim að Flúðum og aftur að Selfossi, en þar hefði þeim bræðrum orðið sundurorða og hann því sjálfur ekið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum frá Selfossi og þar til bifreiðin hafnaði utan vegar.

Ákærði Egill játaði fyrir dómi, að hann hefði sammælzt við þá Birgi og Sigurð Ívar um rangan framburð þeirra fyrir dómi, og vildi hann ekki hreyfa athugasemdum við framburðum þeirra þessu viðvíkjandi, nema hvað hann taldi nokkuð sterkt til orða tekið hjá þeim, að hann hefði beðið þá að skýra rangt frá, þar sem hann teldi, að í samtölum þeirra hefði meira komið fram óbein beiðni hans til þeirra um rangan framburð fyrir sakadómi.

Með eigin játningu ákærða Egils, sem er í samræmi við framburð meðákærðu Birgis og Sigurðar Ívars og önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um verknaði þá, sem lýst er í ákærunni frá 4. nóvember 1971 og 19. maí 1972, að öðru leyti en því, að hann verður ekki sakfelldur fyrir akstur frá Ölfusá að Flúðum og þaðan að Selfossi. Brot ákærða Egils varða við refsiákvæði þau, sem í ákærum greinir, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir. Frá þeirri refsingu skal draga gæzluvarðhald ákærða 10.—18. desember 1971. Þá ber að dæma hann til að greiða 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæta fangelsi 2 daga, verði sú sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Með eigin játningu ákærða Birgis, sem er í samræmi við framburði meðákærðu Egils og Sigurðar Ívars sem og önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæru, dagsettri 19. maí 1972, og varðar við 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir. Frá refsingu ákærða skal draga gæzluvarðhald hans frá 10.—16. desember 1971.

Með eigin játningu ákærða Sigurðar Ívars, sem er í samræmi við framburði meðákærðu Egils og Birgis svo og önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um hegðun þá, sem réttilega er lýst í ákæru, dagsettri 19. maí 1972, og varðar hún við 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir, en með sérstakri hliðsjón af því, að ákærði Sigurður Ívar breytti af sjálfsdáðum framburði sínum í rétt horf, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkveðningu dómsins að telja, haldi hann almennt

skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða Egil til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00, ákærða Birgi til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Knúts Bruuns héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00, og ákærða Sigurð Ívar til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, en allan annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Egill Grímsson Thorarensen sæti fangelsi 4 mánuði. Fra þeirri refsingu skal draga gæzluvarðhald hans frá 10.—18. desember 1971. Ákærði greiði 3.000 kr. sekt til ríkissjóðs, en sæti fangelsi 2 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Birgir Þorvaldsson sæti fangelsi 3 mánuði, en frá þeirri refsingu skal draga gæzluvarðhaldsvist hans frá 10.—16. desember 1971.

Ákærði Sigurður Ívar Sigurðsson sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Egill greiði másvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Ásgeirssonar héraðdómslögmanns, kr. 12.000.00, ákærði Birgir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Knúts Bruuns héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00, og ákærði Sigurður Ívar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, en annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. október 1973.

Nr. 82/1972: **Kaupfélag Skagfirðinga**
(Guðmundur Skaftason hrl.)
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs á Sauðárkróki f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Lögtak. Skattamál. Tekjuskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. júní 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram endurrit af fundargerðum aðalfundar, stjórnafunda og fulltrúafundar Kaupfélags Austur-Skagfirðinga, sameiginlegs fundar fulltrúa Kaupfélags Skagfirðinga og Kaupfélags Austur-Skagfirðinga svo og endurrit af fundargerðum deildarfunda í báðum félögunum, en á fundum þessum var fjallað um sameiningu félaganna.

Tilkynning til samvinnufélagaskrár um sameiningu félaganna er dagsett 23. og 24. apríl 1970 og birtist í Lögbirtingablaði, sem út kom 22. maí 1970.

Samkvæmt málflutningi aðilja hér fyrir dómi snýst mál þetta nú einungis um það, hvort áfrýjanda hafi á framtali sínu 1970 verið heimilt að draga frá tekjum sínum tap Kaupfélags Austur-Skagfirðinga á árunum 1967 og 1968, samtals kr. 4.428.376.00. Á framtali áfrýjanda 1970 eru tekjur og gjöld Kaupfélags Skagfirðinga og Kaupfélags Austur-Skag-

firðinga á árinu 1969 talin fram í einu lagi, en Kaupfélag Austur-Skagfirðinga taldi ekki fram til skatts fyrir skattárið 1969.

Í lögum nr. 90/1965, er giltu á þeim tíma, sem hér er um fjallað, voru ekki ákvæði um heimild félaga, er sameinast, til að draga tap eldra félags eða félaga frá tekjum hins sameinaða félags samkvæmt 2. mgr. B lið 11. gr. laganna. Var því áfrýjanda óheimill frádráttur á töpum Kaupfélags Austur-Skagfirðinga. Samkvæmt þessu og þar sem ekki er deilt um fjárhæðir lögtakskröfunnar, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um, að lögtak skuli fram fara.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Sauðárkróks 29. maí 1972.

Gerðarbeiðandi, innheimtumaður ríkissjóðs á Sauðárkróki, hefur krafizt þess *aðallega*, að lögtak verði látið fram fara í eignum gerðarþola, Kaupfélags Skagfirðinga, Sauðárkróki, til tryggingar kr. 522.145.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði frá 1 janúar 1971 til greiðsludags auk alls kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til þess skyldi koma, en *til vara* er þess krafizt, að hin umdeilda frádráttar- eða yfirfærsluheimild, sem gerðarþoli telur sér, taki einungis til tapa á þeim rekstri eða rekstrargreinum Kaupfélags Austur-Skagfirðinga, sem nú séu reknar af gerðarþola eftir svonefnda sameiningu þessara tveggja samvinnufélaga. Hann krefst málskostnaðar úr hendi gerðarþola vegna flutnings fógetamáls þessa.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að gerð þessi nái fram að ganga. Krafizt er málskostnaðar vegna flutnings fógetamáls þessa.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 25. apríl s.l. Það var enduruppteki 16. þessa mánaðar til frekari athugunar, en síðan tekið til úrskurðar á nýjan leik sama dag.

Hinn 7. ágúst 1970 kvað bæjarfógetinn á Sauðárkróki upp lögtaksúrskurð samkvæmt 3. gr. lögtakslaga 29/1885 varðandi þinggjöld í Sauðárkrókskaupstað 1970. Er fógeti reyndi lögtak hjá Kaupfélagi Skagfirðinga hinn 11. nóvember 1970, komu fram mótmæli gegn framgangi lögtaks. Bæjarfógeti, Jóhann Salberg Guðmundsson, kvað þá þegar upp úrskurð á þá lund, að hann viki sæti í málinu, þar eð hann á sæti í stjórn gerðarþola þess. Um þessi atriði vísast til rskj. nr. 1 í málinu.

Hinn 12. febrúar 1971 var Þorsteinn Thorarensen lögfræðingur, Reykjavík, skipaður til þess að fara með mál þetta og kveða upp úrskurð í því, sjá bréf dómsmálaráðuneytisins, lagt fram sem rskj. 2. Hefur hann kveðið upp þennan úrskurð.

Þegar rekja skal atvik máls þessa, þykir þörf á að geta þess í upphafi, að á aukafundi Kaupfélags Skagfirðinga á Sauðárkróki, sem haldinn var 11. apríl 1969, lá fyrir til umræðu tillaga um sameiningu þess félags og Kaupfélags Austur-Skagfirðinga, Hofsósi. Samþykkti þessi fundur ályktun um sameiningu félaganna á grundvelli 27. gr. laga nr. 46/1937 og jafnframt að fyrir hið sameinaða félag skyldu gilda samþykktir Kaupfélags Skagfirðinga. Þessi ályktun var borin undir aðalfund Kaupfélags Skagfirðinga hinn 19. júní 1969, og var á hana fallizt. Hinn 28. sama mánaðar var haldinn aðalfundur Kaupfélags Austur-Skagfirðinga, og var sameiningin samþykkt þar með þeim ákvæðum, sem nefnd hafa verið. Fundargerðir þessar liggja fyrir í málinu sem rskj. 15, 16 og 17.

Þann 22. ágúst 1969 var síðan gert formlegt samkomulag um sameiningu þessara tveggja félaga, og fer það hér á eftir:

„SAMKOMULAG

Kaupfélag Austur-Skagfirðinga, Hofsósi, og Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki, gera með sér svohljóðandi

samkomulag

um sameiningu félaganna:

1. Kaupfélag Austur-Skagfirðinga gengur frá sölu á hraðfrystihúseignum sínum til Hraðfrystihússins h.f. á Hofsósi fyrir samningsverð kr. 5.000.000.00 með þeim skilmálum, sem fram eru settir í uppkasti að afsali.

2. Jafnhliða kaupum sínum á frystihúseignunum geri Hraðfrystihúsið h.f. samning við Kaupfélag Skagfirðinga um aðstöðu til slátrunar, frystingar og geymslu sláturfjárafurða í samræmi við fyrirliggjandi samningsuppkast.

3. Útg. skuldabréf af Hraðfrystihúsinu h.f. á Hofsósi að fjárhæð kr. 1.500.000.00 tryggt með veði í hinum keyptu eignum verði að auki tryggt með sjálfskuldarábyrgð Hofsóshrepps og beri hæstu lögleyfðu vexti.

5. Að Búvörudeild S.Í.S. tryggi, að endanlegt afurðaverð til Kaupfélags Austur-Skagfirðinga, Hofsósi, verði eigi lægra en reiknað er með á „próforma" reikningum, sem uppgjör Egils Sigurðssonar, endurskoðanda, er byggt á.

6. Kaupfélag Skagfirðinga áskilur sér að fá stofnsjóðsinnstæðu Kaupfélags Austur-Skagfirðinga í sambandsstofnsjóði útborgaða eða tilsvarandi fjárhæð að láni hjá S.Í.S. með kjörum, sem fari eftir sérstöku samkomulagi.

7. Sameining félaganna fari fram með þeim hætti, að Kaupfélag Skagfirðinga taki við eignum og skuldum Kaupfélags Austur-Skagfirðinga samkvæmt reikningsuppgjöri Egils Sigurðssonar, endurskoðanda, dags. 15. ágúst s.l. Tekið er fram af hálfu Kaupfélags Skagfirðinga, að það sé forsenda fyrir sameiningu félaganna, að Kaupfélag Austur-Skagfirðinga, Hofsósi, eigi fyrir skuldum, og telst svo vera samkvæmt því eignamati, sem fylgir áðurgreindu uppgjöri og Kaupfélag Skagfirðinga samþykkir fyrir sitt leyti, en eignir félagsins eru taldar á matsverði kr. 18.924.-742.00 og skuldir uppfærðar kr. 18.723.779.51.

Nú koma fram óbókfærðar kröfur á Kaupfélag Austur-Skagfirðinga, sem nema hærri fjárhæð en óbókfærðar kröfur félagsins á aðra. Skal sá halli, sem við það myndast, greiðast með fjárframlagi að ⅓ hluta frá S.Í.S., ⅓ hluta frá Kaupfélagi Skagfirðinga og afgangur, ⅓ hluti, komi frá Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga með þeim hætti, sem stjórn þess félags ákveður, en heimilt er að afskrifa þennan hluta hallans yfir stofnsjóð félagsmanna í Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga, verði hann ekki jafnaður með öðrum hætti, en stjórn þess félags ákveður, hvernig hallinn skiptist á einstaka stofnsjóðsreikninga.

8. Þegar framangreindum ákvæðum er fullnægt, eru aðilar sammála um, að félögin sameinist samkvæmt ákvæðum 27. gr. l. nr. 46/1937 um samvinnufélög.

9. Samkomulag þetta er undirritað með þeim fyrirvara, að til komi samþykki stjórna félaganna og samþykki forráðamanna Sambands ísl. samvinnufélaga.

Reykjavík, 22. ágúst 1969."

Skjal þetta er lagt fram sem rskj. nr. 14 í máli þessu. Dagana

23. og 24. apríl 1970 var undirrituð af stjórnarmönnum Kaupfélags Skagfirðinga svo og þeim, sem sæti höfðu átt í stjórn Kaupfélags Austur-Skagfirðinga, tilkynning til samvinnufélagaskrár Skagafjarðarsýslu um, að þessi tvö samvinnufélög hafi verið sameinuð samkvæmt ákvæðum laga 46/1937, 27. gr., og að framvegis verði reksturinn undir nafni Kaupfélags Skagfirðinga, Sauðárkróki. Óskist því firmanafn Kaupfélags Austur-Skagfirðinga, Hofsósi, felt út úr samvinnufélagaskránni. Sjá rskj. 19.

Þá liggur fyrir í máli þessu sem rskj. 7 samrit af framtali Kaupfélags Skagfirðinga árið 1970. Þar er þess getið, að marknefnd samvinnufélög hafi sameinast á árinu 1969 og að efnahagsreikningar beggja félaganna séu lagðir til grundvallar við þar meðfylgjandi reikningsgerð. Þykir ekki full ástæða til að fara nánar út í skjal þetta eða fylgiskjöl í heild, nema að því leyti að geta ber þess, að á ársreikningum Kaupfélags Austur-Skagfirðinga pr. 31. desember 1968 nemur rekstrarhalli kr. 2.239.533.72, en á ársreikningi Kaupfélags Skagfirðinga pr. 31. desember 1969 er hallareikningur fyrrnefnds félags færður til gjalda með kr. 4.652.71. Sjá hér rskj. 12 og 18.

Skattstjóri Norðurlandsumdæmis vestra skrifar Kaupfélagi Skagfirðinga bréf hinn 30. maí 1970 og kveðst gera félaginu viðvart um nánar tilgreindar breytingar á skattframtali félagsins árið 1970, og vísar skattstjóri til 37. greinar laga 90/1965 í þessu sambandi. Hann tekur fram í bréfi þessu, að athugasemdir við ofangreindar breytingar, ef fram komi af hálfu kaupfélagsins, verði teknar sem skattkæra og teknar til greina því aðeins, að fram komi sönnunargögn varðandi þau atriði, sem breytt var, en frestur til að skila kæru verði að öðru leyti auglýstur síðar. Sjá rskj. 10 í málinu.

Engar athugasemdir bárust skattstjóra viðvíkjandi erindi hans á rskj. 10 og síðan var samkvæmt skattreikningi 1970, rskj. 1, gerð þinggjaldaálagning á hendur Kaupfélagi Skagfirðinga á þessa leið:

1.	Tekjuskattur	kr.	529.381.00
2.	Eignarskattur	—	284.100.00
3.	Slysatryggingagjald atvinnurekenda	—	35.359.00
4.	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	—	299.376.00
5.	Atvinnuleysistryggingagjald	—	140.987.00
6.	Launaskattur	—	932.00
7.	Iðnlánasjóðsgjald	—	30.800.00

8. Iðnaðargjald ..... kr. 10.107.00

Samtals kr. 1.331.042.00

Á sama réttarskjali kemur fram í sérstakri kvittun, að kaupfélagið hefur á árinu 1970 borgað kr. 250.000.00 upp í lið nr. 2, eignarskatt, en liði nr. 3, 4, 5, 6, 7 og 8 hefur félagið greitt að fullu, alls kr. 787.561.00, en skuld samkvæmt skattreikningi þessum nam þannig kr. 563.481.00.

En að öðru leyti kærði Kaupfélag Skagfirðinga álagningu tekjuskatts og eignarskatts með bréfi til skattstjóra, dags. 22. júní 1970, og er bréf þetta lagt fram sem rskj. 4. Í upphafi bréfsins er þess getið, að kaupfélögin tvö hafi sameinazt á árinu 1969 samkvæmt ákvæðum 27. gr. laga 46/1937. Kaupfélag Austur-Skagfirðinga hafi átt allverulegan rekstrarhalla frá fyrri árum, sem því hefði verið heimilt að yfirfæra samkvæmt ákvæðum B liðs 11. gr. laga 90/1965, hefði það haldið áfram að starfa sem sjálfstætt félag. Verði því að líta svo á, að þessi rekstrarhalli sé yfirfæranlegur til hins sameinaða félags sem hver önnur eign, enda hafi það af sjálfu sér tekið við öllum skyldum og réttindum beggja félaganna, sbr. hér að framan tilvitnaða lagagrein. Muni það og vera skilningur skattayfirvalda, að heimilt geti verið að yfirfæra tap milli félaga. Þá eru gerðar athugasemdir við álagningu eignarskatts.

Þann 1. september 1970 kvað skattstjóri upp úrskurð um skattkæru þessa. Vísar skattstjóri á bug þeirri skoðun kæranda, að heimild til að flytja rekstrartap á milli ára megi yfirfærast á annan skattaðilja, en hið sameinaða félag sé að sjálfsögðu nýr skattaðili, sem hafi sömu aðstöðu og nýstofnað félag. Svo sé og fyrir mælt í 27. gr. laga 46/1937, að sameinist samvinnufélög, þá skuli afmá nöfn hinna einstöku félaga úr samvinnufélagaskrá, en hið nýja sameinaða félag verði að sjálfsögðu að skrá lögum samkvæmt. Nú hafi Kaupfélag Austur-Skagfirðinga horfið úr félagatölu og ferli þess sem skattaðilja sé þannig lokið og geti það því ekki framselt rétt, sem því einu sinni hafi verið bundinn. Þannig var úrskurðað, að tekjuskattur skyldi óbreyttur standa, en að öðru leyti jafnframt úrskurðað, að eignarskattur skyldi hækka úr kr. 284.100.00 í kr. 293.002.00. Eins og að framan segir, hefur gerðarþoli, Kaupfélag Skagfirðinga, greitt kr. 250.000.00 upp í þá kröfu. En er mál þetta var nú tekið til úrskurðar, féllst umboðsmaður gerðarbeiðanda á það sjónarmið, sem

umboðsmaður gerðarþola setti fram í málinu, að eignarskattur, er skattstjóri hafði sett gerðarþola, hafi verið of álagður um kr. 50.238.00, og er því ekki þörf á að rekja nánar þau sjónarmið varðandi þennan lið þinggjalds, sem til tals hafa komið í málinu, í skjölum og málflutningi.

Af hálfu gerðarbeiðanda er það vefengt, að löglega hafi verið staðið að sameiningu þessara tveggja samvinnufélaga, Kaupfélags Austur-Skagfirðinga og Kaupfélags Skagfirðinga, hvort sem litið sé á fundatölu, fundarsókn og afgreiðslu í félagsdeildum. Hann heldur því fram, að hér hafi aðeins verið um að ræða yfirskynsgerð til þess að reyna að njóta skattfríðinda. Þá er vefengt, að skráning hafi farið löglega fram. En jafnvel þótt segja mætti, að sameining hafi átt sér stað, er því haldið fram, að tekjuskattsfríðindi þau, er gerðarþoli telur sér, komi ekki til álita. Heimilt sé að vísu samkvæmt B lið 11. greinar laga nr. 90/1965, en samkvæmt lögum þeim ber að úrskurða mál þetta, að yfirfæra rekstrartöp sama aðilja milli ára, en þetta sé einber undantekningarregla. Hvergi sé aftur á móti heimild til að yfirfæra rekstrartöp á milli skattaðilja. Til þess yrði sjálfsagt að vera ljós heimild berum orðum. Hið sameinaða félag, Kaupfélag Skagfirðinga, yrði að vera algerlega nýtt félag, stofnað á grunni eigna og skulda hinna fyrri félaga, en eigi ella engan skattalegan rétt frá þeim, er yfirfærður verði. Jafnvel þótt talið yrði, að einhver yfirfærsluréttur kæmi til greina, þá gæti hann aðeins náð til tapa frá þeirri starfrækslu, sem félögin, annað eða bæði, hefðu hafið og sem hið sameinaða félag síðan haldið áfram. En nú hafi Kaupfélag Austur-Skagfirðinga verið búið að selja hraðfrystihús sitt, áður en sameiningin átti sér stað, en frá þeim rekstri hafi verulegasti hluti rekstrartapanna stafað samkvæmt því, sem er fram komið í málinu. Rekstrartap árið 1967 hafi t. d. numið kr. 1.499.356.00, en kr. 784.519.00 árið 1968, en nánar kveðst umboðsmaður gerðarbeiðanda geta útfært þetta tölulega séð, þar eð gerðarþoli hafi vikizt undan þeirri áskorun hans að upplýsa um rekstrartöp af hraðfrystihúsi þessu árin 1966 og 1969.

Af hálfu gerðarþola er fyrst vísað til þess, að umrædd tvö samvinnufélög hafi runnið saman í eitt félag. Þau haldi áfram að starfa sem eitt félag og engar útborganir á stofnsjóðum eða á eigin fé hafi farið fram til félagsmanna. Skuldbindingar félaganna hafi færzt yfir á hið sameinaða félag og að sama skapi eignir og réttindi þeirra sem heildar. Skipti engu máli, þó rétt-

indi eða skyldur séu opinbers eðlis eða réttarlegar. Hér sé engan veginn um það að ræða að flytja rekstrartöp á milli skattaðilja, eins og gerðarbeiðandi láti í skína. Það, sem gerzt hafi, sé einvörðungu það, að tvær fjármagnsheildir hafi runnið saman í eina heild, hagfræðilega skoðað, og tvær lögpersónur í eina, lögfræðilega skoðað. Enginn nýr aðili hafi orðið til. Kaupfélag Austur-Skagfirðinga hafi átt réttinn til yfirfærslu tapsins, áður en af sameiningu varð, og lagt hann fram sem hverja aðra eign.

Þá mótmælir umboðsmaður gerðarþola þeirri staðhæfingu umboðsmanns gerðarbeiðanda, að sameining félaganna hafi orðið með hrapalegum hætti. Hann vísar sérstaklega til rskj. 15, sem er fundargerð fulltrúafundar frá deildum Kaupfélags Skagfirðinga, og rskj. 16 og 17, sem eru aðalfundargerðir beggja félaganna. Sameiningin hafi verið samþykkt í báðum félögum, en fundir í hinum ýmsu deildum hafi enga þýðingu í þessu sambandi, þó máske kynnu að vera smávegis formsatriði, sem hlaupið hafi verið yfir, þá sé óeðlilegt, að þau hafi þýðingu til úrslita, og þetta eigi aðeins við, að því er varðar Kaupfélag Austur-Skagfirðinga, en sameiningin hafi alfarið verið í þágu félagsmanna þess. En á það sé að líta, að lög 46/1937 gefi sáralitla tilsögn um formlega aðferð við sameiningu. Hvað skráningu bæjarfógeta snerti, geti gerðarþoli þar litlu ráðið og sé skráningin á embættisábyrgð þess valdsmanns, en forráðamenn gerðarþola hafi gert hreint fyrir sínum dyrum með tilkynningu til samvinnufélagaskrár. Því er algerlega mótmælt, að annarlegar ástæður hafi legið að baki sameiningarákvörðun félaganna, svo sem skattalegar, og er um þetta vísað til framburðar Björns Hermannssonar, sem var lögfræðilegur ráðunautur forsvarsmanna Kaupfélags Austur-Skagfirðinga á undanfarandi samningafundum. Þar kemur og fram, að forsvarsmenn Kaupfélags Skagfirðinga hafi helzt viljað yfirtaka eignir Kaupfélags Austur-Skagfirðinga, en úr þeirri átt hafi ekki verið léð máls á öðru en algerri sameiningu.

Í 27. gr. laga nr. 46/1937 virðist vera út frá því gengið, að félög, sem sameinast hafa, ljúki þar með tilveru sinni, en nýtt félag, ný lögpersóna, hefji um leið feril sinn. Þar með verður til nýr skattaðili. Af hálfu gerðarþola hefur ekki verið sýnt fram á, að sameining hinna tveggja samvinnufélaga hafi farið fram með þeim hætti, sem áminnzt lagagrein tilskilur. Hins vegar er það komið fram, að Kaupfélag Austur-Skagfirðinga hefur hætt starfsemi sinni. Af þessum ástæðum, hvorri fyrir sig og báðum til samans, svo og því, að lagaheimild skortir fyrir því, að rekstrar-

tap megi yfirfæra milli skattaðilja, verður að vísa á bug mótmælum gerðarþola gegn réttmæti tekjuskattsálagningar.

Verður umbeðið lögtak látið ná framgangi til tryggingar kr. 522.145.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 1. janúar 1971 til greiðsludags svo og til tryggingar öllum kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til þess kemur.

Úrskurða ber málskostnað á hendur gerðarþola. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 70.000.00.

Því úrskurðast:

Að kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð fer fram lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar kr. 522.145.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 1. janúar 1971 til greiðsludags svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 70.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. október 1973.

Nr. 84/1972: **Kaupfélag Suður-Borgfirðinga og**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
Samband íslenzkra samvinnufélaga
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Helga Bergþórssyni og gagnsök
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason, prófessor Gaukur Jörundsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. júní 1972. Aðaláfrýjandi Samband

íslenzkra samvinnufélaga hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. júlí 1972. Báðir aðaláfrýjendur krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. júlí 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 528.722.80 með 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi fallið frá kröfu sinni um, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Arnarfelli.

Atvik slyssins eru greind í héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega á það fallast, að skipverji sá, sem stjórnaði vindum skipsins, hafi dregið vindubyrðina of hratt og óvarlega upp úr lestinni í umrætt sinn.

Starfsmaður aðaláfrýjanda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga hafði á hendi verkstjórn um borð og gaf fyrirmæli um, að 10 sekkir, samtals um 635 kg, skyldu vera í hverri vindubyrði. Hins vegar var leyfilegt burðarþol byrðarbanda þeirra, er notuð voru, eigi meiri en 625 kg. Maður sá, er verkstjórinn fól að vera á lestarverði við lest þá, sem gagnáfrýjandi starfaði í, hafði eigi unnið við þau störf áður, og var honum þó jafnframt falið að hafa á hendi talningu vara þeirra, er skipað var upp úr lestinni. Samstarfsmenn gagnáfrýjanda í lestinni hafa borið, að byrðarnar hafi yfirleitt verið dregnar hratt og gálauslega upp úr lestinni um morguninn. Verður að telja, að verkstjóra og lestarverði hafi borið að gæta þess, að vindumenn drægju upp byrðarnar með nægilegri varúð, en þeir hafi látið það undir höfuð leggjast. Verður slysið því einnig rakið til vangæzlu þeirra.

Aðaláfrýjandi Samband íslenzkra samvinnufélaga gerði m/s Arnarfell út og bar sem farmflytjanda að annast affermingu skipsins á Akranesi. Ekki eru bornar brigður á, að vindumaðurinn hafi starfað í þágu skipsins, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1963. Samkvæmt þessu og því, sem áður greinir um óvarkárni vindumanns, ber Samband íslenzkra sam-

vinnufélaga fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda án þess að athuga þurfi sérstaklega um skaðabótaskyldu þess vegna vinnubragða annarra manna, sem að affermingunni unnu.

Samband íslenzkra samvinnufélaga fól aðaláfrýjanda Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga að annast affermingu m/s Arnarfells, en lét í té til verksins affermingartæki skipsins og áhöld sem og menn til að stjórna skipsvindum. Aðra menn, sem að affermingunni unnu, réð aðaláfrýjandi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga, hann galt þeim laun, og einn af starfsmönnum hans hafði á hendi verkstjórn við uppskipunina. Samkvæmt þessu og því, sem fyrr segir um vangæzlu verkstjóra og lestarvarðar, verður að telja, að Kaupfélag Suður-Borgfirðinga beri einnig skaðabótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að skort hafi á aðgæzlu gagnáfrýjanda við starf sitt. Ber að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um sakarskiptingu.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, krafðist gagnáfrýjandi í stefnu bóta að fjárhæð kr. 600.000.00. Í framhaldsgreinargerð sinni 29. september 1967 lækkaði hann bótakröfu sína í kr. 328.843.80. Á dómþingi 14. janúar hækkaði hann kröfu sína í kr. 454.607.80 með hliðsjón af nýjum örorkutjónsreikningi og kostnaði við hann.

Aðaláfrýjendur samþykktu, að þessi hækkun kæmist að í málinu án framhaldsstefnu. Kröfu sína þá sundurliðaði gagnáfrýjandi þannig:

1.	Bætur fyrir tímabundna örorku að frádregnum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins og aðaláfrýjendum	kr. 41.205.80
2.	Bætur fyrir varanlega örorku	— 371.367.00
3.	Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 35.000.00
4.	Útlagður kostnaður	— 7.035.00
		Kr. 454.607.80

Er málið var dómtekið hinn 5. apríl 1972, krafðist gagnáfrýjandi bóta að fjárhæð kr. 528.722.80. Hækkaði hann kröfu

sína um bætur fyrir varanlega örorku í kr. 444.682.00 með hliðsjón af nýjum örorkutjónsreikningi og útlagðan kostnað um kr. 800.00. Af hendi aðaláfrýjanda var þessari hækkun á kröfum mótmælt.

Um 1. og 2. kröfulið.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lagt fram tvo nýja örorkutjónsreikninga Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings, annan frá 26. febrúar 1973, þar sem hann með líkindareikningi áætlar tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku kr. 502.404.00, og hinn frá 24. september 1973, þar sem hann á sama hátt áætlar tjónið kr. 568.870.00. Stafa breytingar þessar af hækkun kaupgjalds.

Þegar virtar eru afleiðingar slyss þessa fyrir gagnáfrýjanda og önnur þau atriði, sem hér skipta máli, þykir rétt að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð þessa tjóns gagnáfrýjanda og taka þennan kröfulið til greina með kr. 360.000.00.

Um 3. kröfulið.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um þennan kröfulið og taka hann til greina með kr. 35.000.00.

Um 4. kröfulið.

Þennan kröfulið ber að taka til greina með kr. 7.035.00, en hann hefur ekki sætt andmælum.

Samkvæmt þessu telst tjón gagnáfrýjanda, sem hér skiptir máli, kr. 402.035.00. Ber aðaláfrýjendum að bæta 4/5 hluta þess óskipt, eða kr. 321.628.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 90.000.00.

Mál þetta var þingfest í héraði 13. janúar 1967. Fengu umboðsmenn aðilja síðan fjölmarga fresti til 9. febrúar 1968, að bókað er í þingbók, að þeir hafi fengið sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma. Næst var þingað í málinu 14. janúar 1971 og því þá frestað til 18. febrúar s. á. Fór

þá fram munnlegur málflutningur, og málið var dómtekið. Hinn 17. marz 1971 var málið enn tekið fyrir á dómþingi og þess þá getið, að það sé endurupptekið til gagnaöflunar. Kom þá einn maður fyrir dóm, sem áður hafði gefið skýrslu í málinu, og ljósmyndir voru teknar af skipinu. Síðan gerðist ekkert í málinu fyrr en 5. apríl 1972, að það var flutt munnlega af nýju og dómtekið. Ber að víta hinn óþarfa drátt, sem orðið hefur á rekstri málsins.

Það athugast, að í héraðsdóm eru tekin upp nær orðrétt flest gögn málsins án úrvinnslu. Er þetta andstætt ákvæðum 193. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Kaupfélag Suður-Borgfirðinga og Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Helga Bergþórssyni, kr. 321.628.00 með 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1966 til greiðsludags og kr. 90.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. apríl 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Bergþór Guðmundsson, Eystra-Súlunesi, Melasveit, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur f. h. ófjárráða sonar síns, Helga Bergþórssonar, Eystra-Súlunesi, Melasveit, með stefnu, birtri 7. janúar 1967, gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Reykjavík, og Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 600.000.00 auk 1% vaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. janúar 1965 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Þá er þess krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Arnarfelli til tryggingar greiðslu tildæmdra krafna í málinu. Í framhaldsgreinargerð stefnanda á dskj. nr. 4, hefur hann lækkað stefnukröfuna í kr. 328.843.80. Kveður hann hina upphaflega stefnufjárhæð, kr. 600.000.00, hafa verið áætlunarfjárhæð, þar sem örorkumat og útreikningar á örorkutjóni hafi ekki legið fyrir, þegar stefnt var í málinu. Þá

er og við framangreinda lækkun stefnukröfunnar gerð sú breyting á vaxtakröfu, að krafizt er 1% á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 350.561.00 frá 10. janúar 1966 til 20. ágúst 1966, af kr. 323.308.00 frá þeim degi til 31. júlí 1967 og af kr. 328.843.80 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Enn fremur er krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Arnarfelli til tryggingar greiðslu tildæmdra krafna í málinu.

Í þinghaldi í málinu hinn 14. janúar 1971 hækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 454.607.00 vegna nýs útreiknings á örorkutjóni stefnanda og lækkaði jafnframt vaxtakröfuna í 7% ársvexti af kr. 474.824.00 frá 10. janúar 1966 til 20. ágúst sama ár og sömu ársvexti frá 21. ágúst 1966 af kr. 447.572.00 til 31. júlí 1967 og sömu ársvexti af kr. 474.607.00 frá þeim degi til greiðsludags. Samþykktu lögmenn hinna stefndu, að breytingar þessar á kröfum stefnanda kæmust að í málinu án framhaldsstefnu.

Í þinghaldi 5. apríl 1972, er málið var endanlega dómtekið, hækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 528.722.80 og krafðizt 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 10. janúar 1966 til greiðsludags. Stafar hækkun þessi af nýjum örorkutjónsútreikningi, dags. 15. desember 1971, sem lagður var fram þá.

Þá er stefnt til réttargæzlu í málinu Trolle & Rothe h/f, Reykjavík, sem umboðsaðilja vátryggjenda m/s Arnarfells, Assurance Foreningen Skuld og Samvinnutryggingum, en þar kveður stefnandi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga hafa haft ábyrgðartryggingu vegna slyss eins og þess, sem bóta er krafizt fyrir í málinu, en útgerð og eigendur m/s Arnarfells, S. Í. S., hafi haft hana hjá Assurance Foreningen Skuld. Á hendur hinum réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar. Þeir hafa og eigi heldur neinar kröfur gert.

Málavöxtum er lýst svo í stefnu, að hinn 10. janúar 1965 hafi stefnandi verið að vinna í lest m/s Arnarfells við bryggju á Akranesi við að skipa upp maísfarmi. Hafi þá það slys átt sér stað, að heisi með maíspokum hafi fallið við hífingu frá efra lúguopi og lent á stefnanda, sem hafi verið niðri í lestinni, með þeim afleiðingum, að hægri lærleggur hans hafi brotnað svo og báðar pípur hægra framhandleggs. Stefnandi kveður stefnda Kaupfélag Suður-Borgfirðinga hafa átt farminn, sem verið var að skipa upp í umrætt sinn, og hafi skrifstofustjóri Kaupfélagsins, Ólafur J. Þórðarson, annazt ráðningu manna til uppskipunarinnar og ráðið m. a. stefnanda til þess starfs. Einnig hafi nefndur skrifstofu-

stjóri annazt verkstjórn við uppskipunina vegna hins stefnda kaupfélags.

Rannsókn hefur farið fram í sakadómi Akraness vegna slyss þess, sem stefnandi varð fyrir hinn 10. janúar 1966, og hófst rannsóknin samdægurs og slysið átti sér stað. Verður nú rakið það helzta, sem fram hefur komið við nefnda sakadómsrannsókn í málinu.

Heiðar Kristinsson, 1. stýrimaður á m/s Arnarfelli, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á vakt í Arnarfelli, er slysið átti sér stað, en hafi verið staddur við afturlest nr. 3. Hann kveðst strax hafa farið fram á og litið niður í lestina og hafi þá maðurinn, þ. e. stefnandi, legið í lestinni við kantinn stjórnborðsmegin og ekkert ofan á honum. Stýrimaðurinn kveðst hafa farið niður á millidekkið og séð, að stefnandi var slasaður, og hafi hann ekki verið hreyfður, en strax sent eftir lækni og lögreglu, sem komið hafi eftir mjög stuttan tíma. Stýrimaðurinn kveðst ekki vita, hvort búið hafi verið að taka poka ofan af stefnanda, en telur það víst. Segir hann, að farið hafi verið með stefnanda strax á sjúkrahúsið. Skipað var upp úr lestum nr. 2 og 3 í einu. Stefnandi var í lest nr. 2, aftari framlest, og vann við að raða sekkjum eða pokum af maís í stroffu. Í hverri stroffu voru 10 pokar og hver poki 63.5 kg. Stýrimaðurinn kveðst hafa fengið upplýst, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að er verið var að hífa stroffu aftast í lestinni nr. 2 bakborðsmegin, hafi það viljað til, að stroffan hafi slegizt til og lent undir lúgukarminum stjórnborðsmegin og festst. Við það hafi stroffan slitnað og fallið niður í lestina. Þetta hafi verið í undirlest, sem verið var að vinna í. Stroffan hafi lent á einum verkamanninum, Helga Bergþórssyni, sem fyrr greinir. Þegar slysið hafi átt sér stað, hafi Þorleifur Björgvinsson háseti verið spilmaður, en Hafliði Guðmundsson, Akranesi, lúgumaður. Enn fremur muni bátsmaður, Hafsteinn Sigurðsson, hafa verið sjónarvottur. Stýrimaðurinn lýsir yfir, að stroffan hafi verið nýleg og ófúin, og afhenti hann hana í dóminum, eins og hún leit út eftir slysið. Stýrimaðurinn segir, að tveir flokkar hafi verið að vinna í lestinni og hafi verið fjórir í hvorum flokki.

Hafsteinn Ingvi Sigurðsson, bátsmaður á m/s Arnarfelli, hefur skýrt svo frá við sakadómsrannsókn í máli þessu, að hann hafi staðið við lestaropið, er slysið varð, og kveðst hafa séð, að heisið lenti undir efri lúgukarminum stjórnborðsmegin, en heisið hafi verið tekið úr neðri lest bakborðsmegin. Bátsmaðurinn segir, að ekkert óvenjulegt hafi verið við hífinguna, svo að hann

tæki eftir, enda komi það oft fyrir, að heisi rekist í lestarkarm. Bátsmaðurinn segir, að sekkirnir úr stroffunni hafi lent ofan á manninum, án þess að stroffan leystist í sundur, en á eftir hafi maðurinn legið milli pokanna og sézt á höfuð hans og axlir. Hann kveðst strax hafa farið aftur á og náð í stýrimanninn. Bátsmaðurinn athugaði stroffuna og segir, að hún hafi verið nýleg. Hann kveðst hafa séð, er maður sá, er fyrir slysinu varð, hafi verið að ganga fram lestina stjórnborðsmegin, er stroffan lenti á honum. Hann telur, að stroffan hafi slitnað í lykkjunni niður við pokana.

Þorleifur Björgvinsson, háseti á m/s Arnarfelli, hefur skýrt svo frá í sakadómi við rannsókn málsins, að hann hafi verið nýbúinn að taka við stjórn á spilinu, er slysið varð. Hann kvaðst vera vanur spilmaður. Lúgumaður, sem hafi verið Hafliði Guðmundsson, hafi gefið merki um að hífa, og kveðst Þorleifur hafa horft á lúgumanninn og hafi allt virzt ganga eðlilega. Hann segir, að sér hafi verið litið niður í lúguna og hafi hann séð á heisið við lúgukarminn stjórnborðsmegin. Þá kveðst hann hafa orðið var við dálítinn rykk og hafi stroffan slitnað og heisið fallið ofan í lestina. Hann kveðst hafa stöðvað spilið samstundis. Hann kveðst strax hafa gengið að lestaropinu og litið niður í lestina. Sá hann þá mann liggja í lestinni stjórnborðsmegin, og kveðst hann ekki muna, hvort pokar lágu að einhverju leyti ofan á honum. Hann telur, að að minnsta kosti hafi verið axlarhæð frá neðri lestarkarmi og niður á pokana, þar sem maðurinn lá.

Vilberg Helgason, starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins, hefur mætt í sakadómi við rannsókn málsins og skoðað stroffu þá, sem slitnaði, er slysið varð um borð í m/s Arnarfelli hinn 10. janúar 1966. Hann telur, að stroffan sé úr sísal, sverleiki að ummáli 3 enskar tommur, eða 24 mm í þvermál. Honum virtist stroffan vera dálítið lúin, en að öðru leyti óskemmd, en margslitin. Öryggisetirlitsmaðurinn segir, að leyfilegur þungi á þessari stroffu sé 625 kg samkvæmt töflu, er Öryggiseftirlit ríkisins hafi gefið út, og segir hann slitþol þessa tógs vera um 4 tonn. Þó tekur hann fram, að taflan sé miðuð við manillatóg, en sísaltóg sé nokkru veikara.

Vitnið Guðmundur Óskarsson, sem kveðst hafa verið ráðið af Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga við uppskipun úr m/s Arnarfelli áðurgreindan dag, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið að vinna í aftari lestinni að framan og hafi verið þar þrjú gengi. Vitnið kveðst hafa unnið með Ólafi bróður sínum við að setja maíspoka í stroffu. Vitnið kveður stefnanda hafa unnið á móti Ólafi Magn-

ússyni í Belgsholti. Í þriðja genginu hafi verið Guðmundur Andrésson á Galtalæk og Sæmundur stjúpfaðir hans, Sveinn Jóhannsson frá Akranesi og Sigurður Brynjólfsson, Gerði. Einnig hafi verið í miðri lestinni Ellert Haraldsson á Reyni, en vitnið man ekki með hverjum hann vann. Vitnið kveður þá Ellert og Sæmund hafa verið farna upp úr lestinni, þegar slysið varð. Vitnið segir, að Ólafur Þórðarson, starfsmaður Kaupfélags Suður-Borgfirðinga, hafi sagt þeim að fara til vinnu í lestinni, og segir vitnið, að hann hafi ekki eða neinn annar gefið þeim neinar leiðbeiningar eða fyrirmæli um vinnuna. Vitnið segir, að þegar stroffan slitnaði, hafi það staðið til hliðar bakborðsmegin, og var vitnið ekki að vinna. Segist vitnið hafa varazt að standa undir heisinu, meðn híft var. Vitnið segir, að einhverjir hafi verið að vinna, er stroffan slitnaði. Vitnið segir, að því hafi fundizt illa híft yfirleitt um morguninn. Það hafi verið híft mjög stíft og tekið hratt af stað og hafi ekki verið tími til að slá á stroffuna, til þess að betur strekktist á pokunum. Vitnið kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, hvernig híft var, þegar stroffan slitnaði, því að þetta hafi ekki verið heis frá þeim bræðrunum, það hafi verið frá Helga Bergþórssyni og Ólafi Magnússyni. Vitnið segir, að heisið hafi verið aftast úr lestinni, en man ekki, hvort það var til hliðar í skipinu eða bakborðsmegin. Vitnið kveðst hafa séð, að kast kom á heisið og að það slóst undir lúgukarminn stjórnborðsmegin og hafi heisið fallið niður í heilu lagi og stroffan með, án þess að pokarnir tvístruðust, og hafi heisið lent á Helga Bergþórssyni. Vitnið kveður Helga hafa verið að leggja stroffu þarna og hafi hann verið einn, en ekki kveðst vitnið muna, hvernig hann stóð þarna eða hvort hann var álútur við vinnuna, en heisið hafi lent á hægri hlið Helga. Vitnið segir, að pokarnir hafi legið ofan á fótum Helga og upp fyrir mitti. Kveðst vitnið ásamt öðrum, sem voru þarna niðri, hafa tekið pokana strax ofan af Helga, en ekki hreyft við honum. Vitnið kveður Helga ekki hafa misst meðvitund. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt nein hróp eða köll eða séð nein merki um aðvörun, er stroffan slitnaði. Vitnið kveðst telja, að stroffan hafi slitnað í króknum á heisivírnum.

Vitnið Ólafur Jón Þórðarson, skrifstofumaður hjá Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga, hefur skýrt svo frá í sakadómi, að það hafi f. h. Kaupfélags Suður-Borgfirðinga annast ráðningu manna til að skipa upp úr m/s Arnarfelli hinn 10. janúar 1966, meðal annars nokkra menn ofan úr sveitum. Það segir, að 9 menn hafi ver-

ið við vinnu við aftari framlest, en áður en slysið varð, hafi tveir verið farnir upp úr lestinni. Vitnið kveðst hafa verið verkstjóri við uppskipunina og hafi það gefið fyrirmæl um að láta 10 poka í stroffu í einu af maís, en í aftari framlest hafi verið eingöngu maís. Hver poki hafi verið 140 lbs., eða 63.5 kg. Vitnið kveðst ekki, áður en vinna hafi byrjað, sérstaklega hafa varað menn við hættu, t. d. að vera ekki undir heisinu, þegar híft hafi verið, en segist einu sinni hafa kallað til mannanna og beðið þá að sýna varkárni, því að það hafi komið nokkrum sinnum fyrir, að stroffan hafi dregizt upp, en pokarnir orðið eftir, þar sem stæðan hafi skekkzt. Vitnið segir, að Arnarfell hafi snúið stjórnborðshlið að bryggjunni og hafi skipið hallað lítið á stjórnborða, en ekki kveðst vitnið minnast þess, að alda hafi verið eða hreyfing á skipinu. Þegar slysið varð, kveðst vitnið hafa verið á dekkinu stjórnborðsmegin við spilið, framan við lestina, sem slysið varð í. Vitnið kveðst hafa verið að fylgjast með verkinu og segist þá hafa séð, um leið og það leit yfir lestina, að stroffan slóst út að lestarkarminum og slitnaði í heisivírskróknum. Hafi þá heisið fallið niður, og kveðst vitnið þá hafa heyrt hróp í ýmsum, en ekki veitt því athygli, hvort lúgumaðurinn hafi kallað aðvörunarorð. Þegar vitnið leit niður í lúguna, sá það, að pokarnir lágu ofan á Helga að neðanverðu, og voru mennirnir að ná pokunum af Helga. Vitnið segir, að Hafliði Guðmundsson hafi verið lúgumaður og hafi hann staðið stjórnborðsmegin við lúguopið. Spilmaður hafi verið skipsmaður, sem vitnið kveðst ekki þekkja. Vitnið segist hafa valið Hafliða sem lúguvörð og kveðst hafa treyst honum vel, en hann hafi lengi verið starfsmaður kaupfélagsins og aki olíubíl. Vitnið segir, að Hafliði hafi einnig skrifað það, sem skipað hafi verið upp, þ. e. talið heisin. Þá segir vitnið, að m/s Arnarfell hafi látið í té allan búnað og áhöld við uppskipunina, nema bílana. Kveðst vitnið ekki hafa sérstaklega athugað stroffurnar eða önnur áhöld, áður en verkið byrjaði. Vitnið segir, að útgerð m/s Arnarfells endurgreiði kaupfélaginu vinnulaun vegna manna, er vinna um borð í skipinu, en kaupfélagið greiði mönnunum fyrst. Kveður vitnið sitt aðalstarf hjá kaupfélaginu vera skrifstofustjórn og gjaldkerastörf, en það taki öðru hverju að sér verkstjórn, þar sem kaupfélagið hafi engan fastan verkstjóra. Vitnið segir, að vinnan hafi verið í neðri lestinni og hafi verið komin um það bil 1½ m niður fyrir neðri lestarkarm. Helgi hafi legið stjórnborðsmegin í lestinni.

Vitnið Hafliði Kristján Guðmundsson hefur skýrt svo frá við

sakadómsrannsókn í máli þessu, að Ólafur J. Þórðarson hafi ráðið sig til vinnu við uppskipunina. Það kveðst fram að kaffi, um klukkan 0930, hafa verið teljari við aftari framlest, en eftir það hafi það bæði verið teljari og lúgumaður. Áður kveður það Axel Jónsson hafa verið lúgumann. Það segist hafa þurft að telja pokana í hverju heisi fyrir sig og kveðst hafa vitað, að þeir áttu að vera 10, en þeir hafi stundum verið fleiri og hafi komið fyrir, að þeir hafi verið 11 í heisi. Það kveðst aldrei hafa verið lúgumaður áður. Það segir, að skipt hafi verið um spilmann, rétt áður en slysið varð, og hafi þetta verið annað heisið hjá síðari spilmanni. Það segir, að fyrri spilmaðurinn hafi híft rólega, og minnist vitnið þess ekki, að kast hafi komið á heisið áður eða það rekizt í lúgukarm, og vitnið minnist þess ekki að hafa stanzað hífingu. Vitnið segir, að síðari spilmaðurinn hafi híft mjög hratt, en fyrsta heisið hafi gengið beint upp og ekki fengið á sig kast. Í næsta heisi kveðst vitnið hafa verið stjórnborðsmegin við lúguopið að framanverðu. Vitnið minnir, að heisið hafi verið um það bil í miðri lest. Vitnið segist hafa gefið spilmanni merki um að hífa, og kveður vitnið spilmanninn ekki hafa híft af stað eins skarpt og í fyrraskiptið, en þó hafi þetta verið hraðari hífing en hjá fyrri spilmanninum. Þegar heisið hafi verið komið upp undir lúgukarminn, hafi allt í einu komið kast á það til stjórnborða og það engum togum skipt, að það hafi slegizt undir lúgukarminn og hafi þá stroffan slitnað og heisið fallið niður. Vitnið segist ekki hafa séð, hvar stroffan slitnaði, en telur, að hún hafi slitnað í heisivírskróknum. Vitnið kveður stroffuna hafa verið það langa, að krókurinn á heisivírnum hafi verið kominn alllangt yfir lúguopið, þegar heisið hafi fallið. Segist vitnið hafa litið niður í lúguopið, þegar stroffan slitnaði. Vitnið segir, að krókurinn á heisivírnum hafi verið kominn ca 1½ m yfir þilfar, en vitnið kveður þetta þó vera ágizkun. Vitnið kveðst hafa treyst því, þegar heisið slóst undir lúgukarminn, að spilmaður sæi, hvað væri að ske, og stöðvaði spilið. Vitnið kveðst hafa gefið merki um stöðvun í sama mund og heisið hafi slegizt undir og slitnað. Vitnið kveðst telja, að spilmaðurinn hafi tekið í landvírinn og þess vegna komið kast á heisið. Vitnið kveðst hafa litið niður í lestina, þegar stroffan slitnaði, og þá hafa séð Helga Bergþórsson í lestinni stjórnborðsmegin og hafi hann verið að beygja sig og að því er virtist að taka stroffu. Á eftir kveðst vitnið hafa séð Helga af ofanverðu, en heisið hafi legið ofan á honum að neðan. Vitnið kveður pokana ekki hafa losnað í stroffunni. Ekki minnist vitnið þess að

hafa kallað niður, þegar stroffan slitnaði. Vitnið kveðst þó oft hafa kallað til þeirra í lestinni og varað þá við að vera undir, þegar krókurinn kæmi niður eða þegar heisið fór upp. Kveðst vitnið hafa verið búið að telja pokana í þessu heisi á leiðinni upp og hafi þeir verið 10. Vitnið kveður pokana hafa farið vel í stroffunni og engin mishleðsla hafi verið. Vitnið kveðst ekki hafa farið niður í neðri lest og skoðað stroffuna, sem slitnaði, en það kveðst hafa séð hana, er henni var kastað upp á miðdekkið, og lýsir yfir, að það sé sama stroffan og því var sýnd í dóminum. Vitnið kveður vinnu hafa fallið niður fram að mat eftir slysið, en þá hafi 2. stýrimaður komið, og segir vitnið, að hann hafi híft hægar en sá, sem var við spilið, þegar slysið varð, og hafi engin óhöpp komið fyrir eða kast á stroffu, en vitnið kveðst hafa verið lúgumaður og teljari allan daginn.

Vitnið Sveinn Jóhannsson, sem kom fyrir dóm við sakadómsrannsókn út af þessu slysi, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið ráðið af Kaupfélagi Suður-Borgfirðinga í uppskipun úr m/s Arnarfelli 10. janúar 1966. Vitnið kveðst hafa unnið í neðri lest, aftari framlest. Kveðst vitnið stundum áður hafa unnið í lest við út- og uppskipun. Vitnið segir, að hífingin hafi um morguninn verið gáleysisleg og hafi verið híft hratt og of skarpt. Segir vitnið, að venja sé að slá á stroffuna, svo að hún festist betur utan um pokana, en það hafi oft verið erfitt, þar sem svo skarpt hafi verið híft. Kveðst vitnið hafa kallað upp og fengið slakað niður til að slá á stroffuna. Kveðst vitnið hafa sagt, að það yrði að hífa hægara. Einnig tekur vitnið fram, að krókurinn og heisivírinn hafi komið oft á tíðum gáleysislega niður. Segir vitnið, að skömmu áður en slysið varð, hafi verið híft enn ógætilegra en áður. Vitnið kveðst muna eftir því, að lúgumaður hafi kallað einu sinni eða tvisvar niður og varað þá við að vera undir, þegar híft væri. Segir vitnið, að Helgi og Ólafur muni hafa staflað í stroffu þá, er slitnaði, og tekur vitnið fram, að vel hafi verið gengið frá pokunum í stroffunni, og kveðst vitnið hafa séð það á heisinu, þegar stroffan var tekin af pokunum. Vitnið kveðst hafa verið inni undir þilfarinu stjórnborðsmegin, þegar heisið féll niður. Heisið hafi verið tekið í lestinni aftanverðri og að því er vitnið minnir, heldur til sjórnborða. Vitnið segist ekki hafa séð heisið á leið upp og þá ekki, að kast hafi komið á heisið. Vitnið segir, að þeir, sem voru að vinna í lestinni, hafi allir verið eitthvað til hliðar, þegar heisið var að fara upp, en Helgi Bergþórsson hafi gengið með stroffu út í lestina frá stjórnborðshlið og verið að

leggja hana til, er heisið hafi fallið niður á hann. Vitnið tekur fram, að lítið svæði hafi verið út undir lestinni til að vera í, meðan híft var, og telur, að það hafi verið um metra inn fyrir lúgukarm. Vitnið kveður heisið hafa komið niður á Helga í einu lagi og hafi hann verið undir því fyrir neðan mitti, en heisið hafi virzt strjúkast við andlit hans. Vitnið segir, að nokkur tími hafi liðið frá því að heisið var híft og þar til Helgi fór að huga að stroffunni, og kveður vitnið það ekki óeðlilegt, að Helgi hafi talið, að heisið væri komið upp. Vitnið kveður Hafliða lúgumann hafa sagt sér síðar um daginn, að þetta heis, sem slitnaði, hafi tvisvar slegizt inn undir lúgukarminn, áður en það slitnaði. Kveðst vitnið aldrei hafa kynnzt slíkri hífingu við uppskipun, eins og hafi verið þennan morgun. Þá tekur vitnið fram, að það hafi orðið vart við stroffu eftir matinn í lestinni, sams konar og þá, er slitnaði, og hafi hún verið byrjuð að slitna, en vitnið kveðst ekki hafa tekið hana frá eða kvartað yfir henni.

Vitnið Sigurbjörn Ólafur Magnússon hefur skýrt svo frá við sakadómsrannsókn út af umræddu slysi, að það hafi verið að vinna í lestinni á móti Helga Bergþórssyni, og þegar slysið hafi átt sér stað, kveðst það hafa verið inni undir bakborðsmegin. Vitnið kveðst hafa séð á eftir heisinu, þegar það var híft upp, og séð, að það slóst inn undir lúgukarminn stjórnborðsmegin. Vitnið segir, að þetta hafi gerzt mjög snöggt, og telur vitnið, að það hafi verið vegna þess, að tekið hafi verið snögglega í landvírinn, en vitnið tekur fram, að það hafi ekki séð upp um lúguopið, þaðan sem það var. Vitnið segir, að Helgi hafi verið með stroffu í hendinni og verið að gera sig líklegan til að leggja hana, þegar heisið hafi fallið niður. Vitnið getur ekki um það borið, hvar Helgi var, þegar heisið var híft, eða hvaðan úr lestinni hann var að koma, þegar heisið féll á hann. Vitnið segist hafa verið að fara af stað til Helga, þegar heisið féll. Vitnið tekur fram, að því hafi fundizt hífingin vera yfirleitt glannaleg um morguninn og sláttur oftlega verið á heisinu.

Vitnið Ólafur Óskarsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið bakborðsmegin í lestinni, þegar heisið féll, og kveðst vitnið hafa séð, þegar byrjað var að hífa, en síðan eitthvað litið undan og sá næst, að það var að falla á Helga. Vitnið segist telja, að Helgi hafi fyrst verið bakborðsmegin, þegar byrjað var að hífa, en það kveðst ekki hafa fylgzt með honum eftir það, en heisið hafi fallið á Helga aftan til í lestinni stjórnborðsmegin.

Vitnið Guðmundur Andrésson kveðst hafa verið í lestinni stjórn-

borðsmegin, þegar slysið varð, og voru þar einnig Sveinn og Sigurður. Vitnið kveðst ekki hafa séð heisið, þegar það rakst í, og ekkert geta borið um hífinguna og kveðst aðeins hafa séð, þegar það féll niður á Helga. Þá hafi Helgi verið dálítið lengra úti í lestinni og nokkuð til hliðar við þann stað, sem vitnið var. Vitnið kveðst ekki geta borið um, hvar Helgi var, þegar hífingin hófst, en hann hafi ekki verið sömu megin og vitnið.

Vitnið Sigurður Jón Brynjólfsson kveðst hafa verið undir karminum stjórnborðsmegin í lestinni, þegar slysið átti sér stað, og hafi Sveinn verið þar og skammt þar frá Guðmundur, en sömu megin aftast í lestinni hafi Helgi Bergþórsson verið, þegar hífingin byrjaði. Vitnið kveðst ekki geta borið um hífinguna og segist ekki hafa séð, að heisið slóst undir karminn. Vitnið segist hafa heyrt hróp og er það hafi litið aftur í lestina, hafi það séð heisið falla á Helga Bergþórsson aftan til í lestinni stjórnborðsmegin. Vitnið segir, að mjög þröngt hafi verið þarna í lestinni við vinnuna og hafi þurft að beygja sig inn undir karminn til þess að vera í vari, á meðan híft hafi verið. Vitnið segir, að pokarnir hafi farið vel í stroffunni, sem féll niður. Vitnið kveðst nokkrum sinnum hafa unnið í lest við uppskipun og útskipun. Segir vitnið, að það hafi yfirleitt verið híft stíft um morguninn og stundum varla verið tími til að slá í stroffuna til festingar og hafi það nokkrum sinnum komið fyrir, að pokar hafi fallið úr stroffu, þegar heisið hafi verið að lyftast. Vitnið tekur fram, að því hafi fundist furðu langur tími, frá því að heisið hvarf upp og þar til það féll niður og vitnið heyrði hrópin. Segist vitnið hafa álitið, að heisið væri komið upp og út frá lest.

Vitnið Axel Jónsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi við rannsókn út af umræddu slysi, að það hafi verið lúgumaður fyrsta hálftímann við aftari framlest við uppskipun úr Arnarfelli. Vitnið kveðst, þegar slysið varð, hafa verið statt hjá spilmanninum við þá lest og hafi staðið stjórnborðsmegin við lestina. Vitnið kveðst hafa verið þarna, af því að hlé hafi verið á vinnu við afturlest, þar sem vitnið var að vinna. Vitnið kveðst hafa séð lítið ofan í lestina, en hafa séð heisivírskrókinn og stroffuna að ofan, en ekki séð pokana. Vitnið segist hafa séð, að spilmaður stöðvaði spilið, og segist vitnið hafa séð það á heisisvírnum, að heisið slóst undir karminn stjórnborðsmegin. Vitnið kveðst þá hafa séð, að heisið fór aftur frá karminum, og hífði þá spilmaðurinn aftur, en heisið hafi þá slegizt aftur undir karminn og hafi þá stroffan slitnað og fallið niður. Vitnið kveðst hafa litið niður í

lestina og þá séð, að menn voru að taka poka ofan af Helga. Vitnið fór þá strax að beiðni Ólafs Þórðarsonar til að ná í sjúkrabíl. Vitnið segist ekki vera vant að stjórna spili, en um stund fyrir hádegi hafi það unnið á sams konar spili og þarna var og þá með öðrum manni. Segir vitnið, að á spilinu séu tvö stjórnhjól og heldur, að annað sé fyrir landvír og hitt fyrir heisivír og hafi þeir verið við sitt hvort hjólið.

Stefnandi Helgi Bergþórsson hefur skýrt svo frá við sakadómsrannsókn út af umræddu slysi, að þegar híft hafi verið, hafi hann verið stjórnborðsmegin undir lúgukarminum, aftan til. Stefnandi kveðst hafa séð, þegar heisið hafi verið híft af stað, en síðan hafi það ekki sézt, þaðan sem hann var. Stefnandi segist hafa verið hálfboginn undir karminum og hafa verið þarna einn. Eftir nokkurn tíma, þegar stefnandi kveðst hafa talið, að heisið væri komið upp, kveðst hann hafa tekið stroffu, sem lá þarna hjá honum. Stefnandi segist hafa verið búinn að taka svo sem eitt skref fram fyrir lestarkarminn, þegar heisið hafi fallið á hann. Hann segist ekki hafa haft tíma til að líta upp og segist engin aðvörunarmerki eða hróp hafa heyrt um, að neitt væri í ólagi. Stefnandi tekur fram, að þetta hafi gerzt svo snögglega og í sama mund og hann kom út undan karminum, að hann hafi ekki haft tíma til að gæta að heisinu, eins og hann hafi verið vanur. Stefnandi kveðst áður hafa unnið í lest við upp- og útskipun og við svona vörur. Stefnandi tekur fram, að honum hafi fundizt hífingin skrykkjótt og hafi pokar losnað úr stroffum, þar sem ekki hafi verið tími til að herða nægilega að stroffunni.

Hafa nú verið raktar yfirheyrslur, sem áttu sér stað í sakadómsrannsókn vegna umræddS slyss.

Við framhaldsrannsókn í málinu, sem fram fór fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 17. marz 1971, kom fyrir dóminn sem vitni Heiðar Bergþór Kristinsson, en það kveðst hafa verið 1. stýrimaður á m/s Arnarfelli, þegar umrætt slys átti sér stað, og kveðst vitnið muna eftir atvikum í stórum dráttum. Vitnið segir, að lúguopið á aðalþilfari hafi verið allt opið við uppskipunina á Akranesi og einnig á millidekki. Kveður vitnið hafa verð unnið í undirlest nr. 2, þ. e. a. s. fyrir framan tanka. Vitnið segir, að við uppskipunina á Akranesi hafi verið unnið til hliðanna undir lestinni og fram. Kveður vitnið sig minna, að millidekkið hafi verið alveg tómt í annarri lestinni, en Akranes hafi verið fyrsta höfnin, sem losað hafi verið úr undirlestinni. Vitnið segir, að hásetinn, sem verið hafði á spilinu, hafi verið búinn að vera um eitt ár á skip-

inu og hafi hann þann tíma unnið jöfnum höndum á spilinu, en nafn hans sé Þorleifur Björgvinsson. Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt, þegar slysið átti sér stað, og því ekki séð til spilmannsins, hvernig hífingar voru hjá honum, en áðurgreindur spilmaður hafi verið nýtekinn við, þegar slysið átti sér stað. Vitnið kveður það vera algengt, að einn maður stjórni báðum vindunum. Vitnið kveðst ekki muna, hvar lóð bómunnar hafi verið, en kveðst telja fullvíst, að það hafi verið yfir miðjum lúgukarmi undirlestar. Vitnið segir að gefnu tilefni, að þegar spilmaðurinn standi við stjórntæki spilanna, þá sjái hann ekki niður í undirlestina. Vitnið kveðst ekki muna, hvort hreyfing hafi verið á skipinu, þegar slysið vildi til, eða hvort það hafi hallazt, en telur þó, að það hafi ekki hallazt undan farmi. Vitnið segir, að heisið hafi komið niður í miðja lestina, er það féll. Segir vitnið, að í umrætt skipti hafi heisið verið dregið frá bakborðsafturparti, þegar híft hafi verið, og slegizt undir efri lúgukarm stjórnborðsmegin. Kveður vitnið það vera venjulegt að hífa með þessum hætti, en ekki að stilla stilla heisið af niður í lestinni, áður en það fer upp. Kveðst þá vitnið eiga við, að ekki sé spilið stöðvað, heldur sé það híft á rólegri ferð. Vitnið kveðst telja, að orsök þess, að stroffan slitnaði, hafi verið sú, að átakið hafi orðið svo mikið, þegar heisið slóst inn undir lúgukarminn, en ekki að stroffan hafi verið léleg eða gölluð.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að slysið verði fyrst og fremst rakið til mistaka og gáleysis þeirra, sem höfðu á hendi verkstjórn umrætt sinn, svo og þeirra, sem stjórnað hafi hífingum og átt hafi að sjá um, að verkamenn í lestinni væru ekki settir í sérstaka hættu. Nánar styður stefnandi dómkröfur sínar eftirgreindum rökum: *Í fyrsta lagi,* að um hafi verið að ræða óforsvaranlegan útbúnað tækja, sem notuð hafi verið við uppskipunina, og auk þess hafi það athæfi verkstjórans verið óverjandi að láta hífa í hinu lúna og margslitna sísaltógi meiri þunga en leyfilegt hafi verið að leggja í ólúið mannillatóg af sama gildleika. En manillatóg telji starfsmaður Öryggiseftirlitsins sterkara en sísaltóg. Hér hafi því verið um slæman útbúnað að ræða og mistök í verkstjórn, sem stefndu beri tvímælalaust solidariska fébátaábyrgð á án tillits til þess, hvernig bótaábyrgð hinna stefndu sé háttað innbyrðis.

Í öðru lagi kveður stefnandi hafa átt sér stað alvarleg mistök í ráðningu lúgumanns, þar sem ráðinn hafi verið alls óvanur maður til verks, sem að allra dómi, sem til þekki, sé mjög vandasamt,

og Öryggiseftirlit ríkisins hafi séð ástæðu til að sinna sérstaklega með því að halda námskeið fyrir menn, sem ætli að gegna slíkum störfum. Kveður stefnandi orsakir slyssins einnig vera beina afleiðingu af gáleysi lúgumanns í starfi, þar sem hann gæti ekki aðvörunarskyldu við þá menn, sem í lestinni hafi unnið, þegar ólag hafi verið komið á hífinguna. Á þessu gáleysi lúgumanns beri stefndu fulla fébótaábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum.

Í þriðja lagi kveður stefnandi hafa verið um að ræða alvarleg mistök hjá spilmanninum, sem hífði í umrætt sinn, en hann hafi verið háseti á m/s Arnarfelli. Hann hafi ekki fylgzt með hífingunni eins vel og hann hafi haft aðstöðu til. Auðvelt hafi verið fyrir hann að sjá, hvernig hífingin gengi, þar sem hann hafi staðið við spilið, hefði hann sýnt tilhlýðilega aðgæzlu. Auk þess hafi honum orðið á þau stórfelldu mistök að hífa í landvírinn, áður en heisið hafi verið komið upp úr lúguopinu, en við það hafi heisið slegizt undir lúgukarminn. Þá sé það og sannað, að spilmaðurinn hafi híft að öðru leyti illa og gálauslega. Á öllu þessu gáleysi spilmannsins beri stefndu fébótaábyrgð.

Varðandi hina solidarisku ábyrgð stefndu tekur stefnandi þetta fram: Hann kveður vera upplýst, að skrifstofustjóri Kaupfélags Suður-Borgfirðinga, Ólafur Þórðarson, hafi ráðið stefnanda til umræddds starfs við uppskipunina, og verði því að líta á nefnt kaupfélag sem vinnuveitanda stefnanda, enda hafi stefnandi fengið greitt fyrir vinnuna hjá því og ekki kunnugt um, að neinn annar aðili hafi verið vinnuveitandi sinn í umrætt sinn. Þá hafi umræddur Ólafur Þórðarson og annazt verkstjórnina á staðnum á vegum kaupfélagsins. Beri því kaupfélagið fébótaábyrgð í máli þessu sem vinnuveitandi stefnanda. Stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga hafi hins vegar, þegar til Samvinnutrygginga hafi verið leitað um greiðslur upp í bætur til stefnanda, látið benda á Samband íslenzkra samvinnufélaga sem eiganda m/s Arnarfells sem réttan aðilja að dómi þessum til að svara fyrir ábyrgð gagnvart margnefndu slysi. Hafi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga látið framkvæma uppskipunina í umboði Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sem sé og útgerðaraðili skipsins. Útbúnað allan við uppskipunina hafi m/s Arnarfell látið í té, nema bílana. Vegna umræddra upplýsinga hafi verið talið rétt að stefna og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga í máli þessu jafnframt því sem telja verði fébótaábyrgð S. Í. S. byggjast sjálfstætt á því, að slysið megi rekja til mistaka skipverja m/s Arnarfells í starfi, eða að

minnsta kosti háseta þess, sem verið hafi við spilið, en samkvæmt 8. gr. laga nr. 66/1963 beri útgerðarmaður ábyrgð á tjóni því, sem skipshöfn eða aðrir, sem vinna í þágu skips, hafi valdið í starfi sínu með yfirsjón eða vanrækslu.

Loks kveður stefnandi sjóveðréttarkröfu málsins byggjast á 4. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963.

Stefndi Samband íslenzkra samvinnufélaga reisir sýknukröfu á því, að slys það, sem stefnandi hafi orðið fyrir við uppskipun úr Arnarfelli, sem mál þetta fjallar um, hafi skeð eingöngu vegna óvarkárni stefnanda stjálfs. Hann hafi verið niðri í þröngri lest skipsins að leggja poka í stroffu, sem síðan hafi átt að lyfta upp á þilfar. Í stað þess að standa inni undir lestarkarmi skipsins, eins og samverkamenn hans hafi gert, þar til byrðin væri komin upp á þilfar örugglega, þá hafi hann gengið út á lestargólfið, lagt þar nýja stroffu niður og beygt sig yfir hana til þess að láta poka í næstu byrði án þess að hafa áður gengið úr skugga um, að fyrri byrðin væru komin upp. Stefnandi hafi verið vanur uppskipun og því átt að vera fullljóst, hver hætta gat stafað af þessu framferði hans. Þá reisir stefndi Samband íslenzkra samvinnufélaga og sýknukröfu sína á því, að þótt fleiri kunni að hafa átt sök á slysi því, er stefnandi varð fyrir, þá hafi það að minnsta kosti ekki verið maður eða menn, er Samband íslenzkra samvinnufélaga átti að bera ábyrgð á, heldur trúnaðar- og starfsmenn meðstefnda, Kaupfélags Suður-Borgfirðinga. Forstjóri þess félags hafi staðið fyrir uppskipun í umrætt sinn og ráðið menn til starfsins að eigin vali. Meðal þeirra hafi verið lúgumaður, sem upplýst sé í málinu, að hafi verið óvanur slíku starfi, og verði það að teljast varhugaverð ráðstöfun af hálfu umboðsmanns meðstefnda að velja óvaning til slíks starfs, sem sé mjög áríðandi í sambandi við slíkar uppskipanir og geti valdið slysi, ef aðgæzla sé eigi viðhöfð. Lúgumaðurinn hafi að sjálfsögðu átt að fylgjast nákvæmlega með gangi byrðarinnar og gera öllum aðvart, er í hættu gætu verið vegna hennar. Þetta muni lúgumaðurinn hafa vanrækt og getí það talizt hafa verið meðorsök að slysinu. Þá er því af hálfu stefnda Sambands íslenzkra samvinnufélaga mótmælt sem ósönnuðu, að vindumaðurinn hafi tekið í landlínuna eða að honum verði á nokkurn hátt kennt um þetta slys.

Varakröfu sína um lækkun stefnukröfunnar kveðst stefndi Samband íslenzkra samvinnufélaga reisa á því, að fjárhæð sú, sem krafizt er, sé of há. Í öðru lagi kveðst stefndi Samband íslenzkra samvinnufélaga reisa lækkunarkröfu sína á því, að þótt um ein-

hverja sök kunni að verða talið vera að ræða af hálfu vindumanns, þá geti það eigi verið nema lítill hluti sakarinnar allrar miðað við sakir stefnanda og meðstefnda, Kaupfélags Suður-Borgfirðinga.

Stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga kveðst eindregið mótmæla því, að nokkur grundvöllur sé til þess, að honum verði gerð fébótaábyrgð á umræddu slysi. Að því leyti sem um fébótaábyrgð kynni að vera að ræða, hljóti hún að falla á meðstefnda, eiganda skipsins, einan. Stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga styður sýknukröfu sína nánar þeim rökum, að það sé í ljós leitt með efnislega samhljóða vitnisburðum margra vitna, að hífingu um morguninn hafi verið mjög áfátt. Henni hafi stjórnað starfsmaður skipsins undir stjórn 1. stýrimanns, sem hafi verið á skylduverði um borð í skipinu. Trúnaðarmaður stefnda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga um borð í skipinu hafi ekkert verkstjórnarvald haft yfir þessum manni. Hann hafi algerlega unnið á ábyrgð skipseiganda. Auk þess að hífa glannalega sé sýnt, að þessum starfsmanni meðstefnda hafi orðið á þau hrapalegu mistök að toga í landvírinn, meðan vindubyrðin hafi verið á leið upp úr lestinni. Fari eigi milli mála, að slysið sé af öðrum þræði að rekja til gáleysislegra vinnubragða þess starfsmanns skipseiganda. Í annan stað hafi sú vanrækslа verið höfð í frammi af hálfu skipverja að leggja til við uppskipunarvinnuna lúna og margslitna stroffu, sem auk þess hafi tæplega haft nægilegt burðarþol, þótt algerlega hefði hún verið óslitin. Þess hafi engin von verið, að trúnaðarmaður stefnda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga um borð í skipinu gæti varazt þetta. Hann hafi að sjálfsögðu átt að mega treysta því fullkomlega, að öll tæki og allur búnaður við uppskipunina, sem skipseigandi hafi látið í té, væri í fullkomnu lagi frá öryggissjónarmiði. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga, að það sé alveg út í hött að væna verkstjóra hans um vanrækslu í sambandi við val lúguvarðar. Þá sé það reginmisskilningur, að sérkunnátta eða þjálfun þurfi til að koma, svo að um fullnægjandi rækslu þess starfs geti verið að ræða. Þyki sönnu nær, að slíkur maður þurfi að hafa ríka ábyrgðartilfinningu og vera traustur og athugull. Það hafi einmitt verið með tilliti til slíkra eiginleika, að verkstjóri stefnda Kaupfélags Suður-Borgfirðinga hafi valið lúguvörðinn. Það hafi verið reyndur starfsfélagi hans við kaupfélagið, sem hann vissi af reynslu að mátti treysta til þess ábyrgðarstarfs. Það sé heldur ekkert, sem bendi til þess, að lúguvörðurinn hafi brugðizt starfsskyldum sín-

um. Það sé viðurkennt af verkamönnum í lestinni, að hann hafi, áður en slysið varð, kallað til þeirra aðvörunarorð, hann hafi staðið á réttum stað við lúguna, meðan hífð hafi verið upp stroffan, sem niður féll, en hann hafi fylgzt með þeirri hífingu, svo sem honum bar, en það hafi á engan hátt verið á hans valdi að betrumbæta hífinguna eða koma í veg fyrir mistök vindumanns við stjórn togvindunnar.

Sem rökstuðning við varakröfu sína um lækkun stefnufjárhæðarinnar tekur stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga fram, að sú krafa sé sumpart reist á því, að stefnandi hljóti sjálfur að verða að bera verulegan hluta tjónsins vegna slyssins, þar sem hann hafi að nokkru valdið því sjálfur með ógætni sinni. Sú ógætni hafi falizt í því, að stefnandi hafi farið undir lúguna, meðan vindubyrðin hafi verið á leið upp. Slíkt hafi verið stórhættulegt, þar sem ávallt megi búast við því, að einn eða fleiri pokar falli niður úr stroffu eða jafnvel stroffan öll. Hér hafi verið um svo augljósa og brýna hættu að ræða, að stefnanda hafi átt að vera hún vel ljós, sérstaklega þó þegar þess er gætt, að hann hafi verið vanur uppskipunarvinnu, auk þess sem hann hafi verið varaður við hættunni og séð starfsfélaga sína allt um kring varast þessa hættu með því að vera í vari. Það geti því eigi farið hjá því, að stefnandi verði sjálfur að bera drjúgan hluta tjónsins af völdum slyssins vegna þessa mikla gáleysis. Varakröfuna kveður stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga sumpart á því reista, að tjón stefnanda af völdum slyssins sé allt of hátt áætlað í sóknargögnum.

Dómendur hafa farið á vettvang. Skipið er búið tveggja bómu kerfi, þ. e. eitt spil er fyrir hvora bómu, lásað á milli, þannig að bóma, sem snýr yfir lest skipsins, hífir upp vöruna, en hin bóman er yfir viðtökutæki á bryggju. Á milli stjórntækja spila eru 140 cm.

Það er samhljóða álit hinna sérfróðu meðdómenda, að mikla reynslu þurfi til af einum manni við þessar aðstæður að stjórna hífingu með báðum spilum. Eins og fram kemur í vitnaframburðum, virðist hífing í umrætt sinn hafa verið hraðari en eðlilegt megi teljast að dómi hinna sérfróðu meðdómenda, og hafði þó spilmaður næga útsýn yfir hreyfingu heisisins. Með þessu telur dómurinn, að spilmaðurinn hafi ekki gætt þeirrar varúðar, sem ætlazt varð til af honum, og verður slysið að hluta rakið til þeirra vangæzlu hans, en á þeirri vangæzlu ber stefndi Sambandi íslenzkra samvinnufélaga fébótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga tók að sér uppskipun á vörunum úr umræddu skipi og réð til þess starfsmenn. Meðal þeirra var lúgumaður, sem leiðbeinir spilmönnum við upphífingu vara úr skipinu. Auk þess var þeim sama manni falið að telja vörurnar, sem skipað var upp. Hvort þessara starfa fyrir sig krefst fullkominnar aðgæzlu, og með því að fela sama manninum þessi mikilvægu störf, sem sjálfsagt þykir að fela tveimur mönnum, telur dómurinn, að lúgumaðurinn hafi ekki með tilliti til framanskráðs getað, svo öruggt væri, fullnægt þeim starfsskyldum, sem af honum mátti krefjast, og til þess megi rekja orsakir slyssins að hluta, en að því leyti ber stefndi Kaupfélag Suður-Borgfirðinga fébótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Hins vegar er fram komið, að stefnandi hafði áður unnið sams konar störf, og með tilliti til þess þykir hann eigi sjálfur hafa sýnt þá aðgæzlu, sem krefjast verður, með því að ganga fram undan lúgukarminum án þess að fullvissa sig um, að heisið væri komið upp úr lestinni. Þykir hann af þessum sökum eiga að bera hluta sakar, er dómurinn telur eigi að nema ⅕.

Stefnandi sundurliðar nú kröfur sínar sem hér segir:

1. Bætur vegna tímabundinnar örorku:

a)	Vinnutekjutap 1. árið eftir slysið, áætlaðar vinnutekjur		kr. 130.621.00
	Frá dragast:		
	Atvinnutekjur	kr. 75.795.00	
	Bætur vinnuveitanda	— 2.131.20	
	Bætur Tryggingastofnunar ríkisins	— 25.121.00	— 103.472.20
			Kr. 27.573.80
b)	Vinnutekjutap 2. árið eftir slysið, ⅔ af áætluðum vinnutekjutapi þ. á.	kr. 13.632.00	kr. 41.205.80
2.	Bætur vegna varanlegrar örorku		— 444.682.00
3.	Bætur vegna þjáninga, óþæginda og lýta ..		— 35.000.00
4.	Kostnaður vegna örorkumats		— 2.000.00
5.	Kostnaður vegna örorkutjónsútreiknings		— 4.800.00

6. Kostnaður vegna læknisvottorðs ..... kr. 1.035.00

Kr. 528.722.80

Páll Gíslason læknir hefur lýst meiðslum stefnanda og læknismeðferð, og er vottorð hans fellt inn í örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, sem lagt hefur verið fram sem dómsskj. nr. 5 í málinu og hljóðar svo:

„Reykjavík 19/6 1967.

ÖRORKUMAT

Helgi Bergþórsson, verkamaður, f. 6/4 1946, til heimilis að Eystra-Súlunesi, Melahr., Borg.

Vinnuslys 10. jan. 1966.

Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, sem vann í lest m/s Arnarfells við affermingu skipsins, varð fyrir maísmjölsekkjum, er féllu ofan í lestina. Slasaði var fluttur á Sjúkrahús Akraness, og í vottorði Páls Gíslasonar læknis frá 5/2 1966 segir, að um hafi verið að ræða brot á hægri lærlegg og brot á hægri framhandlegg (fract. femoris dx. et. fract. antibrachii dx.). Slasaði lá á Sjúkrahúsi Akraness frá slysdegi til 8. maí 1966, og það liggja fyrir vottorð Páls Gíslasonar um slysið og meðferðina, og eru þau vottorð svohljóðandi:

„2/2 1966.

Hér með vottast, að hinn 10/11 1966 var komið með Helga Bergþórsson, Eystra-Súlunesi, Melasveit, hingað á Sjúkrahúsið.

Hafði hann orðið fyrir slysi við uppskipunarvinnu þá rétt áður.

Við skoðun hér kom í ljós, að brotinn var hægri lærleggur nokkuð fyrir neðan miðju og báðar pípur í hægra framhandlegg um 7 cm. fyrir ofan úlnlið. Sjúklingurinn var allmeðtekinn við komu, en ekki að öðru leyti slasaður. Strax eftir komu hér var gerð aðgerð á honum og spengdur lærleggurinn, en framhandleggsbrotið sett saman.

Nokkrum dögum síðar kom í ljós, að framhandleggsbrotið hafði skriðið til, og þurfti því 27/1 að gera aðgerð á því broti og spengja það líka.

Sjúklingurinn liggur nú í gipsi á hægri handlegg og mjaðmagipsi. Má búast við, að 3—4 mánuði taki að græða brotin, en sjúklingur verður óvinnufær 7—8 mánuði frá erfiðisvinnu.“

„12/12 1966. Framhaldsvottorð

Í framhaldi af vottorði 2. febr. 1966 viðvíkjandi slysi Helga Bergþórssonar, Eystra-Súlunesi, Melasveit, er eftirfarandi vottorð gefið:

Helgi lá hér á sjúkrahúsinu til 4/5 1966. Brotin gréru heldur í seinna lagi, en þó ekki óeðlilega. Gipsumbúðir voru teknar 22/4 og sjúkl. fékk æfinga terapi um skeið. Var í góðri framför, þegar hann fór heim og gat bjargað sér. Honum fór síðan ágætlega fram hvað gang og notkun handarinnar snerti.

Í júlímánuði fór hann að vinna létta vinnu part úr degi, sem smám saman jókst, og í september fór sjúkl. að vinna létta vinnu allan daginn, sem hann gerir enn.

Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós:

Hægri framhandleggur: Heldur ljótt ör, 8 cm. langt, er á framhandlegg. Rýrnun er töluverð á musc. extensor carpi radialis. Hreyfingar eru nánast eðlilegar, en sjúkl. þreytist fljótt, ef hann þarf að beita hendinni.

Hægri ganglimur: Ör eru 2 á læri og mjöðm utanvert, sæmilega útlítandi. Hreyfingar eru óhindraðar og limir jafnlangir. Rýrnun allmikil á vöðvum hægra læris, mælist 20 cm ofan við hnéskel bg. læra vera um 1½ cm minna ummál á hægra en vinstra læri. Nokkur eymsli eru við mjöðm, þar sem stálnaglinn stendur út úr mjaðmarhnútunni. Sjúklingur gengur óhaltur.

Niðurstaða:

Sjúklingur er í öruggum, en hægum afturbata eftir hið alvarlega slys sitt. Rýrnun á vöðvum ætti að minnka smám saman eftir því sem vinnuhæfni vex.

Sjúkl. er með stálnagla í lærbeini og spöng og skrúfur í geislabeini. Þetta þarf að fjarlægja, og er það ráðgert í byrjun janúar. Jafnframt gefst þá tækifæri til að laga örið á framhandlegg, sem er til lýta.

Varla verður hægt að meta, hvort um varanlega örorku verður að ræða fyrr en í vor að fyrsta lagi."

„13/5 1967.

Í framhaldi af vottorði 12. des. 1966 er gefið vottorð viðvíkjandi afleiðingum slyss Helga Bergþórssonar, Eystra-Súlunesi, Melasveit.

Skoðun fór fram 17/4 1967:

Sjúklingur lá á Sjúkrahúsi Akraness frá 12/1 1967—23/1 1967 og voru þá teknir:

a) nagli úr lærlegg.
b) skrúfur og spöng úr geislabeini, um leið og reynt var að laga ör á húð.

Síðan hefur verið vaxandi bati og nánast albata nema eftirfarandi:

1) Ör, eins og áður er lýst, en lítur töluvert betur út á handlegg en áður.
2) Vöðvarýrnun óbreytt, en engin eymsli eru nú á mjöm (naglinn farinn).

Niðurstaða:

Sjúkl. verður að teljast albata núna og vinnufær til allrar vinnu frá miðjum apríl 1967.

Vöðvarýrnun lagast við aukna áreynslu á fótinn."

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 26/5 1967. Hann skýrir frá slysi og meðferð eins og lýst er hér að framan. Kveðst hafa orðið vinnufær hinn 20/8 1966, en lá síðan aftur á Sjúkrahúsi Akraness í janúar s.l., og voru teknar spengur og naglar úr lærlegg og framhandlegg.

Núverandi óþægindi: Kvartar um stirðleika í hægri handlim og þreytu í hægri ganglim og fæti. Hann kveðst vinna sama starf og áður.

Skoðun: Almennt ástand er eðlilegt. Gengur eðlilega og óhaltur.

Ganglimir: Það eru eðlilegar hreyfingar í liðum. Það eru ör utantil á hægra læri og yfir mjaðmarsvæði. Það er mælanleg rýrnun á hægra læri, 1½ cm 15 cm yfir hnéskel.

Handlimir: Það er ör á hægri framhandlegg nokkuð áberandi. Það er greinileg rýrnun á vöðvum framhandleggs og mælist 1—1½ cm miðað við vinstri á þykkasta stað. Það er eðlileg hreyfing í öxl og olnboga, en greinilega nokkuð minnkuð hverfihreyfing hægra megin. Sömuleiðis er fetta í úlnlið 10° minni hægra megin en vinstra megin. Grip í hönd og kraftur í gripi virðist eðlilegt og eins báðum megin.

Við athugun á röntgenmyndum, sem teknar voru í september s.l. á Sjúkrahúsinu á Akranesi, sést, að brotin eru vel gróin í góðri stöðu.

Ályktun: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir um það bil einu og hálfu ári. Við slysið hlaut hann brot á hægri lærlegg og hægri framhandlegg, og var gert að brotunum á Sjúkrahúsinu á Akranesi. Brotin greru mjög vel, og maðurinn var vinnufær um það bil 8 mánuðum eftir slysið.

Sem afleiðingu meiðslisins nú þá hefur maðurinn nokkurn stirð-

leika í hægri handlim og þreytist í hægri ganglim og fæti. Við skoðun er að finna vöðvarýrnun bæði á handlim og ganglim og nokkra stirðnun í hægri ganglim.

Auk þess hefur maðurinn ör á hægri framhandlegg, læri og mjöðm eftir skurðaðgerðir.

Vegna slyssins þá verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 8	mánuði	100%	örorka
Í 2	—	75%	—
Í 2	—	50%	—
Í 3	—	25%	—
Í 3	—	15%	—

og síðan varanleg örorka 10%".

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir athugaðir nánar.

Um 1.—2. lið, bætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku. Stefnandi var 21 árs (sic) að aldri, þegar hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hann hefur beðið vegna slyssins, og leggur hann útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningurinn er m. a. grundvallaður á framanskráðu örorkumati og hljóðar svo:

„Hafnarfirði, 31/7 1967.
Hr. hrl.,
Árni Gunnlaugsson,
Austurgötu 10,
Hafnarfirði.

Örorkutjón Helga Bergþórssonar, Eystra-Súlunesi, Melasveit, vegna slyss 10. jan. 1966.

Páll Sigurðsson, tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 19. júní 1967, metið orkumissi Helga Bergþórssonar vegna slyss 10. jan. 1966 þannig:

Í 8	mánuði	100%	örorka
„ 2	—	75%	—
„ 2	—	50%	—
„ 3	—	25%	—
„ 3	—	15%	—

Síðan varanleg örorka *10%*.

Helgi er sagður fæddur 6. apríl 1946 og hefur samkvæmt því verið 19 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Helga árin 1964—1965 hafa vinnutekjur hans, tekjur samkvæmt landbúnaðarskýrslu og hlunnindi síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið verið þessi:

Árið	1963	kr. 58.856.00
—	1964	— 111.364.00
—	1965	— 109.743.00

Hér er um ungan bóndason að ræða, sem unnið hefur á búi föður síns, haft sjálfur nokkurn bústofn og unnið ýmsa verkamannavinnu. Ég tel mjög hæpið að leggja þessar tekjur til grundvallar framtíðarvinnutekjuáætun vegna ungs aldurs Helga og erfiðleika við að meta vinnutekjur á grundvelli tekna samkv. landbúnaðarskýrslu og hlunnindatekna. Slysið var við verkamannavinnu, og tel ég því eðlilegast að áætla honum framtíðarvinnutekjur með hliðsjón af meðalvinnutekjum verkamanna.

Frá slysdegi til 22. afmælisdags er gert ráð fyrir 47⅓ vinnuviku á ári með 44 dagvinnustundum og 10 eftirvinnustundum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu að viðbættu 7% orlofi. Frá og með 28. aldursári er gert ráð fyrir meðalatvinnutekjum kvæntra verkamanna samkvæmt úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar. Þær námu árið 1965 kr. 177.828.00, og umreiknaðar til kauplags í dag reiknast mér þær nema kr. 221.350.00. Geri ég þá ráð fyrir, að atvinnutekjur 1966 verði 19% hærri en 1965, en Efnahagsstofnunin hefur gert bráðabirgðaúrtaksrannsókn á bruttótekjum allra stétta 1966, og reyndust þær 19% hærri en 1965.

Grunnkaups- og vísitöluhækkanir frá árinu 1966 til 1967 reiknast mér nema 4.6%. Hækkuninni á tekjum frá 22. aldursári til 28. aldursárs er skipt jafnt á árin þar á milli.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 130.621.00	kr. 113.581.00

2. — — —	kr. 136.319.00	kr. 20.448.00
3. — — —	— 147.105.00	— 14.710.00
4. — — —	— 161.227.00	— 16.128.00
5. — — —	— 175.449.00	— 17.545.00
6. — — —	— 189.621.00	— 18.962.00
7. — — —	— 203.792.00	— 20.379.00
8. — — —	— 217.964.00	— 21.796.00
síðan árlega	— 221.350.00	— 22.135.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 122.000.00
— varanlegrar —	kr. 247.103.00
	Kr. 369.103.00

Hér hefur ekki verið gerður frádráttur vegna greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins né vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Þórðarson."

Vegna verðlagsbreytinga hefur örorkutjón stefnanda verið endurreiknað 23. desember 1970 og aftur 15. desember 1971 og niðurstöðutölur hækkað úr kr. 369.103.00 í kr. 566.682.00. Reikningsgrundvöllur er hins vegar sá sami í öllum útreikningum.

Hinir stefndu hafa mótmælt þessum kröfuliðum sem of háum.

Þegar allt þetta er virt, sem að framan hefur verið rakið, og þess m. a. gætt, að eigi hefur verið reiknaður frádráttur vegna opinberra gjalda í útreikningi tryggingafræðingsins, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum liðum kr. 360.000.00, og hafa þá verið dregnar frá greiðslur frá vinnuveitanda og Tryggingastofnun ríkisins.

Um 3. lið, bætur vegna þjáninga, óþæginda og lýta.

Stefndu hafa talið fjárhæð þessa kröfuliðs full háa.

Sjúkrasaga stefnanda hefur verið rakin af læknunum Páli Gíslasyni og Páli Sigurðssyni hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem hér þykir skipta máli, þykir mega taka þennan kröfulið til greina óbreyttan.

Um liði 4—6, kostnað vegna örorkumats, örorkutjónsútreiknings og læknisvottorðs.

Þessum liðum hefur ekki verið mótmælt, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 402.835.00 (kr. 360.000.00 + 35.000.00 + 7.835.00).

Frá þessari upphæð ber að draga ⅕ hluta, þ. e. eigin sök stefnanda, kr. 80.567.00, og verða hinir stefndu samkvæmt framanrituðu því dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 322.268.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1966 til greiðsludags.

Samkvæmt 2. tölul. 232. gr. siglingalaga nr. 66/1963 er sjóveðréttarkrafa stefnanda fyrnd, og verður hún því ekki viðurkennd.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma hina stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 42.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Emil Ágústssyni borgardómara og Sigurði Jóhannssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Samband íslenzkra samvinnufélaga og Kaupfélag Suður-Borgfirðinga, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Helga Bergþórssyni, kr. 322.268.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. janúar 1966 til greiðsludags og kr. 42.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. október 1973.

Nr. 111/1972: **Kaupfélag Rauðasands**
(Guðmundur Skaftason hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og
Verzlun Ó. Jóhannessonar h/f
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skattamál. Söluskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. september 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytisins 17. ágúst s. á. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 1.152.90 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Verzlun Ó. Jóhannessonar h/f hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og engar kröfur hafa komið fram af hans hendi.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur því verið lýst yfir hér fyrir dómi, að hann falli frá öllum vörnum um aðildarskort áfrýjanda eða ríkissjóðs svo og þeirri vörn, að fé það, sem áfrýjandi krefst endurgreiðslu á, sé greitt án fyrirvara í ríkissjóð. Þá hefur hann lýst því, að hann vefengi hvorki fjárhæð kröfu áfrýjanda né að áfrýjandi hafi greitt söluskatt þann, sem um ræðir í málinu.

Starfsemi sú, sem mál þetta fjallar um, var söluskattsskyld samkvæmt ákvæðum 1. mgr., g liðs, 7. greinar reglugerðar nr. 15/1960, sbr. f lið 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 10/1960. Standa ákvæði 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 7. gr. nefndra

laga þessu ekki í vegi. Stefnda Verzlun Ó. Jóhannessonar h/f var því skylt að krefja stefnda um söluskatt vegna þeirrar starfsemi, sem í málinu greinir, sbr. 2. mgr. 2. gr. nefndra laga, og standa skil á skattinum í ríkissjóð.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöður hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. október s.l., hefur Kaupfélag Rauðasands, Hvalskeri við Patreksfjörð, höfðað með stefnu, birtri 16. maí 1970, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Hönnu Jóhannesson, formanni stjórnar Verzlunar Ó. Jóhannessonar h/f, Patreksfirði, f. h. félagsins til endurgreiðslu á ofteknum söluskatti að fjárhæð kr. 1.304.36 auk dráttarvaxta, 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð af þeirri upphæð frá 1. janúar 1970 til greiðsludags, og málskostnaði að mati réttarins. Við munnlegan málflutning breytti lögmaður stefnanda kröfum sínum þannig, að stefndu yrði gert að greiða stefnanda in solidum kr. 1.152.95 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1970 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Verzlunar Ó. Jóhannessonar h/f, Patreksfirði, var sótt þing í upphafi, þá er mál þetta kom fyrir, en síðan féll þingsókn niður af hálfu fyrirtækisins, án þess að andmæli kæmu fram.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem hefur annazt verzlunarrekstur að Hvalskeri við Patreksfjörð, hefur þurft að hlíta því af hálfu stefnda Verzlunar Ó. Jóhannessonar, Patreksfirði, að greiða söluskatt af uppskipun verzlunarvara, sem fluttar eru með skipum til Vatneyrar við Patreksfjörð og skipað upp þar, en stefndi

hefur með höndum afgreiðslu á Vatneyri fyrir skipafélög, sem annast vöruflutninga á sjó.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð hins stefnda fyrirtækis, dags. 5. desember 1969, þar sem það er staðfest, að kaupfélagsstjórinn, Ívar Ívarsson, Kirkjuhvammi, Rauðasandi, hafi margmótmælt því, að söluskattur væri reiknaður af uppskipunargjaldi vara þeirra, er kaupfélagið hefur fengið í gegnum vöruafgreiðslu stefnda. Sérstaklega er tekið fram í vottorðinu, að hann hafi mótmælt því, að söluskattur væri reiknaður af uppskipunargjaldi fóðurvara og áburðar.

Þá hefur verið lagt fram vottorð skattstjóra Vestfjarðaumdæmis, dagsett 9. október 1969, og segir þar, að fjármálaráðuneytið hafi úrskurðað 25. september 1961, að upp- og útskipun á vöru sé hluti af afgreiðslu hennar fremur en flutningi og telji því umrædda þjónustu söluskattsskylda.

Stefnandi heldur því fram, að endurgreiðslukrafa sín byggi alfarið á reikningi, dskj. nr. 3. Reikningur þessi er stílaður til skattstofu Vestfjarðaumdæmis frá stefnanda og er dagsettur 21. júlí 1969 og er að niðurstöðu til kr. 1.152.95 og er til endurgreiðslu á téðum söluskatti af uppskipun á vörum til stefnanda og stílaður á skattstofu Vestfjarðaumdæmis.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að engin heimild sé í lögum til þessarar gjaldtöku. Er í því sambandi bent á, að í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, 2. gr., 2. mgr., segi, að sé eigi annað fram tekið í lögunum, sé sala á vörum skattfrjáls til aðilja, sem kaupi þær til að selja aftur í atvinnuskyni. Sama gildi einnig um selda vinnu og þjónustu. Hvergi sé að finna í lögum ákvæði, sem geri vöruflutninga skattskylda, heldur sé þvert á móti fram tekið í 3. tl. 7. gr., að þeir séu undanþegnir söluskatti. Hliðstætt ákvæði sé svo að finna í reglugerð nr. 15/1960 um söluskatt, 4. tl. 10. gr. Ekki geti leikið vafi á, að kostnaður við að koma vörum um borð í skip og frá borði teljist vöruflutningar samkvæmt lögunum.

Framangreind ákvæði verði ennþá afdráttarlausari í þessu efni, þegar að því sé gáð, hvers eðlis það söluskattskerfi var, sem leitt var í lög með lögum nr. 10/1960, en um það megi fræðast í greinargerðinni fyrir frumvarpinu að lögunum, þar segi m. a.:

„Verður nú lýst í aðaldráttum, hvernig í frumvarpi þessu er lagt til að haga álagningu söluskatts á innlend viðskipti. Er þar reynt

að fylgja einstigskerfinu, eftir því sem fært þykir. Meginreglan verður því sú, að skattskyldan er almennt bundin við lokastig viðskipta, þ. e. þegar neytandi kaupir vöru eða vinnu.

Af þessu leiðir, að ekki kemur söluskattur á innlenda vörusölu til endurseljanda, þ. e. þeirra, sem selja vörurnar aftur eða vinna úr þeim til sölu. Ennfremur er ýmis vöruþjónusta undanþegin, þar sem hún myndar hluta af lokaverði vörunnar, svo sem vöruflutningar. Eftir reglunni ætti að greiða söluskatt af flutningsgjöldum vöru, sem ekki kemur til endursölu, þ. e. vörur til einkaþarfa einstaklinga eða fyrirtækja. Þar sem erfitt myndi að greina slíkt að í framkvæmd, eru öll flutningsgjöld af vörum undanþegin."

Þá er því haldið fram af stefnanda, að ekki ætti að vera vafi á því, að uppskipunargjöld myndi hluta af lokaverði vörunnar. Eftir rótgrónum verzlunarvenjum, staðfestum af opinberum aðiljum, svo sem verðlagsyfirvöldum, myndi þau ásamt öðrum kostnaði við verzlunarvöru komna í hús þann grunn, sem verzlunarálagning sé miðuð við.

Þá var enn fremur á það bent af hálfu stefnanda, að verulegur hluti hins innheima söluskatts sé vegna vara, svo sem áburðar og fóðurvara, sem löggjafinn hafi einnig undanskilið söluskatti, sbr. 7. og 9. tölulið 6. gr. laganna.

Því var haldið fram af hálfu stefnanda, að þess misskilnings gætti hjá stefnda ríkissjóði, að uppskipunargjald væri innifalið í afgreiðslugjaldi. Afgreiðslugjald væri endurgjald fyrir skrifstofuþjónustu, t. d. útvegun viðskiptamanna o. fl. Uppskipunargjald væri annað. Vegna framkominnar málsástæðu stefnda ríkissjóðs um sýknu vegna aðildarskorts hélt stefnandi því fram, að af hálfu ríkissjóðs hefði því jafnan verið haldið fram, að söluskattur væri vörzlufé. Margt væri það, sem styddi þessa fullyrðingu, t. d. mætti hækka verð vöru vegna söluskatts og talað væri um, að standa ætti skil á skattinum. Væri þessi skilningur ríkissjóðs réttur, væri enginn vafi á því, að stefnandi mætti sækja fé í ríkissjóð. Til vara nefndi stefndi það, að Verzlunin Ó. Jóhannesson hefði innheimt skattinn eftir fyrirmælum ríkissjóðs, svo sem sjá mætti af úrskurði fjármálaráðuneyisins frá 25. september 1961. Afstaða ríkissjóðs væri því skýr.

Sýknukrafa stefnda ríkissjóðs Íslands var í fyrsta lagi byggð á aðildarskorti. Söluskattur sá, sem stefnt væri út af, hefði verið lagður á stefnda Verzlun Ó. Jóhannssonar h/f, Patreksfirði, sem ætti þar af leiðandi aðild varðandi álagningu hans gagnvart fjár-

málaráðherra, en stefnandi hins vegar ekki. Af hálfu fjármálaráðherra var það þó viðurkennt, að því hafi verið haldið fram af hálfu ríkissjóðs, að sjóðurinn ætti þann skatt, sem fyrirtækin hefðu tekið.

Við munnlegan málflutning var í öðru lagi krafa stefnda fjármálaráðherra á því byggð, að söluskattur sá, sem krafizt væri endurgreiðslu á, hefði verið greiddur í ríkissjóð án fyrirvara, hafi hann á annað borð verið greiddur, en því væri mótmælt sem röngu, þar sem engin kvittun hefði verið lögð fram frá innheimtumanni ríkissjóðs.

Í þriðja lagi var á því byggt við munnlegan málflutning, að upp- og útskipun væri söluskattsskyld. Því til stuðnings var bent á ákvæði í f lið 4. gr. söluskattslaganna, þar sem tekið væri fram, að afgreiðsla farartækja væri söluskattsskyld, en hleðsla farartækja væri hluti af afgreiðslu þeirra og því ekki vöruflutningar, sbr. úrskurð fjármálaráðuneytisins frá 25. september 1961, þar sem ráðuneytið lýsi því yfir, að það telji upp- og útskipun á vöru hluta af afgreiðslu hennar fremur en flutningi og sé því söluskattsskyld. Þetta byggist m. a. á því sjónarmiði, að flutningur vöru hefjist ekki, fyrr en viðkomandi farartæki hafi verið hlaðið. Í þessu sambandi sé rétt að benda á, að í reglugerð um söluskatt nr. 15/1960 sé tekið fram, að upp- og útskipunargjöld séu söluskattsskyld, þ. e. g lið 7. gr. Sömuleiðis sé það tekið fram í núgildandi söluskattsreglugerð nr. 169/1970, þ. e. 7. tölulið 10. gr. Í 3. lið 7. gr. söluskattslaganna séu vöruflutningar undanþegnir söluskatti, en í niðurlagi þeirrar greinar segi, að ráðherra kveði nánar á um það, hvað falli undir undanþáguákvæði greinarinnar. Það sé því ljóst, að ráðherra hafi fulla heimild samkvæmt lögunum til þess að kveða upp fullnaðarúrskurð um það atriði, hvort hleðsla farartækja skuli teljast til vöruflutninga og því undanþegin söluskatti eða hluti af afgreiðslu þeirra og söluskattsskyld. Fjölmargar tegundir þjónustu séu söluskattsskyldar, enda þótt þær myndi hluta af lokaverði vöru, til dæmis geymslugjöld, sala á raforku, prentun og vélarleiga, sum efni og vörur, sem myndi hluta af lokaverði vöru, svo sem ýmsar hjálparvörur og óvanalegar rekstrarvörur. Undanþáguna um vöruflutninga beri að skýra þröngt, þar sem um sé að ræða undanþáguákvæði.

Álit dómsins.

Á það verður að fallast með stefnda ríkissjóði, að söluskattur

sá, sem stefnt er út af, hafi verið lagður á stefnda Verzlun Ó. Jóhannessonar h/f, Patreksfirði, sem þannig eigi aðild varðandi álagningu hans gagnvart fjármálaráðherra. Af þessum sökum verður að sýkna stefnda ríkissjóð Íslands af kröfu stefnanda í máli þessu vegna aðildarskorts.

Af hálfu stefnda Verzlunar Ó. Jóhannessonar h/f hefur verið sótt þing, en þingsókn féll niður af hans hálfu, án þess að andmæli kæmu fram. Verður af þessum sökum í samræmi við 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma um kröfur stefnanda gagnvart stefndu verzlun eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Reikningurinn, sem stefnandi byggir kröfu sína á, er stílaður á skattstofu Vestfjarðaumdæmis, og verður ekki af reikningnum sjálfum ráðið, hvernig hann er útreiknaður né hvernig stefnda verzlun er við hann riðin. Hins vegar hljóðar einn liður reikningsins upp á kr. 877.50, en fyrir þeirri upphæð er fylgiskjal, sem ber það með sér, að þá upphæð hefur stefnda verzlun tekið af stefnanda sem söluskatt af uppskipunargjaldi vegna 35.450 kg af áburði á kr. 24.75. Það þykir mega ráða af gögnum málsins, að stefnandi byggi kröfu sína gagnvart stefndu verzlun á því, að verzlunin hafi í samræmi við 23. gr. laga nr. 10/1960 hækkað verð uppskipunargjalds af vörum til stefnanda sem söluskatti af því gjaldi nam, og þykir því mega fjalla um áðurnefndar kr. 877.50. Í f lið 4. gr. laga nr. 10/1960 er svo mælt fyrir, að flutningastarfsemi teljist til skattskyldrar þjónustu, nema hún sé sérstaklega undanþegin. 7. gr. laga nr. 10/1960 mælir fyrir um, hver starfsemi og þjónusta sé undanþegin söluskatti, segir í 3. tl. 1. mgr. greinarinnar, að vöruflutningar séu undanþegnir. Í 2. mgr. greinarinnar segir, að ráðherra kveði nánar á um, hvað falli undir undanþáguákvæði greinarinnar. Þegar ákvæði þessi, sem hér hafa verið tain, eru borin saman, verður að telja, að ráðherra geti kveðið á um, hvort út- og uppskipun vara falli undir undanþáguákvæði 7. gr. eða ekki, og þar sem fyrir liggur úrskurður ráðherra um, að út- og uppskipun sé söluskattsskyld, verður krafa stefnanda ekki tekin til greina gagnvart stefndu verzlun. Hér þykir ekki skipta máli, að það var áburður, sem uppskipað var, þar sem undanþáguákvæði 6. gr. laga nr. 10/1960 þykja aðeins eiga við sölu vara og verðmæta, en ekki starfsemi og þjónustu, enda fjallar sérstök grein um þær undanþágur, eins og áður er rakið.

Fallast má á það með stefnanda, að söluskattslöggjöfin sé ekki í alla staði samkvæm sjáfri sér og að hluta óljós og ónákvæm um

þau atriði, sem hér skipta máli, og þykir því rétt að fella málskostnað niður.

Dómari máls þessa var Hrafn Bragason.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands og Verzlun Ó. Jóhannessonar h/f, skulu sýkn af kröfu stefnanda, Kaupfélags Rauðasandshrepps, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. október 1973.

Nr. 137/1972: **Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar**
(Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
Einari S. Kristjánssyni og gagnsök.
(Sigurður Gizurarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Samningar. Útboð. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1972. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. desember 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð kr. 924.235.50 með 8% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á það ber að fallast, sem í héraðsdómi greinir, að samningur hafi ekki komizt á með aðiljum um verk það, sem um er

fjallað í máli þessu. Ekki verður heldur talið, að samningaviðræður þær, er fram fóru milli aðilja, eða önnur samskipti þeirra hafi verið á þann veg, að þau veittu gagnáfrýjanda rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda, þótt hann sliti samningaviðræðum, eins og hann gerði í júlí 1970, og byði verkið út af nýju með almennu útboði.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um sýknu í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Einars S. Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1972.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. september s.l., hefur Einar S. Kristjánsson, Framnesvegi 63, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 1. nóvember 1971, á hendur Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Lágmúla 9, Reykjavík.

Kröfur stefnanda, eins og þær urðu með framhaldsstefnu, framlagðri í dóm 10. febrúar 1972, eru þær, að stefndi, Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 924.235.59 með 8% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til greiðsludags. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krafðist upphaflega frávísunar í málinu, en eftir að stefnandi hafði breytt kröfugerð sinni með framhaldsstefnunni, var af hans hálfu fallið frá frávísunarkröfunni.

Dómkröfur stefnda eru þannig orðnar þær, að hann mótmælir öllum kröfum stefnanda, Einars S. Kristjánssonar, og krefst aðallega sýknu af þeim. Jafnframt gerir hann kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda sér til handa að mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að skaðabótafjárhæðin, kr. 924.235.59, verði stórlega lækkuð að mati dómsins og málskostnaður felldur niður.

Jafnhliða andmælir hann sérstaklega vaxtaprósentu og upphafstíma vaxta í kröfum stefnanda.

Sátt var reynd, en án árangurs.

II.

Málsatvik.

Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar er stofnsett hinn 30. ágúst 1965 á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál, er út var gefin 9. júlí 1965. Hlutverk nefndarinnar er samkvæmt yfirlýsingu þessari að hafa yfirumsjón með byggingu 1250 íbúða í Reykjavík, er úthluta skal að meginhluta til láglaunafólks í verkalýðshreyfingunni. Í yfirlýsingunni er Framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar boðið að fela framkvæmd byggingaanna „byggingaverktaka eða -verktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustu útboði." Síðar var svo sett reglugerð nr. 78 frá 28. apríl 1967, þar sem nánar er kveðið á um valdsvið F. B. og hlutverk.

Það er upphaf þessa máls, að í júlímánuði 1969 bauð F. B. út með auglýsingu í dagblöðum ýmsa verkþætti og efni vegna fyrirhugaðra framkvæmda við byggingu 180 íbúða í Breiðholtshverfi í Reykjavík. Í auglýsingunni er sagt, að útboðsgögn verði afhent á skrifstofu F. B., Lágmúla 9, Reykjavík, gegn skilatryggingu. Tilboðum skuli skila á skrifstofu F. B. fyrir kl. 1700 fimmtudaginn 25. ágúst 1969.

Meðal þeirra verkþátta, sem út voru boðnir, voru útveggjaeiningar, skápar, eldhúsinnréttingar, raflögn, hitalögn og málun. Jafnhliða þessu var aðalverkið boðið út, en í því fólst grunngröftur, uppsteypa húsanna, þaksmíði, múrverk o. fl. Átti aðalverktakinn einnig að inna af hendi yfirstjórn og samræmingu allra þeirra þátta, sem undirverktakar framkvæmdu á byggingarstað. Útboð aðalverksins var lokað útboð. Fjögur stór byggingarfyrirtæki fengu að bjóða í verkið samkvæmt forvali. Öllum tilboðum, bæði í aðalverk og undirverk, átti að skila til F. B. á sama tíma, og þau voru öll opnuð samtímis laugardaginn 23. ágúst 1969.

Í máli þessu er deilt um útboð og tilboð í málun vegna þessa byggingaráfanga Breiðholtsframkvæmdanna, merkt verk 3—1000. Tilboðin í málunina, efni og vinnu, voru gerð eftir útboðsgögnum, sem F. B. afhenti væntanlegum bjóðendum, og liggja þessi gögn fyrir í málinu.

Útboðsgögn þessi skiptast í tvennt, í fyrsta lagi almenna samningsskilmála F. B. fyrir Breiðholt III, en í öðru lagi útboðsgögn

varðandi málun. Í fyrstu grein almennu samningsskilmálanna, sem fjallar um gildissvið, segir, að skilmálar þessir séu samdir af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar og gildi um samninga, sem nefndin geri um framkvæmdir á hennar vegum, vegna byggingar íbúða samkvæmt reglugeðr um íbúðarbyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 28. apríl 1967.

Í þriðju grein segir, að verkið ákvarðist af samningi og fylgigögnum hans, svo sem verklýsingu og teikningum.

Fjórða grein skilmálanna fjallar um breytingar. Segir þar, að verkkaupi geti hvenær sem er með bréflegri tilkynningu gert breytingar á verklýsingu og teikningum innan marka þess meginverkefnis, sem verksamningur tekur til. Ef þessar breytingar hafa í för með sér hækkun eða lækkun kostnaðar eða breytingu á tíma til lúkningar verksins, skuli sanngjörn leiðrétting eiga sér stað og verksamningi breytt skriflega í samræmi við það.

Sjöunda grein skilmálanna fjallar um framlag verktaka. Segir þar, að verktaki leggi fram til verksins alla vinnu, verkfæri, tæki, þjónustu, flutninga, aðstöðu, efni, orku, vörur, tækniþjónustu og verklega yfirstjórn, nema það, sem sérstaklega sé undanskilið í verksamningi eða fylgiskjölum hans. Enn fremur greiði verktaki allar lög- og samningsbundnar greiðslur, er af verkinu leiði, svo sem söluskatt, launaskatt, slysatryggingargjöld, iðgjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs, sjúkrasjóðsgjöld, orlofsfé, vinnulaun, veikinda- og slysadagagreiðslur, fæðiskostnað og annað þess háttar. Verktaki annist og kosti allt viðhald að verkinu, unz hann hafi skilað því í hendur verkkaupa.

Í tólftu grein er fjallað um samvinnu á vinnustað. Segir þar, að verktaki skuli taka fullt tillit til annarra verktaka á byggingarstað og að ástunda góða samvinnu við þá. Hann skuli fara eftir fyrirmælum verkkaupa til að koma í veg fyrir, að verk annarra tefjist að nauðsynjalausu.

Í sextándu grein er fjallað um það, að verktaki skuli setja bankatryggingu því til tryggingar, að hann standi við skuldbindingar sínar samkvæmt verksamningi, að upphæð 10% af samningsfjárhæð.

Sautjánda grein skilmálanna fjallar um skuldskeytingu. Segir þar, að verktaka sé óheimilt án samþykkis verkkaupa að láta annan aðilja ganga inn í tilboð sitt eða taka við skyldum samkvæmt verksamningi í sinn stað að nokkru eða öllu leyti.

Í 32. gr., 4. lið, segir, að aðalverktakinn hafi á hendi yfirstjórn og samræmingu allra þeirra verkþátta, sem undirverktakar fram-

kvæmi á byggingarstað. Sjái hann um, að störf undirverktaka gangi greiðlega og verði í sem beztu samræmi við eðlilega og skipulega heildarframkvæmd verksins. Í 32. gr., 5. lið, segir, að aðalverktaki fylgist með samningsgerð milli verkkaupa og undirverktaka og óhjákvæmilegum og heimilum breytingum á honum og gerð viðaukasamninga. Skuli aðalverktaki framfylgja slíkum samningum á sama hátt og aðalsamningi.

Í 32. gr., 16. lið, segir, að aðalverktaki skuli mánaðarlega, eftir að framkvæmdir hefjist, gera deilitímaáætlun yfir alla verkþætti og senda hverjum undirverktaka áætlun um verk hans. Slík áætlun skuli hverju sinni ná til loka heildarverksins og beri undirverktökum að haga verki sínu eftir áætluninni.

Í útboðsgögnum þeim, er sérstaklega áttu við útboð í málun, var fyrst tilboðsblaðið sjálft. Því fylgdi síðan útboðslýsing. Segir þar fyrst, hvert verkefnið sé, en í 2. gr. er síðan fjallað um tilhögun. Segir þar, að verkið skuli unnið samkvæmt meðfylgjandi verklýsingu og uppdráttum og almennum samningsskilmálum F. B. — Breiðholt III, suður — með sérákvæðum. Bjóðendum sé skylt að miða tilboð við þau gögn.

Í 4. gr. er fjallað um verktímann, og segir þar, að verkinu skuli skila með nokkuð jöfnum hraða á tímabilinu apríl 1970 til marz 1971.

Um tilboðið er fjallað í 8. gr., og segir þar, að bjóðandi sé bundinn af tilboði sínu *í 4 vikur frá opnunardegi.* Verkkaupa sé heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Á eftir útboðslýsingunni er fjallað um samningsskilmálana og þau sérákvæði, sem um málun gilda. Því næst fylgja drög að verksamningi og verklýsing, teikningaskrá og kort.

Þegar tilboðin í málun voru opnuð, kom í ljós, að þrír aðiljar gerðu tilboð í verkið. Tilboð þessi eru sem hér segir:

1. Málaraverktakar s/f:

Málun utanhúss	kr. 805.832.00
Málun inni	— 9.933.000.76
eða samtals	kr. 10.738.908.00

Efni 26%, vinna 71%, yfirkostnaður 3%.

2. Einar S. Kristjánsson og Eyþór Guðmundsson:

Þökin þrímáluð	kr. 346.000.00
Málun utanhúss	— 1.350.000.00

Málun inni	kr. 3.870.000.00
Sandspartl, vinna og efni	— 9.540.000.00
Samtals	kr. 15.156.000.00

Efni 22%, vinna 73%, yfirkostnaður 5%.

3. Verktakafélag Málarameistara s/f:

Málun utanhúss	kr. 1.201.113.00
Málun inni	— 7.173.486.00
Samtals	kr. 8.374.599.00

Efni 22.85%, vinna 63.60%, yfirkostnaður 13.55%.

Tilboð þessi voru opnuð 23. ágúst 1969. Þann 26. ágúst 1969 barst F. B. bréf frá Málaraverktökum s/f, þar sem skýrt var frá því, að tilboð þeirra innifæli einnig tilboð í sandspartl að upphæð kr. 5.599.431.00, þannig að raunverulegt tilboð þeirra í málun inni og úti væri kr. 5.139.477.00. Gögn þau, er þeir lögðu fram máli sínu til stuðnings, voru athuguð, og kom þar að áliti F. B. ekkert fram, sem ástæða væri til að vefengja, en sökum þess hve seint þau bárust, taldi nefndin sig ekki geta tekið tillit til skýringa þeirra.

Að frádregnum liðnum „sandspartl, vinna og efni" og liðnum „þökin þrímáluð" í tilboði Einars og Eyþórs stóð það tilboð í kr. 5.220.000.00 og var þannig lægst, en þar sem liðir þessir voru sér í tilboðinu, var auðvelt að draga þá frá.

Við opnun tilboðanna, þann 23. ágúst 1969, kom fram, að Breiðholt h/f, sem var lægst bjóðandi í aðalverkið, gerði tillögu um breytingu á smíði útveggja á þá lund, að þeir yrðu steyptir upp á staðnum í stað þess að setja þá saman úr steyptum verksmiðjuframleiddum einingum. F. B. leizt vel á þessa tillögu, og var hún samþykkt, en af því leiddi, að mála varð þessa útveggi að utan og gera þar með breytingar á verkmagni því og verklýsingu þeirri, sem tilboðin í málun voru miðuð við.

Þann 2. september 1969 barst F. B. bréf frá Vinnuveitendasambandi Íslands, dags. 29. ágúst 1969, þar sem skorað var á nefndina að semja ekki við Einar og Eyþór, þar eð slíkt mundi skapa ófyrirsjáanlega erfiðleika og málarekstur milli Málarafélags Reykjavíkur og Málarameistarafélags Reykjavíkur. Segir í bréfinu, að komið hafi í ljós, að eitt tilboðanna, þ. e. tilboð Eyþórs og Einars, sé frá málarasveinum, félagsmönnum í Málara-

félagi Reykjavíkur. Segir síðan í bréfinu, að í þessu sambandi vilji Vinnuveitendasambandið vekja athygli á 2. tl., 11. gr. í gildandi kaup- og kjarasamningi milli Málarafélags Reykjavíkur og Málarameistarafélags Reykjavíkur, dagsettum 16. júní 1969, sem hljóði svo. „Meðlimum M. F. R. er óheimilt að bjóða í málaravinnu, enda sé þeim tryggður forgangsréttur til þeirrar vinnu.“ Bréfi þessu fylgdi sérstakt fylgiskjal, en í því kemur fram greinargerð samninganefnda M. M. F. R. og M. F. R., og segir þar m. a.: „11 grein tekur ekki gildi á sama hátt og aðrar greinar samningsins, heldur ber að líta á hana sem starfsgrundvöll fyrir stjórnir félaganna. Samningstímabilið frá 19. maí 1969 til 15. maí 1970 ber að líta á sem aðlögunartíma.

A-liður 2. málsgr. um, að meðlimir M. F. R. megi ekki bjóða í verk, tekur þó strax gildi sem annað í samningnum.“

11. grein samnings þess, sem hér er vitnað til, hljóðar svo í heild sinni:

„*A.1.* Meðlimum M. F. R. er óheimilt að ganga inn á verksvið meðlima M. M. F. R. og að vinna hjá öðrum en fullgildum meðlimum þess, sé vinna fyrir hendi, samanber þó undanþágu B-liðs þessarar greinar.

2. Meðlimum M. F. R. er óheimilt að bjóða í málningarvinnu, enda sé þeim tryggður forgangsréttur til þeirrar vinnu.

3. Meðlimum M. M. F. R. er óheimilt að vinna að iðninni, nema þeir hafi minnst einn svein í vinnu.

4. Meðlimir M. M. F. R. eru skyldir til þess að láta meðlimi M. F. R., sem hjá þeim vinna, hafa forgangsrétt til allrar málaravinnu á þeirra vegum, enda stndi viðkomandi aðilar ekki í óbættum sökum við M. F. R.

5. Eftir að Sveinn hefur unnið samfellt í eitt ár hjá sama meistara (1800 stundir), skal uppsagnarfrestur vera einn mánuður miðað við fyrsta dag hvers mánaðar, og skal það vera gagnkvæmt.

B. Ef málarameistarar utan Reykjavíkur taka að sér málningarvinnu á félagssvæði M. F. R., skal meðlimum M. F. R. heimilt að vinna hjá þeim. Enda vinni þeir á sama grundvelli og samningar milli M. F. R. og M. M. F. R. kveða á um.

Meðlimum M. F. R. er heimilt að vinna að sandspartli á sama grundvelli og múrarasveinar.

Að öðru leyti vísast í greinargerð.“

Grein þessi er óbreytt í samningum félaganna frá 25. júní 1970. Í þá samninga er tekin eftirfarandi athugasemd: „Samkomulag um

framkvæmd 11. gr. samnings 19. 5. 1969 milli Málarafélags Reykjavíkur og Málarameistarafélags Reykjavíkur.

Stjórnir samningsaðilja lýsa því yfir, að þær muni á samningstímabilinu vinna að því að fastar reglur verði settar um framkvæmd 11. gr. samningsins."

Sem svar við þessu bréfi Vinnuveitendasambandsins skrifar Málarafélag Reykjavíkur F. B. bréf, dags. 4. september 1969. Segir í því bréfi:

„1. Einar S. Kristjánsson sagði sig úr félagi okkar 19. ágúst 1969, og er því ekki lengur meðlimur þess og stendur ekki í óbættum sökum við félagið.

2. Vegna tilmæla okkar hefur Eyþór Guðmundsson fallizt á að draga sig til baka úr tilboði í málningarvinnu á vegum FB, merkt Eyþór og Einar."

Með bréfi 6. september 1969 lýsir svo Eyþór Guðmundsson því yfir, að af félagslegum ástæðum dragi hann sig til baka frá tilboði sínu, dagsettu 18. ágúst, í málningarvinnu á vegum F. B. Jafnframt kveðst hann samþykkja, að Einar S. Kristjánsson verði áfram einn aðili að tilboði þessu.

Niðurstöður athugana tilboða og aðsend bréf voru lögð fram á fundi Framkvæmdanefndarinnar hinn 12. september 1969, og var málinu þá frestað.

Þann 17. september 1969 sækir Einar S. Kristjánsson um inngöngu í Málarameistarafélag Reykjavíkur. Með bréfi þess félags, dagsettu 18. september 1969, er frá því skýrt, að á stjórnarfundi miðvikudaginn 17. september 1969 hafi umsókn hans um inngöngu í félagið verið tekin fyrir og henni hafnað.

Þann 22. september 1969 skrifar Einar S. Kristjánsson Framkvæmdanefndinni bréf, og segir í því bréfi:

„Hér með staðfestist, að enda þótt útrunninn sé frestur til að standa við tilboð mitt um málningarvinnu á yðar vegum, dagsettu 18. ágúst 1969, þá mun ég standa áfram við tilboð mitt um óákveðinn tíma, eftir nánara samkomulagi.

Að gefnu tilefni vegna neitunar Málarameistarafélagsins um inngöngu í félagið, þá vil ég upplýsa, að ég hefi þegar tryggt mér nægilegan mannafla til að geta staðið við væntanlega samninga.

Hér með fylgja yfirlýsingar frá sveitarstjóra Seltjarnarneshrepps og Póst- og símamálastjórninni svo og bréf Sparisjóðs Alþýðu. Ennfremur fylgir ljósrit af meistarabréfi mínu, afrit af umsókn minni í Málarameistarafélag Reykjavíkur og svari þess félags."

Tilvitnuð skjöl hafa verið lögð fram í málinu að undanteknu meistarabréfi stefnanda. Í bréfi Sparisjóðs Alþýðu kemur fram, að Sparisjóðurinn muni hlutast til um, að Einari verði veitt bankaábyrgð sú, sem hann þurfi að setja vegna verksins.

Með bréfi, dagsettu 25. september 1969, ritar Meistarasamband byggingamanna F. B. bréf, þar sem þeir lýsa því yfir, að Málarameistarafélag Reykjavíkur njóti fyllsta stuðnings Meistarasambandsins og að það muni veita því alla aðstoð til að fá málið leyst á viðunandi hátt.

Þann 30. september er málið tekið upp að nýju hjá Framkvæmdanefndinni og þá samþykkt „að leita samninga við Einar S. Kristjánsson, málarameistara, um málun." Einn nefndarmannanna var því þó andvígur, að ákvörðunin væri tekin að svo stöddu, og vildi láta athuga betur stöðu meistarans til þess að veita verkinu forstöðu. Efni þessarar ályktunar var af hálfu nefndarinnar tilkynnt Einari munnlega af starfsmönnum nefndarinnar.

Af ýmsum sökum dróst það fram á vor 1970, að samningaviðræður nefndarinnar við Einar S. Kristjánssonar væru teknar upp. Fram hefur verið lögð fundargerð, dagsett 4. júlí 1970, þar sem mættir eru þeir Einar S. Kristjánsson, Eyþór Guðmundsson, Ríkarður Steinbergsson, framkvæmdastjóri Framkvæmdanefndarinnar, og Björn Ólafsson verkfræðingur. Á þeim fundi, sem í yfirskrift er kallaður umræðufundur, er farið yfir verklýsingu og breytingar, sem á hafa orðið frá útboði. Á fundi hinn 10. júní 1970 eru sömu menn svo aftur mættir. Er þá yfirfarin fundargerð frá 4. júní 1970. Í þessari fundargerð er nánar fjallað um breytingar, sem orðið hafa frá útboði, og settar fram tölur. Fram hefur verið lagt uppkast frá Ríkharði Steinbergssyni, þar sem fjallað er um í fyrsta lagi hækkun á samningsupphæð og í öðru lagi lækkun á samningsupphæð. Virðist út úr því koma, að hækkun verðs hvers stigahúss nemi kr. 48.500.00. Þá hefur verið lagt fram skjal, sem stafar frá F. B., en á því stendur: „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eyþór." Skjal þetta ber með sér, að það er frá 1. júlí 1970, og mun vera lýsing á málun innanhúss. Engar tölur fylgja þó skjali þessu, og málun utanhúss er þar ekki upptalin. Þann 7. júlí 1970 fær Einar senda frá Breiðholti h/f, sem er aðalverktaki við þennan áfanga framkvæmdanna, deilitímaplan yfir Breiðholt III. Deilitímaplani þessu fylgdi bréf, þar sem stendur: „Hér með sendum vér yður deilitímaplan fyrir innivinni í fyrstu fjórum stigahúsunum (Þórufell 20—14). Ef þér hafið eitthvað við áætl-

unina að athuga, þá eruð þér beðnir um að hafa samband við undirritaðan nú þegar.

Framvegis verða byggingarfundir á vinnustað með undirverktökum á hverjum miðvikudegi kl. 10.00, og er ætlazt til, að þeir verktakar, sem eru á staðnum, mæti stundvíslega á hverjum fundi, einnig er heppilegast að bera fram fyrirspurnir og athugasemdir á þessum fundum. Nauðsynlegt er, að allir verktakar láti menn sína hafa afrit af þeim hluta tímaplansins, sem þeim við kemur, og stilla þá inn á að halda því."

Undir þetta bréf ritar Ólafur Gíslason verkfræðingur fyrir hönd Breiðholts h/f.

Einar mætir síðan á boðuðum fundi með undirverktökum Breiðholts h/f. Björn Ólafsson, verkfræðingur F. B., kallar hann þar til sín og biður hann að sitja ekki þann fund. Varð ekki af fundarsetu Einars. Þann 21. júlí 1970 er haldinn fundur í F. B., og er þar fjallað um samninga í málun. Skýrir Ríkharður Steinbergsson þá frá hugmyndum tæknimanna um breytingar á verklýsingu. Nefndarmenn samþykkja þær breytingar. Þann 22. júlí 1970 gefa nokkrir sveinar í málaraiðn, félagar í Málarafélagi Reykjavíkur, vottorð um það, að þeir geti starfað hjá Einari S. Kristjánssyni við verkefni það, sem hann hafi fengið samkvæmt útboði Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar. Á fundi F. B. hinn 24. júlí 1970 skýrir formaður frá viðræðum sínum og framkvæmdastjóra við formann Málarameistarafélags Reykjavíkur og Málarafélags Reykjavíkur og Einar S. Kristjánsson málara. Samþykkir nefndin á fundinum, að „vegna mikilla breytinga á verklýsingu og öryggisleysis um framkvæmd verksins" að bjóða málun III. áfanga út að nýju.

Með bréfi 14. ágúst 1970 sendir Einar S. Kristjánsson tilboð í verk nr. 3—1000, málun í Þórufelli 2—20, Yrsufelli 1—3 og 5—15, samkvæmt útboðsgögnum, dagsettum í júlí 1970. Í bréfinu segir svo: „Þrátt fyrir þetta tilboð mitt bendi ég á, að ég tel núverandi útboð á verki þessu brot á samningnum við mig um þetta sama verk, að meginefni til, samkvæmt útboðsgögnum í júní 1969, sjá tilboð mitt, dagsett 18. ágúst 1969, svo og breytingum á því útboði. Áskil ég mér allan bótarétt af því tilefni gegn nefndinni og þeim, sem bera fjárhagslega ábyrgð á störfum hennar."

Tilboð í verk þetta voru svo opnuð 17. ágúst 1970, og bárust þá átta tilboð í verkið, og voru Málaraverktakar s/f með lægsta boðið. Þann 18. ágúst 1970 samþykkti nefndin að semja við lægstbjóðanda. Var gengið frá samningum við hann 20. ágúst 1970.

III.

Komið hefur fyrir dóm stefnandi máls þessa, Einar Sigmundur Kristjánsson. Hann sagði, að sér hefði verið kunnugt um það, áður en hann gerði tilboðið, að í samningum á milli málarameistara og málarasveina væri ákvæði um, að sveinar mættu ekki bjóða í verk. Hann sagði, að þess vegna hefði hann gengið úr Málarafélagi Reykjavíkur. Hann sagði, að hann hefði ekki talið sig þurfa að vera í Málarameistarafélagi Reykjavíkur. Hann kvaðst hafa sent umsókn sína um inngöngu í það félag, eftir að tilboðin voru opnuð, að ábendingu Eyjólfs K. Sigurjónssonar, formanns stefnda.

Hann var að því spurður, af hvaða tilefni bréf hans frá 22. september 1969 hafi verið ritað, en þar lýsir hann því yfir, að hann standi áfram við tilboð sitt um óákveðinn tíma. Hann sagði, að fresturinn hefði verið að renna út og einnig hefði hann vitað um bréf, sem F. B. hafði borizt frá Meistarasambandinu. Hann kvað það ekki hafa verið af sérstöku tilefni frá F. B., sem þetta bréf var ritað. Hann sagði, að áður en bréf þetta var ritað, hefði hann átt viðræður við Ríkharð Steinbergsson á skrifstofu F. B. Eyþór Guðmundsson hafi stundum verið með honum. Þeir hefðu farið á skrifstofuna til þess að reka á eftir samningaviðræðum. Það hefði komið fram strax, eftir að tilboðin voru opnuð hjá F. B., að þeirra tilboð væri hagstæðast og nálægt þeirri áætlun, sem F. B. hefði gert. Hann kvaðst ekki hafa vitað, að breytingar yrðu á verkinu, þá er hann skrifaði bréfið frá 22. september 1969. Það hefði komið fram hjá Ríkharði Steinbergssyni veturinn 1969—1970, hvenær muni hann ekki, að breytingar yrðu á verkinu.

Hann sagði, að Ríkharður Steinbergsson hefði tilkynnt sér ályktun F. B. frá 30. september 1969 á skrifstofu F. B. Hafi hann sagt sér, að samningaviðræður yrðu teknar upp fyrir 1. nóvember 1969. Hann kveðst ekki muna, hvernig orð féllu á milli þeirra. Eftir 1. nóvember hafi það komið fram hjá Ríkharði, að alla vega yrði samið fyrir áramót, en þegar áramót voru liðin, hafi honum verið sagt, að samningaviðræður mundu dragast, þar sem ekki væri enn búið að semja við aðra verktaka, sem kæmu á undan honum í röðinni. Hann sagði, að sér hefðu verið tilkynntar viðræðurnar vorið 1970 á skrifstofu Ríkharðs Steinbergssonar, en hann muni hafa verið staddur þar til að reka á eftir samningaviðræðum. Hann kvaðst hafa talið sig bundinn af tilboðinu allan tímann, þó með þeim breytingum, sem tilboðsgögn gerðu ráð fyrir.

Honum voru sýndar fundargerðir umræðufunda frá 4. og 10. júní 1970, og sagði hann það rétt, sem þar kæmi fram. Hann sagði,

að það hefði komið fram á viðræðufundunum, að verðhækkanir færu yfir milljón. Hann sagði, að skjal það, sem ber með sér, að hækkun á stigahús verði kr. 48.500.00, hafi Ríkharður Steinbergsson skrifað niður fyrir þá eftir fundina og sagt, að hann mundi leggja þessar tölur fyrir F. B. Hann sagði, að þarna kæmu fram niðurstöður hækkana á verkinu vegna breytinga á því. Eftir hafi þá verið að semja um hækkanir á verkinu vegna breytts verðs, vinnu og efnis.

Hann sagði, að það hefði verið að beiðni Ríkharðs og Eyjólfs, að hann fékk yfirlýsinguna frá málurum um, að þeir gætu starfað hjá honum að þessu verkefni.

Honum var sýnt skjal það, sem á stendur „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eyþór." Hann sagði, að verklýsing þessi hefði verið niðurstaða samningafundanna milli hans og F. B., og hann taldi, að báðir aðiljar hefðu samþyktt þessa verklýsingu. Hann kvaðst ekki vita, hvort þessi verklýsing hefði verið samþykkt formlega hjá F. B. Hann sagði, að hann sæi ekki allar þær sömu breytingar á þessu skjali, eins og á skjali því, sem Ríkharður Steinbergsson skrifaði upp eftir umræðufundina við hann og Eyþór. Kvaðst hann ekki sjá þær breytingar, sem þeir Eyþór stungu upp á. Þá kvaðst hann hafa haft atvinnu frá miðju ári 1970 til miðs árs 1971.

Komið hefur fyrir dóminn Ríkharður Steinbergsson, framkvæmdastjóri Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar.

Hann sagði, að haustið 1969 hefðu yfir 20 verk verið boðin út samtímis á vegum F. B. Þeir hefðu fyrst tekið afstöðu til tilboða í aðalverk og síðan tilboða undirverktaka. Hann sagði, að innan fjögurra vikna hefðu þeir verið búnir að skrifa flestum bjóðendum og í bréfunum sagt, við hverja samið yrði og hverjum hafnað. Til þeirra, er boðið höfðu í málun, hefði ekkert bréf verið ritað. Hann kvaðst ekki þora að fullyrða, hvort svo hefði verið um fleiri verk. Hann sagði þá stefnanda og Eyþór Guðmundsson hafa öðru hverju verið að koma á skrifstofu Framkvæmdanefndarinnar og spyrjast fyrir um tilboð sitt. Þeir muni þannig hafa vitað, að til stæði að taka ákvörðun um tilboðin í málun á fundinum 30. september 1969. Hann sagði, að Einari hefði verið tilkynnt samþykkt F. B. þann 30. september 1969 munnlega. Ekkert meira hefði komið fram í þeirri tilkynningu en standi í samþykktinni. Hann kvað það hafa dregizt lengur en þeir ætluðu, að samningaviðræður yrðu hafnar við Einar. Hafi það stafað af því, að tilboðið í aðalverkið hafi verið svokallað breytingatilboð, og hafi

því verið tekið. Af þessum sökum hafi þurft að gera breytingar, t. d. á hitalagnarteikningum.

Hann sagði, að Einar hefði svo um veturinn verið að spyrjast fyrir um, hvað málum þessum liði. Hann sagði það hafa legið ljóst fyrir strax um haustið 1969, þegar búið var að taka breytingatilboðinu í aðalverkið, að breytingar yrðu á verki Einars.

Hann kvað ekki hafa verið leitað nýrra tilboða í annað verk en málunina.

Hann sagði, að hann skildi samþykkt Framkvæmdanefndarinnar frá 30. september 1969 þannig, að honum og starfsmönnum Framkvæmdanefndarinnar væri með henni falið að leita samninga við Einar S. Kristjánsson um málun, en auðvitað hefði þurft að leggja þá samninga fyrir Framkvæmdanefndina. Ríkharði voru sýndar fundargerðir umræðufunda frá 4. júní 1970 og 10. júní 1970. Hann sagði tölur þær, sem fram koma í fundargerð fundarins 10. júní 1970, vera fengnar úr verðskrá Málarameistarafélagsins og væru þannig til komnar, að fundarmenn hefðu eftir verðskránni gert sér grein fyrir, hvernig tilboð Einars yrði að breytast með tilliti til breytinga á verkinu. Hann sagði, að enginn ágreiningur hefði verið um þessar tölur, og taldi hann, að á þeim mundu hafa verið byggt, ef viðræður hefðu haldið áfram. Honum var sýnt það skjal, sem ber með sér tölur um hækkun og lækkun á samningsupphæð, og sagði hann það skjal ábyggilega vera niðurstöðu viðræðna við stefnanda. Hann kvaðst álíta þetta skjal samið á eftir skjalinu, sem ber áritunina „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eyþór.“ Hann sagði verklýsingu þá, sem kæmi fram í endanlega útboðinu, vera aðra en þá, sem kæmi fram í þessum dómsskjölum.

Honum var sýnd yfirlýsing nokkurra málara um, að þeir gætu unnið hjá stefnanda. Hann kvaðst álíta, að yfirlýsingin væri fengin að gefnu tilefni frá Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar.

Eyþór Jósef Guðmundsson málari hefur komið fyrir dóminn. Hann kannaðist við að hafa ásamt Einari S. Kristjánssyni boðið í verk það, sem um er deilt í málinu. Hann sagði, að tilefni bréfs þess, þar sem hann segir sig frá verkinu, hafa verið það, að hann hafi viljað forðast, að félag sitt, þ. e. Málarafélag Reykjavíkur, og Einar lentu í erfiðleikum sín vegna, en í samningum Málarafélags Reykjavíkur og vinnuveitenda sé ákvæði þess efnis, að sveinar megi ekki bjóða í verk. Hann hefði vitað um þetta ákvæði

samninga sveina og meistara, þá er tilboðið var gert, en hefði ekki ætlað að fara eftir því.

Hann sagði, að haustið 1969 hefðu hann og Einar rætt við Eyjólf K. Sigurjónssonar. Hann hafi verið þeim mjög hliðhollur og hafi hann hvatt Einar til þess að sækja um inngöngu í Málarameistarafélagið. Eyjólfur hefði talað við þá eins og þeir mundu fá verkið. Það hefði komið fram hjá fyrirsvarsmönnum Framkvæmdanefndarinnar þá um haustið, að Einar ætti að láta dæma sig inn í Málarameistarafélagið. Honum var sýnt vottorð nokkurra málarasveina, þar sem þeir kveðast geta unnið hjá Einari S. Kristjánssyni við umdeilt verk. Hann sagði þá Einar hafa fengið mennina til þess að skrifa undir skjalið og kvaðst sjálfur vera þar efstur á blaði. Hann kvaðst geta fullyrt, að þeir mundu hafa unnið að verkinu þrátt fyrir mótmæli Meistarafélagsins. Hann sagði, að Magnús Stephensen, formaður Málarafélags Reykjavíkur, hefði sagt, að hann sæi því ekkert til fyrirstöðu, að málarasveinarnir ynnu við verkið.

Þá hefur komið fyrir dóminn Björn Ólafsson, en hann var yfirverkfræðingur hjá Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar á árunum 1966—1970.

Hann kvaðst hafa tekið þátt í að undirbúa útboðsgögn í málun fyrir III. áfanga F. B. Hann kvaðst fyrst hafa orðið var við Einar S. Kristjánsson í sambandi við útboðið á málun, skömmu eftir að tilboð voru opnuð. Hafi Einar komið til þess að spyrjast fyrir um það, hvenær afstaða yrði tekin til tilboðanna. Honum var kynnt ályktun F. B. frá 30. september 1969. Hann kvaðst kannast við hana og kvaðst álíta, að hann hefði verið á þessum fundi. Hann var að því spurður, hvað hann áliti felast í þessari samþykkt. Hann sagði, að venjuleg afgreiðsla hefði verið sú, annað hvort að gera samþykkt um að taka einu tilboði og hafna öðrum eða þá, eins og þarna, að leita samninga við einhvern ákveðinn. Hann sagði, að þegar um mörg tilboð væri að ræða, eins og þarna, hefðu þeir starfsmennirnir unnið við tilboðin, kynningu þeirra og samanburð og hvort einhverjir annmarkar væru á þeim. Hann kvaðst í þessu tilfelli hafa haft uppkast að bréfum sem svörum við tilboðum í málun og annað. Síðan hafi bréfin verið tekin fram, þegar nefndin afgreiddi tilboðin, þau dagsett og send út. Hann kvaðst hafa verið búinn að gera uppkast að bréfum vegna tilboða í málun, en þau bréf hafi aldrei verið send út, að minnsta kosti ekki til Einars. Hann sagði, að þetta mál hefði aldrei verið

lagt þannig fyrir nefndina til afgreiðslu. Uppköstin hefðu verið þess efnis, að tilboði Einars var tekið, en hinum hafnað.

Hann var spurður, hvaða ástæður hann álíti hafa valdið því, að málið hlaut þessa afgreiðslu hjá Framkvæmdanefndinni 30. september 1969. Hann staðfesti það, sem áður hefur verið frá greint um misskilning Málaraverktaka s/f á útboðinu. Þá sagði hann, að félagsleg aðstaða Einars hefði einhverju valdið um, hvaða afgreiðslu málið fékk. Þannig hefðu verið vissar efasemdir, bæði hjá nefndinni og starfsmönnum, um, að bjóðandinn gæti leyst þetta verkefni. Hefði þarna fleira en félagsleg afstaða hans haft áhrif. Eftir að tilboði Breiðholts h/f sem aðalverktaka hefði verið tekið, hefði orðið ljóst, að breyting yrði á málun og hefði það einnig kallað á samninga, en ekki samþykki tilboðs.

Hann staðfesti, að hann hefði verið á umræðufundunum 4. og 10. júní 1970. Honum var sýnt dskj., sem ber yfirskriftina: „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eyþór.“ Hann sagði, að þannig hefði verið gengið frá samningum við tilboðsgjafa. Þarna væri aðeins um það að ræða, að verklýsing væri sett undir titilblað af þannig samningi. Einingarverð og skilmálar væru venjulega fest við verklýsinguna.

Þá hefur komið fyrir dóminn Eyjólfur Kolbeins Sigurjónsson, formaður Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar. Hann var að því spurður, hvenær fundum hans og Einars S. Kristjánssonar hefði fyrst borið saman, eftir að útboðin voru opnuð. Hann kvaðst ekki minnast þess nákvæmlega, en taldi, að hann hefði rætt við Einar einu sinni eða tvisvar. Hann sagði, að tæknimenn væru látnir annast frakvæmdir. Hann kvað bréf Málarameistarafélagsins hafa virkað alveg öfugt á sig, hann hafi verið staðráðinn í að reyna að semja við Einar. En eftir viðtöl við stefnanda og formann Málarafélags Reykjavíkur, Magnús Stephensen, hafi hann verið sannfærður um, að Einar gæti ekki uppfyllt tilboð sitt. Hann sagði, að Einar hefði skilað lista með nöfnum þeirra, sem hann taldi, að væru reiðubúnir til þess að vinna hjá sér. Hann sagði, að eftir því sem lengra leið á samningaviðræður tæknimanna við Einar hafi þeir sagt sér, að berlega hefði komið í ljós, að hann væri ekki fær um að framkvæma verkið.

Hann sagði skýringuna á því, hvers vegna dróst að hefja samningaviðræður við Einar, vera þá, að þar sem fjórar vikur hefðu verið liðnar frá opnun tilboða, áður en samþykktin var gerð 30. september 1969, hafi þeir ekki talið sig bundna við neitt tilboð-

anna. Honum var kynnt það, sem segir í fundargerðum nefndarinnar 21. júlí 1970 og 24. júlí 1970. Hann sagði, að á fundinum 21. júlí 1970 hefði aðeins verið rætt um, hvernig framkvæma ætti verkið, en ekki af hverjum. Á þessum fundum hefði ekki legið fyrir samningsuppkast til Einars. Hann hefði aldrei séð það.

Magnús Hannesson Stephensen, formaður Málarafélags Reykjavíkur, hefur komið fyrir dóminn. Hann sagði, að eftir að þeir skrifuðu bréfið frá 4. september 1969, hefðu þeir ekki frekar heyrt frá Málarameistarafélagi Reykjavíkur varðandi þetta mál.

Honum var kynnt vottorð nokkurra málara um það, að þeir gætu unnið hjá Einari S. Kristjánssyni. Hann sagði, að á þeim tíma, sem sú yfirlýsing var gefin, hafi að hans áliti ekkert verið því til fyrirstöðu, að vottorðsgjafarnir ynnu hjá Einari, að því er snertir Málarafélag Reykjavíkur. Sumarið 1970 kvaðst hann eitt sinn hafa verið kallaður á fund Eyjólfs K. Sigurjónssonar til þess að ræða þessi mál. Á þeim fundi hafi hann gefið þá yfirlýsingu, að félagsmenn Málarafélags Reykjavíkur mundu vinna hjá hverjum þeim aðilja, sem verkið fengi, og þar á meðal Einari S. Kristjánssyni. Það hefði borizt í tal á milli þeirra Eyjólfs, hver mundi verða afstaða Málarameistarafélags Reykjavíkur til tilboðs Einars, og hafi Eyjólfur spurt, til hvaða ráðstafana væri hægt að grípa, ef málarameistarar settu sig upp á móti því, að Einar fengi verkið. Hann kvaðst ekki hafa getað svarað því, hver mundi verða afstaða málarameistaranna.

Honum var sýndur 2. tl. A. í 11. gr. samninga M. M. F. R. og M. F. R. Hann kvaðst í samningum hafa viljað túlka þessa grein svo, að meistrarar mættu aðeins vinna að þessum verkum sem verkstjórar. Þá var honum kynntur 1. liður 1. A. í 11. grein samninganna. Hann sagði, að ákvæði 11. gr. hefði ætíð verið deilumál á milli félaganna og að sínu viti hefði þetta ákvæði ekki sama gildi og aðrar greinar samningsins og vitnar í því sambandi til athugasemda á bls. 22 í samningunum. Hann sagði, að það hefði ætíð verið tilgangur Málarafélags Reykjavíkur með þessum samningum að tryggja félagsmönnum forgangsrétt að vinnu á Reykjavíkursvæðinu, en Málarameistarafélagið hefði aldrei getað tryggt þeim það, þar sem fleiri aðiljar hafi ráðið í vinnu á svæðinu.

IV.

A. a) Málsástæður stefnanda eru þær, að það hafi komizt á fullgildur samningur milli stefnanda og Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar um, að stefnandi málaði 180 íbúðir í III. áfanga

Breiðholtsframkvæmdanna í Reykjavík, sem nefndin bauð út haustið 1969.

Stefnandi heldur því fram, að Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hafi komið þann veg fram við Einar S. Kristjánsson, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að treysta því, að nefndin hafi samþykkt tilboð hans.

Athöfnum og athafnaleysi Framkvæmdanefndarinnar raðar stefnandi upp þannig:

1. F. B. setur sig sérstaklega í samband við Einar á fjögurra vikna fresti þeim, sem settur var til að taka eða hafna tilboðum, og biður um gögn varðandi félagslega stöðu hans. Þetta hafi orsakað það, að hann framlengdi tilboð sitt.

2. F. B. tekur ákvörðun um að leita samninga við Einar 30. september 1969, og honum er tjáð það munnlega.

3. Hann spyr, hvenær eigi að hefja verkið og ganga frá verksamningum. Honum er svarað því, að því sé slegið á frest, án þess að það sé gefið til kynna, að nefndin vilji ekki vera bundin gagnvart honum.

4. Átta mánuðir líða frá 30. september 1969 til júní 1970, án þess að F. B. tilkynni nokkru sinni, að nefndin vilji ekki vera bundin, enda þótt Einar spyrjist öðru hverju fyrir um það, hvenær ganga skuli frá framkvæmdaatriðum samningsins og hefja verkið.

5. Framkvæmdastjóri F. B. boðar Einar í byrjun júní 1970 á fundi til þess að ganga frá framkvæmdaatriðum samningsins, þ. e. á fundina 4. og 10. júlí 1970.

6. Framkvæmdastjóri F. B. segir Einari, að hann megi fara að semja um efniskaup og ráða menn til verksins.

7. Framkvæmdastjóri F. B. ritar sem niðurstöðu fundanna í júní verðhækkanir og samningsupphæð og fær Einari.

8. F. B. gengur frá nýrri verklýsingu og sendir Einari, þar sem F. B. kallar Einar samningsaðilja í byrjun júlí 1970. Þetta jafngildi nýju tilboði frá F. B.

9. F. B. sendir annað hvort Breiðholti h/f afrit af þessum plöggum eða tilkynnir því á annan hátt um samninga við Einar, svo að forráðamenn Breiðholts h/f halda, að samið hafi verið við Einar um verkið, og boða hann á fund sem undirverktaka.

10. F. B. lætur vélrita bréf til Einars, þar sem tilboði hans er tekið, að því er Einar hefur eftir Birni Ólafssyni, verkfræðingi F. B.

Á það er bent af hálfu stefnanda, að engin ástæða hafi verið til

þess fyrir F. B. að bjóða verkið út aftur vegna breytinga, þar sem í íslenzkum staðli séu ákvæði, sem heimili verkkaupa að krefjast breytinga á verki frá uppdráttum og verklýsingum, nema um annað sé samið.

b) Af hálfu stefnanda er enn fremur á það bent, að samkvæmt reglugerð nr. 78/1967, sbr. heimild í 1. gr. laga nr. 97/1965, þá hafi nefndin það hlutverk að ráðstafa almannafé til ákveðinna þjóðfélagslegra þarfa. Hún sé því opinbert stjórnvald og ákvarðanir hennar varði marga, t. d. samþykkt tilboða í verk, borgarana beinlínis. Samkvæmt greindu heimildarákvæði í lögum nr. 97/1965 sé eitt meginmarkmið nefndarinnar að tryggja, að smíðaðar íbúðir verði ódýrar. Af þessum ástæðum beri að gera sérstaklega strangar kröfur til þess, að nefndin ráðstafi því almannafé, sem hún hefur handa í milli, í samræmi við það meginmarkmið sitt að fá sem ódýrust verk. Um nefndina gildi allar almennar reglur stjórnsýsluréttar og allar ákvarðanir hennar lúti þeim reglum, ákvarðanir um samninga við verktaka sem annað.

Með útboðsgögnum í júní 1969 hafi Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar óskað eftir tilboðum í málun utan húss og innan í þremur fjölbýlishúsum með 180 íbúðum í Breiðholti III í Reykjavík. Í 8. gr. útboðslýsingarinnar segir, að verkkaupa sé heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum og að bjóðandi sé bundinn af tilboði sínu í fjórar vikur frá opnunardegi. Því er haldið fram, að ákvæði þetta sé í alla staði eðlilegt, þar sem ekki sé fyrirfram vitað, hvort nokkurt vit verði í tilboðum þeim, sem gerð verði. Hins vegar megi það vera ljóst, að útbjóðandi verks sé ekki þeginn undan öllum skyldum við tilboðsgjafa. Það kosti iðulega tugi þúsunda að gera tilboð í stór verk, þar sem tilboðsgjafinn þurfi að gera sér nákvæma grein fyrir, hvað muni kosta að framkvæma verk það, sem lýst er í útboði. Það hvíli þess vegna sú skylda á öllum útbjóðendum verka að leggja til grundvallar vali sínu á tilboði einvörðungu þau sjónarmið, er liggja til grundvallar útboðskerfinu, þ. e. að fá sem ódýrast og bezt unnið verk. Eðlilegt sé að velja tilboð, sem fari nærri eigin áætlun útbjóðanda. Ákvörðun nefndarinnar hinn 24. júlí 1970 um að slíta samningaviðræðum eða samningi við Einar S. Kristjánsson hafi verið tekin á ómálefnalegri ástæðu eða forsendu. Vitnað sé síðan til rökstuðnings nefndarinnar fyrir þessari ákvörðun sinni og sérstaklega vitnað til orðanna „og fyrst og fremst öryggi á framkvæmd verksins í heild, ákvað nefndin.“ Stefnandi heldur því fram, að þarna viðurkenni nefndin berum orðum, að

hún hafi talið úrslitaröksemdina fyrir því að bjóða verkið út að nýju, að hótanir og þvingunartilraunir Málarameistarafélags Reykjavíkur, Vinnuveitendasambands Íslands og Meistarasambands byggingamanna mundu ef til vill ganga svo langt, að önnur verk við Breiðholtsframkvæmdirnar yrðu stöðvuð með verkbanni eða lögbanni, ef hún léti stefnanda vinna verkið. Það sé ekki leitt í ljós, að þessar hótanir og þvingunartilraunir hafi á neinn hátt haft löglegan grundvöll. Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hafi því ekki verið heimilt að leggja þessa hættu til grundvallar sem ástæðu fyrir því að rjúfa samninginn við Einar og bjóða verkið út á nýjan leik.

Þau sjónarmið, sem Framkvæmdanefndinni hafi borið að leggja til grundvallar ákvörðun sinni, hafi öðrum fremur verið geta verktaka til að framkvæma verkið og hagkvæmni tilboðs hans. Þessum skilyrðum hafi stefnandi fullnægt samkvæmt dómi nefndarinnar sjálfrar, sbr. ákvörðun hennar 30. september 1969.

Stefnandi heldur því fram, að nefndin hafi aðeins látið málamyndakönnun fara fram á málinu, áður en hún tók ákvörðun um að taka verkið af honum. Þá hafi nefndin ekki gefið honum kost á að tala máli sínu, áður en hún tók ákvörðun um að taka verkið af honum.

Einnig heldur stefnandi því fram, að nefndinni hafi verið ólögmætt að afturkalla ákvörðun sína frá 30. september 1969, þar sem hún hafi verið bindandi gagnvart stefnanda. Þessi afturköllun stjórnarinnar hafi líka verið ógild, þar sem hún hafi orðið til fyrir nauðung frá Málarameistarafélagi Reykjavíkur, Vinnuveitendasambandinu og Meistarasambandinu.

Þá heldur stefnandi því fram, að Framkvæmdanefndin hafi með ákvörðun sinni um að bjóða verkið út aftur rofið þá meginreglu stjórnsýslu, að borgararnir eigi rétt á sams konar meðferð mála sinna hjá yfirvöldum. Á þann hátt, sem nefndin hafi stefnt að því að forðast áhættu fyrir Breiðholtsframkvæmdirnar af völdum átaka milli hagsmunasamtaka eða við hagsmunasamtök, hafi hún um leið mismunað þeim verktökum, sem Málarameistarafélag Reykjavíkur studdi, á kostnað Einars. S. Kristjánssonar, sem félagið haldi utan vébanda sinna á órökstuddan og óréttmætan hátt. Slík mismunun á milli verktaka án tillits til framkvæmdagetu þeirra og hagkvæmni tilboða sé misnokun valds, sem opinber stjórnvöld geti ekki leyft sér.

Skaðabótakröfu sína, sem endanlega nam kr. 924.235.59, miðar

stefnandi við 1. júlí 1969, enda sé tilboðið miðað við þann dag.

c) Stefnandi reiknar upphæð þessa þannig út:

„*A.* Þær 180 íbúðir, sem um er að ræða, skiptast í 108 þriggja herbergja íbúðir og 72 tveggja herbergja íbúðir. Veggir og loft í hverri þriggja herbergja íbúð eru 235.06 fermetrar. 18.8 mínútur reiknast sá tími, sem fer í að mála hvern fermetra. 4419.12 mínútur fara því í að mála hverja þriggja herbergja íbúð, eða m. ö. o. *73.7* klst. fara í að mála veggi og loft í slíkri íbúð. Lengd hvers hurðarkarms er alltaf reiknuð 5 metrar. 5 hurðir = 25 metrar. Lengd glugga og hurðarkarma er samtals 72.60 metrar. 42.1 mínúta reiknast í að mála hvern metra af körmum, eða samtals 3056.46 mínútur, eða m. ö. o. *50.9 klst.* 73.7 + 50.9 = 124.6 klst. Útselt kaup er kr. 105.50 á klst., eða fyrir 124.6 klst. = *kr. 13.145.30.* Útselt kaup á 108 þriggja herbergja íbúðir er því *kr. 1.419.692.40.*

Það reiknast 25 lítrar af plastmálningu á veggi og loft í hverri umferð, eða 50 lítrar á tvær umferðir á kr. 100.00 lítrinn. Samtals kostar málning seld á hverja íbúð því *kr. 5.000.00.*

Þar við bætist málning á glugga og karma, sem áætlast kr. 1.200.00 á íbúð. Samtals kr. 6.200.00. 108 þriggja herbergja íbúðir kosta því í efni *kr. 669.600.00. Efni og vinna nemur því samtals kr. 2.089.292.40 fyrir nefndar 108 þriggja herbergja íbúðir.*

B. Útreikningur fyrir 72 tveggja herbergja íbúðir verður sem hér segir: Veggir og loft í íbúð reiknast 162.04 fermetrar. 18.8 mínútur á hvern fermetra, eða fyrir 162.04 fermetra reiknast 3046.35 mínútur, sem reiknast vera *50.8 klst.* fyrir loft og veggi. Gluggar og karmar reiknast vera 57.60 metrar og áætlast eins og áður 42.1 mínúta á hvern metra, eða fyrir 57.60 metra alls 2424.96 mínútur, sem telst vera *40.4 klst.* Vinnustundir því alls *91.2 klst.* Útselt kaup er kr. 105.50/klst. Útseld vinna á tveggja herbergja íbúð er því 105.50 x 91.2 = *kr. 9.621.60.* Útseld vinna fyrir 72 íbúðir er því *kr. 692.755.20.*

Það áætlast 34 lítrar af plastmálningu á loft og veggi hverrar tveggja herbergja íbúðar á kr. 100.00, eða samtals 3.400.00. Kr. 800.00 áætlast í efni á glugga og karma. Efni samtals á íbúð kr. 4.200.00. Efni á 72 íbúðir nemur því *kr. 302.400.00.*

Efni og vinna á 72 tveggja herbergja íbúðir reiknast samtals *kr. 995.155.20.*

C. Fermetrafjöldi hvers stigagangs telst vera 203.16 fermetrar. 18.8 mínútur á hvern fermetra, eða samtals fyrir stigagang 3819.4 mínútur, sem reiknast vera *63.6 klst.* Útseld vinna á kr.

105.50/klst., eða samtals fyrir hvern stigagang *kr. 6.709.80.* Þar við bætist ómælanleg vinna við lista og þakglugga og stigakjálka ásamt efni, sem áætlast kr. 4.500.00 á stigagang. Samtals telst því útseld vinna á stigagang vera *kr. 11.209.80.*

Tvær umferðir af plastmálningu á kr. 100.00 lítrinn áætlast taka 44 lítra, þ. e. málning kostar alls kr. 4.400.00 á stigagang.

Vinna og efni kostar því samtals kr. 15.609.80 fyrir hvern stigagang. Vinna og efni fyrir 18 stigaganga kosta því kr. 280.976.40.

D. 18 kjallarar. Veggir og loft í anddyrum og þvottahúsi í kjallara teljast vera 182.23 fermetrar. 26.6 mínútur teljast fara í að mála hvern fermetra. 26.6 x 182.23 = 4847.32 mínútur á kjallara, eða m. ö. o. *80.7 klst. á kjallara, loft og veggi.*

Lengd glugga og karma reiknast vera 65.70 metrar. 42.1 mínúta áætlast á metra, eða fyrir glugga og karma í kjallara alls *2.765.97* mínútur, eða *46.1 klst.*

Gólf í þvottahúsi telst vera 12.24 fermetrar. 34.2 mínútur áætlast til að mála hvern fermetra, eða fyrir allt gólfið 418.6 mínútur, eða ca. *7 klst.*

Gólf í geymslum telst vera samtals í öllum geymslum 64.76 fermetrar. 16.8 mínútur reiknast á hvern fermetra eða alls 1087.96 mínútur, eða *18.1 klst.*

Loft og veggir í geymslum, 215.50 veggir og 64.76 loft, eða samtals 280.26 fermetrar. 17.8 mínútur reiknast á fermetra, eða samtals 4.988.62 mínútur, eða m. ö. o. *83.1 klst.*

Vinnustundafjöldi á kjallara er því samtals 235.1 klst. Útseld vinna á kr. 105.50 klst. *Verð útseldrar vinnu er því samtals kr. 24.803.05 á hvern kjallara. Verð vinnu í 18 kjöllurum er því kr. 446.454.90.*

Loft og veggir í anddyrum og þvottahúsi teljast taka 65 lítra af plast- og olíumálningu í þrjár umferðir. Verð á lítra kr. 100.00. Samtals *kr. 6.500.00.*

Gluggar og karmar teljast kosta í efni *kr. 500.00.*

Gólf í þvottahúsi fær þrjár umferðir af epoxy-lakki. 4ra lítra dós telst nægja í 3 umferðir. *Dósin kostar kr. 1.000.00.*

Gólf í geymslum telst taka 13 lítra í tvær umferðir af olíumálningu á kr. 100.00 lítrinn, eða samtals *kr. 1.300.00.*

Loft og veggir í geymslum áætlast taka 58 lítra í tveimur umferðum af plastmálningu á kr. 100.00 lítrinn, eða *kr. 5.800.00.*

Samtals telst samkvæmt þessu efnið á kjallara kosta *kr. 15.-100.00. Efni á 18 kjallar kostar því kr. 271.800.00.*

Vinna og efni kostar þá samtals kr. 718.254.90.

E. 18 stigahús að utan. Veggir steyptir í stálmót, sem eru riflaðir og því í rauninni með helmingi stærri fleti en fermetratala þeirra gefur til kynna ein sér. Fermetratala þeirra 42.50 er því tvöfölduð, og kemur þá út *85 fermetrar.* 25.2 mínútur áætlast til að mála hvern fermetra, eða alls *2142 mínútur* á veggi steypta í stálmótum, þ. e. *35.7 klst.*

Forsteyptir veggir teljast vera 290.40 fermetrar. 20 mínútur á fermetra, eða alls 5808 mínútur, þ. e. *96.8 klst.*

Lengd glugga er 458.60 metrar með 12 mínútum á hvern metra. Samtals 5.503.20 mínútur, þ. e. 91.7 klst.

Vinnustundafjöldi í þessum þremur þáttum er 224.2 klst. á kr. 105.50 klst., eða samtals *kr. 23.653.10* fyrir hvert stigahús. *Fyrir 18 stigahús kostar vinnan því kr. 425.755.80.*

Gaflar á stigahúsum eru alls 6 á öllum 18 stigahúsunum, steyptir í stálmót. Gaflinn er 130 fermetrar, eða samtals 780 fermetrar. Ofan á kemur 100% álag vegna riflunar. Fermetrafjöldi verður þá *1560 fermetrar* fyrir allar blokkirnar. 25.2 mínútur á fermetra, eða samtals 39.312 mínútur, þ. e. *655.2 klst. til að mála alla gaflana.* Vinna útseld á kr. 105.50 hver klst., eða samtals *útseld vinna fyrir gafla á öllum stigahúsum kr. 69.123.60.*

Vinna samtals fyrir 18 stigahús, kr. 494.879.40, málun að utan.

Efni á veggi í stálmót, 85 fermetrar, 3 umferðir, áætlast 30 lítrar af plastmálningu á kr. 100.00 lítrinn, þ. e. samtals *kr. 3.000.00.*

Forsteyptir veggir, 290.40 fermetrar, 2 umferðir, áætlast 70 lítrar á kr. 100.00 hver lítri, eða samtals *kr. 7.000.00.*

Áætlað verð á glugga og karma er *kr. 976.00.*

Efni samtals á stigahús verður því kr. 10.976.00. *Efni á 18 stigahús verður þá kr. 197.568.00, þegar göflum er sleppt.*

Efni á 6 gafla, sem eru 1560 fermetrar, er áætlað 450 lítrar af plastmálningu á kr. 100.00 lítrinn, eða samtals *kr. 45.000.00.*

Efni á 18 stigahús verður því samtals kr. 242.568.00.

35% álag er reiknað á vinnu, sem fer fram yfir 5 metra hæð. Stigahúsin eru um 10 metrar á hæð. Kemur því 35% álag á helming seldrar vinnu, þ. e. kr. 247.439.70, og mun það álag því nema *kr. 86.603.89,* sem bætist því við kr. 494.879.40. Samtals verður því útivinnan *kr. 581.483.29.*

Efni og vinna á 18 stigahús úti verður því *kr. 824.051.29.*

F. Sundurliðuð tilboðsfjárhæð:

108 íbúðir	kr. 2.089.292.40
72 íbúðir	— 995.155.20
18 stigagangar	— 280.976.40
18 kjallarar	— 718.254.90
18 stigahús utan	— 824.051.29
Yfirkostnaður	— 312.269.81
	Kr. 5.220.000.00.

	Vinnustundir:	*Efni:* (kr. 100.00 per lítri)
108 íbúðir	13.456.80	Kr. 669.600.00
72 íbúðir	6.566.40	— 302.400.00
18 stigagangar	1.620.00	— 106.200.00
18 kjallarar	4.231.80	— 271.800.00
18 stigahús, utan		— 824.051.29
Samtals	31.387.10	Kr. 1.592.568.00

Ath.: Efni keypt frá verksmiðju. Munnlegt loforð frá Slippfélaginu í Reykjavík um kr. 65.00 pr. lítri af plastmálningu. Efni frá Slippfélaginu hefði því kostað kr. 1.035.169.20. Mismunur á keyptu og seldu efni er kr. 557.398.80.

Ath.: Varðandi vinnustundafjölda stigahúsa utan er þess að geta, að bætt var 35% aukningu á helming vinnustunda vegna hæðar.

Tímakaup málarasveina er kr. 78.50 m/orl. í ágúst 1969.

Sveinakaup fyrir 31.387.10 klst. er því *kr. 2.463.387.35.*

Frá sveinakaupi þessu dregst 3% mælingagjald, sem sveinar greiða af kaupi sínu, þ. e. af kr. 2.463.887.35, og er mælingagjaldið því kr. 73.916.61. Sveinakaup að því frádregnu er *kr. 2.389.970.74.*

Vinna er seld út á meistarakaupi kr. 105.50 á klst. x vinnustundir, sem eru 31.387.10. Útselt meistarakaup er því alls kr. 3.311.328.85.

G. Kostnaðarliðir eru þessir:

Greitt fyrir efni	kr. 1.060.000.00
Greitt til sveina	— 2.389.970.74
6% mælingagjald af útseldri vinnu, kr. 3.311.328.85	— 198.679.73

Ferða- og fæðiskostnaður, 10% af sveinakaupi	kr.	238.997.04
Ýmis óviss annar kostnaður, 5% af tilboðsfjárhæð	—	261.000.00
3% af samanlögðu, útseldu efni og vinnu vegna röra og ofna innanhúss og rennu- og niðurfalla utanhúss, kr. 4.903.896.85	—	147.116.90
Samtals	kr.	4.295.764.41

H. Nettóágóði:

Tilboðsfjárhæð	kr.	5.220.000.00
Kostnaður frádreginn	—	4.295.764.41
Samtals	kr.	924.235.59“

Þá hefur stefnandi lagt fram yfirlit yfir kostnað sinn við gerð tilboðs og samningagerð.

B. a) Stefndi kveðst reisa aðalkröfu sína fyrst og fremst á þeim grundvelli, að í sambandi við útboð og samningaviðræður um málun 180 íbúða í Breiðholtshverfi hafi F. B. hvorki aðhafzt né látið undir höfðuð leggjast nokkuð það, er skapað geti nefndinni bótaskyldu gagnvart stefnanda máls þessa. Í annan stað hafi stefnandi ekki leitt í ljós, að hann hafi beðið neitt fjárhagstjón af því að missa af verksamningi við nefndina, en öllum útreikningum hans af hagnaðarmissi af þessum sökum mótmælir stefndi sérstaklega.

Varakrafan er af hálfu stefnda byggð á því sjónarmiði, að skaðabótafjárhæðin sé fjarri öllu lagi, verði litið svo á, að bótaskylda og fjárhagstjón sé fyrir hendi.

Af hálfu stefnda er á þessi atriði bent. F. B. hafi enga afstöðu tekið til þeirrar aðildarbreytingar að tilboðinu, sem fráhvarf Eyþórs Guðmundssonar hafi haft í för með sér, en ljóst sé, að tilboðið hafði ekki sama gildi eftir þessa breytingu, enda hafi F. B. ekki borið skylda til að hlíta þeirri ákvörðun Eyþórs Guðmundssonar, að Einar S. Kristjánsson yrði einn aðili að tilboðinu í stað þeirra beggja, enda þótt Einar væri sjálfur reiðubúinn til þess.

Samkvæmt útboðslýsingunni, lið 8, hafi bjóðandinn verið bundinn af tilboði sínu í fjórar vikur frá opnunardegi. Þessi frestur hafi runnið út 20. september 1969, án þess að F. B. samþykkti nokkurt þeirra þriggja tilboða, er bárust í málunina. Þar með hafi réttarsambandi tilboðsgjafanna og F. B. í raun réttri verið slitið, því að

tilboðsgjöfunum hafi eigi borið lengur skylda til þess að standa við tilboð sín og F. B. ekki heldur getað eftir þennan tíma bundið tilboðsgjafa með samþykki á tilboði hans. Með bréfi stefnanda frá 22. september 1969 eigi stefnandi frumkvæði að því, að viðræðusambandinu sé haldið uppi á milli hans og F. B., löngu eftir að fjögurra vikna fresturinn hafi runnið út. Í ályktun nefndarinnar frá 30. september 1969 hafi að sjálfsögðu hvorki falizt loforð til stefnanda um það, að samningar mundu takast, né heldur samþykkt á tilboði hans. Félagslega stöðu Einars til að standa fyrir verkinu hafi F. B. að nokkru leyti kannað fyrir 30. september 1969. Þeirri könnun hafi þó alls ekki verið lokið. Könnun þessi hafi haldið áfram samhliða samningaviðræðum og hafi einkum verið fólgin í viðræðum við Einar út af andmælabréfum þeim, sem borizt höfðu, athugun á því, hvort hann gæti útvegað málarasveina til þess að vinna verkið og viðræðum formanns F. B. við formann Málarameistarafélags Reykjavíkur og Málarafélags Reykjavíkur.

Til frekari skýringa á ályktun F. B. frá 30. september 1969 var á það bent, að þá þegar hafi það legið ljóst fyrir, að allverulegar breytingar þyrfti að gera á verklýsingu þeirri, er notuð var við útboðið á máluninni sumarið 1969. Hafi þar ekki einungis komið til breytingar á útveggjum, heldur einnig ýmsar fleiri breytingar, sem nefndin hafi viljað gefa sér tóm til að athuga. Að vísu séu iðulega gerðir verksamningar með fyrirvörum um ófyrirsjáanlegar breytingar, en óeðlilegt sé að semja á slíkum grundvelli um breytingar, sem ákveðnar eru eða fyrirsjáanlegar, áður en verksamningur er gerður.

Viðræður við stefnanda hafi dregizt, þar sem skömmu eftir samþykktina 30. september 1969 hafi verið sýnt, að sú verkáætlun mundi ekki standast að hefja málningarvinnu við byggingarnar í aprílmánuði 1970, heldur mundi það dragast eitthvað fram á sumarið. Síðar hafi komið til verkföll vorið 1970, er orsakað hefðu frekari tafir. Um viðræðurnar í júní 1970 er það tekið fram, að þær hafi aldrei komizt svo langt, að á það hafi reynt, hvort samkomulag tækist um samningaverð í heild. Verklýsing sú, sem fyrir liggi í dómsskjalinu „Málun, verk nr. 3—1000, samningsaðilar Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, Einar og Eyþór", hafi ekki verið endanleg, enda hafi hún ekki verið notuð, þegar málunin hafi verið boðin út á ný í ágúst 1970.

Um boðun stefnanda á fund aðalverktakans er það tekið fram, að byggingarstjórinn hjá Breiðholti h/f, Ólafur Gíslason, hafi

ritað þetta bréf upp á sitt eindæmi, án þess að nokkur tilmæli kæmi um það frá F. B. eða starfsmönnum nefndarinnar.

Á það er bent af hálfu stefnda, að í viðræðum við Einar S. Kristjánsson hafi á það verið lögð rík áherzla af hálfu F. B., að hann sýndi fram á með gildum rökum, að hann ætti kost á nægum fjölda málarasveina til þess að vinna verkið. Það sé á hinn bóginn rangt hjá Einari, að tilefni yfirlýsingar málarasveinanna hafi verið það, að Ríkharður Steinbergsson, framkvæmdastjóri F. B., hafi sagt honum að ráða menn til verksins.

Þegar hér hafi verið komið sögu, hafi hlotið að draga til úrslita um það, hvort samið yrði við Einar S. Kristjánsson eða ekki. Á fundi nefndarinnar hinn 21. júlí 1970 hafi endanlega verið samþykktar þær breytingar, er gera þurfti á verklýsingunni. Á fundi nefndarinnar 24. júlí 1970 sé bókað, að formaður hafi skýrt frá viðræðum sínum við formenn Málarameistarafélags Reykjavíkur og Málarafélags og við stefnanda, síðan sé gerð eftirfarandi samþykkt: „Vegna mikilla breytinga á verklýsingu og öryggisleysis um framkvæmd verksins samþykkir nefndin að bjóða málun 3. áfanga út að nýju.“ Þessi samþykkt hafi verið á gildum rökum reist. Þegar breytingar frá upphaflegri verklýsingu höfðu endanlega verið samþykktar, hafi komið í ljós, að verkmagnið mundi aukast um 20%. Verkbreytingin hafi þó raunverulega verið enn meiri, því að ýmiss konar breytingar hefðu átt sér stað, sem ekki leiddu til aukningar á verkmagni.

Öryggisleysi um framkvæmd verksins hafi ekki verið fólgið í því einu, að hætta væri á aðgerðum af hálfu Meistarasambandsins og Meistarafélagsins í því skyni að stöðva byggingarframkvæmdir, ef samið yrði við stefnanda, sú hætta hafi eigi að síður verið fyrir hendi, að stefnandi gæti ekki, þrátt fyrir yfirlýsingu málarasveinanna, tryggt sér málarasveina til að vinna verkið, þar sem félagsmenn Meistarafélagsins hafi samkvæmt gildandi kaup- og kjarasamningi haft forgangsrétt að því að fá sveina úr Málarafélagi Reykjavíkur til vinnu. Þessar ástæður hafi vissulega verið nægar til þess að bjóða verkið út að nýju. Þess utan hafi verið fyrir hendi aðrar ástæður til útboðs að nýju, sem ekki hafi komið fram í samþykkt nefndarinnar. Þar sé átt við þá staðreynd, að í fyrra skiptið hafi verið lítil þátttaka í útboðinu, aðeins þrír aðiljar hafi boðið í verkið og tveir hafi misskilið útboðið. Ákvörðun um nýtt útboð hafi sannanlega verið í anda þeirra fyrirmæla, sem F. B. eigi að starfa eftir, þ. e. að leysa hlutverk sitt af hendi með sem víðtækustum útboðum. Öll-

um hafi verið frjálst að taka þátt í hinu nýja útboði, þar á meðal stefnanda, enda hafi hann notfært sér þann rétt.

b) Þá er af hálfu stefnda dregnar mjög í efa kenningar lögmanns stefnanda um, að F. B. sé opinbert stjórnvald og hafi því ekki jafnmikið svigrúm og einkaaðili til þess að taka tilboðum og hafna. Hlutverk F. B. sé eingöngu að byggja íbúðir fyrir hið opinbera, en hún eigi ekki að úthluta þeim. Nefndin sé í rauninni samkeppnisaðili við einkaframtakið í byggingariðnaðinum og þær skyldur séu lagðar henni á herðar að reyna að ná betri árangri um verð og byggingarhraða en áður hafi tekizt. Hún eigi að inna starf sitt af hendi með sem víðtækustum útboðum. Það sé andstætt þessu hlutverki nefndarinnar að sníða henni þrengri stakk en einkaaðiljum til samninga um verk og viðskipti. Mergurinn málsins er þó sá, að hvort sem athafnaréttur F. B. í máli þessu sé skoðaður út frá sjónarmiðum opinbers réttar eða einkaréttar, þá séu þær lögmætar og nefndin hafi ekki misbeitt valdi sínu.

c) Um bótakröfu stefnanda tekur stefndi fram, að útreikningi stefnanda á henni sé eindregið mótmælt. Segir stefndi, að í fljótu bragði virðist þessi útreikningur ítarlegur og nákvæmur, en þegar málið sé skoðað betur, komi margar stórar misfellur í ljós. Stærsta villan felist í því, að lögmaður stefnanda reikni með, að mismunur útseldrar vinnu og sveinakaups sé að verulegu leyti hreinn ágóði verktakans. Þetta sé mesti misskilningur, enda gleymi lögmaðurinn mörgum kostnaðarliðum í þessu sambandi, svo sem launaskatti, iðgjöldum, veikinda- og helgidagakaupi sveina og síðast en ekki sízt þóknun til meistarans fyrir verkstjórn og ábyrgð. Þá er það enn tekið fram, að ýmislegt fleira sé athugavert við útreikninga stefnanda, og nokkur dæmi nefnd þar um. Þá bendir stefndi á, að það komi ekki fram, að stefnandi hafi haft ónóg verkefni sem málarameistari á þeim tíma, er Breiðholtsíbúðirnar voru málaðar. Að vísu megi gera ráð fyrir, að hann hafi borið einhvern kostnað vegna tilboðsgerðarinnar og eftirfarandi viðræðna, en þar sé um að tefla kostnað, sem sérhver tilboðsgjafi verði að rekna með og bera sjálfur.

V.

Samkvæmt útboðsskilmálunum var stefnandi ekki bundinn við tilboð sitt lengur en fjórar vikur frá opnun tilboða 23. ágúst 1969. Þessi tími var útrunninn, þá er hann þann 22. september 1969 bauðst til að láta tilboð sitt standa áfram um óákveðinn tíma eftir nánara samkomulagi. Að sögn stefnanda sjálfs er þetta bréf

ritað án sérstaks tilefnis frá Framkvæmdanefndinni. Orðalag samþykkar stefnda frá 30. september 1969 þykir ekki verða öðru vísi skýrt en að um samningaumleitanir sé að ræða, og ósannað er, að stefnanda hafi verið gefið annað í skyn. Verður þannig ekki á það fallizt, að samningur hafi tekizt með aðiljum haustið 1969.

Viðræður eru svo teknar upp milli aðilja í júní 1970. Þegar það er skoðað, sem hér hefur verið sagt að ofan, og virt það, sem segir um þær viðræður í framburðum aðilja og vitna hér að framan, skoðaðar fundargerðir þeirra funda, sem þá voru haldnir, svo og blað það, sem Ríkharður Steinbergsson ritaði eftir þá fundi, og blað með yfirskriftinni „Málun 3—1000, samningsaðilar Einar og Eyþór" verður ekki annað merkt en þar sé um samningaumleitanir að ræða, og ósannað er, að stefnandi hafi mátt leggja annað og meira í þær viðræður.

Það þykir þannig ekki verða talið, að samningur hafi komizt á milli aðilja.

Verður þá vikið að þeim málsástæðum stefnanda, sem víkja að því, að ákvörðun stefnda um að slíta samningaviðræðum við hann hafi háð annmarkar, sem leiði til þess, að ákvörðunin hafi verið stefnda óheimil.

Til Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar er stofnað með lagafyrirmælum, og nefndin fer með ákveðið vald á vegum hins opinbera, verður þannig ekki á annað fallizt en gagnvart borgurunum verði nefndin að koma fram sem stjórnvald.

Líta verður svo á, að samþykkt nefndarinnar frá 30. september 1969 um að leita samninga við stefnanda sé gerð á grundvelli bréfs stefnanda frá 22. september 1969. Bréf Vinnuveitendasambands Íslands, þar sem sambandið skorar á nefndina að líta á tilboð Eyþórs og Einars sem markleysu, lá þá fyrir. Eyþór hafði þá sagt sig frá tilboðinu. Stuðningsyfirlýsing Meistarasambands byggingamanna við Málarameistarafélagið, sbr. bréf, dags. 25. september 1969, lá fyrir um líkt leyti.

Eftir að Eyþór Guðmundsson hafði sagt sig frá tilboðinu og stefnandi stóð einn að því, er ekki lengur um sveinatilboð að ræða, en samkvæmt bréfum Vinnuveitendasambands Íslands og Meistarasambands byggingamanna er það hið eina, sem greind sambönd finna að tilboði Eyþórs og Einars.

Samkvæmt greinargerð samninganefnda M. M. F. R. og M. F. R. um 11. gr. samnings félaganna virðist ekkert hafa verið því til fyrirstöðu, að sveinar ynnu hjá stefnanda samningstímabilið 19. maí

1969—15. maí 1970. Samkvæmt athugasemd við samningana frá 26. júní 1970, sem gilda áttu til 1. október 1971, átti á samningstímabilinu „að vinna að því, að fastar reglur verði settar um framkvæmd 11. gr. samningsins." Ákvæði þetta verður vart skilið öðru vísi en að ákvæðið hafi ekki átt að framkvæma þetta samningstímabil. Þannig sýnist stefnandi með yfirlýsingu sveinanna frá 22. júlí 1970 hafa tryggt sér menn til verksins, og verður ekki séð, að samningar stéttarfélaga hafi getað haft áhrif á það.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að stefnandi hafi verið óhæfur til að framkvæma verkið, þvert á móti hefur stefnandi lagt fram gögn, sem benda til hins gagnstæða.

Samkvæmt framburði Ríkharðs Steinbergssonar, framkvæmdastjóra stefnda, lá það ljóst fyrir, þegar er breytingartilboðinu í aðalverkið hafði verið tekið, þ. e. í október 1969, að breytingar yrðu á máluninni. Þetta varð þó ekki til þess, að stefnanda væri tilkynnt, að ekki yrði við hann samið um verkið, og er það ekki fyrr en í júlí 1970, að það er gert. Óánægja Málarameistarafélagsins og Meistarasambandsins er þannig það eina, sem stefndi hefur með rökum getað sýnt fram á, að ógnað hafi öryggi framkvæmdar verksins, enda er ákvörðunin um nýtt útboð samkvæmt fundargerð tekin í beinu framhaldi af skýrslu um viðræður við fyrirsvarsmenn málarameistara og málarasveina. Verður þannig að fallast á það með stefnanda, að óánægja meistaranna hafi verið ákvörðunarástæða F. B. Svo sem áður er rakið, höfðu félög meistara ekki lengur ástæðu til óánægju, og þykir þannig nægilega fram komið, að stefndi hafi á þann hátt, sem stjórnvaldi hlýtur að vera fyrirmunað, mismunað félagsbundnum málarameisturum á kostnað stefnanda.

Þegar það er virt, að stefndi sleit samningaumleitunum við stefnanda, án þess að hann gæfi tilefni til þess, eftir að hafa gefið honum ástæðu til að ætla, að við hann yrði samið, og dregið samningaumleitanir við hann í svo langan tíma, sem raun ber vitni, og að samningsumleitunum er slitið á grundvelli forsendna, sem stefnda var óheimilt að bera fyrir sig, þykir hann vera bótaskyldur gagnvart stefnanda.

Þegar virt er umfang verksins og tilboðsverð stefnanda með hæfilegum breytingum, þykja bætur til hans hæfilega metnar kr. 180.000.00. Vextir þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir, og þykir rétt að reikna þá frá 1. ágúst 1970.

Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 30.000.00 í málskostnað.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að stefnandi hafi í málatilbúnaði sínum brotið gegn fyrirmælum 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936. Þykir þetta aðfinnsluvert.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Rögnvaldi Þorlákssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, greiði stefnanda, Einari S. Kristjánssyni, kr. 180.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1970 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1973.

Nr. 169/1972: **Aron Guðbrandsson vegna Kauphallarinnar** (sjálfur)

gegn

Hannesi h/f vegna Kauphallar Hannesar (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Firma.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1972. Dómkröfur hans eru þær, að dæmt verði, að stefnda sé „óheimilt að nota nafnið eða heitið „Kauphöll" í firmanafni sínu, er hann fékk skráð í firmaskrá Reykjavíkur 6. des. 1971", og að stefnda verði dæmt skylt að viðlögðum 1.000 króna dagsektum til áfrýjanda „að láta má

það nafn út af firmaskránni". Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Eru þeirra á meðal tvær tilkynningar til verzlanaskrár Reykjavíkur. Er önnur þeirra undirrituð af stjórn stefnda 17. október 1973, og er hún svohljóðandi: „Hér með tilkynnist til Firmaskrár Reykjavíkur, að hlutafélagið Hannes h/f Reykjavík hefur frá og með deginum í dag afsalað Hannesi Þorsteinssyni, Skeljanesi 8, Reykjavík, firmað Kauphöll Hannesar, og rekur hann það á eigin ábyrgð. Svo sem áður hefur verið tilkynntur tilgangur fyrirtækisins, þ. e. kaup og sala fasteigna, verðbréfa, lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur". Hin tilkynningin er undirrituð af Hannesi Þorsteinssyni sama dag. Segir þar svo: „Samkvæmt ofanrituðu rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð firmað Kauphöll Hannesar hér í borg. Firmað rita ég þannig: pr. pr. Kauphöll Hannesar, Hannes Þorsteinsson."

Samkvæmt áritun hefur tilkynningum þessum verið veitt viðtaka til skráningar í verzlanaskrá Reykjavíkur klukkan 1005 hinn 18. október 1973, en þann dag var mál þetta flutt hér fyrir dómi. Að öðru leyti eru ekki komin fram gögn um skráningu þeirra í verzlanaskrá. Hagga þær í engu sakarákild Hannesar h/f, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var orðið „Kauphöllin" skráð í verzlanaskrá Reykjavíkur 31. maí 1934 sem heiti á fyrirtæki sameignarfélags þriggja manna. Hefur fyrirtækið starfað síðan með sama nafni, þótt eigendaskipti hafi orðið, en áfrýjandi hefur verið einkaeigandi þess síðan 1. janúar 1953.

Skilja verður dómkröfur áfrýjanda svo, að hann krefjist dóms um, að stefnda sé gagnvart honum óheimilt að nota nafnið „Kauphöll Hannesar" í firma sínu.

Orðið kauphöll kemur fyrst fyrir í rituðu íslenzku máli, svo vitað sé, á síðari hluta 19. aldar og þá í sömu merkingu og orðið „börs" á Norðurlandamálum. Hefur þessi merking orðsins haldizt í málinu, en í lögum hefur verið notað orðið

„kaupþing“ í sömu merkingu, sbr. 63. gr. laga nr. 10/1928 og 15. gr. laga nr. 10/1961. Því er ekki haldið fram, að fyrirtæki þau, sem í málinu greinir, séu eiginleg kaupþing.

Telja verður, að notkun almenns atvinnuheitis í skráðu firmanafni sé ekki til þess fallin að njóta verndar gegn því, að aðrir taki upp sama heiti í firmu sín, ef ekki kemur fleira til. Er þá álitaefni, hvort nafn það, sem áfrýjandi hefur fengið skráð og notað, skírskoti svo almennt til atvinnurekstrar áfrýjanda, að hann verði að hlíta því, að stefndi noti orðið kauphöll í firma sínu á þann hátt, sem hann hefur gert.

Nafnið „Kauphöllin“ bendir að vísu að nokkru leyti til þeirrar atvinnu áfrýjanda að annast kaupmiðlun verðbréfa, en nafnið er þó ekki með öllu án sérkenna. Áfrýjandi og fyrirrennarar hans höfðu notað nafnið í rúm 37 ár, þegar stefndi fékk skráð nafnið „Kauphöll Hannesar“. Í síðastgreindu nafni er orðið kauphöll bæði upphafsorð og aðalorð. Fyrirtæki málsaðilja reka í meginatriðum sömu atvinnu og á sama stað, og er því sú hætta nærtæk, að villzt verði á fyrirtækjunum vegna nafnlíkingar þeirra. Samkvæmt öllu þessu verður að telja, að notkun stefnda á orðunum „Kauphöll Hannesar“ í firma sínu sé af þessum ástæðum óheimil gagnvart áfrýjanda, sbr. 9. gr. laga nr. 84/1933 og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 42/1903.

Hið stefnda hlutafélag, Hannes h/f, er stofnað 16. janúar 1971 og skráð í hlutafélagaskrá 7. október s. á. Tilgangur þess er talinn að „byggja, eiga og reka fasteignir, umboðssölu, heildsölu, iðnað, útlánastarfsemi, verðbréfaviðskipti og annan skyldan atvinnurekstur“. Samkvæmt því, sem ritað er í verzlanaskrá Reykjavíkur, tilkynnti hlutafélagið hinn 25. nóvember 1971, að það ræki „fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: „Kauphöll Hannesar““. Enn fremur sagði í tilkynningunni, að Hannes Þorsteinsson, Skeljanesi 8, Reykjavík, hefði einn rétt til að skuldbinda firmað og væri undirskrift hans þannig: „pr. pr. Kauphöll Hannesar, Hannes Þorsteinsson“. Skráningarvaldsmanni bar að synja skráningar tilkynningar þessarar í verzlanaskrá, enda var stefnda, sem er hlutafélag, óheimilt að nota á tilteknum þætti atvinnu sinnar sérstakt firma, sem gaf eigi til kynna, að um væri að

ræða atvinnurekstur hlutafélags, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903 og 2. gr. laga nr. 77/1921.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísun til 6. gr. laga nr. 42/1903 ber að dæma stefnda til að hlutast til um, að afmáð verði skráning firmaheitisins „Kauphöll Hannesar" úr verzlanaskrá Reykjavíkur að viðlögðum 1.000 króna dagsektum til áfrýjanda, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Skal fullnægjufrestur skyldunnar vera 15 dagar frá birtingu dóms þessa.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 40.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, Hannesi h/f, skal óheimilt að nota nafnið „Kauphöll Hannesar" í firma sínu, og er honum skylt að láta afmá nafnið úr verzlanaskrá Reykjavíkur að viðlögðum 1.000 króna dagsektum, sem renni til áfrýjanda, Arons Guðbrandssonar, en fullnægjufrestur skyldunnar er 15 dagar frá birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 40.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. desember 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. desember s.l., hefur Kauphöllin, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 2. maí 1972, gegn hlutafélaginu Hannesi h/f, Reykjavík, og firma þess „Kauphöll Hannesar", Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði talið óheimilt að nota nafnið eða heitið Kauphöll í firmanafni sínu, er hann fékk skráð í firmaskrá Reykjavíkur 6. desember 1971, og dæmt skylt að viðlögðum 1.000 króna dagsektum að láta má það nafn af firmaskránni. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu svo og að stefn-

andi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að firmað Kauphöllin hafi verið stofnsett 31. maí 1934 og tilkynnt sama dag til firmaskrár Reykjavíkur. Stofnendur hafi verið: Stefán Bjarnason, Laufásvegi 46, Einar Kristjánsson, Sjafnargötu 6, og Einar Bjarnason, Tjarnargötu 49, allir í Reykjavík. Hafi þeir rekið fyrirtækið sem fullábyrgir félagar og hafi tilgangur þess verið: Kaup og sala fasteigna, verðbréfa, o. s. frv. og útvegun lána og lántakenda. Með tilkynningu, dags. 9. febrúar 1935 og skrásettri hjá firmaskrá 13. marz 1935, hafi Einar Bjarnason, Smáragötu 6, Reykjavík, gengið úr firmanu frá 1. september 1934, en í hans stað hafi komið Aron Guðbrandsson, Ránargötu 7, Reykjavík, sem félagi með ótakmarkaðri ábyrgð. Honum hafi jafnframt verið veitt prókúruumboð fyrir firmað. Með tilkynningum, dags. 20. og 28. nóvember 1935 og skrásettum hjá firmaskrá 3. desember 1935, hafi Einar Kristjánsson gengið úr fyrirtækinu frá 1. september 1935, en Stefán Bjarnason og Aron Guðbrandsson rekið það áfram. Með tilkynningu, skrásettri 5. febrúar 1953, hafi ekkja Stefáns Bjarnasonar, Þórey Þórðardóttir, selt hluta sinn í Kauphöllinni þann 1. janúar 1953 meðeiganda sínum, Aron Guðbrandssyni, og sé hann frá þeim tíma einkaeigandi firmans. Samkvæmt framanskráðu hafi firmað Kauphöllin starfað óslitið frá 31. maí 1934, og einkaeigandi þess í dag keypti firmanafnið og viðskiptavild (goodwill) þess af stofnendum jafnframt því sem hann hafi rekið firmað bæði sem meðeigandi frá 1. september 1934 og einkaeigandi frá 1. janúar 1953 til dagsins í dag. Í þau ár, sem Kauphöllin hafi starfað, hafi hún haft skráðan og verndaðan rétt að firmanafni sínu „Kauphöllin". Hafi aðrir ekki notað nafnið eða heitið Kauphöll í firmanafni sínu, þar til í Lögbirtingablaði nr. 8 28. janúar 1972 hafi birzt tilkynning til firmaskrár Reykjavíkur, þar sem segi, að hlutafélagið Hannes h/f reki fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Kauphöll Hannesar". Tilkynning til firmaskrár sé dags. 5. nóvember 1971, en skrásett 6. desember 1971. Tilgangur firmans „Kauphöll Hannesar" sé kaup og sala verðbréfa, fasteigna o. fl.

Kveður stefnandi, Kauphöllin, sig ekki geta unað því, að nýtt fyrirtæki, sem hafi auk þess með höndum sömu atvinnustarfsemi og stefnandi, taki upp í heilu lagi nafn annars firma í firmanafn sitt. Kveðst stefnandi því tilneyddur að höfða mál og fá rétt sinn staðfestan með dómi.

Til frekari stuðnings kröfum sínum bendir stefnandi á mikilvægi þess, að firmanafn njóti lögverndar. Fyrirtæki, sem starfað hafi um árabil og njóti trausts almennings, sé firmanafnið mjög mikils virði. Almenningur þekki firmanafnið og viðurkenni það og í viðskiptum sé nafnið trygging viðskiptavina fyrir öruggri þjónustu. Firmavirðið (goodwill) sé þannig borið uppi af firmanafninu og sé því nauðsynlegt, að einkaréttur eigandans sé tryggður, því ef öðrum fyrirtækjum sé óhindrað leyft að taka upp sömu heiti, þá leiði það til óvissu og þess, að villzt verði á einkennum og grafið sé undan ofannefndu trausti. Ákvæði 9. gr. laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum eigi einmitt að tryggja það, að fyrirtæki, sem noti með fullum rétti löglegt firmanafn sitt, fái notið lögverndar.

Stefndi styður sýknukröfu sína m. a. þeim rökum, að firmað „Kauphöll Hannesar" hafi verið skráð í Reykjavík 6. desember 1971. Firmað hafi verið skrásett án nokkurra athugasemda af hálfu skráningarstjóra og hafi stefndi því þar með öðlazt ótvíræðan rétt til þess að nota framvegis það firmanafn. Firmað Kauphöllin mun vera skráð í Reykjavík 31. maí 1934. Þegar firmað Kauphöllin hafi verið skráð á sínum tíma, hafi stofnandi þess ekki gætt þeirrar forsjálni, sem sjálfsögð sé, þegar nafn sé valið á firma, því að þeir hafi tekið almennt heiti á þeirri starfrækslu, sem fram hafi átt að fara í fyrirtækinu, þ. e. Kauphöll. Þetta heiti uppfylli eitt sér á engan hátt þær kröfur, sem setja verði um firmanöfn, til þess að firmaeigandinn fái þann einkarétt til nafnsins, sem fólginn sé í því, að öðrum sé óheimilt að nota nafnið, vegna þess að notað hafi verið eitt sér almennt orð yfir eina tegund þjónustu. Þessi regla sé almenn og viðurkennd í dómum Hæstaréttar. Firmanafn þurfi að uppfylla þetta skilyrði til þess að fá einkarétt til nafnsins. Augljóst sé t. d., ef tekið sé hliðstætt dæmi, að ekki sé hægt að fá einkarétt á firmanafni eins og Lögfræðiskrifstofa og útiloka þannig alla aðra lögfræðinga frá notkun nafnsins í starfsemi sinni. Stefndi kveður firmanafn sitt uppfylla öll skilyrði, sem gera verði til firmanafna, það aðgreini firmað nægilega í samkeppni þess við önnur firmu og ekki sé hætt á ruglingi vegna nafnsins.

Stefndi kveðst mótmæla þeirri fullyrðingu, sem fram komi í dskj. nr. 6, þar sem dróttað sé að honum, að hann hafi valið nafnið í blekkingarskyni og til þess að villa um fyrir almenningi. Þetta sé alrangt og geti stefnandi ekki sakazt við sig, þótt stefnandi

sé eigandi að firmanafni, sem ekki hafi verið gætt nægrar fyrirhyggju um val á í upphafi.

Orðið „Kauphöll" er almennt orð í íslenzku máli um miðstöð verðbréfaviðskipta (sbr. Íslenzk orðabók, útgefandi Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 1963, og Íslenzk-dönsk orðabók Sigfúsar Blöndals, útg. 1924, og Dönsk-íslenzk orðabók eftir Freystein Gunnarsson, útg. 1926). Auk þess er það almennt orð og algengt sem fyrri hluti samsettra orða, t. d. kauphallarviðskipti, kauphallarbrask.

Þetta orð hefur eigi í sér fólgin nægileg sérkenni til þess, að stefnandi geti á því viðskiptasviði, sem hér er um að tefla, öðlazt einkarétt til notkunar þess. Hann getur því ekki meinað stefnda að nota það á þann hátt, sem hann gerir í firmanafni sínu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni L. Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hlutafélagið Hannes og firma þess, Kauphöll Hannesar, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Kauphallarinnar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1973.

Nr. 98/1972: **Jóhann Þórir Jónsson**
vegna tímaritsins Skákar
(Sigurður Gizurarson hrl.)
gegn
Kristni Kristinssyni og gagnsök
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Til vara krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. september 1972. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu aðaláfrýjanda var sótt þing í héraði, en þingsókn féll niður af hans hálfu, án þess að hann hreyfði andmælum eða legði fram nokkur gögn, og var málið síðan dómtekið og dæmt, eins og rétt var.

Fyrir Hæstarétt hefur aðaláfrýjandi lagt fram aðiljaskýrslu sína, dags. 20. október 1972, og haft uppi þá málsástæðu, að bifreið sú, er í málinu greinir, hafi verið haldin verulegum göllum. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, sbr. nú 45. gr. laga nr. 75/1973, hefur eigi verið fullnægt, og kemur þessi málsástæða því ekki til álita í Hæstarétti. Samkvæmt þessu verða kröfur aðaláfrýjanda ekki teknar til greina, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að ársvextir ákveðast 7% frá 23. janúar 1972 til 16. maí 1973, en 9% frá þeim degi til greiðsludags. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir ákveðast 7% af hinni dæmdu fjárhæð frá 23. janúar 1972 til 16. maí 1973 og 9% frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi, Jóhann Þórir Jónsson vegna tímaritsins Skákar, greiði gagnáfrýjanda, Kritni Kristinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. marz s.l., af Kristni Kristinssyni framkvæmdastjóra, Faxabraut 53, Keflavík, gegn Jóhanni Þóri Jónssyni, Meistaravöllum 5, Reykjavík, f. h. óskrásetts firma hans, Skákar, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 100.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 23. janúar 1972 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að þann 23. janúar 1971 hafi stefndi keypt af stefnanda bifreið, gerð B.M.W. 2000, smíðaár 1968. Kaupverð bifreiðarinnar hafi verið ákveðið kr. 300.000.00, er stefndi hafi átt að greiða með kr. 150.000.00 og afhenda tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 50.000.00, með gjalddaga 1. apríl 1971, en hinn að fjárhæð kr. 100.000.00, með gjalddaga 23. janúar 1972. Stefndi hafi afhent víxil að fjárhæð kr. 50.000.00, svo sem til hafi staðið, þó sá víxill hafi reyndar ekki fengizt greiddur. Stefndi hafi hins vegar vanefnt loforð sitt um að afhenda víxil að fjárhæð kr. 100.000.00 þrátt fyrir ítrekuð tilmæli í þá átt.

Sefnda hafi verið send greiðsluáskorun um að greiða skuld þessa á gjalddaga hennar 23. janúar s.l., en hafi ekki sinnt greiðsluáskorun og sé því málssókn þessi óhjákvæmileg.

Í skjölum málsins kemur fram m. a., að þá er kaup hafi verið gerð um bifreiðina Ö 12 þann 23. janúar 1971, hafi orðið að samkomulagi milli stefnanda og stefnda, Jóhanns Þóris Jónssonar, er keypt hafi bifreiðina fyrir hönd óskrásetts firma síns, Skákar, að kaupverðið skyldi greitt, eins og að framan greini. Öðrum víxlinum hafi Jóhann Þórir skilað strax og í samræmi við venju

hafi bílasalinn skrifað á afsalið, að kaupverðið væri að fullu greitt, með því að Jóhann Þórir hafi lofað að koma hinum víxlinum til stefnanda strax daginn eftir, en sá víxill skyldi vera að fjárhæð kr. 100.000.00 með gjalddaga 23. janúar 1972. Hafi stefnandi talið þetta vera „bindandi loforð" og því skrifað undir afsalið til handa Skák. Jóhann Þórir hafi hins vegar aldrei skilað þessum víxli þrátt fyrir mörg símtöl og loforð, en hafi hins vegar aldrei mótmælt því, að honum bæri að skila honum. Af hálfu stefnda var sótt þing við þingfestingu málsins hinn 14. marz 1972, og fékk hann frest til greinargerðar allt þar til málið var dómtekið, en þá féll þingsókn niður af hans hálfu. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, enda verður byggt á fullyrðingum stefnanda í stefnu og öðrum gögnum málsins í máli þessu, eins og það liggur hér fyrir dómi. Málskostnaður ákveðst kr. 14.000.00.

Dóminn kvað upp Kristín Briem.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Þórir Jónsson f. h. Skákar, greiði stefnanda, Kristni Kristinssyni, kr. 100.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 23. janúar 1972 og kr. 14.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1973.

Nr. 67/1972: **Félag skrúðgarðyrkjumeistara**
gegn
Ólafi Þorgrímssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Félag skrúðgarðyrkjumeistara, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. nóvember 1973.

Nr. 58/1972: **Hreyfill s/f**
gegn
Sigurði Flosasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hreyfill s/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. nóvember 1973.

Nr. 80/1972: **Ewald E. Berndsen**
(Guðlaugur Einarsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál. XVIII. kafli laga nr. 82/1961.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1972. Krefst hann þess, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða sér kr. 2.700.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 3. júní 1963 til greiðsludags. Til vara er krafizt annarrar lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu hefur saksóknara ríkisins verið stefnt til réttargæzlu. Rétt var að stefna saksóknara til fyrirsvars f. h. ríkissjóðs, sbr. 3. tölulið 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973. Ekki þykir þó ástæða til frávísunar málsins frá héraðsdómi, eins og máli er háttað.

Í bréfi dómsmálaráðuneytis 9. júní 1972, sem fram er lagt í Hæstarétti, „tekur ráðuneytið fram, að væntanlegur málskostnaður gjafsóknarbeiðanda verður greiddur úr ríkissjóði, þar sem hér er um lögbundna gjafsókn að ræða, sbr. ákvæði 154. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála."

Í Hæstarétti hafa verið lagðar fram dómsgerðir í bæjar-

þingsmálinu nr. 4/1969: Knútur Kristinsson f. h. Ewalds Berndsens gegn Pétri Péturssyni og Kristjáni Eiríkssyni.

Áfrýjandi reisir fébótakröfur sínar á hendur stefnda á ákvæðum XVIII. kafla laga nr. 82/1961, nú laga 73/1973. Stefndi krefst sýknu, m. a. fyrir þá sök, að bótakrafa sé fyrnd samkvæmt ákvæðum 157. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973. Samkvæmt nefndu ákvæði ber að taka kröfu stefnda til greina og dæma honum sýknu í máli þessu.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um málskostnað. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Málflutningsþóknun til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er sýkn af kröfum áfrýjanda, Ewalds E. Berndsens, í máli þessu. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningsþóknun til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Ewalds Ellerts Berndsens, Vallargötu 18 í Sandgerði, höfðað samkvæmt heimild í 18. kafla laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. október 1970, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu fébóta að fjárhæð kr. 2.700.000 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 3. júní 1963 til greiðsludags og til vara að greiða aðra fjárhæð, sem dómurinn kann að ákveða, með sömu ársvöxtum frá sama tíma. Jafnframt krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 154. gr. laga nr. 82/1961, hver sem úrslit málsins kunni að verða. Til réttargæzlu er stefnt í málinu frú Jóhönnu Baldvinsdóttur, Reynimel 74, Auði Auðuns dómsmálaráðherra, Ægissíðu 86, Þórði Möller yfirlækni,

Kleppsspítalanum, Baldri Möller ráðuneytisstjóra, Arnarhvoli, Valtý Albertssyni lækni, Túngötu 3, Valdimar Stefánssyni saksóknara, Ægissíðu 98, Kristjáni Eiríkssyni hæstaréttarlögmanni, Laugavegi 27, Kristjáni Kristjánssyni, fyrrverandi yfirborgarfógeta, Austurstræti 17, Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra, Pósthússtræti 3, Gunnlaugi Briem sakadómara, Borgartúni 7, Friðjóni Skarphéðinssyni yfirborgarfógeta, Skólavörðustíg 11, og Einari Ingimundarsyni, sýslumanni í Hafnarfirði.

Af hálfu stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins. Til vara er þess krafizt, að sefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Á hendur hinum réttargæzlustefndu eru engar sérstakar kröfur gerðar í málinu. Þeir hafa og heldur eigi neinar kröfur gert, nema réttargæzlustefnda, Jóhanna Baldvinsdóttir, sem krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Malsatvik kveður stefnandi vera þau, að hinn 16. febrúar 1961 hafi honum verið dæmd sjálfræðissvipting með dómi, uppkveðnum af Gunnlaugi Briem, sakadómara í Reykjavík. Eftir dómsuppsögn hafi honum enginn lögráðamaður verið skipaður þrátt fyrir ótvíræð ákvæði 25. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 fyrr en 24. apríl 1963, eða daginn eftir að Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður hafi kært ólögmæta handtöku og frelsisskerðingu stefnanda, sem þá hafi verið vistaður á Kleppsspítalanum nauðugur og án nokkurs fyrirfarandi né eftirfarandi samþykkis síns. Stefnandi kveður sér hafa tekizt að koma svohljóðandi orðsendingu út um glugga á geðveikrahælinu Kleppi:

„Til Guðlaugs Einarssonar.

Ég bið þig hér með Guðlaugur Einarsson, lögfr. að sækja tafarlaust um skilnað við konu mína Jóhönnu Baldvinsdóttur. Ég hefi ekki samþykkt að vera vistaður á Kleppi eða nokkru öðru sjúkrahúsi, og bið þig hafa tafarlaust samband við móður mína og sjá til þess að ég losni héðan tafarlaust út.

Kleppi 23/4 1963.
Ewald Berndsen."

Stefnandi kveður lögmanninn, Guðlaug Einarsson, þegar hafa hafizt handa, eftir að ofangreind orðsending stefnanda hafði borizt honum í hendur, með kærubréfi til dómsmálaráðuneytisins og

mótmælabréfum til lögreglustjóra, sakadómara og yfirlæknisins á Kleppi, öllum bréfunum dags. 23. apríl 1963. Í bréfi sínu til dómsmálaráðuneytisins segir lögmaðurinn m. a.: „... Ég tilkynni yður, að ég geymi umbj. mínum allan og óskoraðan rétt til þess konar krafna og aðgjörða að lögum að marg gefnu tilefni (þ .e. handtaka stefnanda og vistun á Kleppi)". Í bréfunum til lögreglustjóra og yfirlæknisins á Kleppi mótmælir lögmaðurinn ræki lega hinum ólögmætu aðgerðum gagnvart stefnanda og geymir honum allan og óskertan rétt til hvers konar krafna og aðgerða síðar, af því samræmi við lagaákvæði þar að lútandi. Stefnandi kveður föður sinn, Sigurð Berndsen, hafa átt frumkvæðið að handtökunni í fyrra sinnið, sem lögreglan í Reykjavík framkvæmdi hana 7. maí 1962, þar sem stefnandi var staddur í húsi nr. 52 við Snorrabraut hér í borg, en eftir að stefnandi hafði verið tekinn fastur, var hann fluttur til geymslu í fangageymslu lögreglunnar í Síðumúla, en fluttur daginn eftir nauðugur til vistunar á Kleppsspítalann, þar sem honum var haldið innilokuðum dagana 8.—30. maí 1962 samkvæmt vottorði yfirlæknisins að Kleppi, Þórðar Möllers. Í síðara skiptið, sem stefnandi kveðst hafa verið handtekinn af lögreglunni í Reykjavík og varðar þetta dómsmál, segir hann, að sú handtaka og eftirfarandi vistun í Síðumúla og á Kleppi hafi verið gerð að fyrirlagi fyrrverandi eiginkonu sinnar, Jóhönnu Baldvinsdóttur, með atbeina Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns. Telur stefnandi, að sú handtaka sín hafi verið framkvæmd þar, sem hann var á gangi í Pósthússtræti hér í borg hinn 18. apríl 1963. Hafi stefnandi verið fluttur til geymslu í fangahús lögreglunnar í Síðumúla, en daginn eftir, þann 19. apríl, fluttur nauðugur að Kleppi, þar sem hann hafi svo dvalizt samkvæmt vottorði yfirlæknisins, Þórðar Möllers, dagana 19. apríl—3. júní 1963. Í bæði skiptin, sem stefnandi var handtekinn og síðan vistaður í fangahúsi og á geðveikrahælinu Kleppi, segir í bréfi Þórðar Möllers, yfirlæknis á Kleppi, að þangað hafi stefnandi verið innlagður af Valtý Albertssyni lækni vegna drykkjusýki stefnanda, sbr. bréf yfirlæknisins til Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, rituðu að beiðni dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. janúar 1970. Stefnandi kveður það hvergi sjást í skjölum lögreglu, lækna né yfirleitt nokkurra viðkomandi aðilja, að nauðsynlegra og löglegra heimilda hafi verið leitað né eftir slíku grennslazt, áður en handtaka hans í umrædd skipti og eftirfarandi innilokun í fangahúsi og á ýmsum deildum geðveikrahælisins hafi átt sér stað. Stefnandi kveður heldur ekki hafa verið leitað eftir sam-

þykki sínu og mótmælum sínum eigi heldur sinnt á einn eða annan veg. Stefnandi tekur fram, að hann hafi verið innilokaður á fjölbýlisstofum geðsjúklinga, sem ýmist séu taldir rólegir eða órólegir, en hann sjálfur sé, að sögn Valtýs Albertssonar læknis, sviptur frelsi sínu og innilokaður vegna drykkjusýki, en hvorki geðveilu né geðveiki. Stefnandi kveðst hafa verið þannig innilokaður í 68 daga, sbr. bréf Þórðar Möllers, yfirlæknis á geðveikrahælinu Kleppi.

Þá tekur stefnandi fram, að hinn 24. apríl 1963 hafi Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður verið skipaður af Kristjáni Kristjánssyni yfirborgarfógeta lögráðamaður sinn sem sjálfræðissvipts manns samkvæmt beiðni þáverandi eiginkonu sinnar, Jóhönnu Baldvinsdóttur. Stefnandi tekur og fram í þessu sambandi, að samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 24. apríl 1963, eða sama dag og Kristján Eiríksson er skipaður lögráðamaður hans, segi í nefndu bréfi ráðuneytisins til lögráðamannsins orðrétt: „Eftir viðtöku bréfs yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, dags. 23. þ. m., ásamt tveimur fylgiskjölum, tekur ráðuneytið fram, að það með vísan til 31. gr. l. nr. 95/1947 samþykkir, að Ewald Berndsen, stórkaupmaður, Grenimel 20, hér í bæ, verði fyrst um sinn þar til öðru vísi kann að verða ákveðið af ráðuneytinu, vistaður á lokuðu sjúkrahúsi, innlendu eða erlendu, til lækninga á drykkjusýki sinni. F. h. r. Baldur Möller/Ragnar Bjarkan".

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í máli þessu á því, að hann hafi að ólögum verið handtekinn og vistaður í fangelsi og síðar á geðveikrahælinu Kleppi samkvæmt því, sem að framan greinir. Kveðst stefnandi vitna til skýlausra og afdráttarlausra laga um lögræði nr. 95/1947 einkum 31. gr. þeirra laga, sbr. 11. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra nr. 39/1964, sérlega og alsendis ákvæðum lögræðislaganna. Kveður stefnandi, að samkvæmt þverbrotum á ofangreindum lagaákvæðum hafi hrostið öll skilyrði til frelsisskerðingar samkvæmt ákvæðum laga nr. 82/1961, einkum 1. tl. 1. mgr. 51. gr. þeirra laga. Af þessum sökum sé miskabóta og/eða fébótakrafa stefnanda óumdeilanleg eftir ákvæðum 154. gr. sömu laga, 3. tl., sbr. 151. og 157. gr. laganna. Stefnandi kveðst hafa öðlazt lögræði (sjálfræði og fjárræði) með dómi sakadóms, uppkveðnum 17. apríl 1970, en réttarstefna hafi verið gefin út 16. október sama ár, svo hér greind fébótakrafa hafi verið uppi höfð lagalega, áður en fyrningarfrestur 157. gr. laga nr. 82/1961 hafi verið útrunninn.

Af hálfu stefnda, fjármálaráðherrra f. h. ríkissjóðs, er sýknu-

krafa á því reist, að málshöfðun þessi, sem reyndar hafi aldrei átt neinn efnislegan rétt á sér, hafi auk þess verið dregin óhæfilega, þar sem 7—8 ár eða jafnvel 10 ár séu liðin, frá því atburðir þeir gerðust, sem nú sé stefnt út af. Séu því hugsanlegar kröfur fyrir löngu fyrndar og/eða niður fallnar fyrir aðgerðarleysi. Hafi stefnandi því eða umboðsmaður hans haft sérstök tilefni að hreyfa slíkum kröfum, ef hann yfirleitt hefði talið nokkurn bótagrundvöll vera fyrir hendi. En svo megi heita, að ekki hafi linnt málssóknum af þeirra hendi undanfarin ár út af margvíslegum viðskiptum stefnanda og ríkisvaldsins, án þess að nokkru sinni hafi verið minnzt á slíkar kröfur.

Af hálfu réttargæzlustefndu, Jóhönnu Baldvinsdóttur, eru dómkröfur hennar studdar þeim rökum, að hún hafi haft skilyrðislausan rétt til kröfu sinnar samkvæmt 7. gr., 2. tl., laga nr. 95/1947. Samkvæmt 10. gr. sömu laga þá hafi hún afturkallað kröfu sína um sjálfræðissviptingu. Samkvæmt 8. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 95/1947 þá beri að gera kröfu um sjálfræðissviptingu svo og fjárræðissviptingu til dómarans, sem rannsaki ex officio málið að hætti opinberra mála og sendi ákæruvaldinu, sem síðan neyti valds síns. Þetta hafi eins verið gert í máli þessu. Ákæruskjal hafi verið gefið út og dómur eða úrskurður verið á því byggður.

Eins og fram er komið í málinu, var stefnandi vistaður á Kleppsspítala 8.—30. maí 1962 og síðan aftur 19. apríl—3. júní 1963, og liðu því 8—9 ár, frá því að stefnandi sætti þeirri meðferð, sem hann krefst bóta fyrir í máli þessu, og þar til málið var höfðað, en málshöfðun þessi er reist á 3. mgr. 154. gr. laga nr. 82/1961.

Samkvæmt 157. gr. sömu laga fyrnist bótakrafa hins vegar á sex mánuðum frá vitneskju aðilja um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því, er aðili var látinn laus úr refsivist.

Stefnandi var sviptur sjálfræði frá 16. febrúar 1961 og síðar fjárræði til 17. apríl 1970, að honum var með dómi sakadóms Reykjavíkur veitt lögræði (sjálfræði og fjárræði). Hinn 24. apríl 1963 var stefnanda skipaður lögráðamaður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og eins og máli þessu er háttað þykir verða að líta svo á, að fyrningarfrestur hefjist, er stefnandi losnaði úr sjúkrahúsvist þeirri, er bótakrafa í máli þessu er m. a. reist á, eða hinn 3. júní 1963, enda ekkert því til fyrirstöðu, að stefnandi gæti þá þegar leitað réttar síns með málssókn.

Er því bótakrafa stefnanda fyrnd, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda var sótt um gjafsóknarleyfi við rekstur málsins. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins var því lýst yfir, að litið væri svo á, að þar sem gjafsókn sé lögbundin í slíku máli, sbr. ákvæði 154. gr. laga nr. 82/1961, þurfi ráðuneytið eigi að taka afstöðu til gjafsóknarinnar. Með vísan til greinds lagaákvæðis þykir stefnandi eiga rétt á gjafsókn við rekstur máls þessa. Þóknun til talsmanns stefnanda, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, þykir hæfilega ákveðin kr. 60.000.00 og greiðist úr ríkissjóði.

Rétt þykir, að málskostnaður, að því er varðar réttargæzlustefndu, Jóhönnu Baldvinsdóttur, falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, fjármáaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ewalds Berndsens, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Þóknun til talsmanns stefnanda, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Málskostnaður, að því er varðar réttargæzlustefndu, Jóhönnu Baldvinsdóttur, fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. nóvember 1973.

Nr. 117/1972: **Ólafur Gunnarsson**
(Sigurður Gizurarson hrl.)
gegn
Jóni Ármanni Sigurjónssyni
og gagnsök
(Jón Hjaltason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjunarfrestur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Aðaláfrýjandinn hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1972. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 120.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. október 1972. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 17. marz 1972. Áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962, nú laga nr. 75/1973, var liðinn, þegar málinu var áfrýjað. Hvorki aðaláfrýjandi né gagnáfrýjandi hafa aflað áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. mgr. 20. gr. nefndra laga. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 17. marz 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. febrúar s.l., er höfðað

fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 19. október 1970, af Ólafi Gunnarssyni, Hávegi 11 A, Kópavogi, gegn Jóni Ármanni Sigurjónssyni, Bröttugötu 11, Vestmannaeyjum, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 120.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá og með 1. janúar 1969. Þá er krafizt málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að fullu að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefnandi kveður málavexti þá, að í ágúst 1967 hafi hann falið Guðna Þór Nicolaisyni bifreiðarsala að selja bifreið sína Y 1061. Að undirlagi Guðna lét Ólafur Y 1061 í skiptum fyrir bifreiðina G 1084, sem þá var eign Bernharðs Sturlusonar, Miklubraut 1, Reykjavík. Guðni Þór tók síðan að sér að selja G 1084, en stefnandi var þá á förum til Sviss til náms og þjálfunar á vegum ÍSALS. Guðni Þór seldi síðan bifreiðina Sokkabúðinni h/f, en það fyrirtæki varð gjaldþrota um áramótin 1967—68. Guðni Þór hafði orðið eigandi ásamt öðrum manni að nafni Smári Egilsson, Skaftahlíð 33, Reykjavík, að Sokkabúðinni h/f. Fékk stefnandi aldrei eyri fyrir bifreiðina G 1084. Kona hans fékk aðeins fyrir eftirgangsmuni ónýta víxla frá Sokkabúðinni h/f, sem aldrei fengust greiddir.

Í byrjun desember 1967 seldi Sokkabúðin h/f bifreiðina G 1084 Jóni Ármanni Sigurjónssyni, stefnda í máli þessu.

Þegar skiptin fóru fram á Y 1061 og G 1084, var sölutilkynningu um eigendaskipti á G 1084 frá Bernharði Sturlusyni til stefnanda haldið opinni, að því er kaupanda snertir. Þegar Sokkabúðin h/f skyldi selja G 1984, tók Bifreiðaeftirlitið ekki gilda eignar- og söluheimild hennar að G 1084, þ. e. hina opnu sölutilkynningu frá Bernharði Sturlusyni. Leitaði stefndi, Jón Ármann, þá Bernharð Sturluson uppi og fékk hann til að gefa út nýja sölutilkynningu með Bernharði sjálfum sem seljanda og stefnda sem kaupanda.

Hinn 19. apríl 1968 kærði stefnandi þessa máls Guðna Þór Nicolaison fyrir svik í viðskiptum, og var málið rannsakað fyrir sakadómi Kópavogs og síðan sent saksóknara ríkisins, sem ákvað, að ekki skyldi höfðað opinbert mál, með því að huglæg saknæmisskilyrði væru naumast nægilega sönnuð, hvað Guðna Þór snerti.

Fyrir sakadómi Vestmannaeyja þann 7. marz 1969 skýrði stefndi svo frá í sambandi við ofangreind bifreiðakaup, að hann hafi keypt

bifreiðina G 1084 í október 1967. Var það maður að nafni Smári Egilsson, sem seldi honum bifreiðina fyrir hönd Sokkabúðarinnar. Greiddi hann fyrir bifreiðina með veðskuldabréfi að upphæð kr. 140.000.00, sem greiðast skyldi á fjórum árum. Ekki kvaðst hann muna, hvort honum var sagt, er kaupin gerðust, að Sokkabúðin væri raunverulegur eigandi að bifreiðinni, en afsalið var gefið út fyrir hönd Sokkabúðarinnar. Er stefndi ætlaði að skrásetja bifreiðina, kom í ljós, að Sokkabúðin var ekki skráður eigandi hennar, heldur maður að nafni Bernharður Sturluson. Fór stefndi heim til þessa manns ásamt tengdaföður sínum, og gaf Bernharður fúslega afsal fyrir bifreiðinni til stefnda. Kvaðst hann ekki vilja hafa bifreiðina lengur á sínu nafni. Stefnda minnir, að bílasalarnir hafi bent honum á að hafa samband við Bernharð þennan.

Stefndi kveðst aldrei hafa séð afsal Sokkabúðarinnar fyrir bifreiðinni, hvorki frá Ólafi Gunnarssyni né öðrum, og ekki vitað, að hann ætti bifreiðina, er stefndi festi kaup á henni, og hafi hann ekki vitað annað en allt væri með felldu um kaupin, fyrr en hann ætlaði að skrásetja bifreiðina.

Bernharður Sturluson, Miklubraut 1, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir sakadómi, að hann hefði farið með bifreiðina G 1084 í ágúst 1967 til Bílasalans við Vitatorg til að fá skipt á henni og sendiferðabifreið, og varð síðan úr, að skipti fóru fram með honum og stefnanda. Sölutilkynning var höfð opin á bifreiðinni G 1084, því Guðni Þór Nicolaison sagði stefnanda, að hann hefði tilboð í bifreiðina, sem hann ætlaði að bjóða honum daginn eftir. Var svo allt kyrrt, unz vitnið rakst á bifreiðina G 1084, líklega í desember, og hringdi hann þá í Bílasalann við Vitatorg, og kom þá í ljós, að sá, sem hafði nýlega keypt G 1084 af Sokkabúðinni, var að leita að vitninu til að fá nýja sölutilkynningu. Kom nýi kaupandinn, stefndi í máli þessu, heim til vitnisins. Tjáði hann því, að Bifreiðaeftirlitið mundi ekkert gera í þessu máli, ef það fengi nýja sölutilkynningu frá vitninu, en sem sakir stæðu væru þeir orðnir óánægðir með þetta.

Fyrir sakadómi Kópavogs skýrði Guðni Þór Nicolaison verzlunarmaður m. a. svo frá, að hann hefði sem eigandi og hagsmunaaðili í Sokkabúðinni átt þátt í, að hún gerði tilboð í bifreiðina G 1084. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann sagði stefnanda, að hann væri orðinn eigandi búðarinnar. Þá skýrði Guðni Þór svo frá, að hann hafi talið Sokkabúðina eiga bifreiðina, þótt fyrsti víxillinn vegna kaupanna félli í gjalddaga án þess að vera

greiddur, enda hafi hann ætlað að greiða víxilinn. Þá taldi Guðni Þór áreiðanlegt, að Sokkabúðin hefði fengið afsal fyrir bifreiðinni G 1084 og hlyti það að vera í plöggum Sokkabúðarinnar.

Stefnandi máls þessa telur sannað, að Guðni Þór Nicolaison hafi selt Sokkabúðinni h/f bifreiðina G 1084, eftir að honum var orðið kunnugt um slæman fjárhag fyrirtækisins, sem varð gjaldþrota þrem mánuðum síðar. Telur stefnandi Guðna Þór hafa haft af sér bifreiðina með svikum, sbr. 30. og 32. gr. laga nr. 7/1936. Sú ógildingarástæða hafi aldrei fallið niður, og var bifreiðin m. a. aldrei skráð á nafn Sokkabúðarinnar h/f í bifreiðaskrá. Þá telur stefnandi Guðna Þór hafa leynt sig upplýsingum, að hann væri orðinn „eigandi" að Sokkabúðinni h/f, sem hefðu haft ákvarðandi áhrif á, hvort hann vildi selja bifreiðina, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnandi telur aldrei hafa komizt í lölega sölu á G 1084 frá honum til Sokkabúðarinnar h/f, enda engin gögn komið fram um, að hún hafi nokkru sinni orðið eigandi.

Þá telur stefnandi, að aldrei hafi komizt á löglegur sölusamningur á bifreiðinni frá Sokkabúðinni h/f til stefnda. Sokkabúðin hafði engin gögn til að sanna eignarrétt sinn gagnvart honum, hvorki afsal, sölusamning né skráningu á bifreiðaskrá. Stefndi gat því ekki verið grandlaus sem kaupandi að bifreiðinni og gat því ekki eignast hana fyrir traustnám. Upphaflega telur stefnandi sig þannig hafa átt endurkröfurétt til bifreiðarinnar, en nú eftir sölu hennar til andvirðis hennar.

Af hálfu stefnda er á það bent, að hann hafi aldrei átt nein lögskipti við stefnanda þessa máls í sambandi við lögskipti eða annað. Hann hafi keypt bifreiðina þann 26. október 1967 fyrir kr. 140.000.00, sem hann greiddi með veðskuldabréfi. Ekki lá fyrir veðbókarvottorð við söluna, og ekki var eftir því gengið af stefnda, sem var með öllu óvanur viðskiptum, enda fullyrtu bæði seljandi bifreiðarinnar og söluumboðsmaður, að engar kvaðir hvíldu á bifreiðinni. Hins vegar kom í ljós, er stefndi sótti veðbókarvottorð yfir bifreiðina daginn eftir til Hafnarfjarðar, að bifreiðin var ekki skráð á nafn Sokkabúðarinnar h/f, heldur á nafn Bernharðs Sturlusonar, sem stefndi hafði þá þegar samband við og fékk fúslega hjá honum sölutilkynningu. Umskráði stefndi síðan bifreiðina og leit eftir þetta á sig sem eiganda hennar, unz hann seldi bifreiðina Gylfa Sigurðssyni, Fálkagötu 34, Reykjavík, með afsali, dags. 13. júní 1969.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi keypt bifreiðina í góðri

trú, enda nafn seljanda aldrei nefnt á nafn í sambandi við bifreiðina og viðskipti stefnanda og Sokkabúðarinnar h/f hafi verið honum með öllu ókunn. Hvorugur þessara aðilja hafi tilkynnt eigendaskipti til Bifreiðaeftirlitsins, sem þeir báru ábyrgð á. Ef stefnanda þótti gengið á rétt sinn í sambandi við sölu bifreiðarinnar, bar honum að snúa sér án ástæðulauss dráttar til þeirra manna, sem hann taldi hafa misfarið með eign sína, og rifta sölugerningnum, ef efni voru til, og þá annað hvort heimta bifreiðina aftur eða andvirði hennar.

Þá bendir stefndi og á, að Guðni Þór Nicolaison hafi haft umboð til sölu bifreiðarinnar og geti stefnandi ekki nú komið og heimtað andvirði hennar af sér, þar sem lögleg sala hafi farið fram fyrir tilstilli umboðsmannsins.

Niðurstaða.

Í máli þessu er komið fram, að stefnandi máls þessa var aldrei skráður eigandi bifreiðarinnar G 1084. Ósannað er, að stefnda hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um tilkall hans til bifreiðarinnar, þegar frá afsali og umskráningu var gengið, enda Sokkabúðin h/f þá orðin formlegur eigandi, en skráður eigandi Bernharður Sturluson, sem stefnandi fékk síðan sölutilkynningu frá. Ógildingarástæðum stefnanda gagnvart Guðna Þór Nicolaisyni virðist vart vera beint gagnvart stefnda nú, enda ekki sannað, að sala Sokkabúðarinnar h/f á bifreiðinni til stefnda á þeim tíma, er hún fór fram, hafi verið ólögmæt. Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Sefndi, Jón Ármann Sigurjónsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ólafs Gunnarssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 5. nóvember 1973.

Nr. 25/1973: **Karl Jörgensen**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Kaupfélaginu Fram
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1972. Hinn 2. febrúar 1973 gekk útivistardómur í málinu, og var því áfrýjað af nýju með stefnu 5. febrúar s. á., sbr. 36. gr. laga nr. 57/1962.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 360.576.00 með 7% ársvöxtum frá 30. júní 1971 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara lækkunar á dómkröfum áfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi var verkstjóri hjá stefnda og fiskmatsmaður í verkstöð hans, svo sem greinir í héraðsdómi. Hann reisir dómkröfur sínar á samningum milli Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Verkstjórasambands Íslands frá 20. febrúar 1962 og 17. apríl 1970. Í 7. gr., 2. málsgr., samninga þessara, sem eru samhljóða að þessu leyti, segir, að vinnuveitendum sé heimilt að fela m. a. „matsmönnum afurða" verkstjórn, án þess að ákvæði kjarasamninga þessara „nái til þeirrar verkstjórnar". Ágreiningslaust er, að stefndi greiddi áfrýjanda umsamin laun, sem miðuð voru við verkamannalaun í Neskaupstað með 40% álagi. Samkvæmt erindisbréfi fyrir fiskmatsmenn nr. 141/1950, 9. gr., skulu fiskmatsmenn

njóta úr hendi atvinnurekenda launa, sem nemi 20% af gildandi verkamannalaunum fyrir störf sín að fiskmati. Svo sem framangreindum ákvæðum í samningum milli Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Verkstjórasambands Íslands var háttað, hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að laun hans fyrir verkstjórn hjá stefnda hafi verið bundin með ákvæðum framangreindra samninga, eða sannað, að honum beri af öðrum ástæðum frekari laun úr hendi stefnda en þau, sem stefndi hefur þegar goldið honum. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til raka héraðsdóms ber að staðfest hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 35.000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Karl Jörgensen, greiði stefnda, Kaupfélaginu Fram, kr. 35.000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 21. september 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Karl Jörgensen, Sverristúni 2 í Neskaupstað, höfðað fyrir bæjarþingi Neskaupstaðar með stefnu, birtri 26. og 27. apríl 1972, gegn Kaupfélaginu Fram í Neskaupstað til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 431.722.00 auk 1% vanskilavaxta á mánuði eða hluta úr mánuði frá 1. júlí 1971 til greiðsludags, málskostnaðar samkvæmt reikningi, kr. 45.000.00, svo og alls kostnaðar við fullnustu dóms.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð. Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi á árinu 1963 verið ráðinn verkstjóri og fiskmatsmaður að frystihúsi Kaupfélagsins Fram í Neskaupstað með þeim kjörum sem verkstjóra og fiskmatsmanni hafi borið samkvæmt samningum og erindisbréfi þar um. Hafi hann verið eini verkstjórinn og fiskmatsmaðurinn við frystihúsið frá þeim tíma til 1. júlí 1971, að honum var sagt upp starfi. Reikningsuppgjör hafi sér aldrei borizt annað en vinnulaunamiði við áramót og því ekki sundurliðað, hvernig honum

var greitt kaup, en við athugun hafi komið í ljós, að þóknun fyrir fiskmatsstarf hafi ekki verið færð sér til tekna öll árin og að vangoldin séu 10% af verkstjóraálagi. Fyrir verkstjórn telur hann, að sér hafi verið greitt 40% álag á grunnkaup verkamanna.

Kröfur stefnanda eru byggðar á samningum Verkstjórasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 20. febrúar 1962 og 17. apríl 1970, en í samningnum frá 17. apríl 1970 segir í 10. gr., að laun verkstjóra, sem ráðnir séu á tímakaupi, skuli vera 30% yfir meðaltali 1.—7. taxta hins almenna kjarasamnings Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, eins og hann er á hverjum tíma fyrir fullgilda verkamenn, og hámark ekki yfir 50%. Kaup verkstjóra skal fundið þannig: Fyrstu tvö árin hjá sama vinnuveitanda, grunnlaun + verkstjóraálag. Eftir tveggja ára starf hjá sama vinnuveitanda, grunnlaun + 5% + verkstjóraálag.

Enn fremur eru kröfur stefnanda byggðar á 9. gr. erindisbréfs fyrir fiskmatsmenn frá 13. marz 1950, er sett var samkvæmt lögum nr. 46/1949 um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, en þar segir, að fyrir að annast fiskmatið fái matsmaður greidda þóknun, sem nemi 20% af gildandi verkamannakaupi á hverjum stað miðað við 25 átta stunda vinnudaga á mánuði.

Telur stefnandi, að ógreidd séu verkstjóralaun, 10% á grunnlaun, svo og þóknun fyrir fiskmat, 20% á grunnlaun, og sundurliðar kröfur sínar þannig:

„1964
Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 37/75 kr. 7.550.00 x 12 90.600.00
10% 9.060.00 20% 18.120.00 Orlof 7% 1.926.00 Samtals 29.106.00

1965
Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 45/63 kr. 9.126.00 x 12 109.512.00
10% 10.951.00 20% 21.902.00 Orlof 7% 2.300.00 Samtals 35.153.00

1966
Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 49/54 kr. 9.908.00 +
5% 495 x 12 124.840.00
10% 12.484.00 20% 24.968.00 Orlof 7% 2.622.00 Samtals 40.074.00

1967
Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 53/65 kr. 10.730.00 +
5% 537.00 x 12 135.198.00
10% 13.520.00 20% 27.040.00 Orlof 7% 2.839.00 Samtals 43.399.00

1968
Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 56/78 kr. 11.356.00
+ 5% 567.00 x 12 143.085.00
10% 14.309.00 20% 28.618.00 Orlof 7% 3.005.00 Samtals 45.931.00

1969
Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 68/12 kr. 13.624.00
+ 5% 681.00 x 12 171.662.00
10% 17.166.00 20% 34.332.00 Orlof 7% 3.604.00 Samtals 55.104.00

1970
Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 76/67 kr. 15.334.00
+ 5% 767.00 x 12 193.208.00
10% 19.321.00 20% 38.642.00 Orlof 7% 4.057.00 Samtals 62.020.00

1971
Grunnlaun pr. mánuð 200 tímar á 83/67 kr. 16.734.00
+5% 836.00 x 6 105.424.00
10% 10.524.00 20% 21.084.00 Orlof 7% 2.214.00 Samtals 33.841.00"

Niðurstöðutala verður kr. 344.628.00, en að viðbættum vöxtum þá verður útreikningur stefnanda:

„1964	Vantalin laun og orlof	kr.	29.105.00
	8% ársvextir	—	2.328.00
			31.433.00
1965	Vantalin laun og orlof	kr.	35.153.00
	8% ársvextir	—	5.326.00
			61.912.00
1966	Vantalin laun og orlof	kr.	40.074.00
	8% ársvextir	—	8.158.00
			110.144.00
1967	Vantalin laun og orlof	kr.	43.399.00
	8% ársvextir	—	12.238.00
			165.726.00

1968	Vantalin laun og orlof	kr. 45.931.00
	8% ársvextir	— 16.933.00
		228.590.00
1969	Vantalin laun og orlof	kr. 55.104.00
	8% ársvextir	— 22.695.00
		306.389.00
1970	Vantalin laun og orlof	kr. 62.020.00
	8% ársvextir	— 29.472.00
		397.881.00
1971	Vantalin laun og orlof	kr. 33.841.00
		Samtals kr. 431.722.00

Dagsbrúnartaxti:

1964	1.—7. taxti meðaltal	kr. 37/75
1965	.....	— 45/63
1966	.....	— 49/54
1967	.....	— 53/65
1968	.....	— 56/78
1969	.....	— 68/12
1970	.....	— 76/67
1971	.....	— 83/67“

Útreikningar stefnanda eru byggðir á samningum frá 17. apríl 1970, sem hann lagði fram á þingfestingardegi, hins vegar lagði hann fram samninginn frá 20. febrúar 1962 8. september s.l.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verið algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð.

Eru kröfur þessar rökstuddar á þá leið, að farið hafi verið að óskum stefnanda um launakjör og honum greitt 40% álag á verkamannakaup, en að öðru leyti skyldi samningur Verkstjórasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna gilda um kjör hans, en enginn skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður við stefnanda.

Telur stefndi, að stefnandi skyldi aðeins fá umsamið álag þann tíma, sem hann starfaði sem verkstjóri við frystihúsið, en það

hafi aðeins verið um 5—6 mánuðir á ári, þar eð hráefni til vinnslu hafi ekki verið fyrir hendi lengri tíma árs. Þrátt fyrir hina stopulu verkstjórn hafi stefndi þó greitt stefnanda 40% álag allt árið.

Til vara telur stefndi, að aðgerðarleysi stefnanda í þá átt að koma að athugasemdum um launakjör leiði til sýknu. Bendir stefndi á, að stefnanda hafi ætíð verið fullkunnugt um kaupútreikninga, enda sjálfur fært inn vinnustundir og síðan kvittað vikulega fyrir móttöku launa á þar til gerð spjöld, er sýni allan launaútreikning stefnda. Um hver áramót hafi stefnandi síðan fengið uppgefið, hver laun hans voru undanfarið ár.

Niðurstaða.

Samkvæmt lögum nr. 46/1948 um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, 12. gr., svo og 21. gr. reglugerðar nr. 56/1953 þá skulu fiskmatsmenn vera einn eða fleiri í hverju frystihúsi.

Í samræmi við ákvæði þessi var ætíð starfandi fiskmatsmaður í frystihúsi stefnda. Er Þorfinnur Ísaksson lét af störfum sem fiskmatsmaður og verkstjóri um áramótin 1962/1963, þá var stefnandi ráðinn í hans stað hjá stefnda. Frá áramótum og til hausts 1963 sem fiskmatsmaður með undanþágu yfirfiskmatsmanns, en frá hausti 1963 með fullum réttindum matsmanns að afloknu fiskiðnaðarnámskeiði sjávarútvegsráðuneytisins, sbr. dskj. nr. 8, enn fremur tók hann að sér verkstjórn í frystihúsi stefnda.

Það mun orðið venja í frystihúsum um land allt, að fiskmatsmönnum sé jafnframt falið að gegna verkstjórn ásamt matsstarfanum, þó að ekki verði séð, að vel fari, að opinberir skoðunarmenn á hráefni því, er frystihúsin vinna, séu jafnframt háðir rekstraraðiljum þeirra sem sérstakir trúnaðarmenn. Heimild til þessa er að finna í erindisbréfi fyrir fiskmatsmenn frá 13. marz 1950, en þar segir, að heimilt sé, að matsmaður, sem hafi á hendi mat á freðfiski hjá frystihúsi, annist einnig önnur störf, svo sem verkstjórn eða annað, sem ekki bindi hann við fast verk, þannig að hann geti ekki fylgzt með allri vinnslunni.

Dómurinn lítur svo á, að aðalstarf stefnanda hjá frystihúsi stefnda hafi verið fiskmatsmannsstarfinn, enda stefnda ekki heimilt, samanber ofangreind ákvæði laga og reglugerðar, að starfrækja frystihúsið án slíks starfsmanns. Fyrir matsmannsstarfann hlaut stefndi að greiða stefnanda laun í samræmi við 9. gr. áðurgreinds erindisbréfs um fiskmatsmenn, en þar segir, að fyrir matið greiði atvinnurekandi þóknun, sem nemi 20% af gildandi verkamanna-

kaupi á hverjum stað, miðað við 25 átta stunda vinnudaga í mánuði.

Kemur þá til álita, hvaða endurgjald stefnanda beri fyrir verkstjórn jafnframt fiskmatsmannsstarfinu, en verkstjórn hafði hann á hendi í frystihúsi stefnda frá því í ársbyrjun 1963 til 1. júlí 1971.

Stefnandi gerir kröfu til þess, að viðurkennt verði, að honum hafi borið endurgjald fyrir þann starfa á tímabilinu frá ársbyrjun 1964 til 1. júlí 1971 í samræmi við samninga Verkstjórasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 20. bebrúar 1962 og 17. apríl 1970.

Í samningum frá 20. febrúar 1962 segir í 9. gr., að Verkstjórasambandinu sé heimilt að setja kauptaxta fyrir þá verkstjóra, sem ráðnir eru með tímakaupi, og verði slíkur kauptaxti settur, skal Vinnumálasambandinu skylt að mæla með því, að félagsmenn þess fylgi honum, enda verði lágmarkskaupið ekki ákveðið hærra en 30% yfir lágmarkskaup (lægsta taxta) fullgildra verkamanna á staðnum, eins og það er á hverjum tíma, og hámark ekki yfir 50%, nema um sérstaklega umfangsmikla verkstjórn sé að ræða. Efnislega sömu ákvæði er að finna í samningi sömu aðilja frá 17. apríl 1970, þó að því viðbættu, að eftir tveggja ára starf þá skuli verkstjóri fá 5% launahækkun.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að þessi ákvæði samninganna eigi ekki við um tilvik það, er hér er til úrlausnar, heldur komi til ákvæði 7. gr. beggja samninganna, en þar ræðir í 1. mgr. um forgangsrétt meðlima Verkstjórasambandsins til vinnu hjá meðlimum Vinnumálasambandsins, en síðan segir í 2. mgr.: „Forgangsréttur þessi skal þó einungis gilda um þá verkstjórn við almenna verkamannavinnu, sem unnin er a. m. k. þrjá mánuði samfleytt. Vinnuveitendum skal ætíð heimilt að fela matsmönnum afurða og iðnlærðum mönnum verkstjórn hverjum í sinni grein, án þess að ákvæði þessarar greinar eða önnur ákvæði samnings þessa nái til þeirrar verkstjórnar."

Af þessu er ljóst, að ákvæði samninganna eiga ekki við um það tilvik, sem um er deilt í máli þessu, þ. e. um endurgjald fyrir verkstjórn til matsmanns afurða. Verður því að leggja til grundvallar samninga aðiljanna sjálfra um þetta atriði. Stefnandi hefur í aðiljaskýrslu fyrir dómi þann 8. september s.l. skýrt svo frá, að um haustið 1963 hafi hann gert þær kaupkröfur til stefnanda að fá 40% umfram almennan verkamannataxta sem laun fyrir störf

sín við frystihúsið og hafi fyrirsvarsmaður stefnda, Guðröður Jónsson, samþykkt það.

Enn fremur skýrði stefnandi svo frá, að á þeim tíma, er hann starfaði hjá frystihúsi stefnda, hafi hvorki hann né fyrirsvarsmenn stefnda orðað kröfur í þá átt, að launakjör breyttust. Guðröður Jónsson, kaupfélagsstjóri Kaupfélagsins Fram, eiganda frystihússins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi 8. september s.l., að er stefnandi hóf störf hjá frystihúsinu, þá hafi svo um talazt þeirra í milli, að fyrir störf sín hjá frystihúsinu fengi stefnandi greidd 40% umfram almennt verkamannakaup auk hins almenna taxta, eða sömu kjör og fyrrverandi matsmaður og verkstjóri hafði haft. Segir Guðröður enn fremur, að allan starfstímann hafi aldrei verið um það rætt, að launakjör breyttust, hvorki af hálfu stefnanda né frystihússins. Ekki er ágreiningur með aðiljum um, að stefnandi hafi fengið greidd 40% umfram almennt verkamannakaup á hverjum tíma allan starfstíma sinn hjá frystihúsinu.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnandi hafi fengið greidda rétta þóknun fyrir fiskmatsstarfa sinn hjá stefnda, eða 20% álag í samræmi við 9. gr. erindisbréfsins um fiskmatsmenn að viðbættri umsaminni þóknun fyrir verkstjórnina, þannig að í heild hafi stefndi greitt stefnanda 40% álag á almennt verkamannakaup fyrir starfa sinn sem fiskmatsmaður og verkstjóri í frystihúsi stefnda, svo sem um var samið á árinu 1963.

Úrslit máls þessa verða því þau, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Böðvar Bragason bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélagið Fram í Neskaupstað, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Karls Jörgensens, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. nóvember 1973.

Nr. 151/1973: **Magnús Thorlacius**
gegn
Árna Guðjónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hina kærðu ákvörðun hafa gert stjórnarmenn Lögmannafélags Íslands, hæstaréttarlögmennirnir Páll S. Pálsson, Jóhannes L. L. Helgason, Sveinn H. Valdimarsson og Skúli Pálsson héraðsdómslögmaður.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. október 1973, er Hæstarétti barst 19. s. m. Kærir sóknaraðili „til breytingar úrskurð" stjórnar Lögmannafélags Íslands „í kærumálinu: Magnús Thorlacius gegn Árna Guðjónssyni, uppkveðinn" 26. september 1973.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Á fundi stjórnar Lögmannafélags Íslands 26. september 1973 var gerð svohljóðandi bókun:

„Eins og máli þessu er nú komið, þykir stjórninni ekki vera ástæða til frekari aðgerða í því. Verður þetta tilkynnt aðiljum málsins."

Þegar virt er forsaga 4. málsgr. 8. gr. laga nr. 61/1942, ber að skýra það ákvæði svo, að kæruheimild sé einungis í höndum þess, er sætir viðurlögum samkvæmt 3. málsgr. Samkvæmt því brestur sóknaraðilja heimild til að kæra mál þetta, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 7. nóvember 1973.

Nr. 104/1971: **Þórir Jónsson, Jón Sen og Pétur Pétursson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Albert Sigurðssyni
(Jóhann Steinason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds.

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1971. Krefjast þeir þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 11.500.00 með 8% ársvöxtum frá 27. júní 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur, sem var skipaður sérfróðum meðdómendum, fór á vettvang og skoðaði verk stefnda. Hefur niðurstöðu hans eigi verið hnekkt. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Þórir Jónsson, Jón Sen og Pétur Pétursson, greiði stefnda, Albert Sigurðssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1971.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með sáttakæru, birtri 2. október 1969. Málið var munnlega flutt 26. maí s.l. og dómtekið að því loknu.

Stefnendur málsins eru Þórir Jónsson, til heimilis að Miklubraut 40, Jón Sen, til heimilis að Miklubraut 40, Pétur Pétursson til heimilis að Suðurgötu 14, allir í Reykjavík, f. h. húseignarinnar nr. 40 við Miklubraut.

Stefndi er Albert Sigurðsson, til heimilis að Tunguvegi 38, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 11.500.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 27. júní 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, þar með talinn matskostnaður.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Í greinargerð stefnenda segir svo: „Málavextir eru þeir, að í júnímánuði s.l. (1969) tók stefndi að sér ýmsar lagfæringar við húsið nr. 40 við Miklubraut, Reykjavík. Seinni hluta júnímánaðar hafði umbj. m. greitt honum kr. 11.500.00 upp í verkið, sbr. dskj. nr. 4.—5. Krafði þá stefndi umbj. m. um frekari greiðslu, að öðrum kosti kvaðst hann hætta við verkið. Er umbj. m. fór að athuga verkið, komu í ljós á því ýmsir gallar. Þá hafði stefndi og skemmt tröppuhandrið á húsinu. Hinn 27. júní s.l. voru dómkvaddir af yfirborgardómaranum í Reykjavík tveir matsmenn til þess að meta verkið, sbr. dskj. nr. 6, þeir Árni Guðmundsson, múrarameistari, og Ólafur Pálsson, múrarameistari.

Matsgerð þeirra, dskj. nr. 7, er dags. 10. júlí s.l. (þ. e. 1969). Segir svo í matsgerðinni m. a.: „... öll vinna, sem þarna hefur verið framkvæmd, er unnin af fullkomnu kunnáttuleysi og er í öllu ófrágengin og því ekki meira virði en aukakostnaður við að setja upp handriðið að nýju, sem að okkar dómi hefur verið tekið niður að óþörfu. Ber því Albert Sigurðssyni engin greiðsla fyrir vinnu og engin greiðsla fyrir vinnu og efni við húsið Miklubraut 40."

Samkv. framansögðu er ljóst, að stefnda ber að greiða umbj. m. kr. 11.500.00, dskj. nr. 4.—5, er þeir hafa greitt honum fyrir verkið, sem hefur reynzt ónýtt."

Stefndi hefur gefið aðiljaskýrslu hér fyrir dómi. Hann kvaðst auglýsa í blöðum, að hann taki að sér hreingerningar og viðgerðir. Hann kvaðst ekki vera fagmaður, en telja sig hreingerningarmann.

Í aðiljaskýrslu segist stefndi hafa samið við Jón Sen um verkið og hafi samningar verið munnlegir. Stefndi kvaðst hafa unnið hjá Jóni Sen í nokkur ár við allra handa viðgerðir, m. a. málningarvinnu, flísalögn, hreingerningar o. fl. Því hafi Jón Sen vitað fullvel, að stefndi var ekki fagmaður. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvaða tímakaup hann hafði ætlað að áskilja sér fyrir umrætt verk, en reiknaði með því, að hann hafi ætlað að leggja til grundvallar taxta hreingerningarmanna auk 15% álags vegna snúninga, þar á meðal kostnað við bifreið. Hann kvaðst hafa haldið skrá yfir alla þá tíma, sem fóru í umrætt verk.

Stefndi sagði, að í umrætt sinn hafi hann verið beðinn um að steypa í kringum og laga rennur hússins að Miklubraut 40, sem þá voru teknar að brotna. Enn fremur minnti stefnda, að hann hafi átt að gera við leka á þaki, en um asbestþak hafi verið að ræða. Kvaðst hann hafa átt að gera við þakrennur, eins og þörf var á, en stefndi sagði, að sú þörf hafi ekki verið fyrir hendi nema á suðurhlið og suðvesturhorni, að hann hélt.

Í öðru lagi kvaðst stefndi hafa átt að laga handrið á tröppum, en tvö rimlahandrið hafi verið þarna. Hafi hann átt að setja plastlista á handriðin í stað trés, sem var þar fyrir. Stefndi kvað það rétt vera, að stefnendur hafi tekið það fram við sig, að sem minnst ætti að gera við handriðin annað en að koma plastinu á.

Í þriðja lagi kvaðst stefndi hafa átt að slá upp og steypa og ganga frá neðstu útidyratröppu hússins.

Í fjórða lagi kvaðst stefndi hafa átt að steypa plan undir öskutunnur, en gamalt og sprungið plan hafi verið þar fyrir.

Stefndi sagði, að verkið hefði gengið ágætlega og hafi sonur sinn 17 ára hjálpað sér til við verkið.

Stefndi sagði, að er hann hafi tekið tréð af handriðunum, hafi komið í ljós, að járnið, sem hélt „pílárunum“ saman, hafi verið gersamlega ónýtt af ryðbruna. Kvaðst stefndi hafa rifið handriðin af og hugsað sér að láta sjóða þau saman og steypa þau niður að nýju og undirbúa handriðin þannig, að unnt væri að setja plastborðana á. Kvaðst stefndi hafa þekkt mann, sem hann vissi, að mundi gera þetta fyrir lítið. Stefnendur hafa orðið óánægðir með þetta og ekki talið þörf á, að handriðin væru rifin frá. Hafi aðallega Jón Sen og Þórir farið fram á það við hann út af þessu, að stefndi lyki við verkið án þess að fá frekari greiðslur en hann hafði þá þegar fengið. Á þessum tíma kvaðst hann halda, að hann hafi verið búinn að fá kr. 11.500.00 upp í vinnulaun og efni. Hins vegar taldi stefndi sig þá vera búinn að vinna fyrir meiru en því,

sem framangreindri upphæð nam. Af þessum sökum taldi stefndi, að verið gæti, að hann hefði krafið stefnendur á svipuðum tíma um frekari greiðslur og það hefði valdið því, að stefnendur báru fyrir sig, að handriðin hefðu verið tekin af að ófyrirsynju.

Samkvæmt framanritðuðu hætti stefndi við verkið, og samkvæmt aðiljaskýrslu stefnda hafði þá þetta verið gert:

Hann kvaðst hafa byrjað á því að sópa niður allt þakið og hreinsa upp úr rennunum. Því næst hafi hann verið búinn að brjóta upp úr rennunum á suðurhliðinni og leggja borð á þau og fylla það upp. Fínpússningin (sic) hafi hins vegar verið eftir. Planinu undir öskutunnunum hafi verið lokið að fullu, sömuleiðis útidyratröppunni að öðru leyti en því, að eftir var að draga í hana.

Stefnandi Jón Sen hefur gefið aðiljaskýrslu hér fyrir dómi. Kemur hún að öllu verulegu heim við skýrslu stefnda hér að ofan um umfang verk þess, sem vinna átti. Stefnandi Jón Sen sagði, að stefndi hefði unnið hjá sér áður, þ. e. í íbúð sinni að Miklubraut 40, við hreingerningar og ýmislegt annað, eftir því sem til féll og þurfti að gera í íbúðinni. Hann kvaðst fyrst hafa kynnzt stefnda þannig, að stefndi hafi auglýst hreingerningar og fleira í dagblaði einu. Kvaðst hann hafa vitað af fyrri reynzlu, að stefndi hafi tekið taxta hreingerningarmanna fyrir slík verk. Kvaðst stefnandi Jón Sen hafa vitað, að stefndi var ekki lærður múrari.

Er að því kom, að gera þurfti við húsið, kvaðst stefnandi Jón Sen hafa haft samband við stefnda og ráðið hann til verksins. Hafi stefndi tekið það að sér. Ekkert hafi verið minnzt á greiðslur í því sambandi, engir skriflegir samningar verið gerðir, en sjálfur kvaðst stefnandi Jón Sen hafa gert ráð fyrir því og miðað við fyrri reynslu, að stefndi mundi taka kaup hreingerningarmanna.

Stefnandi Jón Sen var spurður um tildrög þess, að stefndi lauk ekki verkinu. Síðan er bókað eftir honum: „Mætti nefnir aðallega þessar ástæður og tekur fram, að þær hafi verið allar meira og minna samverkandi: Í fyrsta lagi kveðst mætti hafa beðið hann um að setja plastlista á bæði handriðin á útidyratröppunum í stað trélista, sem þá var orðinn fúinn. Vegna þess að plastið fékkst ekki nema í ákveðnum breiddum, hafi stefndi verið beðinn að setja breiðara járn á pílárana og skrúfa þá ofan í járnið, sem var fyrir. Í stað þess að gera það hafi stefndi rifið handriðið af og brotið upp úr steypufestingunum. Þeim stefnendum hafi ekki litizt á þessar aðfarir. Í öðru lagi nefnir mætti, að stefndi hafi átt að steypa plan undir öskutunnur og verið búinn að því, en skömmu

síðar hafi rignt mikið, þannig að sú vinna varð ónýt. Í þriðja lagi hafi mætti um þetta leyti gefið til kynna, að verkið mundi kosta miklu meira heldur en þeir stefnendur hafi áætlað. Kvaðst þó mætti ekki muna, hvaða upphæð stefndi nefndi í því sambandi. Á þessum tíma hafi stefnendur verið búnir að greiða stefnda kr. 11.500.00 upp í verkið, en mætti tekur fram, að efniskostnaður hafi þá verið hverfandi lítill. Mætti segir, að þeir stefnendur hafi ekki talið áðurnefndar kr. 11.500.00 lokatölur, en mætti kveðst þó ekki muna, við hvaða fjárhæð stefnendur hafi miðað sína áætlun.

Segir mætti, að þegar allt það, sem að framan er ritað, hafi komið á svipuðum tíma, hafi þeir stefnendur farið að verða hræddir við stefnda og því hafi það gerzt, að þeir hafi látið hann hætta."

Stefnandi Þórir Jónsson hefur gefið aðiljaskýrslu hér fyrir dómi. Í skýrslu hans kemur fram sambærileg lýsing á umræddri verkbeiðni, eins og að ofan er lýst.

Varðandi handriðin sagði stefnandi Þórir, að stefndi hafi tekið þau í burt og í því sambandi brotið úr steinveggjum, það hafi hann alls ekki átt að gera, heldur hafi hann átt að setja nýtt plast á þau.

Hann sagði, að eigendur hússins hefðu greitt stefnda kr. 11.500.00 fyrir verkið, sem þá var eigi lokið. Stefndi hafi tjáð þeim, að hann gæti ekki haldið verkinu áfram, fyrr en hann fengi frekari greiðslur. Hafi eigendur þá farið að kynna sér verkið og talið, að í ljós hefðu komið ýmsir gallar á því og beinlínis skemmdir.

2.2. Þann 27. júní 1969 voru útnefndir tveir matsmenn á bæjarþingi Reykjavíkur til að meta galla á umræddu verki og kostnað við úrbætur. Matsmenn skiluðu matsgerð, dags. 10. júní 1969, og er niðurstöðu matsgerðarinnar getið í *2.1.*

Matsmenn hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina.

Í vitnaskýrslu matsmannsins Árna Guðmundssonar segir, að viðgerð á steinrennum á þaki hússins hafi verið ófullkomin að öllum frágangi að hálfu stefnda. Sagði vitnið, að rennur hússins hafi verið orðnar úr sér gengnar sakir veðrunar. Stefndi hafi tekið að sér að höggva þær niður, eftir því sem þurfti, og steypa þær að nýju. Sagði vitnið, að stefndi hafi hvorki höggvið nægjanlega né hreinsað undir steypuna og því hafi frágangur verið gallaður, en auk þess hafi stefndi ekki lokið verkinu að fullu.

Varðandi planið undir öskutunnurnar sagði vitnið, að það plan, sem fyrir hafi verið, hafi verið sigið og hafi stefndi átt að leggja

í planið að nýju og fá halla þannig, að unnt væri að þrífa það. Frágangurinn á þessu hafi verið mjög ófullkominn af hálfu stefnda. Steypan hafi verið laus og ekki pússuð á eðlilegan hátt.

Varðandi neðstu útidyratröppuna gerði vitnið ráð fyrir því, að tröppur hússins hafi verið steyptar, áður en hæð götu var endanlega ákveðin. Síðan hafi hæðarpunktar breytzt við gatnagerð og þar af leiðandi orðið þörf fyrir nýja tröppu. Vitnið kvaðst ráma í, að ekki hafi verið búið að slá frá mótum að framan af fyrrgreindri útidyratröppu.

Matsmaðurinn Ólafur H. Pálsson hefur gefið vitnaskýrslu hér fyrir dóminum. Vitnaframburður hans kom heim og saman við framburð Árna hér að framan.

Vitnið Ólafur sagði, að stefndi hafi aðeins verið búinn að steypa smápart af rennunum. Viðgerð á þakrennum sé venjulega framkvæmd með þeim hætti, að fyrst sé höggvið og hreinsað og síðan sé lagt í alla rennuna í einu. Viðgerð stefnda á þakrennunum hafi verið einskis virði og sama og ógerð.

Neðsta trappan hafi verið ópússuð. Stefndi hafi átt að pússa á ákveðnum tíma, eftir að lagt var í tröppuna, en það hafi hann ekki gert. Vitnið kvaðst halda, að rétt sé, að ekki hafi verið búið að slá frá tröppunni, eins og segir í skýrslu Árna. Vitnið sagði, að þetta væri í raun og veru eina verkið, sem kynni að vera einhvers virði, sem stefndi hafi framkvæmt.

Varðandi handriðin sagði vitnið, að stefndi hafi alls ekki mátt taka handriðin af. Aðferð stefnda hafi leitt til þess, að hann hafi orðið að brjóta úr veggjunum, sem hafi verið mikil vankunnátta af hans hálfu. Vitnið bætti því við, að ef „pílárarnir" hafi verið ryðgaðir í sundur eða því sem næst, þá hafi verið ólíkt betra að bora að nýju.

Vitnið kvaðst gera ráð fyrir því, að það tæki fagmenn ca. tvo daga að vinna með viðhlítandi hætti verk það, sem stefndi gerði. Vitnið kvaðst þeirrar skoðunar, að þegar til allra aðferða væri litið, þá hafi vinnuframlag stefnda verið einskis virði.

3.0.

3.1. Dómkröfur stefnenda eru reistar á tilvitnaðri matsgerð. Þeir telja sannað, að vinnuframlag stefnda hafi verið einskis virði, þegar til allra atriða sé litið. Því sé stefnda skylt að endurgreiða það fé, sem hann þegar hafi fengið greitt fyrir verkið.

Stefnendur benda sérstaklega á, að stefndi hafi auglýst í dagblöðum, að hann tæki að sér alls konar hreingerningar og við-

gerðir. Í skjóli réttindaleysis geti hann ekki skotið sér undan ábyrgð.

3.2. Stefndi hefur mótmælt matsgerðinni, talið sér hana óviðkomandi og bent á, að matsmenn hafi farið út fyrir matsbeiðnina.

Á það er jafnframt bent, að stefndi hafi verið ófaglærður verkamaður og að stefnendum hafi verið um það kunnugt. Sem slíkur hafi hann ráðizt í þjónustu stefnenda til vinnu undir stjórn þeirra og á þeirra ábyrgð. Verk það, sem stefndi hafi unnið, hafi verið margs konar og vandasamt og að nokkru hættulegt. Því hafi verið sanngjarnt, að stefndi hafi átt að fá allmiklu hærra tímakaup en venjulegt verkamannakaup.

Stefndi hefur áskilið sér rétt til þess að krefja stefnendur um eftirstöðvar kaups síns, annað hvort í þessu máli eða í sérstöku máli.

4.0.

4.1. Stefndi hefur lagt fram sundurliðaða vinnuskýrslu um verk það, sem hann hefur innt af höndum. Í henni kemur fram, að 120 vinnustundir hafa farið í umrætt verk. Stefndi hefur áskilið sér kr. 115.00 á útselda vinnustund auk 15% álags fyrir kostnað við bifreið og verkfæri, eða alls kr. 15.887.00 fyrir verk það, sem hann nú hefur af höndum reitt. Auk þessa hefur stefndi lagt fram efnisnótur að fjárhæð kr. 845.00. Eins og áður er getið, hefur stefndi þegar fengið greiddar kr. 11.500.00 upp í kröfu sína.

Í máli þessu er eigi deilt um réttmæti þess, að stefnda var vikið frá verkinu né bótakröfur af því tilefni.

Dómendur hafa gengið á vettvang og skoðað vegsummerki.

Umrætt verk er að vísu ekki af sérfræðikunnáttu af hendi leyst, en kemur þó að gagni.

Við úrlausn þess, hvort endurgjaldskrafa stefnenda komi til álita, verður að líta til þess, hvort umrætt verk var gallað. Gögn málsins veita nægar líkur fyrir því, að verkbeiðnin takmarkaðist við ýmsar minni háttar og kostnaðarlitlar lagfæringar. Stefnendum var auk þess um það kunnugt, að stefndi hafði ekki iðnréttindi, og þeir sýnast hafa gengið út frá því, að stefndi mundi áskilja sér nokkru minni greiðslu en búast mátti við af kunnáttumanni, eins og kom á daginn.

Umrædd handrið voru tekin niður að ófyrirsynju. Tjón af þeim sökum er þó smávægilegt.

Þegar allt er virt, þá verður ekki á það fallizt, eins og hér stendur á, að umrætt verk hafi verið svo gallað eða á annan hátt

verið svo slælega af hendi leyst, að endurgjaldskrafa verði á því reist.

Þegar til þess er litið, að stefndi hefur nú fengið greiddar aðeins kr. 11.500.00, þar af kr. 845.00 fyrir útlagðan efniskostnað, þá verður ekki fullyrt, að það endurgjald, sem stefndi hefur þannig fengið greitt, sé ósanngjarnt miðað við framlag það, sem í verkinu felst.

Samkvæmt ofanritðuðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Rétt þykir, að stefnendur greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson borgardómari ásamt meðdómsmönnunum Ásmundi Ólasyni byggingameistara og Vilhjálmi Þorlákssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Albert Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Þóris Jónssonar, Jóns Sen og Péturs Pétursonar f. h. húseignarinnar að Miklubraut 40, Reykjavík, í máli þessu.

Stefnendur, Þórir Jónsson, Jón Sen og Pétur Pétursson f. h. húseignarinnar að Miklubraut 40, greiði stefnda, Albert Sigurðssyni, kr. 5.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1973.

Nr. 19/1972: **Ingólfur Ingvarsson, Guðrún Auðunsdóttir, Ólafur Auðunsson, Leifur Auðunsson, Hafsteinn Auðunsson, Ingigerður Auðunsdóttir, Háldán Auðunsson, Margrét Auðunsdóttir, Konráð Auðunsson, Valdemar Auðunsson, Ögmundur Kristófersson, Vigdís Kristófersdóttir, Kristjana Kristófersdóttir og dánarbú Þorbjargar Kristófersdóttur, eigendur jarðanna Neðra-Dals I og II,**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Vegagerð ríkisins

og gagnsök

(Kristinn Ólafsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 7. febrúar 1972. Krefjast þeir þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 144.607.46 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 56.315.00 frá 1. janúar 1964 til greiðsludags, af kr. 7.776.16 frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, af kr. 42.756.60 frá 1. janúar 1967 til greiðsludags, af kr. 7.636.00 frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og af kr. 30.122.70 frá 1. janúar 1969 til greiðsludags. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. febrúar 1972. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi lækkunar á kröfum aðaláfrýjenda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Sakarefni er rækilega rakið í héraðsdómi.

Í máli þessu krefja aðaláfrýjendur um bætur fyrir möl og grjót, er gagnáfrýjandi hafi látið taka í óskiptu landi jarðanna Neðra-Dals I og II á árunum 1949 til 1969 að báðum árum meðtöldum.

Í undirmatsgerð frá 28. desember 1966 er talið, að gagnáfrýjandi hafi á árunum 1949 til 1964 látið taka alls 11.300 m^3 af grjóti. Þá hafi hann á árinu 1959 til 1963 látið taka þarna alls 12.700 m^3 af möl. Mátu undirmatsmenn jarðefni þessi til verðs, kr. 1.50 hvern teningsmeter af grjóti og kr. 2.00 hvern teningsmeter af möl. Tekið er fram, að matið sé miðað við árið 1964. Þá segir í matsgerðinni: „Þurfi matið að grípa aftur í tímann, er rétt að haga því í samræmi við verðgildi krónunnar. Hið sama gildir um framtíðina frá árinu 1964 að telja, nema ef eitthvað nýtt viðhorf skapast vegna óvænts markaðar á möl og grjóti, sem réttlæti endurskoðun á máli þessu".

Undirmati þessu var skotið til yfirmats. Í yfirmatsgerðinni, sem dagsett er 5. júlí 1968, segja yfirmatsmenn, að þeir meti verðmæti hvers rúmmeters af móbergsmöl á kr. 5.00 og miðist „það mat við árið 1967 og meðalbyggingarvísitölu þess árs". Samkvæmt meðalbyggingarvísitölu ársins 1966 sé „fjárhæðin þá kr. 4.70 pr. m^3 það ár, kr. 3.94 pr. m^3 árið 1965 og kr. 3.50 pr. m^3 1964". Á sama hátt meta yfirmatsmennirnir verðmæti grjóts þess, sem tekið hafði verið, kr. 1.50 hvern rúmmeter, „og er þá einnig miðað við meðalbyggingarvísitölu ársins 1967. Samkvæmt því yrði rúmmeterinn 1966 kr. 1.41, árið 1965 kr. 1.18 og árið 1964 kr. 1.05". Enn taka yfirmatsmennirnir fram, að þeir telji byggingarvísitölu réttastan mælikvarða á verðlagsbreytingar á því sviði, er hér um ræðir. Telja þeir rétt, að verð á jarðefnum þessum hækki eða lækki í framtíðinni með hliðsjón af byggingarvísitölu á hverjum tíma. Sama gildi einnig um verð á því efni, sem tekið hafi verið fyrir árið 1964.

Fébætur þær, er aðaláfrýjendur sækja gagnáfrýjanda um greiðslu á í máli þessu, eru reistar á lagareglum um eignarnám, og fer um matsgerðir, er í málinu greinir, samkvæmt lögum nr. 61/1917, en eigi eftir lögum 11/1973, sbr. ákvæði 19. gr. síðastgreindra laga.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er yfirmatsgerð haldin ýmsum annmörkum. Í yfirmatsgerðinni frá 5. júlí 1968 er eigi leyst úr því, að hverju leyti aðstaða til efnistöku og nýtingarkostir jarðefnanna orki á fjárgildi þeirra, og eigi er það virt sem skyldi, hvort almennur markaður sé fyrir efni þessi, sbr. greinimark 10. gr. laga nr. 61/1917, er býður að miða mat við það gangverð, sem eign „mundi hafa í kaupum og sölum", sbr. og 59. gr. vegalaga nr. 71/1963, nú 59. gr. vegalaga nr. 23/1970, er beitir því greinimarki, hvort „landeigandi hafi beðið skaða" við jarðrask og eignarnám. Matið er og ranglega bundið við byggingarvísitölu, svo sem í héraðsdómi greinir. Með því að yfirmatsmenn hafa ekki gætt réttra matssjónarmiða við ákvörðun á eignarnámsbótum, er matsgerðin ekki viðhlítandi, og verður nýtt mat að fara fram samkvæmt 2. gr. laga nr. nr. 11/1973. Svo sem kröfum í málinu er háttað, er rétt, að matsmenn greini, ef þess er kostur, bótafjárhæð vegna malartöku árið 1963.

Samkvæmt framanrituðu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og frá og með þinghaldi 26. júlí 1971 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 26. júlí 1971 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Magnús Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um, að yfirmatsgerð frá 5. júlí 1968 sé ekki viðhlítandi vegna þeirra annmarka, sem á henni eru, og að rétt sé, að eignarnámsbætur

til handa aðaláfrýjendum samkvæmt X. kafla vegalaga nr. 71/1963, nú vegalaga nr. 23/1970, verði metnar að nýju. Samkvæmt þessu og þar sem málssókn aðaláfrýjenda er gagngert reist á nefndri yfirmatsgerð, sem gagnáfrýjandi er óbundinn af, er rétt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að vera svohljóðandi:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 30. f. m., höfðaði Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. eigenda jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. nóvember 1969, á hendur Vegagerð ríkisins til greiðslu á kr. 80.450.00 auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1964 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur gerðar, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til vara var þess krafizt, að fjárhæð stefnukröfunnar yrði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Hinn 5. maí 1971 höfðaði stefnandi framhaldssök í málinu. Gerði stefnandi þær dómkröfur í framhaldssök, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 88.292.46 auk 8% ársvaxta af kr. 7.776.16 frá 1. janúar 1966, af kr. 42.756.60 frá 1. janúar 1967, af kr. 7.636.00 frá 1. janúar 1968 og af kr. 30.122.70 frá 1. janúar 1969, í öllum tilvikum til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar í framhaldssök að skaðlausu að mati dómsins. Í framhaldsstefnu er því jafnframt lýst yfir, að krafa stefnanda í aðalsök lækki í kr. 56.315.00, en krafizt er vaxta og málskostnaðar sem fyrr.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í aðalsök og framhaldssök, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og

honum verði jafnframt dæmdur máskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til vara er þess krafizt, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Frá árinu 1949 hefur Vegagerð ríkisins tekið grjót úr Stampagili í landi jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi til framkvæmda, sem hún hefur haft með höndum. Frá árinu 1959 hefur Vegagerð ríkisins tekið jarðefni úr Fagrafelli í landi sömu jarðar sem ofaníburðarefni. Samkvæmt beiðni vegamálastjóra dómkvaddi sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu hinn 24. apríl 1965 tvo menn til að „meta til peningaverðs bætur fyrir landspjöll vegna efnistöku Vegagerðar ríkisins í svokölluðu Fagrafelli innan jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi." Með bréfi, dags. hinn 10. ágúst 1965, óskuðu landeigendur einnig eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta til peningaverðs jarðefni þau, sem tekin höfðu verið, o. fl.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Ásgeirs L. Jónssonar vatnsveitufræðings og Marteins Björnssonar verkfræðings, segir svo:

„Með dómkvaðningu sýslumanns Rangárvallasýslu þann 24. apríl 1965 var okkur undirrituðum falið samkvæmt beiðni vegamálastjóra, dags. 13. okt. 1964, „að meta til peningaverðs bætur fyrir landspjöll vegna efnistöku Vegagerðar ríkisins í svokölluðu Fagrafelli innan jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi."

. . . . . .

Eftir að haldnir höfðu verið fjórir fundir með málsaðiljum skrifuðum við sýslumanni Rangárvallasýslu og óskuðum eftir skýringu á því, hvað fælist í orðalagi dómkvaðningarinnar: „bætur fyrir landspjöll vegna efnistöku."

Svarið, sem okkur barst, var ný dómkvaðning, kveðin upp í aukadómþingi Rangárvallasýslu 16. ágúst 1965, þar sem okkur að beiðni umboðsmanns landeigenda Neðra-Dals, dags. 10. ágúst 1965, er falið *að:*

„1. Mæla svo sem unnt er það magn efnis, sem Vegagerð ríkisins hefur þegar tekið til ofaníburðar og annarra samgöngubóta úr landi jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi.
2. Meta það magn, sem greinir í 1. tölulið, til peningaverðs.

3. Meta til peningaverðs þau jarðefni, sem Vegagerð ríkisins kann eftirleiðis að taka úr nefndu landi til áðurgreindra afnota."

Samkvæmt okkar skilningi er hér um tvær matsbeiðnir að ræða: Þá fyrri frá Vegagerð ríkisins með eigendum Neðra-Dals sem matsþola, en hina síðari frá eigendum Neðra-Dals með Vegagerð ríkisins sem matsþola.

.....

Samkvæmt beiðni umboðsmanns landeigenda Neðra-Dals (sbr. dómkvaðningu 16. ágúst 1965) mældum við þ. 27. sept. 1965 rúmtak malar- og grjótnáms Vegagerðar ríkisins í Fagrafelli og Stampagili. Samkvæmt þessum mælingum reiknast okkur malarnámið í heild *12700* m^3, er verður að meðaltali 2540 m^3 á ári yfir tímabilið 1959 til 1963 að báðum árum meðtöldum, og grjótnámið *11300* m^3, er nemur að meðaltali um *700* m^3 á ári yfir tímabilið 1949 til 1964 að báðum árum meðtöldum. Ekki er vitað um hina raunverulegu efnistöku hvert einstakt ár, en líkur eru fyrir því, að hún sé nokkuð misjöfn, og þá sérstaklega hvað grjótnámið áhrærir.

Ágreiningi málsaðilja, sem komið hefur fram undir málsmeðferð, um hald sumra ákvæða vegalaga nr. 71/1963 gagnvart stjórnarskrá ríkisins vísum við frá sem okkar verkefni óviðkomandi.

Þar sem bæði málin, eins og að framan segir, hafa verið sótt og varin sameiginlega, þ. e. sem eitt mál væri, verður hér um þau fjallað sameiginlega, en matskostnaði haldið aðgreindum.

Matsatriði.

Málsaðilar hafa hvor um sig látið rannsaka sýnishorn af ofaníburðarefni frá Fagrafelli. Niðurstöðum rannsóknanna ber ekki nákvæmlega saman, sem að sjálfsögðu ber að rekja til mismunandi sýnishorna. Hér ber þó það lítið á milli, að ekki þótti ástæða til að láta óvilhallan fagmann velja sýnishorn til frekari rannsókna. Rannsóknirnar staðfesta sem sé þá reynslu, er þegar hefur fengizt, að ofaníburðarefnið úr Fagrafelli er gott bindiefni fyrir haldbetri ofaníburð, s. s. úr Markarfljótsaurum, en vantar slitþol eitt út af fyrir sig. Um þetta virðist ekki vera ágreiningur milli málsaðila.

Umrætt efni þykir ekki henta til annars en vegagerðar og hefur þess vegna ekki markaðsmöguleika á öðru sviði, að því er séð verður. Vegagerð ríkisins, sem annast alla opinbera vegi, er þar með eini notandi þessa efnis. Í einkavegi („heimreiðir"), sem

eru mest 200 m að lengd, verður þetta efni ekki sótt langar leiðir.

Á stóru svæði hefur Vegagerð ríkisins ekki aðgang að góðu bindiefni í slitlag veganna nema í Fagrafelli og fáum stöðum öðrum undir Eyjafjöllum. Þetta bindiefni gefur margföldu efnismagni aukið verðmæti, hliðstætt sementi í steinsteypu. Hér er því tvímælalaust um verðmæti að ræða, sem almennt séð virðist ekki sanngjarnt að telja viðkomandi eigendum verðlaust, ef lagabókstafur ekki hamlar.

Efnistakan í Fagrafelli virðist hafa verið úr sem næst gróðurlausu brattlendi. Jarðraskið hefur því ekki valdið teljandi gróðurfarstjóni, og ekki hefur til þessa verið raskað ræktunarhæfu landi í námustæðinu. Hins vegar hafa orðið nokkur lýti á landinu, sem munu vara eitthvað lengur en efnistakan, en síðan lagast mikið af sjálfu sér á fáum árum án aðgerða. Ekki er líklegt, að sjálf malarnáman reynist búfénaði hættuleg eða valdi umferð um landið teljandi óþægindum. Þar sem efnistakan verður hér metin til verðs, þykir ekki rétt að reikna bætur fyrir jarðraskið sérstaklega, en ef svo bæri við, að ófyrirsjáanleg slys yrðu á skepnum í sambandi við námuna, þá verður Vegagerð ríkisins að sjálfsögðu skaðabótaskyld hverju sinni eftir málavöxtum.

Vegurinn að malarnámunni er mikið ágreiningsefni málsaðila. Vegagerð ríkisins telur veginn auka verðmæti Fagrafells, ef nokkurt sé, og þá sérstaklega landsins umhverfis og neðan við fellið. Landeigendur aftur á móti segja veginn vera sér einungis til tjóns, og ráðunautur þeirra, dr. Bjarni Helgason, telur hættu á vaxandi jarðvegseyðingu vegna þessarar vegagerðar.

Vegur þessi liggur á alllöngum kafla meðfram fornum lækjarfarvegum, og er þar naumast breytinga að vænta. Að öðru leyti hefur vegagerðin gert skurð eða pælu meðfram veginum, sem á pörtum hefur grafið sig niður á fast, enda er jarðvegur þarna víðast grunnur. Að sjálfsögðu hafa nokkur landspjöll orði á gróðurlendinu vegna vegarins, og ekki verður synjað fyrir, að þau kunni að aukast.

Í niðurlagi 59. gr. gildandi vegalaga stendur svo: „Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.“ Samkvæmt þessu lagafyrirmæli eiga landeigendur að vera tryggðir gegn landskemmdum, s. s. uppblæstri, eins og verða kann á hverjum tíma. Hér kemur því ekki til mála að meta aðrar skemmdir en þegar eru orðnar.

Þá kemur til álita, hvort vegurinn sé til nokkurs gagns fyrir

landeigendur. Til þess að malarnáman nýtist, þarf veg. Sá vegarkostnaður gerir malartökuna óhagstæðari, það er: lækkar malarverð, miðað við að vegarins hefði ekki þurft með.

Bréf Ingólfs Ingvarssonar (málsskjal nr. 9) upplýsir, að hann hefur hafið ræktun við rætur Fagrafells og lagt veg að fjárhúsi, sem er þar skammt frá, áður en Vegagerð ríkisins hóf grjót- og malarnám á þessum slóðum. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Verður því að álíta, að eigendur Neðra-Dals hafi verið búnir að fullnægja sinni búsþörf fyrir veg á þessum stað um ófyrirsjáanlegan tíma. Hins vegar mun Vegagerð ríkisins halda veginum við, og er réttmætt að taka tillit til þess.

Þar sem grjótnámið er, virðist yfirborð jarðar hafa verið lítt grónir flagmóar, að því er séð verður, sem sé magur jarðvegur, en væntanlega ræktanlegur.

Um grjótnámið er svipað að segja og um malarnámið. Grjótið hefur einungis verið notað af því opinbera til styrktar vatnsvarnargörðum á vatnasvæði Markarfljóts. Það er dýrt í vinnslu og því ólíkleg söluvara til annarra afnota en verið hefur. Eins og fyrr segir, reiknast okkur grjóttakan nema alls *11300* m^3, eða að meðaltali um *700* m^3 á ári yfir tímabilið 1949 til 1964 að báðum árum meðtöldum.

Niðurstöður.

Sambærilega hliðstæðu, er nota megi sem fyrirmynd að mati þessu, hefur hvorugur málsaðili bent á, og matsmönnum hefur heldur ekki tekizt að afla þeirra. Hér verður því tiltækilegast að hafa hliðsjón af landverði jarða og meta landeigendum tiltölulega ríflega þóknun fyrir efnistökuna eftir þeirri sígildu reglu, að einstaklingar, sem færa verða fórn fyrir þjóðfélagið eða hið opinbera, fái eftir málavöxtum hluta sinn ríflega greiddan, án þess að um auðgunarfyrirbæri sé að ræða.

Á þessum forsendum þykir rétt að meta:

malarnámið á kr. 2.00 rúmmetrann og
grjótnámið á kr. 1.500 rúmmetrann.

Mat þetta miðast við árið 1964. Þurfi matið að grípa aftur í tímann, er rétt að hagga því í samræmi við verðgildi krónunnar. Hið sama gildir um framtíðina frá árinu 1964 að telja, nema ef nýtt viðhorf skapast vegna óvænts markaðar á möl og grjóti, sem réttlæti endurskoðun á mati þessu“

Með bréfi, dags. hinn 24. janúar 1967, fór vegamálastjórinn fram á það við sýslumanninn í Rangárvallasýslu, að dómkvaddir yrðu þrír menn til að framkvæma yfirmat. Hinn 27. janúar 1967 fóru eigendur jarðarinnar Neðra-Dals einnig fram á það, að dómkvaddir yrðu þrír menn til að framkvæma yfirmat. Í matsgerð hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, Árna Jónassonar bónda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns og Ögmundar Jónssonar verkfræðings, sem dagsett er hinn 5. júlí 1968, segir svo:

„Eins og fram kemur hér á undan, leggur Vegagerð ríkisins áherzlu á það, að yfirmatsgerðin verði sundurliðuð vegna fyrningar, enda viðurkenni Vegagerðin aðeins skaðbótakröfur, er fram komi innan árs, frá því að efnistaka er framkvæmd, samanb. 63. gr. vegalaga nr. 71 frá 1963. Einnig óskar Vegagerðin sérstaklega eftir sundurliðun á efnistöku í Stampagili, þar sem Vegagerðin telur sig hafa haft fullt samþykki landeigenda fyrir grjótnáminu þar fram að þeim tíma, er matsbeiðnin kom fram. Lögmaður matsþola bendir hins vegar á, að ekki sé mögulegt að sundurliða efnistökuna með hliðsjón af fyrningu, þar sem Vegamálastjórnin hafi ekki hirt um að tilgreina, hve mikið hefur verið tekið af efni eða hve mikið jarðrask hefur farið fram ár hvert, frá því að takan og jarðraskið byrjuðu. Það sé þannig sök starfsmanna ríkisins, að ekki sé hægt að fullnægja kröfum þeim um sundurliðun í sambandi við fyrningu, sem Vegagerðin fari nú fram á. Auk þess mótmælir lögmaðurinn, að 63. gr. vegalaga eigi hér við, bæði vegna þess, að hún sé andstæð ákvæðum stjórnarskrár Íslands um friðhelgi eignarréttarins, og einnig vegna þess, að enginn viti, hvenær hluti krafna matsþola kann að vera fyrndur, þótt fyrning í þessu falli hefði við rök að styðjast. Einnig mótmælir lögmaður matsþola, að samþykki landeigenda hafi legið til töku efnisins úr Stampagili, og telur engar sannanir liggja fyrir um það í málinu, að slíkt samþykki hafi nokkru sinni verið gefið. Og þótt Auðunn í Dalseli kunni að hafa gefið slíkt samþykki, þá muni hann sjálfur að sjálfsögðu hafa gert það í þeirri fullu vissu, að séð mundi verða fyrir greiðslu til hans fyrir efni það, sem Vegagerðin kynni að taka úr landinu.

Í matsgerð undirmatsmanna er tekið fram, að ekki sé vitað um hina raunverulegu efnistöku hvert einstakt ár, en líkur séu fyrir því, að hún sé nokkuð misjöfn og þá sérstaklega að því er grjótnámið áhrærir. Ekki hefur þetta atriði verið upplýst frekar fyrir yfirmatsmönnum en var gert fyrir undirmatsmönnum. Yfirmatsmenn líta svo á, að ekki sé unnt að taka kröfu Vegagerðarinn-

ar um sundurliðun vegna fyrningar til greina, enda óupplýst með öllu í máli þessu, hvenær efnistaka sú var framkvæmd, sem hér um ræðir. Gegn mótmælum matsþola er það einnig ósannað í málinu, að Vegagerðin hafi haft samþykki landeigenda til töku efnisins úr Stampagili og ósannað, að slík efnistaka mætti fara fram um ótiltekinn tíma ókeypis. Samkvæmt þessu munu yfirmatsmenn líta á kröfur matsþola í máli þessu sem ófyrndar, er matsbeiðnin kom fram, og framkvæma matið á þeim grundvelli.

Þá hefur Vegagerð ríkisins óskað sérstakega eftir því, að fullkomlega væri aðgreint milli tjóns vegna landspjalla og jarðrasks annars vegar og verðmætis efnisins hins vegar. Yfirmatsmenn líta svo á, að allri efnistöku eins og þeirri, sem hér um ræðir, fylgi óhjákvæmilegt jarðrask. Efnistakan í Fagrafelli og Stampagili hefur verið gerð úr gróðurlitlu landi. Efnistaka þessi hefur því ekki enn sem komið er valdið tjóni á ræktuðu landi eða ræktunarhæfu landi. Samkvæmt þessu munu yfirmatsmenn í þessari matsgerð meta verðmæti efnisins, sem tekið hefur verið úr Fagrafelli og Stampagili, en ekki meta matsþola sérstaklega bætur fyrir jarðrask það, sem efnistökunni fylgir.

Að því er varðar afleggjara þann að malarnámunni, sem Vegagerðin hefur látið gera, þá líta yfirmatsmenn svo á, að vegur þessi sé óhjákvæmilegur vegna umræddrar efnistöku. Ekki er sjáanlegt, að vegur þessi komi landeigendum að nokkru gagni, og verður því kostnaður við vegagerð þessa ekki látinn hafa áhrif á úrslit matsins.

Með hliðsjón af framangreindu verður kostnaður vegna mats á einstökum liðum ekki sundurgreindur. Yfirmatsmenn líta svo á, að efni það, sem hér um ræðir í Stampagili og Fagrafelli, sé eignarrétti undirorpið í merkingu stjórnarskrárinnar og þurfi matsþoli því ekki að sætta sig við það, að það sé tekið bótalaust. Ekki verði heldur fullyrt, að efni þetta sé eða verði verðlaust um alla framtíð.

Viðurkennt er í máli þessu, að á svæðinu umhverfis Markarfljót í Rangárvallasýslu sé gnægð af sterkri blágrýtismöl, sem hafi mikinn slitstyrkleika og sé því hentug sem ofaníburðarefni, en skorti hins vegar tilfinnanlega bindiefni. Efni það, sem tekið hefir verið úr Fagrafelli, hentar vel sem bindiefni í hinni sterku blágrýtismöl á þessu svæði og gefur góða áferð. Yfirmatsmenn hafa ekið eftir og skoðað veg þann, sem bindiefni þetta er notað í, og er hann að þeirra áliti betri en hann annars mundi vera, eins og nærliggjandi vegir sýna, því bindiefnið treðst ágætlega og lítið virðist

rjúka úr því. Auk þess sem vegur þessi er þannig betri en hann annars mundi vera, ef bindiefni þetta væri ekki notað, þá er einnig líklegt, að viðhaldskostnaður hans verði minni en ella.

Nærtækt efni, sem hefir mikinn slitstyrkleika, er þannig hægt að nota, ef efninu úr Fagrafelli er blandað saman við það.

Ef efni þetta væri ekki fyrir hendi, yrði að flytja allan ofaníburð mun lengra að eða kosta til vinnslu á efni til þess að fá álíka gott slitlag á veginn og nú fæst með notkun efnisins úr Fagrafelli. Notkun þessa efnis sparar því flutningskostnað eða vinnslukostnað.

Þegar virt eru þau atriði, sem rakin hafa verið hér að framan, og sú vitneskja, sem yfirmatsmenn hafa um greiðslur fyrir jarðefni annars staðar, þá telja yfirmatsmenn hæfilegt að meta móbergið í Fagrafelli á kr. 5.00 pr. m^3, og miðast það mat við árið 1967 og meðalbyggingarvísitölu þess árs, sem er 2888. Samkvæmt meðalbyggingarvísitölu ársins 1966 er fjárhæðin þá kr. 4.70 pr. m^3 það ár, kr. 3.94 pr. m^3 árið 1965 og kr. 3.50 pr. m^3 1964.

Með hliðsjón af því, sem við á af framangreindu, telja yfirmatsmenn hæfilegt að meta grjótið úr Stampagili á kr. 1.50 pr. m^3, og er þá einnig miðað við meðalbyggingarvísitölu ársins 1967. Samkvæmt því yrði rúmmetrinn 1966 kr. 1.41, árið 1965 kr. 1.18 og árið 1964 kr. 1.05.

Yfirmatsmenn hafa hér að framan miðað við byggingarvísitölu, enda telja þeir hana réttastan mælikvarða á verðlagsbreytingar á þessu sviði. Samkvæmt því telja yfirmatsmenn rétt, að verð á framangreindum jarðefnum hækki eða lækki í framtíðinni með hliðsjón af byggingarvísitölu á hverjum tíma. Sama gildir um verð á efni því, sem tekið hefir verið fyrir 1964.

Umboðsmenn beggja aðila hafa tekið fram, að þeir óski ekki eftir nýjum mælingum á magni þess efnis, sem Vegagerð ríkisins hefir tekið úr landi jarðarinnar Neðra-Dals.

Umboðsmaður matsþola (eigenda Neðra-Dals) hefir krafizt þóknunar til sín vegna hagsmunagæzlu við matið.

Þar sem matsþolandi á samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar að fá fullar bætur fyrir eign sína, sbr. og 59. gr. vegalaga, 1. mgr., ber Vegagerð ríkisins að greiða allan kostnað af yfirmatinu, þ. á m. þóknun til umboðsmanns matsþolanda, er ákveðst kr. 12.000.00, og þóknun yfirmatsmanna."

Hinn 23. apríl 1970 framkvæmdi matsmaðurinn Ögmundur Jónsson að beiðni lögmanns stefnanda útreikning á verðmæti malar og grjóts, sem tekið var fram til ársins 1965 og á árunum 1965—

1969 að báðum árunum meðtöldum. Um grundvöll útreikningsins og nánari sundurliðun hans segir svo í bréfi verkfræðingsins.

„Einingarverðin eru skv. yfirmati okkar Árna Jónassonar, bónda, Egils Sigurgeirssonar, hrl., og undirritaðs, dags. 5. júlí 1968. Matsverðið er breytilegt og fylgir meðalbyggingarvísitölu hvers árs, sjá bls. 12 í yfirmatsgjörðinni. Þar eru einingarverðin tilgreind fyrir árin 1964—1967. Á sama grundvelli reiknast einingarverðin: Möl (móberg) 5.55 kr. pr. m^3 1968, 6.83 kr. pr. m^3 1969, grjót 1.66 kr. pr. m^3 1968, 2.05 kr. pr. m^3 1969.

Magnstölur eru skv. bréfum frá Vegagerð ríkisins, dags. 19.1. og 21.1. s.l. Ljósrit bréfanna hef ég fengið í hendur.

Möl (móberg):

1965	1764 m^3	á kr.	3.94	= kr.	6.950.16
1966 1967	8396 m^3	á kr.	4.85	= —	40.720.60
1968	0	kr.	5.55	= —	0.00
1969	3690 m^3	á kr.	6.83	= —	25.202.70

Grjót:

1965	700 m^3	á kr.	1.18	= kr.	826.00
1966	700 m^3	á kr.	1.41	= —	987.00
1967	700 m^3	á kr.	1.50	= —	1.050.00
1968	4600 m^3	á kr.	1.66	= —	7.636.00
1969	2400 m^3	á kr.	2.05	= —	4.920.00

Þar sem magn malartöku er gefið upp samanlagt fyrir árin 1966 og 1967, er valið meðalverð þessara ára, kr. 4.85 pr. m^3, þ. e. gert er ráð fyrir sama magni hvort árið.

Auk þessa hafið þér óskað eftir því, að reiknað væri verðmæti malar (móbergs) og grjóts, sem tekið var, áður en undirmatið fór fram, og á því verði, er yfirmatið metur fyrir árið 1964. Undirmatsmenn mældu magnið, og hafið þér tjáð mér það símleiðis. Ég tek enga afstöðu til verðlagningarinnar.

Möl:

12700 m^3 á kr. 3.50 = kr. 44.450.00

Grjót:

11300 m^3 á kr. 1.05 = kr. 11.865.00.“

Eru kröfur aðalsakar og framhaldssakar byggðar á útreikningi þessum.

Kröfur stefnanda í aðalsök og framhaldssök eru byggðar á því, að efnistaka stefnda úr landi jarðarinnar Neðra-Dals hafi verið framkvæmd algerlega án leyfis landeigenda og hafi stefndi ekki tilkynnt landeigendum töku jarðefnanna. Samkvæmt grundvallarreglu þeirri, sem fram komi í 67. gr. stjórnarskrárinnar, beri stefnda að greiða bætur fyrir alla efnistöku og jarðrask í sambandi við hana. Er því haldið fram, að fyrningarreglur vegalaga um kröfur sem þessar fái eigi staðizt, þar sem þær brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. En einnig er því haldið fram, að líta verði svo á, að með efnistökunni hafi farið fram óslitin viðskipti aðilja um árabil og sé krafan því eigi fyrnd samkvæmt ákvæðum fyrningarlaga. Er því haldið fram í þessu sambandi, að á stefnda hvíli algerlega sönnunarbyrði varðandi það, að krafan sé fyrnd, og beri þá að taka tillit til þess, að stefndi hafi ekki tilkynnt eigendum jarðarinnar efnistökuna og ekkert gert þeim neina grein fyrir því magni, sem tekið var frá ári til árs. Er því mótmælt af hálfu stefnanda, að landeigendur hafi gefið samþykki sitt til efnistökunnar. Er því mótmælt, að stefnendur hafi nokkurn hag af vegi þeim, sem stefndi hefur látið leggja að námunni í Fagrafelli.

Sýknukrafa stefnda í aðalsök er í fyrsta lagi byggð á því, að mikill hluti krafna stefnanda sé fyrndur samkvæmt 63. gr. vegalaga nr. 71/1963. Er því haldið fram, að efnistaka í Fagrafelli hafi farið fram frá árinu 1959. Krafa um bætur vegna malartökunnar hafi fyrst komið fram á árinu 1964. Kröfur um bætur fyrir tjón vegna malartöku á árunum 1959 til 1962 að báðum árum meðtöldum séu því fyrndar. Þá er því haldið fram, að stefndi hafi byrjað grjótnám í Stampagili á árinu 1949 með samþykki þáverandi landeigenda og hafi ekki komið fram neinar kröfur um bætur fyrir þá efnistöku, fyrr en eftir að matsbeiðni kom fram á miðju ári 1965. Er því haldið fram, að kröfur vegna grjótnámsins á árunum 1949 til 1963, að báðum árum meðtöldum, séu fyrndar. Er því mótmælt af hálfu stefnda, að fyrningarákvæði vegalaga brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Þá er sýknukrafa stefnda og byggð á því, að honum beri aðeins að bæta beint tjón, er eigendur Neðra-Dals hafi orðið fyrir vegna jarðrasksins eða verðrýrnunar jarðarinnar, en ekki skyldaður til að kaupa hvern rúmmetra jarðefna á ákveðnu verði. Er því mótmælt, að leggja beri til grundvallar hagnaðarsjónarmið stefnanda, svo sem hugsanlegt verðmæti efnisins, hagnað Vegagerðar ríkisins vegna efnistökunnar eða önn-

ur slík atriði. Er því haldið fram í þessu sambandi, að yfirmatsmenn hafi ekki sundurliðað mat sitt þannig, að séð verði, hverjar séu metnar bætur fyrir beint tjón, þ. e. fyrir landspjöll vegna landtökunnar og hins vegar verðmæti efnis þess, sem tekið var, en þetta hafi yfirmatsmennirnir verið beðnir um að gera í yfirmatsbeiðni stefnda svo og dómkvaðningu. Hins vegar megi sjá af yfirmatsgerðinni að yfirmatsmenn telji beint tjón landeigenda vegna efnistökunnar lítið sem ekkert. Þá er sýknukrafa stefnda byggð á því, að árið 1958 hafi hann látið leggja 750 m langan afleggjara frá grjótnámi því, sem er í landi Neðra-Dals, og upp í móbergsskriður í Fagrafelli, þar sem malarnáman er, til þess að unnt væri að taka þar móbergsmöl til ofaníburðar í Suðurlandsveg. Kostnaður við vegagerðina hafi þá numið kr. 78.500.00, en tilsvarandi kostnaður við vegagerð þessa yrði með núverandi verðlagi margfallt hærri. Er því haldið fram, að vegagerð þessi hafi aukið verðmæti fellsins og landsins umhverfis, þar sem landeigendum sé auðveldari ræktun á þessum slóðum og landið orðið á allan hátt nýtilegra. Auk þess verði náman aðeins nýtt, ef vegurinn sé fyrir hendi. Ef landeigendur telji námuna verðmæta, hljóti þeim einnig að vera verðmætt að fá veg að henni. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að þótt hugsanlegt sé, að stefnandi eigi kröfurétt um bætur fyrir eitthvert beint tjón af völdum landspjalla í Fagrafelli og í Stampagili, þá geri vegurinn miklu meir en að bæta það tjón stefnanda.

Ósannað er gegn andmælum af hálfu stefnanda, að fyrri eigandi jarðarinnar Neðra-Dals hafi veitt samþykki sitt til efnistöku, sem falið hafi í sér afsal bótakrafna á hendur stefnda.

Ekki verður fallizt á það með stefnda, að jarðefni þau, sem um er fjallað í málinu, verði þegar af þeirri ástæðu að teljast verðlaus, að stefndi er nánast eini aðilinn, sem getur haft áhuga á að nýta þessi efni, enda má í því efni líta til þess, að efnistakan hefur óhjákvæmilega í för með sér vissar eignakvaðir. Á hinn bóginn verður tvímælalaust að virða stefnda aðstöðu til lækkunar á verðgildi efnanna, ef þau verða á annað borð talin fémæt. Verðgildi efnanna er vandasamt mats- og sönnunaratriði. Er niðurstaða undirmats og yfirmats í málinu sú, að efni þessi verði að skoða verðmæt. Þykir verða að leggja niðurstöðu matsmanna til grundvallar að þessu leyti, enda hafa ekki verið færð fram í málinu óyggjandi rök, er geti hnekkt henni. Til grundvallar matsfjárhæðum er lagt mat á verðmæti jarðefnanna á tilteknum tíma og síðan gert ráð fyrir verðmætisbreytingum í samræmi við bygg-

ingarvísiölu. Á þessa tilhögun á útreikningi bótafjárhæða og stefnukröfum verður ekki fallizt. Einnig virðist í mati yfirmatsmanna um of tekið mið af gildi þessara efna fyrir stefnda, m. a. með tilliti til sparnaðar í flutningum, og hins vegar of lítið tillit til þess tekið, að ekki er til að dreifa almennum markaði fyrir þessi efni. Einnig ber að líta til þess, að stefndi lagði veg þann, sem nauðsynlegur var til nýtingar á námunni, þar sem mölin er tekin, þótt ekki sé sannað, að sú aðstöðusköpun auki verðgildi landsins eins og þarna hagar til. Þrátt fyrir þessa annmarka þykir fært að ákveða stefnendum bætur. Ber við þá ákvörðun að hafa í huga auk fyrrgreindra atriða, að stefnendum var rétt að krefjast þess, eins og atvikum er háttað, að mat væri miðað við verðmæti efnanna á matsdegi og að meta verður vafa á upphæðum stefnendum í hag. Þykja bætur til stefnenda fyrir efnistökuna hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00. Af hálfu stefnda var ekki mælt það efnismagn, sem hann tók fram til ársloka 1964. Var það ekki fyrr en með mælingu undirmatsmanna, sem ljóst var, hversu mikið efnismagn þetta var. Þegar af þeirri ástæðu þykir krafa stefnenda um bætur fyrir efnismagn það, sem tekið var fram til ársloka 1964, ekki fallin niður fyrir fyrningu.

Framkvæmdum stefnda við efnistöku í landi stefnenda er ekki enn lokið, og hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnda, að þar verði enn tekið efni um sinn. Þykir því ekki grundvöllur til að leggja dóm á það, hvort stefnendur eigi rétt til bóta fyrir jarðrask vegna þess, að tjón af þeim sökum fari fram úr bótum, sem miðast við verðmæti jarðefnanna.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 50.000.00 með 7% ársvöxtum, sem eftir atvikum þykir rétt að reikna frá 5. júlí 1968 til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 40.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Gauki Jörundssyni prófessor og Gunnari Sigurðssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, vegamálastjóri f. h. Vegagerðar ríkisins, greiði stefanda, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni, f. h. eigenda jarðarinnar Neðra-Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi, kr. 50.000.00 með 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1968 til greiðsludags og kr. 40.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. nóvember 1973.

Nr. 149/1973: **Þrotabú Friðriks Jörgensens**
gegn
Guðjóni Steingrímssyni
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Þóknun fyrir lögmannsstörf.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn kærða úrskurð hafa kveðið upp stjórnarmenn Lögmannafélags Íslands, hæstaréttarlögmennirnir Páll S. Pálsson, Hákon Árnason, Hjörtur Torfason, Ólafur Ragnarsson og svo Skúli Pálsson héraðsdómslögmaður.

Aðalkærandi hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. júlí 1973, sem Hæstarétti barst 17. október 1973. Krefst hann þess, að þóknun gagnkæranda fyrir lögmannsstörf þau, er í málinu greinir, verði ákveðin kr. 721.120.00. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands úr hendi gagnkæranda og svo kærumálskostnaðar.

Gagnkærandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með gagnkæru 10. júlí 1973. Krefst hann þess aðallega, að þóknun hans fyrir lögmannsstörf þau, er í málinu greinir, verði ákveðin kr. 1.336.961.00 auk 7% ársvaxta af kr. 577.341.00 frá 1. júní 1972 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að þóknun þessi verði ákveðin kr. 1.000.069.00 auk 7% ársvaxta af kr. 309.380.00 frá 1. júní 1972 til greiðsludags, og til þrautavara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í öllum tilvikum krefst gagnkærandi kærumálskostnaðar úr hendi aðalkæranda.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Gögn máls benda eigi til þess, að gagnkærandi hafi, er hann fékk samþykki skiptafundar í þrotabúi Friðriks Jörgensens, til þess að Karl Jónsson og Jón Ingibersson mættu höfða rift-

unarmál vegna þrotabúsins gegn Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, samið um það sérstaklega, að gagnkærandi skyldi hljóta endurgjald fyrir málflutningsstörf sín í samræmi við 1. gr., 2. málsgr., gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, er þá var í gildi. Þegar virt eru störf gagnkæranda, hagsmunir þeir, er um var deilt, svo og fjárhagsáhætta sú, sem gagnkærandi tók á sig með málaferlum þeim, er greinir í úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, þykir rétt að ákveða endurgjald til handa gagnkæranda fyrir málflutningsstörf hans kr. 721.120.00, svo sem gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands taldi hæfilegt í álitsgerð 26. október 1972 og aðalkærandi hefur fallizt á að greiða.

Vaxtakrafa gagnkæranda sætti frávísun í hinum kærða úrskurði, og eru eigi efni til að leggja dóm á hana í Hæstarétti.

Staðfesta ber ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Málflutningslaun gagnkæranda, Guðjóns Steingrímssonar, úr hendi aðalkæranda, þrotabús Friðriks Jörgensens, ákveðst kr. 721.120.00.

Staðfest eru ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað. Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar miðvikudaginn 17. f. m., var lagt fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands hinn 27. nóvember 1972 og var flutt munnlega af sóknaraðilja og Jóhanni Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni vegna varnaraðilja á stjórnarfundi með fyrrgreindum stjórnarmönnum.

Tildrög málsins eru þau, að sóknaraðili, sem er umboðsmaður tveggja kröfuhafa í þrotabúi því, sem er varnaraðili í málinu, annaðist umfangsmikil málaferli fyrir hönd búsins á árunum 1968—1972. Yfirlit um málaferli þessi er að finna á reikningi þeim, sem sóknaraðili gerði búinu fyrir verk sitt að þeim loknum (mskj. nr. 6), en hann hljóðar þannig:

„NR. 6.

24. maí '72

Reikningur

til þrotabús Friðriks Jörgensen
frá Guðjóni Steingrímssyni hrl., Hafnarfirði
1968—1972

AN: Málflutningslaun og útlagður kostnaður v/reksturs máls til riftunar kaupsamnings dags. 28/12 '66, en með samningi þessum seldi þrotamaður Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f saltfiskbirgðir fyrir kr. 3.998.400.00.

I. 1. Bæjarþingsmálið Karl Jónsson v/þrotabús F. Jörgensen gegn Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f. Þingfest í febr. 1968. Niðurstaða: Málinu vísað frá dómi með dómi, uppkveðnum 9. okt. 1968. Málskostnaður felldur niður.

2. Kærumál fyrir Hæstarétti, þar sem niðurstaðan varð, að dómur bæjarþingsins var staðfestur, en kærumálskostnaður felldur niður. Uppkv. 28. nóv. 1966, sjá Hrd. XXXIX. 1197.

3. Kærumál rekið fyrir Hæstarétti, þar sem varnaraðili kærir til Hæstaréttar þá ákvörðun Unnsteins Beck skiptaráðanda að heimila höfðun nýs riftunarmáls. Dómur Hæstaréttar, að málinu sé vísað frá Hæstarétti. Sóknaraðila Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h.f. gert að greiða kr. 5.000.00 í málskostnað. Dómurinn uppkveðinn 26/9 '69, sbr. Hrd. XL. 1101.

4. Sömu ákvörðun skiptaráðanda áfrýjað. Hæstiréttur vísar málinu frá dómi 27/5 '70, þar sem áfrýjandi hafði ekki aflað sér áfrýjunarleyfis. Áfrýjanda gert að greiða kr. 15.000.00 í málskostnað. Hrd. XLI. 534.

5. Hæstaréttarmálið nr. 124/1970: Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f gegn Karli Jónssyni, Jóni Ingibergssyni og Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík f. h. þrotabús Friðriks Jörgensen, dómur uppkveðinn 27/11 '70. Áfrýjað var ákvörðun skiptadóms frá 5/2 '69 um höfðun riftunarmáls. Ákvörðunin var staðfest. Sóknaraðili dæmdur til að greiða kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hrd. XLI. 998.

6. Bæjarþingsmál Reykjavíkur nr. 2729/1969: Karl Jónsson og Jón Ingibersson f. h. Friðriks Jörgensen gegn Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, þingfest febr. 1969. Dómur 2/7 '71. Niðurstaða: Stefndu gert að greiða kr. 3.-

663.902.54 með 7% ársvöxtum af kr. 2.901.577.44 frá 1/3 '67 til 20/11 s. á., en af kr. 3.663.902.54 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000.00 í málskostnað.

7. Hæstaréttarmálið nr. 141/1971: Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f gegn Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensen og gagnsök. Dómur Hæstaréttar 17/5 '72. Niðurstaða: Héraðsdómurinn staðfestur, áfrýjanda gert að greiða kr. 325.000.00 í héraði og Hæstarétti.

8. Kærumál til Hæstaréttar (bæjarþingsmál nr. 2729/1972), þar sem þrotabúið kærir úrskurð bæjarþingsins frá 5/11 '69, en með úrskurði þessum var varnaraðila veittur frestur. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn og veitti frestinn. Búinu gert að greiða kr. 5.000.00 í kærumálskostnað, Hrd. XL. bls. 1469.

II. Samkvæmt endanlegum hæstaréttardómi í ofangreindum málaferlum á Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h.f. að greiða búinu sem hér segir:

Höfuðstóll	kr.	3.663.902.00
7% ársv. af kr. 2.901.577.00 frá 1/2 '67 —20/11 '67	—	197.697.00
af kr. 3.663.902.00 frá þeim degi til 1/6 '72	—	1.161.250.00
Málskostnað	—	325.000.00
	Alls kr.	5.347.849.00

III. Riftunarmálið flutti ég samkvæmt neðangreindum skilmálum, sbr. skiptafund 20. jan. 1969: „Skiptafundur ákveður að heimila Guðjóni Steingrímssyni, hrl., vegna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða fyrir hönd þrotabúsins riftunarmál gegn Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum til riftunar samningi, dags. 28. des. 1966, og gera í því máli kröfur um greiðslu á andvirði saltfisks auk vaxta og málskostnaðar. Málssóknin verði búinu að kostnaðarlausu að því leyti, að Guðjóni Steingrímssyni, hrl., beri aðeins málflutningslaun reiknuð af þeim verðmætum, sem koma inn í búið með þessari málssókn.

Verði niðurstaða málsins á þann veg, að málskostnaður verði lagður á sóknaraðila, mun Guðjón Steingrímsson taka þann kostnað á sig."

IV. Málflutningsþóknun mín með hliðsjón af 1. gr., 2. mgr., gjaldskrár L.M.F.Í., en þar segir: „Einnig er lögmönnum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins, og hærri þóknun, ef málið vinnst, en ef það tapast."

25% af kr. 5.347.849.00	kr.	1.336.961.00
Réttargjöld	—	4.000.00
Ágrip 230 síður á 150/-	—	34.500.00
Málskostnaður dæmdur í Hæstarétti, sbr. 1.8., greiddur af mér	—	5.000.00
	Kr.	1.380.461.00
Frá dregst málskostnaður greiddur af mér 1. 3., kr. 5.000.00, 1. 4., kr. 15.000.00 og 1. 5., kr. 15.000.00	—	35.000.00
	Alls kr.	1.345.461.00

Hafnarfirði 24. maí 1972
Guðjón Steingrímsson."

Umrædd málaferli beindust að því, eins og reikningurinn gefur til kynna, að knýja fram riftun á kaupsamningi, er þrotamaður hafði gert nokkru fyrir gjaldþrot sitt við fyrirtæki, sem hann hafði áður átt margvísleg skipti við og var meðal helztu lánardrottna hans. Sóknaraðili átti frumkvæði að því ásamt öðrum lögmanni, er gætti hagsmuna kröfuhafa í þrotabúinu, að ráðizt var í riftunarmál þetta. Tillögur lögmanna í þessa átt fyrir hönd umbjóðenda sinna voru ræddar á skiptafundi í ársbyrjun 1968, og þá strax í öndverðu frá því sjónarmiði, hvort umbjóðendurnir væru reiðubúnir til að reka riftunarmálið búinu að skaðlausu, ef málshöfðunarheimild yrði veitt. Í ljós kom, að umbjóðendur síðarnefnda lögmannsins voru ekki við því búnir að taka sjálfir á sig þá fjárhagslegu áhættu, sem málssókninni væru samfara, en umbjóðendur sóknaraðilja voru það hins vegar. Ekki mun hafa komið til álita, að aðrir einstakir kröfuhafar, er voru margir, gerðust aðiljar að málarekstrinum, og virðast þeir hafa haft misjafnan áhuga eða trú á honum. Það féll því aðallega í hlut sóknaraðilja að sækja á um málshöfðun af hendi búsins, en í því efni var að mæta

mjög eindregnum mótmælum umboðsmanns viðsemjanda þrotamanns, sem einnig var kröfuhafi í búinu.

Málalyktir á umræddum skiptafundi urðu þær, að skiptaráðandi ákvað að veita sóknaraðilja heimild til að höfða mál til riftunar á áðurnefndum kaupsamningi svo og svipuðum samningi þrotamanns frá sama tíma við annan aðilja, enda yrði málshöfðunin búinu að kostnaðarlausu. Sóknaraðili hófst þegar handa um málatilbúnað út af báðum samningunum, en málunum lyktaði þannig að svo stöddu, að báðum var vísað frá dómi, aðallega fyrir þá sök, að málshöfðunarheimildin væri ekki fullnægjandi. Taka liðir I. 1 og I. 2 í reikningi sóknaraðilja til þessara málaferla, þ. e. annars málsins. Að fengnum þessum úrslitum var enn efnt til skiptafunda í búinu um þá kröfu sóknaraðilja, að veitt yrði ný málshöfðunarheimild. Var að lokum ákveðið með atkvæðagreiðslu á fundi hinn 20. janúar 1969 og úrskurði skiptaráðanda á grundvelli hennar að veita sóknaraðilja heimild til höfðunar riftunarmáls út af öðrum kaupsamningnum, en vara sú, er seld hafði verið með hinum samningnum, var þá ekki talin þess virði, að málarekstri um hana yrði haldið áfram. Þessi heimild var veitt með þeim skilmálum, sem lýst er í III. lið reiknings sóknaraðilja. Fólst í þeim samningur milli hans og umbjóðenda hans í búinu annars vegar og þrotabúsins hins vegar, í aðalatriðum þess efnis, að málshöfðunin yrði búinu að kostnaðarlausu, eins og ráðgert var við veitingu hinnar fyrri heimildar.

Ákvörðun búsins um veitingu hinnar nýju heimildar var tekin gegn mótmælum viðsemjanda þrotamanns, eins og verið hafði hið fyrra sinni. Jafnframt skaut hann nú ákvörðuninni til Hæstaréttar með kæru og síðar með áfrýjun, en án árangurs, sbr. liði I. 3, I. 4, og I. 5 í reikningi sóknaraðilja. Að loknum þessum aukamálum hófst sóknaraðili handa um höfðun sjálfs riftunarmálsins, er leitt var til lykta með dómi Hæstaréttar hinn 17. maí 1972, sbr. liði I. 6, I. 7 og I. 8 í reikningi sóknaraðilja. Má segja, að málið hafi að fullu unnizt fyrir búið, þar sem stefnukröfur sóknaraðilja fyrir þess hönd voru teknar til greina með þeirri breytingu einni, að greiðslan til búsins vegna hinnar seldu vöru var miðuð við það verð, sem stefndi reyndizt hafa fengið fyrir hana við endursölu, fremur en hitt, sem tilgreint var í hinum umdeilda kaupsamningi.

Samkvæmt þessum endanlega dómi bar stefnda að greiða þrotabúinu samtals kr. 5.347.849.00 miðað við vexti til þess tíma, er unnt var að skila málinu í hendur búsins, sbr. sundurliðun í II.

lið reiknings sóknaraðilja. Upplýst var við munnlegan málflutning fyrir stjórninni, að þrotabúið hefði nú fengið þessa fjárhæð greidda að fullu.

Reikningur sóknaraðilja vegna ofangreindra málaferla var lagður fram á skiptafundi hinn 14. júlí 1972. Óskaði skiptaráðandi eftir að leggja reikninginn fyrir gjaldskrárnefnd L. M. F. Í. til umsagnar, og samþykkti sóknaraðili það. Gjaldskrárnefnd lét uppi umbeðið álit sitt hinn 26. október 1972, er var svohljóðandi:

„Þóknun Guðjóns Steingrímssonar, hrl., úr hendi þrotabús Friðriks Jörgensen þykir hæfilega ákveðin kr. 721.120.00 auk útlagðs kostnaðar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Gunnar Sæmundsson
Þorsteinn Júlíusson
Sveinn Haukur Valdimarsson."

Ljóst er, að álit þetta er í aðalatriðum miðað við hin beinu ákvæði þeirrar greinar lágmarksgjaldskrár L. M. F. Í., er fjallar um málflutning, fremur en ákvæði 2. málsgr. 1. gr. gjaldskrárinnar, sem vísað er til í IV. lið á reikningi sóknaraðilja.

Álit gjaldskrárnefndar var lagt fram á skiptafundi hinn 31. október 1972. Kvaðst sóknaraðili þar halda fast við kröfu sína samkvæmt reikningnum, en skiptaráðandi taldi ekki fært að samþykkja frekari þóknun en álitið gerði ráð fyrir. Urðu aðiljar að svo komnu sammála um að leggja ágreininginn fyrir stjórn L. M. F. Í til úrskurðar eftir ákvæðum 1. málsgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Kröfur sóknaraðilja í máli þessu eru þær, að þóknun hans úr hendi varnaraðilja verði ákveðin kr. 1.336.961.00 auk útlagðs kostnaðar að frádregnum málskostnaði, sem honum hefur verið greiddur, þ. e. samtals kr. 1.345.461.00, eins og í reikningi hans greinir. Þá krefst hann og vaxta af þessari fjárhæð frá 1. júní 1972 að telja og málskostnaðar eftir mati stjórnarinnar.

Krafa varnaraðilja er sú, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja og þannig hafnað frekari þóknun til sóknaraðilja en þeirri, sem varnaraðili hefur þegar greitt honum, þ. e. kr. 721.-120.00. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati stjórnarinnar.

Til stuðnings kröfu sinni um greiðslu samkvæmt reikningnum á mskj. 6 bendir sóknaraðili á þá áhættusömu skilmála, sem honum voru settir með ákvörðun skiptafundar, þ. e. að málflutningur sá,

er honum var falinn, skyldi verða þrotabúinu að kostnaðarlausu, og yrði málskostnaður felldur á búið, skyldi sóknaraðili sjálfur eða umbjóðendur hans taka hann á sig ásamt útlögðum kostnaði og annarri fyrirhöfn. Hann bendir og á það, að málaferlin hafi reynzt mjög tímafrek og umfangsmikil, bæði aðalmál og aukamál, og á allan hátt ábyrgðarmikil fyrir hann sem lögmann stefnanda. Sömuleiðis hafi þau fjallað um mikil en óviss verðmæti, enda hafi það kostað mikla fyrirhöfn að fá búið til að samþykkja málshöfðunina. Af öllum þessum ástæðum komi það ekki til greina að binda þóknun hans við svonefnda lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í., sem gjaldskrárnefnd hafi miðað við. Í því sambandi leggur hann sérstaka áherzlu á, að með málssókninni hafi unnizt veruleg verðmæti fyrir búið, sem það hefði annars misst af. Sé reikningur sinn ekki hærri en svo, þegar á allt er litið, en að vextir búsins af kröfu þess nægi sem næst til að standa undir honum.

Yfirleitt telur sóknaraðili, að reikningsfjárhæðin verði að teljast hæfileg þóknun í merkingu 1. málsgr. 1. gr. gjaldskrár L. M. F. Í., en hér séu það einnig ákvæði 2. málsgr., sem sérstaklega eigi við. Þau heimili lögmanni að áskilja sér hluta af fjárhæð máls og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast. Eigi þessi ákvæði sér fullkomna stoð í 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 61/ 1942, þar sem sama orðalag sé að finna. Telur sóknaraðili það hafa falizt í skilmálum þeim, sem búið setti honum, að honum væri rétt að fara þessa leið. Samkvæmt þessu hefur hann reiknað þóknun sína fyrir flutning málsins í heild sem 25% af þeim verðmætum, er komu inn í búið með málssókninni.

Varnaraðili viðurkennir, að gjaldskrá L. M. F. Í. sé lágmarksgjaldskrá, og dregur ekki í efa, að lögmönnum geti verið „heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast". Hins vegar þurfi lögmaður þá að hafa áskilið sér þessa hærri þóknun í upphafi og geti ekki krafizt hennar eftir á, þegar verki sé lokið, a. m. k. ekki nema sérstaklega standi á. Slíkan áskilnað hafi sóknaraðili ekki gert.

Þá telur varnaraðili, að almennt beri að líta svo á um störf lögmanna, að þau séu undir því skilyrði 1. gr. gjaldskrár L. M. F. Í., að þeim sé rétt að áskilja sér „hæfilega þóknun fyrir störf sín með hliðsjón af því verki, sem í té er látið, og þeim hagsmunum, sem um er fjallað", sbr. hliðstætt orðalag í 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 61/1942. Telur varnaraðili, að þóknun beri að ákveða með tilliti til þessara tveggja þátta, og þá þannig, að ef gjaldtaka, sem miðuð er við annan þáttinn, reynist of lág að mati lögmannsins,

sé honum heimilt að hafa hliðsjón af hinum þættinum. Ákvæði gjaldskrár L. M. F. Í. um málflutning séu aðallega leiðbeinandi um gjaldtöku miðað við hagsmuni og sé þóknun á þeim grundvelli hærri en sú, sem metin væri eftir verkinu, þurfi ekki að taka sérstakt tillit til hins síðarnefnda. Í þessu máli sé eðlilegast að miða þóknun við fjárhæð hagsmunanna, eins og gjaldskrárnefnd muni hafa gert. Sú þóknun sé ótvírætt nægileg, enda mun hærri en vera mundi, ef miðað væri við umfang starfs sóknaraðilja.

Auk þessa bendir varnaraðili sérstaklega á, að málshöfðunarheimild sú, er samþykkt var á skiptafundi, hafi beinlínis kveðið svo á, að málið yrði búinu kostnaðarlaust að því leyti, að sóknaraðilja bæru aðeins málflutningslaun reiknuð af þeim verðmætum, sem kæmu inn í búið með málssókninni. Í þessu geti ekki annað falizt en það, að reikna beri þóknunina eftir málflutningstaxta gjaldskrár L. M. F. Í. á grundvelli þess, sem vannst. Ef einhverja aðra reikningsaðferð ætti að nota, hefði sóknaraðili átt að áskilja sér það fyrirfram.

Loks mótmælir varnaraðili þeirri staðhæfingu sóknaraðilja, að skiptaráðandi hafi gert starf hans torveldara en ella. Segir varnaraðili þar á móti, að sóknaraðili hafi sjálfur staðið að gerð þeirra tillagna, sem byggt var á um veitingu málshöfðunarheimilda hans, og sjálfur annazt um málatilbúnað á grundvelli heimildanna og þá átt kost á að láta bæta úr því, sem ábótavant kynni að vera.

Ótvírætt er og raunar óumdeilt í máli þessu, að gjaldskrá Lögmannafélags Íslands er lágmarksgjaldskrá og aðeins leiðbeinandi sem slík að því leyti sem þóknun er þar sett fram í tölum og töxtum. Er þetta skýrt tekið fram í 3. gr. gjaldskránna frá 30. september 1966 og 17. apríl 1971 (útg. 28. janúar 1972), sem í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli. Hinar eiginlegu reglur um endurgjald fyrir lögmannsstörf er að finna í 1. gr. gjaldskrárinnar, sem kveður svo á, að lögmanni sé rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín með hliðsjón af því verki og þeim hagsmunum, sem um er að tefla hverju sinni, en einnig sé honum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð máls og hærri þóknun, ef það vinnst en ef það tapast. Allt er þetta byggt á ákvæðum 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 61/1942, eins og áður er til vitnað, og jafnframt háð þeirri meginreglu 3. málsgr. sömu greinar, að loforð um endurgjald fyrir málflutningsstarf sé ekki skuldbindandi, ef endurgjaldið er sýnilega ósanngjarnt.

Þannig verður ekki á það fallizt, að lögmaður sé fyrirfram

bundinn um að takmarka þóknun sína við taxta lágmarksgjaldskrár L. M. F. Í., nema atvik gefi það sérstaklega til kynna. Á það verður heldur ekki fallizt, að lögmaður þurfi skilorðslaus að gera um það beinan fyrirvara í öndverðu, ef hann hyggst við reikningsuppgjör áskilja sér hluta af fjárhæð máls sem endurgjald eða hærra endurgjald en ella, ef mál vinnst.

Í þessu máli voru lögmanninum settir þeir sérstöku kostir, sem lýst er í bókun skiptafundar hinn 20. janúar 1969 og til vitnað hér að framan. Hafna verður þeim skilningi á þessari bókun, að málflutningslaun sóknaraðilja hafi átt að miðast við þann hluta af innunnum verðmætum, sem falla mundi til hans eftir töxtum 5. gr. lágmarksgjaldskrár L. M. F. Í. Má í því sambandi benda á það meðal annars, að taxtar greinarinnar vísa almennt til þess, sem krafa er gerð um í stefnu, en ekki hins, sem endanlega vinnst, og einnig það, að með því hefði að ófyrirsynju verið sneitt hjá ákvæðum gjaldskrárinnar um mót við vitnaleiðslur, flutning kærumála o. s. frv. Þvert á móti virðist mega skilja bókunina á þann veg eftir orðanna hljóðan, að hún hafi gefið sóknaraðilja beint tilefni til að miða við, að hann mætti áskilja sér hæfilegan hluta af fjárhæð málsins sem endurgjald fyrir verk sitt, þótt upphæðin væri ekki tiltekin, þ. e. hluta „af þeim verðmætum, sem inn í búið kæmu“ með dómi, og þá eftir atvikum án aðgreiningar milli höfuðstóls, vaxta eða kostnaðar. Þessi skilningur er og í góðu samræmi við sanngirnisástæður í málinu og þá áhættu, sem lögð var á sóknaraðilja, gagnstætt hinum fyrri. Þykir mega fallast á það með sóknaraðilja, að leggja beri hann til grundvallar.

Í málaferlum þeim, sem hér um ræðir, var fjallað um verulega hagsmuni fjölmenns hóps kröfuhafa í þrotabúi, og virðast þau hafa orðið til þess, að umtalsverð greiðsla geti komið upp í almennar kröfur, sem áður voru taldar tapaðar. Aðalkrafa málsins þótti í upphafi óviss, og málið reyndist allerfitt sóknar, meðal annars í mótun kröfugerðar. Það varð tímafrekt og tiltölulega umstangsmikið í meðförum, enda var vörnum haldið uppi til hins ýtrasta, eins og við mátti búast. En einnig er á það að líta, að málshöfðunin var algerlega án áhættu fyrir búið, þar sem samningur aðiljanna lagði hana alla á sóknaraðilja og umbjóðendur hans.

Með hliðsjón af þessum atvikum þykir ljóst, að sóknaraðilja sé rétt að áskilja sér hærri fjárhæð fyrir störf sín í þágu varnaraðilja en þá, sem varnaraðili hefur þegar greitt honum. Gildir þetta án tillits til þess, sem sagt var að framan um ákvæði 2. málsgr. 1.

gr. gjaldskrár L. M. F. Í., en ljóst þykir einnig, að krafa sóknaraðilja um beitingu þeirrra sé réttmæt. Rennir hvort tveggja stoðum undir þá álykun, að reikningur hans sé innan marka þess, sem sanngjarnt er og eðlilegt.

Við reikninginn er þó það að athuga, að í honum eru tilfærð án greinarmunar þau mál, sem sóknaraðili flutti á grundvelli hinnar fyrri málshöfðunarheimildar búsins, er dómstólar mátu ófullnægjandi (liður I. 1 og I. 2). Þykir sóknaraðili ekki eiga rétt á beinni þóknun frá búinu vegna þess málflutnings, þar sem fyrirvari í þá átt var ekki gerður við veitingu síðari heimildarinnar. Hins vegar talar hann sínu máli um þá áhættu, sem heimildirnar lögðu á sóknaraðilja, og má taka tillit til hans frá því sjónarmiði við mat á þóknun sóknaraðilja fyrir síðari málaferlin.

Við mat á reikningi sóknaraðilja má einnig líta á það til samanburðar, að í lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. er almennt fylgt því sjónarmiði, að hundraðshluti málflutningslauna skuli fara lækkandi eftir því sem fjárhæð málsins hækkar. Með tilliti til þeirrar fjárhæðar, sem um var fjallað í máli þessu, þykir rétt að virða þetta sjónarmið til nokkurrar lækkunar á þóknun sóknaraðilja, þótt hundraðshluti sá (25%), sem hann hefur miðað við, geti annars ekki talizt ósanngjarn.

Með vísan til framanritaðs telst þóknun sóknaraðilja fyrir málflutningsstörf í þágu varnaraðilja, sem lýst er í liðnum I. 3—I. 8 á reikningi sóknaraðilja frá 24. maí 1972 og unnin voru á grundvelli heimildar varnaraðilja frá 20. janúar 1969, hæfilega ákveðin kr. 1.069.000.00. Ber honum sú þóknun að viðbættum útlögðum kostnaði, en að frádregnum málskostnaði, sem sóknaraðili hefur fengið greiddan frá gagnaðilja við málaferlin. Óumdeilt er, að þessir síðasttöldu kostnaðarþættir séu rétt tilgreindir í IV. lið reiknings sóknaraðilja, en þar kemur fram mismunur sóknaraðilja í hag, kr. 8.500.00, sem varnaraðilja ber að greiða.

Ekki eru efni til þess, að stjórn L. M. F. Í. leggi á úrskurð um greiðslu vaxta af þóknun sóknaraðilja, og vísast þeirri kröfu frá. Þá þykir og rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Þóknun sóknaraðilja, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir málflutningsstörf í þágu varnaraðilja, þrotabús Friðriks Jörgensens, ákveðst kr. 1.069.000.00.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. nóvember 1973.

Nr. 135/1973: **Félag menntaskólakennara**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. apríl 1973, sem barst Hæstarétti 28. september 1973, hefur sóknaraðili samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 3. apríl 1973, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Kærufrestur samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 er vika frá uppsögu dóms eða úrskurðar, og hafa yngri lög eigi haggað því ákvæði. Í 64. gr., 3. málsgr., laganna er boðið, að tilkynna skuli málflytjendum, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verði kveðinn upp. Samkvæmt gögnum máls sótti enginn þing af hálfu sóknaraðilja, er hinn kærði frávísunardómur var kveðinn upp, og mun málflutningsmanni hans eigi hafa verið tilkynnt um dómþingið. Þegar svo hagar til, þykir bera að beita meginreglu 22. gr. laga nr. 57/1962, nú 22. gr. laga nr. 75/1973, um upphaf kærufrests samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 og miða við það, er aðilja eða fyrirsvarsmanni hans varð kunnugt um dóm eða úrskurð. Miða verður við það, að sóknaraðili hafi eigi öðlazt vitneskju um uppsögu framangreinds dóms fyrr en hinn 9. apríl 1973, og er kæran því fram komin innan rétts kærufrests.

Skýra verður kæru þessa svo, að sóknaraðili krefjist þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir Félagsdóm að fella efnisdóm í málinu.

Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða dóms, en til vara, að dæmt verði í samræmi við atkvæði minni hluta Félagsdóms.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða dómi.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962, er í gildi voru á þeim tíma, sem hér skiptir máli, skyldi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja reka „mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín og starfsmanna, er í hluta eiga", sbr. nú 3. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1973. Eigi er fram komið, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi neitað að höfða mál þetta og reka fyrir Félagsdómi vegna sóknaraðilja eða félagsmanna hans, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur Félagsdóms 3. apríl 1973.

Dómendur:
Guðmundur Jónsson,
Bjarni Sigurðsson,
Egill Sigurgeirsson,
Emil Ágústsson og
Ragnar Jónsson.

Mál þetta hefur Félag menntaskólakennara höfðað á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni hinn 8. nóvember 1972. Í stefnu eru þessar dómkröfur gerðar:

1. Að Félag menntaskólakennara sé réttur viðsemjandi og samningsaðili fyrir hönd menntaskólakennara til að semja við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs um laun fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda.
2. Að bókun sú, sem B. S. R. B. og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerðu hinn 1. júlí 1971 um laun kennara fyrir vinnu við úrvinnslu verkefna nemenda, hafi brotið í bága við lagalegan rétt og samning Félags menntaskólakennara og sé því ógild að lögum.
3. Að fjármálaráðherra sé skylt að lögum að gera samning við Félag menntaskólakennara um laun fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna.
4. Að samningur um laun fyrir nefnda heimavinnu menntaskólakennara skuli gilda með afturvirkum áhrifum frá þeim tíma,

er síðasti samningur um laun fyrir nefnda heimavinnu gekk úr gildi.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Við munnlegan flutning málsins var breyting gerð á dómkröfum stefnanda þannig, að 3. tl. var orðaður svo: „Að fjármálaráðherra sé skylt að lögum að gera nýjan samning við Félag menntaskólakennara um laun fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna." Og í stað 4. kröfuliðs er nú gerð svohljóðandi varakrafa:

„4. Ef dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu, að samningur Félags menntaskólakennara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sé úr gildi, þ. e. samningur um umbun fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda, þá gerir Félag menntaskólakennara þá kröfu, að fjármálaráðherra sé dæmt skylt að gera hinn nýja samning um umbun þessa með afturvirkum áhrifum frá þeim tíma, er eldri samningur telst hafa fallið úr gildi."

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Stefndi gerir ekki kröfu um málskostnað.

Í stefnu er málssókn þessari einnig beint að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en eigi var stefna birt á hendur bandalaginu, og undir rekstri málsins hefur verið fallið frá kröfum á hendur því.

Málavextir eru þessir:

Um árabil fengu fastráðnir menntaskólakennarar, sem höfðu mikla heimavinnu við leiðréttingu (úrvinnslu) skriflegra verkefna nemenda, frádrátt á kennsluskyldu. Mun fyrst hafa verið ákvæði um þetta efni í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík nr. 3/1937, en í 1. mgr. 63. gr. reglugerðarinnar segir: „Kennarar, sem mikla heimavinnu hafa í skólans þágu, skulu fá 3—5 stunda frádrátt fyrir aukastörf sín". Í 2. mgr. 51. gr. reglugerðar fyrir menntaskóla nr. 175/1951 var svofellt ákvæði: „Fækka má skyldustundum fastra kennara, sem hafa mikla heimavinnu vegna skriflegra úrlausna nemenda og aukastörf, sem skólastjórn hefur falið þeim (sbr. 52. gr.). Fækkun þessi getur numið allt að 5 stundum á viku." Eigi er fram komið, að breyting hafi orðið á þessu fyrirkomuagi við setningu laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hinn 22. júlí 1964 gerðu aðiljar málsins með sér samning um greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna í menntaskólum. Segir svo í upphafi samnings-

ins: „Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Félag menntaskólakennara gera með sér svofelldan samning skv. 6. gr. l. nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna". Eru síðan í samningnum allítarleg ákvæði um skipun námsgreina í flokka, tímastundafjölda, en greiða skyldi heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna fyrir hvern nemanda og fjölda skriflegra æfinga í viku. Eru námsgreinarnar þessar: íslenzka, danska, enska, franska, latína, þýzka, efnafræði, eðlisfræði, stærðfræði og bókfærsla, en einnig er gert ráð fyrir því, að verkleg kennsla í náttúrufræði kunni að verða tekin upp, og komi þá einnig til greisla fyrir heimavinnu við hana. Í 8. gr. samningsins er svofellt ákvæði: „„Ákvæði samnings þessa skulu gilda frá 1. október 1963 til 31. desember 1965. Aðilar geta hvor um sig sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara." Það er ágreiningslaust, að ekki hafi komið til uppsagnar samningsins fyrir 31. desember 1965 og að eftir þann tíma hafi aðiljarnir haldið áfram að fara eftir ákvæðum hans. Á árinu 1970 sagði sóknaraðili samningnum upp, en ágreiningslaust er, að þeirri uppsögn hafi ekki verið fylgt eftir og að menntaskólakennurum hafi verið greidd þóknun samkvæmt samningnum skólaárið 1970—71. Að undangengnum samningaviðræðum undirrituðu Kjararáð Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hinn 19. desember 1970 samning um föst laun opinberra starfsmanna, vinnutíma, yfirvinnukaup, röðun í launaflokka o. fl. samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962. Er gildistími samnings þessa frá og með 1. júlí 1970 til 31. desember 1973. Með bréfi, dags. hinn 15. júní 1971, tilkynnti fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs stefnanda uppsögn á samningi aðiljanna um greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna í menntaskólum frá 22. júlí 1964. Með bréfi stefnda til stefnanda, dags. hinn 2. júlí 1971, var vakin athygli á bókun, sem gerð hafði verið af samningsaðiljum í tengslum við kjarasamning Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra, en með hliðsjón af henni hafði stefndi sagt upp öllum greiðslum fyrir úrvinnslu verkefna nemenda. Bókun þessi er svohljóðandi: „Aðilar eru um það sammála, að við mat á störfum kennara hafi tillit verið tekið til þeirrar vinnu, sem kennari leysir af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda og teljist slík vinna unnin á þeim tíma, sem kennara er ætlaður til undirbúnings kennslu." Í bréfi stefnanda til stefnda hinn 7. júlí s. á. er skýrt frá því, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi ekki áður séð bókun þessa og þeir hafi ekki verið að því spurðir, hvort

stefnandi féllist á svo róttæka breytingu á vinnuskyldu kennara. Var því jafnframt lýst yfir, að menntaskólakennarar teldu sig ekki bundna af þessum þætti samnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stefnda. Var í bréfinu skorað á stefnda að taka upp samninga við stefnanda um málið. Það kemur fram í bréfum Kjararáðs frá 12. og 28. september 1971 til stefnda og kennarasamtaka, að það leggi þann skilning í umrædda bókun, að almennt séð hafi við mat á störfum kennara verið tekið tillit til þeirrar vinnu, sem kennari leysir af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda. Hins vegar séu störf við úrvinnslu heimaverkefna mjög mismunandi eftir námsgreinum. Kemur og fram í bréfum þessum, að um sérsamninga kennarasamtakanna um greiðslur fyrir heimavinnu hafi aldrei verið sérstaklega fjallað í samningaviðræðunum og hafi þeir samningar heldur ekki legið fyrir Kjararáði. Kveður Kjararáð það ekki á sínu valdi að fella niður gildandi sérsamninga og telur því ekki hafa verið samið um niðurfellingu slíkra samninga kennara, er í gildi voru, þegar heildarkjarasamningur opinberra starfsmanna var undirritaður 19. desember 1970. Stefndi höfðaði mál fyrir Kjaranefnd á hendur Kjararáði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og gerði þá kröfu, að vinna, sem kennarar leysa af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda, teljist hluti af því starfi, sem þeir taka föst mánaðarlaun fyrir að gegna, og beri kennurum því ekki sérstök greiðsla fyrir úrvinnslu verkefna nemenda. Úrslit málsins fyrir Kjaranefnd urðu þau, að með úrskurði hinn 24. október f. á. var málinu vísað frá nefndinni. Undir rekstri málsins er fram komið, að stefndi innir nú af hendi greiðslur til kennara, sem eru byggðar á helmingi grunnfjárhæða þeirra, sem ákveðnar eru í samningi aðiljanna frá 22. júlí 1964.

Kröfur stefnanda eru í fyrsta lagi byggðar á því, að það sé meginregla í íslenzkum rétti, að kennarar eigi rétt á sérstökum launum fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda og hafi regla þessi hlotið staðfestingu, bæði í lagaákvæðum og reglugerðum, og sé forsenda 6. gr. laga nr. 55/1962. Meginreglu þessari verði ekki breytt gegn vilja þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta, svo sem Félags menntaskólakennara, nema með lögum settum á Alþingi á stjórnskipulagðan hátt. Á framangreindum grundvelli hafi verið gerður samningur milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og einstakra félaga kennara, þ. á m. Félags menntaskólakennara. Þótt samningur þessi hafi átt að falla niður við árslok 1965, hafi hann þó í framkvæmd haldið gildi, með því að aðiljar hafi farið eftir ákvæðum hans um greiðslu. Uppsögn Félags

menntaskólakennara á greindum samningi hafi verið gerð til að knýja fram endurskoðun í samræmi við ákvæði samningsins um, að samninginn skyldi endurskoða, þegar þurfa þætti og breyttir kennsluhættir hefðu raskað heimavinnuhlutfalli kennslugreina. Vegna ókunnugleika um sérstaka málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 55/1962 muni ekki hafa verið gætt ákvæða 10. gr. laganna og þrátt fyrir loforð um endurskoðun samningsins hafi fjármálaráðuneytið ekkert gert af sinni hálfu til að leiðrétta hugsanlegan misskilning. Er því haldið fram, að fjármálaráðuneytið hafi ekki getað samið um brottfall launa fyrir heimavinnu kennara við gerð heildarsamninga 1970, þar sem það hafi að eigin áliti enn verið bundið af sérsamningi sínum við Félag menntaskólakennara svo og af áðurgreindri meginreglu. Þá er því haldið fram, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi með lögum nr. 55/1962 fengið stöðu stjórnvalds, þar sem því hafi verið veittur réttur til að semja um laun starfsmanna hins opinbera gegn vilja þeirra, og jafnvel þótt bandalagsfélög hafi sagt skilið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Um athafnir fyrirsvarsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gildi því meginreglur stjórnsýsluréttar við samninga um slík mál. Hvorki Bandalag ríkis og bæja né fjármálaráðherra hafi gefið Félagi menntaskólakennara kost á að gæta hagsmuna sinna, þegar bókun var gerð hinn 1. júlí 1971, né ef efni hennar hefur við rök að styðjast, þegar felld voru niður sérstök laun fyrir heimavinnu við heildarsamninga í desember 1970, þó í reynd hafi verið um íþyngjandi stjórnsýslugerning að ræða. Hvorki hafi Félag menntaskólakennara fengið að kynna sér gögn, sem lögð voru til grundvallar þeim gerningi, né að gera grein fyrir máli sínu, sbr. meginreglu 1. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, og því hafi bókunin frá 1. júlí 1971 verið ógild. Þá er því haldið fram, að Félag menntaskólakennara sé réttur viðsemjandi og samningsaðili um samninga um laun fyrir heimavinnu kennara við leiðréttingu verkefna, sbr. áðurgreinda meginreglu og 6. gr. laga nr. 55/1962, og verði Félag menntaskólakennara ekki svipt gerhæfi um þau réttindi sín nema með sérstökum lögum, settum á stjórnskipulegan hátt. Því sé fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skylt að semja við Félag menntaskólakennara um greinda heimavinnu, sbr. 6. gr. laga nr. 55/1962. Ef hann vanræki þá lagaskyldu nokkurn tíma, en fullnægi henni síðar, hljóti samningar gerðir samkvæmt henni að hafa gildi aftur í tímann, frá því er skylda til að gera nýjan samning vaknaði. Þá er því að lokum haldið fram, að samkvæmt eðli máls sé ekki unnt að

semja um laun fyrir greinda heimavinnu kennara með heildarsamningum um föst laun, þar sem heimavinna leggist svo misþungt á kennarana eftir greinum, og allra þyngst á kennara í menntaskólum, þar sem verkefnin séu stærst og þyngst. Réttlætissjónarmið séu því til fyrirstöðu, að lögð sé stórlega misþung vinnuskylda á kennara eftir greinum, án þess að þess sjái stað í launum. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að nú sé byggt á því, að samningur aðiljanna frá 22. júlí 1964 sé eigi fallinn niður, enda hafi uppsögn stefnda á honum verið markleysa. Var því jafnframt lýst yfir, að stefnandi hafi hug á að segja samningnum upp.

Kröfur stefnda eru byggðar á því, að í kjarasamningi fjármálaráðherra og Kjararáðs Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 19. desember 1970 hafi verið mörkuð sú heildarstefna að fella sem mest niður hvers konar aukagreiðslur og sporslur, en taka hins vegar tillit til þess við ákvörðun fastra launa og röðun í launaflokka, hvaða skyldur fylgdu störfum manna í raun. Þegar virt sé skipting tíma, sem fara skuli til kennslu og undirbúnings kennslu, sé ekki nema eðlilegt, að samninganefnd ríkisins teldi, að þessi mikli undirbúningstími ætti að nægja kennurum til úrvinnslu skriflegra verkefna nemenda. Bókun, sem gerð hafi verið á fundi samningsaðilja hinn 23. október 1970, er samningaviðræður stóðu yfir, sýni glögglega, hvert hugur samningsaðilja hafi stefnt í þessu efni. Er bókun þessi svohljóðandi: „Úrvinnsla verkefna nemenda telst unnin í hluta þess tíma, sem verja á til undirbúnings kennslu. Athuga þarf, hvort réttlátt teljist að framkvæma þessa reglu gagnvart íslenzkukennslu.“ Er því haldið fram, að athugun sú, sem ráð sé fyrir gert í bókuninni, hafi farið fram, og hinn 19. desember 1970 hafi fyrirvarinn um íslenzkukennsluna verið felldur niður, en þá hafi verið gerð bókun sú, sem áður hefur verið rakin, en endanlega hafi ekki verið gengið frá bókuninni fyrr enn hinn 1. júlí 1971. Við endanlegan frágang bókunarinnar hafi enginn fyrirvari verið gerður af hálfu Kjararáðs Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til takmörkunar gildi hennar eða um sérstaka túlkun, er ekki leiddi beint af orðalagi hennar. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að orðalag bókunarinnar frá 1. júlí 1971 svo og málavextir allir beri það skýrt með sér, að aðiljar kjarasamningsins hafi með henni fellt alla vinnu kennara að leiðréttingum skriflegra verkefna nemenda undir aðalstarf og sé því fullgoldið fyrir þá vinnu með föstum mánaðarlaunum þeirra. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að bókunin

sé fullgild að lögum. Hún hafi verið gerð af réttum og til þess bærum aðiljum, þ. e. samninganefnd í umboði fjármálaráðherra, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1962, og Kjararáði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 55/1962. Þá fjalli bókunin um efni, sem kjarasamningur samkvæmt 5. gr. laga nr. 55/1962 skuli taka til, sbr. 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu sé ljóst, að sérsamningar um þóknun fyrir heimavinnu kennara við úrvinnslu skriflegra verkefna nemenda hafi fallið sjálfkrafa úr gildi við gerð heildarkjarasamnings, en hinar sérstöku uppsagnir samninga þessara af hálfu stefnda hafi verið gerðar til öryggis. Er bent á það af hálfu stefnda, að sérsamningur sá, sem gerður hafi verið við stefnanda, hafi verið gerður með stoð í ákvæði 6. gr. laga nr. 55/1962. Ljóst sé, að óheimilt sé að gera sérsamning um þóknun fyrir heimavinnu kennara að úrvinnslu skriflegra verkefna nemenda, vegna þess að í gildandi heildarkjarasamningi hafi verið ákveðið, að þessi vinna teldist til aðalstarfs og fyrir hana goldið með föstum launum. Það kemur fram af hálfu stefnda, að ef bókunin frá 1. júlí 1971 teljist gild að lögum, hljóti það að leiða til þess, að stefndi verði einnig sýknaður af kröfuliðum 1 og 3 í kröfugerð stefnanda svo og af 4. kröfulið, en því er mótmælt, að dómurinn geti ákveðið, að samningur, sem ekki hefur verið gerður, skuli gilda með afturvirkum áhrifum og það frá tímamarki, sem gæti verið óljóst. Er bent á það af hálfu stefnda, að verði umrædd bókun talin ógild að lögum, geti hæglega risið ágreiningur milli aðilja um það, hvernær samningurinn gekk úr gildi.

Eigi er ágreiningur um það með aðiljum, að menntaskólakennarar séu opinberir starfsmenn.

Samkvæmt 3. gr. laga um kjarsamninga opinberra starfsmanna nr. 55 frá 1962 fer Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (B. S. R. B.) með fyrirsvar ríkisstarfsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna samkvæmt lögunum.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. ofangreindra laga dæmir Félagsdómur í málum, sem rísa milli aðilja út af brotum á lögunum og ágreiningi á kjarasamningi og gildi hans. Nefnir þá B. S. R. B. dómara í Félagsdóm í stað Alþýðusambands Íslands. B. S. R. B. rekur og mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín og starfsmanna, er í hlut eiga. Þessu skilyrði er eigi fullnægt.

Þá er á það að líta, að svo kann að fara samkvæmt nefndum lögum, að kjaradeila fari til meðferðar Kjaradóms, er kveði upp endanlegan dóm um ágreiningsefnið, og kjaradeila samkvæmt lög-

unum sé því leyst án beins samnings aðilja. Þykir stefnandi ekki geta krafizt þess að fá staðfest með dómi, að stefnda sé skylt að gera nýjan samning við stefnanda, svo sem gert er í 3. lið kröfugerðar hans, enda verður að líta svo á samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna, að þetta gildi bæði um efni, sem kjarasamningur samkvæmt 5. gr. tekur til, og efni, sem kjarasamningur samkvæmt 6. gr. tekur til. Á þetta einnig við um gerða varakröfu stefnanda.

Af framangreindu er ljóst, að málatilbúnaður og kröfugerð stefnanda er með þeim hætti, að sjálkrafa ber að vísa málinu í heild frá dómi.

Málskostnaðar hefur eigi verið krafizt í málinu af stefnda, og verður hann því eigi dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu í heild er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Sératkvæði Guðmundar Jónssonar.

Með vísan til forsendna meiri hluta dómenda um 3. kröfulið stefnanda og varakröfu hans tel ég, að þeim kröfum beri að vísa sjálfkrafa frá dómi.

Dómsorð:

Lið 3 í kröfugerð stefnanda svo og varakröfu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Föstudaginn 16. nóvember 1973.

Nr. 35/1972: **Sverrir Hermannsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Karl Jónsson
Auðunn Hinriksson
Valur Júlíusson
Þorvaldur Jóhannsson og
Jón Gunnþórsson
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Steinavör h/f
(Ingi Ingimundarson hrl.)
og
Steinavör h/f
gegn
Sverri Hermannssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjönsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Sverrir Hermannsson hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1972. Krefst hann aðallega ómerkingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur Karl Jónsson, Auðunn Hinriksson, Valur Júlíusson, Þarvaldur Jóhannsson og Jón Gunnþórsson, sem hafa áfrýjað málinu með stefnu 5. maí 1972, krefjast aðallega ómerkingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. júlí 1972 á hendur aðaláfrýjanda Sverri Hermannssyni, að fengnu

áfrýjunrleyfi 6. s. m. Dómkröfur hans eru, að aðaláfrýjendur greiði óskipt kr. 159.845.00 með 8% ársvöxtum frá 27. janúar 1969 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi staðfestingar ákvæða héraðsdóms um málskostnað og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi aðaláfrýjenda.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í máli þessu sækir gagnáfrýjandi aðaláfrýjendur um greiðslu á fé vegna kaupsamnings frá 7. nóvember 1968, en samkvæmt texta hans seldi Þröstur h/f Ásgeiri h/f vélbátinn Bjarna Jóhannesson, svo sem greinir í héraðsdómi. Virðist málatilbúnaður gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda Sverri Hermannssyni á því reistur, að hann hafi eigi gert gagnáfrýjanda réttilega skil á söluandvirði, sem hann veitti viðtöku úr hendi Ásgeirs h/f. Kröfur gagnáfrýjanda gegn öðrum aðaláfrýjendum en Sverri Hermannssyni eru á því reistar, að þeim hafi eigi borið neinn réttur til söluandvirðis samkvæmt kaupsamningi þessum. Telur gagnáfrýjandi, að hann „hafi orðið eigandi þeirrar fjárhæðar, kr. 6.000.000, sem var andvirði m/b Bjarna Jóhannessonar . . .“ samkvæmt kaupsamningi 7. nóvember 1968. Grundvöllur þessarar kröfugerðar er mjög óljós, og meðal annars er afstaða gagnáfrýjanda hvarflandi til gildis kaupsamningsins frá 16. apríl 1968. Skýrslur um það, hvert sá hluti söluandvirðis rann, sem aðaláfrýjandi Sverrir Hermannsson veitti viðtöku samkvæmt kaupsamningi 7. nóvember 1968, eru óglöggar og þar á meðal, hvort eða að hverju marki aðaláfrýjendur aðrir en Sverrir Hermannsson hafi hlotið fé það, er málssóknin horfir að.

Málatilbúnaður gagnáfrýjanda þykir samkvæmt þessu miklum annmörkum háður og málið í heild vanreifað. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. febrúar 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. janúar 1972, hefur Steinavör h/f, Reykjavík, höfðað. Var málið þingfest 31. marz 1970, eftir að aðiljar höfðu komið sér saman um, að stefndu kæmu óstefndir fyrir dóminn.

Varnaraðiljar eru Karl Jónsson, Hvassaleiti 10, Reykjavík, Auðunn Hinriksson, Jörvabakka 14, Reykjavík, Valur Júlíusson, Hraunbæ 168, Reykjavík, Þorvaldur Jóhannsson, Múlavegi 17, Seyðisfirði, Jón Gunnþórsson, Firði 6, Seyðisfirði, og Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur, Granaskjóli 26, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, aðallega, að stefndu verði gert að greiða að óskiptu kr. 159.845.00 auk 1% vaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 30. desember 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu Karl og Sverrir verði dæmdir til að greiða þessar fjárhæðir að óskiptu.

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að Karl verði einn dæmdur til greiðslu þessara fjárhæða.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Til vara krefjast stefndu þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 147.845.00.

Málavextir.

Þann 16. apríl 1968 var undirritaður kaupsamningur milli Steinavarar h/f og Marar h/f í Hafnarfirði sem seljanda og félags á Seyðisfirði, sem nefndi sig „Þröst h/f", sem kaupanda. Hið selda var vélbáturinn Bjarni Jóhannesson, AK 130. Kaupverð var kr. 5.500.000.00.

Á því er byggt í málinu og óumþrætt, að Steinavör h/f hafi þá verið raunverulegur eigandi bátsins.

Þann 21. júní 1968 var gefið út afsal fyrir bátnum fyrir hönd Markúsar Þórðarsonar, Reynimel 23, Reykjavík, sem þá var þinglesinn eigandi bátsins, til Steinavarar h/f.

Þann 7. nóvember 1968 var undirritaður kaupsamningur milli „Þrastar h/f" sem seljanda og Ásgeirs h/f, Garði, Gerðahreppi, sem kaupanda um bátinn. Kaupverðið var ákveðið kr. 6.000.000.00.

Þann 22. nóvember 1968 gaf Steinavör h/f út afsal fyrir bátnum til Ásgeirs h/f.

Steinavör h/f leiðir rétt sinn yfir bátnum frá Mar h/f, sem

virðist hafa haft eignarhald á bátnum, þótt ekki hafi verið gefið út afsal til þess félags. Steinavör h/f hafði selt Mar h/f vél í bátinn. Í því sambandi varð Mar h/f stórskuldugt við Steinavör h/f og mun Steinavör h/f hafa fengið rétt Marar h/f framseldan og tekið að sér að greiða áhvílandi veðskuldir og skuldir vegna viðgerða á bátnum og geymslu.

Steinavör h/f lét hefja viðgerð á bátnum í skipasmíðastöð Bátalóns h/f. Fól félagið síðan Sverri Hermannssyni að finna kaupanda að bátnum.

Stefndi Karl Jónsson hefur skýrt svo frá, að bæjarstjórinn á Seyðisfirði, Hrólfur Ingólfsson, hafi lýst því yfir á borgarafundi á Seyðisfirði í ársbyrjun 1968, að bæjaryfirvöld væru reiðubúin til að aðstoða hvern þann, sem vildi auka atvinnu í bænum, svo sem með því að kaupa fiskibát til bæjarins. Hann kveðst hafa rætt við bæjarstjórann eftir fundinn og skýrt honum frá, að hann (Karl) hefði hug á að kaupa bát, enda fengi hann til þess bæjarábyrgð.

Síðan kveðst hann hafa haft samband við Sverri Hermannsson og ákveðið eftir það samtal að kaupa v/b Bjarna Jóhannesson á kr. 5.500.000.00.

Hann kveðst hafa talið rétt að stofna hlutafélag um útgerð bátsins. Fékk hann til fjóra kunningja sína, þá Þorvald Jóhannsson, Múlavegi 17, Seyðisfirði, Jón Gunnþórsson, Firði 4, Seyðisfirði, Val Júlíusson, Hraunbæ 168, Reykjavík, og Auðun Hinriksson, Jörvabakka 14, Reykjavík, að stofna með sér félagið. Komu þeir saman á stofnfund 7. apríl 1968 og samþykktu að stofna félagið. Félagið var aldrei skrásett.

Kaupsamningurinn milli Steinavarar h/f og Marar h/f annars vegar og „Þrastar h/f" hins vegar er svohljóðandi:

„KAUPSAMNINGUR

með staðfestu tilboði kaupanda og samþykki seljanda.

A. Tilboð kaupanda:

Við undirritaðir fyrir hönd hlutafélagsins Þrastar h.f., Seyðisfirði lofum hér með og skuldbindum okkur til að kaupa vélskipið Bjarna Jóhannesson, AK-130, ásamt öllu, sem skipinu fylgir og fylgja ber og lýst er nánar: Vélskipið Bjarni Jóhannesson, AK-130, sem er 65 brl. vélskip, smíðað í Esbjerg 1947, í eftirfarandi ástandi: Í haffæru standi, eftir úrskurði Skipaskoðunar ríkisins, sem tekur skipið út að lokinni viðgerð, en sú viðgerð skal grundvallast á skoðun Skipaskoðunar og því tilboði, sem gert hefir ver-

ið um viðgerð skipsins í framhaldi af því. Sú viðgerð og endurbætur skulu aðallega vera fólgnar í eftirfarandi: Farið hafi fram umbygging á bol, skipt um ellefu planka og kjöl, skipt um stýrishús, lagfært stefni, auk annarra atriða samkvæmt kröfu Skipaskoðunar ríkisins og fram kemur í fylgiskjali nr. 1 með samningi, dags. 1. febrúar 1968. Báturinn ísleginn og málaður allur. Í bátinn verði látin ný Rolls Royce aðalvél, 400 hestafla, sem er til staðar hjá Steinavör h/f. Rafkerfi verði allt endurnýjað. Ljósavél umbyggð. Decca radar 404 er þegar yfirfarinn á verkstæði og einnig dýptarmælirinn af gerð Simrad með hvítri botnlínu. Ljóskastari er nýr. Dekk-spil 4 tonna og netaspil yfirfarið og prófað. Ennfremur eldavél í lúkar. Allur búnaður, svo sem öryggistæki og gúmmíbátur, fulnægi kröfum Skipaskoðunar, og sama gildir um matar- og eldunaráhöld.

Tilboðsmóttakendur og seljendur skipsins, ef þeir samþykkja þetta tilboð okkar, er Mar h/f, Hafnarfirði, og Steinavör h/f, Reykjavík.

Fyrir skipið og búnað þess lofum við og skuldbindum okkur til að greiða samtals kr. 5.500.000.00 — fimm milljónir og fimm hundruð þúsund krónur 00/100 — og greiðum við kaupverðið á eftirfarandi hátt:

1. Í peningum greiðum við:

Við undirskrift samnings þessa	kr.	100.000.00
Fyrir 1. maí n. k.	—	100.000.00
Að fengnu láni úr Atvinnujöfnunarsjóði	—	150.000.00
Að fengnu lánsloforði Iðnlánasjóðs	—	150.000.00

2. Við tökum að okkur áhvílandi skuldir:

Fiskveiðasjóður	kr.	453.000.00
Stofnlánadeild	—	64.100.00
Þurrafúasjóður	—	96.000.00

3. Með væntanlegu láni úr Fiskveiðasjóði — 1.890.000.00

4. Eftirstöðvar kaupverðsins kr. 2.496.900.- greiðum við með jöfnum afborgunum á sjö næstu árum í gjalddögum 15. maí og 15. nóv. ár hvert, í fyrsta sinni 15. ágúst 1969.

   Til tryggingar skilvísri greiðslu höfuðstóls og vaxta svo og öllum þeim kostnaði, sem leiða kann af vanskilum okkar og okkur ber

að greiða að skaðlausu, lofum við að gefa út skuldabréf fyrir fjárhæðinni, sem tryggð verði með veðrétti næst á eftir Fiskveiðasjóði Íslands í skipinu Bjarna Jóhannessyni, AK-130. Greiðslu á kr. 1.500.000.00 af þessari fjárhæð ábyrgist Seyðisfjarðarkaupstaður.

Af skuld þessari lofum við að greiða 7% — sjö af hundraði — í ársvexti frá og með 1. ágúst 1968, og greiðast þeir eftir á í sömu gjalddögum og afborganirnar kr. 2.496.000.00

Samtals kr. 5.500.000.00

Fáist hærra lán úr Fiskveiðasjóði en hér er ráð fyrir gert, lækka eftirstöðvar kaupverðsins sem því nemur.

Skipið skal vera laust til fullra afnota fyrir okkur í síðasta lagi hinn 1. ágúst 1968. Aðilar leggi sig fram um, að verkinu verði flýtt sem verða má.

Við greiðum skatta og skyldur af skipinu frá og með 1. ágúst 1968, en seljendur til sama tíma, svo og hirða seljendur arð til sama tíma, en við frá sama tíma. Skal miða uppgjör skatta, skyldna, áfallinna vaxta og annarra gjalda af skipinu við 1. ágúst 1968.

Við skuldbindum okkur til að greiða þann kostnað, sem leiðir af stimplun og þinglestri skjala vegna eignaskiptanna (afsal, skuldabréf) en sölulaun greiði seljendur.

Við áskiljum okkur til að hafa mann fyrir okkar hönd, sem fylgist með framkvæmd endurbyggingar, og hefir hann rétt til að koma með athugasemdir innan þess ramma, sem samningur þessi kveður á um.

Ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar gildir, þar til eftirstöðvar kaupverðsins eru að fullu greiddar.

Verði þetta tilboð okkar samþykkt óbreytt af tilboðsmóttakendum, lýsum við því jafnframt yfir, að við undirskrift þeirra undir eftirfarandi samþykki í B-lið samnings þessa erum við skuldbundnir sem kaupendur skipsins á framangreindum grundvelli, og er þar með gjörður bindandi kaupsamningur milli okkar sem kaupenda og tilboðsmóttakenda sem seljanda.

Mál, sem rísa kunna út af tilboði þessu (A-lið), samþykki (B-lið) eða kaupsamningi í heild (A og B-lið) má reka fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu í Hafnarfirði án undangenginnar sáttatilraunar fyrir sáttamönnum. Afsal skal gefið hinn 1. ágúst

n. k. Til staðfestu öllu framanskráðu undirritum við í votta viðurvist.

Reykjavík, 16. apríl 1968.
F. h. Þrastar h/f, Seyðisfirði.
Karl Jónsson tilboðsgjafi
Auðunn Hinriksson (kaupendur)

Vitundarvottar:
Sverrir Hermannsson
Guðm. Hjartars.

B. Samþykki seljenda:

Við undirritaðir fyrir hönd Mar h/f, Hafnarfirði, og Steinavarar h/f, Reykjavík, höfum kynnt okkur rækilega framangreint kauptilboð Þrastar h/f, Seyðisfirði, á vélskipinu Bjarna Jóhannessyni, AK-130, lýsum því hér með yfir, að við erum tilboðinu samþykkir í öllum greinum þess, bæði að því er varðar lýsingu á skipinu og búnaði þess, greiðslufyrirkomulagi og öðru því, er máli skiptir um eignasöluna, og undirritum við samþykki okkar fyrir hönd Mar h/f og Steinavarar h/f til staðfestu öllu framangreindu í viðurvist votta og ítrekum það, sem segir í A-lið hér að framan, að með þessari undirskrift okkar sé gjörður bindandi kaupsamningur millum okkar sem seljanda og tilboðsgjafa sem kaupenda áðurgreinds skips.

Veðbókarvottorð liggur frammi við undirritunina, og svörum við til vanheimildar, enda selst skipið veðbanda- og kvaðalaust, þegar undan er skilið það, sem í tilboðinu í A-lið greinir. Lýsum við yfir því, að þegar kaupendur hafa fullnægt ákvæðum tilboðsins í A-lið samningsins, þá eiga þeir rétt á að fá til sín afsal fyrir skipinu. Samþykki okkar er háð því, að við tilboð Bátalóns verði staðið, dags. 7. marz s.l. Fylgiskjal merkt nr. 2.

Til staðfestu öllu framanskráðu undirritum við í votta viðurvist.

Reykjavík, 16. apríl 1968.
F. h. Mar h/f, Hafnarfirði.
Kristens Sigurðsson
Kristján Fr. Guðmundsson

F. h. Steinavarar h/f, Reykjavík,
M. Sigurjónsson
J. Guðbjartsson
tilboðsmóttakendur (seljendur)

Vitundarvottar:
Fríða Júlíusdóttir
Sverrir Hermannsson"

Greiðslur samkvæmt samningi þessum fóru þannig fram:

Þann 19. apríl 1968 voru greiddar	kr. 100.000.00
Þann 3. maí 1968 voru greiddar	— 100.000.00
Þann 3. ágúst 1968 voru greiddar	— 59.656.00
Þann 1. nóvember 1968 gaf Sverrir Hermannsson f. h. „Þrastar h/f" út skuldabréf með veði í skipinu að fjárhæð kr. 150.000.00 til Atvinnujöfnunarsjóðs. Greiddi Sverrir stefnanda það, sem kom til útborgunar af láninu þann 2. nóvember 1968.	— 147.845.00
Þann 8. nóvember 1968 greiddi Sverrir stefnanda	— 92.499.00
Samtals nema þessar fjárhæðir	kr. 500.000.00

Þann 20. maí 1968 samþykkti bæjarráð Seyðisfjarðar að leggja til við bæjarstjórn að synja um bæjarábyrgð. Var tillaga þessi samþykkt einróma á fundi bæjarstjórnar 10. júní 1968.

Af hálfu Steinavarar h/f er því haldið fram, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi „fengið pata af" því, að bæjarábyrgðin fengist ekki. Rituðu þeir „Þresti h/f" ábyrgðarbréf 30. júlí 1968 og ítrekuðu beiðni sína um, að staðfest yrði fljótlega í símskeyti, að bæjarsjóður Seyðisfjarðar tæki ábyrgð á greiðslu kaupverðs.

Af hálfu „Þrastar h/f" var bréfinu svarað 6. september 1968 og frá því skýrt, að líkur væru á, að forráðamenn Seyðisfjarðarkaupstaðar mundu ekki standa við gefnar yfirlýsingar um ábyrgð. Síðan segir í bréfinu: „Mun því Þröstur h/f kappkosta, að önnur ábyrgð komi til, sem þér metið gilda."

Karl Jónsson kveðst hafa falið Sverri Hermannssyni að reyna að finna kaupanda að bátnum, eftir að bæjarstjórn hafði endanlega neitað að veita ábyrgð bæjarsjóðs.

Var Sverri Hermannssyni veitt svohljóðandi umboð:

„Hér með gefum við undirritaðir stjórnarmeðlimir Þrastar h/f, Seyðisfirði, Sverri Hermannssyni, Granaskjóli 26, Reykjavík, fullt og ótakmarkað umboð fyrir hönd Þrastar h/f til að sjá um allt

það, sem lýtur að kaupum félagsins á m/b Bjarna Jóhannessyni, AK-130. Nær umboð þetta til lántöku vegna kaupanna og veðsetningar á skipinu til tryggingar lánum. Einnig nær umboð hans til að annast sölu á skipinu, þegar umbyggingu þess er lokið.

Skal allt það, sem nefndur Sverrir gerir í þessu sambandi, vera sem við hefðum það sjálfir gert.

Reykjavík, 19. júní 1968.
F. h. Þrastar h/f
Karl Jónsson
Auðunn Hinriksson"

Í lok októbermánaðar 1968 hafði Margeir Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Steinavarar h/f, símasamband við Ólaf Ágústsson, framkvæmdastjóra Ásgeirs h/f, og bauð bátinn til sölu. Stjórnarmenn Ásgeirs h/f skoðuðu síðan bátinn. Á sameiginlegum fundi forráðamanna Ásgeirs h/f og Steinavarar h/f náðist, að því er staðhæft er af hálfu stefnanda, samkomulag um, að Steinavör h/f seldi Ásgeiri h/f bátinn á kr. 6.000.000.00. Um þetta leyti hafði Sverrir Hermannsson símasamband við Ólaf Ágústsson. Áttu þeir fleiri símtöl og hittust til að ræða um kaupin. Sverrir Hermannsson kveðst hafa sýnt Ólafi umboð sitt frá „Þresti h/f". Ólafur kvaðst, er hann kom fyrir dóminn, ekki muna, hvort fram kom í þessum umræðum, að Sverrir teldi „Þröst h/f" eiganda bátsins, en hann kvað Sverri hafa sagt sér, að hann hefði alveg með sölu á bátnum að gera. Hann kvað snemma hafa komið fram í viðræðum við Margeir Sigurjónsson, að báturinn hefði verið seldur, en að kaupin hefðu gengið til baka.

Viðgerð á bátnum dróst nokkuð á langinn og varð miklu dýrari en aðiljar höfðu gert ráð fyrir, m. a. vegna þess að í ljós kom, þegar farið var að rífa bátinn, að báturinn þurfti meiri viðgerðar við en ætlað hafði verið.

Eftir að í ljós kom, að bæjarsjóður Seyðisfjarðar mundi ekki ganga í ábyrgð vegna bátakaupanna, skýrðu fyrirsvarsmenn Steinavarar h/f Sverri Hermannssyni frá því, að félagið vildi rifta samningnum við „Þröst h/f". Sverrir kvaðst ekki hafa umboð til að taka við riftun. Í þessu sambandi skýrðu fyrirsvarsmenn stefnanda Sverri frá því, að viðgerð hefði farið fram úr áætlun og að félagið vildi, að kaupverð til „Þrastar h/f" hækkaði af þeim sökum.

Kaupsamningurinn milli „Þrastar h/f" og Ásgeirs h/f var undirritaður á skrifstofu Sverris Hermannssonar í Reykjavík.

Samningurinn er svohljóðandi:

„KAUPSAMNINGUR
með staðfestu tilboði kaupanda og samþykki seljanda.

A. Tilboð kaupanda:

Við undirritaðir fyrir hönd hlutafélagsins Ásgeirs, Garði, Gerðahreppi, lofum hér með og skuldbindum okkur til að kaupa vélskipið Bjarna Jóhannesson, AK-130, ásamt öllu, sem skipinu fylgir og fylgja ber. Skipið er 65 brl. tréskip, smíðað í Esbjerg 1947. Skipið er nýendurbyggt hjá skipasmíðastöðinni Bátalón í Hafnarfirði, og hafa kaupendur kynnt sér rækilega núverandi ástand bátsins og sætta sig við það í einu og öllu. Báturinn er með 400 ha. Rolls Royce vél og búinn siglingatækjum og stenzt í öllu kröfur Skipaskoðunar ríkisins um búnað, enda verður skipinu skilað með haffærisskírteini. Matar- og eldunaráhöld fylgja.

Tilboðsmóttakendur og seljendur skipsins, ef þeir samþykkja þetta tilboð okkar, er Þröstur h/f, Seyðisfirði.

Fyrir skipið og búnað þess lofum við og skuldbindum okkur til að greiða samtals kr. 6.000.000.00 —sex milljónir króna 00/100— og greiðum við kaupverðið á eftirfarandi hátt:

A. Í peningum greiðum við:		
Við undirskrift samnings þessa	kr.	300.000.00
1. desember n. k.	—	200.000.00
Með væntanlegu láni úr Fiskveiðasjóði Íslands	—	2.350.000.00
2. Við tökum að okkur áhvílandi skuldir:		
Atvinnujöfnunarsjóður	—	150.000.00

3. Eftirstöðvar kaupverðsins kr. 3.000.000.00 greiðum við með jöfnum afborgunum á 10 —tíu— næstu árum í gjalddaga 1. júní og 1. september ár hvert. Hinn 1. júní ár hvert greiðist afborgun kr. 200.000.00 og vextir í hlutfalli við það, en afgangur afborgunar og vaxta hinn 1. september. Fyrsta greiðsla afborgunar og vaxta fer fram 1. júní 1969.

Til tryggingar skilvísri greiðslu höfuðstóls og vaxta svo og öllum þeim kostnaði, sem leiða kann af vanskilum okkar og okkur ber að greiða að skaðlausu, lofum við að gefa

út skuldabréf fyrir fjárhæðinni, sem tryggt verði með veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir láni Fiskveiðasjóðs Íslands kr. 2.350.000.00 og láni Atvinnujöfnunarsjóðs kr. 150.000.00 í vélskipinu Bjarna Jóhannessyni, AK-130. Auk þess verði skuld þessi tryggð með 1. veðrétti í húsinu Nýjalandi, Garði, Gerðahreppi, sem er eign Hjálmars Magnússonar. Ennfremur ganga undirritaðir aðilar, Hjálmar Magnússon, Nýjalandi, Garði, Ásgeir Hjálmarsson, Birkitúni, Garði, og Ólafur Ágústsson, Tjarnarstíg 11, Seltjarnarnesi, í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu eftirstöðvanna kr. 3.000.000.00.

Af skuld þessari lofum við að greiða 7% —sjö af hundraði— í ársvexti frá og með 15. nóvember 1968. kr. 3.000.000.00

Samtals kr. 6.000.000.00

Skipið skal vera laust til fullra afnota fyrir okkur hinn 15. nóvember n. k. og fyrr, ef fært er.

Við greiðum skatta og skyldur af skipinu frá og með 15. nóvember 1968, en seljendur til sama tíma, svo og hirða seljendur arð til sama tíma, en við frá sama tíma. Skal miða uppgjör skatta, skyldna, áfallinna vaxta og annarra gjalda af skipinu við 15. nóvember 1968.

Við skuldbindum okkur til að greiða þann kostnað, sem leiðir af stimplun og þinglestri skjala vegna eignaskiptanna (afsal, skuldabréf þ. á m. skuldabréf Fiskveiðasjóðs).

Verði þetta tilboð okkar samþykkt óbreytt af tilboðsmóttakendum, lýsum við því jafnframt yfir, að við undirskrift þeirra undir eftirfarandi samþykki í B-lið samnings þessa erum við skuldbundnir sem kaupendur skipsins á framangreindum grundvelli, og er þar með gjörður bindandi kaupsamningur milli okkar sem kaupenda og tilboðsmóttakenda sem seljanda.

Mál sem rísa kunna út af tilboði þessu (A-lið), samþykki (B-lið) eða kaupsamningi í heild (A- og B-lið) má reka fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu í Hafnarfirði án milligöngu sáttamanna. Afsal skal gefið, er kaupendur hafa fullnægt ákvæðum liðs 1 hér að framan.

Til staðfestu öllu framanskráðu undirritum við í votta viðurvist.

Reykjavík, 7. nóvember 1968.
F. h. Ásgeirs h/f
Ólafur Ágústsson
Ásgeir Hjálmarsson
Hjálmar Magnússon

Vitundarvottar:
H. Ágústsson
M. Sigurjónsson

B. Samþykki seljenda.

Við undirritaðir fyrir hönd Þrastar h/f, Seyðisfirði, höfum kynnt okkur ræki lega framangreint kauptilboð Ásgeirs h/f, Garði, Gerðahreppi, á vélskipinu Bjarna Jóhannessyni, AK-130, lýsum því hér með yfir, að við erum tilboðinu samþykkir í öllum greinum þess, bæði að því er varðar lýsingu á skipinu og búnaði þess, greiðslufyrirkomulagi og öðru því, er máli skiptir um eignasölu na, og undirritum við samþykki okkar fyrir hönd Þrastar h/f til staðfestu öllu framangreindu í viðurvist votta og ítrekum það, sem segir í A-lið hér að framan, að með þessari undirskrift okkar sé gjörður bindandi kaupsamningur millum okkar sem seljenda og tilboðsgjafa sem kaupenda áðurgreinds skips. Veðbókarvottorð liggur frammi við undirskiftina, og svörum við til vanheimildar, enda selst skipið veðbanda- og kvaðalaust, þegar undan er skilið það, sem í tilboðinu í A-lið greinir. Lýsum við yfir því, að þegar kaupendur hafa fullnægt ákvæðum tilboðsins í A-lið samningsins, þá eiga þeir rétt á að fá til sín afsal fyrir skipinu.

Til staðfestu öllu framanskráðu undirritum við í votta viðurvist.

Reykjavík, 7. nóvember 1968.
F. h. Þrastar h/f
Sverrir Hermannsson
e. u.

Vitundarvottar:
H. Ágústsson
M. Sigurjónsson"

Sverrir Hermannsson kom fram fyrir hönd „Þrastar h/f" við undirskrift samningsins. Af hálfu Ásgeirs h/f sátu fundinn Ólafur

Ágústsson, Ásgeir Hjálmarsson og Hjálmar Magnússon. Fyrir Steinavör h/f mættu Haraldur Ágústsson og Margeir Sigurjónsson og með þeim Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, sem er málflutningsumboðsmaður stefnanda í þessu máli.

Ingi Ingimundarson hefur komið fyrir dóminn og lýst því, sem gerðist á fundinum. Af hálfu stefndu hefur ekki verið vefengt, að vitnið skýri rétt frá atvikum.

Samkvæmt framburði vitnisins gerði hann í upphafi athugasemd vegna þess, að í uppkasti að kaupsamningi, sem Sverrir hafði útbúið, var „Þröstur h/f" talinn seljandi. Hann kveður Sverri hafa bent sér á, að fyrir lægi óriftaður kaupsamningur milli „Þrastar h/f" og Steinavarar h/f og að því leiddi, að ekki væri um annað að ræða en að seljandinn væri „Þröstur h/f". Hann kveðst hafa rætt þetta mál við fulltrúa Steinavarar h/f og bent þeim á, að hætta væri á, að „Þröstur h/f" krefðist söluverðsmismunarins, kr. 500.000.00. Hann kveður þá Steinavararmenn hafa sagt, að þeir teldu tvímælalaust, að söluverðsmismunurinn ætti að renna til félags þeirra. Hann kveðst hafa rætt þetta atriði við Sverri Hermannsson og látið í ljósi þá skoðun, að langeðlilegast væri, að fyrri kaupsamningnum væri formlega riftað og hann niðurfelldur, enda hefði sér skilizt, að hann væri í raun niður fallinn. Vitnið kvað Sverri hafa lýst því yfir, að umboð sitt næði aðeins til sölu á bátnum, en ekki til að rifta samningnum. Hann kvað Sverri hafa fullvissað umboðsmenn Steinavarar h/f um, að ekki kæmi til mála, að „Þröstur h/f" eða Karl Jónsson mundu gera kröfu til söluverðsmismunarins. Vitnið kveðst hafa farið fram á, að Sverrir gæfi skriflega yfirlýsingu þessa efnis. Hann kveður Sverri hafa færzt undan því. Hann kveður Sverri hins vegar hafa sagzt mundu beita sér fyrir, að ekki kæmi til slíkra krafna af hálfu „Þrastar h/f". Sérstaklega kveður hann Sverri hafa bent á, að Steinavör h/f mundi eiga kröfu á „Þröst h/f", sem mundi samsvara söluverðsmismuninum að minnsta kosti. Hann kveður endinn hafa orðið þann, að samningar voru undirritaðir á fundinum.

Sverrir Hermannsson segir aldrei hafa verið af hálfu „Þrastar h/f" gefið loforð um, að félagið bæri kostnað af viðgerð bátsins umfram tilboð. Hann kveðst sjálfur hafa lofað að beita sér fyrir, að Steinavör h/f fengi uppi borið þann kostnað við uppbyggingu bátsins, sem sýnt yrði fram á, að félagið hefði borið umfram það, sem samningar tilgreindu.

Fulltrúar Ásgeirs h/f afhentu Sverri Hermannssyni á fundinum kr. 300.000.00 í peningum og 200.000.00 króna víxil.

Ásgeir h/f gaf síðan út skuldabréf í samræmi við kaupsamninginn, og voru þau afhent Steinavör h/f án milligöngu Sverris Hermannssonar. Afsal til Ásgeirs h/f var einnig gefið út án milligöngu hans.

Daginn eftir fundinn óskaði Margeir Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Steinavarar h/f, eftir því við Sverri Hermannsson, að hann afhenti sér víxilinn frá Ásgeiri h/f. Gerði Sverrir það, en Margeir lét hann hafa annan víxil með sömu fjárhæð í staðinn, útgefinn af honum sjálfum og samþykktan af Steinavör h/f með gjalddaga 30. desember 1968.

Sverrir heldur því fram, að Margeir hafi tjáð sér, að það mundi greiða mjög fyrir Steinavör h/f í viðskiptabanka þess, ef Sverrir vildi skipta við hann á víxlum. Sverrir kveðst hafa fallizt á skiptin, þar sem Steinavör var þá að gera upp kostnað vegna umbyggingar bátsins.

Margeir hefur skýrt frá þessum skiptum þannig, að Steinavör h/f hafi legið á að selja víxilinn til að geta greitt fyrir viðgerð á bátnum. Hann kveður Sverri ekki hafa fengizt til að afhenda víxilinn, nema gegn því að annar víxill kæmi í staðinn.

Margeir heldur því fram, að Sverrir hafi lofað að láta ekki víxilinn af hendi, en fyrir það synjar Sverrir.

Sverrir gaf út ávísun að fjárhæð kr. 92.499.00 og afhenti Margeiri. Með þessu taldi Sverrir sig hafa greitt eftirstöðvar útborgunar samkvæmt 1. lið kaupsamningsins milli Steinavarar h/f og „Þrastar h/f."

Samkvæmt ósk Karls Jónssonar afhenti Sverrir Hermannsson Sigurði Jónssyni, bróður Karls, víxilinn. Krafði hann stefnanda greiðslu, er víxillinn var fallinn í gjalddaga. Margeir Sigurjónsson skýrði frá því, að víxillinn ætti ekki rétt á sér, ritaði á hann „Tryggingarv." og ráðlagði Sigurði að skila víxlinum til Sverris. Þann 27. janúar 1969 greiddi stefnandi víxilinn ásamt innheimtulaunum lögmanns, kr. 10.000.00, og kr. 2.000.00 í dráttarvexti.

Sverrir Hermannsson kveðst hafa fengið kr. 120.000.00 í sölulaun fyrir söluna til Ásgeirs h/f.

Ekki liggur fyrir í málinu, hvernig ráðstafað var þeim kr. 87.501.00, sem eftir stóðu af peningagreiðslu Ásgeirs h/f, en á því verður að byggja, að þetta fé hafi runnið til Karls Jónssonar og félaga hans.

Steinavör h/f sendi Sverri Hermannssyni reikning frá Bátalóni h/f að fjárhæð kr. 538.610.00 fyrir smíði stýrishúss, hekkboga o. fl. Sverrir sýndi forráðamönnum „Þrastar h/f" reikninginn, en

þeir höfnuðu honum. Steinavör h/f tók þá aftur reikninginn og lagði fyrir Bátalón h/f að endurskoða rekningsgerðina.

Með réttarstefnu, útgefinni 7. maí 1969, höfðaði Karl Jónsson fyrir hönd „Þrastar h/f" mál á hendur Ásgeiri h/f og Steinavör h/f, þar sem krafizt var söluverðmismunar, sem stefnandinn taldi, að Steinavör h/f hefði fengið út úr skiptum sínum við Ásgeir h/f. Máli þessu var einnig beint gegn Ásgeiri h/f. Undir rekstri málsins kom fram greinargerð frá Bátalóni h/f um það, að viðgerð umfram tilboð hefði kostað kr. 798.386.00. Var málinu vísað frá dómi 24. október 1969 á þeim grundvelli, að félagið „Þröstur" hefði ekki verið löglega stofnað hlutafélag.

Þann 25. nóvember 1969 höfðaði Karl Jónsson nýtt mál á hendur Steinavör h/f, eftir að hann hafði fengið framseldar kröfur félagsins með yfirlýsingu allra félagsmanna.

Meginmálsástæða Karls var sú, að Steinavör h/f hefði tileinkað sér á ólögmætan hátt hluta af kaupverði m/b Bjarna Jóhannessonar, sem hefði átt að renna til félaga hans.

Meginástæða stefnda var sú, að „Þröstur h/f" hefði aldrei verið löglega stofnað hlutafélag og hefði því aldrei orðið til og gæti ekki átt réttindi. Þessi ályktun var studd við 10. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög.

Kveðinn var upp dómur í málinu 31. marz 1971.

Dómurinn féllst á sýknukröfu stefndu og meginmálsástæðu þeirra.

Í dóminu segir svo m. a. í niðurstöðu:

„Selji maður félagi eign, eftir að stofnsamningur um hlutafélag hefur verið gerður, en aldrei verður af, að félagið verði skráð, og hafi samningurinn að einhverju eða öllu leyti verið efndur, verður ljóst af framansögðu, að eigendaskipti hafa ekki orðið. Þeir, sem að hinum ógilda samningi stóðu fyrir hönd félagsins, verða ábyrgir gagnvart seljandanum samkvæmt grundvallarreglu 25. gr. laga nr. 7 frá 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Þegar þannig hagar til, getur seljandinn valið um, hvort hann heldur kaupverðinu eða tekur hið selda aftur, en ekki getur hann haldið hvoru tveggja. Í ljósi þessa verður að virða skipti málsaðilanna.

Á því verður að byggja, að forráðamenn Steinavarar h/f hafi ekki komizt að því, að félagið „Þröstur" var ekki löglega skrásett, fyrr en eftir að „Þröstur h/f" hafði höfðað mál á hendur Steinavör h/f. Af málflutningi Steinavarar h/f verður ráðið, svo ekki verður um villzt, hver afstaða félagsins er í þessu efni, þar sem

á því er byggt, að félagið hafi sjálft selt skipið og gert upp við stefnanda eins og kaupin gengju til baka."

Auk þeirrar meginmálsástæðu stefndu, sem dómurinn var byggður á, héldu stefndu því fram í málinu, að þó að talið yrði, að samningur Steinavarar h/f og „Þrastar h/f" væri gildur, væri hann niður fallinn vegna vanefnda, svika og brostinna forsendna. Því var haldið fram, að stefnandi hefði gefið rangar upplýsingar við samningsgerð á þá leið, að ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar væri fyrir hendi, að hann hefði leynt því, er bæjarstjórnin hafnaði beiðni hans um bæjarábyrgð. Því var og haldið fram, að það hafi verið forsenda fyrir því, að Steinavör h/f gerði kaupsamning við „Þröst h/f", að félagið væri löglega stofnað, að bæjarábyrgð fengist og að kaupverðið hækkaði, ef viðgerðarkostnaður færi fram úr því, sem gert var ráð fyrir. Allar þessar forsendur töldu stefndu, að hefðu reynzt rangar.

Enn var á því byggt, að talið yrði, að samningur hefði komizt á milli Steinavarar h/f og „Þrastar h/f", hafi hann fallið niður með þeim hætti, að Steinavör h/f hafi riftað honum í verki. Þá var því haldið fram, að kaupsamningurinn hefði ekki stofnað eignarétt til handa félagi stefnanda yfir skipinu og að eignarrétturinn hefði fyrst flutzt af hendi Steinavarar h/f, er það félag gaf út afsal, og þá millilíðalaust til Ásgeirs h/f.

Að endingu var á því byggt til vara, að stefnandi ætti enga kröfu til söluhagnaðar, þar sem enginn ágóði hefði orðið.

Töldu stefndu, að krafa Steinavarar h/f vegna viðgerða umfram tilboð hlyti að koma til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda.

Sverrir Hermannsson hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að honum hafi ekki verið kunnugt um, að „Þröstur h/f" var ekki löglega stofnað hlutafélag, fyrr en eftir að til málaferla var komið. Hann kvað Karl Jónsson hafa sýnt sér fundargerð stofnfundar „Þrastar h/f" og lýst því yfir, að félagið væri löglega stofnað og skráð. Hann kveðst hafa skýrt þrem stjórnarmönnum Steinavarar h/f frá því á fundi með þeim 3. janúar 1969, að sér væri ekki lengur stætt á að afhenda ekki réttum eiganda víxilinn. Hann kvað sér hafa verið ókunnugt um samskipti Ásgeirs h/f og Steinavarar h/f fyrir þann tíma, er hann hóf viðræður um kaupin við fyrirsvarsmenn Ásgeirs h/f.

Samkvæmt skýrslu Sverris var honum kunnugt um, að „fljótlega komu vomur á framámenn Seyðisfjarðarkaupstaðar að standa við fyrri yfirlýsingar sínar um bæjarábyrgð."

Stefnandi hefur gert tölulega grein fyrir kröfum sínum, eins og hér segir:

„1968

apr.	19.	Inn:	Innborgun v/Sverrir Hermannsson		100.000.00
maí	3.	—	do. — sama —		100.000.00
ág.	30.	—	do. v/Útvegsb. Ísl. Seyðisf.		59.656.00
nóv.	2.	—	Lán v/Atvinnujöfnunarsjóðs		147.845.00
—	12.	—	Víxill pr. 30/12 1968. Samþ. Ásgeir h.f. Garði		200.000.00
—	8.	—	Innborgun v/Sverrir Hermannsson		92.499.00
—	8.	Út:	Ásgeir h.f., Garði, greiðir Sverri Hermannssyni, R. (kr. 300.000.00 kontant og kr. 200.000.00 víxill pr. 30/12 1968) millifærsla 500.000.00		
des.	31.	—	Atvinnujöfnunarsjóðslán millifært kredit Ásgeir h.f., Garði	147.845.00	
—	31.	—	Mismunur	52.155.00	
				700.000.00	700.000.00
		1969			
jan.	1.	Inn:	Inneign frá fyrra ári		52.155.00
—	27.	Út:	Greiddur víxill og kostn. til Árna Guðjónssonar, lögfr.	212.000.00	
				Skuld kr.	159.845.00“

Málsástæður.

Stefnandi byggir á því, að honum beri mismunur á söluverði bátsins. Hluta þess fjár telur hann stefndu hafa komizt yfir, telur hann, að þeim beri að standa honum skil á því. Í þessu efni telur stefnandi, að aðstaða stefndu sé hin sama og þess, sem kemur fram sem umboðsmaður annars manns, að þeir ábyrgist samkvæmt 25. gr. laga um samningsgerð umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, að þeir hafi nægilegt umboð.

Að því er varðar víxilinn, er sérstaklega á því byggt, að stefndu hafi bakað sér ábyrgð með því að ráðstafa honum á ólögmætan hátt.

Af hálfu hinna stefndu er byggt á því, að þeir, aðrir en Sverrir Hermannsson, hafi átt rétt á söluverðmismun, enda hafi kaup-

um ekki verið riftað og ósannað, að stefnanda hafi verið lofað mismuninum.

Einnig er á því byggt, að stefnandi hafi tekið við fullnaðaruppgjöri án fyrirvara um, að þeir ættu meira inni. Þannig halda stefndu því fram, að hafi stefnandi einhvern rétt átt, hafi sá réttur glatazt fyrir vangeymslu.

Að því er varðar innheimtulaun, er á því byggt sérstaklega, að stefnanda hafi borið að greiða víxilinn á gjalddaga og að hann verði að bera hallann af því, að hann hefur brugðizt þeirri skyldu.

Loks er því haldið fram, að kröfu stefnanda í þessu máli hefði átt að gera sem gagnkröfu í máli Karls Jónssonar gegn Ásgeiri h/f og Steinavör h/f.

Álit dómsins.

Ekki verður fallizt á það með stefnanda, að 25. gr. samningalaganna eigi við atvik í þessu máli. Ákvæðið lýtur að ábyrgð umboðsmanns, þegar hann kemur fram án þess að hafa nægilegt umboð. Hins vegar er ekki í ákvæðinu fjallað um ábyrgð umboðsmannsins, þegar umbjóðandinn er ekki til.

Eigi að síður kemur til álita að beita lögjöfnun. Í ákvæðinu virðist felast sú regla, að umboðsmanninum beri að greiða efndabætur, ef viðsemjandi verður fyrir tjóni vegna umboðsskortsins. Kröfugerð stefnanda er ekki þannig upp byggð, að hann krefji stefndu bóta fyrir tjón af því, að samningurinn var ekki efndur, enda tæpast um slíkt tjón að ræða, heldur byggist krafa þeirra á því, að stefndi Sverrir hafi ranglega ráðstafað fé, sem hann tók við fyrir hönd Steinavarar h/f, og að aðrir þeir, sem stefnt er, eða Karl Jónsson fyrir þeirra hönd hafi ranglega tileinkað sér þetta fé.

Verður málið dæmt á þeim málsástæðum, sem fram hafa komið af hálfu stefnanda í samræmi við 113. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Samkvæmt stöðu sinni var Sverrir Hermannsson umboðsmaður Steinavarar h/f sem seljanda og Ásgeirs h/f sem kaupanda við bátakaupin. Því fé, sem hann tók við af kaupanda til greiðslu kaupverðs, bar honum að skila til seljanda.

Á því verður að byggja, að Sverri hafi verið ókunnugt um, að „Þröstur h/f" var ekki löglega stofnað hlutafélag. Kaupsamningur hafði verið gerður milli „Þrastar h/f" og Ásgeirs h/f með vitund og samþykki Steinavarar h/f.

Hins vegar var Sverri kunnugt um, að „Þröstur h/f" hafði ekki fengið afsal fyrir bátnum eða uppfyllt að öllu leyti skilyrði til að

fá afsal, þannig að félagið gat ekki verið óskoraður eigandi bátsins. Honum var kunnugt um, að bæjarábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar var ekki fyrir hendi og að Steinavör h/f taldi, að félaginu bæri það fé, sem kæmi fyrir bátinn frá Ásgeiri h/f, en að „Þröstur h/f" ætti að fá endurgreitt það fé, sem greitt hafði verið upp í kaupverð til Seinavarar h/f.

Með hliðsjón af þessu og því, sem fram kom í umræðu á fundinum, þegar kaupsamningur til Ásgeirs h/f var undirritaður, verður að telja, að rétt hefði verið af Sverri að koma fénu í geymslu á sérstökum reikningi í Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands, sbr. 5. gr. laga 11/1961 og 5. gr. laga 12/1961, þar sem féð hefði legið á vöxtum, þar til úr ágreiningi aðiljanna var leyst.

Að því er sérstaklega varðaði víxilinn frá Ásgeiri h/f, bar Sverri að taka við greiðslu samkvæmt honum og fara með það fé á sama hátt.

Með því að afhenda öðrum hvorum, Karli Jónssyni og félögum hans eða Steinavör h/f, tók Sverrir á sig áhættuna af því, að viðtakandinn reyndist ekki eiga rétt á þeim verðmætum. Afhending víxilsins frá Ásgeiri h/f til Steinavarar h/f reyndist ekki þannig koma að sök. Úr því að víxillinn var afhentur, verður að telja, að rétt hafi verið að krefja Steinavör h/f um annan víxil til tryggingar. Hins vegar reyndist það rangt að ráðstafa víxlinum til Karls Jónssonar og félaga hans eða skuldheimtumanns þeirra.

Samkvæmt framansögðu ber stefndi ábyrgð á skilum til Steinavarar h/f á þeim fjármunum, sem hann tók við af Ásgeiri h/f. Eftir atvikum þykir hins vegar ekki rétt, að Sverrir standi Steinavör h/f skil á kostnaði og dráttarvöxtum vegna víxilinnheimtu á hendur Steinavör h/f, enda hefði Sverri verið rétt, eins og á stóð, að innheimta víxilfjárhæðina hjá Steinavör h/f með dráttarvöxtum og aðstoð lögmanns, ef því var að skipta. Ber Sverri þannig aðeins að greiða stefnanda kr. 147.845.00. Vextir þykja hæfilega ákveðnir miðað við vexti af geymslufé 7% ársvextir. Enn fremur ber honum að greiða málskostnað, eins og síðar greinir.

Á því verður að byggja, að fé það, sem Sverrir Hermannsson tók við frá Ásgeiri h/f, hafi runnið til þeirra, sem með honum er stefnt í málinu, annað en það, sem greitt var til Steinavarar h/f, og að Karl Jónsson hafi tekið við fénu í umboði félaga sinna. Í því sambandi skiptir ekki máli, að hluti fjárins rann til greiðslu á sölulaunum Sverris Hermannssonar, sem virðist hafa verið umsamið milli hinna stefndu.

Hinum stefndu, öðrum en Sverri Hermannssyni, var kunnugt

um þann annmarka, sem var á stofnun félagsins og sem leiddi til þess, að félagið gat ekki öðlazt rétt yfir bátnum. Það var því réttarbrot gagnvart Steinavör h/f að taka við fénu og að ráðstafa víxlinum, til að hann yrði innheimtur hjá Steinavör h/f.

Ber stefndu því að greiða Steinavör h/f fé það, sem þeir hafa lagt undir sig, ásamt dráttarvöxtum og bætur vegna þess tjóns, sem stefnandi hefur orðið fyrir af þessum sökum, þar á meðal vegna víxilinnheimtunnar, sbr. til hliðsjónar 49. gr. víxillaganna nr. 93 frá 1933.

Ber hinum stefndu, öðrum en Sverri Hermannssyni, þannig að greiða stefnanda að óskiptu kr. 159.845.00.

Vextir þykja hæfilega ákveðnir 8% ársvextir frá 27. janúar 1969 til greiðsludags.

Telja verður, að stefnanda hafi verið rétt að höfða mál þetta sem sjálfstætt mál, enda eru aðiljar hér ekki hinir sömu og í málinu nr. 339/1969.

Stefnandi virðist ekki með viðtöku fjár úr hendi Sverris Hermannssonar 8. desember 1969 eða með öðrum hætti hafa geymt þannig réttar síns, að varða eigi missi réttinda.

Með þessum athugasemdum þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Benedikt Sveinsson hæstaréttarlögmaður og Ágúst Flygenring framkvæmdastjóri.

Dómsorð:

Stefndu Karl Jónsson, Auðunn Hinriksson, Valur Júlíusson, Þorvaldur Jóhannsson og Jón Gunnþórsson greiði stefnanda, Steinavör h/f, að óskiptu kr. 159.845.00 með 8% ársvöxtum frá 27. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Stefndi Sverrir Hermannsson greiði stefnanda, Steinavör h/f, að óskiptu með stefndu Karli, Jóni, Þorvaldi, Auðunni og Val kr. 147.845.00 með 7% ársvöxtum frá 27. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. nóvember 1973.

Nr. 105/1972: **Einar Hallmundsson og Rúnar Guðmundsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ragnari Jónatanssyni f. h. ófjárráða sonar, Ómar Ragnarssonar, og gagnsök.
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Stefnan var birt gagnáfrýjanda 2. október 1972. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. október 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 1.084.653.00 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og hefur einnig fengið gjafvörn hér fyrir dómi með leyfi 27. febrúar 1973.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Af bréfum dr. Guðmundar Björnssonar augnlæknis frá 28. júní 1971 og 3. nóvember 1973 má ráða, að læknirinn telji slysið hafa getað orsakazt með þeim hætti, að járnteinn hafi rekizt í opið augað og sprengt það, án þess að um frekari áverka hafi verið að ræða.

Samkvæmt því, sem greinir í héraðsdómi, þykir mega fallast á, að drengurinn Ómar Ragnarsson hafi hlotið áverkann á augað af járnteini, sem staðið hafi upp úr sökkulvegg. Mikil

hætta stafaði af járnteinunum. Framkvæmdir í grunninum höfðu að mestu stöðvazt haustið 1965, en slysið varð hinn 5. febrúar 1966.

Aðaláfrýjendur gerðu engar ráðstafanir til að draga úr hættunni, t. d. með því að beygja teinana út af, og alveg létu þeir undir höfðu leggjast að setja upp varúðarmerki. Að svo vöxnu máli og þegar litið er til ógætni drengsins, sem var 9 ára, þykir rétt, að aðaláfrýjendur bæti tjón af slysinu að ⅔ hlutum.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur enn samið nýjan tjónsreikning, dags. 26. marz 1973, og hefur hann verið lagður fram í Hæstarétti. Vegna breytinga á kaupgjaldi, sem orðið hafa frá síðasta tjónsreikningi, og með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem nú séu fyrir hendi um tekjur kvæntra verkamanna og iðnaðarmanna á árunum 1962—1971, reiknar tryggingafræðingurinn verðmæti tapaðra vinnutekna gagnáfrýjanda á slysdegi kr. 1.097.092.00, ef miðað sé við tekjur verkamanna, en kr. 1.069.135.00, séu tekjur iðnaðarmanna lagðar til grundvallar.

Kröfur gagnáfrýjanda eru sundurliðaðar í héraðsdómi. Þykir örorkutjón hans hæfilega ákveðið kr. 650.000.00, og er þá m. a. haft í huga, að líkindareikningar tryggingafræðingsins eru miðaðir við 7% ársvexti. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um kröfuliði 2—4.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjendum ber óskipt að bæta gagnáfrýjanda kr. 772.700.00 (650.000.00 + 120.000.00 + 2.700.00) að ⅔ hlutum, þ. e. kr. 515.133.30 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags. Þá greiði aðaláfrýjendur óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 160.000.00 og renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 150.000.00.

Málið var dómtekið að loknum málflutningi 30. júní 1971 og síðan endurupptekið til munnlegs málflutnings hinn 10. marz 1972, þar sem héraðsdómari kveður sér eigi hafa unn-

izt tími til að leggja dóm á það. Er þessi dráttur á málinu aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Einar Hallmundsson og Rúnar Guðmundsson, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Ragnari Jónatanssyni f. h. ófjárráða sonar, Ómars Ragnarssonar, kr. 515.133.30 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags.

Þá greiði og aðaláfrýjendur óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 160.000.00, sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 150.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 27. marz 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. marz 1968 af Ragnari Jónatanssyni, Löngubrekku 39, Kópavogi, f. h. ófjárráða sonar síns, Ómars að nafni, á hendur Einari Hallmundssyni, Þinghólsbraut 43, Kópavogi, og Rúnari Guðmundssyni, Grænuhlíð 19, Reykjavík, in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 573.614.00 með 8% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefnanda var veitt gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1968.

Við munnlegan flutnings málsins breytti stefnandi með samþykki stefnda kröfugerð sinni til hækkunar þannig, að hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.084.653.00 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og jafnframt að lögmanni sínum verði dæmd hæfileg talsmannslaun úr ríkissjóði.

Af hálfu stefndu er krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum

stefnanda í málinu og að þeim verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Samkvæmt frásögn í stefnu eru málsatvik þau, að hinn 5. febrúar 1966, að kvöldi, var drengurinn Ómar Ragnarsson, Löngubrekku 39 í Kópavogi, fæddur 3. janúar 1957, að leik ásamt fleiri börnum í nágrenni við heimili sitt, þ. á m. léku þau sér í og við grunn hússins nr. 41 við Auðbrekku í Kópavogi, en hús þetta var þá í byggingu og eign stefndu. Steypustyrktarjárn stóðu upp úr veggjum í grunni hússins, og rakst drengurinn á eitt þeirra með þeim afleiðingum, að hægra auga hans sprakk, og varð að nema það burt. Lögreglan í Kópavogi kom á staðinn og framkvæmdi vettvangsrannsókn, en áður en lögreglumenn fóru af vettvangi, beygðu þeir niður járnteina, er stóðu upp úr grunni hússins og hætta stafaði af.

Örorka Ómars vegna missis augans hefur verið metin 25%, og er krafa stefnanda byggð á útreikningum samkvæmt því svo og öðru tjóni, sem nánar er gerð grein fyrir í greinargerð.

Lögreglan í Kópavogi var kvödd á vettvang vegna slyssins, og segir svo í frumskýrslu, gerðri af Guðjóni Ásberg Jónssyni varavarðstjóra:

„Laugardaginn 5. febrúar 1966, kl. 17.45, var hringt frá slökkvistöðinni og tilkynnt um slys í Auðbrekku 39. Undirritaður ásamt lögregluþjóni nr. 11 fór á staðinn, og kom sjúkrabifreið í sömu svifum, og var hinn slasaði, Ómar Ragnarsson, Löngubrekku 39, fæddur 3. 1. 1957, fluttur á Hvítabandið, þar sem taka varð úr honum augað vegna áverka, sem hann hafði hlotið. Móðir Ómars fór með honum í sjúkrabifreiðinni.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslum vitna, mun Ómar hafa verið að leikjum ásamt fleiri drengjum milli Auðbrekku og Löngubrekku, og benda allar líkur til, að hann hafi dottið á leið sinni yfir sökkla húss nr. 41 við Auðbrekku og lent með augað á steyputeini, sem stóð upp úr sökklum milliveggja í suð-vesturhorni hússins.

Eins og fram kemur á ljósmyndum lögregluþjóns nr. 2, Ásmundar Guðmundssonar, sem kallaður var á staðinn til ljósmyndunar og aðstoðaði við vettvangsrannsókn, er ofannefndur grunnur fylltur með rauðamöl jafnhátt sökklum og nagldregnu mótatimbri verið kastað óreglulega inn í grunninn. Einnig hefur nokkru magni verið rakkað utan við grunninn að sunnanverðu undir háum moldarbakka.

Upp úr sökklum á suðurhlið, og þar sem milliveggir og súlur

koma, standa þéttir steyputeinar upp úr sökklum, og eru þeir að nokkru huldir, þar sem timbrið er.

Félagar Ómars, sem með honum voru í leik, þegar slysið varð, bentu okkur á staðinn, þar sem hann hafði dottið. Lá þar skammt frá spýta, sem þeir sögðu hann hafa haft fyrir hest. Milli hennar og sökkla milliveggja hafði Ómar legið og snúið til suðurs. Hafði þar verið rótað til mölinni, og var að sjá sem sandur hefði strokizt af lausu borði, sem lá þar þvert á milliveggjinn. Við hlið borðsins var einn steyputeinninn sveigður 25 cm lárétt til norðurs og þar 20 sm lóðrétt. Var að sjá sem á enda hans væri frosinn vökvi og greinilegur dropi 5 cm frá oddi. Við athuguðum enda annarra teina, en þeir voru allir hreinir og þurrir að sjá. Höfðum við nefndan tein á brott með okkur og létum rannsaka, hvort blóð væri á honum. Guðmundur Erlendsson, rannsóknarlögreglumaður, framkvæmdi rannsóknina, og reyndist vökvi ekki innihalda blóð.

Við nánari athugun í björtu fundust blóðblettir á umbúðakrossviði, sem var austur af milliveggnum í stefnu fyrir hornið á honum og að stað þeim, sem vitni tóku við Ómari upp úr grunninum.

Ekki voru til staðar neins konar hindranir eða merkingar, er gæfu til kynna, að umferð væri hættuleg yfir nefnda sökkla.

Vegna mikils fjölda barna í nágrenni við slysstaðinn og til að fyrirbyggja fleiri slys stigum við steyputeinana niður, áður en við yfirgáfum staðinn."

Mánudaginn næsta á eftir komu vitni fyrir Ingiberg Sæmundsson aðalvarðstjóra.

Gunnar Geirmundsson, Ásbraut 7, Kópavogi, og Hilmar Haraldsson, Langagerði 22, Reykjavík, skýra svo frá:

„Síðastliðinn laugardag kl. rúmlega 17 vorum við að vinna í iðnaðarhúsinu á Auðbrekku 39. Við heyrðum þá barnsgrát fyrir utan og gerðum okkur strax grein fyrir því, að eitthvað hefði komið fyrir. Fórum við þá út að athuga þetta. Sáum við þá dreng, sem var að komast út af húsgrunni nr. 41 við Auðbrekku, og virtist hann ætla þvert yfir á Löngubrekku. Við sáum, að blæddi talsvert úr andliti hans, svo að við tókum hann með okkur inn til okkar. Sáum við strax, að sár hans leit út fyrir að vera hættulegt, svo við hringdum á sjúkrabifreið. Sagði drengurinn okkur, að hann hefði dottið í grunninum, en hann virtist ekki geta gert sér grein fyrir því, á hvað hann hefði dottið."

Drengurinn, Gissur Þór Ágústsson, Löngubrekku 30, fæddur 19. nóvember 1958, skýrir svo frá:

„Ég var að leika mér á grunninum og við hann og þrír aðrir

strákar. Við vorum í njósnaraleik. Allt í einu sá ég, að Ómar datt framyfir sig og höfuðið niður að jörð. Hann kallaði til okkar og bað okkur að sækja mömmu sína. Ég sá líka að hann var að þreifa í kringum sig og sagðist hafa týnt auganu sínu. Ég held, að hann hafi dottið á vír eða járntein, sem stóð upp úr grunninum, en ég sá það ekki sjálfur. Hann lá nokkra stund þarna og stóð svo upp, þegar menn komu úr húsi við hliðina og hjálpuðu honum. Gekk hann á móti þeim."

Jón Þröstur Hauksson, Álfhólsvegi 31, fæddur 13. ágúst 1957, skýrir svo frá:

„Ég var að leika mér með öðrum strákum við grunninn, þar sem Ómar meiddi sig. Þegar þetta vildi til, stóð ég uppi á hól hjá grunninum og sá, þegar hann datt fram yfir sig. Kallaði hann þá til mín og bað mig að sækja mömmu sína, því hann væri búinn að týna auganu sínu. Ég fór þá strax heim til hans og sá þess vegna ekki staðinn, þar sem hann datt. Þegar ég kom til baka, var hann að fara frá mönnunum, sem hjálpuðu honum fyrst. Þegar lögregluþjónarnir komu, mundi ég, hvar staðurinn var, sem hann datt á, og vísaði ég þeim á staðinn."

Hinn 17. febrúar, 10 dögum seinna, kemur Ómar Ragnarsson fyrir aðalvarðstjórann og gefur eftirfarandi skýrslu:

„Ég var að leika mér þarna með öðrum strák, sem heitir Jón Þröstur, og einum, sem heitir Gissur. Ég var á Auðbrekkunni, en Jón Þröstur var hinum megin við grunninn, og ætlaði ég að fara yfir til hans. Ég var með spýtu, sem ég hafði fyrir hest, og fór yfir grunninn. Þá rak ég annan fótinn í borð, sem var þarna, og datt á hnén, og ég held, að ég hafi komið niður með hendurnar, en ég datt ekki flatur. Ég stóð strax upp og gekk til manna, sem voru þarna rétt hjá. Ég fór með þeim inn í verksmiðju, þar sem þeir voru að vinna. Þeir hringdu strax í sjúkrabíl og hlynntu að mér, meðan beðið var eftir bílnum. Mamma kom þarna til mín, því Jón Þröstur sótti hana. Fylgdi hún mér á slysavarðstofuna og síðan upp á spítala.

Ég gat ekki áttað mig á, hvað það var, sem fór upp í augað á mér, en þegar ég kom aftur heim, gat ég áttað mig á staðnum, þar sem ég datt. Í dag sýndi ég lögreglumanni, sem kom heim, staðinn, en þá var búið að færa til eitthvað af timbrinu."

Hinn 24. febrúar 1966 kemur stefndi Einar Hallmundsson fyrir sakadóm Kópavogs. Í skýrslu hans segir svo:

„Mættur kveðst aðspurður vera eigandi að húsgrunni að Auðbrekku 41 ásamt Rúnari Guðmundssyni, Grænuhlíð 19, Reykja-

vík, en jafnframt sé hann trésmíðameistari við bygginguna. Mættur kveður vera búið að steypa upp sökkulveggi og fylla grunninn slétt upp með rauðamöl, en hins vegar sé ekki búið að steypa plötu. Í grunninum kveður mætti vera tvö bílhlöss af timbri, sem lá þarna óstaflað. Mættum eru sýndar ljósmyndir af vettvangi slyss þess, er hér um ræðir. Kveður hann vegg þann, er umræddur teinn gengur upp úr, vera sökkulvegg við lyftugryfju og sé sú gryfja full af timbri. Mættur kveður mjög örðugt yfirferðar yfir allan grunninn vegna timburs. Hann kveður fyllt alveg að grunninum þannig, að ekki sé erfitt að komast að honum. Hins vegar telur hann, að enginn myndi stytta sér leið yfir þennan grunn. Mættur telur, að teinn sá, er talið er, að drengurinn hafi fallið á, hafi verið beygður í núverandi stöðu af börnum. Mættur kveður enga hindrun hafa verið byggða í kringum húsgrunn þennan, enda sé illmögulegt að koma upp heldri hindrun í kringum slíkan húsgrunn. Ekki kveðst mættur hafa orðið var við, að börn væru að leik í grunninum. Hann kveður sig og hinn eigandann hafa litið þangað öðru hverju, en þó ekki reglulega.

Mætti kveður ástand grunnsins hafa verið eins og það er nú frá því s.l. haust, en þeir hafi orðið að hverfa frá því ráði að steypa plötuna vegna frosta.

Mættur telur aðspurður, að frágangurinn á steyputeinunum í umræddum húsgrunni sé venjulegur, enda eigi þessir teinar að ganga upp í vegg, sem komi ofan á, og geti það verið eyðilegging að beygja þá niður."

Verða nú raktir í aðalatriðum framburðir aðilja og vitna hér fyrir dóminum:

Guðjón Ásberg Jónsson varðstjóri kemur fyrir bæjarþingið 28. maí 1969.

Hann kveðst staðfesta frumskýrslu sína um slysið sem rétta í alla staði eftir beztu þekkingu og samvizku.

Aðspurður kveðst hann hafa gert skýrsluna eftir eigin athugunum, sem færðar voru í minnisbók á staðnum, og hafi hann vélritað hana og undirritað einum eða tveimur d.ögum eftir slysið, að hann bezt minnir.

Vitnið kveður, að samkvæmt ákvæðum í byggingarsamþykkt Kópavogs sé sú skylda lögð á húsbyggjendur að hindra umferð um byggingarsvæði, ef slík umferð telzt hættuleg. Fylgist lögreglan með því eftir atvikum, að þessu ákvæði sé framfylgt. Aðspurt kveðst vitnið ekki vita til þess, að af lögreglunnar hálfu hafi stefndu verið bent á, að hætta stafaði af húsgrunni þeirra og þar vantaði

viðvörunarmerki eða umferðartálmanir, enda hafi ekki verið augljóst af götunni, að þarna væri um byggingarframkvæmdir að ræða.

Vitnið kveðst álíta, að hefði lögreglu verið kunnar aðstæður þarna í húsgrunninum, hefði húsbyggjendum skilyrðislaust verið bent á að bæta þar um með því að beygja niður járnbútana, sem upp úr stóðu. Vitnið kveðst álíta, að ekki hefði komið að nokkru gagni til að bægja frá umferð, þótt sett hefðu verið upp viðvörunarskilti á staðnum, enda væri slíkt aldrei gert, að það bezt veit.

Vitnið kveður, að þar sem í lögregluskýrslu sinni sé talað um blóðbletti á umbúðakrossvið, sé um að ræða athugun á vettvangi daginn eftir slysið. Hafi þessi krossviður bersýnilega fokið þarna niður einhvers staðar að og hafði líklega legið þarna lengi. Það kveður enga rannsókn hafa farið fram um það, hvort umræddir blettir væru blóðblettir, heldur væri það álit sitt og þeirra, sem þarna fjölluðu um, að svo hefði verið.

Vitnið kveður, að vettvangsskoðunin hafi m. a. beinzt að því að finna hugsanlegan slysstað og það, sem hefði valdið áverkanum á auga drengsins. Eftir sérstaka athugun á þessu hefði ekkert annað fundizt en nefndur teinn, sem hugsanlega gat hafa valdið þessum áverka, að áliti vitnisins.

Magnús Emilsson lögreglumaður kemur sama dag fyrir bæjarþingið sem vitni.

Hann kveðst hafa farið á slysstaðinn ásamt Guðjóni Ásberg Jónssyni varðstjóra til þess að gera athuganir og vettvangsskoðun. Hann kveður, að tveir drengir hafi bent þeim lögreglumönnunum á stað í grunninum nr. 41, sem drengurinn hefði legið á. Eftir töluverðar athuganir á vettvangi hafi ekkert fundizt, sem hugsanlega gat hafa valdið þessum áverka á auga drengsins, að áliti vitnisins, nema steypustyrktarteinn, sem var rétt hjá þeim stað, sem drengirnir bentu á, en á þessum teini var einhver storkinn vökvi, sem vitnið áleit, að gæti verið blóð.

Vitnið telur, að hefði komið fram kvörtun um búnað í húsgrunni þessum, hefði lögreglan vafalaust hlutazt til um aðgerðir af hálfu húsbyggjenda í öryggisskyni, en tæplega annars.

Ásmundur Guðmundsson varðstjóri kemur fyrir bæjarþingið sem vitni 4. júní 1969.

Hann kvaðst hafa tekið ljósmyndir þær, sem fram hafi verið lagðar í málinu, og unnið þær að öllu leyti. Hefðu myndirnar verið teknar á vettvangi um eða innan við klukkustund eftir slysið.

Hann kveðst hafa farið á slysstaðinn með lögreglumönnunum Guðjóni Ásberg Jónssyni og Magnúsi Emilssyni, sem höfðu þá

rétt áður gert frumrannsókn á tildrögum slyssins, m. a. með því að spyrja vitni þau, sem til hafði náðst, en þau voru farin af staðnum, er vitnið kom þangað. Eftir upplýsingum lögreglumannanna tveggja hóf hann ásamt þeim sérstaka athugun á þeim stað, sem vitnin höfðu bent á sem slysstað. Beindist athugun sérstaklega að steyputeinum, sem stóðu upp úr hinum steyptu veggjum grunnsins, og þá einkum að einum teinanna, en á honum var frosinn dropi af einhverjum vökva, en á öðrum teinum voru engin merki, sem hugsanlega stóðu í sambandi við slysið. Vitnið kveður, að þessi umræddi teinn hafi síðan verið sagaður af og fluttur upp á lögreglustöð og daginn eftir hafi Guðmundur Erlendsson, rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík, með prófun athugað, hvort dropinn á teininum væri blóðdropi, en sú prófun hafi leitt í ljós, að svo var ekki.

Vitnið kveður, að rétt við hinn umrædda tein hafi verið umrót í mölinni og mótaborð, sem lá meðfram teininum, og undir honum var eins og strokið á bletti, þ. e. eins og þurrkast hefði af því rykið. Þá var rétt hjá þessum stað prik það, sem sagt var, að hinn slasaði drengur hefði verið að leika sér með, en prik þetta kveður vitnið vera á annan metra á lengd og vafið með tusku, sem myndaði dálítinn hnút við endann.

Gunnar Geirmundsson húsgagnasmiður kom fyrir dóminn sem vitni.

Hann kveðst hafa verið við vinnu sína þennan umræddan dag að Auðbrekku 39 ásamt Hilmari Haraldssyni. Þeir heyrðu barnsgrát að utan og fóru út að hyggja að því, og fór Hilmar út á undan. Þegar út kom, kvaðst vitnið hafa séð ungan dreng, u. þ. b. 10—12 ára gamlan, og blæddi úr öðru auga hans. Drengurinn var uppistandandi og rétt utan við húsgrunninn nr. 41, er vitnið fyrst sá hann. Hann kveðst hafa álitið, að drengurinn hefði hlotið þessi meiðsli í grunninum nr. 41. Vitnið kvaðst hafa ásamt félaga sínum spurt börn, sem þarna voru nærstödd, um það, hvernig slysið hefði viljað til, og fengu þeir þau svör, að drengurinn hefði slasazt á steyputeini í húsgrunninum nr. 41. Hann kvaðst ekki muna, hvort drengurinn sjálfur var um þetta spurður eða hvort hann tjáði sig nokkuð um þetta atriði.

Hilmar Haraldsson húsgagnasmiður kemur þennan sama dag fyrir dóminn sem vitni.

Hann kveðst hafa verið við vinnu sína að Auðbrekku 39 ásamt Gunnari Geirmundssyni daginn, sem slysið skeði. Kveðst hann hafa gengið út og varð þá var við einhver hljóð, sem komu úr

húsgrunninum nr. 41 við hliðina. Hann kveðst hafa spurt börn, sem þarna voru, hvað komið hefði fyrir þarna, og fékk þau svör, að strákur hefði týnt auganu og væri að leita að því. Hann fór inn á verkstæðið og kallaði á félaga sinn og fór síðan rakleitt að huga nánar að þessu. Þá strax kveðst hann hafa séð í hinn slasaða dreng, sem var að reyna að komast upp úr grunninum nr. 41, og hjálpaði vitnið honum upp úr og sá þá, að hann var blóðugur í framan. Þeir Gunnar fóru með drenginn inn á verkstæðið og hringdu á sjúkrabíl.

Aðspurt kveðst vitnið geta fullyrt, að drengurinn hafi verið inni í grunninum nr. 41, þ. e. innan hinna steyptu sökkla, þegar það fyrst heyrði í honum, en þegar það kom að drengnum, var hann kominn út fyrir sökklana og yfir timburstafla og upp á moldarbakka í grunninum.

Ómar Ragnarsson kemur fyrir dóminn 11. maí 1971.

Hann kveður aðspurður, að fyrst í stað eftir slysið hafi hann ekki getað áttað sig á því, hvað það var, sem fór í auga hans, þegar hann datt í grunninum. Síðar hafi þetta skýrzt fyrir sér, þannig að hann hefði orðið fullviss um, hvernig slysið bar að. Hafi hann hrasað um spýtu eða borð og dottið á steypustyrktartein, sem stóð upp úr grunninum. Lenti hann með hægra augað á þessum járnteini með þeim afleiðingum, að augað skaddaðist svo, að taka varð það í burtu. Hann kveðst hafa komið Auðbrekkumegin að og ætlað yfir grunninn til félaga síns, Jóns Þrastar, sem var hinum megin við uppi á moldarbarði. Hafi hann verið kominn u. þ. b. hálfa leið yfrum, þegar hann hrasaði og datt. Hann telur slysstaðinn vera nálægt miðju grunnsins, þó frekar nær húsinu nr. 39. Hann kannast við prikið, sem hann var að leika sér með á myndum, sem honum eru sýndar. Enda priksins kveður hann hafa verið vafinn með tusku og eða bandi, en prikið notaði hann sem reiðhest og hélt um vafða endann. Hann kveðst aðspurður vera algerlega viss, að áverkann hafi hann alls ekki hlotið af völdum priksins, heldur af því að detta á umræddan steypustyrktartein.

Hann kveðst, eins og áður greinir, hafa farið inn í grunninn Auðbrekkumegin og hafi hann komizt hindrunarlaust inn í hann án þess að þurfa að klifra, þar sem jarðvegurinn eða möl við vegg grunsins hafi staðið nokkurn veginn jafnhátt. Ekki hafi hann þurft að fara yfir timburstafla, þegar hann fór þarna inn. Hann kveðst ekki muna, hvort hann hafi áður farið út í þennan grunn, og ekki muna til þess, hvort hann hafi veitt athygli steypustyrktarteinum eða vitað um þá.

Hinn 19. maí 1971 koma stefndu fyrir dóminn.

Í sameiginlegri aðiljaskýrslu þeirra, sem þeir hafa staðfest, segir m. a.

„Í febrúarmánuði 1966 áttum við hús í smíðum við Auðbrekku 41 í Kópavogi.

Hinn 5. febrúar var byggingu svo komið, að grunnur hafði verið tekinn, sökklar steyptir og grunnur fylltur með rauðamöl jafnhátt sökklum. Umhverfis grunninn hafði jarðvegi verið ýtt og jafnað að grunninum, en að öðru leyti skal þetta tekið fram:

Suðurhliðin snýr að Löngubrekku. Utan við sökkulveggina, fast við steyputeina, var staflað allmiklu magni af mótatimbri, sem í sjálfu sér hindraði aðgang inn á grunninn, en auk þess var utan við timburstaflann brattur moldarbakki 3—4 metrar upp, en ofan við hann allmikill moldarbingur, sem var uppgröftur úr grunninum. Má segja, að svo til óhugsandi hafi verið, að nokkur legði leið sína þar yfir.

Við austurhlið grunnsins var búið að steypa upp tvær hæðir af húsi, sem okkar hús átti að steypast upp að. Norðurhliðin sneri að Auðbrekku. Hún var dálítið hærri en gatan, og var búið að fylla að sökkulveggjum. Þar hefði að öðru jöfnu verið greiður aðgangur inn á grunninn, en á þessum tíma, eða 5. febrúar, voru þar tvö bílhlöss af órökkuðu mótatimbri, sem hrúgað hafði verið upp inn á grunninn og var því hindraður aðgangur að sjálfum grunninum frá þeirri hlið, nema með því að klöngrast yfir timburhrúguna.

Að vestanverðu var hins vegar uppgrafinn grunnur, en til þess að komast upp á húsgrunn okkar frá þeirri hlið þurfti að klifra upp á sökkulvegginn, sem var um það bil tveir metrar á hæð næst Auðbrekku, en hækkaði síðan vegna halla á klöppinni, þegar sunnar dró í grunninum. Í suðvestur horninu var veggurinn um það bil meter á hæð, en þar var timburstafli upp á veggnum, sem torveldaði leið inn á grunninn.“

Stefnandi gerir þá grein fyrir dómkröfum sínum að vísa til þess, að upplýst sé og sannað, að seinni hluta dags hinn 5. febrúar 1966 hafi sonur sinn, Ómar Ragnarsson, á 10. aldursári verið að barnaleik og starfi ásamt fleiri börnum úr nágrenninu rétt hjá heimili sínu. Dimmt var og skuggsýnt orðið. Fóru börnin m. a. inn í húsgrunninn nr. 41 við Auðbrekku, en þar áttu stefndu verksmiðjuhús í byggingu. Steypustyrktarjárn stóðu upp úr sökkulveggjum, og voru þau óvarin, og ekki höfðu þau heldur verið beygð út af

eða niður eða aðrar ráðstafanir gerðar til að minnka hættu af þeim fyrir þá, er nálægt kæmu.

Engar hindranir voru við húsgrunn þennan til að varna börnum eða öðrum að komast í eða fara yfir grunninn eða leika sér í honum.

Þarna féll Ómar á steypustyrktarjárntein með þeim afleiðingum, að hægra auga hans sprakk, og varð að nema það burtu. Síðar var sett gerfiauga í drenginn, og skipta verður um það síðar og setja stærra gerfiauga eftir því sem drengurinn stækkar.

Eðlilegt og venjulegt teljist vera, að börn séu að leik og starfi í nágrenni heimila sinna, og beri því þeim, sem hafa með höndum einhvers konar framkvæmdir, hvort sem eru byggingarframkvæmdir eða annars konar, að ganga þannig frá þeim, að ekki séu þær hættulegar neinum, hvorki þeim, sem við þær starfa né þeim, sem þar kynnu að koma.

Stefnandi telur það sannað, að eigi hafi verið tryggilega gengið frá húsgrunni þessum, og beri því eigendur hans og byggingameistari, sem í þessu tilviki var annar eigandinn, Einar Hallmundsson, fébótaábyrgð á tjóni því, sem af slysi þessu hlauzt. Telja verði, að engu síður hafi verið nauðsyn að ganga tryggilega frá byggingarframkvæmdum þarna með umferðarhindrun inn í grunninn og ráðstöfunum til að gera steypustyrktarteinana hættuminni, t. d. með því að beygja þá út af, en að láta ekki gryfjur, sem vatn safnast í, standa óvarðar, unz í þær er steypt eða þær fylltar upp. Þeim mun fremur hafi ráðstafana verið þörf í öryggisskyni, þar sem framkvæmdir höfðu lengi legið niðri.

Upplýst sé með framburði Ómars Ragnarssonar sjálfs, að hann hlaut áverkann á augað í húsgrunni stefndu, með því að hann hrasaði og datt á steypustyrktartein. Þetta sé stutt framburði vitnanna Gunnars Geirmundssonar og Hilmars Haraldssonar og leikfélaga hans Gissurar Þórs og Jóns Þrastar. Telja verði, að þetta sé ótvírætt í ljós leitt, þannig að jafnist á við fullkomna sönnun.

Hina einstöku liði kröfugerðar sinnar rökstyður stefnandi á þann veg, að varðandi lið nr. 1 vísar hann til útreikninga Guðjóns Hansens tryggingafræðings í framlögðum skjölum. Í sambandi við ákvörðun bóta bendir hann á hina sífelldu verðbólgu hér á landi, sem ekkert lát virðist á, og því séu bætur reiknaðar út samkvæmt tekjum, þegar útreikningurinn fór fram, mjög lágar, þegar fram í sæki, séu bæturnar ávaxtaðar í banka, eins og ráð sé fyrir gert.

Varðandi kröfulið nr. 2 bendir stefnandi á þær þjáningar, sem

slysinu hljóta að hafa verið samfara. Þyngst á metunum verði þá auðvitað óþægindin um alla framtíð, að hafa ekki nema eitt auga, svo og sá ótti, er fyrir hendi hljóti að vera við að missa hitt augað og verða alblindur. Þá séu og mikil lýti af því að hafa gerviauga.

Um liði nr. 3 og 4 skírskotar stefnandi til framlagðra reikninga.

Stefndu styðja kröfu sína um sýknu þeim rökum, að ósannað sé með öllu, á hvern hátt slysið raunverulega hafi að höndum borið, og í málinu sé ekkert það fram komið, nema síður sé, er styðji staðhæfingar stefnanda eða veiti sönnun fyrir því, að Ómar Ragnarsson hafi slasazt við að falla á steypustyrktarjárn, sem stóð upp úr sökkli byggingar þeirra.

Ekkert hafi fram komið í málinu, sem bendi til þess, að umbúnaður eða frágangur í sambandi við byggingarframkvæmdirnar við húsið nr. 41 við Auðbrekku hafi verið óforsvaranlegur eða óeðlilegur eða að nokkru frábrugðinn því, sem almennt gerist í sambandi við slíkar framkvæmdir.

Allmiklar líkur bendi til þess, að slysið hafi ekki orðið í sjálfum húsgrunninum, heldur skammt frá honum, enda verði ekki séð af rannsókninni, að nein merki hafi verið sjáanleg um það í húsgrunninum eða í næsta nágrenni, að drengurinn hafi þar hlotið þá áverka, sem hann hlaut.

Jafnvel þótt talið yrði, að drengurinn hefði slasazt í húsgrunninum eða við hann, verði sök af því fráleitt lögð á stefndu, enda hafi rannsókn í málinu eigi sýnt, að þeir hafi á nokkurn hátt hagað sér á saknæman máta. Teljist vera um nokkra sök að ræða, sé hún hjá drengnum sjálfum eða foreldrum hans sakir eftirlitsskorts við útivist hans og leik, eftir að myrkur var skollið á.

Stefndu benda á, að engir beinir sjónarvottar hafi verið að slysinu, en tveir drengir, sjö og átta ára, hafi verið nærstaddir, og sýnist vera heldur óvarlegt að treysta um of á framburði þeirra. Stefndu telja, að órökstuddar ályktanir lögreglumanna í upphafi hafi leitt til þess, að þeir beindu rannsókn sinni fyrst og fremst að ákveðnum teini í húsgrunni þeirra, og þetta hafi komið í veg fyrir, að rannsóknin yrði nógu víðtæk og hlutlæg. Drengirnir tveir, Jón Þröstur og Gissur Þór, virðast ekki hafa séð, hvernig slysið raunverulega bar að, og drengurinn sjálfur virðist ekki heldur hafa áttað sig á því til fulls. Því sé það í fyllsta máta hæpið, að unnt sé að taka mark á ábendingum drengjanna um slysstaðinn, eftir að þeir hafi lýst yfir, að þeir hafi ekki séð, þegar slysið varð.

Stefndu mótmæla sem röngu, sem staðhæft sé í skýrslu Guð-

jóns Ásbergs Jónssonar varðstjóra, að ekki hafi verið til staðar neins konar hindranir eða merkingar, sem hefðu gefið til kynna, að umferð væri hættuleg yfir húsgrunninn. Þeir telja, að framlagðar ljósmyndir af vettvangi styðji þessi mótmæli að nokkru og vísa til aðiljaskýrslu sinnar til frekari rökstuðnings.

Stefndu mótmæla bótakröfu stefnanda í heild sem of hárri, einkum 2. tölulið. Varðandi kröfulið nr. 1 telja þeir, að ekki sé þar tekið tillit til eingreiðslu og skattfríðinda. Þá hefur því verið mótmælt efnislega, að stefnandi hefur hækkað kröfugerð sína frá því, sem í stefnu greinir, á grundvelli nýrra örorkutjónsútreikninga. Sé ekki réttmætt, að hann hagnist á því, að rekstur málsins hafi dregizt.

Þegar öll gögn að því lútandi eru virt, er það álit réttarins, að telja megi það sannað, að Ómar Ragnarsson hafi hlotið áverkann á augað í húsgrunni stefndu og á þeim stað, sem bent var á og stefnandi heldur fram. Allt það, sem upplýst er í þessu sambandi, bendir mjög eindregið til, að hann hafi lent á margnefndum steypustyrktarteini eða á öðrum slíkum, þegar hann hrasaði og datt, en ekkert það fram komið í málinu, sem teljist hnekkja því eða geri það ósennilegt. Líkurnar eru svo sterkar, að eðlilegt þykir að leggja þetta til grundvallar dómsúrlausn.

Þessi frásögn drengsins hér fyrir dóminum þess efnis, að hann hafi auðveldlega og hindrunarlaust komizt inn í grunninn, hefur eigi verið hnekkt.

Það er óumdeilt í málinu, að framkvæmdir stefndu við grunninn stöðvuðust um haustið 1965, og ekki var fyrirsjáanlegt, að þær gætu hafizt aftur fyrr en um vorið, þegar frost væri farið úr jörðu. Þar sem svo stóðu sakir, þykir verða að meta það stefndu til vangæzlu, að ekki voru settar neinar virkar tálmanir við inngöngu í grunninn Auðbrekkumegin.

Það mátti hverjum vera ljóst, að hætta stafaði af steypustyrktarteinum, sem stóðu upp úr sökkulveggjunum, einkum fyrir börn, en alkunna er, að þau sækja mikið á slíka staði í leikjum sínum, og erfitt er að fyrirbyggja, svo tryggt sé, þótt tálmanir séu og hindranir, að þau komizt inn í slíka húsgrunna, sérstaklega drengir. Stefndu gerðu engar ráðstafanir til að bægja frá eða draga úr þessari hættu, t. d. með því að beygja teinana út af eða hlaða timbri að þeim. Verður að telja þessa yfirsjón svo afdrifaríka, að bótaábyrgð varði stefndu á hendur vegna slyssins á Ómari Ragnarssyni.

Á hitt ber að líta, að eftir því sem upplýst er, má telja, að

rekja megi slysið að miklu leyti til óhappatilviljunar. Drengurinn er á leið yfir grunninn með prik milli fóta sér, sem hann heldur um með höndunum. Verður að ætla, að það sé honum til trafala við að bera hendurnar fyrir sig, þegar hann rekst á eitthvað og fellur. Þá þykir eigi vera hægt að útiloka þann möguleika, að prikið hafi beint eða óbeint átt þátt í því, að hann hrasaði og datt, þótt eigi verði neitt um það fullyrt.

Telja verður einnig, að Ómar Ragnarsson hafi eigi sýnt þá gætni og varkárni, sem búast má við af dreng á hans reki, þegar hann ákvað að stytta sér leið yfir grunninn til félaga sinna, eins og þar var umhorfs og myrkur skollið á.

Að þessu athuguðu þykir rétt að dæma stefndu til að bæta helming þess tjóns, sem Ómar Ragnarsson varð fyrir, en hinn hlutann verði drengurinn að bera óbættan.

Verða nú einstakir liðir í kröfugerð stefnanda athugaðir, en sundurliðunin er á þessa leið:

1.	Beint atvinnutap samkvæmt útreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings eftir framlögðum skjölum	kr. 922.303.00
2.	Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti	— 150.000.00
3.	Kostnaður við mat á örorku og örorkutjóni og læknisvottorð	— 9.650.00
4.	Gerfiauga samkvæmt reikningi	— 2.700.00
		Samtals kr. 1.084.653.00

Um lið 1. Fram er lagt í málinu örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, dags. 11. október 1966, sem hljóðar svo:

„Samkvæmt vottorði Guðmundar Björnssonar, augnlæknis, frá 22. apríl 1966 þá varð drengur þessi fyrir augnslysi 5. febrúar 1966.

Vottorð Guðmundar Björnssonar er svohljóðandi:

„Ómar Ragnarsson f. 3. 1. 1957, Löngubrekku 39, Kópavogi, varð fyrir augnslysi 5. febrúar 1966. Undirritaður sá Ómar skömmu eftir slysið og lagði hann þegar inn á sjúkrahús Hvítabandsins til aðgerðar.

Skoðun leiddi í ljós, að hægra auga var sprungið og mest allt innihald augans runnið út gegnum þversprungu á glæru (cornea), sem og náði gegnum hringvöðvann aftur í hvítu himnu augans. Var mér tjáð, að hann hefði dottið á járntein.

Þar sem ekki var unnt að bjarga auganu, var augað tekið (evisceratio O.D.). Var hann útskrifaður af sjúkrahúsinu þann 14. febrúar s. m.

Hefur hann notað gerviauga síðan. Sjón á vinstra auga er normal (6/6)."

Drengurinn kom til viðtals hjá undirrituðum 11/10 1966. Hann er í fylgd móður sinnar, og skýrðu þau þannig frá tildrögum slyssins, að drengurinn hefði verið að leik í verksmiðjubyggingu, þar sem steypujárnsteinar hefðu staðið upp úr steypu, og hefði hann dottið og teinn stungizt í hægra auga. Að öðru leyti skýra þau frá slysi og meðferð eins og lýst er í vottorði Guðmundar Björnssonar.

Aðalkvartanir nú eru rennsli úr auga, en engir verkir. Móðir kvartar um, að erfitt hafi reynzt að fá gerfiauga, og telur sennilegt, að þau þurfi að fara til útlanda með drenginn til að fá nothæft auga.

Ályktun: Hér er um að ræða 9 ára gamlan dreng, sem slasast fyrir 9 mánuðum, fékk járntein í hægra auga með þeim afleiðingum, að augað skemmdist, svo að það varð að taka það.

Vegna þessa slyss þá hefur drengurinn hlotið varanlega örorku, og telst hún hæfilega metin 25%."

Á grundvelli örorkumatsins hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út verðmæti tapaðra vinnutekna Ómars Ragnarssonar á slysdegi, og hefur stefnandi lagt fram þessi gögn í málinu.

Upphaflegur útreikningur er gerður 5. apríl 1967. Er þar annars vegar miðað við tekjur verkamanna, en hins vegar við tekjur iðnaðarmanna. Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960. Þar segir m. a. svo:

„*A. Tekjur verkamanna.*

Á grundvelli úrtaksrannsóknar Efnahagsstofnunarinnar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum fyrir starfsárin 1956—1965 hef ég reiknað meðaltekjur á núverandi kauplagi. Þegar tillit er tekið til breytinga, sem orðið hafa á almennum kauptaxta Dagsbrúnar í Reykjavík, reiknast mér meðalvinnutekjur verkamanna þessi 10 ár vera kr. 165.791.00 miðaðar við núverandi kauplag. Samkvæmt venju reikna ég ekki með neinum tekjum fram til 13 ára aldurs, en eftir það með eftirfar-

andi hundraðshlutum ofangreindra árstekna fullorðinna verkamanna.

Á 14. ári 5%
„ 15. „ 10%
„ 16. „ 25%
„ 17. „ 75%
„ 18. „ 80%
„ 19. „ 85%
„ 20. „ 90%
„ 21. „ 95%
Eftir það 100%

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 348.-258.00.

B. Tekjur iðnaðarmanna.

Sé stuðzt við upplýsingar Efnahagsstofnunarinnar um vinnutekjur kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík á sama hátt og gert er hér að framan um vinnutekjur verkamanna (umreikningur með tilliti til breytinga á kauplagi miðaður við taxta járniðnaðarmanna), reiknast mér meðalárstekjur iðnaðarmanna á núverandi kauplagi nema kr. 190.511.00.

Ef reiknað er með sömu árstekjum og í A-lið hér að framan til 17 ára aldurs, í næstu fjögur ár þar á eftir tekjum í samræmi við lágmarkskaup iðnnema (30% af ofangreindum árstekjum iðnaðarmanna á 1. námsári, 40% á 2. námsári, 50% á 3. námsári og 60% á 4. námsári), en eftir það fullum árstekjum sem að ofan greinir, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 354.216.00."

Þennan útreikning endurskoðar tryggingafræðingurinn 12. janúar 1968. Eru niðurstöður hans þar miðað við tekjur verkamanna kr. 378.088.00 og miðað við tekjur iðnaðarmanna kr. 386.431.00.

Þessir útreikningar eru svo aftur endurskoðaðir 3. september 1970, og eru þá niðurstöður kr. 666.456.00 og kr. 663.623.00, og enn eru útreikningarnir endurskoðaðir af Guðjóni Hansen hinn 17. janúar 1972 að beiðni lögmanns stefnanda, og segir þar á þessa leið:

„Með útreikningi, dags. 3. september 1970, endurskoðaði ég útreikning minn frá 5. apríl 1967 í máli Ómars Ragnarssonar, Löngubrekku 39, Kópavogi, vegna slyss þess, er hann varð fyrir 5. febrú-

ar 1966. Að beiðni yðar, herra hæstaréttarlögmaður, hef ég nú endurskoðað útreikninginn enn á ný með hliðsjón af kjarabreytingum, sem átt hafa sér stað, og nýjum upplýsingum, er fram hafa komið síðan í september 1970. Er í fyrsta lagi tekið tillit til hækkunar verðlagsuppbóta á laun 1. ágúst, 1. september og 1. des. 1971. Í öðru lagi er reiknað með þeirri grunnkaupshækkun, sem tók gildi 1. desember 1971, ásamt hækkunum, sem um hefur verið samið frá 1. júní 1972 og 1. marz 1973 að telja. Í þriðja lagi eru áætluð þau áhrif, sem vænta má, að stytting vinnuvikunnar 1. janúar 1972 hafi á árstekjur, og í fjórða lagi eru nú tiltækar upplýsingar um vinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík árið 1970 (tölur Efnahagsstofnunarinnar), og er því nú frá 1. janúar 1971 að telja stuðzt við tekjuupplýsingar frá árunum 1961—1970.

Með hliðsjón af framanrituðu reikna ég árlegar vinnutekjur fullorðinna verkamanna nú sem hér segir:

Árið 1970	kr. 309.711.00
1/1 —31/7 1971	— 325.902.00
1/8 —31/8 1971	— 332.282.00
1/9 —30/11 1971	— 335.222.00
1/12—31/12 1971	— 366.025.00
1/1 —31/5 — 1972	— 402.628.00
1/6 1972—28/2 1973	— 418.113.00
Eftir þann tíma	— 441.343.00

Tekið skal fram, að grunnhækkun 1. desember 1971 hefur hér verið áætluð 8% að meðaltali, og tel ég þá áætlun hljóta að vera mjög nærri réttu lagi. Meiri óvissa er um hækkun árstekna vegna styttingar vinnuvikunnar 1. þ. m., en þá hækkun hef ég áætlað 10% og miða þá við, að um verði að ræða nokkra raunverulega vinnutímastyttingu og nokkra fjölgun yfirvinnustunda.

Miðað við framangreindar vinnutekjur fullorðinna verkamanna og lækkun teknanna á unglingsárunum á sama hátt og í fyrri útreikningum reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna hækka um kr. 35.885.00 frá því, sem að ofan greinir.

Árlegar vinnutekjur iðnaðarmanna eftir 1. marz 1973 áætla ég kr. 470.850.00. Með sömu reikningsaðferð og við fyrri útreikninga reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nú nema kr. 876.335.00, þegar þessar tekjur iðnaðarmanna eru lagðar til grundvallar. Ástæðan til þess, að niðurstaða er iðnaðarmönnum

meira í óhag nú en áður, er sú, að með samningum í síðastliðnum mánuði eru verkamenn taldir hafa fengið meiri kjarabætur en iðnaðarmenn.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreikninga."

Að framan er getið málsraka aðilja varðandi þennan kröfulið. Þegar þau atriði eru virt í heild, þykir verða að taka tillit til hagræðisins af eingreiðslu bóta og þess, að þær eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari. Með tilvísun til þess teljast bætur hæfilega ákveðnar kr. 650.000.00 samkvæmt þessum lið.

Um lið 2. Hér að ofan hefur áverka þeim, sem Ómar Ragnarsson hlaut, verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Þegar öll atvik eru virt og málsrök, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar á kr. 120.000.00.

Um liði nr. 3 og 4. Þessum kröfuliðum hefur eigi verið mótmælt tölulega af stefndu. Stefnandi hefur lagt fram gögn til stuðnings þeim. Þykir rétt að taka kröfulið nr. 4 til greina að fullu, en kröfuliður nr. 3 verður hafður í huga við ákvörðun málskostnaðar, sbr. 5. tölulið 175. gr. laga nr. 85/1936.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda helminginn af kr. 650.000.00 + 120.000.00 + 2.700.00, þ. e. kr. 386.350.00 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags.

Eftir þessum málslokum þykir rétt að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður til handa stefnanda ákvarðast samtals kr. 64.650.00 og greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hans, Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 55.000.00 í talsmannslaun.

Stefndu greiði kr. 64.650.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Ólafur St. Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Hallmundsson og Rúnar Guðmundsson, greiði in solidum stefnanda, Ragnari Jónatanssyni f. h. ófjárráða sonar síns, Ómars Ragnarssonar, kr. 386.350.00 með 7% ársvöxtum frá 5. febrúar 1966 til greiðsludags og kr. 64.650.00 í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Málskostnaður til handa stefnanda, kr. 64.650.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri upphæð ber skipuðum talsmanni hans,

Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 55.000.00 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1973.

Nr. 68/1972: **Ólöf Tómasdóttir**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Volter Antonssyni
f. h. A/S Bogforlaget Dana
(sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Ómerking. Frávísun. Áskorunarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hún þess aðallega, að hin áfrýjaða dómsathöfn verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hún sýknu af kröfum stefnda. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu dómsathafnar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta hefur í héraði verið rekið sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 49/1968.

Stefndi hér fyrir dómi höfðaði mál þetta með utanréttarstefnu 27. desember 1971, áritaðri af Hrafni Bragasyni borgardómara 29. s. m. um, að málið yrði þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur þriðjudaginn 11. janúar 1972. Voru stefnukröf-

ur þær, að áfrýjandi yrði dæmd til að greiða kr. 3.475.00 auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. október 1968 til greiðsludags og málskostnaðar. Málið var þingfest á bæjarþinginu 11. janúar 1972, og var þá eigi sótt þing af hendi áfrýjanda. Ritaði Kristín Briem, fulltrúi yfirborgardómara, á stefnuna 13. janúar 1972 ákvörðun þess efnis, að stefnukröfurnar og kr. 2.500.00 í málskostnað væru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá birtingu áritunarinnar.

Stefna í málinu í héraði var birt af stefnuvottum í Reykjavík 29. desember 1972, og kveðast stefnuvottar hafa afhent endurrit stefnunnar.

Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi lagt fram stefnuendurrit það, er stefnuvottar hafi afhent. Í stefnueftirriti þessu segir, að málið verði þingfest „þriðjudaginn 27. janúar 1972". Af þessum sökum hafi hún eigi getað sótt þing í héraði á þingfestingardegi. Þar sem eftirriti því af héraðsstefnu, er stefnuvottar afhentu, var svo áfátt sem að framan greinir, fullnægir það ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 7. gr. laga nr. 49/1968. Ber því þegar af þeirri ástæðu að ómerkja hina áfrýjuðu dómsathöfn og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Það athugast, að mál þetta skyldi eigi reka sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 49/1968.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða dómsathöfn skal vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Volter Antonsson f. h. A/S Bogforlaget Dana, greiði áfrýjanda, Ólöfu Tómasdóttur, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. nóvember 1973.

Nr. 107/1972: **Loftleiðir h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Carli Antoni Carlsen
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Fargjald. Gengi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. ágúst s. á. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 6.-354.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 29. nóvember 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti eru ekki bornar brigður á, að áfrýjandi sé réttur aðili málsins.

Samkvæmt málflutningsyfirlýsingum áfrýjanda verður við það að miða, að flugfargjöld hans séu að stofni til ákveðin ýmist í enskri eða bandarískri mynt.

Stefndi greiddi fargjald sitt að fullu í íslenzkum krónum á því gengi, sem gilti, er hann keypti farseðilinn og fékk hann í hendur fullfrágenginn. Fargjaldsaukinn, sem áfrýjandi krefur stefnda um, stafar eingöngu af breyttri skráningu gengis íslenzkrar krónu frá því, að stefndi keypti farseðilinn, unz ferð hans hófst, án þess að stofnfargjald hefði breytzt. Fyrirvari sá í flufarseðlinum, sem um getur í héraðsdómi, verður ekki ótvírætt skýrður svo, að hann eigi við breytingu á farmiðaverði af framangreindum orsökum. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda

málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00, en málinu er ekki gagnáfrýjað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Loftleiðir h/f, greiði stefnda, Carli Antoni Carlsen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 17. desember 1971.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. september 1970. Það var þingfest 2. október 1970 og fyrst dómtekið 11. nóvember s.l., en endurupptekið og dómtekið á ný 26. nóvember s.l. Stefnandi málsins er Loftleiðir h/f, Reykjavíkurflugvelli, en stefndi Carl Anton Carlsen, Leirtjörn, Mosfellssveit, Kjósarsýslu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6.354.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 29. nóvember 1968 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi krefst sýknu í málinu og að stefnandi greiði honum málskostnað að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

Stefnandi kveður dómkröfuna vera skuld stefnda við stefnanda samkvæmt reikningi, dags. 29. nóvember 1969, fyrir eftirstöðvar fargjalds stefnda á flugleiðinni Keflavík—Kaupmannahöfn—Keflavík.

Að öðru leyti séu málavextir þeir, að hinn 9. nóvember 1968 hafi stefndi ásamt syni sínum, Svavari Martin, keypt farmiða með flugvélum stefnanda á áðurnefndri flugleið. Farmiðarnir hafi verið keyptir hjá Ferðaskrifstofunni Landsýn h/f í Reykjavík og hafi stefndi greitt fyrir sinn miða kr. 11.682.00. Þegar þeir feðgar hafi ætlað að hagnýta sér farmiðana hinn 20. nóvember 1968 og ferðast, svo sem til hafi staðið, hafi verið búið að lækka gengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendri mynt. Hafi flugfargjöld hækkað, frá því að miðarnir voru upphaflega gefnir út, og hafi fargjaldið eftir hækkunina numið kr. 18.036.00. Í samræmi við það hafi verið gefnir út nýir farseðlar í söludeild Loftleiða á Keflavíkurflugvelli og þeim feðgum gert að greiða mismuninn. Hafi þeir skrifað und-

ir yfirlýsingu varðandi nefnda fargjaldabreytingu „under protest", eins og komizt sé að orði.

Með reikningi, útgefnum 29. nóvember 1968, hafi stefndi verið krafinn um mismun á áðurnefndum fargjöldum þeirra feðga, eða um samtals kr. 12.708.00. Síðar hafi hins vegar komið í ljós við athugun, að áðurnefndur sonur stefnda hafi verið fulltíða maður og hafi því ferðast á eigin vegum. Af þeim sökum hafi upphaflegi reikningurinn verið tekinn til endurskoðunar og í stað hans útbúnir tveir reikningar, stílaðir á hvorn þeirra feðga fyrir sig, hvor að fjárhæð kr. 6.354.00.

Með bréfi, dags. 28. október 1969, hafi umboðsmanni stefnda verið sendur umræddur reikningur og honum skýrt frá því, að reikningurinn kæmi í stað og til leiðréttingar fyrri reikningi að fjárhæð kr. 12.708.00. Hafi í bréfinu verið skorað á stefnda að greiða skuldina fyrir 10. nóvember 1969.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu bréf flugmálastjórnarinnar til Loftleiða h/f, dags. 28. september 1967, þar sem tekin er afstaða til óskar Loftleiða h/f um að framlengja um tveggja ára skeið vetrarfargjöld, er hafi verið í gildi á flugleiðinni Ísland—Luxembourg á tímabilinu 1. október til 1. apríl 1966. Í bréfi þessu segir meðal annars orðrétt: „Með því að umrædd fargjaldalækkun mundi brjóta algjörlega í bága við margyfirlýsta stefnu íslenzkra flugmálayfirvalda um, að gilda skuli IATA fargjöld milli Íslands og annarra Evrópulanda, en einmitt vegna þessarar stefnu hefur tekizt að gera loftferðasamninga við hin Evrópulöndin um flug íslenzkra flugfélaga til þessara landa, þá telur flugráð ekki rétt að víkja frá hinum almennu IATA-fargjöldum á einni tiltekinni flugleið. Getur flugráð því ekki fallizt á erindi Loftleiða . . ."

Þá hefur stefnandi og lagt fram „umboðssamning" milli Loftleiða h/f og Landsýnar h/f, dags. 10. febrúar 1964. Samningur þessi er á ensku og ber yfirskriftina „Passengers sales agency agreement".

Stefndi hefur komið fyrir dóm. Hann sagðist ekki hafa lært ensku í skóla. Hann læsi ekki ensku, en gæti talað hana svolítið. Hann sagðist ekki geta lesið það, sem stæði á bls. 2 á farseðlinum, dskj. nr. 20. Þegar hann hafi keypt umræddan farseðil, hafi honum ekki verið bent sérstaklega á og hann hafi ekki kynnt sér af sjálfsdáðum það, sem letrað er á 2. bls. hans. Honum hafi ekki verið sagt, að fargjald það, sem hann greiddi, gæti hækkað, áður en til ferðar kæmi, og ekki hafi hann spurzt fyrir um það atriði. Ekki hafi heldur komið til tals, er hann keypti umræddan far-

seðil, að verð hans væri í öðrum verðmæli en íslenzkum krónum. Hann sagðist hafa keypt umræddan farmiða hjá Landsýn h/f og ekki hafi hann kynnt sér það, sem skrifað væri í form hans, að öðru leyti en því, að hann hafi kynnt sér dagsetningar.

Að ósk stefnanda hefur komið fyrir dóminn Ásbjörn Magnússon, sölustjóri stefnanda. Hann staðfesti fyrir rétti, að dskj. nr. 18 væri ljósrit af samningi milli stefnanda og Landsýnar h/f um söluumboð handa þeim síðarnefnda fyrir hönd stefnanda. Kannaðist hann við undirskrift sína á því skjali.

Stefnandi heldur því fram, að enginn vafi sé á um aðild stefnanda. Ferðaskrifstofan Landsýn h/f sé umboðsmaður stefnanda, svo sem fram komi í framlögðum samningi þessara aðilja. Umrædd ferðaskrifstofa hafi gefið farmiðann út á eyðublöð stefnanda og í hans nafni og hafi þannig skuldbundið hann sem umboðsmaður.

Að öðru leyti byggir stefnandi kröfur sínar fyrst og fremst á ákvæðum í farseðlum félagsins svo og í ferðaáætlun, þar sem rætt er um far- og farmgjöld. Neðst á bls. 2 í farseðli stefnda, sem lagður hefur verið fram í málinu, í kafla, sem beri yfirskriftina, „Condition of Contract", sé letrað stóru áberandi letri: „Price of this ticket is subject to change prior to commencement of travel", eða í þýðingu löggilts skjalaþýðanda: „Verð farmiða þessa er háð breytingum, áður en ferð hefst". Í áðurnefndum ferðaáætlunum, sem einnig hafa verið lagðar fram í málinu, segir orðrétt: „Flugáætlanir, fargjöld og aðrar upplýsingar um flugferðir eru háðar samþykki viðkomandi flugmálayfirvalda. Auk þess áskilur félagið sér rétt til annarra fyrirvaralausra breytinga".

Stefnandi heldur því fram, að nefndir skilmálar á 2. bls. farmiðans séu skuldbindandi fyrir aðilja málsins. Stefnda hafi verið eða hafi mátt vera ljóst, að fargjöld kynnu að hækka, áður en hann færi þá ferð, er hann hafði ráðgert. Til frekari áherzlu séu ákvæðin í ferðaáætlunum félagsins, enda sé greinilega gagngert að því stefnt, að engum geti dulizt, hverjum samningsákvæðum hann sé háður við gerð þess farsamnings, sem raunverulega stofnist við kaup á flugfarseðli. Við munnlegan flutning málsins vitnaði lögmaður stefnanda í þessu sambandi í lög nr. 41/1949, sem staðfesta lagagildi Varsjársamningsins svonefnda frá 29. október 1929, með breytingum í Haag 1955, sbr. lög nr. 46/1956, en í 1. málslið 2. tölul. 3. gr. þess samnings segir: „Farseðill skal, ef hið gagnstæða sannast ekki, gilda sem sönnun á því, að flutningssamningur hafi verið gerður, svo og á ákvæðum hans."

Í hinum munnlega málflutningi hélt lögmaður stefnanda því enn fremur fram, að stefnandi væri bundinn af ákvæðum Alþjóðastofnunar flugfélaga, IATA (International Air Transport Association), um fargjöld á flugleiðinni milli Íslands og Danmerkur. Vitnaði lögmaðurinn í því sambandi í áðurnefnt bréf flugmálastjórnarinnar til stefnanda.

Þá sagði lögmaður stefnanda, að samkvæmt reglum fyrir aðildarfélög IATA væri verð farmiða ákveðið í „shillingum", og miðaðist það við upphaf ferðar.

Að öllu þessu athuguðu telur stefnandi ljóst, að stefnda beri að greiða umrædda fargjaldshækkun, enda eigi lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga ekki við um samningsaðstöðuna í þessu máli, svo sem raunar 13. gr. laganna beri með sér, þar sem segi: „Þegar áunnin réttindi og skyldur samkv. fyrri lögum skulu þó halda gildi sínu".

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins, þar sem stefndi hafi ekki átt nein viðskipti við hann, heldur Ferðaskrifstofuna Landsýn h/f, svo sem gögn málsins beri með sér. Þá styður stefndi sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnda sé ekki skylt að greiða umrædda fargjaldshækkun, hvorki samkvæmt íslenzkum lögum né alþjóðasamningum. Áðurnefndur fyrirvari á bls. 2 í farseðli stefnda brjóti í bága við íslenzk lög, þ. á m. áðurnefnd lög nr. 71/1966. Sú skylda verði heldur ekki lögð á stefnda í málinu að skilja „eitthvert enskt hjal" á farmiða stefnanda, enda sé stefnda óskylt að hlíta einhliða áritunum á farmiða eða flugáætlanir af hálfu stefnanda, meðan engin lög á Íslandi séu samhljóða slíkum „ticket-yfirlýsingum". Í hinum munnlega málflutningi mótmælti lögmaður stefnda því sérstaklega, að 13. gr. laga nr. 71/1966 ætti við í þessu máli, því að þar væri að finna tæmandi upptalningu á þeim ákvæðum laga, sem halda ættu gildi sínu eftir gildistöku laga nr. 71/1966.

Með útgáfu farseðils hinn 9. nóvember 1968 komst á samningur með aðiljum á þá leið, að stefnandi skyldi flytja stefnda flugleiðis frá Keflavík til Kaupmannahafnar hinn 20. nóvember 1968 og til baka aftur. Greiddi stefndi við afhendingu farseðilsins íslenzkar kr. 11.682.00.

Farseðillinn var gefinn út af Ferðaskrifstofunni Landsýn h/f í Reykjavík í umboði stefnanda. Er því stefnandi réttur aðili málsins.

Á farmiða, dagsettan 9. nóvember 1968, er skráð fargjald US $ 190.50, jafngildi ísl. kr. 10.867.00, skattur ísl. kr. 815.00, alls

íslenzkar kr. 11.682.00. Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að fyrir mistök hafi færslur víxlazt milli dálka á farseðlinum. Á farseðli, dagsettum 20. nóvember 1968, er fargjald skráð US $ 190.50, jafngildi íslenzkum kr. 16.778.00, skattur íslenzkar kr. 1.258.00, alls íslenzkar kr. 18.0.36.00. Mismunur ofangreindra niðurstöðufjárhæða, kr. 6.354.00, er stefnukrafan í málinu.

Við gengisbreytingu íslenzku krónunnar þann 11. nóvember 1968 hækkaði sölugengi bandaríkjadals þannig, að fyrir breytinguna jafngilti 1 bandaríkjadalur íslenzkum kr. 57.07, en eftir breytinguna íslenzkum kr. 88.10.

Krafa stefnanda um hækkun á endurgjaldi samkvæmt áðurnefndum samningi er reist á þessari breytingu á gengi íslenzku krónunnar miðað við bandaríkjadal, sem varð á tímabilinu frá samningsgerð, þar til stefndi tókst ferð sína á hendur, enda var fargjaldið tilgreint í bandaríkjadölum í farseðlinum. Hækkun á fargjaldinu með þessum hætti fær ekki samrýmzt fortakslausum ákvæðum 1. gr. laga nr. 71/1966. Þar sem stofnað var til skyldna og réttinda aðilja samkvæmt samningnum eftir gildistöku nefndra laga, á undantekningarregla 13. gr. þeirra ekki við. Ber þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson dómsformaður ásamt meðdómsmönnunum Gauki Jörundssyni prófessor og Tómasi Zoëga framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Carl Anton Carlsen, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Loftleiða h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. nóvember 1973.

Nr. 158/1973: **T. Hannesson & CO h/f.**
gegn
Tryggva Hannessyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Einar Arnalds.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. október 1973, sem barst Hæstarétti 2. nóvember s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt b lið 1. tl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 8. október 1973. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eigi þykir sýnt á þessu stigi máls, að kröfur sóknaraðilja gegn varnaraðilja í máli þessu falli undir samkomulag það milli aðilja frá 3. ágúst 1972, sem greinir í héraðsdómi.

Héraðsdómara ber því að taka málið til efnismeðferðar.

Verður samkvæmt því að fella hinn kærða dóm úr gildi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 3. október s.l., hefur T. Hannesson og Co h/f, Ármúla 7 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, framlagðri í dóm 27. febrúar

1973, á hendur Tryggva Hannessyni heildsala, Hraunbæ 92 hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skuld að fjárhæð fl. 22.261.10, þýzk mörk 2.098.29, £ 734.14 með 12% ársvöxtum frá 31. desember 1970 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, þar á meðal löghaldskostnaðar. Þá krefst hann staðfestingar á löghaldi gerðu 16. febrúar s.l.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að máli þessu verði vísað frá dómi og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu eftir mati réttarins.

Að framkominni frávísunarkröfu stefnda krafðist stefnandi þess, að þeirri kröfu væri hrundið og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir þann þátt málsins.

Sátt var reynd án árangurs.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi hafi verið einn af stofnendum og framkvæmdastjórum stefnanda frá upphafi, unz honum hafi verið vikið frá störfum árið 1972. Þann 3. ágúst 1972 hafi verið gert samkomulag um ágreiningsmál aðilja. Samkomulag þetta hefur verið lagt fram. Stefnandi vitnar til þess, að í lok samkomulagsins segi, að aðiljar lofi að fresta öllum málaferlum sín á milli og fella þau niður, jafnskjótt og samkomulagið hafi verið efnt og málskostnaður felldur niður. Þá segi að endingu í samkomulaginu: „Á þá hvorugur neinar frekari kröfur á hendur hinum."

Stefnandi heldur því fram, að þegar þetta samkomulag var gert, hafi verið vitað, að stefndi hafi dregið sér umboðslaun af erlendum viðskiptum stefnanda á árinu 1971. Hitt hafi núverandi fyrirsvarsmönnum stefnanda verið ókunnugt um, að stefndi hafi líka dregið sér umboðslaun af erlendum viðskiptum stefnanda á árunum 1968, 1969 og 1970. Þessu til sönnunar vitnar hann til dskj. nr. 5 í málinu, sem er bréf stefnda til Seðlabanka Íslands og dags. er þann 30. október 1972. Stefnandi heldur því fram, að þegar þetta hafi komizt upp, hafi atvik breytzt svo, að forsendur hafi verið brostnar fyrir syndakvittun hans til stefnda. Hann sé því ekki lengur bundinn við yfirlýsingu þá, sem áður var á minnzt og tilgreind er innan tilvitnunarmerkja, þ. e. að hvorugur aðilja eigi frekari kröfur á hendur hinum.

Þann 16. febrúar s.l. fékk stefnandi lagt löghald á 11.7% hússins nr. 92 við Hraunbæ, eign eiginkonu stefnda, til tryggingar kröfu máls þessa auk vaxta og kostnaðar. Þá er málið var fyrir í fógetaréttinum, var þar lagt fram samkomulag það, sem stefn-

andi vitnar til og dags. er 3. ágúst 1972. Samkomulag þetta er undirritað af Tryggva Hannessyni og konu hans Ólafíu Haraldsdóttur annars vegar og Torfa Bryngeirssyni og Guðjóni Hannessyni hins vegar. Segir í upphafi samkomulagsins, að undirritaðir hluthafar í félaginu T. Hannesson og Co. h/f, Reykjavík, þau Tryggvi Hannesson, Hraunbæ 94, Reykjavík, og Ólafía Haraldsdóttir, s. st., annars vegar og Torfi Bryngeirsson, Laugarnesvegi 94, Reykjavík, og Guðjón G. Hannesson, Skriðustekk 3, Reykjavík, persónulega og f. h. hlutafélagsins hins vegar séu ásátt um eftirfarandi úrlausn ágreiningsmála sinna í sambandi við hlutafélagið.

„1. Tryggvi og Ólafía afsala til hlutafélagsins, því til frjálsrar ráðstöfunar eftir ákvörðun stjórnar þess, hlutabréfum sínum í félaginu nr. 1—13 og 47—56, samtals að fjárhæð kr. 115.000.00, gegn greiðslu á nafnverði, sbr. 15. lið.

2. Tryggvi afsalar til Guðjóns hlutabréfum í félaginu nr. 14—26, er skráð hafa verið á nafn Tryggva, samtals að fjárhæð kr. 165.000.00, án greiðslu.

3. Tryggvi og Ólafía afsala til hlutafélagsins, til ógildingar eða annarrar ráðstöfunar eftir ákvörðun félagsins, hlutabréfum í félaginu nr. 103—150, samtals að fjárhæð kr. 240.000.00, gegn endurgreiðslu á nafnverði bréfanna. Af nafnverðinu samsvara kr. 150.000.00 víxli frá árinu 1966, sem félaginu var afhentur kvittaður, og greiðist samkv. 15. lið. Afgangurinn, kr. 90.000.00, sem greiddur var með millifærslu, millifærist til baka samkvæmt 16. lið.

4. Erlend umboðslaun af viðskiptum hlutafélagsins á árinu 1971, að fjárhæð £ 1513,30, Hfl. 594.53 og DM 1.553.59 (samtals kr. 388.419.00, reiknað á gengi 30. júní 1972) teljast eign þess, og skilar Tryggvi fullu andvirði þeirra til félagsins. Af andvirðinu greiðir hann £ 250.00 nú þegar í erlendum gjaldeyri, en um afganginn fer samkv. 15. lið. Umboðslaun af innflutningi félagsins á tímabilinu jan.—maí 1972 renna til þess með venjulegum hætti.

5. Tryggvi afhendir félaginu tvo víxla hvorn að fjárhæð kr. 150.000.00, sem eru eftirstöðvar af láni hans til þess frá árinu 1966. Fellur hann frá greiðslu á öðrum þeirra, en um greiðslu á hinum fer samkv. 15. lið. Ábyrgist Tryggvi, að allir þessir víxlar séu þar með að fullu kvittaðir.

6. Skuldabréf vegna kaupa á varahlutalager á árinu 1966 teljast félaginu óviðkomandi, og ábyrgist Tryggvi einn greiðslu allra skulda samkvæmt þeim, hlutafélaginu og Guðjóni að skað-

lausu. Hið sama gildir um dómskuld í sambandi við lagerkaupin, sem Tryggvi hefur leyst til sín. Reynist svo við athugun á bókhaldi, að félagið hafi greitt eitthvað af þessum skuldum á árinu 1971, skal færa greiðslurnar til skuldar á viðskiptareikningi Tryggva og gera þær upp samkv. 16. lið.

7. Hlutafélagið greiðir Tryggva víxil samþykktan af Klæðningu hf., er Tryggvi hefur leyst til sín, að fjárhæð kr. 113.184.00 (114.596.00). Frá greiðslunni dregst víxill á Klæðningu hf. að fjárhæð kr. 56.000.00 (56.820.00), er hlutafélagið hefur leyst til sín. Báðir greiðast víxlarnir án annars kostnaðar en útlagðs innlausnarkostnaðar, og verður mismunurinn gerður upp samkv. 15. lið.
8. Tekjur af sölu veggfóðurs frá Anneplas AG vorið 1972, kr. 73.303.00, skiptast að jöfnu milli Tryggva og hlutafélagsins, og greiðir Tryggvi félaginu helming þess samkv. 15. lið.
9. Hlutafélagið lækkar kröfu sína á hendur Tryggva vegna ýmissa greiðslna á árunum 1971 og 1972, samtals að fjárhæð 257.974.00, um kr. 72.382.00. Mismunurinn, kr. 185.592.00, greiðir Tryggvi félaginu samkv. 15. lið. Reynist svo við athugun á bókhaldi, að einhverjar af mismunafærslum hafi verið færðar á viðskiptareikning Tryggva, leiðréttist greiðslan samkvæmt því með millifærslu samkv. 16. lið.
10. Hlutafélagið greiðir Tryggva kr. 60.000.00 á mánuði í laun fyrir tímabilið janúar—júní 1972, með færslu á viðskiptareikning hans, sbr. 16. lið. Telst þar innifalið allt ógreitt orlof hans hjá félaginu, og á hann ekki frekari launakröfur á hendur því.
11. Hlutafélagið skilar Tryggva handveðum (þ. e. veðskuldabréfum) þeim, sem standa til tryggingar yfirdráttarheimild á hlaupareikningi þess í Búnaðarbanka Íslands, svo og víxlareikningi. Skulu skilin fara fram, þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir. Félaginu skal þó heimilt að ganga að handveðum sem nemur endanlegum mismun á viðskiptareikningi Tryggva, ef mismunurinn verður Tryggva í óhag, þegar uppgjör liggur fyrir, til tryggingar skilvísri greiðslu úr hans hendi.
12. Viðskiptareikningur Tryggva hjá hlutafélaginu skal falinn löggiltum endurskoðanda til uppgjörs nú þegar og því lokið svo fljótt sem frekast er unnt. Þann mismun, sem fram kemur á reikningnum, skuldbindur viðkomandi aðili, Tryggvi eða

félagið, sig til að greiða að fullu innan þriggja mánaða frá því að uppgjörinu lýkur.

13. Þeir Guðjón og Torfi ábyrgjast Tryggva persónulega efndir af hálfu hlutafélagsins á samkomulagi þessu.
14. Hluthafarnir Guðni og Grétar Hannessynir, sem eru samþykkir samkomulagi þessu og árita það því til staðfestingar, skuldbinda sig til að afhenda félaginu hlutabréf sín í því, kr. 10.000.00, gegn greiðslu á nafnverði.
15. Eftirtaldar greiðslur samkvæmt samkomulagi þessu fara fram í peningum frá Tryggva til hlutafélagsins:

— Skv. 4. lið		kr. 388.419.00
— Skv. 9. lið		— 36.651.00
— Skv. 10. lið		— 185.592.00
		kr. 610.663.00

frá dregst:

— hlutabréf skv. 1. lið	kr. 115.000.00	
— Víxill skv. 3. lið	— 150.000.00	
— Víxill skv. 5. lið	— 150.000.00	
— Mismunur á vxl. skv. 7. lið	— 57.776.00	kr. 472.776.00
		Kr. 137.886.00
Greitt m/gjaldeyri skv. 4. lið		— 54.312.00
	Mismunur	kr. 83.574.00

Mismuninn greiðir Tryggvi með víxli til 3ja mánaða, er hann samþykkir í því skyni.

16. Við uppgjör á viðskiptareikningi Tryggva hjá hlutafélaginu skulu færðar inn þær greiðslur og leiðréttingar, sem um ræðir í 3., 6., 10. og 11. lið samkomulags þessa, eftir því sem við á. Verði ágreiningur um einhverjar aðrar færslur, skal mat hins löggilta endurskoðanda ráða, og skuldbinda aðilar sig til að hlíta því.
17. Aðilar samþykkja að fresta öllum málaferlum sín í milli og fella þau niður, strax og samkomulag þetta hefur verið uppfyllt, og greiðir hvor aðili sinn kostnað af þeim. Á þá hvorugur neinar frekari kröfur á hendur hinum."

Samkomulag þetta mun vera tilkomið vegna löghaldsbeiðni Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns f. h. stefnanda í eigum stefnda þann 20. júní 1972. Beiðni sú hefur verið lögð fram í löghaldsmálinu. Segir í beiðni Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, að skuld sú, sem þar um ræðir, sé tilkomin vegna innflutningsviðskipta, er félagið átti við nokkur erlend fyrirtæki á árunum 1968—1972. Hafi félagið verið umboðsaðili hér á landi fyrir þessi fyrirtæki eða gert innkaup hjá þeim og fengið sem slíkt umboðslaun frá fyrirtækjunum af sölu þess varnings, sem hingað var keyptur á þess vegum. Umboðslaunin hafi yfirleitt verið færð félaginu til tekna, jafnóðum og viðskiptin gerðust, í gjaldeyri heimalands þeirra og síðan greidd félaginu eftir tilvísun framkvæmdastjórans, aðallega á bankareikninga í viðkomandi löndum. Í ljós hafi komið, að framkvæmdastjórinn hafi ekki skilað til félagsins öllum þeim umboðslaunum, sem þannig hafi fengizt.

Þá var í löghaldsmálinu lagt fram uppkast af samkomulagi milli aðilja málsins. Það uppkast er dags. í júlí 1972, og segir þar í 7. lið „Umdeild erlend umboðslaun frá árunum 1968—1970 teljast eign Tryggva, gerir hlutafélagið enga kröfu eða kvörtun varðandi þau, enda ábyrgist Tryggvi þau sjálfur.“ Í endanlega samkomulaginu frá 3. ágúst 1972 hefur þessum lið verið sleppt.

Í greinargerð sinni hélt stefndi því fram, að stefnandi hefði í máli þessu ekki lagt nein sönnunargögn fram til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að stefndi hefði dregið sér umboðslaun. Þá heldur stefndi því eindregið fram, að hér sé um hluta af sömu kröfu að ræða og stefnandi hafi áður krafizt löghalds fyrir og vitnar í því sambandi til skjala þeirra, sem lögð voru fram við löghaldið og hér hefur verið vitnað til að framan, sbr. dskj. 7—11 í dómsgerðum löghalds. Benti hann á, að fallið hafi verið frá löghaldsbeiðninni, sem beðið var um á dskj. nr. 7 í fógetaréttarmálinu, sbr. samkomulagið frá 3. ágúst 1972. Lögmaður stefnda hélt því fram, að stefndi teldi sig óbundinn af samningnum, en stefnandi hefði heimtað uppfyllingu samningsins. Þar sem aðeins sé um hluta samkomulagsins að ræða, sem sé þáttur í miklu stærra máli, krefjist hann frávísunar, enda verði að gera öll viðskipti aðiljanna upp í heild. Þá hélt hann því fram, að engar sannanir væru komnar fram þess efnis, að stefnanda hefði ekki verið kunnugt um kröfur máls þessa, þá er samkomulagið var gert, og vitnaði í því sambandi til 7. liðar uppkastsins frá júlí 1972, sbr. dskj. nr. 11 í fógetaréttarmálinu, sem áður hefur verið rakið. Af hálfu stefnanda var þessum málsástæðum stefnda öllum mótmælt.

Álit dómsins.

Eins og áður er frá greint, liggur fyrir í málinu samkomulag, sem aðiljar málsins hafa undirritað. Samkvæmt því samkomulagi varðar það úrlausn ágreiningsefna stefnda og núverandi fyrirsvarsmanna stefnanda varðandi hlutafélagið T. Hannesson og Co. h/f. Stefnandi hefur hvorki gert kröfu um, að samkomulag þetta verði dæmt ógilt né heldur er það málsástæða hjá honum, að samkomulagið í heild sé ógilt, heldur aðeins að brostnar séu forsendur fyrir „syndakvittun", sem hann telur felast í niðurlagi samkomulagsins, þ. e. í þessum orðum: „Á þá hvorugur neinar kröfur á hendur hinum." Þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en hann hafi heimtað uppfyllingu samkomulagsins, sbr. dskj. 6 í fógetamálinu. Hér verður því að skoða kröfur stefnanda í því ljósi, að samningurinn sé í gildi. Samkvæmt 12. lið samkomulagsins skyldi viðskiptareikningur stefnda hjá hlutafélaginu falinn löggiltum endurskoðanda til uppgjörs. Samkvæmt 16. lið samkomulagsins skyldi mat hins löggilta endurskoðanda ráða, yrði ágreiningur um einhverjar aðrar færslur en þær, sem um er getið í samkomulaginu, og skuldbinda aðiljar sig til að hlíta því. Mat hins löggilta endurskoðanda liggur ekki fyrir í málinu, en rétt þykir að skilja 16 . gr. samkomulagsins á þá leið, að hann verði að fjalla um kröfur máls þessa og verði þær ekki lagðar fyrir dóm, eins og hér er gert. Eins og kröfugerð og málsástæðum stefnanda er háttað, þykir eiga að vísa því frá dómi ex officio þegar af þessum sökum, og breytir það ekki þeirri niðurstöðu, að stefndi heldur því fram, að samkomulagið sé ógilt.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 12.000.00 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Stefnandi, T. Hannesson og Co. h/f, greiði stefnda, Tryggva Hannessyni, kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. desember 1973.

Nr. 69/1972: **Andrés Ágústsson**
f. h. Landflutninga h/f
gegn
Osta- og Smjörsölunni h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Andrés Ágústsson f. h. Landflutninga h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. desember 1973.

Nr. 137/1973: **Magdalena V. Zundert**
gegn
Lögreglustjóranum í Reykjavík
f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magdalena V. Zundert, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. desember 1973.

Nr. 6/1972: **Nýja fasteignasalan s/f**
(Logi Guðbrandsson hrl)
gegn
Hákoni Leifssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Einar Arnalds.

Fasteignasala. Þóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1972. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 24.500.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. október 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.
Eigendur áfrýjanda eru Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður og Magnús Þórarinsson.

Í málinu er leitt í ljós, að eiginkona stefnda var því samþykk, að íbúð þeirra hjóna var boðin til sölu. Hún hafði komið ásamt stefnda á skrifstofu áfrýjanda og átt viðræður við Magnús Þórarinsson, sem kynnti þeim tilboð í íbúðina, en ekki varð þá úr kaupum.

Daginn áður en kauptilboð það, sem málið fjallar um, var undirritað, gaf nefndur Magnús stefnda upp aðalatriðin í tilboðinu. Ritaði stefndi þau niður hjá sér á miða og kynnti konu sinni, er hann kom heim. Kveðst konan hafa hafnað þessu tilboði, þar sem söluverðið hafi verið of lágt. Daginn eftir fór stefndi samt á skrifstofu áfrýjanda og ritaði á tilboðsskjalið samþykki sitt, en ekki minntist hann á afstöðu konunnar til tilboðsins. Eins og rakið er í héraðsdómi, galt stefndi

kaupandanum samkvæmt tilboðinu kr. 10.000.00 í vanefndabætur. Að svo vöxnu máli mátti greindur Magnús Þórarinsson, sem hafði þessi viðskipti með höndum, gera ráð fyrir því og treysta því, að konan væri samþykk tilboðinu. Getur stefndi því ekki borið fyrir sig til sýknu samþykkisskort konunnar, en hann var eina ástæðan til þess, að salan fór út um þúfur. Á áfrýjandi rétt til söluþóknunar úr hendi stefnda fyrir starf það, er í té var látið, og telst hún hæfilega ákveðin kr. 18.375.00. Ársvextir ákveðast 7% til 16. maí 1973, en síðan 8% og upphafstími þeirra 4. desember 1970, birtingardagur héraðsdómsstefnu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Hákon Leifsson, greiði áfrýjanda, Nýju fasteignasölunni s/f, kr. 18.375.00 með 7% ársvöxtum frá 4. desember 1970 til 16. maí 1973 og 8% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1971.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 4. desember 1970, Munnlegur futningur fór fram í málinu 5. október s.l., og var það þá dómtekið. Málið var endurupptekið 12. október s.l., flutt að nýju og dómtekið sama dag.

Stefnandi máls þessa er Nýja fasteignasalan s/f, Reykjavík. Stefndi er Hákon Leifsson, Mosgerði 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum sölulaun, kr. 24.500.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 10. október 1970 (sic) og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en

til vara lækkunar á stefnukröfunum. Jafnframt hefur hann krafizt þess, að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur eigi borið árangur.

2.0.

2.1. Í stefnu segir um málavexti, að hinn 10. október 1970 hafi Finnbogi Ólafsson, Flókagötu 60, Reykjavík, gert kauptilboð í íbúð stefnda á 1. hæð í húsinu nr. 11 við Mosgerði hér í borg. Samkvæmt því skyldi kaupverðið vera kr. 1.225.000.00. Kauptilboð þetta hafi stefndi samþykkt samdægurs án fyrirvara.

Þann 12. október sama ár, er ganga hafi átt frá kaupum formlega með kaupsamningi og greiðslu inn á kaupverðið, hafi stefndi komið á fasteignasöluna og tjáð sig vilja vera lausan undan samningnum, þar sem hann hefði fengið betra tilboð annars staðar. Hafi honum verið tjáð, að það gæti einungis gerzt með samþykki kaupanda. Hafi orðið samkomulag á milli kaupanda og stefnda um riftun og bætur til kaupanda. Þetta hafi verið gert án milligöngu stefnanda.

Af öðrum gögnum málsins má sjá, að þann 17. október 1970 undirrituðu stefndi og áðurgreindur Finnbogi Ólafsson svofellt samkomulag:

„Samkomulag er milli aðila um riftun ofanritaðs samnings, og hefur seljandi greitt kaupanda vanefndabætur að fullu. Á því hvorugur aðili frekari kröfur á hinn."

Upplýst er í málinu, að stefndi greiddi áðurnefndum Finnboga kr. 10.000.00 bætur vegna ofangreindrar riftunar. Jafnframt er upplýst, að stefndi seldi áðurgreinda íbúð að Mosgerði 11 stuttu eftir riftun samningsins, þann 17. október 1970, Þórólfi nokkrum Ágústssyni fyrir kr. 1.250.000.00.

2.2. Í aðiljaskýrslu stefnda, Hákonar Leifssonar, hér fyrir dómi segir, að eiginkona hans, Ingveldur Hannesdóttir, hafi vitað og verið því samþykk, að umrædd íbúð að Mosgerði 11 yrði sett í sölu. Stefndi kveðst hins vegar hafa undirritað framangreint kauptilboð Finnboga Ólafssonar, án þess að eiginkonan vissi. Hafi hún verið ósamþykk sölunni, þegar til kom, enda hafi henni m. a. þótt söluverðið of lágt. Hann sagði, að sölumaður og eigandi Nýju fasteignasölunnar s/f, Magnús Þórarinsson, hafi vitað, að eiginkona stefnda væri samþykk því, að íbúðin yrði sett í sölu. Kvaðst stefndi ásamt konu sinni hafa farið á fund Magnúsar og rætt við

hann um tilboð nokkurt, sem komið hafði í umrædda íbúð, en eigi hafi orðið úr kaupum.

Vitnið Ingveldur Hannesdóttir sagði í vitnaskýrslu hér fyrir dómi, að hún hafi almennt verið því samþykk, að íbúðin yrði sett í sölu. Í samræmi við það hafi stefndi sett íbúðina í sölu, m. a. hjá stefnanda máls þessa. Hún kannaðist við það, að kauptilboð hafi komið í húsið og að hún og stefndi hafi af því tilefni farið á fund áðurnefnds Magnúsar og átt viðræður við hann út af því tilboði, en ekki hafi orðið úr kaupum. Hún sagði, að stefndi hafi samþykkt tilboð Finnboga Ólafssonar án sinnar vitundar. Er vitnið kvaðst hafa fengið vitneskju um efni kauptilboðsins, hafi hún verið því ósamþykk, enda hafi sér þótt verðið of lágt. Því hafi þau kaup gengið til baka með samþykki Finnboga og honum greiddar bætur.

Vitninu var sýnt umrætt kauptilboð, undirritað af Finnboga Ólafssyni og stefnda þann 10. október 1970, en það liggur frammi í máli þessu. Vitnið sagði frá því, að stefndi hafi þá áður komið heim með tilboð frá Finnboga, sem vitnið kvaðst halda, að stefndi hafi ritað niður á miða hjá sér. Vitnið kvaðst ekki vilja fullyrða, hvort þar hafi verið efnislega sama tilboðið um að ræða og umrætt kauptilboð, en alla vega kvaðst vitnið þá strax hafa verið mótfallið því tilboði og tjáð stefnda það. Vitnið kvað það rétt vera, að áðurnefndur Þórólfur hafi keypt fasteignina skömmu eftir 17. október 1970, en þann dag hafi þó ekkert kauptilboð frá fyrrnefndum Þórólfi legið fyrir og raunar ekkert tilboð.

Í aðiljaskýrslu Magnúsar Þórarinssonar hér fyrir dómi segir, að stefndi hafi sett umrædda íbúð í sölu til stefnanda, sennilega í maí 1970. Hafi hann sett upp kr. 1.400.000.00.

Magnús minntist þess, að um sumarið hafi stefndi og kona hans komið til sín, en tilefni þess hafi verið það, að Magnús hafði munnlegt tilboð frá væntanlegum kaupanda, sem hugðist bjóða kr. 950.-000.00 í eignina. Á þessum fundi hafi þau hjónin hafnað tilboðinu. Í skýrslu Magnúsar segir, að hann hafi á þessum tíma verið búinn að gera sér grein fyrir því, að verðið, kr. 1.400.000.00, væri of hátt. Kvaðst hann því hafa þar og þá spurt þau hjónin að því, hvaða fjárhæð þau gerðu sig ánægð með sem söluverð. Hafi þá komið fram, að þau hjónin hafi talið sig geta látið eignina á kr. 1.200.000.00, en ekki þar undir. Hafi frúin, Ingveldur, tekið fullan þátt í þessum viðræðum og verið samþykk áðurgreindu verði. Í skýrslu Magnúsar segir enn fremur, að daginn áður en umrætt kauptilboð Finnboga Ólafssonar var undirritað, hafi hann,

Magnús, gefið stefnda upp aðalatriðin í því kauptilboði. Stefndi hafi farið með þær upplýsingar heim, en daginn eftir hafi hann undirritað kauptilboðið. Við undirritun kauptilboðsins hafi ekkert verið rætt um afstöðu konunnar til framangreinds kauptilboðs.

Spurður kvaðst Magnús halda, að hinn endanlegi kaupandi hafi þegar verið með í tafli, þegar umrætt kauptilboð var samþykkt. Af þessum orsökum kvaðst Magnús halda, að umræddum kaupsamningi hefði verið rift.

Loks kvaðst Magnús hafa vitað, að stefndi bjó með fjölskyldu sinni í umræddu húsi að Mosgerði 11. Hann sagði, að yfirleitt ritaði maki ekki undir kauptilboð á sinni skrifstofu, heldur þá fyrst, er kaupsamningur væri gerður.

3.0.

3.1. Málssóknin er á því reist, að stofnazt hafi gildur kaupsamningur milli stefnda og Finnboga Ólafssonar fyrir milligöngu stefnanda við undirritun framangreinds kauptilboðs, dags. 10. október 1970. Kaupunum hafi verið rift af ástæðum, sem á engan hátt hafi varðað starf stefnanda eða afstöðu kaupandans. Því telur stefnandi, að hann hafi unnið til fullra sölulauna, en þau séu 2% af söluverði, eða stefnufjárhæðin, kr. 24.500.00.

3.2. Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að ekki hafi komizt á bindandi samningur milli hans og áðurgreinds Finnboga, og því eigi komizt á kaup fyrir milligöngu stefnanda. Stefnanda hafi verið kunnugt um, að eiginkona stefnda þyrfti að samþykkja kauptilboðið, til þess að samningurinn væri bindandi fyrir stefnda.

Varakrafa stefnda er á því reist, að ef um bindandi kaup hafi verið að ræða, þá sé alla vega ljóst, að stefnandi eigi ekki rétt á fullum sölulaunum, þar sem kaupunum hafi verið rift með samkomulagi beggja aðilja. Eigi hann í mesta lagi rétt á einhverri þóknun fyrir fyrirhöfnina.

4.0.

4.1. Upplýst er, að stefndi fól stefnanda fullt umboð til sölu húseignar þeirrar, sem í málinu greinir, en stefndi var þinglýstur eigandi hennar. Fyrir tilstilli stefnanda undirrituðu stefndi og Finnbogi Ólafsson svonefnt kauptilboð þann 10. október 1970, eins og lýst hefur verið, en stuttu síðar var kauptilboðið látið ganga til baka. Í framhaldi af því seldi stefndi síðan umrædda íbúð Þórólfi Ágústssyni án milligöngu stefnanda.

Krefur nú stefnandi stefnda um sölulaun vegna framangreindra afskipta sinna.

Ráðstöfun íbúðar þeirrar, sem í málinu greinir, var háð þeim takmörkunum, sem greinir í 20. gr. laga nr. 20/1923, og var sölumanni stefnanda, Magnúsi Þórarinssyni, um þetta kunnugt.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að eiginkona stefnda, Ingveldur Hannesdóttir, hafi samþykkt áður tilvitnað kauptilboð eða á annan hátt látið slíkt samþykki á sér skiljast. Hún var hvorki viðstödd, þá er undirritun kauptilboðsins fór fram, né var minnzt á afstöðu hennar við undirritun þess. Samkvæmt framburði Magnúsar Þórarinssonar virðist það og ekki vera í samræmi við starfsvenjur stefnanda, að maki undirriti kauptilboð, heldur sé undirritunar maka þá fyrst krafizt, er kaupsamningur er gerður. Umrætt samþykki kauptilboðsins var því annmörkum háð og leiddi hvorki þá né síðar til löglegrar sölu íbúðarinnar.

Varhugavert þykir og að fullyrða, að stefndi hafi í orðum eða á annan hátt gefið stefnanda ástæðu til að ætla, að slíkt samþykki lægi fyrir við undirritun kauptilboðsins. Aðferð stefnda við riftun umrædds kauptilboðs verður heldur eigi talin skapa stefnanda neinn rétt, eins og málum er hér háttað.

Stefndi, sem rekur fasteignasölu hér í borg, hefur réttindi og ber skyldur samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1938 (með áorðnum breytingum). Eins og hér er ástatt, á hann ekki rétt á söluþóknun, og með því að stefnukrafan hefur heldur ekki við rök að styðjast eftir öðrum leiðum samkvæmt framansögðu, verður að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Jafnframt er rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 7.500.00.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hákon Leifsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Nýju fasteignasölunnar s/f, í máli þessu.

Stefndi, Nýja fasteignasalan s/f, greiði stefnda, Hákoni Leifssyni, kr. 7.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. desember 1973.

Nr. 94/1972: **Dánar- og félagsbú Guðmundu Ísleifsdóttur og Ragnars Veturliðasonar**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Rögnu Ragnarsdóttur
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Endurgreiðsla. Heimilisaðstoð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. júlí 1972. Krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða stefndu kr. 59.000.00 og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi viðurkennt, að honum beri að greiða stefndu aðkeypta heimilisaðstoð á tímabilinu 8. ágúst til 9. desember 1968, kr. 20.000.00, fæði og hjúkrun á sama tímabili, kr. 15.000.00, og þóknun vegna heimilisaðstoðar stefndu á árunum 1965 og 1966, kr. 24.000.00.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, dánar- og félagsbú Guðmundu Ísleifsdóttur og Ragnars Veturliðasonar, greiði stefndu, Rögnu Ragn-

arsdóttur, kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 27. apríl 1972.

Sóknaraðili máls þessa, Ragna Ragnarsdóttir, Suðurlandsbraut 100, hefur gert þær réttarkröfur, að ofangreint bú verði úrskurðað til að greiða henni kr. 300.000.00, áður en til skipta þess kemur. Til vara krefst hún annarrar lægri fjárhæðar að mati réttarins. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Í greinargerð varnaraðilja var krafizt sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja svo og málskostnaðar, en við munnlegan flutning málsins viðurkenndi umboðsmaður varnaraðilja, að honum bæri að greiða sóknaraðilja kr. 20.000.00 auk hæfilegrar fjárhæðar að mati dómsins vegna fæðiskaupa og umönnunar sóknaraðilja á Guðmundu heitinni Ísleifsdóttur á tímabilinu 8. ágúst til 9. desember árið 1968.

Munnlegur málflutningur fór fram í máli þessu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, hinn 7. þessa mánaðar, og var málið tekið til úrskurðar sama dag.

Hinn 25. desember 1968 andaðist á Landspítalanum í Reykjavík Guðmunda Ísleifsdóttir. Við uppskriftar- og virðingargerð á búi hennar hinn 7. október 1969 var ákveðið að taka dánarbúið til opinberrar skiptameðferðar. Erfingjar búsins eru tveir, sóknaraðili máls þessa, Ragna Ragnarsdóttir, dóttir hinnar látnu og Ragnars Veturliðasonar, fædd 5. nóvember 1937, og Ragnar Veturliðason, maki Guðmundu heitinnar, fæddur 22. marz 1914.

Á skiptafundi í búinu hinn 31. marz 1971 lýsti umboðsmaður sóknaraðilja, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, yfir því, að umbjóðandi hans, Ragna Ragnarsdóttir, mundi gera kröfu um, að dánar- og félagsbúið greiddi henni fyrir heimilsstörf og umönnun móður hennar, áður en til skipta dánarbús Guðmundu Ísleifsdóttur kæmi, og hinn 26. apríl 1971 var svo kröfu lýst að fjárhæð kr. 300.000.00. Kröfunni var mótmælt, og var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreininginn, og er það mál hér til úrskurðar.

Sóknaraðili, Ragna Ragnarsdóttir, rökstyður kröfu sína með því, að hún hafi unnið kauplaust á heimili foreldra sinna frá 15 ára aldri, en frá þeim tíma hafi móðir hennar verið ósjálfbjarga sjúklingur. Þá hafi hún jafnframt unnið utan heimilisins á greindu tímabili og hafi sjálfsaflafé hennar gengið að verulegu leyti til

heimilisins, þar sem faðir hennar hafi alla tíð verið knappur á framfærslueyri til fjölskyldunnar. Um mánaðamótin júlí—ágúst 1968 hafi hann svo farið af heimilinu og ekki lagt því neitt til eftir það þá rúmlega fjóra mánuði, sem Guðmunda heitin Ísleifsdóttir átti ólifaða. Þá kveðst sóknaraðili hafa lánað fé árið 1957 til kaupa á fasteign félagsbúsins, Suðurlandsbraut 100, og hafi framlag sitt numið a. m. k. kr. 17.095.00 og vísar í því sambandi til minnisseðils, sem fyrir liggur í málinu, þingmerktur sem dskj. nr. 4. Loks kveðst sóknaraðili hafa orðið að kaupa heimilsaðstoð fyrir kr. 20.000.00, eftir að Ragnar Veturliðason hvarf frá heimilinu árið 1968.

Umboðsmaður varnaraðilja styður kröfugerð sína þeim rökum, að sóknaraðili hafi notið fæðis og húsnæðis endurgjaldslaust á öllu því tímabili, sem kaupkrafa hennar nær til. Hið sama hafi gilt um fæði og húsaskjól til handa tveimur börnum sóknaraðilja, sem fædd eru 1961 og 1965. Faðir sóknaraðilja, Ragnar Veturliðason, hafi lagt heimilinu til fullkomlega allt, sem það þarfnaðist, allt fram til þess tíma, er hann hvarf brott af heimilinu í ágúst 1968. Þá sé einnig á það að líta, að móðir sóknaraðilja hafi dvalizt langtímum saman á sjúkrahúsum og ekki hafi sóknaraðili annast hana þann tíma. Guðmunda heitin Ísleifsdóttir hafi verið nánast heilsulaus árum saman. Bendir varnaraðili í því sambandi á framburð vitnisins Ingibergs Jens Sigurðar Guðjónssonar, Stigahlíð 22, fædds 13. september 1925, frá 5. júlí 1971, en þar ber vitnið, sem var kjörsonur Guðmundu Ísleifsdóttur og fyrri eiginmanns hennar, Guðjóns Kristinssonar, að Guðmunda heitin hafi verið orðin alger öryrki 1961—1962, en kveðst jafnframt minnast þess, að hún hafi þegar í æsku vitnisins verið langdvölum á sjúkrahúsum. Hafi Guðmunda heitin því verið orðin heilsulaus þegar við fæðingu sóknaraðilja eða skömmu síðar. Hér sé því um það að ræða, að önnur fyrirvinna heimilisins hafi bilað, en hin fyrirvinnan, Ragnar Veturliðason, hafi þá orið að taka á sig meginþunga framfærslunnar. Þá bendir varnaraðili á, að fyrir liggi, að sóknaraðili hafi unnið utan heimilisins allt frá 14 ára aldri og ekkert bendi til, að hún hafi lagt fé af mörkum til heimilishaldsins af því kaupi, sem henni áskotnaðist fyrir þá vinnu. Varðandi ætlað framlag sóknaraðilja til fasteignarinnar segir umboðsmaður varnaraðili hafi unnið utan heimilisins allt frá 14 ára aldri og ekkert aðili hafi lagt fram einhverja fjárhæð til kaupanna, 5—10 þúsund krónur, en kveður sóknaraðilja ekki hafa ætlazt til endurgreiðslu, enda hafi þeirri kröfu ekki verið hreyft fyrr en undir

rekstri máls þessa, en jafnvel þótt svo verði ekki litið á, sé sú krafa fyrnd, þar sem upplýst sé, að fjárframlag þetta hafi verið innt af hendi árið 1957.

Varnaraðili hefur viðurkennt, að endurgreiða beri sóknaraðilja kr. 20.000.00 fyrir aðkeypta heimilisaðstoð árið 1968, og verður sú fjárhæð tildæmd sóknaraðilja úr búinu. Þá hefur varnaraðili fallizt á, að sóknaraðilja beri greiðsla að mati dómsins fyrir fæðiskostnað og umönnun Guðmundu heitinnar Ísleifsdóttur á tímabilinu 8. ágúst til 9. desember árið 1968, og þykir verða að ákvarða sóknaraðilja hæfilega fjárhæð fyrir það.

Verða ágreiningsatriði málsins nú tekin til skoðunar, og verður fyrst athugað, hvort úrskurða beri sóknaraðilja greiðslu fyrir störf á heimili foreldra sinna.

Í aðiljaskýrslum Rögnu Ragnarsdóttur og Ragnars Veturliðasonar hinn 21. júní 1971 kemur fram, að Guðmunda heitin Ísleifsdóttir hafi ekki verið fær til verka á heimilinu síðustu fjögur til fimm árin, sem hún lifði, en fram að þeim tíma hafi hún unnið léttari heimilisstörf, svo sem að matargerð og uppþvotti, en að öðru leyti hafi heimilisstörfin hvílt á sóknaraðilja.

Ósannað er, hversu mikla vinnu sóknaraðili lét heimili foreldra sinna í té, meðan móðir hennar naut enn við að nokkru. Svo virðist sem hún hafi ekki haft uppi kröfur um greiðslu fyrir þjónustu sína við heimilið fyrr en með kröfulýsingu sinni í máli þessu hinn 26. apríl 1971. Þess er og að geta, að sóknaraðili naut sér að útgjaldalausu viðurgernings og húsnæðis á heimilinu fyrir sig og börn sín. Þykja því ekki efni til að taka til greina beina launakröfu hennar, en rétt er að ætla henni nokkra þóknun fyrir störf í þágu heimilisins, eftir að móðir hennar varð farlama með öllu. Þykir sú þóknun hæfilega ákveðin kr. 80.000.00, og er innifalið í þeirri fjárhæð greiðsla fyrir tímabilið 8. ágúst til 9. desember 1968, sem varnaraðili hefur viðurkennt að efni til.

Í málinu er ágreiningur um, hvort sóknaraðili hafi lagt fé af mörkum af sjálfsaflafé sínu til sameiginlegra heimilisþarfa.

Sóknaraðili, Ragna Ragnarsdóttir, hefur ekki sannað nein bein fjárframlög til heimilisins af sjálfsaflafé sínu. Hún hefur hins vegar borið, að áður en faðir hennar fór af heimilinu í ágúst 1968, hafi verið farið að tregðast um greiðslur hans til heimilisins. Fram kemur í aðiljaskýrslu Ragnars Veturliðasonar, að frá því í janúar 1967 þar til í júní 1968 hafi hann greitt til heimilisins einungis kr. 5.000.00 á mánuði auk fastagjalds af síma.

Verður að líta svo á, að Ragnar Veturliðason hafi viðurkennt

skyldu sína til greiðslu framfærslueyris með téðum greiðslum. Með því að fjárframlag Ragnars Veturliðasonar á nefndu tímabili þykir ekki hafa nægt til framfærslu Guðmundu heitinnar Ísleifsdóttur, þykir verða að úrskurða sóknaraðilja uppbót af þeim sökum, þar sem forsjá heimilisins hvíldi alfarið á henni á þessum tíma. Þykir hæfilegt að tildæma sóknaraðilja kr. 18.000.00 af þessum sökum.

Í máli þessu kemur fram og er ágreiningslaust, að sóknaraðili lagði árið 1957 fram nokkurt fé til kaupa á fasteigninni Suðurlandsbraut 100. Hefur varnaraðili borið fyrir sig fyrningu gegn kröfu um endurgreiðslu vegna þessa.

Samkvæmt lögum nr. 14 frá 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fyrnast peningalánskröfur á 10 árum, sbr. í því sambandi 2., 3. og 4. gr. nefndra laga. Verður endurgreiðslukrafa sóknaraðilja því ekki tekin til greina.

Í máli þessu þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja upp í málskostnað kr. 15.000.00.

Jón Þóroddsson, fulltrúi borgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, dánar- og félagsbú Guðmundu Ísleifsdóttur og Ragnars Veturliðasonar, greiði sóknaraðilja, Rögnu Ragnarsdóttur, kr. 118.000.00.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 15.000.00 upp í málskostnað.

Þriðjudaginn 4. desember 1973.

Nr. 114/1973: **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari ríkisins ad hoc)
gegn
Haraldi Ólafssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Tilraun til manndráps. Líkamsmeiðingar. Brot gegn 220. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er rækilega lýst í héraðsdómi. Viðbótarrannsókn hefur eigi farið fram eftir uppkvaðningu héraðsdóms, og engin ný gögn hafa komið fram fyrir Hæstarétti.

Hér á eftir verður fyrst vikið að aðdraganda að brotum þeim, sem ákærði er sóttur til refsingar fyrir að hafa framið hinn 14. janúar 1973, en síðan verður veitt úrlausn um hvert einstakt ákæruefni í sömu röð og í þeim kafla héraðsdóms, sem ber fyrirsögnina „Niðurstöður".

I.

Aðdragandi að brotum þeim, sem ákærði framdi hinn 14. janúar 1973.

Í héraðsdómi er rækileg lýsing á hjúskaparsambúð ákærða og Báru Magnúsdóttur og fjölskylduerjum ýmiss konar. Þar eru og raktar skýrslur um hótanir, sem ákærði er talinn hafa haft í frammi í garð fyrrverandi tengdamóður sinnar, Elínar Ólafsdóttur, og fyrrverandi eiginkonu sinnar, Báru Magnúsdóttur. Verður að ætla, að hann hafi borið þungan hug til þeirra um þessar mundir og muni það viðhorf hafa magnazt, er hann frétti, að Bára hefði stofnað til festa og að unnusti hennar dveldist með henni hér á landi, en þau komu hingað til lands 10. janúar 1973.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, ók ákærði sunnudag 14. janúar 1973 laust eftir klukkan 1 e. h. í leigubifreið frá heimili sínu, Víðimel 32 í Reykjavík, að húsinu Nökkvavogi 62. Fór hann þar inn um opinn glugga í mannlausri íbúð og hafði á brott með sér að ófrjálsu tvíhleypta haglabyssu ásamt skotfærabelti með skotum, er þar voru geymd. Skýrir eigandinn, Snorri Jens Ólafsson, svo frá, að ákærði hafi um það bil klukkan 12 á hádegi rætt við sig tvívegis í síma og í síðara samtali hafi hann óskað eftir að fá haglabyssu hans að láni, þar sem hann hygðist fara á fuglaveiðar. Snorri Jens kveðst hafa hafnað tilmælum ákærða. Hann réð það af tali ákærða, að hann væri undir áhrifum áfengis. Bifreiðarstjóri sá, Sigurður Tómas Sigurbjarnarson, er ók ákærða, telur hann hafa verið ölvaðan eða jafnvel mikið ölvaðan og öran, er hann kom í bifreið hans, en hann ber einnig, svo sem rakið er í héraðsdómi, að ákærði hafi tvívegis, meðan á ökuferð stóð, drukkið úr áfengisflösku, er hann hafði meðferðis, og í annað skiptið hafi hann drukkið drjúgum. Vitnið Sigurður Tómas sá ákærða koma með byssuna frá húsinu Nökkvavogi 62, og hafði ákærði byssuna með sér í bifreiðinni á leiðarenda, en Sigurður Tómas ók honum að húsi við Yrsufell í næsta nágrenni við Yrsufell 11.

II.

Atferli ákærða í húsinu Yrsufelli 11 í Reykjavík.

II.1. **Atferli ákærða við og í íbúð Elínar Ólafsdóttur.**

Í héraðsdómi er lýst ítarlega aðkomu ákærða að húsinu Yrsufelli 11 og aðdraganda að því, að hann komst upp á fjórðu hæð hússins, þar sem fyrrverandi tengdamóðir hans, Elín Ólafsdóttir, bjó ásamt syni sínum, Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni, og þremur öðrum börnum. Um þetta leyti bjuggu enn fremur hjá henni dóttir hennar, Bára Magnúsdóttir, sem fyrr greinir, ásamt syni þeirra ákærða svo og unnusti Báru, Finn Jensen. Þegar ákærði kom að íbúð þessari, voru þar fyrir Elín Ólafsdóttir og Þórhallur Ölver, en aðir þeir, sem þar bjuggu þá, voru fjarverandi. Er ákærði hringdi dyrabjöllu íbúðarinnar, varð Þórhallur Ölver til að ljúka upp. Sannað þykir, að ákærði hafi gert sig líklegan til að ryðjast inn í

íbúðina og hafi beint byssuhlaupi inn um dyragættina. Tókst þeim mæðginum að loka hurðinni þrátt fyrir harða andstöðu ákærða. Skaut ákærði þá nær umsvifalaust skoti gegnum hurðina með þeim afleiðingum fyrir þau Elínu og Þórhall Ölver, sem greint er frá í héraðsdómi, en þau stóðu bæði rétt fyrir innan hurðina. Braut ákærði sér að svo búnu leið inn í íbúðina og veittist að Elínu með skothríð, svo sem rakið er í héraðsdómi, en Þórhalli Ölver auðnaðist að komast undan og leita hjálpar.

Eftir að Elínu tókst að komast undan ákærða út úr íbúð sinni og meðan hún hljóp niður stiga, skaut ákærði skoti á eftir henni, og verður að miða við, að hann hafi ekki hæft hana, svo sem í ákæruskjali segir. Benda sakargögn til þess, að Elín hafi verið komin niður í miðjan stiga, er skotið reið af. Um atburði þessa verður að leggja framburð vitnisins Elínar Ólafsdóttur til grundvallar dómi í málinu, en hann fær stoð í framburði vitnisins Ingveldar Magnúsdóttur og í framburði annarra vitna, sem greinir í héraðsdóminum, um skothríð í íbúð Elínar og í stigagangi. Ákærði hefur staðfastlega neitað því að muna nokkuð um ferð sína að Yrsufelli 11 og um atburði, er þar urðu.

Ófrjáls taka ákærða á haglabyssu og skotfærum verður eigi skýrð á annan hátt en þann, að á þeim tíma, er hann komst yfir skotvopnið og skotfærin, hafi búið með honum sá ásetningur að nota skotvopnið til ofríkisverka í eða við íbúð fyrrverandi tengdamóður sinnar, en þangað hélt hann rakleiðis frá þeim stað, er hann tók skotvopnið og skotfærin. Ákærði skirrðist ekki við að skjóta gegnum hurð að íbúð Elínar Ólafsdóttur, þótt langlíklegast væri, að fólk væri innan við hurðina og að það yrði fyrir skothríðinni, miðað við skotstyrkleika byssunnar og gerð hurðarinnar. Þegar virt er allt atferli ákærða, áður en hann hóf skothríðina, svo og háttsemi hans þar næst á eftir, verður að telja, að það hefði eigi aftrað honum í að skjóta, þótt honum hefði verið ljóst, að skothríðin drægi til líftjóns. Atferli hans, það er nú var lýst, og aðför hans og skothríð að Elínu Ólafsdóttur í íbúð hennar og eftir að hún komst út úr henni, þykir samfellt varða hann refs-

ingu samkvæmt 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Verður honum eigi jafnframt refsað samkvæmt 220. gr., 4. málsgr., og eigi heldur samkvæmt 217. gr. alm. hegningarlaga.

II.2. **Atferli ákærða við og í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, Yrsufelli 11.**

Sannað er, að ákærði ruddist inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, og beindi hann þar í fyrstu byssu þeirri, sem hann hafði meðferðis, að Sigrúnu. Hafsteinn Jósefsson bifvélavirkjameistari leitaði ásamt konu sinni, syni og gesti, sem hjá þeim hjónum var, inn í íbúð Sigrúnar, svo sem greinir í héraðsdómi. Er hann sá aðför ákærða að Sigrúnu, greip hann um byssuhlaupið og steig fram eitt skref til að ýta byssuhlaupinu niður að gólfi. Í sömu andrá hljóp skot úr byssunni og hæfði Hafstein í hægra fót. Hlaut hann mikla áverka, og varð ekki umflúið að nema fótinn af fyrir ofan hné með skurðaðgerð, sem framkvæmd var samdægurs á Borgarsjúkrahúsinu. Í beinu framhaldi af greindu atferli ákærða gagnvart Hafsteini Jósefssyni stökk Ólafur Ögmundsson á ákærða og tókst að hafa hann undir og afvopna, svo sem nánar er lýst í héraðsdómi.

Þegar ákærði ruddist inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, voru þar fyrir auk hennar Hafsteinn Jósefsson, kona hans með 5 ára barn þeirra hjóna, Ólafur Ögmundsson, sem fyrr er getið, og tvö börn Sigrúnar, 3 og 10 ára.

Í ákæruskjali er brot ákærða gagnvart Hafsteini Jósefssyni talið varða aðallega við 211., sbr. 20. gr., en til vara við 218. gr. almennra hegningarlaga. Fallast verður á þá úrlausn héraðsdóms, að varhugavert sé að telja sannað, að háttsemi ákærða varði við 211., sbr. 20 gr. almennra hegningarlaga. Skýrslur þeirra Hafsteins Jósefssonar og Ólafs Ögmundssonar um aðdraganda að því, að skotið hljóp úr byssunni í fót Hafsteins, eru, svo sem eðlilegt má telja í því uppnámi, sem menn voru, og vegna hinnar hröðu atburðarásar, ekki rækilegar um það, hvort eða hversu ákærði hafi miðað byssunni að Hafsteini. Hljóta vafaatriði að metast í þessu efni ákærða í hag, sbr.

meginreglu 108. gr. laga nr. 82/1961, nú 108. gr. laga nr. 73/1973, og ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að þessi brotaþáttur varði ákærða refsingu samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga. Heimilt er að dæma áfall samkvæmt því ákvæði, þótt ekki sé það greint í ákæruskjali, sbr. 118. gr. laga nr. 82/1961, sbr. nú 118. gr. laga nr. 73/1973. Atferli ákærða í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur varðar auk þess við 220. gr., 4. málsgr., almennra hegningarlaga, svo sem í héraðsdómi greinir.

III.

Heimildarlaus taka ákærða á haglabyssu og skotfærum í íbúð Snorra Jens Ólafssonar, Nökkvavogi 62.

Eigi þykir sannað, að með ákærða hafi búið sá ásetningur að kasta eign sinni á ofangreint skotvopn eða skotfæri. Ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 31. janúar 1973 lýsti eigandi skotvopnsins og skotfæranna, Snorri Jens Ólafsson, því, að hann gerði ekki „að sinni“ kröfur á hendur ákærða „fyrir innbrot hans og töku á byssu og skotfærabelti“. Samkvæmt þessu verður ákærða eigi gerð refsing fyrir brot á 259. gr., 2. málsgr., sbr. lög nr. 20/1956, 1. gr., sem hér á við, með því að 4. málsgr. 259. gr. áskilur, að refsikrafa komi fram frá þeim, er misgert er við.

IV.

Akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis.

Brot ákærða í þessum þætti ákæruskjals er sannað, og varðar það við 2., sbr. 4. málsgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. þeirra laga, svo og við 24., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Hefur ákvæði 24. gr. áfengislaga hvorki beint né óbeint verið úr gildi fellt, en það helgast af langri dómvenju að beita ákvæðum bæði umferðarlaga (bifreiðalaga) og áfengislaga um akstur bifreiða undir áhrifum áfengis í sakarefnum, sem hliðstæð eru þessu.

V.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði teljist sak-

hæfur, og leysir áfengisneyzla hans hann ekki undan refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir skilorðsdómi þeim, er ákærði sætti 13. júní 1972 í Frederiksberg birkeret í Danmörku, og ber að fallast á þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi rofið skilorð samkvæmt þeim dómi. Refsiákvæði þau í dönsku hegningarlögunum, sem atferli ákærða er talið varða við í dóminum frá 13. júní 1972, eru í hvívetna sama efnis og 226. gr., 1. málsgr., og 223. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber nú að refsa ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem hann var dæmdur fyrir hinn 13. júní 1972, og fyrir brot þau, sem dæmt hefur verið um hér að framan, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, svo sem það ákvæði er orðað með lögum nr. 22/1955, 7. gr., sbr. og 5. gr., 2. tölulið, almennra hegningarlaga og lög nr. 69/1963, 9. gr. Lagt er til grundvallar dómi, að atferli ákærða, sem um er fjallað í dóminum 13. júní 1972, varði við 226. gr., 1. málsgr., og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ber m. a. að hafa í huga þær fjölskylduerjur, sem sakargögn bera vott um, og jafnframt að atferli ákærða var stórháskalegt og leiddi til hörmulegs líkamstjóns.

Refsing ákærða er með vísan til 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðin 8 ára fangelsi. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 15. janúar 1973 skal koma til frádráttar refsingu hans, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, en að auki komi til frádráttar gæzluvarðhaldsvist sú í 26 daga, er hann sætti í Danmörku, svo sem lýst er í héraðsdómi.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. málsgrein 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er ákærði sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá 31. júlí 1972 að telja.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, kr. 100.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 150.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Ólafsson, sæti fangelsi 8 ár. Gæzluvarðhaldsvist hans í Danmörku í 26 daga komi refsingu til frádráttar svo og gæzluvarðhaldsvist hans hér á landi frá 15. janúar 1973.

Ákærði er frá 31. júlí 1972 sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. júlí 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 10. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í dómsal hegningarhússins við Skólavörðustíg, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 358/1973: Ákæruvaldið gegn Haraldi Ólafssyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Sakarefni.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 14. maí s.l., gegn Haraldi Ólafssyni, Víðimel 32 hér í borg, nú gæzlufanga í hegningarhúsinu, fæddum 19. ágúst 1946, fyrir brot gegn ýmsum ákvæðum alm. hegningarlaga og áfengis- og umferðarlögum. Auk eiginlegs ákæruefnis geymir ákæruskjalið allrækilega atvikalýsingu, og verður nú meginmál þess tekið upp í heild:

„I. Hegningarlagabrot.

Ákærða er gefið að sök að hafa laust eftir kl. 13.00 sunnudaginn 14. janúar 1973 eftir að hafa farið með leigubifreið frá heimili sínu, Víðimel 32, Reykjavík, að Nökkvavogi 62, þar sem hann lét bifreiðina bíða stundarkorn, farið þar inn í mannlausa íbúð Snorra Jens Ólafssonar og tekið þar og haft á brott með sér tvíhleypta haglabyssu af gerðinni L.I.G. cal. 12 og auk þess skotfærabelti, sem hafði að geyma tugi haglaskota. Ákærði lét síðan aka sér

að fjölbýlishúsinu nr. 11 við Yrsufell í Breiðholti, þar sem hann yfirgaf bifreiðina, girtur skotfærabeltinu og með haglabyssuna í höndum. Ákærði hringdi útidyrabjöllu hússins, var hleypt inn, og hélt hann þá rakleiðis upp á 4. hæð, þar sem fyrrverandi tengdamóðir hans, Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, bjó ásamt börnum sínum. Ákærði staldraði við á stigapalli fyrir framan íbúðina og hlóð þar byssuna, en hringdi síðan dyrabjöllu íbúðarinnar. Þegar íbúðinni var lokið upp af 14 ára syni Elínar Bjarnveigar, Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni, hugðist ákærði ryðjast þar inn og mundaði byssuna jafnframt inn í dyragættina, en Þórhalli Ölver og Elínu Bjarnveigu, sem voru fyrir í íbúðinni, tókst að bægja ákærða frá dyrunum, loka hurðinni og læsa. Ákærði skaut þá, umsvifalaust, einu skoti gegnum hurðina, þar sem Elín Bjarnveig og Þórhallur Ölver stóðu innan við, og þyrluðust yfir þau högl og tréflísar, sem særðu þau bæði. Ákærði sparkaði síðan upp hurðinni og ruddist inn í íbúðina, þar sem Elín Bjarnveig var þá ein fyrir, en Þórhallur Ölver hafði komizt á milli svala inn í næstu íbúð við hliðina. Ákærði miðaði stöðugt byssunni á Elínu Bjarnveigu, en hún hörfaði undan ákærða inn í eldhúsið og tókst að loka á eftir sér hurðinni og leggjast á hana. Ákærði lét þá tvö skot ríða af gegnum eldhúshurðina, og varð Elín Bjarnveig fyrir mikilli haglahríð, sem lenti einkum í vinstra læri hennar, kvið og hendi, sem mikið blæddi úr. Ákærði ruddist að því búnu inn í eldhúsið og gerði sig líklegan til að skjóta enn á ný á Elínu Bjarnveigu jafnframt því sem hann hótaði henni lífláti, en henni tókst að ná haldi á byssunni, og eftir nokkrar stimpingar tókst henni að komast út úr íbúðinni undan ákærða og niður á næstu hæð fyrir neðan, en ákærði skaut einu skoti á eftir henni, sem hæfði hana þó ekki. Elín Bjarnveig leitaði skjóls í íbúð Hafsteins Jósefssonar á 3. hæð, en Hafsteinn og fjölskylda hans ásamt Ólafi Ögmundssyni, sem var gestkomandi á heimili Hafsteins, höfðu flúið inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, sem er við hliðina á íbúð Hafsteins, þaðan sem lögreglunni var gert viðvart um atburðina, sem íbúar hússins höfðu orðið áskynja um. Ákærði hlóð nú byssuna á ný og lagði leið sína niður á 3. hæð hússins, þar sem hann sparkaði upp hurðinni að íbúð Sigrúnar, ruddist inn og gerði sig líklegan til að skjóta á það fólk, sem þar var fyrir, en það bað ákærða ákaft að skjóta ekki. Hafsteini Jósefssyni tókst þá að grípa um byssuhlaupið og sveigja það lítið eitt niður, en um leið lét ákærði skot ríða af, sem lenti ofarlega í hægra fæti Hafsteins og tætti fótinn í sundur. Samtímis því að Hafsteinn féll, tókst Ólafi Ögmunds-

syni að stökkva á ákærða og hafa hann undir og afvopna hann. Í þann mund kom lögreglan á vettvang og handtók ákærða.

Hafsteinn Jósefsson hlaut, svo sem áður er vikið að, mikla áverka á hægri fót, svo að taka varð fótinn af nokkuð fyrir ofan hné. Elín Bjarnveig Ólafsdóttir hlaut verulega áverka, einkum innanvert á vinstra læri og kvið, þar sem mörg högl höfðu gengið inn, sem varð að fjarlægja með skurðaðgerðum. Þórhallur Ölver Gunnlaugsson hlaut áverka á brjóst, sem ekki reyndust alvarlegir. Auk þessa skapaði ákærði svo með skothríðinni mikinn ótta og uppnám meðal íbúa fjölbýlishússins.

Þykir ákærði með atferli því, sem að framan hefur verið rakið, hafa gerzt brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með eftirgreindum hætti:

1. Við 211. gr., sbr. 20. gr., með aðförinni að Elínu Bjarnveigu, en til vara við 218. gr. — eða 1. mgr. 217. gr. — og 4. mgr. 220. gr.

2. Við 211. gr., sbr. 20. gr., með aðförinni að Hafsteini Jósefssyni, en til vara við 218. gr. með þeim áverkum, sem ákærði olli Hafsteini.

3. Við 1. mgr. 217. gr. með áverkum þeim, sem ákærði olli Þórhalli Ölver.

4. Við 4. mgr. 220. gr. með aðförinni að fólkinu í íbúð Sigrúnar og framanlýstri meðferð ákærða á skotvopni innan veggja fjölbýlishússins.

5. Við 244. gr. með stuldinum á byssunni og skotfærunum að Nökkvavogi 62.

II. Áfengis- og umferðarlagabrot.

Þá er ákærða ennfremur gefið að sök að hafa, miðvikudagskvöldið 21. júní 1972, undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 26023 frá veitingahúsinu Naust við Vesturgötu í Reykjavík austur Hafnarstræti og Hverfisgötu, allt þar til hann varð stöðvaður af lögreglumönnum gegnt Landsbókastafninu.

Telst þetta varða við 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

III. Dómkröfur.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til greiðslu skaðabóta, eftir því sem krafizt verður, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Fjárkröfur hafa ekki verið hafðar uppi í máli þessu.

Málsatvik.

A. Klukkan 1357 sunnudaginn 14. janúar s.l. var hringt á lögreglustöðina í Árbæjarhverfi í Reykjavík frá fjarskiptastöð lögreglunnar, en þangað hafði verið hringt klukkan 1355 frá Yrsufelli 11, og beðið um skjóta aðstoð vegna manns, sem væri á efstu hæð hússins með byssu og væri að skjóta á fólk. Lögreglumennirnir Finnbogi Sigurðsson og Jón Þór Þorbergsson, sem báðir voru á lögreglustöðinni í Árbæjarhverfi, hröðuðu sér á staðinn, og þegar þeir komu þangað, var búið að afvopna manninn. Hafði Ólafur Snævar Ögmundsson, Stigahlíð 24, náð yfirhöndinni yfir honum og hélt honum liggjandi á gólfinu á Stigagangi á 3. hæð. Handjárnuðu Finnbogi og Jón Þór manninn, ákærða Harald Ólafsson. Var hann síðan fluttur í fangageymsluna að Hverfisgötu 113 og þaðan í hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Var ákærði yfirheyrður í dómi næsta dag, en bæði þá og síðar hefur hann borið við algeru minnisleysi um það, sem gerðist að Yrsufelli 11. Að Yrsufelli 11 urðu fyrir meiðslum fyrrverandi tengdamóðir ákærða, Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, sonur hennar, Þórhallur Ölver, og Hafsteinn Jósefsson.

B. Verða nú raktir framburðir vitna þeirra, sem komið hafa fyrir dóm og borið um komu ákærða í húsið nr. 11 við Yrsufell greindan dag og það, sem þá gerðist.

Vitnið Gréta Garðarsdóttir Viborg, húsmóðir, Yrsufelli 11, segir, að dyrasímanum í íbúð hennar á 1. hæð hafi verið hringt sunnudaginn 14. janúar s.l. laust fyrir klukkan 1400. Fór hún í símann, og var karlmaður við dyrnar, sem bað um, að sér yrði hleypt inn. Gréta fór fram í forstofuna og sá, að við útidyrnar var maður, sem henni virtist dauðadrukkinn. Hún opnaði því ekki dyrnar. Stuttu síðar var hringt aftur, en Gréta fór ekki í símann strax. Þegar hún fór í símann, heyrði hún, að einhver var að opna hurðina með rafmagni. Á meðan hún var að hlusta í símann, skutust tvö börn hennar fram í stigann. Þegar Gréta fór úr símanum, fór hún fram í dyragættina til að kalla í þau, og þá sá hún, að maðurinn var kominn inn í forstofuna og að stigapallinum, sem er neðstur í forstofunni. Sá Gréta, að maðurinn hélt á byssu, sem beindist niður. Fór hún þá inn og kallaði í mann sinn, Sigurð Charles Bergsson, sem kom fram í dyragættina og sagði, að þetta væri hann Halli. Þegar hér var komið, var ákærði að ljúka við að loka byssunni. Náði eiginmaður Grétu í börnin, og um svipað leyti fór ákærði upp stigann með byssuna. Gréta og eiginmaður hennar fóru inn í íbúðina og hringdu þau bæði, sitt í hvoru lagi, í

lögregluna og tilkynntu, að maður væri með byssu í húsinu. Gréta hringdi, þegar hún hafði heyrt tvo skothvelli, en áður var Sigurður Charles búinn að hringja. Gréta heyrði a. m. k. 6 skothvelli. Ekki fór Gréta eða fjölskylda hennar upp í húsið, á meðan ákærði var þar.

Vitnið Sigurður Charles Bergsson var á heimili sínu laust fyrir klukkan 14 greindan dag. Var þá hringt dyrasímanum, og fór kona hans í símann. Sagði hún honum, að fullur maður væri við dyrnar. Sigurður Charles leit fram í ganginn rétt á eftir og sá þá mann með byssu í innri forstofu hússins, og sneri hlaupið niður, en maðurinn var að loka byssunni. Sá Sigurður Charles, að maðurinn var ákærði, sem Sigurður Charles kannaðist við með nafni. Virtist ákærði ölvaður, og gaf Sigurður Charles sig ekkert að honum. Sigurður Charles fór fljótlega inn til sín aftur, og var ákærði þá kominn á leið upp stigana. Sigurður Charles hringdi í 11166 til lögreglunnar og kona hans aftur síðar.

Vitnið Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, tengdamóðir ákærða, var greindan sunnudag í íbúð sinni á 4. hæð til hægri í Yrsufelli 11 ásamt syni sínum, Þórhalli Ölver, en í íbúðinni bjuggu auk þeirra þrjú önnur börn hennar, sem ekki voru heima. Þá voru dveljandi hjá þeim í íbúðinni Ásdís *Bára* Magnúsdóttir, dóttir hennar, sonur hennar, Ólafur Finnbogi, og unnusti Ásdísar Báru, Finn Jensen. Þau þrjú voru öll fjarverandi. Ásdís Bára, sonur hennar og unnusti komu frá Danmörku nokkrum dögum áður, en í Danmörku hafði Ásdís Bára verið frá því í maí 1972.

Elín Bjarnveig var í eldhúsinu að ganga frá eftir matinn. Hjá henni hafði sonur hennar verið. Hafði hún spurt hann, hvort hann vildi koma með henni í kaffiboð suður í Hafnarfjörð. Vildi hann það, og sagði hún honum þá að fara og skipta um föt. Í sama mund og Þórhallur Ölver gekk úr eldhúsinu og fram í innri forstofuna, var hringt dyrabjöllunni við íbúðardyrnar. Heyrði Elín Bjarnveig, að Þórhallur Ölver opnaði dyrnar og heyrði jafnframt stimpingar. Leit hún þá fram og sá, að Þórhallur Ölver og ákærði voru að stimpast um eitthvert brúnt skaft. Sá hún Þórhall Ölver halda báðum höndum um skaftið. Hljóp hún þá fram og ýtti á ákærða og skaftið, sem hún sá þá, að var byssa. Tókst þeim í sameiningu að ýta ákærða út úr dyrunum og skella í lás. Var Elín Bjarnveig hurðarhúnsmegin við hurðina og hélt um húninn, en Þórhallur Ölver stóð lamarmegin við hana. Voru þau bæði fyrir dyrunum, en ekki í vari við þær, enda ekkert pláss til slíks. Alveg í sömu andrá reið af skot, og flísar og högl dreifðust um forstofuna. Þessu veitti hún

þó ekki athygli þá, en sá hins vegar gatið á hurðinni og fann púðurlyktina. Hörfaði Elín Bjarnveig að baðherbergisdyrunum, en Þórhallur Ölver inn í stofuna. Hrópaði hún þá á Þórhall Ölver að flýja, og jafnframt hrópaði hún á hjálp og hljóp einnig að dyrunum aftur og reyndi að halda við þær, en stöðugt gengu högg á hurðina. Eftir örskamma stund hrukku dyrnar upp, og ákærði kom inn í forstofuna. Um leið og dyrnar hrukku upp, heyrði Elín Bjarnveig, að Þórhallur Ölver skellti svalahurðinni. Sjálf hrökklaðist hún undan ákærða og upp að vegg í forstofunni. Staðnæmdist hún við þann hluta veggjarins, sem er á milli eldhús- og baðdyra, aðeins nær eldhúsdyrunum. Miðaði ákærði á hana byssunni, og beindist hlaupið að henni fyrir neðan mitti. Ákærði var spariklæddur í fráhnepptum dökkum frakka, og sá hún, að hann var spenntur belti, sem í var skot við skot. Fram að þessu hafði ákærði ekki mælt orð frá munni. Ákærði staðnæmdist í baðdyrunum og beindi stöðugt byssuhlaupinu að Elínu Bjarnveigu. Þegar hér var komið, heyrði Elín Bjarnveig, að kona hrópaði í dyrunum. „Óður maður með byssu, guð hjálpi mér, hringið í lögregluna." Sá hún konuna í svip og sá, að það var Ingveldur, kona Hafsteins Jósefssonar. Ákærði leit við og fram í dyrnar, og notaði Elín Bjarnveig tækifærið og skauzt inn í eldhúsið og ætlaði að læsa. Á meðan hún var að ýta læsingarhnappnum inn, reið af skot, og fingurinn splundraðist, án þess þó að hún fyndi til. Þá telur Elín Bjarnveig sig hafa jafnframt fengið högl í vinstra lærið. Hún fékk högl í handleggina, þegar ákærði skaut fyrst á íbúðardyrnar. Elín Bjarnveig hélt áfram að halda í hurðarhúninn og hrópaði sífellt á hjálp. Eftir örskamma stund skaut ákærði aftur í gegnum hurðina, og þá fékk hún högl í kviðinn. Elín Bjarnveig man ekki glögglega eftir því, sem næst gerðist, en minnti þó, að eitt skot enn hefði riðið af. Hætti hún þá hrópum sínum og sleppti hurðinni. Kom ákærði þá inn með því að spyrna upp hurðinni. Þá fyrst tók hann til máls og spurði, hvar Ásdís Bára væri. Virtist ákærði ekki mikið drukkinn, en rauður í andliti með tryllingslegt augnaráð. Hann virtist ekki hafa fullt vald á hreyfingum sínum. Sagði Elín Bjarnveig, að Ásdís Bára væri úti, en hann sagði hana ljúga. Þá spurði hún ákærða, hvers vegna hann gerði þetta og sýndi ákærða skotsárin á lærinu. Þá sagði hann glottandi: „Nú ertu orðin fínt útflúruð og átt bara eftir að fá það á trýnið." Um leið miðaði ákærði á hana byssunni og í andlitið. Elín greip þá um hlaupið og gat beint byssunni upp. Stimpuðust þau um byssuna, og tókst ákærða í stimpingunum að losa tak hennar, og í því rak hann skeftið

undir hægra brjóstið á henni, en þá fann hún fyrsta sársaukann. Í upphafi stimpinganna var Elín Bjarnveig innar í eldhúsinu, en eftir að skeftið á byssunni hafði rekizt í hana, var staða þeirra sú, að ákærði stóð innar í eldhúsinu, og beindist byssuhlaupið upp að eldhússkápunum. Við sársaukann af högginu reiddist Elín Bjarnveig verulega og fékk aukinn kraft. Réðst hún á ákærða, og í þeim átökum hrasaði ákærði innar í eldhúsið, og tókst henni þá að skjótast út úr eldhúsinu, út úr íbúðinni og niður stigann. Þegar hún var komin niður í miðjan stigann, skaut ákærði aftur, og þá telur Elín Bjarnveig sig hafa fengið högl í utanverða hægri mjöðm. Missti hún af sér báða skóna á leiðinni niður stigann. Á næstu hæð fór hún inn í íbúð Hafsteins Jósefssonar, sem var ólæst. Ætlaði hún að flýja út um svaladyrnar sömu leið og Þórhallur Ölver notaði til undankomu í íbúð hennar. Hún gat ekki opnað hurðina og hljóp þá inn í svefnherbergi íbúðarinnar og opnaði þar glugga. Fór hún þá að hugleiða, hvernig hún gæti hent sér út án þess að slasa sig of mikið, en ekki gat hún hugsað sér að láta skjóta meira á sig. Var hræðslan þá fyrst farin að ná tökum á henni. Eftir 1—2 mínútur heyrði hún aftur skot og hélt þá, að ákærði væri að skjóta upp dyrnar á íbúðinni, sem hún var í. Ætlaði hún þá út um gluggann og hafði beygt sig niður og sett annan fótinn út í þeim tilgangi. Heyrði hún þá mann hljóða frammi. Hætti hún þá við að fara út um gluggann og ætlaði fram, en þá brast hana kjark, þar sem henni flaug í hug, að einhver sona hennar hefði komið heim og orðið fyrir skoti. Ætlaði hún þá út um gluggann, en sá þá, að lögreglan var að koma. Jafnframt heyrði hún konu hrópa, að búið væri að afvopna manninn. Fór Elín Bjarnveig þá fram á ganginn og sá Hafstein Jósefsson í blóði sínu við dyrnar í næstu íbúð. Auk þess sá hún, að einhver maður sat eða lá ofan á ákærða á ganginum.

Vitnið Þórhallur Ölver Gunnlaugsson ætlaði að fara að skipta um föt, þegar dyrabjöllunni var hringt, og fór hann til dyra. Um leið og hann opnaði, sá hann byssuhlaup koma inn í gættina, og í framhaldi af því sá hann, að þar var ákærði á ferð. Ýtti Þórhallur Ölver byssuhlaupinu út ásamt móður sinni og læsti hurðinni aftur. Þórhallur Ölver kvaðst í upphafi hafa gert þetta einn, en kvaðst ekki draga í efa, að móðir hans hefði aðstoðað hann við þetta. Hann hefði verið í svo miklu uppnámi, að hann hefði ekki tekið eftir henni fyrir það. Þórhallur Ölver var að snúa sér frá dyrunum, er ákærði skaut í gegnum hurðina. Stóð Þórhallur Ölver lamamegin við hurðina, þegar skotið reið af. Eftir að skotið reið

af, hljóp Þórhallur Ölver þegar inn í stofu og út á svalir og þaðan yfir á næstu svalir og aftur á þar næstu svalir og inn í íbúð Finnbjörns Finnbjörnssonar. Svalahurðin hjá Finnbirni var læst, og á meðan Þórhallur Ölver barði á hurðina, veitti hann því athygli, að hann hafði blóðgast á brjóstinu, en hins vegar fann hann engan sársauka. Finnbjörn hringdi á lögregluna fyrst og síðar kona hans, en Þórhallur Ölver sagði þeim, að verið væri að skjóta móður sína, en þau voru þá þegar búin að sjá, að maður var í húsinu með byssu. Þórhallur Ölver taldi sig hafa heyrt 5 eða 6 skothvelli að þeim meðtöldum, sem fyrstur kom, á meðan hann var inni í íbúð móður sinnar. Þórhallur Ölver kom ekki út úr íbúðinni, fyrr en lögreglan kom, og fylgdi hann móður sinni á slysavarðstofuna.

Vitnið Finnbjörn Finnbjörnsson málari bjó á 4. hæð í Yrsufelli 11, og voru einar dyr á milli íbúðar hans og íbúðar Elínar Bjarnveigar. Í umrætt skipti heyrði Finnbjörn eins og skruðning í stiganum. Sat hann þá inni í stofu íbúðarinnar. Fór hann og opnaði dyrnar fram á ganginn. Sá hann þá, hvar maður, dökkhærður í dökkleitum frakka, stóð fyrir utan dyrnar að íbúð Elínar Bjarnveigar. Hélt maðurinn á hlauplangri byssu í hendi sér, og réð Finnbjörn af stellingum mannsins, að hann væri að hlaða byssuna. Kona Finnbjörns kom einnig fram í dyrnar, og ályktaði hún, að þarna væri fyrrverandi eiginmaður Ásdísar Báru á ferðinni. Þau hjónin fóru inn í íbúðina og læstu hurðinni. Hringdi Finnbjörn á lögregluna. Á meðan hann var að hringja, heyrði hann skothvell. Sagði Finnbjörn lögreglunni, að maður væri staddur í húsinu með byssu og væri að skjóta. Í framhaldi af skothvellinum heyrði hann óp, og rétt á eftir var barið á svalahurðina. Var þar á ferð Þórhallur Ölver, sonur Elínar Ólafsdóttur. Var hann ofsahræddur, hélt um brjóstið og sagði, að verið væri að skjóta móður sína. Bað hann um, að hringt yrði á lögregluna. Finnbjörn hringdi þá öðru sinni og ítrekaði það, sem hann hafði áður sagt, en þá hafði hann heyrt fleiri skothvelli og meiri óp. Ekki gerði hann sér grein fyrir, hversu margir skothvellirnir urðu, en sagði, að þeir hefðu komið með jöfnu millibili.

Vitnið Ingveldur Magnúsdóttir húsmóðir var á heimili sínu á 3. hæð í Yrsufelli 11 laust fyrir klukkan 14 greindan dag. Heyrði hún þá einhvern háan hvell, sem kom ofan úr húsinu. Ingveldur fór þegar fram á gang ásamt þeim, sem í íbúðinni voru. Var þá fólk að koma fram á gang úr hinum íbúðunum. Um leið og Ingveldur kom fram á ganginn, heyrði hún hróp í konu um hjálp, og komu hrópin ofan af næstu hæð fyrir ofan. Ingveldur hljóp þá

þegar upp stigann og að dyrum íbúðar Elínar Bjarnveigar, sem var fyrir ofan íbúð hennar. Þegar hún kom í dyrnar, sá hún mann standa inni í baðinu með byssu í hendi, og beindist hlaup hennar aðeins niður á við. Maðurinn leit til Ingveldar, sem um leið sá Elínu Bjarnveigu skjótast inn í eldhúsið. Maðurinn sagði ekki orð, á meðan Ingveldur horfði á hann. Þegar Ingveldur kom niður, var ákveðið að fara inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur, en þar var sími. Ingveldur hringdi síðan á lögregluna og bað um aðstoð. Eftir að Ingveldur kom inn í íbúðina, heyrði hún skothvelli, en getur ekki gert sér grein fyrir, hvað þeir voru margir. Eftir örskamma stund opnuðust dyrnar, og dyrastafurinn sprakk frá. Birtist þá maðurinn með byssuna. Var Ingveldur þá inni í stofunni með barn sitt og barn Sigrúnar. Ingveldur hörfaði út á svalirnar að fyrirskipun eiginmanns síns með börn sín, og Sigrún Indriðadóttir kom á eftir. Eldri dóttir Sigrúnar kom líka út á svalirnar. Eftir voru þá í íbúðinni auk ákærða eiginmaður Ingveldar og Ólafur Snævar Ögmundsson. Ingveldur heyrði í sömu andrá í eiginmanni sínum, að hann hrópaði, að hann hefði verið skotinn og bað um hjálp. Ekki heyrði hún skothvellinn, og enginn þorði inn í íbúðina í fyrstu. Þegar Ingveldur kom inn, sá hún, hvar eiginmaður hennar lá í blóði sínu í forstofunni, og þegar hún kom fram á stigapallinn, sá hún, hvar Ólafur Snævar Ögmundsson sat ofan á ákærða, sem ekki bærði á sér.

Vitnið Sigrún Þóra Indriðadóttir húsmóðir var á heimili sínu á 3. hæð í Yrsufelli 11 greindan dag. Heyrði hún hávaða, sem henni fannst koma ofan af næstu hæð. Ekki gerði hún sér grein fyrir því þá, að um skothvelli hefði verið að ræða. Þegar Sigrún Þóra kom fram, var komið fleira fólk fram á ganginn, og sá hún konu Hafsteins Jósefssonar á leið upp stigann. Kom hún aftur niður að vörmu spori æpandi og hrópaði, að hann væri að drepa þær. Sigrún Þóra fór inn í íbúð sína aftur ásamt því fólki, sem verið hafði í íbúð Hafsteins, og var hringt í lögregluna. Eftir að Sigrún Þóra kom inn í íbúðina, heyrði hún skothvelli, en gerði sér ekki grein fyrir, hversu þeir voru margir. Eftir stutta stund, sem henni fannst lengi að líða, opnuðust dyrnar allt í einu, og dyrastafurinn sprakk frá ásamt öryggislæsingu, sem sett hafði verið á. Birtist þá maður í dyrunum, sem hélt byssu í hendi, sem hann beindi beint að Sigrúnu Þóru í brjósthæð, en hún stóð þá, þar sem koma saman stofa og forstofa íbúðarinnar. Hafsteinn Jósefsson og Ólafur Snævar Ögmundsson stóðu aftanvert á hlið við hana að hún taldi. Fyrir aftan þá eða aðeins innar í stofunni stóð kona Hafsteins

Jósefssonar ásamt 5 ára syni sínum og 2 börnum Sigrúnar Þóru, 10 ára og 3 ára. Sigrún Þóra fórnaði höndum og bað manninn að skjóta ekki sig eða aðra, sem í íbúðinni voru. Á þessari stundu vissi hún ekki, hvort maðurinn væri búinn að kjóta aðra uppi á loftinu. Dóttir hennar, 10 ára, fór að svaladyrunum og opnaði þær. Á eftir henni fór kona Hafsteins með hin börnin tvö. Sigrún Þóra fór síðust út á svalirnar. Allt gerðist þetta á örskammri stundu, og voru þau varla komin út á svalirnar, þegar Sigrún Þóra heyrði skothvell inni í íbúðinni. Þá heyrðist einhver hrópa að búið væri að skjóta Hafstein, og rétt í sömu andrá heyrðust einhver hróp, sem hún ekki skynjaði, hver voru, enda voru þær konurnar að hrópa á hjálp úti á svölunum. Kölluðu þær m. a., hvort lögreglan væri komin, og fengu þau svör innan úr húsinu, að svo væri. Þá fyrst fóru þær inn aftur og sáu Hafstein liggja í blóði sínu í forstofunni. Náði Sigrún Þóra í band inn í eldhús til að stöðva blóðrennslið. Þegar hún kom fram á stigapallinn sá hún Ólaf Snævar Ögmundsson liggja ofan á ákærða. Ekki heyrði Sigrún Þóra ákærða mæla orð frá munni, á meðan hún var í stofunni.

Vitnið Hafsteinn Jósefsson bifvélavirkjameistari var laust fyrir klukkan 14 inni í baðherbergi íbúðar sinnar að skipta um föt, en hann ætlaði til vinnu. Auk hans voru kona hans og yngsti sonur heima. Gestkomandi var vinnufélagi hans, Ólafur Snævar Ögmundsson, og var hann að drekka kaffi í eldhúsinu. Heyrðust þá skothvellir ofan af næstu hæð og óp í konu. Kona hans var í miklu uppnámi, þegar hún kom inn í íbúðina. Ekki man Hafsteinn orðrétt, hvað hún sagði, nema hvað hún sagði eitthvað á þá leið, að verið væri að drepa konuna uppi. Þegar hún kom aftur, komu Hafsteinn og Ólafur Snævar Ögmundsson fram í íbúðardyrnar og sáu þá, að Sigrún Indriðadóttir, sem bjó í íbúðinni við hliðina, var komin fram í dyrnar. Hraðaði fólkið sér þá allt inn til hennar, þar sem þar var sími, en ekki í íbúð Hafsteins. Eftir skamma stund heyrðust skruðningar í stiganum, eins og einhver kæmi hratt niður stigann, og um svipað leyti heyrðist skothvellur. Stuttu eftir skruðningana í stiganum og skothvellinn, sem þeim fylgdi, var dyrunum að íbúð Sigrúnar sparkað upp í einu vetfangi og upp á gátt. Vatt sér inn um leið maður, sem Hafsteinn hafði aldrei séð áður, og hélt byssu á lofti, sem hann miðaði á Sigrúnu Indriðadóttur, sem stóð framanvert við Hafstein. Á þessari stundu vissi Hafsteinn ekkert, hvar hitt fólkið var statt, nema hvað Ólafur Snævar Ögmundsson var einhvers staðar fyrir aftan hann. Hér gafst Hafsteini ekkert tækifæri til íhugunar, hann greip með báðum hönd-

um um byssuhlaupið og steig jafnframt eitt skref til að ýta byssuhlaupinu niður að gólfi. Í sömu andrá hljóp skot úr byssunni, og Hafsteinn fann óskaplegan sársauka í hægra hnénu. Kallaði hann í Ólaf Snævar, að maðurinn hefði skotið undan sér fótinn. Hafsteinn hékk á byssuhlaupinu örskamma stund, en þá henti Ólafur Snævar sér yfir Hafstein á byssumanninn. Bárust síðan átök þeirra fram úr íbúðinni og að handriðinu á stigapallinum fyrir framan íbúðina. Þar sá Hafsteinn Ólaf Snævar ná byssunni af ákærða og kasta henni niður stigann. Hafsteinn missti aldrei meðvitund og bað um snæri til að stoppa blóðrásina. Rétt á eftir kom lögreglan. Hafsteinn heyrði ákærða aldrei mæla orð frá munni þann tíma, sem hann sá hann.

Vitnið Ólafur Snævar Ögmundsson bifvélavirki, Stigahlíð 24 í Reykjavík, var nýkominn inn í íbúð Hafsteins Jósefssonar og hafði setzt inn í eldhús til að drekka kaffi, þegar óp, öskur og læti heyrðust ofan af næstu hæð. Ekki heyrði hann þó hvell. Kona Hafsteins fór fram að aðgæta þetta og kom að vörmu spori aftur í miklu uppnámi og skýrði frá því, að vopnaður maður væri með byssu í íbúð Elínar Bjarnveigar Ólafsdóttur. Þegar kona Hafsteins kom aftur niður, voru Ólafur Snævar og Hafsteinn Jósefsson komnir fram í dyr íbúðarinnar. Einnig var fólk úr öðrum íbúðum komið fram á gang. Þegar kona Hafsteins var að koma aftur, heyrðust þrír eða fjórir skothvellir. Hafsteinn bað fólkið að fara inn í íbúðir sínar. Sjálfur fór Ólafur Snævar upp í stigann, sem er á milli hæðanna. Heyrði hann þá skothvell uppi og áræddi ekki að fara lengra. Ekki sá hann, hvað var að gerast inni í íbúðinni, en heyrði óp þar inni. Ekki varð hann þess var, að aðrir færu upp eða áleiðis upp úr hópi þeirra, sem niðri voru. Þegar hann kom niður úr stiganum, fór allt fólkið úr íbúð Hafsteins og Sigrúnar Indriðadóttur inn í hennar íbúð. Eftir stutta stund heyrðust skruðningar í stiganum og í framhaldi af þeim skothvellur. Rétt á eftir var dyrum íbúðarinnar sparkað upp. Á sama andartaki var Ólafur Snævar við skáphorn, sem er þar, sem gangur og stofa íbúðarinnar mætast. Andspænis honum við hitt hornið, þar sem stofan og gangurinn koma saman, var eiginkona Hafsteins Jósefssonar. Hratt Ólafur Snævar henni í átt að svaladyrunum, en sjálfur skauzt hann í var stofumegin við skáp þann, sem er þar, sem stofan og gangurinn koma saman. Ekki sá hann, hver kom inn í íbúðina. Hafsteinn Jósefsson stóð rétt hjá honum, aðeins innar í stofunni og andspænis ganginum. Ólafur Snævar tók ekki eftir Sigrúnu Indriðadóttur, en taldi, að hún hefði ekki verið langt

frá Hafsteini. Þaðan, sem Ólafur Snævar stóð, sá hann aðeins í byssuhlaup, en afstaða þess til hans var þannig, að hann gat ekki náð til þess, þar sem skápurinn veitti honum ekki svigrúm til þess. Hafsteinn steig fram eitt skref og sagði: „Skjóttu ekki drengur," og um leið tók hann með hægri hendi í framanvert byssuhlaupið, og sá Ólafur Snævar, að hlaupið beindist niður, og sjálfur beygði Hafsteinn sig um leið. Í sömu andrá hljóp skotið af. Þá var Ólafur Snævar ekki enn búinn að sjá manninn, sem hélt á bysunni. Um leið hljóp Ólafur Snævar framundan skápnum. Var þá Hafsteinn á hjánum og hálfhékk utan í fötum byssumannsins, sem hafði aðeins hörfað aftur að dyrum íbúðarinnar. Ólafur Snævar horfði ekki á manninn, þar sem athygli hans beindist í fyrstu að Hafsteini, sem var að falla niður. Um leið og Ólafur Snævar birtist, beindist hlaup byssunnar að honum. Hann stökk einhvern veginn yfir Hafstein og greip um leið með vinstri hendi í byssuna, þ. e. hlaup hennar, en með hægri hendinni sló hann í andlit byssumannsins. Veitti hann mótþróa, og tókust þeir á um byssuna. Bárust átök þeirra fram á ganginn og að handriði á stigapallinum. Þar stöðvuðust þeir, og náði Ólafur Snævar byssunni af ákærða, sem við það veitti meiri mótþróa. Þorði Ólafur Snævar þá ekki annað en að láta byssuna detta niður stigaopið. Átök þeirra voru fangbrögð, en ekki barsmíð, og enduðu við uppgöngu á efri hæðina, en þar rakst ákærði að áliti Ólafs Snævars utan í stigahandriðið og datt. Eftir það var allri mótstöðu lokið hjá honum. Ólaf Snævar minnir, að ákærði hafi sagt, þegar hann náði af honum byssunni, að hann ætti að láta sig hafa hana. Annað sagði ákærði ekki. Ólafi Snævar virtist ákærði ekki drukkinn að sjá. Hann sá þó vínfleyg, sem var í frakkavasa ákærða, innanverðum. Virtist hann tæplega axlafullur. Ólafur Snævar bar kennsl á ákærða, þegar þeir voru komnir fram á ganginn.

C. Einar Ásgrímsson varðstjóri, Breiðagerði 6 í Reykjavík, var við símann í lögreglustöðinni í Árbæjarhverfi, er þangað var hringt frá fjarskiptastöð lögreglunnar klukkan 1357 sunnudaginn 14. janúar s.l. og tilkynnt, að maður væri með byssu að skjóta að Yrsufelli 11. Á eftir fylgdu nokkrar símhringingar um sama efni, þ. e. aðstoð að Yrsufelli 11. Virtust þeir, sem hringdu, óðamála.

Vitnið Finnbogi Sigurðsson lögreglumaður var á lögreglustöðinni í Árbæjarhverfi greint sinn, og var hann sendur á staðinn ásamt öðrum lögreglumanni. Var ekið svo hratt sem hægt var. Giskar Finnbogi á, að þeir hafi verið 6—7 mínútur á leiðinni. Þegar þeir komu að húsinu, var fólk í gluggum hússins. Hrópaði

það til þeirra. Heyrði Finnbogi, að einhver hrópaði: „Loksins eruð þið komnir, og byssulausir, ætlið þið að láta hann skjóta ykkur. Flýtið ykkur, flýtið ykkur.“ Þetta var hrópað ofan úr gluggum á norðurhlið hússins. Útidyrnar voru læstar, en þeim var mjög fljótlega lokið upp með rafmagni innan úr einhverri íbúðinni. Hlupu þeir lögreglumennirnir síðan upp stigana, og á stigapalli, líklega á 3. hæð, lá maður ofan á öðrum manni. Var þeim sagt, að sá, sem undir væri, væri árásarmaðurinn. Var mikill æsingur í íbúum hússins og erfitt að henda reiður á, hvað hver um sig sagði. Þeir lögreglumennirnir létu það verða sitt fyrsta verk að færa árásarmanninn í járn. Fór félagi Finnboga síðan með ákærða út í lögreglubifreiðina, en Finnbogi fór að kanna, hverjir hefðu orðið fyrir slysi. Mjög fljótlega á eftir þeim lögregluþjónunum kom sjúkraliðið, og aðstoðuðu lögregluþjónarnir við að koma hinum slösuðu út, en um svipað leyti bar að aðra lögreglubifreið með liðsauka, og tóku þeir lögreglumenn við ákærða og fluttu hann á brott. Einhver færði Finnboga byssuna, en þá var hann staddur á 3. hæð hússins, og var það mjög fljótlega eftir að ákærði hafði verið færður út úr húsinu. Finnbogi fór með byssuna út úr húsinu, en hann sá, að hún var löskuð. Ekki var honum sagt, hvort í henni væru skot eða ekki, en hann handlék hana eins og í henni væru skot. Þegar Finnbogi kom með byssuna út á plan fyrir utan húsið, beindi hann byssunni niður og reyndi að opna hana, en um leið hljóp skot úr byssunni, án þess að hann kæmi við gikkinn. Hann afhenti síðan félaga sínum byssuna, sem setti hana í læsta geymslu í lögreglubifreiðinni. Áður hafði Finnbogi tekið úr byssunni tvö tóm skothylki, sem síðar voru afhent Nirði Snæhólm, aðalvarðstjóra í rannsóknarlögreglunni. Finnboga virtist ákærði undir einhverjum annarlegum áhrifum, en getur ekki um það sagt, hvort það hafi verið áfengisáhrif eða önnur áhrif. Honum virtist áfengislykt slá fyrir af ákærða.

Vitnið Jón Þór Þorbergsson lögreglumaður fór á vettvang ásamt Finnboga lögreglumanni. Óku þeir um Elliðaárbrýr og Reykjanesbraut skemmstu leið að Yrsufelli 11. Ók Jón Þór bifreiðinni með rauðu ljósi og sírenu alla leiðina og svo hratt sem hann þorði og á köflum með yfir 100 km hraða. Þegar þeir lögregluþjónarnir komu á staðinn, var búið að afvopna ákærða, og settu þeir handjárn á hann. Leiddi Jón Þór hann síðan mótþróalaust út úr húsinu. Ekki mælti ákærði orð frá vörum, svo að Jón Þór muni. Virtist ákærði eitthvað ölvaður og auk þess miður sín.

Rannsóknarlögreglunni í Reykjavík var tilkynnt um atburðinn,

og fóru á staðinn fjórir starfsmenn hennar, aðalvarðstjórarnir Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir og Magnús Magnússon og Sævar Þorbjörn Jóhannesson lögreglumenn. Kom Njörður á vettvang klukkan 1418, en hinir þrír stuttu á eftir honum.

Njörður gerði skýrslu um athuganir sínar á vettvangi greint sinn og hefur staðfest hana fyrir dómi. Í henni er vettvangi lýst m. a. á þessa leið:

„Blóðslóð er frá útidyrum hússins og alla leið upp á 4. hæð.

Í um það bil miðjum stiga milli 3. og 4. hæðar er hvítur hæll undan kvenskó. Á veggnum beint framundan þessum stiga er í um meters hæð frá gólfi skella brotin úr steinveggnum eftir haglaskot, og á pallinum fyrir neðan er hvítur hægrifótar kvenskór, hællaus og blóðugur, og á ganggólfinu framan við íbúðirnar við stigann er hvítur vinstrifótar kvenskór á 3. hæðinni, en þar til hægri er íbúð Hafsteins Jósefssonar, og næst til hliðar við hana er íbúð Sigrúnar Indriðadóttur.

Í íbúð Hafsteins eru nokkrir blóðdropar á gólfi frá forstofudyrum og inn í svefnherbergi í s. a. horni. Þar inni hefur stór skápur verið færður frá stórum hverfiglugga, sem stóð alveg opinn. Annað var ekki athugavert í íbúðinni.

Í íbúð Sigrúnar hefur hurðinni frá gangi að forstofu verið sparkað upp, og við það hefur karmurinn læsingarmegin alveg klofnað. Gegnt þessum dyrum eru dyr að eldhúsi og gangurinn um meter á breidd. Skápur er strax til vinstri, er inn kemur úr ytri dyrum, og svo opið milli hans og eldhúsveggjar inn í stofuna.

Mikið blóð er á gólfteppinu á milli ytri dyra og eldhúsdyra og stór blóðpollur með blóðlifrum í. Þarna hafði Hafsteinn Jósefsson verið skotinn í hægri fót um hnéð.

Íbúð Elínar Ólafsdóttur er fyrst til hægri, er upp kemur á 4. hæð. Gat eftir eitt haglaskot er í hurðinni frá gangi að forstofu, 20 cm ofan við læsingu. Gatið er 2 cm í þvermál að framan. Hlaupinu hefur verið haldið fast að hurðinni, en aðeins til hliðar eða til vinstri. Hurðinni hefur verið sparkað upp, og við það hefur karmurinn klofnað læsingarmegin. Stærð gatsins að innan er um 4 cm í þvermál. Þegar inn kemur, er stofa í horninu til vinstri frá forstofu. Allt er í lagi þar, en hurðin að svölunum opin.

Þá er baðherbergið beint fram, en dyrnar að því aðeins til hægri miðað við gangdyr, svo að þær standast ekki á. Til hægri við baðherbergið eru dyr að eldhúsi og næst þeim til hægri, eða við s.a. enda forstofu, eru dyr að herbergi, og þar kemur smágangbútur til hægri, og við enda hans eru dyr að svefnherbergi.

Hluti af höglunum úr skotinu, sem skotið var í gangahurðina hefur lent í veggnum og vinstri karmi baðdyranna fyrir ofan miðju og hluti farið inn í baðherbergið og lent í ytri veggnum, en hurðin hefur staðið opin.

Tómt blóðugt skothylki, cal. 12, rússneskt, lá á gólfinu í forstofunni við baðherbergisdyr og tvö tóm blóðug skothylki, cal. 12, Nimrod, á gólfinu við eldhúsdyr. Þrjú göt eftir haglaskotgöt eru í eldhúshurðinni. Eitt er rétt ofan við læsinguna, milli hennar og karms, en hurðin opnast til vinstri upp að vegg. Eitt er rétt neðan við læsingu og aðeins til vinstri, og það þriðja er um miðja hurð lengst til vinstri. Hurðinni hefur verið sparkað upp, og karmurinn er klofinn. Á gólfinu bak við hurðina er stór blóðpollur, og högl hafa lent í hurð, í eldhúsborði gegnt dyrunum og í leirtaui á eldhúsborðinu og brotið sumt af því. Einnig hefur mikið af höglum og sennilega heilt skot lent í veggnum á bak við hurðina. Þar er stór klessa og pússning farin úr veggnum. Byssuhlaupinu hefur verið haldið fast að hurðinni og aðeins hallað til hliðar, sem sést af púðrinu. Blóð var einnig í forstofu íbúðarinnar, en lítið."

Nirði var afhent haglabyssan, skotfærabeltið með skothylkjum og fjögur tóm skothylki. Tvö þeirra höfðu verið í byssunni. Þá var Nirði afhentur áfengisfleygur hálfur af áfengisblöndu.

Njörður lýsir byssunni og skotfærabeltinu með þessum hætti í skýrslu sinni:

„Umrædd haglabyssa er tvíhleypt cal. 12 L.I.G. „Made in Spain" nr. 35493, með brotnum ramma. Öryggið er að ofan og aftan við lásinn, sjálfvirkt. Fer á þegar byssunni er lokað. Skeftið er brotið við rammann, og gikkhlífin er losnuð að aftan og snýr öfugt, og því eru gikkirnir óvarðir. Skórinn á skeftinu er einnig laus. Lengd byssunnar er 121 cm. Hún er með burðaról úr leðri og blóðug. Dregur tómu skothylkin út um 5 mm, þegar hún er opnuð, en hendir þeim ekki út. Skotfærabeltið er brúnt úr gerfiefni, tvöfalt og rúm fyrir 30 skot í efri röðinni. Í það vantar eitt skot yzt hægra megin og 5 skot vinstra megin.

Neðri röð er tvískipt, þ. e. opið í bakið, og rúm fyrir 10 skot hvorum megin. Hægri röð er full, en í vinstri röð vantar eitt skot yzt til vinstri og þriðja skot að aftan. Það vantar því 8 skot, til að beltið sé fullt.

Í beltinu eru þrjár tegundir af skotum, þ. e. 22 rússnesk, 16 Nimrod 70 mm og Cevelet Game King 4 st. Nimrod skotin eru

nr. 5, en rússnesku skotin nr. 6. Tvö yztu skotin vinstra megin að neðan eru blóðug á botninum.

Ég tók höglin upp úr einu Nimrod skoti og taldi þau. Reyndust vera 300. Þá tók ég höglin upp úr einu rússneska skotinu og taldi þau. Reyndust vera 260."

Ragnar Vignir aðalvarðstjóri var við athuganir á vettvangi, og staðfesti hann fyrir dómi, að lýsing Njarðar á verksummerkjum væri að mestu rétt. Ragnar tók allar ljósmyndir á vettvangi og var við mælingar ásamt Sævari Þorbirni Jóhannessyni lögreglumanni.

Sævar Þorbjörn var við athuganir í íbúðum Elínar Bjarnveigar Ólafsdóttur og Sigrúnar Indriðadóttur svo og á göngum hússins. Staðfesti hann skýrslu Njarðar sem rétta í öllum meginatriðum, að því er þessa staði snerti.

D. Á meðan rannsóknarlögreglumennirnir voru að störfum í Yrsufelli 11, hringdi þangað Örn Clausen hæstaréttarlögmaður og tilkynnti, að þá rétt áður hefði Snorri Jens Ólafsson rafvirki, Nökkvavogi 62, tilkynnt sér í gegnum síma, að búið væri að stela frá sér haglabyssu. Skýrði Örn frá því, að ákærði væri grunaður um verknaðinn, og kvaðst Örn hafa hringt til íbúðar Elínar til að vara hana við hugsanlegri heimsókn ákærða.

Ragnar Vignir og Magnús Magnússon fóru á vettvang og athuguðu verksummerki og höfðu tal af Snorra Jens. Í skýrslu Ragnars Vignis segir svo:

„Í kjallara hússins nr. 62 við Nökkvavog býr Snorri Ólafsson, rafvirki, og á meðan hann var að heiman í dag milli kl. 13.00—15.00 hefur verið farið inn í íbúðina um opnanlegan glugga, 23 x 90 cm að stærð, á stofu íbúðarinnar. Er glugginn á suðurhlið hússins.

Úr stofunni hefur verið farið fram í gang íbúðarinnar og inn í geymslu í vesturenda hússins og þaðan tekin tvíhleypt haglabyssa, af spánskri gerð L.I.G. nr. 35493, ásamt skotfærabelti úr leðri, en hvort tveggja hékk á einum vegg geymslunnar. Í skotfærabeltinu voru um 50 skot, nr. 5 og 6, ætluð til rjúpnaveiða.

Greinilegt traðk sást í moldarbeði, sem er sunnan við stofugluggann, sem farið var inn um. Ég leitaði að fingraförum á glugganum í stofunni og gluggapósti, og fann ég tvo fingrafaraparta á innanverðum gluggapóstinum ofanverðum. Lyfti ég förunum af gluggapóstinum og tók með mér til tæknideildarinnar til frekari athugunar.

Við samanburð á fingraförum af gluggapóstinum og fingraförum

Haralds Ólafssonar, f. 19. 8. 1946. (Nr. 978 í fingrafara- og myndasafni rannsóknarlögreglunnar) hefur nú komið í ljós, að förin eru af löngutöng og græðifingri hægri handar Haralds, sem grunaður var um þjófnaðinn á haglabyssunni og skotfærabeltinu."

Vitnið Snorri Jens Ólafsson rafvirkjameistari, Nökkvavogi 62 í Reykjavík, hefur þekkt ákærða um nokkurra ára bil og umgengizt hann töluvert. Sunnudaginn 14. janúar s.l. rétt öðru hvoru megin við klukkan 12 á hádegi hringdi ákærði til hans tvívegis. Í fyrra samtalinu ræddu þeir um daginn og veginn, og ákærði kom aðeins inn á persónuleg málefni sín. Sagði hann Snorra Jens, að hann hefði verið á Hótel Sögu föstudagskvöldið á undan í boði stúlku, og sóttu þau árshátíð Samvinnufélaganna. Sagði ákærði, að hann hefði farið með stúlkunni á barinn og þar hefði Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, fyrrverandi tengdamóðir hans, snúið sér að honum og sagt við þau eitthvað á þá leið, að hún afgreiddi ekki svona pakk. Annað kom ekki fram í þessu samtali, sem snerti persónuleg málefni ákærða, og ekki hafði hann í hótunum um, að hann ætlaði að gera Ásdísi Báru né hennar fólki eitt eða annað. Í seinna samtalinu kom ekkert nýtt fram, annað en að ákærði ætlaði á andaskytterí með Páli, sem er þjónn í Glæsibæ. Spurði ákærði Snorra Jens, hvort hann vildi ekki lána honum haglabyssu sína. Hann neitaði ákærða um byssuna, enda vissi hann, að ákærði hafði ekki byssuleyfi, og að þetta var ekki andaveiðitími. Ákærði var óeðlilegur í tali, og dró Snorri Jens þá ályktun af því, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Snorri Jens fór heiman að frá sér með alla fjölskylduna um klukkan 1300 og kom ekki aftur fyrr en um klukkan 1500. Á leiðinni heim ók hann um Breiðholt og sá sjúkrabíl og lögreglubíl aka að Yrsufelli. Datt honum í hug, að ákærði hefði hugsanega verið þar á ferð. Þegar hann kom heim, sá kona hans, að farið hafði verið inn um stofuglugga íbúðarinnar. Í framhaldi af þessu fór Snorri Jens inn í geymslu í kjallaranum og sá þá, að búið var að stela tvíhleyptri haglabyssu ásamt skotfærabelti með skotum, en hlutir þessir áttu að hanga uppi á vegg. Hringdi hann þá í Örn Clausen hæstaréttarlögmann og skýrði honum frá hvarfi byssunnar. Ákvað hann, að Snorri Jens hringdi í lögregluna, en sjálfur ætlaði hann að hringja í Elínu Ólafsdóttur.

Vitnið Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, Blikanesi 3 í Garðahreppi, skýrði frá samtali sínu við rannsóknarlögregluna að Yrsufelli 11, eins og áður er fram komið. Ástæðan til þess, að Erni datt í hug, að ákærði mundi heimsækja tengdamóður sína fyrr-

verandi, var sú, að Örn hafði heyrt ákærða oftsinnis, eftir að Ásdís Bára fór til Danmerkur vorið 1972, hafa orð á því, að honum væri illa við hana. Aldrei hafði hann þó orð á því, að hann hefði í hyggju að gera henni eitt eða annað illt. Þá hafði Örn heyrt hann tala í síma við hana nokkrum sinnum og heyrði ekki annað en að þá færi vel á með þeim. Örn heyrði það á ákærða, að hann vildi kenna tengdamóður sinni fyrrverandi það, að Ásdís Bára fór frá honum.

Örn segir, að það hafi verið auðheyrt á ákærða, að hann saknaði Ásdísar Báru ákaflega mikið. Kveðst Örn hafa skammað ákærða hvað eftir annað fyrir það, að það væri honum sjálfum að kenna, að Ásdís Bára hefði yfirgefið hann, enda hefði hann verið á fylleríi hvað eftir annað og ekki komið heim dögum saman. Ásdís Bára kom eitt sinn upp á skrifstofu Arnar vorið 1972, nokkru áður en hún yfirgaf ákærða, og var erindi hennar það að biðja Örn og vitnið Ragnar Aðalstein Ingólfsson aðstoðar við að fá ákærða til að hætta óreglu sinni og koma heim, en um þær mundir keyrði um þverbak í óreglu ákærða. Kom það fram hjá Ásdísi Báru, að hún væri að hugsa um að yfirgefa ákærða af þessum sökum, en jafnframt komu fram hjá henni áhyggjur yfir því, hvað ákærði mundi gera, ef hún yfirgæfi hann.

E. Þykir nú rétt að rekja framburði ákærða um athafnir hans margnefndan dag.

Ákærði hóf áfengisneyzlu, þegar hann vaknaði klukkan 9 um morguninn, en hann hafði verið að kvöldlagi alla næstliðna viku við áfengisdrykkju. Ákærði getur ekki gert sér grein fyrir því, hversu mikils áfengis hann hafi neytt, en hann var við drykkjuna fram að hádegi með kunningja sínum Gylfa Þresti Friðrikssyni, sem búið hafði á heimili ákærða um sinn. Einnhvern tíma um hádegið eða rétt upp úr því fór Gylfi Þröstur að heiman, og man ákærði óljóst eftir ferðum sínum eftir það. Ákærði kveðst muna eftir því, að læknir kom til hans í fangageymsluna til að taka úr honum blóð.

Ákærði talaði við Ásdísi Báru, fyrrverandi eiginkonu sína, í síma um morguninn. Kveður hann þau hafa rætt um úr það, er hann sendi syni sínum í jólagjöf um síðastliðin jól. Var ákærði að spyrja hana, hvers vegna drengurinn bæri ekki úrið, en hann hafði komið í heimsókn til foreldra ákærða, sem bjuggu í sama húsi og ákærði, þennan morgunn. Svaraði hún því til, að það væri of stórt. Ákærði fullyrti, að þau hefðu ekki rifizt í þessu samtali. Var þetta í fyrsta skipti síðan í maí, sem ákærði sá son sinn.

Ákærði man eftir, að hann talaði við Snorra Jens um hádegisbilið, en man ekki, hvort það var einu sinni eða tvisvar, og ekki man hann eftir því, að hann hefði beðið hann um byssu að láni.

Ákærði mundi, eins og áður greinir, ekkert eftir för sinni í Yrsufell 11 og meðferð sinni á byssu þar í húsinu, og sjálfur kvaðst hann ekki eiga byssu eða hafa byssuleyfi og ekki hafi verið byssa á heimili sínu.

Vitnið Gylfi Þröstur Friðriksson skrifstofumaður, Tómasarhaga 43 í Reykjavík, kynnist ákærða í ágúst eða september s.l. Gylfi Þröstur var í húsnæðisvandræðum, og í lok október fluttist hann inn í íbúð ákærða og bjó hjá honum. Gylfi Þröstur segir, að ákærði hafi neytt áfengis flesta daga og verið oft drukkinn á kvöldin. Gylfi Þröstur telur, að komið hafi dagur og dagur, sem ákærði drakk ekki, en um löng hlé hafi ekki verið að ræða. Ákærði var prúður í umgengni, bæði drukkinn og ódrukkinn.

Ákærði ræddi lítið persónuleg málefni sín, en þó kom hann inn á þau. Ekki heyrði Gylfi Þröstur ákærða hafa orð á því, að hann ætlaði sér að hefna sín á Ásdísi Báru eða hennar fólki.

Gylfi Þröstur fór með ákærða út að skemmta sér nokkuð oft, og laugardagskvöldið 13. janúar s.l. voru þeir saman og m. a. fóru þeir á Hótel Sögu og Hótel Loftleiðir, en auk þess fóru þeir að fleiri skemmtistöðum, og ákærði leit þar inn, en Gylfi Þröstur beið utan dyra í bifreið. Var ákærði að leita að Ásdísi Báru Magnúsdóttur. Gylfi Þröstur kveðst hafa hringt í íbúð Elínar Bjarnveigar og spurt eftir Ásdísi Báru fyrir ákærða þetta kvöld. Fékk hann þau svör, að hún væri ekki heima. Þetta kvöld kveðst Gylfi Þröstur ekki hafa heyrt ákærða ræða neitt um það, að hann ætlaði að vinna Ásdísi Báru mein á einn eða annan hátt. Hafði hann aldrei heyrt ákærða viðhafa nein ummæli í þessa átt. Þeir voru komnir heim báðir tveir fyrir klukkan 0200 um nóttina. Gylfi Þröstur kom fyrr, en ákærði síðar, og var ákærði mjög ölvaður, er hann kom heim.

Gylfi Þröstur vaknaði um klukkan 10 næsta morgun, og var ákærði þá kominn á fætur og byrjaður áfengisdrykkju. Ákærði hélt áfram drykkju og var enn við drykkju, þegar Gylfi Þröstur fór að heiman laust fyrir klukkan 1300. Gylfi Þröstur drakk úr einu glasi af áfengisblöndu um morguninn.

Ákærði fór upp í íbúð foreldra sinna um klukkan 1030, og þar hitti hann a. m. k. yngri son sinn. Þegar hann kom aftur niður, var hann í illu skapi og bölvaði. Sagði hann, að drengurinn talaði ekki lengur almennilega íslenzku, og auk þess var hann illur yf-

ir því, að drengurinn bar ekki úr, sem hann hafði sent honum í jólagjöf. Skildist Gylfa Þresti, að drengurinn hefði sagt ákærða, að úrið, sem hann var með á handleggnum, væri gjöf frá föður unnusta Ásdísar Báru. Í framhaldi af bölvi og ragni ákærða yfir þessu hringdi hann til Ásdísar Báru. Ekki fylgdist Gylfi Þröstur með samtalinu, en heyrði þó, að ákærði spurði eitt sinn, hvort hún væri gift.

Gylfi Þröstur upplýsti, að synir ákærða hefðu komið til hans um klukkan 12 þennan morgun, og komu þeir ofan af hæðinni frá foreldrum ákærða. Ekki heyrði Gylfi Þröstur ákærða ræða fjölskyldumálin við syni sína. Var ákærði að leika sér við þá og kjassaði yngri drenginn. Heyrði Gylfi Þröstur, að hann spurði hann, hvernig hann hefði það. Ákærði virtist ánægður með komu drengjanna. Ekki heyrði Gylfi Þröstur ákærða tala við drengina um Ásdísi Báru né fjölskyldu hennar. Drengirnir stönzuðu hjá föður sínum í um stundarfjórðung, en fóru síðan upp í mat. Eftir burtför drengjanna sá Gylfi Þröstur, að ákærði var miður sín og grét stutta stund. Þegar hann hætti því, fór hann með símann inn í svefnherbergið og hringdi öðru sinni, svo að Gylfi Þröstur vissi til.

Drengirnir komu niður aftur, rétt áður en Gylfi Þröstur fór úr íbúðinni, og þá kvaddi hann ákærða og fór á brott. Gylfi Þröstur ræddi ekkert við ákærða, eftir að hann fór í símann í seinna skiptið og þar til hann kvaddi hann. Var ákærði mikið drukkinn, þegar Gylfi Þröstur fór.

Vitnið Sólveig Stefánsdóttir húsfrú, Víðimel 32, kjörmóðir ákærða, greinir frá því, að sonur ákærða og Ásdísar Báru hafi komið greindan sunnudagsmorgun í heimsókn að Víðimel 32. Kom hann upp í íbúðina til hennar á 2. hæð og einnig ákærði. Var ákærði brosandi, og hafði hún ekki séð hann ánægðari í langan tíma. Sátu þeir ákærði og drengurinn saman í sófa í íbúð hennar og ræddu saman. Þegar þeir höfðu talað svolítið saman, spurði ákærði drenginn, hvar úrið væri, sem hann hefði sent honum í jólagjöf. Sagði hann það vera úti í Danmörku, en úrið, sem hann bæri, væri gjöf frá unnusta móður sinnar. Í samtali þeirra feðganna hafði komið fram, að ákærði ætlaði að fara með drengnum og afa hans í Sundlaug Vesturbæjar. Þegar ákærði heyrði um úrið, fór hann þegar niður til sín og sagði jafnframt, að hann væri hættur við að fara í sundlaugina.

Drengurinn fór síðan í Sundlaug Vesturbæjar með afa sínum og eldri bróður. Þegar þeir komu aftur, komu þeir í íbúðina til þeirra

hjónanna, en hurfu svo. Fann Sólveig þá niðri hjá föður þeirra. Var hann þá kominn mikið undir áhrif áfengis, en fyrr um morguninn hafði hún ekki veitt því athygli, að hann væri undir áhrifum áfengis. Hún var síðan niðri í íbúð ákærða fram til klukkan 1430, en þá fóru drengirnir á brott. Nokkru áður hafði faðir þeirra farið á brott, og fannst Sólveigu hann þá drukkinn og myrkur á svip. Ekkert sagði hann um það, hvert hann ætlaði.

Í framburði Ólafs Finnboga Ólafssonar vélfræðings, Víðimel 32, kjörföður ákærða, kemur einnig fram, að ákærði hafi spurt son sinn um úr, sem hann hafði gefið honum í jólagjöf. Komið hafði til tals, að ákærði færi með þeim í sund, en hann hætti við það. Ekki vildi Ólafur Finnbogi álykta, að það hefði verið vegna úrmálsins.

Eins og áður er fram komið, ber ákærði við minnisleysi sínu um för sína að Yrsufelli 11 greint sinn. Verður nú rakinn framburður vitnisins Sigurðar Tómasar Sigurbjarnarsonar leigubifreiðarstjóra, Þórsgötu 19 í Reykjavík, um hana.

Sigurður Tómas ekur leigubifreiðinni R 3627 frá Bifreiðastöð Reykjavíkur. Sunnudaginn 14. janúar s.l. var hann með bifreiðina á stæði stöðvarinnar við Birkimel. Einhvern tíma milli klukkan 1300 og 1330 var hringt á stæðið í síma, sem þar er, og bað stöðin Sigurð Tómas að aka að Víðimel 32, vesturenda. Þar kom í bifreiðina ákærði, sem Sigurður Tómas þekkti með nafni og hafði áður ekið. Var ákærði ölvaður og frekar ör. Þegar ákærði kom í bifreiðina, bað hann um akstur inn í Nökkvavog, en ekki man Sigurður Tómas nákvæmlega húsnúmerið, sem tiltekið var. Á leiðinni þangað tók ákærði upp fleyg með áfengisblöndu, að Sigurður Tómas bezt sá. Á pelanum stóð m. a. Gordon's. Ákærði ræddi aðallega á leiðinni um Hitler og ræður hans. Sigurður Tómas stöðvaði bifreiðina á Nökkvavogi, við horn Gnoðarvogs, og þar fór ákærði úr henni. Bað ákærði Sigurð Tómas að bíða sín, en tilgreindi ekkert erindi sitt út úr bifreiðinni. Eftir 5—10 mínútur kom ákærði aftur og hélt þá í hægri hendi á tvíhleyptri haglabyssu. Ákærði var í dökkleitum frakka og berhöfðaður. Þegar ákærði kom aftur upp í bifreiðina, bað hann um akstur upp í Yrsufell. Ekki tilgreindi hann erindi sitt þangað, en einhvern tíma á leiðinni spurði Sigurður Tómas ákærða, hvað hann væri að gera með byssu svona fullur. Ákærði kvaðst ætla á skytterí og í Yrsufelli ætlaði hann að taka kunningja sinn, sem ætlaði með honum. Þegar þeir voru u. þ. b. hálfnaðir frá Gnoðarvogi og upp í Yrsufell, fletti ákærði frá sér frakkanum til þess að ná í áfengis-

fleyginn. Drakk hann drjúgt úr honum. Um leið og ákærði hneppti frá sér frakkanum, sá Sigurður Tómas, að ákærði var gyrtur skotfærabelti með skotum í. Þegar hér var komið, opnaði ákærði byssuna til að sýna Sigurði Tómasi, að hún væri óhlaðin, en hann hafði áður bannað honum að fikta í byssunni í bifreiðinni. Þá spurði Sigurður Tómas ákærða, hvað hann ætlaði að skjóta, og kvaðst hann ætla að skjóta endur. Þegar þeir komu upp í Yrsufell, lét ákærði aka að dyrum hússins nr. 10, en breytti því síðar og lét aka að dyrum hússins nr. 5—7. Þar fór hann úr bifreiðinni og greiddi hana. Sá Sigurður Tómas síðast til hans, að hann var að hringja dyrabjöllu við einhvern innganginn. Ekki minntist ákærði neitt á Ásdísi Báru né fjölskyldu hennar.

F. Ólafur Mixa læknir var fenginn til ákærða í fangageymsluna við Hverfisgötu 113 14. janúar s.l. Kom hann þangað klukkan 1620. Rannsakaði hann ákærða og tók úr honum blóðsýni til rannsókar. Í vottorði hans segir svo:

„Hin lauslega rannsókn leiddi aðeins í ljós eftirfarandi:

Fas virtist rólegt, enginn ofsi eða sjáanleg einkenni um geðrænar truflanir. Húðhiti eðlilegur svo og húðlitur, sérstaklega í andliti. Nokkurn vínþef lagði úr vitum. Pupillur eðlilegar að stærð, reageruðu fyrir ljósi, jafnar báðum megin. Nokkrar húðrispur voru framan á brjósti. Væg einkenni um handjárn á vinstri hendi (úlnlið). Eymslalaus um brjóst og kvið, svo og efri limi. Við rannsókn á ganglimum streitist hann skyndilega við og kvaðst kenna töluverðra eymsla um fótleggi og einkum um vinstra hné. Neitaði að beygja um liðinn. Skoðun á hnjám (inspection) leiddi ekkert athugavert í ljós. Reflexar virtust líflegir, gróflega prófaðir. Umræddur vistmaður veitti ekki viðnám, er ca 10 ml af blóði voru teknir til rannsóknar úr vena cubita vinstra megin eftir að hafa hreinsað svæðið með benzíni. Ennfremur var ráðlagt, að þvag úr honum skyldi tekið til rannsóknar. Rannsókn og blóðtöku lokið um 16.35."

Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði var sent blóðsýnið frá ákærða til rannsóknar. Í vottorði rannsóknastofunnar, dags. 25. janúar s.l., segir svo:

„Rannsóknastofunni hefur borizt til rannsóknar með tilliti til alkóhóls og hugsanlegra annarra efna blóðsýni frá Haraldi Ólafssyni, sbr. bréf yðar, sem dagsett er 17. 1. 1973. Síðari upplýsingar bentu eindregið til þess, að Haraldur hefði tekið klórdíazepoxíð. Var því leitað að því lyfi í blóðinu.

Magn alkohóls í blóðinu var 3,1‰, en ekki var unnt að sýna

fram á klórdíazepoxíð í blóði mannsins. Er því vafalaust, að maðurinn hefur verið ölvaður, þegar blóðsýnið var tekið. Niðurstöður þessara rannsókna staðfestu einnig, að klórdíazepoxíð var ekki í lækningalegu magni eða meira í blóðinu."

G. Eins og fram er komið í málinu, urðu Elín Bjarnveig Ólafsdóttir, Hafsteinn Jósefsson og Þórhallur Ölver Gunnlaugsson fyrir áverkum greint sinn.

Rögnvaldur Þorleifsson, læknir á Borgarspítalanum, lýsir áverkum Hafsteins og læknisaðgerðum á honum í vottorði, dagsettu 21. febrúar s.l., á þessa leið:

„Skoðun við komu á Slysadeildina leiddi í ljós eftirfarandi: Hafsteinn var fölur og með byrjandi losteinkenni. Hann var eðlilega vakandi og áttaður. Hann virtist verulega þjáður af verkjum.

Við fyrstu skoðun komu að öðru leyti í ljós mjög víðtækir áverkar á hægri ganglim um hnéð, en ekki áverkar annars staðar.

Röntgenmyndir teknar af hægra hné svo og neðri hluta lærleggs og efri hluta fótleggs leiddu í ljós, að bein öll, aðlæg hnéliðnum, voru kurluð, svo og var skábrot á neðanverðum lærleggnum. Merki um útbreidda mjúkvefjaáverka sáust einnig á myndunum svo og mikill fjöldi af málmkúlum, að útliti sem högl.

Að nauðsynlegum undirbúningi loknum, svo sem blóðflokkun og útvegun blóðs, var Hafsteinn færður á skurðstofu Bsp. til aðgerðar. Voru áverkarnir á hnénu nánar kannaðir þar. Sár var á hénu að framanverðu og innanverðu, þar sem leit út fyrir, að höglin hefðu farið inn í liminn. Mjög tætt og útbreitt sár var í hnésbótinni. Við nánari könnun á því kom í ljós, að mikill urmull af höglum var í mjúkvefjum. Bein aðlæg hnénu voru kurluð, svo sem sést hafði á röntgenmynd. Meginslagæð og bláæð til og frá limnum neðan hnés voru sundurtættar, og vantaði kafla í þær. Þá var önnur megintaugin til ganglimsins neðan hnés (N.tibialis) sundur, en hin taugin nokkuð teygð.

Áverkarnir á hnésvæðinu voru svo víðtækir, að horfið var að því ráði að taka af gangliminn um neðanvert lærið, í þeirri hæð, sem heppilegt taldist til þess að festa við stúfinn gerfilim síðar.

Tvær meginástæður lágu til þess, að sú leið var valin að taka af liminn. Í fyrsta lagi var talið ógerlegt að gera svo við æðarnar í hnésbótinni, að von væri um árangur, og þar með talið nær vonlaust að fá blóðrás í fótinn neðan hnés, svo það dygði honum til lífs. Í öðru lagi var önnur megintaugin til fótleggs og fótar sundur, sem hlaut að leiða til þess, að stórt svæði af fætinum yrði með lélegri eða engri tilfinningu til frambúðar, svo og yrðu vöðv-

ar á fætinum lamaðir, enda þótt fræðilega væri mögulegt að tengja taugina saman aftur, og að því skilyrði uppfylltu, að blóðrás væri fullnægjandi.

Einsýnt þótti því, að réttast væri að gera þegar í upphafi aflimun, svo sem áður segir. Gefa þurfti Hafsteini 1½ l. af blóði. Hann þoldi að öðru leyti aðgerðina vel.

Honum leið fremur illa næstu daga, einkanlega vegna verkja, svo og lögðust áhyggjur út af framtíðinni þungt á hann fyrst í stað.

Hafsteinn var rúmliggjandi fyrstu dagana, en að 9 dögum liðnum var hann látinn hefja gönguþjálfun með stuðningi, og hefur það síðan gengið greiðlega. Þann 10/2 fékk sj. bráðabirgðagerfilim, sem hann hefur síðan æft sig að ganga á. Nokkrum sinnum hefur þurft að lagfæra gerfiliminn til samræmis við rýrnun og breytingar á formi lærstúfsins.

Hafsteinn hafði lengi vel all verulega verki í lærstúfnum, en þeir hafa farið minnkandi, einkanlega eftir að hann byrjaði að ganga á gerfilimnum, og eru nú litlir orðnir við brottför hans af spítalanum í dag, þann 21/2.

Áformað er nú, að limasmiður haldi áfram að annast nauðsynlegar breytingar á gerfilimnum og smíði að lokum lim, er sj. getur notað til frambúðar. Hafsteinn mun njóta áfram aðstoðar sjúkraþjálfara og mun öðru hverju koma til eftirlits hjá læknum Slysadeildarinnar."

Jón Níelsson, læknir á Borgarspítalanum, lýsir áverkum Elínar Bjarnveigar í vottorði, dags. 28. febrúar s.l., á þessa leið:

„Við komu í spítalann er konan í góðu ástandi með eðlil. blóðþrýsting og púls. Hún er áttuð á stað og stund og skýrir skýrt og skilmerkilega frá tildrögum þessa atburðar.

Við skoðun kemur í ljós, að sex göt, sem gætu verið eftir högl, finnast í vinstra læri, framanvert og innanvert. Ekki blæðir teljandi frá þessum skotsárum. Á kviðarholi neðan nafla sjást fjögur göt, sem gætu sömuleiðis verið eftir högl. Ekki blæðir teljandi heldur úr þessum skotsárum. Á vinstra þumalfingri er sár, sem sömuleiðis gæti verið eftir hagl. Úr því blæðir lítilsháttar, og eru lagðar á það umbúðir til bráðabirgða. Þá sjást einnig smásár í hægri olnbogaregion, sem sýnilega gætu verið orsökuð á sama hátt og hið fyrrnefnda. Ekki neina áverka að sjá né finna á höfði hálsi né yfir brjóstholi. Kviðarhol er mjúkt og ekki nein clinisk merki um blæðingu inn í kviðarhol né áverka á líffærum þar.

Hún getur hreyft alla útlimi eðlilega, en nokkur sársauki er við hreyfingu á hægri olnbogalið.

Teknar eru röntgenmyndir af lungum, yfirlitsmyndir af kviðarholi, vinstra læri og vinstri þumalfingri og hægri olnboga. Lungnamyndin er fullkomlega eðlileg. Við kviðarholsmyndirnar kemur í ljós, að fjögur högl sitja í kviðveggnum. Eitt þeirra liggur nokkuð djúpt og virðist vera alveg inn undir lífhimnu.

Við myndatöku af vinstra læri sjást, að sex högl eru í mjúkpörtum á lærinu ofanverðu. Þrjú þeirra liggja fremur grunnt og utanvert á lærinu, en önnur þrjú liggja dýpra, að því er virðist inn undir beini, nálægt miðjum lærleggnum.

Á vinstra þumalfingri sést, að eitt hagl er í mjúkpörtum þumalfingursins, yfir ytri kjúkunni. Það virðist ekki hafa skaddað bein. Við myndir af hægri olnboga sést ekkert sjúklegt í mjúkpörtum né beinum.

Að þessum rannsóknum loknum var nefnd Elín lögð inn á Skurðlækningadeild Bsp. til observationar og hugsanlegs brottnáms á þessum höglum, sem áður er lýst."

Rögnvaldur Þorleifsson læknir lýsir áverkum Þórhalls Ölvers í vottorði, dags. 21. febrúar s.l., á þessa leið:

„Skoðun við komu á Slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Þórhallur var eðlilega vakandi og áttaður og ekki almennt illa haldinn. 6—8 göt voru talin vera á húðinni hægra megin, framanvert á brjósti og eitt litlu stærra sár við hægri geirvörtu.

Röntgenmyndir teknar af lungum og brjóstkassa leiddu ekki í ljós merki um innri áverka þar, og engin högl sáust heldur á myndunum.

Sárin á brjóstinu voru hreinsuð og síðan settar umbúðir á þau. Að því loknu fór sj. af spítalanum.

Hann kom aftur næsta dag til skiptingar, þar eð umbúðir höfðu losnað. Í annað sinn kom hann til eftirlits þann 17/1, og var þá skipt á umbúðum. Í þriðja sinn kom hann til eftirlits 19/1, og var þá enn skipt, enda höfðu umbúðir losnað. Í fjórða skiptið kom hann til eftirlits þann 23/1. Er þess þá getið, að sárið við geirvörtuna sé á eðlilegri leið með að gróa, og voru settar við það þurrar umbúðir og reiknað með eftirliti þann 26/1.

Ekki er til bókun um, að Þórhallur hafi verið til meðferðar á Slysadeildinni eftir þann 23/1 vegna fyrrgreinds áverka."

II.

Miðvikudaginn 21. júní 1972 klukkan 2155 var tilkynnt á lög-

reglustöðina við Pósthússtræti í Reykjavík, að ölvaður maður væri að aka á brott frá veitingahúsinu Nausti við Vesturgötu í blárri Volksvagenbifreið.

Lögreglumennirnir Eðvarð Örn Olsen, Kristinn Pedersen og Sigurður Rúnar Magnússon voru sendir til þess að sinna þessu. Þegar þeir voru að aka frá lögreglustöðinni, ók blá Volksvagenbeifreið, R 26023, austur Hafnarstræti. Veittu þeir bifreiðinni eftirför og stöðvuðu hana neðarlega á Hverfisgötu. Ökumaður bifreiðarinnar var ákærði. Lögreglumennirnir sáu, að ákærði var undir áhrifum áfengis, og var hann því færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu og síðan til blóðtöku. Var honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 2250, og fundust í blóðsýnishorninu reducerandi efni, er samsvara 1,54‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi ekið greint sinn bifreiðinni R 26023 frá veitingahúsinu Nausti við Vesturgötu og þar til akstri lauk fyrir afskipti lögreglu neðarlega á Hverfisgötu. Kvaðst ákærði hafa komið í veitingahúsið á bifreiðinni án þess að hafa neytt áfengis. Þar drakk hann áfengi, en ekki kvaðst hann hafa fundið teljandi áfengisáhrif við aksturinn.

Lögreglumaðurinn Eðvarð Örn Olsen telur, að ákærði hafi verið ölvaður. Kristinn Pedersen telur ákærða hafa verið mikið drukkinn, og Sigurður Rúnar Magnússon segir, að ákærði hafi allur verið slappur og áfengislykt af honum.

Ákærði var síðan sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 31. júlí 1972 af lögreglustjóranum í Reykjavík.

III.

Ákærði er, sem fyrr segir, fæddur í Reykjavík 19. ágúst 1946. Móðir hans heitir Iris Dalmar, og var hún gift brezkum liðsforingja. Ákærði var tekinn í fóstur og ættleiddur af hjónunum Ólafi Finnboga Ólafssyni og Sólveigu Stefánsdóttur, Víðimel 32 hér í borg, og ólst hann upp hjá þeim.

Rétt þykir að rekja framburð ákærða um menntun hans, störf og sambúð við Ásdísi Báru Magnúsdóttur.

Ákærði naut venjulegrar barnaskólamenntunar og stundaði nám í Stýrimannaskólanum 1½ vetur án þess að ljúka þaðan prófi. Síðar var hann í Bandaríkjunum um 6—7 mánaða skeið og lauk þá prófi sem kafari. Annarrar menntunar hefur hann ekki notið.

Ákærði byrjaði að vinna, þegar hann var 13 ára gamall og stundaði sjómennsku á bátum og togurum sem háseti. Þessi störf stundaði hann, þar til hann fór til Bandaríkjanna. Þegar hann

kom aftur frá Bandaríkjunum, hóf hann störf sem kafari hjá Vita- og hafnarmálastjórn. Starfaði hann sem kafari og við sjómennsku fram til ársins 1969. Auk þess stundaði hann ýmis önnur störf, sem til féllu.

Hinn 19. maí 1969 keypti ákærði ásamt foreldrum sínum Borgarþvottahúsið h/f og var síðan forstjóri þess. Auk ákærða og foreldra hans var sonur hans og fyrrverandi eiginkona hluthafar.

Sumarið 1962 kynntist ákærði Ásdísi Báru Magnúsdóttur, og hittust þau fyrst á Raufarhöfn. Þar var hún við síldarsöltun, en ákærði á síldarbát, sem lagði þar upp. Kynni þeirra voru óslitin eftir þetta, og árið 1967 gengu þau í hjúskap.

Ákærði hefur skýrt frá því, að það hafi komið fyrir, að þau hjónin hafi lent í átökum vegna ósættis, sem sprottið hafi af deilum vegna fjármála. Segir ákærði þau bæði skapmikil og því hafi þau oft rifizt. Rak Ásdís Bára dansskóla, eftir að þau giftust, og hafði af því tekjur. Sjálfur vann ákærði að eigin áliti fyrir meiri tekjum. Segir ákærði, að leitað hafi verið til sín og foreldra sinna, þegar fjölskyldu Ásdísar Báru skorti fé. Spratt ósætti þeirra oft af því, hversu langt skyldi ganga í þessum efnum. Enduðu deilur þeirra stundum með því, að Ásdís Bára fór frá ákærða. Kom hún að sögn ákærða aftur til hans ýmist fyrir fortölur hans eða ótilkvödd. Ákærði kveðst aldrei hafa beitt Ásdísi Báru hótunum til að fá hana aftur til sambúðar við sig og aldrei hafi hann borið óvildarhug til eiginkonu sinnar fyrrverandi né fyrrverandi tengdafólks síns.

Samkvæmt sakavottorði varð ákærði á árinu 1962 uppvís að þjófnaðarbrotum, og var ákæru á hendur honum fyrir þau frestað skilorðsbundið. Hinn 28. desember 1962 var ákærði dæmdur í 3.500 króna sekt og sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi 1 ár fyrir ölvun við akstur. Hinn 7. marz 1963 var hann dæmdur í 1.500 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðarlagabrot og sviptur rétti til ökuleyfis 2 ár. Hinn 8. nóvember 1966 var hann dæmdur í 4.000 króna sekt fyrir ýmis umferðarlagabrot og sviptur ökuleyfi 2 mánuði, og 30. september 1969 sættist hann á greiðslu 5.000 kr. sektar og sviptingu ökuleyfis 8 mánuði fyrir umferðar- og áfengislagabrot. Hann hefur einnig auk þess 6 sinnum sætt sektum fyrir ýmis umferðarbrot og einu sinni fyrir brot gegn lögum 18/1927.

Sumarið 1968 fór fram í sakadómi Reykjavíkur rannsókn út af kærum eiginkonu hans, en þá höfðu þau slitið samvistum um sinn. Sakaði hún ákærða um árásir, ofsóknir og hótanir. Í sam-

bandi við rannsókn þessa athugaði Grímur Magnússon læknir geðheilbrigði ákærða. Segir svo í bráðabirgðavottorði hans, dags. 16. ágúst 1968: „Bráðabirgðarannsókn leiðir ekki í ljós nein geðveikiseinkenni hjá Haraldi, og þótt hann sé ofstopafullur, ofsafenginn og vanstilltur í skapi, er það þó ekki umfram það, sem margir eru, og ekki ástæða til að ætla, að hann sé neitt verulega hættulegur umhverfi sínu, svo að nauðsyn beri til að hafa hann í varðhaldi af þeim ástæðum." Í lokaskýrslu Gríms um rannsóknina, dags. 27. maí 1969, segir m. a.:

„Geðrannsókn leiðir í ljós, að Haraldur er primitiv manngerð, hömlulítill, með ótamið skap, hátt stemmdur, með litla ábyrgðartilfinningu og finnst sér því flest leyfilegt. Eins og fram kemur í æviferli hans, er hann losaralegur og óstöðugur í flestum gerðum sínum, en hvergi kemur fram neinn vitsmunaskortur eða einkenni um geðveiki. Aftur á móti ber skaphöfn hans og hegðanavandkvæði greinilega vott um geðveilu. Hann hefur þó fulla dómgreind á, hvað sé rétt og rangt í hegðun sinni, og telst að fullu sakhæfur."

Rannsókn þessi leiddi ekki til saksóknar að öðru leyti en því, að ákærði var sektaður fyrir áfengis- og umferðarlagabrot 30. september 1969, eins og áður segir, en rannsóknin hafði einnig tekið til þeirra atriða.

Ákærði og Ásdís Bára hófu sambúð að nýju, en henni lauk með leyfi til algers skilnaðar 24. febrúar 1970. Í marz og apríl það ár bárust lögreglu fjölmargar kærur frá Ásdísi Báru út af margháttuðum ofsóknum ákærða gegn henni. Út af kærum þessum fór fram dómsrannsókn, bæði í sakadómi Hafnarfjarðar og sakadómi Reykjavíkur. Hinn 27. október 1970 samþykkti saksóknari, að máli þessu yrði lokið með sátt, og hinn 10. marz 1971 sættist ákærði á greiðslu 30.000 króna sektar fyrir brot gegn 217. og 231. gr. alm. hegningarlaga og gegn áfengislögum.

Enn á ný hófu þau sambúð eftir fáa mánuði, en henni lauk um miðjan maí 1972 með því, að Ásdís Bára fór til Danmerkur með son þeirra fyrirvaralaust. Ákærði fór þangað á eftir henni, og hinn 13. júní 1972 var ákærði dæmdur í Frederiksberg birkeret í Danmörku í 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. ml. 261. gr. og 266. gr. hegningarlaganna dönsku, þ. e. fyrir frelsissviptingu og hótanir við Ásdísi Báru. Af refsingunni taldist ákærði vera búinn að taka út 26 daga með gæzluvarðhaldsvist sinni, en fullnustu refsingar var frestað að öðru leyti, og skyldi hún falla niður eftir tvö ár, ef ákærði gerðist á skilorðstímanum ekki sekur um refsiverða háttsemi. Sakarefni var það, að ákærði hafði komið

í hús á Friðriksbergi, þar sem Ásdís Bára var þá stödd, og fært hana með valdi út í leigubifreið, sem hann hafði komið í, og látið ökumanninn aka til Helsingør og haldið Ásdísi Báru fastri í bifreiðinni á leiðinni og viðhaft ýmsar hótanir við hana. Er komið var til Helsingør, gat leigubifreiðarstjórinn komið því svo fyrir, að ákærði var handtekinn, en ákærði hafði ætlazt til þess, að hann færi með ferjunni yfir til Svíþjóðar.

Vitnið Ásdís Bára Magnúsdóttir danskennari, Hjallabraut 19 í Hafnarfirði, hefur gefið lýsingu á sambúð sinni og ákærða. Var hann atvinnulaus í 3 mánuði eða lengur, eftir að þau giftust, og drakk mikið. Þetta gat Ásdís Bára ekki sætt sig við og reyndi eftir getu að tala um fyrir honum og fá hann til að breyta um lifnaðarhætti. Gekk þetta svo langt, að hún leitaði til prests í vandræðum sínum. Mætti ákærði hjá prestinum og lofaði bót og betrun. Upp úr þessu fékk hann vinnu við Sundahöfn við köfun og fleira. Ekki hætti hann þó drykkju og var stundum næturlangt að heiman að skemmta sér. Fyrst bjuggu þau á Víðimel 32 á annað ár, en fluttu þá í Sólheima 27. Á meðan þau bjuggu á Víðimel 32, gekk sambúðin stirt. Segir Ásdís Bára, að ákærði hafi ekki borgað foreldrum sínum húsaleigu og fór sínar eigin leiðir eins og áður. Leitaði Ásdís Bára eftir skilnaði að borði og sæng tvívegis, á meðan þau voru á Víðimelnum. Brást ákærði illa við, og með fortölum, gráti og hótunum fékk hann hana til að hætta við fyrirætlan sína um skilnað. Ásdís Bára kvaðst alla þeirra sambúð hafa unnið úti, og lögðu þau bæði til heimilishaldsins, en mikið fór af tekjum ákærða í áfengi og skemmtanir.

Ásdís Bára rak dansskóla og hafði gert frá því, áður en hún giftist ákærða. Gekk rekstur hans erfiðlega í fyrstu og gaf lítið af sér. Skipti ákærði sér ekki af rekstri skólans, á meðan þannig stóð. Smátt og smátt fór að ganga betur, og eftir því sem betur gekk vildi ákærði hafa meiri afskipti af fjármálum skólans, en Ásdís Bára vildi ekki láta það eftir honum, og af því urðu oft deilur með þeim. Ásdís Bára segir, að ákærði hafi aldrei lagt neitt fé fram til rekstrar skólans. Þessu hefur ákærði mótmælt og talið sig hafa lagt fram fé til hans. Deilur þeirra af þessum sökum og öðrum leiddu aldrei til líkamlegra átaka, nema þegar ákærði var drukkinn, en þá lagði hann stundum hendur á Ásdísi Báru.

Ásdís Bára upplýsir, að móðir hennar hafi fyrir mörgum árum fengið lán hjá föður ákærða fyrir milligöngu hans, en um aðra fjárhagsfyrirgreiðslu við fjölskyldu hennar var henni ókunnugt.

Þegar dansskólinn fór að gefa af sér, en það var eftir að ákærði og Ásdís Bára tóku upp sambúð að nýju eftir lögskilnað, aðstoðaði hún móður sína og fjölskyldu fjárhagslega, en yfir því sá ákærði ofsjónum. Hann jafnvel ímyndaði sér stundum, að hún hefði hjálpað þeim, þó að svo hefði ekki verið. Þetta leiddi til rifrildis milli þeirra og handalögmála, þegar ákærði var drukkinn. Ásdís Bára segir, að það, sem runnið hafi til fjölskyldu sinnar, hafi eingöngu verið frá sér komið, en ekki ákærða. Að áliti hennar var aðalágreiningsefnið óregla ákærða og lifnaður hans í því sambandi, en þá hvarf hann að heiman, stundum í nokkra daga. Þá var hann mjög illur með víni, og þurftu engin ágreiningsefni til að koma. Allt þetta leiddi til lögskilnaðar þeirra, sem áður er frá greint. Eftir það hófust áðurgreindar ofsóknir ákærða, og leiddu þær til þess, að hún tók á ný upp sambúð við ákærða eftir 3 mánuði, og stóð hún þar til í maí 1972.

Ásdís Bára skýrði frá aðdragandanum að því, að hún tók saman við ákærða að nýju. Hringdi ákærði til hennar og fékk hana niður í Borgarþvottahús undir því yfirskyni, að þau þyrftu að ræða sameiginleg vandamál eftir sambúðarslitin. Tók hún fram, áður en hún fór, að ekki þýddi að ræða um frekari sambúð, og lofaði ákærði því, að svo skyldi ekki vera. Þegar hún kom í þvottahúsið, fóru þau upp á skrifstofu ákærða, og læsti hann dyrunum og setti lykilinn í vasann. Tók hann þá að ræða um það, að þau færu að búa saman, og þegar hún andmælti, tók hann fram flösku með eter og sagði, að það væri bezt, að þau dæju þá bæði. Hún varð hrædd, og þau lentu í átökum, og gafst hún loks upp og samþykkti að hefja sambúð að nýju, og gerðu þau það síðan. Af og til í þessari sambúð þeirra kom það fyrir, að ákærði lagði hendur á hana og dró hana á hárinu. Ákærði viðhafði þau ummæli, þegar hann var drukkinn, að ef hún færi frá honum, þá yrðu blóðsúthellingar. Þessi ummæli hans komu oft í framhaldi af því, að hún fór út úr íbúðinni, og virtist ákærði þá halda, að hún væri að yfirgefa hann. Á þessu síðara tímabili gætti Ásdís Bára þess að andmæla ákærða sem minnst, og hún lét það óátalið, þótt hann hyrfi í nokkra daga. Var því um fáa árekstra að ræða. Það fór illa með hana að bíða afturkomu ákærða úr drykkjutúrum hans, því að hún gat allt eins átt von á því, að hann væri vitlaus, þegar hann kæmi aftur. Beið hún því færis til að flýja úr sambúð frá honum. Þau fluttu skömmu fyrir lögskilnaðinn úr Sólheimum 27 að Kvisthaga 27 í kjallara, og þar bjuggu þau, þar til hún fór þaðan um miðjan maí 1972. Hafði þeim verið sagt

upp íbúðinni á Kvisthaga 27 frá 14. maí 1972. Var Ásdís Bára ákveðin í því að nota þetta tækifæri til að komast frá ákærða. Fór hún því, eins og áður greinir, fyrirvaralaust laugardaginn 13. maí flugleiðis til Kaupmannahafnar með son þeirra.

Ákærði telur Ásdísi Báru gera of mikið úr drykkjuskap sínum. Hann hafi drukkið, en ekki í svo ríkum mæli, sem hún vill vera láta. Hann fullyrðir, að hann hafi lagt fé til dansskólans og gæti hann e. t. v. sannað, að svo hafi verið, ef á þyrfti að halda. Ákærði heldur fast við það, að hann hafi látið fjölskyldu Ásdísar Báru í té fjárhagslega fyrirgreiðslu. Ákærði telur sig ekki hafa misþyrmt Ásdísi Báru, en segir, að það hafi komið fyrir, að hann hafi ýtt við henni. Þá fullyrðir hann, að hún hafi einu sinni lagt til sín með hníf og hafi lagið komið í kviðinn vinstra megin og bæri hann enn ör eftir það. Hafi þau þá verið að deila. Hún hefur neitað þessu. Þá hefur ákærði mótmælt því, að hann hafi fengið hana til sambúðar við sig með þeim hætti, er hún lýsir, svo og að hafa dregið hana á hárinu eða að hafa rætt um blóðsúthellingar, ef hún færi frá honum. Ákærði og Ásdís Bára voru samprófuð um það, sem á milli bar í framburðum þeirra, og héldu þau bæði fast við framburði sína.

Elín Bjarnveig Ólafsdóttir upplýsir, að ákærði hafi byrjað að hringja í hana og spyrja um Ásdísi Báru sama daginn og hún fór úr landi í maí 1972. Talaði ákærði um, að hann skyldi gera hitt og þetta og að það skyldi verða Elínu Bjarnveigu og fjölskyldu hennar dýrkeypt, ef hann næði ekki í Ásdísi Báru. Þá viðhafði ákærði ýmsar svívirðingar í orðum í garð Elínar Bjarnveigar. Klukkan 1600 greindan dag mun ákærði hafa uppgötvað, að Ásdís Bára var farin frá honum, og eftir það var hann sífellt hringjandi, eins og áður greinir. Jafnframt var hann á ferð umhverfis Yrsufell 11 síðari hluta dagsins og um kvöldið. Næsta dag kom hann drukkinn í íbúð Elínar Bjarnveigar og heimtaði að fá að vita, hvar Ásdís Bára væri, og var með ýmsar hótanir, ef hann fengi ekki að vita, hvar hún væri. Við þetta tækifæri braut hann salernissetu með hnefanum og dyrastaf inn í svefnherbergið. Synir Elínar tveir, Ólafur Þór og Gunnlaugur Birgir, tóku ákærða í þetta skipti og róuðu hann. Allan tímann, þar til ákærði fór til Kaupmannahafnar að leita Ásdísar Báru, var hann sífellt hringjandi heim til Elínar Bjarnveigar og spyrjast fyrir um hana. Bað hann blíðlega, grét og hótaði til skiptis. Eina setningu sagði ákærði oft: „Ég hefi eitt ráð til að Bára komi heim.“ Skildi hún þetta svo, að ákærði ætlaði að gera sér eitthvað, og sagði honum því, að það

væri fastmælum bundið milli hennar og Ásdísar Báru, að hún kæmi ekki heim, hvað sem ákærði gerði sér. Elín Bjarnveig vann á Hótel Sögu á aðalbarnum, og þangað kom ákærði oft og starði á hana og fylgdist með öllum hreyfingum hennar langtímum saman.

Ákærði kom á heimili hennar að kvöldlagi, rétt áður en hann fór til Kaupmannahafnar s.l. sumar. Var hann dauðadrukkinn og sagði, að hann ætlaði að leita Ásdísar Báru, hvar í heiminum, sem hún væri, en auðveldast væri fyrir hana að segja sér, hvar hún væri. Elínu Bjarnveigu tókst, að því er hún taldi, að telja ákærða ofan af þessari fyrirætlan, og fór hann á brott með kunningja sínum, sem kom að sækja hann. Um miðja næstu nótt kom ákærði aftur dauðadrukkinn og fór ekki fyrr en um hádegi næsta dag. Þegar hann fór, þá sagðist hann ætla að leita Ásdísar Báru, hvar sem hún væri, og ekkert mundi stoppa sig. Eftir þetta sá Elín Bjarnveig ákærða ekki, fyrr en hann kom aftur eftir fangelsisdvöl í Danmörku. Hélt hann þá áfram uppteknum hætti að hringja með hótanir um líflát hennar og fjölskyldunnar. Skyldi fjölskyldan ýmist skotin, keyrð niður eða sprengd í loft upp, og stundum tók hann fram, að hann mundi murka úr fjölskyldunni lífið á „mjög frumlegan hátt." Virtist ákærði drukkinn, þegar hann viðhafði þessar hótanir, en hann neitaði því, þegar það var borið upp á hann. Á milli þess, sem hann hótaði, var hann grátandi. Allt tal ákærða beindist að því, að fjölskyldan hefði milligöngu um, að Ásdís Bára kæmi til hans aftur. Einu sinni sagði ákærði, að hann hefði danska menn, sem hefðu verið með honum í fangelsinu, til að njósna um Báru og ef hún gæfi sig ekki, mundu þeir sjá fyrir henni, án þess að hann yrði bendlaður við það.

Ákærði hefur mótmælt því, að hann hafi viðhaft við Elínu Bjarnveigu eða fjölskyldu hennar hótanir í einni eða annarri mynd. Þá hefur hann mótmælt því að hafa sagt, að hann hefði danska menn, sem njósnuðu um Ásdísi Báru og mundu sjá fyrir henni. Voru þau samprófuð um þetta efni, og héldu bæði fast við framburði sína.

Vitnið Sólveig Stefánsdóttir, kjörmóðir ákærða, segir, að sambúð hans og Ásdísar Báru hafi alla tíð verið stirð. Telur hún ákærða ekki hafa drukkið í neinu óhófi á fyrstu sambúðarárum þeirra. Vill hún telja erfiðleikana í sambúð þeirra ekki síður hennar sök en hans.

Sólveig segir, að ákærði hafi aukið áfengisneyzlu sína mjög,

eftir að hann kom frá Danmörku s.l. sumar, og verið alveg vitlaus, og jafnvel gert tilraunir til að svipta sig lífi. Tók hann of mikið af lyfjum og þurfti að dæla upp úr honum, en ekki veit hún, hversu oft slíkt kom fyrir, enda var hún ekki alltaf nærstödd. Ekki ræddi ákærði við þau hjónin sérstaklega, hvað að honum amaði andlega, en þó kom það fram, að hann saknaði Ásdísar Báru og barnsins. Aldrei heyrði hún hann orða það, að hann ætlaði að vinna þeim nokkurt mein.

Vitnið Ólafur Finnbogi Ólafsson, kjörfaðir ákærða, telur, að í upphafi hafi svo virzt, að ákærði og Ásdís Bára ættu ekki skap saman og gætu ekki verið saman, þó að þau hafi hvorugt virzt geta séð af hinu. Telur Ólafur Finnbogi, að samband Ásdísar Báru við móður hennar hafi verið stór liður í deilum ákærða og Ásdísar Báru. Hafi Ásdís Bára viljað lána móður sinni peninga, en ákærði viljað draga úr því. Þá hafi ákærði verið drykkfelldur í sambúð þeirra og óreiða á fjármálum hans.

Ólafur Finnbogi sagði, að ákærði hafi neytt mikils áfengis, eftir að hann kom frá Danmörku s.l. sumar. Talaði hann mikið um það, að hann vonaðist til að fá aftur til sín Ásdísi Báru og son þeirra. Var þýðingarlaust að koma honum í skilning um, að hann gæti verið án hennar. Aldrei heyrði Ólafur Finnbogi hann tala um neinar sérstakar aðgerðir til að ná því fram, að þau kæmu til hans aftur.

Verða nú raktir framburðir nokkurra vitna um sambúð ákærða og Ásdísar Báru.

Guðný Jóhannsdóttir húsmóðir, Kvisthaga 27, og eiginmaður hennar leigðu ákærða og Ásdísi Báru kjallaraíbúð í húsi sínu nokkuð á 3ja ár, a. m. k. fram til 14. maí 1972. Guðný kvaðst ekkert hafa fylgzt með sambúð þeirra og ber þeim báðum hið bezta, aldrei hafi verið hjá þeim hávaði né fyrirgangur. Tvívegis kom Ásdís Bára til hennar og kvaðst vera nervös, þar sem ákærði væri ölvaður. Þá kveður Guðný Ásdísi Báru hafa í nokkur skipti kvartað yfir því, að ákærði beitti hana harðræðum, þegar hann væri ölvaður. Aldrei kveðst hún hafa heyrt ákærða hafa orð á því, að hann ætlaði að vinna Ásdísi Báru mein eða einhverjum úr fjölskyldu hennar.

Snorri Jens Ólafsson vissi til þess, að Ásdís Bára og ákærði höfðu rifizt mikið í sambúð sinni og vissi um átök þeirra á milli, en sá þau þó aldrei takast á. Snorri Jens segir, að deilur þeirra hafi ekki eingöngu verið öðrum aðiljanum að kenna. Hann heyrði, að fjármál voru ofarlega á baugi, þegar þau rifust. Þá heyrði hann

það á Ásdísi Báru, að áfengisneyzla ákærða væri deiluefni og að hún væri afbrýðisöm. Snorri Jens heyrði bæði upplýsa við sig og aðra, að fyrsta árið, eftir að þau tóku upp sambúð árið 1970, hefði verið bezta árið í sambúð þeirra.

Vitnið Ragnar Aðalsteinn Ingólfsson skrifstofumaður, Ljósheimum 14 í Reykjavík, hefur um nokkurra ára skeið átt viðskipti við ákærða og því umgengizt hann töluvert. Hann hefur upplýst, að ákærði og Ásdís Bára hafi verið að leita fyrir sér um kaup á húsnæði nokkru fyrir áramótin 1971—1972 og aftur á árinu 1972. Var það Ásdís Bára, sem rak á eftir með þessi kaup. Hafði Ragnar Aðalsteinn milligöngu í þessum málum og átti í fórum sínum kauptilboð í húsið nr. 70 við Holtagerði í Kópavogi. Var það dags. 18. nóvember 1971 og sett fram í nafni þeirra beggja, ákærða og Ásdísar Báru. Því var ekki tekið af seljanda. Ræddu þau bæði við hann um fyrirhuguð húsakaup, enda þótt hann hefði ekki milligöngu um gerð kauptilboðs í fleiri tilvikum. Þá voru þau að athuga húsakaup í Garðahreppi með ákveðið hús í huga vorið 1972.

Ákærði og Ásdís Bára fóru til Kanaríeyja nokkrum mánuðum áður en þau slitu samvistum í maí 1972. Segir Ragnar Aðalsteinn, að Ásdís Bára hafi verið sérstaklega ánægð með ferðina og lýst yfir ánægju sinni með ákærða í því sambandi.

Bæði ákærði og Ásdís Bára hafa viðurkennt, að þetta sé rétt. Taldi ákærði þessar húsakaupahugleiðingar merki þess, að Ásdís Bára væri ekki óánægð í sambúðinni við sig, en hún kvað ástæðuna þá, að peningar frá dansskólanum, sem lánaðir höfðu verið Borgarþvottahúsinu, hefðu ekki verið greiddir til baka, en um það hafði verið talað, að þeir yrðu notaðir til að kaupa hús, þegar þeir yrðu endurgreiddir. Notaði Ásdís Bára fyrirhuguð húsakaup til að reka á eftir með að fá peningana til baka frá Borgarþvottahúsinu. Var um að ræða nokkur hundruð þúsund, en ekki tók hún það nákvæmlega saman.

Ákærði mótmælir þessari skýringu Ásdísar Báru og kveður Borgarþvottahúsið ekki hafa skuldað henni fé á þeim tíma, þegar verið var að ræða húsakaup, og því hafi aldrei komið til mála í sambandi við húsakaupin, að með því væri verið að kvitta fyrir skuld Borgarþvottahússins.

Ragnar Aðalsteinn upplýsir, að þegar ákærði kom til landsins aftur um miðjan júní 1972, hafi hann verið drukkinn, og megi segja, að hann hafi að mestu verið ofurölvi fram í desember s.l., en þó með smáhvíldum. Var hann því sáralítið við störf í þvotta-

húsinu. Í desemberbyrjun bráði af honum, og var hann nokkuð góður fram í janúar.

Ragnar Aðalsteinn kveðst hafa undir höndum símareikninga fyrir um 23.000 krónur, og voru þeir vegna tilrauna ákærða til að ná símasambandi við Ásdísi Báru, á meðan hún var í Kaupmannahöfn og eftir að ákærði kom aftur til landsins eftir fangelsisdvölina í Danmörku s.l. sumar. Fullyrti ákærði s.l. sumar, að hann mundi fá Báru til sín aftur. Þessar fullyrðingar dofnuðu þó, þegar kom fram á haustið, og voru nánast orðnar að engu, þegar kom fram í desember. Var það vegna þess, að ákærði hafði vitneskju um, að hún væri í tygjum við danskan mann.

IV.

Ásdís Bára kom aftur til landsins miðvikudaginn 10. janúar s.l. ásamt syni sínum og unnusta. Á föstudagsmorgninum kom til hennar með pósti afrit af bréfi, sem ákærði hafði ritað skattayfirvöldum. Var efni bréfsins á þá leið, að dansskóli hennar hefði svikið undan skatti s.l. 2 ár og væri Haraldur Ólafsson fús að veita upplýsingar af því tilefni. Hringdi hún í ákærða eftir móttöku bréfsins og spurði ákærða, hvað þetta ætti að þýða. Svaraði hann því, að hann væri ekkert búinn að senda bréfið og skyldi hún láta sig hafa „viðtalsbil". Ásdís Bára kvaðst ekkert hafa við ákærða að tala og skyldi hann senda bréfið, ef hann vildi. Á sunnudagsmorgninum hringdi ákærði í hana og spurði, hvers vegna sonur þeirra bæri ekki úr, sem hann hefði gefið honum í jólagjöf. Svaraði hún því til, að úrið væri of stórt. Þegar þau höfðu lokið við að ræða um úrið, hafði ákærði orð á því, að hann hefði séð hana og unnusta hennar, og spurði, hvort hún væri ekki ánægð. Kvað hún svo vera. Rauk þá ákærði upp og sagði, að enginn annar en hann skyldi fá að njóta hennar og peninganna frá dansskólanum. Hann hefði engu að tapa og mundi koma. Þá sagði hún, að hann gæti komið, því að nú væru ekki eingöngu konur og börn til að berja. Þá viðhafði hann þau ummæli, að hann skyldi koma „og skjóta ykkur öll". Sagði hún honum, að hann skyldi þá bara gera það. Var þetta það síðasta, sem hún heyrði frá ákærða.

Ákærði viðurkennir, að hann hafi sent Ásdísi Báru afrit af bréfi til skattayfirvalda, sem hann hafi þó ekki sent þeim. Kveðst ákærði hafa gert það til að ýta undir, að Ásdís Bára gengi frá ýmsum fjárhagslegum málefnum þeirra á milli, sem hún hafi neitað að ganga frá. Þá viðurkennir ákærði, að hann hafi talað

við Ásdísi Báru á sunnudeginum, en kveður þau aðeins hafa rætt um úrið og ef til vill hafi hann spurt hana, hvort hún væri gift. Annað væru ósannindi.

Föstudagskvöldið 12. janúar s.l. bauð Guðný Helga Árnadóttir, Vesturbergi 8 í Reykjavík, ákærða á árshátíð Sambandsins, sem haldin var á Hótel Sögu. Þáði ákærði boðið, og meðal annars komu þau saman að bar, þar sem Elín Bjarnveig starfaði. Bað ákærði hana um afgreiðslu, en hún neitaði honum um hana og viðhafði þau orð, að hún afgreiddi ekki svona pakk. Gekk hún síðan burtu, en barþjónninn kom og afgreiddi þau. Annað fór ákærða, Guðnýju Helgu og konunni ekki á milli í þetta sinn.

Ákærði hefur sjálfur staðfest, að ummæli Elínar Bjarnveigar hafi verið á þennan hátt, og Ólafur Finnbogi, kjörfaðir ákærða, upplýsir, að ákærði og Guðný Helga hafi sagt þeim hjónum frá þeim um nóttina, er þau komu heim til þeirra og þágu kaffi.

Elín Bjarnveig hefur mótmælt því, að hún hafi viðhaft framangreind ummæli. Kveðst hún ekki hafa mælt orð frá munni við ákærða og Guðnýju Helgu.

Daníel Stefánsson barþjónn, Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi, starfaði með Elínu Bjarnveigu greint kvöld. Bað hún Daníel að afgreiða ákærða og stúlku, sem með honum var. Heyrði Daníel, að þau töluðust við, en ekki heyrði hann orðaskil. Kvað Daníel Elínu Bjarnveigu hafa verið í óvenjulega miklu uppnámi þetta kvöld. Sagði hún ákærða hafa verið að hringja í sig allan daginn með morðhótanir. Ákærði hefur mótmælt því að hafa hringt til Elínar Bjarnveigar greindan dag.

Vitnið Þórhallur Ölver var í Tónabæ laugardagskvöldið 13. janúar s.l., og rétt eftir að hann kom heim, hringdi síminn. Þá voru auk hans heima Fanney systir hans og Ólafur Finnbogi, sonur ákærða. Fanney fór í símann, og var karlmaður í símanum. Fanney spurði, hver maðurinn væri, en hann sagði, að það kæmi henni ekki við. Tók þá Þórhallur Ölver við símtólinu og talaði við manninn. Maðurinn sagðist vilja vara þau við því, að ákærði væri að leita Ásdísi Báru uppi, og spurði maðurinn þrívegis, hvort hún væri ekki heima. Ekki mundi hann til þess, að maðurinn nefndi, hvað ákærði hefði í hyggju. Sagði maðurinn, að Ásdís Bára mætti vara sig. Maðurinn í símanum sagðist hafa hitt ákærða á Hótel Loftleiðum, og þegar Þórhallur Ölver hringdi í móður sína á Hótel Sögu, hraðaði hún sér heim. Þegar hún kom heim, sagði hún, að ákærði hefði komið á Hótel Sögu. Elín Bjarnveig hringdi

í Ásdísi Báru, sem var stödd í Klúbbnum, og varaði hana við. Ekkert gerðist frekar um nóttina.

Þórhallur Ölver fór út um klukkan 1030 á sunnudagsmorguninn, og þegar hann kom aftur heim um kl. 1130, var Ásdís Bára í símanum, og heyrði hann, að hún ræddi við ákærða. Ekki sagði Ásdís Bára honum, hvað þau ræddu í símanum, en hins vegar heyrði hann á eftir, að hún sagði móður þeirra frá samtalinu. Sagði hún móður þeirra, að ákærði hefði spurt, hvort hún væri gift. Sagðist hún hafa sagt honum, að svo væri, og hefði ákærði þá sagt, að hann ætlaði að koma og skjóta manninn. Þórhallur Ölver sagði, að móðir hans hafi sagt, að ákærði hefði hótað að skjóta sig, eftir að Bára var farin til Kaupmannahafnar í maí 1972. Ekki hafði Þórhallur Ölver heyrt ákærða segja slíkt í sín eyru.

Vitnið Björgvin Björgvinsson lögreglumaður, Yrsufelli 11, er húsvörður í því húsi. Elín Bjarnveig hafði orð á því, þegar hún flutti í húsið, en ekki man Björgviní, hvenær það var, að hún væri hrædd við ákærða, en ekki bað hún hann þó ásjár í því efni. Björgvin segir, að hún hafi fyrst leitað til sín um aðstoð um klukkan 22 að kvöldi laugardagsins 13. janúar s.l. Kom þá sonur hennar Þórhallur Ölver til hans í íbúð hans og bað hann að koma upp í íbúð móður sinnar og tala við hana þar í símanum. Sagðist hún vera stödd á Hótel Sögu og bað hann að róa börnin, þar sem ákærði hefði hringt í þau og verið að hræða þau, en sjálf kæmist hún ekki strax heim vegna vinnu sinnar. Ekki minntist Elín Bjarnveig á það, með hverju ákærði hefði verið að hræða börnin. Björgvin sagði Elínu Bjarnveigu, að hann mundi verða til staðar, þar til hún kæmi heim. Var hann hjá börnunum, þar til hún kom heim, og þá ræddu þau saman. Minntist hún á það, að ákærði væri sífellt að hóta henni og fjölskyldu hennar, en ekki mundi hann nákvæmlega að greina frá því, hvað hún sagði um þessar hótanir. Spurði Elín Bjarnveig, hvort hún mætti kalla á hann, ef hún þyrfti aðstoðar við. Játaði hann því, en ekki bað Elín Bjarnveig frekar um aðstoð. Ræddi hún ekkert við hann á sunnudeginum, og hafði hann engin afskipti af hennar málefnum þá.

Ákærði hefur mótmælt því, að hann hafi hringt til Elínar Bjarnveigar greint kvöld.

Vitnið Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn skýrir frá því, að ákærði hafi komið til hans í apríl á s.l. ári og viljað fá byssuleyfi. Bjarki neitaði honum þegar um það, og spurði ákærði um ástæðu þess. Bjarki sagði, að honum ætti að vera bezt kunnugt um það sjálfum. Í framhaldi af því vísaði hann til fyrri viðskipta lögregl-

unnar við ákærða á undanförnum árum. Varð ákærði ævareiður við neitunina og sneri sér að Bjarka og sagði honum, að hann skyldi verða sér úti um skotvopn engu að síður. Lét ákærði það fylgja, að Bjarki mundi verða sá fyrsti, sem ákærði mundi skjóta. Ákærði var ódrukkinn, en dálítið ör, á meðan viðtal þeirra átti sér stað.

Ákærði hefur mótmælt því, að hann hafi hótað Bjarka greint sinn.

V.

Í sambandi við mál það, sem nú er til meðferðar, var enn látin fara fram rannsókn á geðheilbrigði ákærða, og annaðist Þórður Möller yfirlæknir hana og skilaði um rannsóknina rækilegri skýrslu hinn 30. maí s.l. Hér verður tekinn upp lokakafli skýrslunnar:

„Í stuttu máli er hér um að ræða 27 ára gamlan mann af lítt kunnu faðerni, en af móður, sem hefur til skamms tíma verið drykkfelld og verulega gölluð að persónugerð, óhemja í skapi og viðbrögðum.

Fárra mánaða gömlum er honum komið í fóstur hjá hjónum, sem hafa ættleitt hann og reynzt honum eins og foreldrar, a. m. k. að fórnfýsi öllu frekar en aga. Elst hann þar upp í miklu dálæti sem einbirni og einn á heimilinu frá þriggja ára aldri af börnum til. Er tekið til ofsalegrar frekju frá bernsku. Hann hefur yfirleitt verið sæmilega heilsuhraustur. Þegar hann á að fara að ganga í skóla, kemur í ljós, að hann sinnir honum lítið, og foreldrar hafa ekki einhvern veginn bein í nefinu til þess að halda því að honum. Hann leggst svo fljótlega í óknytti og kemst snemma á blað hjá Barnaverndarnefnd. Af öllu þessu er honum komið, 10 ára gömlum, að Breiðuvík, en hann tollir þar stutt, strýkur og er svo komið á sveitabæ í Svarfaðardal, unir þar ekki heldur, en strýkur út á Dalvík til systur fósturmóður sinnar. Er hann þar um veturinn og gengur í skóla þar og stendur sig reyndar all vel eftir hætti. Að loknum skóla fer hann að vinna eitthvað, en er hverfull við störf og endar svo með því, að hann strýkur suður með vandræðastrák þaðan. Er hann svo í ýmsum störfum og reyndar áframhaldandi óknyttum inn á milli. Næsta haust á að taka til með skólagöngu, og er enn allt á sama veg, og hann fæst eiginlega við allt hugsanlegt annað en skólann. Eftir áramót er honum komið austur í Selvog. Fer ekki sögum af því, hvernig þarvist hans reiðir af, en þaðan lýkur hann a. m. k. barnaprófi um vorið. Um sumarið mun hann hafa verið á handfærum norður á Dal-

vík, en farið á togara um haustið. Um þetta leyti mun hann þegar hafa verið farinn að neyta áfengis og jafnvel fyrr. A. m. k. var hann með pela í fórum sínum, sem hann reyndi að koma með sér, þegar hann fór til Breiðuvíkurdvalar. Á næstu árum er hann býsna óstöðugur við vinnu, og á 13—15 ára aldri fer að bera meira á andfélagslegri hegðun. Sannast á hann 16 innbrot og þjófnaðir á þeim tíma.

15 ára gamall fer hann á síld og kynnist þá stúlku, sem hann fer að búa með fljótlega eftir það og giftist síðar, en hann fer síðan sem skipverji á Bv. Þorstein Ingólfsson og lætur mæta vel af þeirri veru.

Haraldur byrjar síðan á stýrimannaskóla, en lýkur engum prófum. Þegar frá upphafi sambúðar þeirra Báru, en svo nefnist stúlkan, er samkomulagið erfitt og öldurnar rísa hátt. Endar með því, að hann fer út til Kanada, hugsanlega með það fyrir augum að slíta sambúð við Báru. Er hann þar hjá fósturs systur sinni, sem hann hafði reyndar heimsótt áður 11 ára gamall. Þar kemst hann á kafaraskóla, eða námskeið, og heldur því fram, að hann hafi lokið því námi með ágætum. Má svo vera, þó það hafi þá verið eina námið, sem hann hefur stundað með teljandi árangri.

Eftir það kemur hann svo heim aftur og tekur að nýju saman við Báru og stundar köfun um sinn og giftist svo Báru, sem þá gekk með barn þeirra.

Fékk hann nú áhuga á fljótteknara fé, komst í samband við lögfræðing nokkurn og settu þeir upp „innheimtuskrifstofu". Lagði Haraldur fram þar einhverja verulega fjármuni, sem fósturforeldrar lögðu honum til. Ekki mun sú starfsemi hafa orðið honum féþúfa, og hann jafnvel missti allt það fé, sem hann lagði fram. Hann varð sér úti um réttindi í skipsflaki á sjávarbotni úti við Englandsstrendur, en hafði ekkert upp úr því nema „köfunarveiki", sem hann segist hafa verið nokkuð hætt kominn af. Mun hann reyndar hafa fengið slíkt áfall einu sinni áður. Gengur nú æ erfiðara með þeim Báru og endar með því, að þau skilja að borði og sæng 1968. Ekki stendur sá skilnaður nema smá tíma, og reyndar fæst ekkert form á hann öðru vísi en að Bára fer af heimilinu, en hún er svo komin aftur eftir stuttan tíma, en allan tímann, heima og heiman, er Haraldur í sífelldum eltingi við hana. Fyrst á árinu 1970 var svo gengið frá skilnaði, sem þó komst ekki öðru vísi í gegn en að Haraldur játaði á sig hjúskaparbrot. Daginn eftir var hann svo fluttur meðvitundarlaus á Slysavarðstofu eftir að hafa hellt í sig heilmiklu sterku víni og gleypt 130 róandi töflur ásamt

slatta af vítamínum. Hann rankar svo við sér eftir nóttina og er þá þotinn á samri stundu þrátt fyrir aðvaranir lækna.

Hann er svo að heiman, e. t. v. í nokkrar vikur, eða jafnvel mánuði, en síðan taka þau enn saman og búa nú saman til 1972 og búnaðist e. t. v. hvað skást á þessum tíma, a. m. k. að því er Haraldur segir. Þó sígur á ógæfuhliðina, þegar á líður, og fyrir miðjan maí 1972 fer Bára þegjandi og hljóðalaust til Kaupmannahafnar. Haraldur getur nasað hana uppi þar og er kominn á hæla hennar eftir 4 daga og fer nú ekki gáfulegar að en það, að hann reynir að koma henni burt með sér, nauðugri, með ofbeldi. Af þeim sökum er hann svo fangelsaður og situr þar tæpan mánuð, en er svo vísað úr landi.

Síðan hefur Haraldur verið við linnulausa drykkju, meiri og minni. Eitthvað stytti upp í nóvember, en fór í óefni að nýju. Var Haraldur þá að reyna að koma einhvers konar lagi á fjárreiður fyrirtækis, sem hann og foreldrar hans keyptu, eða þau fyrir hann, því sjálfur var hann févana með öllu. En það mun hafa verið hægara sagt en gert að henda einhverjar reiður á allri þeirri óreiðu. Eftir áramótin, eða 10. janúar, kom Bára heim til Reykjavíkur að nýju með dönskum manni, unnusta sínum, og syni þeirra Haralds, og á 4. degi dynja ósköpin yfir eftir nokkrar símhringingar og hótanir, sem ekki voru teknar allt of alvarlega, Haraldur hafði þá hótað áður. Haraldur ryðst þá inn í fjölbýlishús í Breiðholti, þar sem móðir Báru býr, og sennilega í leit að henni, vopnaður tvíhleyptri haglabyssu, sem hann hafði tekið traustataki á leiðinni, ásamt skotfærabirgðum, skjótandi til hægri og vinstri, þar sem lokaðar dyr voru fyrir honum, eða jafnvel menn. Endaði með því, áður en hann var yfirbugaður, að hann særði tengdamóður sína fyrrverandi, þó mikið megi heita, hvað hún slapp frá tveim eða þremur haglaskotum, en særði son tengdamóður lítillega af tréflísum úr hurð, sem hann skaut í gegnum, en hefði allt eins getað orðið drengnum að bana, ef svo hefði viljað til, en hann skaut síðan fót undan manni, sem reyndi eitthvað að hindra hann á leið hans, en aðallega í sjálfsvörn.

Niðurstaða mín er því:

Haraldur Ólafsson er hvorki geðveikur maður né fáviti né heldur teljandi „taugaveiklunareinkenni“, heldur geðvilltur maður *haldinn verulegum skapgerðargöllum, sem einkennast af áberandi hömluleysi og ofstopa, sjálfmiðaður með ólíkindum, og þá oft og einatt með verulegum dómgreindarskorti.* Öll verða þessi ein-

kenni margfalt verri við áfengisáhrif, en Haraldur hefur drukkið verulega um árabil, drykkjan hefur farið versnandi.

Fundist hafa vefrænar breytingar í heila, sem eru í talsverðu samræmi við hegðunarmynstur Haralds, og má benda á nokkrar líkur að uppruna þeirra breytinga (köfunarveiki tvisvar á árabilinu '66—'68). Hins vegar er þess að gæta, að skapgerðargallar Haralds hafa verið áberandi frá bernsku.

Þegar meta skal sakhæfi Haralds, má ljóst vera, að hann var mjög drukkinn 14. 1. '73, en það telst ekki rýra sakhæfi manns, *jafnvel þó viðbrögð hans séu fjarstæðukennd, nema þá að þar sé eitthvað alveg nýtt uppi á teningnum, sem ekki hafi komið fyrir áður.*

Hitt er þá einnig ljóst, að *Haraldur mætti þekkja sjálfan sig af því að vera algerlega hömlulaus ofstopamaður undir áfengisáhrifum, þegar því er að skipta,* og verður að teljast mesta mildi, að hann hefur ekki orðið til meiri háttar líkamsmeiðinga áður. Einnig skilur hann fullkomlega, a. m. k. að forminu til, *samhengið milli skotárásar og sektardóms.*

Um hitt viðhorfið, hvort ætla megi eftir atvikum „að refsing geti borið árangur", er allt erfiðara að tjá sig, og raunar varla nokkur leið, en það verður þó varla talið allt of sennilegt í þessu tilviki, svo mikil sem þau líkindi kunna að vera almennt."

Niðurstöður.

a) *Atferli ákærða í Yrsufelli 11.*

Ákærði hleypti skoti úr haglabyssu gegnum dyr að íbúð Elínar Bjarnveigar Ólafsdóttur, enda þótt hann vissi, að Elín Bjarnveig og Þórhallur Ölver, sonur hennar, voru þar fyrir innan og því mestar líkur til þess, að skotið gæti orðið þeim að bana, öðru hvoru eða báðum. Þá hleypti hann þremur skotum gegnum eldhúsdyr, eftir að Elín Bjarnveig hafði flúið þangað inn, og enn hleypti hann skoti á eftir henni, er hún flýði úr íbúðinni. Líta verður á allar þessar athafnir ákærða sem tilraun til manndráps og refsa honum fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga. Það ákvæði tæmir hins vegar sök ákærða að þessu leyti, þannig að honum verður ekki jafnframt refsað samkvæmt 217. né 220. gr. hegningarlaga. Ekki verður talið sannað, að ásetningur ákærða til brotanna hafi orðið til, fyrr en hann kom á staðinn.

Ákærði brauzt inn í íbúð Sigrúnar Indriðadóttur og beindi hlaðinni haglabyssu að fólki því, sem þar var fyrir, og er Hafsteinn Jósefsson greip til byssunnar, hljóp skot úr henni og kom í fót

Hafsteini með þeim afleiðingum, að taka varð fótinn af. Óvarlegt þykir að telja fullsannað, að ákærði hafi hleypt af skoti þessu af ásetningi, og verður honum að þessu leyti refsað samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga. Þar sem ákærði stofnaði lífi þeirra, sem fyrir voru í íbúð Sigrúnar, í hættu á mjög ófyrirleitinn hátt, ber einnig að refsa honum samkvæmt 4. mgr. 220. gr. alm. hegningarlaga.

b) *Taka á skotvopni.*

Ákærði fór í heimildarleysi inn í íbúð Snorra Jens Ólafssonar í Nökkvavogi 62 og tók þar skotvopn það, er hann síðar beitti í Yrsufelli 11. Telja verður, að hann hafi beinlínis tekið byssuna til þessara nota, en ósannað, að hann hafi haft í hyggju að slá eign sinni á hana. Þykir því rétt að telja þetta atferli ákærða varða við 259. gr. alm. hegningarlaga, en eigi við 244. gr.

c) *Ölvun við bifreiðarstjórn.*

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum, að hinn 21. júní 1972 ók hann bifreið frá Nausti við Vesturgötu um Hafnarstræti og Hverfisgötu og var undir áhrifum áfengis við akturinn. Þegar litið er til alkóhólmagns í blóði hans (1.54‰), þykir atferli þetta varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Í ákæru er ölvunarakstur ákærða einnig talinn varða við 24. gr. áfengislaga.

Samkvæmt 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga varðar ölvun við bifreiðarstjórn eigi lægri refsingu en varðhaldi, ef brot er ítrekað eða ef alkóhólmagn í blóði nr 1.20‰. Ölvunarakstur varðar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga svipting ökuleyfis eigi skemur en mánuð, en þó 1 ár hið minnsta, ef alkóhólmagn í blóði nær 1.20‰.

Samkvæmt 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga varðar ölvun við stjórn ýmissa tækja, m. a. bifreiðar, hins vegar 1.000—5.000 kr. sekt við fyrsta brot, en öðru sinni 2.000 —10.000 kr. sekt. Ökuleyfissvipting verður samkvæmt 24. gr. eigi dæmd skemmri tíma en 3 mánuði.

Ákvæði umferðarlaga og áfengislaga um ölvunarakstur eru þannig í algeru ósamræmi, og verður að áliti dómsins eigi beitt samtímis.

Þegar sett voru ákvæði umferðarlaga 26/1958 um þessi efni, voru jafnframt felld úr gildi fyrri ákvæði bifreiðalaga, en aftur á móti láðist að nema úr gildi 24. gr. áfengislaga, að því er hún tók til bifreiðarstjóra. Eigi er þó efamál, að hin nýju ákvæði umferðarlaga felldu hana úr gildi að þessu leyti, og viðurlög hafa

síðan ævinlega verið miðuð við þau mörk, sem í umferðarlögum greinir, en eigi fylgt ákvæðum áfengislaganna. Ekki hefur orðið breyting á, þótt umrædd lög hafi síðan verið gefin út á ný (umferðarlög 40/1968, áfengislög 82/1969).

Dómurinn lítur svo á, að um ölvun við akstur bifreiðar skuli beita hinum sérhæfðu ákvæðum umferðarlaga framar hinum almennari ákvæðum áfengislaganna um stjórnendur ýmissa vélknúinna tækja. Verður 24. og 45. gr. áfengislaga þannig taldar marklausar, að því er varðar bifreiðarstjóra, og ákærði þannig ekki dæmdur samkvæmt þeim.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um andlegt ástand ákærða, verður að telja, að hann sé sakhæfur þrátt fyrir geðveilu sína og stórfellda vankanta í skapgerð.

Ljóst er, að ákærði hefur verið mjög undir áhrifum áfengis, er hann framdi afbrot sín hinn 14. janúar s.l. Það leysir hann þó ekki undan refsingu, sbr. 17. gr. alm. hegningarlaga.

Svo sem fyrr var frá greint, var ákærði hinn 13. júní 1972 dæmdur í Frederiksberg birkeret í 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 261. og 266. gr. dönsku hegningarlaganna, en ákvæði þessi svara öldungis til 226. gr. og 233. gr. hegningarlaga 19/1940. Ákærði hefur nú rofið skilorð dóms þessa.

Samkvæmt 60. gr. alm. hegningarlaga og með hliðsjón af 2. tl. 5. gr. sömu laga þykir rétt að dæma ákærða í þessu máli í einu lagi í refsingu fyrir brot þau, sem hann var dæmdur fyrir í Frederiksberg birkeret, auk brota þeirra, sem hann nú er saksóttur fyrir.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 12 ár.

Ákærði hefur sætt gæzluvarðhaldi síðan 15. janúar s.l., þ. e. 176 daga, og er samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga rétt að ákveða, að vist þessi dragist frá refsingu hans. Í dómi Frederiksberg birkeret var ákveðið, að 26 dagar af refsingunni teldust teknir út með gæzluvarðhaldsvist ákærða, og er rétt, að ákvæði þetta haldist, þannig að alls dragist 202 dagar frá refsingu ákærða.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi sínu ævilangt frá 31. júlí 1972 að telja, en þá var hann sviptur ökuleyfinu til bráðabirgða. Samkvæmt 5. ml. 81. gr. umferðarlaga og lögum 82/1961, 178. gr. i. f., ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Samkvæmt 141. gr. laga 82/1961 ber að dæma ákærða til þess

að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun og málsvarnarlaun.

Málssóknarlaun verða ákveðin kr. 90.000.00. Af hálfu ákæruvaldsins flutti Jónatan Sveinsson saksóknarfulltrúi málið, og renna málssóknarlaun því til ríkissjóðs, sbr. 1. mgr. 143. gr. laga 82/1961.

Skipaður verjandi ákærða var Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, og var hann einnig réttargæzlumaður ákærða, meðan rannsókn málsins stóð yfir. Þóknun til hans fyrir réttargæzlu og málsvörn verður ákveðin samtals kr. 150.000.00.

Sverrir Einarsson sakadómari hafði rannsókn máls þessa með höndum. Eftir höfðun málsins var ákveðið, að málsmeðferð yrði í höndum þriggja sakadómara samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga 82/1961. Dóminn skipuðu í fyrstu Þórður Björnsson yfirsakadómari og sakadómararnir Jón A. Ólafsson og Sverrir Einarsson, hinn fyrstnefndi sem dómsformaður. Hinn 27. júní ákvað Þórður Björnsson, sem þá hafði verið skipaður saksóknari ríkisins frá 1. júlí að telja, að víkja úr dóminum, og tók Halldór Þorbjörnsson sakadómari þá sæti hans sem dómsformaður.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Ólafsson, sæti fangelsi 12 ár. Gæzluvarðhaldsvist hans, samtals 202 dagar, komi refsingunni til frádráttar.

Ákærði er frá 31. júlí 1972 sviptur ökuleyfi sínu ævilangt. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 90.000.00, og réttargæzlu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000.00.

Fimmtudaginn 6. desember 1973.

Nr. 128/1972: **Pétur og Valdimar h/f**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Einari Guðmundssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Lausafjárkaup. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1972, og krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 51.753.50 ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 21. júní 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, seldi stefndi áfrýjanda eignarhluta sinn „í firmanu Jakob Þorsteinsson s/f Raufarhöfn", og var eignarhlutinn „nánar tiltekið eignarhlutdeild af hálfu í félaginu". Afsalið, sem samið var af lögmanni stefnda, var dagsett 18. apríl 1967, en aðiljar eru sammála um, að raunverulega hafi það verið gefið út 19. júní 1967. Í afsalinu segir, að eignir félagsins séu „nánar tilgreindar í efnahagsreikningi þess pr. 15. apríl 1967", sem liggi frammi við undirskrift afsalsins. Í skuldalið efnahagsreikningsins voru sundurliðaðar skuldir félagsins við einstaka lánardrottna. Um greiðslu þeirra segir í afsalinu, að áfrýjandi greiði hið umsamda kaupverð m. a. „með því að taka að sér helming skulda félagsins, sem voru 15. 4. 1967 kr. 106.421.43". Var sú upphæð samanlagðar skuldafjárhæðirnar samkvæmt efnahagsreikningnum. Þessu til viðbótar tók áfrýjandi að sér „að greiða að sínum hluta skatta félagsins fyrir árið 1966", sem ekki höfðu þá verið lagðir á, en voru áætlaðir um 25 þúsund krónur.

Þegar umrædd kaup voru gerð og afsal undirritað, var bifreiðin Þ 754, önnur aðaleign félagsins, á bifreiðaverkstæði Ræsis h/f í Reykjavík, en þangað hafði henni verið komið í aprílmánuði 1967 til viðgerðar. Þessum viðgerðum virðist þó hafa verið lokið að fullu eigi síðar en rúmum mánuði áður en framangreind kaup voru gerð og afsalið undirritað. Viðgerðarkostnaður, samtals að fjárhæð kr. 103.507.00, var hins vegar ógoldinn, og var stefnda um það kunnugt.

Stefndi lét framangreindar viðgerðarskuldar að engu getið í afsali því, sem hann undirritaði, og ekki er sannað, að hann hafi skýrt fyrirsvarsmanni áfrýjanda frá henni á annan hátt. Var þó sérstök ástæða fyrir hann að greina frá skuldinni, þar sem hann hafði lagt fyrrgreindan efnahagsreikning fyrir fyrirsvarsmann áfrýjanda við samningsgerðina og að því er ætla verður til upplýsinga um hag sameignarfélagsins. Urðu þær upplýsingar villandi, ef skuldarinnar við Ræsi h/f var að engu getið. Var þeim mun meiri ástæða til að taka þetta fram, sem skuldir félagsins voru, að viðgerðarkostnaðinum viðbættum, orðnar næstum helmingi hærri en skuldir þær, sem greindar voru á efnahagsreikningnum og áfrýjandi tók að sér að greiða að hálfu samkvæmt afsalinu. Í þessu sambandi þykir hin ranga dagsetning afsalsins ekki skipta máli, þar sem við það verður að miða, að hún hafi verið gerð að ráði stefnda, og honum bar, eins og á stóð, að geta þess skýrlega, ef sú dagsetning átti að ráða úrslitum um svo veigamikið atriði í lögskiptum aðilja sem greiðsla viðgerðarkostnaðarins var. Þá verður ekki séð, að stefndi hafi fyrir héraðsdómi haft uppi varnir reistar á því, að áfrýjandi hafi kvartað of seint vegna þess, að hann varð að greiða Ræsi h/f skuldina. Verða kröfur áfrýjanda því teknar til greina. Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Í þinghaldi 11. júlí 1972, er héraðsdómur var kveðinn upp, var gerð svofelld bókun í þingbók:

„Dómsformaður tekur fram, að 19. júní 1972 hafi verið þingað í máli þessu og það, sem sagt var, verið tekið á segulband. Síðar hafi verið vélritað eftir hljóðritinu og það endur-

rit legið frammi, þegar málið var flutt og raunar áður afhent lögmönnum málsaðilja. Nú þykir þó vera ástæða til að leggja endurritið fram sem venjulegt dómsskjal. Það er gert og skjalið þingmerkt nr. 17". Lög nr. 85/1936 veita eigi beina heimild til, að skýrslur aðilja eða vitna séu teknar á segulbönd, þannig að sú upptaka komi í stað skráningar skýrslu að efni til í þingbók, svo sem brýnt er boðið um vitnaskýrslur í 3. mgr. 133. gr. nefndra laga. Af málsskjölum má ráða, að vinnubrögð við skýrslutöku þessa séu eigi svo vönduð sem skyldi. Aðiljar andmæltu ekki þessari aðferð. Þeir hafa ekki vefengt efni skýrslnanna, og eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Pétri og Valdimar h/f, kr. 51.753.50 með 7% ársvöxtum frá 21. júní 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Með afsali, dagsettu 18. apríl 1967, afsalaði stefndi til áfrýjanda eignarhluta sínum í „firmanu Jakob Þorsteinsson s/f, Raufarhöfn, en það er nánar tiltekið eignarhlutdeild að hálfu í félaginu". Aðiljar eru sammála um, að afsal þetta sé í raun gert 19. júní 1967. Í afsalinu segir, að áfrýjandi hafi greitt andvirði hins selda meðal annars með því „að taka að sér helming skulda félagsins, sem voru 15. 4. 1967 kr. 106.421.43". Bifreiðin Þ 754, eign sameignarfélagsins, hafði verið sett til viðgerðar á verkstæði í Reykjavík í aprílmánuði 1967 og var þar enn, þegar afsalið var gert. Var fyrirsvarsmanni áfrýjanda, sem er vanur bifreiðaviðskiptum, um þetta kunnugt fyrir afsalsgerðina. Skuldar vegna viðgerðar þessarar var ekki getið í efnahagsreikningi sameignarfélagsins frá 15. apríl 1967, sem lagður var til grundvallar við afsalið, enda var

hún stofnuð, eftir að reikningur þessi var gerður. Mátti fyrirsvarsmanni áfrýjanda vera ljóst, að skuld þessi gæti verið ógreidd enn, og var brýn ástæða til að taka það sérstaklega fram í afsalinu, ef sameignarfélagið skyldi eigi greiða hana. Af gögnum málsins verður helzt ráðið, að samið hafi verið við viðgerðarverkstæðið um greiðslu viðgerðarkostnaðar þessa skömmu eftir afsalsgerðina, en eigi hóf áfrýjandi kröfur af þessu efni á hendur stefnda fyrr en 29. október 1968.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Hinn 19. júní 1972 voru á bæjarþingi Reykjavíkur teknar skýrslur af fyrirsvarsmanni áfrýjanda og einu vitni í máli þessu. Fram er komið, að það, sem gerðist í þinghaldi þessu, var ekki skráð í þingbók, en aðeins tekið á segulbönd. Var síðan vélritað af segulböndunum og endurrit hins vélritaða afhent lögmönnum aðilja. Á bæjarþingi 11. júlí 1972, er héraðsdómur var kveðinn upp í máli þessu, lagði dómsformaður fram endurrit hins véliritaða „sem venjulegt þingskjal", þótt hvorki aðiljar né lögmenn þeirra væru staddir á því dómþingi, enda verður ekki séð, að þeir hafi verið boðaðir þangað.

Lagaheimild skortir til að hafa þennan hátt á um skýrslutöku í einkamálum, sbr. 42. gr. og 133. gr. laga nr. 85/1936, og eigi verður slík heimild leidd af ákvæðum annarra laga. Ber að víta þessi vinnubrögð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur og Valdimar h/f, greiði stefnda, Einari Guðmundssyni, kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1972.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum flutningi

7. júlí 1972. Það var höfðað með sáttakæru, sem birt var 23. janúar 1970. Málið var þingfest 3. febrúar það ár. Stefnandi er Pétur og Valdimar h/f, Akureyri, og eru dómkröfur félagsins þær, að stefndi, Einar Guðmundsson, Brúnastekk 10 í Reykjavík, greiði því kr. 51.753.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júní 1967 til greiðsludags og málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir: Á sínum tíma áttu stefndi og Jakob Þorsteinsson, sem nú er til heimilis að Grettisgötu 42 B í Reykjavík, sameignarfélagið Jakob Þorsteinsson s/f, og var starfsemin fólgin í rekstri vöruflutningabifreiðarinnar Þ 754, sem mun hafa verið notuð til flutninga á langleiðum. Starfsemin virðist hafa legið niðri, eftir að bifreiðin valt og varð fyrir einhverjum skemmdum haustið 1966. Veturinn eftir vildi stefndi ganga úr félaginu, og hafði Jakob Þorsteinsson hug á að kaupa hluta hans, þó að ekki yrði úr. Þar kom, að Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda, hóf viðræður um að kaupa af stefnda, og var frá því gengið 19. júní 1967, þegar undirritað var skjal, sem rétt þykir að taka hér upp meginmálið úr:

„AFSAL

Ég undirritaður Einar Guðmundsson, Tunguvegi 90, Reykjavík, sel hér með og afsala til Péturs og Valdimars h.f., Akureyri, eignarhluta mínum í firmanu Jakob Þorsteinsson s.f., Raufarhöfn, en það er nánar tiltekið eignarhlutdeild að hálfu í félaginu á móti Jakobi Þorsteinssyni, Raufarhöfn. Eignir félagsins eru nánar tilgreindar á efnahagsreikningi þess pr. 15. apríl 1967, sem liggur frammi við undirskrift afsals þessa.

Andvirði hins selda hefur kaupandi greitt mér þannig:

1. Í peningum kr. 100.000.00.

2. Með 12 víxlum samþ. af kaupanda, en útgefnum af Pétri Jónssyni, samtals kr. 181.230.44 auk vaxta frá 1. jan. 1968.

3. Með því að taka að sér helming skulda félagsins, sem voru 15. 4. 1967 kr. 106.421.43.

4. Með því að taka að sér að greiða að sínum hluta skatta félagsins fyrir árið 1966, sem lagðir verða á í ár.

Til tryggingar greiðslu framangreindra víxla selur kaupandi mér að handveði hlutabréf í Vöruflutningamiðstöðinni h.f. að nafnverði kr. 105.000.00.

Tekið skal fram, að á bifreiðinni Þ-754 hvíla engar veðskuldir.

Með því að Pétur og Valdimar h.f. hafa þannig að fullu greitt

mér hið selda, lýsi ég félagið lögmætan eiganda að framangreindum eignarhluta mínum í firmanu Jakob Þorsteinsson s.f., Raufarhöfn.

Reykjavík 18. apríl 1967."

Undir þetta afsal rituðu stefndi og sem samþykkur f. h. stefnanda Pétur Jónsson, Jakob Þorsteinsson skyldi samkvæmt textanum rita samþykki sitt á skjalið, en úr því varð ekki.

Bifreiðin Þ 754 hafði í aprílmánuði 1967 verið tekin til viðgerðar á verkstæði Ræsis h/f í Reykjavík, og samkvæmt nótum, sem fram hafa verið lagðar, var skipt um gírkassa og framkvæmdar ýmsar viðgerðir til almenns viðhalds á bifreiðinni. Eftir nótunum hefur viðgerðinni lokið um miðjan maí, en bifreiðin var enn á verkstæðinu, þegar stefndi seldi stefnanda 19. júní. Er óumdeilt, að Pétur Jónsson hafi þá viljað fá bifreiðina í sínar vörzlur eða Jakobs Þorsteinssonar, en ekki fengið þá þegar, þar sem hún var á verkstæðinu og fékkst ekki afhent, nema greiddur væri viðgerðarreikningurinn, sem alls nam kr. 103.507.00. Varð úr, að Pétur og Valdimar h/f greiddi reikninginn að hálfu eða samdi um greiðslu hans, og var bifreiðin þá afhent. Aðilja greinir á um, hvort Pétur og stefndi hafi þá þegar rætt um, hver greiða ætti viðgerðina, en stefnandi hefur höfðað mál þetta til endurkröfu á helmingi reikningsins, og er þá á því byggt, að Jakob Þorsteinsson hafi greitt hinn helming hans.

Efnahagsreikningur Jakobs Þorsteinssonar s/f hinn 15. apríl 1967, sem til er vitnað í áðurgreindu afsali, er þannig:

„Eignir:

Bifreiðin Þ 754	kr. 735.320.83	
÷ fyrning til 31/12 1966	— 261.958.05	kr. 473.362.78
Hlutabréf í Veruflutningamiðstöðinni h/f		— 200.000.00
Útistandandi hjá Veruflutningamiðstöðinni h/f		— 18.882.30
		Kr. 692.245.08

Skuldir:

Ræsir h/f	kr. 33.718.35
Kaupfélag Vopnfirðinga	— 21.168.06
Kaupfélag Langnesinga	— 11.008.00
Kaupfélagið Kópaskeri	— 12.000.00
Sigurjón Markússon	— 18.000.00

Glataðar vörur	kr. 10.527.00	kr. 106.421.43
Jakob Þorsteinsson		— 99.984.68
Einar Guðmundsson		— 300.715.70
Höfuðstóll 1/1 1967	kr. 187.030.27	
÷ málskostnaður	— 1.907.00	kr. 185.123.27
		Kr. 692.245.08“

Ágreiningslaust er í málinu, að skattar þeir, sem stefnandi greiddi samkvæmt ákvæði í afsalinu, sem undirritað var 19. júní, hafi numið um 25.000 krónum. Þá er fram komið, að þeir tveir víxlar, sem út voru gefnir í samræmi við afsalið, voru útgefnir 19. júní svo og veðleyfi, sem stjórn Vöruflutningamiðstöðvar h/f gaf út þann dag í sambandi við viðskipti aðilja. Ágreiningslaust er, að sama dag og gengið var frá þessum viðskiptum, þ. e. 19. júní 1967, hafi Jakob Þorsteinsson greitt eða samið við stefnda um greiðslu á fé, sem hafi átt að svara til helmings mismunarins á kr. 300.715.70 og kr. 99.984.68, eða um 100.000 krónur.

Stefndi, Einar Guðmundsson, gaf aðiljaskýrslu á bæjarþingi 12. maí s.l., og var þá m. a. bókað: „... Mætti skýrir svo frá, að Jakob hafi eitt sinn komið með Pétur Jónsson til sín og hafi þeir rætt um kaup Péturs á eignarhluta mætta. Ekki kveðst mætti muna, hvenær þetta var, en viðræður hafi staðið í viku eða meira. Að þeim loknum var gengið frá kaupum. Mætti tekur fram, að sérstaklega hafi eitt sinn komið með Pétur Jónsson til sín og hafi þeir rætt um ur segir hann, að á það hafi aðeins hlýtt þeir þrír, sem nefndir voru. Ekki segist mætti vita, hvort Pétur skoðaði bifreiðina, ... Aðspurður segir mætti, að í viðræðum sínum um sölu hafi lengst verið rætt um viðgerðarreikninginn. Hann segir, að lauslega hafi verið gizkað á, að hann yrði um kr. 100.000.00. Mætti segir, að um það hafi verið samið, að kaupandinn greiddi reikninginn ásamt Jakobi, enda hafi verið miðað við bifreiðina laskaða í kaupunum ... Mætti kveðst telja líklegt, að frá kaupunum hafi verið gengið um miðjan júní, og gefur þá skýringu á dagsetningunni á dskj. nr. 5, að hann hafi viljað slíta félagsskapnum í apríl og ekki eiga hlut að rekstrinum eftir það. Hann segir, að um þetta hafi verið rætt við Pétur Jónsson. Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda segir mætti, að ekki hafi verið sérstaklega rætt um mat á einstökum eignarliðum sameignarfélagsins, þar á meðal ekki um verð á bifreiðinni. Hins vegar hafi sér verið ljóst, að hlutabréfin í Vöruflutningamiðstöðinni hafi verið mikils virði og meira virði

en nafnverði þeirra nam.... Að gefnu tilefni segir mætti, að hann hafi átt meiri hluta í sameignarfélaginu en Jakob og þess vegna hafi Jakob greitt til sín, um leið og mætti seldi, svo að hann ætti helming félagsins... Lögmaður stefnanda spyr mætta, hvers vegna hafi ekki í skjölum málsins, sem varða söluna, verið gerð grein fyrir breytingum á fjárhag félagsins frá apríl—júní 1967, að því er varðar viðgerðarkostnað og greiðslur frá Jakobi til mætta. Mætti kveðst hafa talið sig svara þessu, að því er varðar skuldina við Ræsi. Að því er varðar viðskipti mætta og Jakobs, segir mætti, að hann hafi litið svo á, að um hafi verið að ræða persónuleg viðskipti, sem hafi verið öðrum óviðkomandi, og Pétri Jónssyni kveðst hann aðeins hafa selt helming sameignarfélagsins.... Mætti tekur ...fram, að reikningurinn á dskj. nr. 6 hafi legið frammi í viðræðum þeirra Péturs Jónssonar og Pétri hafi verið ljóst, að mætti vildi láta miða við miðjan apríl, þar sem mætti vildi slíta félagsskapnum við Jakob þá og selja sinn hluta miðað við þann tíma."

Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda, gaf skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 19. júní 1972. Hann kvaðst hafa vitað, að bifreiðin var á verkstæði, en ekki hafa skoðað hana, heldur hafi sér verið sagt, hvað við hana hefði verið gert. Sagðist hann hafa gengið út frá því, að bíllinn væri keyptur í því ástandi, sem hann var 19. júní, þegar frá málinu var gengið, og hann kvað ranga skýrslu stefnda um viðræður þeirra í milli um viðgerðarreikninginn og greiðslu á honum. Um bílverðið kvaðst hann hugsa, að miðað hefði verið við gangverð, en stefndi hefði sett fram kröfur, sem um hefði samizt. Hann taldi hlutabréfin í Vöruflutningamiðstöðinni h/f hafa verið keypt á nafnverði í samræmi við tilboð stefnda, enda hefði þetta þá verið ungt fyrirtæki. Hann kvaðst hafa talið sig vera að kaupa helminginn í bílnum og helminginn í hlutabréfunum og því hefði hann ekki skipt sér af greiðslum frá Jakob Þorsteinssyni til stefnda. Hefði hann ekki gert sér grein fyrir því fyrr en síðar, að hann hefði keypt helming sameignarfélagsins. Pétur Jónsson var spurður, hvers vegna afsal stefnda hefði verið dagsett 18. apríl, og svaraði hann því þannig, eftir að hann hafði sagt, að hann hefði veitt þessu athygli: „Ég sagði ekkert við því, ég hélt að þetta kæmi mér ekkert við, í sambandi við það væri búið að skjalfesta kaupsamninginn. Það væri ekkert annað, sem ég ætti að greiða en það og skipti mér ekki af því."

Jakob Þorsteinsson gaf vitnaskýrslu sama dag og Pétur Jónsson kom fyrir dóm. Hann sagði þá stefnda hafa komizt að samkomu-

lagi um að láta gera við bílinn á sínum tíma, en ekki kvaðst hann geta borið um, hvort hann hefði heyrt Pétur og stefnda ræða um reikninginn og ekki muna eftir því, að hann hefði heyrt Pétur taka að sér að greiða hann.

Fram hefur verið lagt vottorð sýsluskrifstofunnar á Húsavík þess efnis, að vörubifreiðin Þ 754 sé í bifreiðaskrá kaupstaðarins talin skrásett þar 27. apríl 1965, af Mercedes Benz gerð, árgerð 1965, með 200 ha dieselvél. Í vottorðinu segir einnig, að samkvæmt skránni sé þyngdin 690 kg (svo), mesta framöxulþyngd 5.000 kg, afturöxulþyngd 10.000 kg og mesta hlassþyngd 8.100 kg. Breiddin er sögð 2.35 m.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að ágreiningslaust sé, að afsalið, sem dagsett er 18. apríl, var í raun og veru gefið út 19. júní. Engin heimild er sögð vera til að líta svo á, að stefnandi hafi átt að taka við eignum og skuldum félagsins eins og þær voru 18. apríl, enda sé fram komið, að stefndi telji svo ekki vera, þar sem hann hafi tekið við greiðslum frá Jakob Þorsteinssyni vegna innstæðna þeirra hjá sameignarfélaginu. Sé og ljóst, að skuld sameignarfélagsins við stefnda hafi átt að vera stefnanda óviðkomandi. Afsalið hafi ekki haft inni að halda nein ákvæði um greiðslurnar til stefnda frá Jakob og ekki heldur um greiðslu viðgerðarreikningsins, svo sem þó hefði þurft að vera. Hins vegar sé tekið fram, að ekki hvíli veðskuldir á bifreiðinni og hafi það mátt skiljast svo, að haldsréttur væri ekki því til fyrirstöðu, að hún væri afhent af verkstæði. Því er haldið fram, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi ekki vitað um haldsréttinn og að þeir hafi ekki getað búizt við því að þurfa að greiða helming viðgerðarkostnaðarins. Fyrst svo hafi verið beri stefnda að bæta félaginu eftir 59. gr. laga nr. 39/1922 það tjón, sem stefnandi varð fyrir vegna þess, að félagið varð að greiða. Því er mótmælt, að gerður hafi verið samningur um, að stefnandi greiddi helming viðgerðarinnar, enda hefði það átt að sjást í afsalinu. Því er einnig mótmælt, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi vitað um hinn ógreidda viðgerðarreikning eða mátt um hann vita, en því haldið fram, að stefndi hafi með ólögmætum hætti leynt reikningum. Þá er því haldið fram, að líta verði á viðskipti aðilja sem heild og að þess vegna eigi það ekki að hafa áhrif á úrslit málsins, hvert var verðmæti bifreiðarinnar og hlutabréfanna í Vöruflutningamiðstöðinni h/f, en nær ógerlegt sé, ef þetta þætti skipta máli, að gera sér grein fyrir þessu nú. Þó er því mótmælt, að

bifreiðin eða hlutabréfin hafi verið verðmeiri en skráð var í efnahagsreikning.

Af hálfu stefnda er á það bent, að í aðiljaskýrslu sinni kvaðst framkvæmdastjóri stefnanda hafa veitt því athygli, að afsalið var dagsett 18. apríl og að hann sagðist hafa vitað, að bifreiðin var á verkstæði. Er því haldið fram, að framkvæmdastjóranum hafi mátt vera ljóst, að reikningur fyrir viðgerð þar væri ógreiddur og að það, er nú hefur verið nefnt, bendi eindregið til, að rétt sé sú skýrsla stefnda, að stefnandi hafi með samningi tekið að sér að greiða helming viðgerðarkostnaðarins. Þá er því haldið fram, að sú staðreynd, að framkvæmdastjóri stefnanda ritaði samþykki sitt á afsal, dagsett 18. apríl, sé eitt út af fyrir sig nægilegt til að miða beri við ástand bílsins þann dag. Því er haldið fram, að uppgjörið milli stefnda og Jakobs Þorsteinssonar hafi verið til þess ætlað að gera hluti þeirra jafnstóra í sameignarfélaginu, enda hafi stefndi aðeins selt helming þess. Sé þetta stefnanda og þessu dómsmáli algerlega óviðkomandi, enda hafi framkvæmdastjóri stefnanda skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi litið svo á, að honum hafi verið um það kunnugt, að Jakob greiddi fé til stefnda. Loks er því haldið fram af hálfu stefnda, að ljóst sé, að verðmæti bæði bifreiðarinnar og hlutabréfanna hafi verið miklu meira en nam því, sem stefnandi greiddi fyrir þessar eignir, og nægi það til að renna stoðum undir þá fullyrðingu, að það hafi verið hluti samnings aðilja, að stefnandi hafi átt að greiða helming viðgerðarkostnaðarins.

Niðurstaða.

Eins og áður er getið, er ágreiningslaust í máli þessu, að afsal það, sem stefndi gaf stefnanda og dagsett er 18. apríl 1967, hafi í raun verið gefið 19. júní á því ári. Það er einnig ágreiningslaust, að viðgerð sú, sem deilt er um greiðslu á að hálfu, fór fram á tímanum frá 18. apríl til 19. júní áðurnefnt ár. Í afsalinu er ekki, eins og bent hefur verið á af hálfu stefnanda, getið um greiðslu þessa og ekki heldur innstæður fyrri eigenda sameignarfélagsins hjá því, þær sem ekki voru bókfærðar sem höfuðstóll. Stefndi hefur ekki sannað þá fullyrðingu sína, að viðræður hafi farið fram um greiðslu viðgerðarreikningsins milli sín og framkvæmdastjóra stefnanda, og þá ekki heldur, að framkvæmdastjórinn hafi lofað berum orðum, að stefnandi greiddi helming reikningsins á móti Jakob Þorsteinssyni.

Dómendur eru þeirrar skoðunar, að það dugi stefnda ekki eitt sér til sýknu, að afsalið var dagsett 18. apríl. Verður ekki talið,

að með því hafi verið gerður samningur um, að stefnandi skyldi fá bílinn í því ástandi, sem hann var þann dag, enda er, eins og bent hefur verið á af hálfu stefnanda, ljóst, að ekki átti um önnur atriði að miða við þann dag.

Í afsalinu, sem margnefnt er, segir, að á bifreiðinni hvíli engar veðskuldir. Í þessi orð telja dómendur ekki unnt að leggja þann skilning, að stefndi hafi ábyrgzt, að ekki hvíldi haldsréttur á bílnum, þar sem haldsréttur er ekki veðréttur í lögfræðilegum skilningi, og ekkert er fram komið um, að aðiljar hafi lagt sérstakan skilning í hið nefnda ákvæði í afsalinu.

Dómendur telja ekki unnt að leiða niðurstöðu í máli þessu af þeirri staðreynd, að Jakob Þorsteinsson greiddi fé til stefnda og að frá samningnum um það var gengið sama dag og stefnandi keypti af stefnda. Leiðir þetta þegar af því, að fram er komið af framburði framkvæmdastjóra stefnanda, að hann taldi þetta stefnanda óviðkomandi og að félagið væri að kaupa helming í bifreið og hlutabréfseign sameignarfélagsins Jakobs Þorsteinssonar s/f.

Í afsalinu, sem stefndi undirritaði og framkvæmdastjóri stefnanda ritaði samþykki sitt á, er ekki með glöggum orðum sagt, hver greiða skuli viðgerðarkostnaðinn, sem um er deilt. Lögmaður stefnda samdi skjal þetta, en framkvæmdastjóri stefnanda er reyndur kaupsýslumaður, og þykir ekki unnt að líta svo á, að á grundvelli sérstakrar þekkingar eða reynslu eigi annar aðilinn umfram hinn að hafa sönnunarbyrði um málsatvik. Einnig verður vegna reynslu framkvæmdastjórans að telja, að hann hafi haft fullan grun um haldsréttinn, og verður málinu því ekki ráðið til lykta á grundvelli 59. gr. laga nr. 39/1922. Sú staðreynd, að afsalið er dagsett 18. apríl, þó að það væri í raun undirritað 19. júní, veitir nokkrar líkur fyrir því, að rétt sé áðurnefnd fullyrðing stefnda um, að átt hafi að miða við ástand bifreiðarinnar fyrir viðgerðina og stefnandi því að borga hluta viðgerðarreikningsins. Þykir eiga að kanna, hvort séð verði, hvaða verðmæti það voru, sem stefnandi keypti 19. júní 1967, og hve mikið hlutafélagið gaf fyrir þessi verðmæti. Um hið síðarnefnda er það að segja, að í afsalinu er tekið fram, að andvirði hins selda sé greitt með tilteknum hætti. Þar sem ekki er deilt um skattgreiðslu þá, sem ekki er tilgreind í krónum, en nú er sögð hafa verið um 25.000 krónur, er hér um að ræða greiðslu, sem numið hefur sem næst kr. 359.441.15. Fyrir þetta kaupverð taldi framkvæmdastjóri stefnanda sem fyrr segir sig vera að kaupa hálfa bifreiðina Þ 754 og helming hlutabréfa í Vöruflutningamiðstöðinni h/f, sem að nafnverði voru alls 100.-

000 krónur. Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa kannað líklegt verðmæti bifreiðarinnar eftir viðgerðina vorið 1967, og er það álit þeirra, að það hafi verið 600.000—800.000 krónur. Þá eru og nokkrar líkur fyrir því, að verðmæti hlutabréfanna hafi verið orðið meira en nafnverðið var. Þegar þetta er virt, þykir nægilegt fram komið til stuðnings þeirri málsástæðu stefnda, að verðmæti hins selda hafi verið meira en stefnandi greiddi. Þykir þetta eiga að ráða úrslitum, og ber þess vegna að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Veruleg vafaatriði eru í máli þessu, og þykir því eiga að láta málskostnað falla niður samkvæmt 178. gr. laga nr. 85/1936.

Dóm þennan kváðu upp Þór Vilhjálmsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá (dómsformaður), Jóhann J. Ólafsson stórkaupmaður og Sæberg Þórðarson sölustjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Guðmundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Péturs og Valdimars h/f, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 11. desember 1973.

Nr. 115/1972: **Guðný Helgadóttir**
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
Skólanefnd Héraðsskólans í Skógum
f. h. skólans og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Stjórnsýsla. Skaðabótamál. Kennarar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1972 og krafizt þess, að stefndu verði gert að greiða sér óskipt kr. 255.131.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hún hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 7. september 1972.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Skólanefnd Héraðsskólans í Skógum er skipuð samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1946 með því hlutverki, er einkum segir um í 10. gr. sömu laga og í stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt greindum lögum. Svo sem verksvið skólanefndarinnar er markað í lögum, er hún ekki í fyrirsvari fyrir skólann í máli sem þessu, þar sem fjárkröfur eru uppi hafðar á hendur skólanum. Ber að vísa kröfum áfrýjanda á hendur skólanefndinni f. h. Héraðsskólans í Skógum frá héraðsdómi.

Menntamálaráðuneyti setur eða skipar fasta kennara við skóla gagnfræðastigs, og taka kennarar laun úr ríkissjóði, sbr. lög nr. 49/1967, 16. gr. Setti Menntamálaráðuneyti áfrýjanda hinn 28. ágúst 1969 kennara við Héraðsskólann í Skóg-

um „um eins árs skeið frá 1. september 1969 að telja". Áfrýjandi telur, að Sigurður K. G. Sigurðsson, settur skólastjóri Héraðsskólans í Skógum, hafi heitið sér því vorið 1970, að hún skyldi fá aukið íbúðarrými í skólahúsinu næsta skólaár. Á þeim tíma hafði henni ekki verið falið af réttum stjórnvöldum að hafa á hendi kennslu það skólaár, er í hönd fór. Fyrirheit skólastjórans gat samkvæmt þessu eigi aflað áfrýjanda réttar, og þykir hún eigi hafa sýnt fram á viðhlítandi lagagrundvöll fyrir kröfum sínum á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og ber að sýkna hann í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Kröfum áfrýjanda, Guðnýjar Helgadóttur, á hendur skólanefnd Héraðsskólans í Skógum f. h. skólans er vísað frá héraðsdómi.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skulu vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 16. júní 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Guðný Helgadóttir, Vík í Mýrdal, höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu með stefnu, útgefinni hinn 6. apríl 1971, á hendur skólanefnd Skógaskóla og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða henni kr. 255.131.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1970 til

greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu. Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði hvor fyrir sig og báðir saman algerlega sýknaðir, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

Stefnandi, sem er handavinnukennari að mennt, kenndi handavinnu við Skógaskóla skólaárin 1968—1969 og 1969—1970. Vorið 1970 ræddi hún um það við þáverandi skólastjóra, Sigurð K. G. Sigurðsson, að hún mundi kenna við skólann veturinn 1970—1971, en þar sem hún væri barnshafandi, teldi hún sig þurfa meira húsnæði en hún hafði áður haft, og lofaði skólastjórinn henni því. Sigurður K. G. Sigurðsson lét af skólastjórn 1. september 1970, og tók Jón R. Hjálmarsson við stjórn skólans. Er stefnandi ræddi við Jón, neitaði hann að láta stefnanda fá húsnæði það, sem um hafði samizt milli hennar og fyrrverandi skólastjóra. Vegna þessa taldi stefnandi brotinn á sér þann samning, sem hún hafði gert um ráðningu sína, og kom ekki til starfa við skólann.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er hún réðst að Skógaskóla í upphafi, hafi hún eingöngu átt við þáverandi skólastjóra, Jón R. Hjálmarsson, um ráðningu sína, en um endurráðningu sína hafi hún eingöngu átt við Sigurð K. G. Sigurðsson, sem þá hafi verið orðinn skólastjóri. Kveðst stefnandi aldrei hafa rætt við formann skólanefndar eða aðra skólanefndarmenn um ráðningu sína við skólann, hvorki árið 1970 né fyrri árin. Stefnandi kveður hafa verið gengið frá því milli sín og þáverandi skólastjóra, Sigurðar K. G. Sigurðssonar, vorið 1970, að hún yrði áfram handavinnukennari í skólanum. Kveðst hún þá einnig hafa farið fram á það við skólastjórann, að hún fengi á næsta skólaári að fullu til afnota tveggja herbergja íbúð í skólahúsinu, sem hún hafði haft að hluta undanfarin tvö ár. Stefnandi kveðst hafa átt von á barni og kveðst hafa ætlað að hafa barnið hjá sér. Kveðst hún hafa verið búin að tryggja sér barnagæzlu hjá Guðlaugu starfsstúlku á staðnum, á meðan hún sjálf væri frá við kennslustörf. Kveður hún Guðlaugu hafa ætlað að búa hjá sér í öðru herberginu og aðstoða sig við barnið, eftir því sem hún gæti. Kveður stefnandi útilokað hafa verið fyrir sig að hafa barnið hjá sér, nema að fá full afnot íbúðarinnar. Stefnandi kveður Sigurð skólastjóra strax hafa samþykkt, að hún fengi full afnot íbúðarinnar. Stefnandi kveðst hafa verið búin að heyra, að svo kynni að fara, að Sigurður yrði ekki áfram skólastjóri við skólann. Stefnandi

kveðst hafa treyst á það, að endurráðning sín til kennslustarfa leiddi a. m. k. til setningar sinnar sem kennara, en þó öllu fremur til skipunar, en þó hafi komið að því, að hún hafi verið felld út af launaskrá 1. september. Á þessu kveðst hún hafa fengið þá skýringu hjá ríkisféhirði, að hún hefði fallið út af launaskrá um mánaðamótin ágúst—september, þar sem engin tilkynning hefði komið frá fræðslumálaskrifstofunni um endurráðningu hennar. Stefnandi kveður sér hafa verið þetta með öllu óskiljanlegt, þar sem Sigurður skólastjóri hafi sagt sér, að frá þessu yrði öllu gengið. Stefnandi kveðst ekki hafa náð sambandi við Sigurð og kveðst hafa frétt, að hann væri fluttur frá Skógum og ráðinn skólastjóri á Ísafirði. Hún kveðst nú hafa flutt búslóð sína austur til Víkur, þar sem tími til kennslu hafi óðum stytzt. Hún kveðst hafa frétt, að Jón R. Hjálmarsson, sem ráðinn hafi verið skólastjóri frá 1. september, væri ekki kominn frá Selfossi. Strax og hún frétti, að Jón var kominn að Skógum, kveðst hún hafa farið til viðræðna við hann og hafi það verið laugardaginn 26. september. Kveður stefnandi Jón hafa sagt, að hann skildi ekkert í Sigurði að endurráða hana ekki. Kveðst hún hafa spurt, hvort það stæði, sem Sigurður hefði lofað henni. Kveður hún Jón hafa sagt, að hann gæti ekki látið hana hafa íbúðina, en hún gæti fengið annað herbergið eins og hún hefði haft, en ráðskonan yrði í hinu ásamt þrem dætrum sínum. Kveður hún Jón jafnframt hafa sagt, að Sigurður hefði ekkert leyfi til að lofa íbúð þeim kennara, sem ekki væri ráðinn. Stefnandi kveður þetta hafa komið sér mjög á óvart. Hún kveðst hafa spurt, hvenær nemendur ættu að mæta, og hafi Jón svarað, að þriðji og fjórði bekkur mundu koma sunnudaginn 4. október, en annar bekkur sunnudaginn 11. október. Kveðst hún þá hafa spurt, hvort hún gæti fengið frí vikuna 4.—11. október, en það hafi Jón ekki talið hægt, þar sem mest kennsla væri í þriðja og fjórða bekk. Stefnandi kveður Jón hafa sagt sér að koma þriðjudaginn 6. eða miðvikudaginn 7. október. Hún kveður hann hafa sagt, að hann ætlaði að ganga frá ráðningu hennar næsta mánudag. Eftir að hún hafi hugleitt mál þetta, kveðst stefnandi hafa hringt til Jóns rétt fyrir kl. 1800 sunnudaginn 27. september og sagt honum, að ef hún fengi ekki þessa ákveðnu aðstöðu, sem Sigurður hefði lofað henni, þá gæti hún alls ekki mætt, enda væri hún með nokkurra vikna gamalt barn. Hún kveður Jón hafa sagt, að hann gæti ekki veitt henni þá aðstöðu, og jafnframt spurt, hvort hún þyrfti svona mikið húsrými. Kveðst stefnandi hafa sagt svo vera og hafi Jón þá endurtekið, að íbúðina gæti hann ekki látið hana fá.

Stefnandi kveðst þá hafa sagt, að það næði þá ekki lengra og þá gæti hún ekki mætt. Varðandi húsnæði í skólanum hefur stefnandi skýrt svo frá, að í skólahúsinu sjálfu séu tvær íbúðir. Kveðst hún hafa búið í öðru herbergi annarrar íbúðarinnar, en í hinu herberginu hafi ráðskona skólans búið og hafi svo verið, á meðan hún dvaldist við skólann. Stefnandi telur ráðskonu þá, sem var við skólann veturinn 1969—1970, hafa ráðizt að nýju að skólanum haustið 1970 og muni hún þá hafa búið í sama herberginu með þrem dætrum sínum. Í hinni íbúðinni í skólahúsinu kveður stefnandi stærðfræðikennara skólans hafa búið ásamt fjölskyldu sinni, en hann hafi látizt í desembermánuði 1969. Stefnandi kveður ekki hafa verið búið í íbúð þessari veturinn 1970—1971, en eitthvað muni hafa verið unnið að lagfæringum á íbúðinni. Stefnandi kveður stærðfræðikennara þann, sem ráðinn var að skólanum haustið 1970, hafa verið ókvæntan og hafi hann fengið húsnæði á gangi á næstu hæð fyrir neðan húsnæði það, sem hún hafði. Stefnandi kveðst hafa greitt húsaleigu fyrir herbergi það, sem hún hafði til afnota í skólanum. Stefnandi kveður sig og unnusta sinn hafa staðið í því að byggja hús í Vík í Mýrdal haustið 1970 og hafi þau treyst á það, að hún héldi starfi sínu við skólann. Kveður hún þau hafa gengið í hjónaband 12. desember 1970. Er ekki varð af því, að hún héldi starfi sínu við skólann, kveður hún foreldra sína, sem búa í Reykjavík, hafa boðið sér til sín með barnið, til þess að hún gæti farið að vinna úti, ef hún fengi vinnu. Stefnandi kveðst hafa fengið vinnu í verzlun einni hér í borg síðari hluta októbermánaðar og kveðst hafa unnið þar þar til í marzmánuði. Frá því í marzmánuði 1971 kveðst stefnandi hafa búið í Vík í Mýrdal og unnið úti frá því í lok aprílmánaðar.

Vitnið Sigurður Kristján Guðmundur Sigurðsson, fyrrverandi skólastjóri Skógaskóla, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið um vorið 1970 fyrir skólaslit, að það hafi verið gengið frá því munnlega milli sín og stefnanda, að hún yrði áfram handavinnukennari við skólann, en það hafi verið fortakslaust skilyrði af hálfu stefnanda, að hún fengi tveggja herbergja íbúð á annarri hæð í vesturenda skólahússins, en annað þessara herbergja hafi hún haft undanfarin tvö ár. Kveðst Sigurður hafa lofað stefnanda þessu. Sigurður kveður ástæðuna fyrir þessu skilyrði stefnanda hafa verið þá, að hún hafi átt von á barni, og hafi hún ætlað að hafa barnið hjá sér. Ekki kveðst hann hafa spurt stefnanda að því, hvernig hún hafi hugsað sér að haga gæzlu og umönnun barnsins, enda kveðst hann hafa talið það einkamál hennar, en hann kveðst hafa

ætlað að ræða það mál við hana, áður en skólinn byrjaði, ef hún yrði áfram við skólann. Þegar skólanum var slitið vorið 1970, kveðst Sigurður hafa skýrt skólanefndarformanni, Birni Fr. Björnssyni, frá því, að kennaralið skólans yrði óbreytt næsta skólaár að öðru leyti en því, sem þá þegar hafi verið vitað, að starf skólastjóra hafði þá verið auglýst og einnig starf kennara í stærð- og eðlisfræði. Ekki kveðst Sigurður viss um, að hann hafi skýrt skólanefndarformanninum frá því, að hann hafði lofað stefnanda einni afnotum íbúðarinnar, enda kveðst hann telja það atriði hafa verið hreint framkvæmdaatriði. Kveðst hann telja, að hægt hefði verið að láta öllum þeim, sem störfuðu við skólann, í té fullnægjandi húsnæði þrátt fyrir það, þótt stefnandi hefði fengið einkaafnot umræddrar íbúðar. Eftir skólaslit 1970 kveður Sigurður skólanefndarfund hafa verið haldinn og hafi hann mætt á þeim fundi. Hann kveður eitthvað hafa komið til umræðu um kennaralið skólans á komandi kennsluári, en það mál hafi ekki verið útrætt. Hann kveður það skyldu skólastjóra að láta skólanefnd vita um breytingar á kennaraliði á komandi kennsluári. Sigurður kveður skólanefndarfund hafa verið haldinn um sumarið 1970 og hafi eina málið á þeim fundi verið að fjalla um umsækjendur um skólastjórastarfið. Kveðst hann hafa verið einn umsækjenda um það starf. Hann kveðst hafa ætlað að mæta á fundinum, en kveður sér hafa verið meinað það af menntamálaráðuneytinu. Sigurður kveður Jón R. Hjálmarsson hafa verið skipaðan skólastjóra Skógaskóla snemma í júlí 1970. Á milli þeirra Jóns og Sigurðar kveður Sigurður ekkert hafa farið um væntanlegt skólahald haustið 1970. Er hann lét af skólastjórn 1. september 1970, kveður Sigurður sér ekki hafa verið kunnugt um annað en stefnandi yrði áfram handavinnukennari við skólann, enda hafi ekki verið búið að auglýsa starf hennar, og kveðst hann því hafa hlotið að mega treysta því, að skólanefndarformaður hefði gengið frá endurráðningu, setningu eða skipun við fræðslumálastjóra stefnanda til handa. Sigurður kveðst síðast hafa verið í Skógum 3. september, en kveður Jón R. Hjálmarsson hafa komið þangað seint um haustið. Er hann tók við stjórn Skógaskóla í október 1968, kveður Sigurður Jón R. Hjálmarsson hafa verið búinn að ráða kennara og annað starfsfólk og ráðstafa húsnæði til þessa fólks, og kveðst Sigurður hafa talið sig bundinn af því. Varðandi húsnæði skólans skýrði Sigurður svo frá, að við byggingu skólahússins hafi ekki verið séð fyrir húsnæði fyrir stúlkur í mötuneyti. Það hafi því orðið að útbúa herbergi fyrir þessar stúlkur úr sal mötuneytis-

ins og einnig hafi stúlka búið í herbergi, sem kallað sé ráðskonuherbergi, þar sem ráðskona hafi búið í upphafi um nokkurra ára skeið. Hann kveður ráðskonuna svo í nokkur ár hafa búið í öðru herbergi íbúðar þeirrar, sem stefnandi hafði einnig afnot af. Varðandi fyrirætlanir sínar um húsnæði fyrir ráðskonuna, ef stefnandi hefði fengið bæði herbergi íbúðarinnar til afnota fyrir sig, hefur Sigurður skýrt svo frá, að á næstu hæð fyrir neðan hafi verið tvö herbergi, þar sem ráðskonan hafði áður búið með fjölskyldu sinni. Kveðst hann hafa haft annað þessara herbergja sem skólastjóraherbergi, en í hinu herberginu kveður hann kennara hafa búið frá því í janúar 1970 og til loka þess skólaárs. Kveður hann fyrirhugað hafa verið, að þetta herbergi yrði notað sem bókaherbergi. Kveðst Sigurður hafa haft áætlanir um það að afsala sér skólastjóraherberginu og láta ráðskonunni í té bæði þessi herbergi, en einnig hafi sá möguleiki verið fyrir hendi, að ráðskonan fengi þriggja herbergja íbúð í austurenda, þar sem stærðfræði- og eðlisfræðikennari bjó áður. Kveður Sigurður, að staðið hafi til að lagfæra þessa íbúð, en hún hafi verið vel íbúðarhæf. Hann kveður þetta hafi haldizt í hendur við það, hvort fjölskyldumaður eða einhleypur maður yrði ráðinn stærðfræði- og eðlisfræðikennari. Sigurður kveður sér kunnugt um það, að stærðfræði- og eðlisfræðikennari skólaárið 1970—1971 hafi verið einhleypur maður og hafi hann búið í herbergi því, sem fyrirhugað var sem bókaherbergi.

Vitnið Jón Rafnar Hjálmarsson, skólastjóri Skógaskóla, hefur skýrt svo frá, að er skólaárið hófst 1970, hafi ekkert legið fyrir frá skólanefnd skólans um kennaralið skólans og hafi hann því gengið út frá því, að kennaraliðið væri óbreytt. Kveðst hann ekki hafa vitað annað en að stefnandi væri kennari við skólann, svo sem hún hafði verið tvö undanfarin ár. Eftir að hann var skipaður skólastjóri árið 1970, kveður Jón þá Sigurð, fyrrverandi skólastjóra, ekki hafa hitzt eða rætzt neitt við með öðrum hætti. Eftir að hann fluttist austur að Skógum upp úr 20. september, kveðst hann hafa frétt á fræðslumálaskrifstofunni, að stefnandi væri ekki ráðin að skólanum. Jón kveðst hafa reynt að hafa samband við hana til að fá að vita, hvernig á þessu stæði. Kveður hann sér hafa tekizt að koma boðum til hennar um það, að hann þyrfti að tala við hana. Jón kveður stefnanda ekki hafa talað við sig, fyrr en hún kom að Skógum laugardaginn 26. september, og hafi hún þá virzt undrandi á því, að hún hefði ekki verið endurráðin að skólanum. Kveðst Jón hafa lofað stefnanda, að hún mætti

treysta því, að þessu yrði kippt í lag næsta mánudag. Jón kveður stefnanda hafa beðið sig um að breyta nokkuð og hagræða stundaskrá sinni frá því, sem verið hafði, þar sem það kæmi henni betur. Kveðst hann hafa lofað að gera þær breytingar. Þá kveður hann stefnanda hafa talað um, að hún ætti erfitt með að byrja kennslu, um leið og nemendur kæmu, en þeir hafi átt að koma sunnudaginn 4. október. Kveðst hann hafa fallizt á, að hún þyrfti ekki að mæta um leið og þeir, en hann kveðst hafa beðið hana um að reyna að koma um miðja þá viku. Þá kveður hann stefnanda hafa spurt, hvort hún fengi ekki alla þá íbúð til afnota, sem hún hafði haft að hluta áður, þar sem fyrrverandi skólastjóri hefði lofað henni því. Kveðst Jón hafa sagt stefnanda eins og var, að það gæti hann ekki gert fyrir hana, en hún skyldi fá sömu húsnæðisaðstöðu og hún hafði haft, þ. e. allstórt herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði og geymslu. Kveðst hann ekki hafa fyrr en þarna heyrt, um hvað henni og fyrrverandi skólastjóra hafi farið á milli varðandi húsnæðið. Kveðst hann því ekki hafa getað tekið tillit til þess, er hann var að ráða starfsfólk til mötuneytis. Kveðst Jón hafa látið orð falla um það, að það væri hæpið, að fyrrverandi skólastjóri gæti ráðstafað húsnæði þannig fram í tímann án þess að láta sig vita af því einu orði. Kveðst hann líka hafa reynt að benda stefnanda á, að húsnæði það, sem hún hafði haft, mundi einnig duga henni þetta skólaár. Kveður hann sér hafa virzt hún taka þessu sæmilega vel og hafi talið, að allt mundi blessast. Jón kveður skólanefnd Skógaskóla hafa haldið fund sunnudaginn 27. september. Kveðst hann hafa lagt þar eindregið til, að stefnandi yrði ráðin áfram kennari við skólann, og hafi skólanefnd samþykkt það einróma og fært til bókar.

Björn Fr. Björnsson, formaður skólanefndar Skógaskóla, hefur skýrt svo frá, að hinn 1. september 1968 hafi Sigurður K. G. Sigurðsson tekið við starfi skólastjóra Skógaskóla og hafi hann verið settur um eins árs skeið. Með bréfi, dags. hinn 22. ágúst 1969, hefði fræðslumálastjórinn tilkynnt skólanefndinni, að menntamálaráðuneytið hefði sett Sigurð skólastjóra enn um eins árs skeið, þ. e. til 1. september 1970. Með bréfi fræðslumálastjóra, dags. hinn 25. ágúst 1969, hafi svo skólanefndinni verið tilkynnt, að menntamálaráðuneytið hefði ákveðið að auglýsa skólastjóraembættið laust til umsóknar vorið 1970. Auglýsing um það hafi svo verið birt í marz 1970. Björn kveður skólanefndina hafa komið saman til fundar að afloknum skólaslitum 30. maí 1970 og hafi Sigurður skólastjóri tekið þátt í þeim fundi. Ekki kveður Björn

Sigurð þar hafa minnzt á stefnanda eða hennar mál. Kveður Björn Sigurð ekki hafa rætt við sig um mál stefnanda, og kveðst hann ekki hafa haft hugmynd um, hvort stefnandi óskaði að starfa áfram við skólann fyrr en í áliðnum september 1970, er Jón R. Hjálmarsson skólastjóri hafi borið fram erindi stefnanda um endurráðningu og fylgt því eftir. Á fundi skólanefndarinnar hinn 26. september 1970 hafi stefnandi fengið meðmæli nefndarinnar. Í þeim tilvikum, að kennari hafi verið ráðinn við skólann eða settur á sama hátt og stefnandi til ákveðins tíma, þá hafi það verið venja, að viðkomandi kennari óskaði eftir áframhaldandi vist við skólann, setningu eða skipun. Björn kveður skólann útvega kennurum húsnæði og greiði þeir leigu fyrir það. Hann kveður vandræði hafa verið með það fram eftir öllu að koma kennurum fyrir vegna þrengsla sökum vaxandi nemendafjölda. Kveður hann skólanefndina ekki hafa haft afskipti af ráðstöfunum skólastjóranna á húsnæði til kennara.

Í stefnu og greinargerð eru kröfur stefnanda byggðar á því, að með stefnanda og Sigurði K. G. Sigurðssyni skólastjóra, sem verið hafi réttur samningsaðili af hálfu stefndu, hafi stofnazt bindandi samningur um ráðningu hennar sem kennara við skólann kennslutímabilið 1970—1971 og hafi það verið þáttur í samningsgerð þessari, enda forsenda af hálfu stefnanda, að stefnandi fengi til afnota tveggja herbergja íbúð á annarri hæð skólahússins. Samningur þessi hafi verið rofinn með ólögmætum hætti og jafngildi það ólögmætri uppsögn og sé það á ábyrgð stefndu. Því eigi stefnandi rétt á launum allan þann tíma, sem hún var ráðin, eða í eitt ár frá 1. september 1970 að telja. Er því haldið fram í þessu sambandi, að ekki skipti máli, þótt nýr maður tæki við starfi skólastjóra í upphafi kennslutímabilsins 1970. Hafi umboð Sigurðar K. G. Sigurðssonar sem skólastjóra ekki verið takmarkað og því hafi samningurinn um húsnæðið ekki verið fyrir utan umboð hans.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að ekki sé nein lagaskylda að láta kennurum í té húsnæði í héraðsskólum, þótt það sé oft gert, eftir því sem á standi hverju sinni. Slíkt heyri þó algerlega undir ráðstöfunarvald skólanefnda. Er því haldið fram, að jafnvel þótt skólastjórinn hafi lofað stefnanda auknu húsnæði, sem þó sé mótmælt sem ósönnuðu, þá sé slíkt loforð ógilt og ekki bindandi, eins og hér stóð á, enda hafi skólastjórinn, sem aðeins hafi verið settur, alls ekki getað ráðstafað húsnæði skólans fram í tímann án samráðs við skólanefndina. Er því haldið fram, að það hafi verið stefnandi, sem hafi rift starfssamningi sínum sem kennari við skólann,

og geti hún því ekki haft uppi neinar kröfur á hendur stefndu. Varakrafa stefndu er byggð á því, að til frádráttar bótum, sem stefnanda kunni að verða dæmdar, beri að draga tekjur, sem hún hafi haft á tímabilinu.

Skógaskóli er gagnfræðaskóli, sbr. lög nr. 48/1946. Stefnandi hafði verið stundakennari við skólann kennslutímabilið 1968—1969. Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. hinn 28. ágúst, var stefnandi sett kennari við skólann um eins árs skeið frá 1. september 1969 að telja. Fékk hún laun sín greidd úr ríkissjóði. Í lok kennslutímabils vorið 1970 var afráðið með stefnanda og þáverandi skólastjóra, að hún héldi kennarastöðu sinni við skólann, og setti stefnandi þá fram það skilyrði og forsendu fyrir áframhaldandi kennarastarfi sínu við skólann, að hún fengi til afnota tveggja herbergja íbúð, eins og lýst hefur verið. Eigi er í ljós leitt, að skólastjórinn hafi skýrt formanni skólanefndar frá þessu, og eigi mun skólanefndin hafa kynnt sér sérstaklega, hversu háttað yrði kennaramálum skólans næsta kennslutímabil. Féll stefnandi af launaskrá hjá ríkisféhirði frá og með 1. september 1970, en á fundi skólanefndarinnar hinn 27. september 1970 mælti nefndin með því, að stefnandi yrði sett kennari við skólann um eins árs skeið. Þrátt fyrir áskorun af hálfu stefndu hefur ekki verið upplýst, hverjar tekjur stefnandi hefur haft 1. september 1970—1. september 1971. Það var ekki á valdi Sigurðar K. G. Sigurðssonar skólastjóra að samþykkja það sem bindandi skilyrði fyrir setningu eða skipun stefnanda í kennarastarfið, að hún fengi ákveðið húsnæði til afnota. Verður því eigi jafnað til fyrirvaralausrar uppsagnar, að eigi var gengið að þessu skilyrði. Verða stefndu því sýknaðir af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson hefur farið með mál þetta og dæmt sem setudómari samkvæmt skipunarbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. júní 1971, en með úrskurði, uppkveðnum hinn 23. apríl 1971, vék hinn reglulegi dómari sæti.

Dómsorð:

Stefndu, skólanefnd Skógaskóla og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Guðnýjar Helgadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 11. desember 1973.

Nr. 103/1972: **Fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Saltsölunni s/f
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og
Saltsalan s/f
gegn
Keflavíkurkaupstað og landeigendum Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
og fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Eysteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjadi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. ágúst 1972. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa: Að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum gagnáfrýjanda, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Þrautavarakrafa: Að lækkuð verði sú fjárhæð, sem hann var dæmdur til að greiða með hinum áfrýjaða dómi, en um málskostnað fari þá svo sem greinir um varakröfu.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. októ-

ber 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Eru kröfur hans þær, að gagnáfrýjandi og stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt kr. 1.100.000.00 með 8% ársvöxtum frá 2. október 1970 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefndu einir verði dæmdir til að greiða óskipt framangreinda fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og áður segir, en til þrautavara krefst hann þess, að honum verði dæmt fé þetta með vöxtum og málskostnaði, svo sem áður segir, úr hendi aðaláfrýjanda eins.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er þá varðar, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur gagnáfrýjanda á hendur Keflavíkurkaupstað og landeigendum Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi eru því á því reistar, að þessum aðiljum beri að svara gagnáfrýjanda skaðbótum vegna vanefnda þeirra á kaupsamningi um lóð undir salthús, er þeir afsöluðu gagnáfrýjanda 14. nóvember 1968. Hafi sú vanefnd lýst sér í því, að við grunngröft á lóðinni hafi komið í ljós olíuleiðslur, sem að engu hafi verið getið, er kaup voru ráðin. Hafi gagnáfrýjandi orðið að láta flytja leiðslur þessar úr stað og haft af því kostnað og beðið annað tjón.

Grundvöllur kröfugerðar gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda virðist vera sá, að varnarlið Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli hafi á sínum tíma lagt framangreindar olíuleiðslur í jörð. Til þess hafi það ekki haft heimild þáverandi eigenda hinnar seldu lóðar. Sé gagnáfrýjanda rétt að krefjast skaðabóta fyrir tjón, sem hlotizt hafi af heimildarlausri lagningu leiðslnanna, og beri aðaláfrýjanda að svara til þeirra bóta samkvæmt ákvæði 2. gr. varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, sem öðlazt hafi lagagildi með lögum nr. 110/1951. Er þó óljóst eftir málflutningi, hvort talið sé, að leiðslurnar hafi verið lagðar eftir gildistöku laga þessara.

Um málatilbúnað gagnáfrýjanda er þetta að athuga:

Með héraðsdómsstefnu 13. september 1971 stefndi hann til varnaraðildar ásamt Keflavíkurkaupstað, auk ríkissjóðs, sem

stefnt var til vara, þeim Valdimar Björnssyni, Grundarvegi 11, Óskari Kristjánssyni, Brautarhóli, og Friðriki Á. Magnússyni, Grundarvegi 2, öllum í Ytri-Njarðvík, „f. h. landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi". Að öðru leyti nafngreindi gagnáfrýjandi ekki í stefnu landeigendur þá, sem hann beindi kröfum sínum að, svo sem þó er boðið í 88. gr. laga nr. 85/1936. Undir rekstri málsins hefur ekkert komið fram um það, hverjir landeigendur þessir séu, og ekki hefur því verið haldið fram, að þeir hafi stofnað með sér félag, sem fara megi með varnaraðild þeirra vegna í dómsmáli þessu og þar sem áðurgreindir þrír menn séu í fyrirsvari. Stefnubirting fyrir landeigendum fór fram með þeim hætti, að lögmaður stefndu fyrir Hæstarétti ritaði á hana vottorð um birtingu. Er vottorðið þó aðeins þess efnis, að stefnan hafi verið honum „löglega birt f. h. Landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis, þeirra Valdimars Björnssonar, Óskar Kristjánssonar og Friðriks Á. Magnússonar . . .". Verður ekki ráðið af gögnum máls, hvort þeir landeigendur, sem eigi voru nafngreindir í stefnu, hafi fengið vitneskju um málssóknina. Þá eru kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda annars vegar og stefndu hins vegar ekki þannig vaxnar, að sækja megi þær í einu og sama máli, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Loks hefur reifun sakarefnis af hendi aðilja verið áfátt. Samkvæmt framansögðu er málatilbúnaður gagnáfrýjanda haldinn þeim annmörkum, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu að öllu leyti frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 19. maí 1972.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 1. október 1971 og dómtekið 10.

þ. m., hefur Geir Borg, forstjóri Saltsölunnar s/f, f. h. Saltsölunnar s/f, Garðastræti 3, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. september 1971, gegn bæjarstjóranum í Keflavík, Jóhanni Einvarðssyni, f. h. Keflavíkurkaupstaðar og Valdimar Björnssyni, Grundarvegi 11, Óskari Kristjánssyni, Brautarhóli, og Friðriki Á. Magnússyni, Grundarvegi 2, öllum í Ytri-Njarðvík, f. h. landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi til greiðslu in solidum á kr. 1.100.000.00 með 8% ársvöxtum frá 2. október 1970 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt taxta L. M. F. Í. Til vara var stefnt varnarmáladeild vegna varnarliðsins í Keflavík, og voru sömu kröfur gerðar á hendur þeim aðilja, ef svo færi, að aðalstefndu yrðu sýknaðir.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 10. þ. m., sem árituð var um birtingu af aðalstefnda og varastefnda, breytti stefnandi kröfugerð sinni þannig, að dómkrafa hans varð, að Keflavíkurkaupstaður, landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi og utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. varnarmáladeildar og ríkissjóðs yrðu in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 1.100.000.00 með 8% ársvöxtum frá 2. október 1970 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Breytingar þessar á kröfugerð hafa ekki sætt andmælum af hálfu stefndu.

Stefndu Keflavíkurkaupstaður og landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi gera þær kröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að fjárhæð sú, sem krafizt er í málinu, verði lækkuð að mati réttarins.

Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra vegna varnarmáladeildar og ríkissjóðs gera þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum stefnukröfum stefnanda, og er sérstaklega mótmælt kröfu um 350.000.00 króna tjón vegna dráttar á byggingarframkvæmdum. Er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1968 falaðist stefnandi eftir kaupum á lóð til byggingar saltgeymsluhúss við höfnina í Keflavík. Eigendur lóðar þeirrar, er stefnandi hafði augastað á, voru á þeim tíma stefndu Keflavíkurkaupstaður, sem átti 13.46% lóðarinnar í óskiptri sameign með stefndu landeigendum Ytra-Njarð-

víkurhverfis með Vatnsnesi, sem áttu 85.54%. Umsókn stefnanda um lóðarkaup þessi leiddi svo til þess, að stefndi Keflavíkurkaupstaður og landeigendur Ytri-Njarðvíkur samþykktu með bréfum, dagsettum 13. nóvember og 22. september 1968, sölu á lóðinni, og var gengið frá afsali um lóðina 14. nóvember 1968. Í afsali voru takmörk lóðarinnar ákvörðuð þannig: „Að norðan af Víkurbraut, að austan af óskiptu landi Landeigenda, er nær í sjó fram, að sunnan af óskiptu sameignarlandi sömu aðilja og að vestan af ónefndri götu sjávarmegin við Hafnargötu. Stærð hinnar seldu lóðar er 2400 ferm., ca. 60 metrar í suður og 40 metrar á breidd". Tekið var fram í afsali, að lóðin væri seld til að byggja á henni saltgeymsluhús o. fl. við höfnina.

Sumarið 1970 hóf stefnandi byggingu saltgeymsluhúss á framangreindri lóð. Skömmu eftir að byggingarframkvæmdir hófust á lóðinni, kom í ljós, að tvær benzínleiðslur frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli lágu um lóðina. Leiðslur þessar voru fullar af benzíni, og var því stefnandi tilneyddur til þess að stöðva framkvæmdir, þar sem geysileg bruna- og sprengingarhætta var samfara leiðslunum að áliti varnarliðsins, sem tók í taumana og lét stöðva framkvæmdir. Stefnandi sneri sér því til seljanda lóðarinnar, stefndu Keflavíkurkaupstaðar og landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, og tilkynnti þeim, hvernig málum væri komið, og óskaði eftir því, að leiðslurnar yrðu fjarlægðar eða honum gert kleift að halda áfram byggingarframkvæmdum sínum á lóðinni. Þessu vísuðu framangreindir aðiljar frá sér og kváðust ekkert hafa um leiðslurnar vitað, þær hefði varnarliðið lagt í algeru heimildarleysi og væri því við það að eiga um flutning þeirra. Stefnandi átti eftir þetta viðtöl við fulltrúa meðstefnda varnarmáladeildar og varnarliðsins og setti fram þær kröfur, að varnarliðið flytti leiðslurnar af lóðinni án tafar, honum að kostnaðarlausu. Leiddi þetta til þess, að haldinn var fundur með yfirmönnum varnarliðsins og fulltrúa stefnda varnarmáladeildar, og var farið fram á, að varnarliðið kostaði flutning á leiðslunum. Bentu þá yfirmenn varnarliðsins á það, að íslenzka ríkinu bæri að leggja til lóð undir leiðslurnar því að kostnaðarlausu, og vísuðu til 2. gr. laga nr. 110/1951 um það atriði. Töldu þeir og, að leiðslur þessar hefðu upphaflega verið lagðar í fullu samráði við varnarmáladeildina eða ríkisstjórnina og með samþykki landeigenda. Á hinn bóginn kváðust þeir ekkert hafa á móti því, að leiðslurnar yrðu fluttar, en neituðu að greiða kostnað við þann

flutning, en buðust þó til þess að leggja fram nýjar leiðslur án þess að krefjast greiðslu fyrir þær. Af hálfu stefnanda var ritað bréf til varnarmáladeildar þann 28. júlí 1970 og kvartað undan þeim drætti, sem orðið hefði á því að flytja leiðslurnar, og var þá jafnframt tilkynnt, að varnarmáladeildin yrði f. h. varnarliðsins gerð ábyrg fyrir öllum þeim töfum, sem af því mundi leiða eða hefði leitt. Þessar kvartanir voru síðan ítrekaðar í bréfi, dags. 17. ágúst 1970. Með bréfi, dagsettu 19. ágúst 1970, var stefndu landeigendum Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstað tilkynnt, að þeim yrði haldið ábyrgum fyrir því tjóni, sem stefnandi hefði beðið eða kynni að bíða vegna þessa máls, enda hefði lóðin verið seld kvaðalaus og skilvíslega greidd. Með bréfi, dagsettu 7. september 1970, mótmæltu stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, að þeir bæru ábyrgð á lagningu eða legu leiðslnanna, þar sem enginn þeirra hefði vitað um, að pípurnar lægju um landið, og leyfi til slíks hefði ekki verið fengið hjá þeim. Með yfirlýsingu, dagsettri 14. ágúst 1970, tók stefnandi það að sér að greiða Olíufélaginu h/f kr. 750.000.00, eftir að Olíufélagið h/f hefði „lokið við að flytja olíuleiðslur varnarliðsins af lóð Saltsölunnar við Keflavíkurhöfn." Varnarliðið hafði talið það óforsvaranlegt sem eigandi leiðslnanna, að nokkur annar aðili en Olíufélagið h/f sæi um flutning leiðslnanna, og byggðist það á sérhæfni starfsmanna þess til að fara með eldfim efni og kunnáttu starfsmanna þeirra í meðferð slíkra leiðslna. Olíufélagið h/f hafði sett upp ákveðið gjald fyrir að flytja leiðslurnar, eða kr. 750.000.00. Stefnandi greiddi síðan Olíufélaginu h/f hinar umsömdu kr. 750.000.00 fyrir flutning á leiðslunum þann 2. október 1970. Er stefnanda tókst ekki að fá greidda fjárhæð þessa hjá stefndu, höfðaði hann mál þetta.

Lagðar hafa verið fram í máli þessu teikningar, gerðar af teiknistofu varnarliðsins, sem sýna legu leiðslna þeirra, sem hér um ræðir, og breytingar, sem gerðar hafa verið á leiðslunum. Eftir því, sem tekizt hefur að upplýsa í málinu, munu leiðslur þessar upphaflega hafa verið lagðar af Bandaríkjaher á árunum 1942 — 1943, en endurnýjaðar á vegum varnarliðsins á árunum 1949 —1951 og síðar.

Lögð hefur verið fram yfirlýsing stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur, dagsett 5. apríl 1957, svohljóðandi: „Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, fyrir hönd eigenda Ytri-Njarðvíkur, að varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli heimilast, án endurgjalds, að halda áfram að nota tvær olíuleiðslur sínar 8", er liggja yfir landspild-

una í horni því, er Reykjavíkurvegur og gamli flugvallarvegurinn mynda.

Landeigendur áskilja sér rétt til þess að segja leyfi þessu upp með 6 mánaða fyrirvara, ef þörf verður vegna skipulagsins, að dómi skipulagsstjóra, að taka nefndar olíuleiðslur í burtu."

Einnig hefur verið lagt fram dómsskjal nr. 27, teikning Teiknistofu skipulagsins, en inn á hana er teiknuð breyting á olíuleiðslunum, sem liggja ofan Hafnargötu í Keflavík, og hafa stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur áritað þá teikningu um samþykki sitt og auk þess undirritað yfirlýsingu á dskj. nr. 31, svohljóðandi: „Ég undirritaður hefi kynnt mér uppdrátt að breytingu á olíuleiðslum, er liggja meðfram og yfir Hafnargötu í Keflavík. Fyrir hönd landeigenda er ég samþykkur þessari breytingu." Þá hefur og verið lögð fram uppsögn stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur á landspildu þeirri, er tilgreind er í yfirlýsingu þeirra frá 5. apríl 1957, og er uppsögnin svohljóðandi: „Með bréfi, dagsettu 5. apríl 1957, leyfðu landeigendur í Ytri-Njarðvíkum varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli endurgjaldslaust að halda áfram að nota tvær olíuleiðslur sínar, 8", er liggja yfir landspilduna í horni því, er Keflavíkurvegur og gamli flugvallarvegurinn mynda.

Með hliðsjón af því, að nú hafa verið ákveðnar byggingaframkvæmdir, og þegar hefur verið úthlutað lóðum á ofangreindu svæði, þá leyfum vér oss að tilkynna yður, að nefndum afnotum af landspildunni er hér með sagt upp með 6 mánaða fyrirvara frá deginum í dag að telja."

Uppsögn þessi er árituð af byggingarfulltrúa stefnda Keflavíkurkaupstaðar um það, að hún sé í samræmi við væntanlegar byggingarframkvæmdir. Bréf þetta hefur og verið kvittað um móttöku af fulltrúa stefnda varnarmáladeildar. Lögð hafa verið fram í máli þessu gögn, er sýna það, að stjórn landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum hefur verið kunnugt um, að olíu- og benzínleiðslur lægju niður að Keflavíkurhöfn ofan af Keflavíkurflugvelli, og þykir ekki ástæða hér að rekja nákvæmlega þau samskipti landshafnarstjórnar, samgöngumálaráðuneytisins og stefndu varnarmáladeildar, er koma fram í dómsskjölum þessum.

Fyrir dóm hefur komið af hálfu stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi Valdimar Björnsson fulltrúi, Grundarvegi 11, Ytri-Njarðvík. Skýrði hann svo frá í bréfi til lögmanns síns, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að þegar fyrsta skipulag Keflavíkurkaupstaðar hafi verið samþykkt, hafi verið litið svo á, að landeigendur væru því samþykkir. Þegar farið hafi verið að

vinna eftir skipulaginu, leggja götur, skolpleiðslur, vatnsleiðslur, olíuleiðslur og rafmagnskapla í götur og meðfram þeim í gangstéttir, hefðu landeigendur engin afskipti haft af þessum framkvæmdum. Þeir hefðu treyst hreppsnefnd og byggingarnefnd ásamt byggingarfulltrúa fyrir því, að það væri allt gert til frambúðar. Hann sagði, að þegar ríkisstjórnin hefði verið búin að ákveða að taka flugvallarlandið eignarnámi, hefði legið svo mikið á að hefja framkvæmdir, að ríkisstjórnin hefði leyft hersetu þá þegar, og minnti hann, að þetta hefði verið skömmu eftir 1940. Þegar herseta var leyfð á landi Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi bæði í Njarðvíkum og Keflavík, hefði línan verið dregin niður að þjóðvegi, nú Reykjanesbraut, og á kafla meðfram Hafnargötu og niður fyrir Hringbraut í Keflavík. Hefði síðan verið byrjað á hernámsframkvæmdum á þessu landi, byggja íbúðarbragga, alls konar skemmur og skúra, leggja margs konar leiðslur, bæði ofanjarðar og neðan. Reistir hefðu verið bæði olíu- og benzíntankar á víð og dreif um landið. Kvað hann þær olíuleiðslur og benzínleiðslur, sem málið reis út af, sennilega hafa verið lagðar á árunum 1942 og 1943 fyrir neðan Hafnargötu, niður á hafnarbakka, neðanjarðar, og hafi það verið fyrir utan það land, sem fyrst var ákveðið sem flugvallarland. Fyrir ofan Hafnargötu og upp í samband við nefnda tanka hafi leiðslurnar verið lagðar ofanjarðar, enda á því svæði, sem þá hafði verið hernumið. Hann sagði, að á þessum árum, sem herinn hefði verið með þessar framkvæmdir, bæði á svonefndu flugvallarlandi og eins fyrir utan það, hefðu vopnaðir hermenn verið til varnar því, að enginn óviðkomandi kæmi þar nálægt, en landeigendur hefðu talið það víst, að allt það, sem framkvæmt hefði verið fyrir utan það land, sem var fyrirhugað flugvallarland, væri gert í samráði við skipulag, annað hvort ríkisskipulag eða Keflavíkurkaupstaðar, þannig hefði algerlega verið farið fram hjá landeigendum með lagningu á þessum umdeildu leiðslum. Sagði hann, að ef landeigendur hefðu gefið leyfi fyrir lögn leiðslnanna, hefðu þeir aldrei gefið leyfi nema á þeim stað, sem þær máttu liggja til frambúðar. Sagði hann, að ef landeigendur hefðu haft hugmynd um, að leiðslurnar lægju á þeim stað, sem þær reyndust liggja, þá hefðu þeir aldrei selt Saltsölunni s/f lóðina, nema vera búnir að láta flytja þær á réttan stað. Einnig sagði hann, að ef bæjarstjórn eða byggingarnefnd og byggingarfulltrúi Keflavíkur hefðu haft hugmynd um, að leiðslurnar lægju á þessum stað, þá hefðu þeir látið landeigendur vita um það, þar sem allur undirbúningur á sölu lóðarinnar fór í

gegnum þá. Aðspurður kvaðst hann hafa séð, að leiðslurnar voru lagðar ofanjarðar fyrir ofan Hafnargötuna, en kvaðst hafa talið, að þær væru lagðar þannig fyrir neðan götuna, að þær væru ekki fyrir skipulaginu. Kvað hann sig minna, að tvær leiðslur hefðu verið ofanjarðar fyrir ofan Hafnargötu. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa vitað, að leiðslurnar lágu um lóð Saltsölunnar. Hann kvaðst telja, að það hafi verið búið að skipuleggja svæði það, sem leiðslurnar lágu um, löngu áður en þær voru lagðar. Hann kvað Keflavíkurkaupstað ekki hafa orðið meðeiganda að því landi, sem leiðslurnar liggja um, fyrr en árið 1965. Hann sagði, að í bréfi landeigenda á dskj. nr. 19 hafi verið átt við olíuleiðslur, sem lágu ofanjarðar, fyrir ofan Hafnargötuna, og kvaðst hann aðspurður ekki vita, hvort um sömu leiðslur væri að ræða og lágu í gegnum lóð Saltsölunnar. Kvað hann þær leiðslur hafa legið yfir byggingarlóðir og þess vegna hafi þær verið færðar og hafi hann veitt samþykki sitt til þess á dskj. nr. 27. Lýsti hann því yfir, að hann teldi, að herinn hefði lagt leiðslur þessar án þess að fá leyfi landeigenda til þess. Sagði hann, að þegar þeir hefðu vitað um lagningu á leiðslum, hefðu þeir talið, að slíkt væri lagt á þeim stað, sem það mætti vera til frambúðar á. Hann sagði aðspurður, að þeir hefðu ekki skipt sér af því og ekki vitað um það, hvort verið væri að breyta leiðslum eða leggja nýjar. Hann sagði aðspurður, að sér hefði ekki verið kunnugt, að landshöfnin hefði óskað eftir því árið 1953, sbr. dskj. nr. 35, að olíu- og benzínleiðslum varnarliðsins yrði breytt við höfnina í Keflavík. Dómsskjal nr. 35 er bréf landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík til utanríkisráðuneytisins, þar sem farið er fram á, að olíuleiðslur og benzínleiðslur varnarliðsins verði grafnar dýpra niður í brekku, sem þær liggja um, við höfnina í Keflavík.

Nokkur vitni hafa komið fyrir rétt í máli þessu.

Vitnið Knútur Höiriis, stöðvarstjóri Olíufélagsins h/f á Keflavíkurflugvelli, sagði, að sér væri kunnugt, hvaða olíuleiðslur væri um að ræða í máli þessu, og kvað þær hafa verið lagðar á árunum 1949 og 1950 af Metcalf Hamilton, en það hafi verið verktakar, sem hafi verið hér á vegum varnarliðsins. Vitnið sagði, að tvær breytingar hefðu verið gerðar síðan á leiðslunum, þ. e. a. s. niður við höfn og fyrir ofan Hafnargötu. Vitnið sagði, að breytingin niður við höfn hefði verið framkvæmd af Keflavíkurverktökum, sem hafi unnið á vegum varnarliðsins, en kvaðst ekki muna, hver framkvæmdi breytinguna fyrir ofan Hafnargötu, en vitnið minnti, að Íslenzkir Aðalverktakar hefðu framkvæmt það verk á vegum

varnarliðsins. Vitnið kvað breytinguna við höfnina hafa verið gerða vegna vegarlagningar. Vitnið sagði aðspurt, að sér væri ókunnugt, hvort leitað hefði verið leyfis hjá landeigendum vegna lagningar leiðslnanna, bæði í upphafi og eins við breytingarnar. Vitnið var spurt, hvort það myndi til þess, að eldri leiðslurnar tvær, sem voru fyrir hendi, þegar Hamilton lagði leiðslurnar árið 1949—1950, hafi verið færðar úr lóð Saltsölunnar, og kvaðst vitnið ekki minnast þess. Vitnið var spurt, hvort það myndi, hverjir hefðu annazt verkstjórn hjá Metcalf Hamilton greint sinn, og sagði vitnið, að það hefðu allt verið Bandaríkjamenn.

Vitnið Ólafur Arinbjörnsson Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Olíusamlagsins í Keflavík, kvað olíusamlagið hafa byggt hús á sjávarbakkanum við höfnina árið 1952 og hafi þá engar olíuleiðslur verið í vegi fyrir þeim. Vitnið sagði, að við byggingu húss, sem stendur á lóðinni Víkurbraut 11, hafi byggingaraðiljar rekizt á olíuleiðslu, sem gat kom á, og reyndist hún ekki vera í notkun. Vitnið kvaðst ekki vita, hvort búið hafi verið að leggja olíuleiðslurnar, áður en þeir byggðu húsið að Víkurbraut 13, eða ekki. Kvaðst vitnið aðspurt ekki muna, hvenær herinn lagði olíuleiðslurnar, en sagði, að herinn hefði framkvæmt það verk.

Vitnið Ragnar Ágúst Björnsson hafnarstjóri kvaðst hafa byrjað að starfa við höfnina í Keflavík árið 1950. Kvaðst vitnið ekki vita, hve margar leiðslur lágu þá niður á bryggju. Kvaðst vitnið hafa vitað, að leiðslur lágu niður að bryggjunni og hvar þær lágu niður við bryggjuna, en kvaðst ekki hafa vitað, hvar leiðslunar lágu nákvæmlega. Vitnið kvaðst þó hafa séð, þegar verið var að vinna við að endurnýja leiðslurnar, og kvað það hafa verið unnið af Vélsmiðju Björns Magnússonar á vegum varnarliðsins. Vitnið sagði, að endurbætur á leiðslunum hafi verið gerðar vegna tæringar á þeim. Vitninu var kynnt dskj. nr. 35, og sagði það, að þær breytingar, sem þar er farið fram á, hafi verið framkvæmdar á kostnað varnarliðsins, og minnti vitnið, að Vélsmiðja Björns Magnússonar hefði einnig annazt þær breytingar fyrir varnarliðið. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að það séu bókanir í fundargerðabókum landshafnarinnar varðandi olíuleiðslur við höfnina frekar en komið hefði fram. Vitnið kvaðst aðspurt ekki vita til þess, að varnarliðið hefði fengið formlegt leyfi til að leggja olíuleiðslurnar niður á bryggju. Vitnið sagði, að varnarliðið hefði ekki greitt neitt fyrir að fá að leiða leiðslurnar í gegnum land hafnarinnar. Vitnið minntist þess ekki, að landshöfnin hefði formlega samþykkt lagningu olíuleiðslnanna, en hún hefði ekki heldur mótmælt

þeim. Vitnið kvaðst aðspurt ekki vita, hvort fyrir lá munnlegt samþykki af hálfu landshafnarinnar, og kvaðst hvergi hafa séð stafkrók fyrir því.

Vitnið Jón Gunnar Tómasson, verkfræðingur hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, kvaðst hafa hafið störf hjá varnarliðinu árið 1954 og sagði, að sér hefði verið kunnugt um, að þá lágu fjórar 8 tommu leiðslur frá geymum á flugvellinum og niður að höfn. Vitnið sagði, að ein leiðslan hefði verið lögð niður, fljótlega eftir að vitnið hóf störf hjá varnarliðinu. Vitninu var sýnt dskj. nr. 29, sem er uppdráttur varnarliðsins af lagningu olíuleiðslna frá flugvellinum niður að höfn. Vitnið sagði, að á teikningunni væru leiðslur þær, er þurfti að færa af lóð Saltsölunnar, merktar með dökkum sverum línum, en vitnið taldi, að gömlu leiðslurnar, sem lagðar voru á stríðsárunum, væru merktar daufri punktalínu. Vitnið taldi samkvæmt teikningunni, að verkið hefði verið framkvæmt á árunum 1949 til 1951. Kvaðst það ekki hafa séð neina pappíra eða skjöl, sem skýrðu frá því, að leyfi hefði verið veitt til þess að leggja olíuleiðslurnar á þessum stað. Vitnið kvaðst vilja taka fram, að allar breytingar á olíuleiðslunum, sem fram hefðu farið, eftir að vitnið hóf störf hjá varnarliðinu, hafi verið gerðar í samráði við bæjarstjóra Keflavíkur og byggingarfulltrúa hans. Vitnið kvaðst telja, að Metcalf Hamilton hafi séð um að leggja olíuleiðslurnar á árunum 1949—1951 á vegum varnarliðsins.

Vitnið Björn Magnússon vélsmiður kvaðst hafa rekið fyrirtækið Vélsmiðju Björns Magnússonar og hafi það á árunum 1962—1963, að því er vitnið minnir, endurnýjað olíuleiðslur, sem liggja af Keflavíkurflugvelli og niður að höfn. Vitnið sagði, að endurnýjaðar hefðu verið leiðslur frá lóð Hafnargötu 90 niður að hafskipabryggju. Vitnið kvað leiðslurnar hafa að mestu leyti verið lagðar á sama stað og þær eldri, en þó hafi, að því er vitnið minnti, mestu krókarnir verið teknir af leiðslunum. Vitnið sagði, að verkið hefði það unnið sem undirverktaki Járn- og pípulagningarverktaka Keflavíkurflugvelli og hefði maður frá varnarliðinu annazt eftirlit með verkinu og hefðu teikningar þær, sem notaðar voru við verkið, verið frá verkfræðingadeild hersins. Vitnið sagði aðspurt, að sig minnti að nýju rörin hefðu að mestu farið á sama stað og gömlu rörin nema niður við höfn. Vitnið kvaðst aðspurt, hvort byggingarfulltrúi Keflavíkurkaupstaðar hafi haft afskipti af verkinu, þegar það var framkvæmt, ekki minnast þess, að aðrir en eftirlitsmaður hersins hefðu komið þar nærri, nema þá hafnarverðir, þegar að höfninni kom.

Vitnið Ingvar Aðalsteinn Jóhannesson framkvæmdastjóri kvað Keflavíkurverktaka, sem vitnið er framkvæmdastjóri fyrir, hafa gert samninga við varnarliðið um endurnýjun á olíuleiðslum af Keflavíkurflugvelli niður á höfn. Vitnið kvað samninga um þetta vera fyrir hendi. Vitnið sagði aðspurt, að það teldi, að haft hefði verið samráð við byggingarfulltrúa Keflavíkur og varnarmálanefnd vegna þessara breytinga, enda taldi vitnið það ekki í þeirra verkahring.

Lögð hefur verið fram í málinu bréf byggingatæknifræðings Keflavíkur til lögmanns stefnda Keflavíkurkaupstaðar, og er það svohljóðandi:

„Varðar mál Saltsölunnar gegn landeigendum Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi o. fl.

Starfsmönnum Keflavíkurbæjar var ekki kunnugt um nákvæma legu olíulagnanna á því svæði, sem Saltsölunni var úthlutað lóð. Okkur var hinsvegar kunnugt um, að tvær lagnir höfðu verið færðar úr þeim stað, sem Saltsalan fékk sína lóð, og voru þær lagðar meðfram gatnamótum Víkurbrautar og Hafnargötu, þannig að þær eru rétt staðsettar og engum til ama. Okkur datt hinsvegar ekki í hug, að það hefði verið skilin eftir lögn, sem væri í notkun á því svæði, sem Saltsalan fékk lóðarúthlutun á.

Mér vitanlega hefur bæjarstjórn Keflavíkur ekki samþykkt staðsetningu lagnanna í upphafi. Það hefur komið fyrir áður, að þurft hefur að breyta lögnum varnarliðsins, t. d. vegna gatnagerðar, þ. e. þegar Víkurbraut var malbikuð '65 og þegar uppkeyrslan frá höfninni var steypt. Í báðum þessum tilvikum voru gerðar breytingar á lögnum, og vitum við ekki betur en að varnarliðið hafi sjálft staðið undir þeim kostnaði, a. m. k. tók bæjarsjóður Keflavíkur engan þátt í þeim breytingum.

Í ljósi framangreindra staðreynda teljum við eðlilegt, að þeir aðilar, sem áður hafa staðið undir kostnaði við breytingu lagnanna, geri það einnig í tilvikinu við hús Saltsölunnar.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til greinargerðar Valdimars Björnssonar, dags. 4/2 '72."

Stefndi varnarmáladeild og ríkissjóður hafa lagt fram tvær teikningar, dskj. nr. 40 og 41, sem sýna breytingar á olíuleiðslum við Keflavíkurhöfn, og eru teikningar þessar báðar áritaðar af þáverandi byggingarfulltrúa stefnda Keflavíkurbæjar.

Auk þess liggja frammi í málinu úrdrættir úr fundagerðabókum hafnarnefnda Keflavíkur og landshafnar Keflavíkur og Njarð-

víkur, en eigi verður séð að fundargerðir þessar varpi frekari ljósi á mál þetta.

III.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurbær hafi selt honum lóð undir saltgeymsluhús kvaðalaust og beri þeir skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem hann (stefnandi) hafi orðið fyrir, vegna þess að lóðin reyndist vera með þeim annmörkum, er að framan er rakið. Á sama hátt kveður stefnandi, að ef olíuleiðslurnar hafi verið lagðar í gegnum lóð landeigenda án leyfis þeirra, beri sá, sem lagði leiðslurnar, skaðabótaábyrgð gagnvart þeim, sem verður fyrir tjóni. Hann kvað því upphaflega hafa verið haldið fram, að varnarliðið hefði lagt leiðslurnar í fullu samráði við landeigendur og fengið leyfi þeirra til. Hann telur, að undir rekstri málsins hafi ekki verið færðar sönnur á það, og hafi hann því breytt kröfum sínum með framhaldsstefnu. Samkvæmt framanrituðu telur stefnandi, að stefndu beri „solidariskt" að greiða honum stefnufjárhæðina.

Krafan sundurliðast þannig, að kr. 750.000.00 séu útlagður kostnaður stefnanda við færslu leiðslnanna, en Olíufélagið h/f hafi annazt það verk. Hann segir varnarliðið hafa sett það skilyrði, að Olíufélagið h/f flytti leiðslurnar, og þessi upphæð hefði verið sett upp af Olíufélaginu h/f og hafi hann orðið að taka því, þar sem hann gat ekki vitað, hve lengi hann yrði að bíða eftir því, að verkið yrði framkvæmt að öðrum kosti. Einnig hafi varnarliðið lagt til sjálfar leiðslurnar án greiðslu, en hann að öðrum kosti orðið að kaupa þær annars staðar. Stefnandi gerði og kröfu um greiðslu kr. 350.000.00 vegna rekstrarstöðvunar og alls þess óhagræðis, sem leitt hafi af því, að byggingarframkvæmdir stöðvuðust í marga mánuði og á þeim tíma, sem hagkvæmast er að byggja, þ. e. vor, sumar og haust, en hann hafi ekki getað byrjað aftur á verkinu fyrr en í byrjun októbermánaðar.

Stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstaður byggja kröfu sína um sýknu á, að þeir hafi verið með öllu grandlausir eins og stefnandi um, að nokkur hindrun væri í vegi fyrir framkvæmd byggingarinnar á lóð þeirri, er þeir seldu stefnanda. Leiðslurnar hafi meðstefndi átt, hann hafi látið leggja þær upphaflega án vitundar stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkukaupstaðar, hann hafi síðan notað þær við starfsemi sína, haldið þeim við og látið færa þær til, allt á sinn

kostnað og sína ábyrgð. Stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkurkaupstaður telja það vera í ósamræmi við gildandi réttarreglur, ef einhver annar en eigandi og notandi leiðslnanna eigi að bera allan kostnað af þeim á þeirra ábyrgð. Stefndu segja leiðslurnar upphaflega hafa verið lagðar með mikilli leynd, á hernaðartímum, og sé sú leynd skiljanleg, en það eigi ekki að baka óviðkomandi mönnum ábyrgð, ef af þeirri leynd leiði tjón. Stefndu landeigendur telja, að uppdrættir þeir, sem lagðir hafa verið fram, sýni ekki, að það sé rangt hjá þeim, að þeir hafi verið grandlausir, og benda á, að einn uppdrátturinn sé merktur „confidential" og annar, sem sýndur var í réttinum, sé merktur „secret" og því ómögulegt fyrir þá að vita um leiðslurnar. Varðandi þá málsástæðu meðstefndu, að þeir hafi unnið hefðarrétt á landinu, bera stefndu landeigendur því fyrir sig, að hér sé um ósýnilegt ítak að ræða og sé því hefðartíminn 40 ár. Einnig telja stefndu, að ef hefðarlögin ættu að gilda, sem stefndu mótmæla, þá geti hefð ekki myndast vegna stöðugrar vitundar varnarliðsins um, að það var með ítakið í landi annars aðilja, og hafði um það vitneskju, að sá aðili, sem hefða skyldi hjá, gat ekki vitað um tilveru ítaksins. Stefndu landeigendur hafa ekki mótmælt kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 750.000.00. Kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 350.000.00 vegna tafa mótmæltu stefndu landeigendur sem allt of hárri og órökstuddri og töldu, að öll gögn vantaði til rökstuðnings kröfu þeirri.

Stefndu varnarmáladeild og ríkissjóður byggja kröfu sína um sýknu á því, að leiðslurnar hafi verið lagðar og verið á þeim stað, sem þær voru á, með leyfi og vitund meðstefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkurkaupstaðar. Þeir hafi vitað um nákvæma legu leiðslnanna annars staðar á landi þeirra, eins og komi fram í dómsskjölum, og auk þess leyft leiðslum þessum að liggja um land sitt, eins og dómsskjöl sýni. Þá hafi og komið fram við vitnaleiðslu, að stefnda Keflavíkurkaupstað hafi verið kunnugt um breytingar og flutninga á leiðslunum, og auk þess séu framlagðar teikningar, dskj. 40 og 41, áritaðar af fulltrúa stefnda Keflavíkurkaupstað, þ. e. a. s. byggingarfulltrúa Keflavíkur, en teikningar þessar sýni legu leiðslnanna við höfnina í Keflavík og fyrirhugaðar breytingar á þeim og hljóti því stefndu landeigendum að hafa verið kunnugt um legu leiðslnanna, er þeir seldu stefnanda lóðina. Stefndu varnarmáladeild og ríkissjóður telja sannað, að meðstefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkurkaupstaður hafi vitað eða hlotið að vita, að leiðslurnar lágu um land

þeirra niður að sjó. Auk þess telur stefndi varnarmáladeild sannað af málsskjölum, að stjórn landshafnarinnar hafi verið kunnugt um legu leiðslnanna og þar með hafi flestum málsmetandi mönnum í Keflavík og nágrenni verið kunnugt um, að olíu- og benzínleiðslur lágu af Kaflavíkurflugvelli niður að höfn, og hafi því stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur og Keflavíkurkaupstaður sýnt af sér mikið gáleysi að ganga ekki úr skugga um það, áður en þeir seldu stefnanda, hvar leiðslurnar lægju nákvæmlega. Auk þess telja stefndu varnarmáladeild og ríkissjóður, að ákvæði 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905, sbr. 7. gr., eigi hér við, þannig að skapazt hafi afnotaréttur vegna óslitins eignarhalds hans á þeim hluta landsins, sem leiðslurnar liggja um, og hann því öðlazt afnotarétt á þessu svæði, sbr. 7. gr. hefðarlaganna.

IV.

Fallast verður á þá skoðun stefnanda, að honum beri skaðabætur fyrir tjón það, sem hann varð fyrir vegna þess, að lóð sú, sem hann keypti af stefndu landeigendum, reyndist gölluð. Þykir hann og hafa rökstutt og sannað kröfu sína um greiðslu á kr. 750.000.00 vegna færslu leiðslnanna nægilega.

Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 350.000.00 vegna rekstrarstöðvunar og tafa á byggingarframkvæmdum er ekki studd neinum gögnum, en ómótmælt er, að stefnandi varð fyrir allverulegum töfum vegna þess galla, sem á lóðinni var, og þykir dóminum rétt að dæma honum bætur vegna þess, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00.

Í máli þessu er það óvefengt, að varnarliðið í Keflavík hefur látið leggja á sinn kostnað þær olíu- og benzínleiðslur, sem mál þetta snýst um. Það er og ljóst, að varnarliðið hefur fært leiðslurnar til og endurnýjað þær á sinn kostnað alloft á síðustu 20 árum. Stefndi varnarmáladeild hefur sýnt fram á, að stefndu landeigendum var kunnugt um, að olíu- og benzínleiðslur lágu af Keflavíkurflugvelli niður á bryggju í Keflavíkurhöfn. Gegn eindregnum mótmælum stefndu landeigenda telur rétturinn, að stefndi varnarmáladeild hafi hvorki getað sannað, að stefndu landeigendur hafi veitt leyfi sitt til lagningar leiðslnanna um land sitt, né að stefndu landeigendur hafi vitað um, að leiðslurnar lágu um lóð þá, er þeir seldu stefnanda.

Lítur dómurinn því svo á, að stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstaður hafi verið grand-

lausir um tilvist títtnefndra leiðslna í lóð þeirri, er þeir seldu stefnanda.

Það verður að telja, að skilyrði hefðar varðandi afnot stefnda varnarmáladeildar vegna varnarliðsins séu ekki fyrir hendi, þar sem rétturinn lítur svo á, að hér sé um ósýnilegt ítak að ræða, sbr. 8. gr. laga 46/1905.

Rétturinn telur samkvæmt þessu, að leggja beri bótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi varð fyrir, óskipta á stefnda varnarmáladeild vegna varnarliðsins í Keflavík.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að sýkna ber stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstað af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. varnarmáladeildar vegna varnarliðsins í Keflavík og ríkissjóðs verða dæmdir til að greiða stefnanda, Saltsölunni s/f, kr. kr. 850.000.00 (750.000.00 + 100.000.00) ásamt vöxtum, sem ákveðast 8% ársvextir frá 2. október 1970 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. varnarmáladeildar vegna varnarliðsins í Keflavík og ríkissjóðs að greiða stefnanda, Saltsölunni s/f, málskostnað, er ákveðst kr. 100.000.00.

Með tilliti til málavaxta þykir rétt, að málskostnaður falli niður í lögskiptum stefnanda, Saltsölunnar s/f, og stefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstaðar.

Jón Eysteinsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi og Keflavíkurkaupstaður skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Saltsölunnar s/f, í máli þessu, en málskostnaður skal niður falla.

Stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. varnarmáladeildar vegna varnarliðsins í Keflavík og ríkissjóðs greiði stefnanda, Saltsölunni s/f, kr. 850.000.00 með 8% ársvöxtum frá 2. október 1970 til greiðsludags og kr. 100.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. desember 1973.

Nr. 152/1972: **Bæjarstjórinn á Akureyri**
f. h. bæjarsjóðs Akureyrar
(Jóhann H. Níelsson hdl.)
gegn
Reyni s/f
(Gunnar Sólnes hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Lóðarleiga. Byggingarfrestur. Gatnagerðargjald.

Dómur Hæstaréttar.

Ásmundur Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp héraðsdóm.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1972. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, gerði stefndi þær dómkröfur í héraði, að veitt yrði viðurkenning fyrir því, að sér væri óskylt að greiða áfrýjanda gatnagerðargjald að fjárhæð kr. 372.992.00 og að áfrýjanda bæri að skila ódagsettum „sýningarvíxli", sem stefndi hafði ritað á samþykki sitt og afhent honum til tryggingar gatnagerðargjaldi þessu. Héraðsdómari telur í dómi sínum eigi fram komið, að „sýningarvíxill" þessi hafi verið sýndur til greiðslu innan lögmælts frests, sbr. 34. gr. víxillaga 93/1933. Kveður héraðsdómari síðar svo að orði, að hann taki ekki afstöðu til þeirrar kröfu stefnanda að fá skjal þetta afhent. Með þessum orðum greiðir héraðsdómari eigi til hlítar úr þessum þætti málsins. Stefndi hefur eigi gagnáfrýjað málinu. Verður að fallast á, að hann skipti

máli eftir sem áður að fá úrlausn um skyldu sína til greiðslu gagnagerðargjalds.

II.

Bæjarstjórn Akureyrar staðfesti hinn 19. maí 1964 tillögu byggingarnefndar Akureyrar, sem samþykkt var á fundi 15. maí s. á., þess efnis, að stefnda skyldi veittur kostur á að fá á leigu lóðina nr. 1 við Furuvelli til að reisa þar „1 og 2ja hæða steinhús til iðnaðar og iðju", svo sem segir í bréfi bæjarstjórans á Akureyri 20. maí 1964 til stefnda. Í bréfinu segir m. a.: „Byggingarfrestur er eitt ár, og verði byggt 2ja hæða hús meðfram Furuvöllum". Lóðarleigu skyldi gjalda frá 1. júní 1964. Greiddi stefndi lóðartökugjald og lóðarleigu hinn 2. júlí 1964. Hinn 1. október 1965 samþykkti byggingarnefnd Akureyrar að veita stefnda byggingarleyfi samkvæmt uppdráttum, sem fylgdu umsókn hans, og var sú samþykkt byggingarnefndar staðfest í bæjarstjórn Akureyrar 19. október 1965. Samkvæmt bréfi bæjarstjórans á Akureyri til stefnda 20. október s. á. er byggingarleyfið bundið við byggingu iðnaðarhúss (trésmíðaverkstæðis) „úr steinsteypu og járni á lóðinni nr. 1 við Furuvelli, samkvæmt meðfylgjandi teikningu eftir Mikael Jóhannesson, dags. í september 1965". Er þess getið skýrlega, að byggingarfrestur sé eitt ár.

Hinn 23. marz 1966 greiddi stefndi lóðarleigugjald fyrir árið 1965 af lóð þessari. Í júní 1966 var mælt út fyrir ofangreindu húsi og hæðarpunktar ákveðnir og rásir grafnar fyrir undirstöðum. Hinn 31. desember 1966 greiddi stefndi lóðarleigugjald fyrir árið 1966. Hann galt hluta af lóðarleigugjaldi ársins 1967 í júní þ. á., en til fullnaðar greiddi hann það gjald 31. desember 1968. Um rásir þær, sem grafnar voru fyrir undirstöðum, eru skýrslur óglöggar. Hefur einn reikningur verið lagður fram í málinu, er varðar það verk, og lýtur hann að vinnu skurðgröfu í 4 klukkustundir. Í vottorði byggingarfulltrúans á Akureyri 22. marz 1967 er framkvæmdum á lóðinni á þeim tíma, er vottorð er gefið, lýst með þessum orðum: „Grafið að hluta fyrir undirstöðum".

Hinn 1. október 1967 hófst álagning gatnagerðargjalda á Akureyri samkvæmt gögnum málsins.

Hinn 4. desember 1968 ályktaði byggingarnefnd Akureyrar, að lóðin Furuvellir 1 „sé fallin til bæjarins, en gefur Reyni s. f. kost á að sækja um lóðina að nýju". Var þessi ályktun reist á því samkvæmt því, er segir í fundargerð, að stefndi hafi eigi sinnt skilmálum um byggingarfrest, sem honum var settur. Bæjarstjórn staðfesti þessa ályktun byggingarnefndar á fundi 20. desember s. á., og var stefnda tilkynnt það með bréfi bæjarstjórans á Akureyri 21. desember s. á. Með bréfi stefnda til bæjarstjórans á Akureyri hinn 17. febrúar 1969 var samþykkt bæjarstjórnar andmælt og þess krafizt, að samþykktin yrði tekin til endurskoðunar og að lóðarsamningur yrði gefinn út til stefnda. Voru andmæli þessi og kröfugerð áréttuð með bréfi stefnda 15. febrúar 1970 til bæjarstjórans á Akureyri, sem ekki virðist hafa svarað bréfum þessum.

Hinn 12. maí 1970 rituðu forráðamenn stefnda bæjarráði Akureyrar bréf varðandi lóðina Furuvelli 1, og var þar borin fram ósk um, að bæjaryfirvöld endurskoðuðu ákvörðun bæjarstjórnar frá 20. desember 1968, er fyrr greinir. Með bréfi 20. maí 1970 sóttu forráðamenn stefnda um það til byggingarnefndar Akureyrar, að þeim yrði endurveitt lóðin nr. 1 við Furuvelli og veitt „nauðsynleg leyfi til að halda áfram byggingarframkvæmdum á lóðinni . . .". Stefndi áskildi sér þó allan rétt til málshöfðunar vegna töku lóðarinnar og til vefengingar á gerðum bæjaryfirvalda og sló við varnagla um greiðslu gatnagerðargjalds. Hinn 20. maí 1970 samþykkti byggingarnefnd Akureyrar að endurveita stefnda lóðina Furuvelli 1 „til byggingar iðnaðarhúsnæðis". Staðfesti bæjarstjórn þessa samþykkt 9. júní s. á., og var gatnagerðargjald ákveðið kr. 372.992.00.

III.

Verður nú vikið að málsástæðum stefnda:

1. Telja verður, að bæjarstjórn Akureyrar hafi verið heimilt að setja stefnda svonefndan „byggingarfrest" sem skilyrði fyrir því, að hann hlyti rétt til lóðarinnar nr. 1 við Furuvelli.

Stefndi hefur borið brigður á, að byggingarfrestur í eitt ár fái staðizt, með því að opið bréf 6. janúar 1857 um að stofna

byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri mæli í 4. gr. fyrir um tveggja ára frest til að „umgirða“ lóðir og „nota“ þær. Þegar virt er atburðaröð varðandi lóðina Furuvelli 1, sú sem rakin er hér að framan, er ljóst, að í þessu máli þarf ekki að taka afstöðu til þessa ágreiningsefnis, með því að lengri tími leið en tvö ár frá því, að stefndi fékk rétt til lóðarinnar, og til þess, er bæjarstjórn Akureyrar gerði ályktun sína um lóðina hinn 20 desember 1968.

2. Stefndi reisir kröfur sínar á því öðrum þræði, að hann hafi með framkvæmdum sínum á lóðinni fullnægt skilmála um byggingarfrest. Byggingarframkvæmdum stefnda á lóðinni er lýst hér að framan svo og í héraðsdómi. Dagana 29. nóvember til 3. desember 1968 telur stefndi, að unnið hafi verið við smíði undirstöðumóta, járnbindingar og verkun rása. Í vætti byggingarfulltrúans á Akureyri, Jóns Geirs Ágústssonar, á bæjarþingi Akureyrar hinn 14. janúar 1971 greinir, að skilmála um byggingarfrest sé ekki fullnægt, nema „undirstöður séu steyptar“, og fyrr verði lóðarleigusamningur eigi gefinn út. Skýrslur um byggingarframkvæmdir á lóðinni Furuvöllum 1 veita vísbendingu um, að framkvæmdir þar hafi verið lítils háttar og eigi fullnægjandi, svo sem eðlilegt þykir að túlka þennan skilmála, miðað við þær félagslegu þarfir, sem að baki skilmálanum búa, og það félagslega mark, sem ætla má, að stefnt sé að með honum. Fær þessi niðurstaða og stoð í vætti byggingarfulltrúans, er að framan greinir, um framkvæmd þessa skilmála. Er því eigi unnt að fallast á þessa málsástæðu stefnda.

3. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að áfrýjandi hafi með tómlæti sínu fyrirgert heimild sinni, ef nokkur hafi verið, til þess að svipta sig rétti til lóðarinnar, með því að áfrýjandi hafi ekki hafizt handa um þessa sviptingu, jafnskjótt og tilefni varð til samkvæmt viðhorfi hans. Á þessa málsástæðu verður ekki fallizt. Rétt bæjarstjórnarvöld gátu beðið um sinn og séð, hverju fram yndi um framkvæmdir stefnda án þess að glata við það heimild til lagaúrræða gagnvart honum.

4. Málssóknin er enn fremur á því reist, að bæjarstjórn

Akureyrarkaupstaðar hafi verið óheimilt að setja greiðslu gatnagerðargjalds sem skilyrði fyrir lóðarveitingu hinn 9. júní 1970, er stefnda var að nýju veittur réttur til lóðarinnar.

Áfrýjandi hefur gert rækilega grein fyrir hinu svonefnda gatnagerðargjaldi og rökum, sem til þess lágu, að tekið var haustið 1967 að setja greiðslu þess sem skilyrði fyrir því, að aðiljar fái leigurétt yfir lóðum hjá Akureyrarkaupstað. Er ætlunin, að gjaldi þessu sé einkum varið til að greiða fyrir framkvæmdum kaupstaðarins, sem við þarf til að gera lóðir byggingarhæfar. Þegar það er virt og þess gætt, að gatnagerðargjald þetta er ákveðið af réttu stjórnvaldi og fjárhæð þessi er eigi úr hófi há, þykir eigi unnt að sinna þessari málsástæðu stefnda.

5. Svo sem í héraðsdómi greinir, telur stefndi, að sú ákvörðun bæjarstjórnar Akureyrar að svipta sig lóðarréttindum gangi í berhögg við 67. gr. stjórnarskrár. Hér að framan er dæmt, að stefndi hafi eigi fullnægt skilyrðum þeim, er áfrýjandi setti honum með lögmætum hætti. Hafa engin haldbær rök verið að því leidd, að 67. gr. stjórnarskrár eigi hér við.

Með vísan til framanritaðs ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Reynis s/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 21. ágúst 1972.

Mál þetta, sem höfðað var hér fyrir dómi með utanréttarstefnu, þingfestri 20. júní s.l., var tekið til dóms 3. þ. m.

Stefnandi er sameignarfélagið Reynir, en eigendur þess eru Ingólfur Jónsson, Guðmundur Valdimarsson og Einar Valmundsson trésmiðir, allir á Akureyri.

Stefndi er Bjarni Einarsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar.

Stefnandi gerir þær kröfur, að viðurkennt verði, að honum beri ekki að greiða stefnda gatnagerðargjald að fjárhæð kr. 372.992.00 vegna byggingar iðnaðarhúss að Furuvöllum 1 hér í bæ. Enn fremur gerir stefnandi þá dómkröfu, að stefndi skili stefnanda sýningarvíxli að fjárhæð kr. 372.992.00, sem stefnandi hafði samþykkt og afhent stefnda með fyrirvara til tryggingar framangreindu gatnagerðargjaldi. Einnig krefst stefnandi málskotnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst þess, að hann verið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málsatvik eru þessi:

Stefnandi rak fyrirtæki sitt, trésmíðaverkstæði, í byrjun í timburhúsi við Sjávargötu á Akureyri, en það brann í maímánuði vorið 1970. Með erindi, dagsettu 4. maí 1964, sótti stefnandi um lóð nr. 3 við Furuvelli hér í bæ til þess að byggja á henni einnar og tveggja hæða steinhús til iðnaðar og iðju. Á fundi byggingarnefndar Akureyrar 15. s. m. leggur nefndin til, að stefnanda verði veitt lóðin nr. 1 við Furuvelli. Tillaga nefndarinnar var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 19. s. m., og var sú samþykkt tilkynnt stefnanda í bréfi, dagsettu daginn eftir, þar sem fundargerð byggingarnefndar er rakin, en í henni segir m. a., að byggingarfrestur sé ákveðinn eitt ár, lóðarleiga sé ákveðin kr. 3.00 á fermeter og greiðist frá 1. júní 1964 að telja. Í niðurlagi bréfsins, sem undirritað er af bæjarstjóranum á Akureyri, er tekið fram, að stefnandi öðlist ekki lóðarréttindi, nema lóðartökugjald, kr. 800.00, og lóðarleiga frá 1. júní 1964 til ársloka, kr. 4.112.50, verði greitt innan hálfs mánaðar og hafi hús ekki verið reist á lóðinni innan eins árs frá dagsetningu bréfsins, falli lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Hinn 1. október 1965 sótti stefnandi um leyfi til þess að byggja iðnaðarhús (trésmíðaverkstæði) úr steinsteypu og járni á greindri lóð. Sama dag var erindi stefnanda samþykkt af byggingarnefndinni og hinn 19. s. m. af bæjarstjórn, og í samþykktinni er fram tekið, að byggingarfrestur sé eitt ár. Þetta var stefnanda gefið til kynna með bréfi bæjarstjórans á Akureyri, dagsettu 20. október 1965. Í júnímánuði árið 1966 var grafið fyrir úthring bakhúss, veggjum og undirstöðum, en samkvæmt uppdráttum átti aðalhús að vera meðfram götu, en bakhús þar sunnan við. Mælt hafði verið fyrir húsinu og hæðarpunktar þess ákveðnir dagana 23. og 24. júní 1966. Framkvæmdum var frestað um sinn af fjárhagsástæðum, eða þar til í

nóvemberlok 1968. Hins vegar hafði stefnandi afnot lóðarinnar, en hann geymdi á henni byggingarefni o. fl. þ. h. Stefnandi kvað drátt á framkvæmdum hafa stafað af því, að svar við lánsumsókn hans til Iðnlánasjóðs barst ekki fyrr en í nóvember 1968 og var þá jákvætt samkvæmt vottorði útibússtjóra Iðnaðarbanka Íslands h/f á Akureyri, en þá hafði umsókn verið endurnýjuð að sögn stefnanda, og henni hafði fylgt að kröfu lánveitanda vottorð byggingarfulltrúa um lóðarréttindi, sem lagt hefur verið fram í málinu og er dagsett 22. marz 1967, þar sem segir, að stefnanda hafi verið veitt umrædd lóð til byggingar iðnaðarhúsnæðis og bæjarstjórn hafi samþykkt teikningar þess hinn 19. október 1965 og lóðarsamningur verði útgefinn, þegar mannvirki hafi verið reist á lóðinni, en byggingarstig er þá, að grafið hafði verið fyrir undirstöðum að hluta. Að fengnu lánsloforði var hafizt handa að nýju, og dagana 29. nóvember til 3. desember 1968 var unnið við smíði undirstöðumóta, járnbindingu og verkun rása. Var óskað eftir úttekt byggingareftirlits á verkum þessum, en stefnandi var beðinn um frest, þar sem fundur hafði verið ákveðinn í byggingarnefnd 4. desember. Á þeim fundi var bókað, að byggingarfulltrúi hafi spurzt fyrir um það, hvort stefnanda sé heimilt að hefja byggingarframkvæmdir á lóðinni. Jafnframt er bókað, að stefnandi hafi greitt lóðarleigu fram til ársins 1968. Ályktun byggingarnefndar er sú, að lóðin sé fallin til bæjarins, en stefnanda er gefinn kostur á að sækja um lóðina að nýju. Þessi ályktun var staðfest af bæjarstjórn 20. desember 1968 og stefnanda tilkynnt samdægurs í síma og með bréfi, dagsettu daginn eftir. Stefnandi mótmælti þessari ályktun bæjaryfirvalda með bréfi til bæjarstjórans á Akureyri, dagsettu 17. janúar 1969, og krefst þess, að ályktunin verði tekin til endurskoðunar og lóðarsamningur verði gefinn út til stefnanda, eins og hann hafi beiðzt. Kröfu sína ítrekar stefnandi með bréfi hinn 15. febrúar 1970, þar sem málið hafði ekki verið afgreitt. Hinn 3.maí 1970 brann verkstæðishús stefnanda, eins og áður er fram komið, og hugðist hann byggja upp rekstur sinn að nýju og óskar þess, að fyrirtækinu verði gert kleift að hefja framkvæmdir á lóðinni, þar sem skipulagsnefnd hafði lagt til á fundi 4. maí 1970, að stefnanda verði ekki leyft að endurbyggja hið brunna verkstæði, og 19. s. m. var það samþykkt af bæjarstjórn. Daginn eftir sendir stefnandi byggingarnefnd svohljóðandi bréf: „Með vísan til fyrri skrifa svo og samþykktar bæjarráðs Akureyrar hinn 15. maí s.l. og viðræðna við bæjarstjórn í dag fer Trésmiðjan Reynir s.f., Akureyri, þess hér með á leit við byggingar-

nefnd Akureyrar, að hún endurveiti fyrirtækinu lóðina nr. 1 við Furuvelli á Akureyri og veiti nauðsynleg leyfi, til að hægt sé að halda áfram byggingarframkvæmdum á lóðinni, enda gefi fyrirtækið út skuldabréf til 5 ára til greiðslu gatnagerðargjalds, sbr. viðræður við bæjarstjóra.

Þrátt fyrir umsókn þessa áskilur fyrirtækið sér allan rétt til málshöfðunar vegna töku lóðarinnar, sbr. áðurgreind bréfaskrif, til véfengingar á gerðum bæjaryfirvalda í því sambandi svo og til skaðabóta vegna aukins kostnaðar við væntanlegar framkvæmdir vegna greiðslu gatnagerðargjalds og hækkunar á byggingarkostnaði vegna tafa á framkvæmdum o. fl."

Samdægurs samþykkir byggingarnefndin endurumsókn stefnanda á lóðinni Furuvöllum 1 og áætlar byggingarstærð iðnaðarhússins 1316 gólffermetra, áætlar gatnagerðargjald kr. 372.992.00 af 3960 rúmmetrum hússins. Þá segir í samþykktinni, að um greiðslu þessa gjalds fari eftir ákvörðun bæjarráðs. Byggingarfrestur er þá tiltekinn 1 ár. Á fundi bæjarstjórnar 9. júní 1970 var staðfest fundargerð byggingarnefndarinnar um þetta atriði, og daginn eftir tilkynnir bæjarstjóri stefnanda ákvörðunina með bréfi. Í niðurlagi bréfsins er tekið fram, að hafi hús ekki verið reist á lóðinni innan eins árs frá þeim degi, falli lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Byggingarleyfi fær stefnandi síðan með samþykktum byggingarnefndar 27. s. m. og bæjarstjórnar 9. júní s. á., þar sem ítrekað er ákvæðið um gatnagerðargjald ásamt öðrum gjöldum.

Af hálfu stefnda er upplýst, að álagning gatnagerðargjalds hér í bæ hófst haustið 1967.

Stefnandi telur sig hafa verið fyrirvaralaust og bótalaust sviptan áðurgreindri lóð án heimildar af hálfu stefnda, þar sem sviptingin eigi sér hvorki stoð í lögum né reglugerðum. Hann hafi verið lögmætur eigandi lóðarréttinda, greitt af lóðinni öll lögboðin gjöld, svo sem lóðarleigu, og hafizt handa um byggingu húss á lóðinni með samþykki byggingaryfirvalda. Það, að lóðin var af honum tekin, varð til þess, að stefnanda var gert að greiða gatnagerðargjald, er honum var veitt lóðin að nýju. Telur stefnandi atferli stefnda brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttarins. Samkvæmt venju muni litið svo á, að með byggingarfresti sé átt við þann tíma, sem aðilja er settur til að hefja framkvæmdir, en ekki þann tíma, sem aðilja er settur til að ljúka byggingu, enda gæti stefndi orðið sér úti um nægar og ódýrar fasteignir, ef síðari skilninginn ætti að leggja til grundvallar því,

að byggingarfrestur sé yfirleitt ákveðinn 1 ár. Stangist það á við almennar réttarreglur og réttaröryggi almennings, ef bæjarfélagi sé heimilt með einfaldri samþykkt að svipta borgara eignum sínum. Með því að grafa rásir hafi stefnandi hafið framkvæmdir og skapað eigin verðmæti og með því að svipta hann lóðinni sé hann sviptur þeim bótalaust. Skipti ekki máli í þessu sambandi, hvort hús sé fokhelt, grunnur steyptur, uppsláttur á veg kominn eða einungis grafnar rásir.

Verði eigi fallizt á þessa skoðun stefnanda og talið, að um sé að ræða samning einkaréttarlegs eðlis, sem hafi stofnazt milli aðilja, telur stefnandi, að svipting lóðarinnar hafi allt að einu verið ólögmæt gagnvart sér, og byggir það á eftirfarandi rökum, þ. e. að stefndi hafi með aðgerðum sínum fallið frá ákvæðinu um byggingarfrest í eitt ár. Hann hafi tæpu einu og hálfu ári eftir veitingu lóðarinnar berlega framlengt þann frest í eitt ár og síðan einu og hálfu ári þar frá gefið yfirlýsingu þar, að lóðarsamningur yrði gefinn út, þegar mannvirki hefðu verið reist á lóðinni, og þar eigi getið um nein tímamörk. Stefnanda hafi því verið rétt að líta svo á, að hann hefði óbundnar hendur um byggingartíma hússins þrátt fyrir upphaflegt ákvæði um takmörkun hans.

Þá hefur stefnandi í þriðja lagi haldið því fram, að álagning gatnagerðargjaldsins, kr. 372.992.00, sé brot á 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem sú álagning eigi sér ekki lagastoð fyrr en með lögum nr. 87 6. ágúst 1970 um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri, 2. gr.

Stefndi heldur því fram, að við lóðarveitinguna til stefnanda vorið 1964 hafi verið farið eftir þeim reglum, sem tíðkazt hafa við lóðarveitingar hér í bæ.

Með aðgerðarleysi sínu hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum til lóðarinnar nr. 1 við Furuvelli, sbr. 4. gr. opins bréfs frá 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri. Í grein þessari er svofellt ákvæði: „Síðan lætur sýslumaður mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar, eiga þeir svo að umgirða þær og nota innan tveggja ára, annars falla þær aftur til verzlunarstaðarins."

Þá telur stefndi, að við úthlutun lóðarinnar 20. maí 1964 hafi stefnanda verið gert ljóst, að yrði hús ekki reist á lóðinni innan árs frá dagsetningu bréfs þann dag, félli lóðin aftur endurgjaldslaust til bæjarins. Ákvörðun byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis sé réttarskipandi stjórnarathöfn, lögbundin að því leyti, að skilyrði eða forsendur fyrir gerð þeirrar stjórnarathafnar séu

nákvæmlega tiltekin í lögum og í 48. gr. byggingarsamþykktar fyrir Akureyri nr. 6/1928 sé ákvæði þess efnis, að byggingarleyfi falli úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan árs. Ástæður þess, að löggjafinn setur ákveðinn frest til að hefja og ljúka framkvæmdum, séu augljósar. Sveitarfélögin bindi mikið fé í því að gera lóðir byggingarhæfar og þeim sé því brýn nauðsyn, að þetta fé gefi sem fyrst arð í formi fasteignagjalda.

Stefndi heldur því og fram, að vottorð byggingarfulltrúa frá 22. marz 1967, sem stefnandi fékk vegna lánsumsóknar til Iðnlánasjóðs, hafi ekki getað skapað rétt til handa stefnanda, þar sem byggingarfulltrúinn geti ekki endurveitt lóð, sem fallin er, eða veitt byggingareyfi að nýju. Enn fremur að viðtaka bæjargjaldkera á lóðarleigu frá 1. júní 1964 til ársloka 1967 geti ekki breytt neinu um rétt stefnanda til lóðarinnar.

Stefndi mótmælir því, að svifting lóðarinnar sé brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem hann hafi sýnt fram á það, að til slíkrar sviptingar hafi byggingarnefnd lagaheimild. Hann mótmælir því einnig, að álagning gatnagerðargjaldsins sé brot á 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem hér sé ekki um skattlagningu að ræða, heldur greiðslu fyrir veitta þjónustu, sem eigi að svara til kostnaðar við að gera lóð byggingarhæfa.

Í málinu hefur verið lögð fram skrá um „fallnar lóðir", samin af lóðaskrárritara, eftir 1. nóvember 1968 til ársloka eða í byrjun næsta árs. Tilgangur með gerð skrárinnar var sá að leiðrétta fasteigna- og lóðagjaldskrá, svo að eigi yrði krafið um gjöld af föllnum lóðum. Kveðst lóðarskrárritarinn hafa farið í gegnum fundargerðir byggingarnefndar og bæjarráðs yfir veittar lóðir og samið skrána eftir því, sem kunnugt var, að skilyrði lóðarveitingar hafði ekki verið haldið, en á skrá þessari er lóðin nr. 1 við Furuvelli auk 18 annarra.

Byggingarfulltrúi taldi lóðarveitingu og byggingarleyfi tvennt ólíkt. Lóð megi veita með ákveðnum skilyrðum, en byggingarleyfi megi ekki veita, fyrr en fyrir liggi samþykktar teikningar, og öðlist það ekki gildi, fyrr en byggingarleyfisgjöld hafi verið greidd og byggingameistarar ábyrgist verkið með yfirlýsingu. Hann kvað upphaf byggingarfrests frá staðfestingu bæjarstjórnar á fundargerðum byggingarnefndar og bæjarráðs og teljist hann enda ári síðar. Dæmi kvað hann þess, að byggingarfrestur sé tiltekinn upp á dag við lóðarveitingar og í byggingaskilmálum, en það sé sjaldgæfara og einkum gert, ef byggingarfrestur er skemmri en ár. Byggingarfulltrúinn gat þess, að iðnaðarlóðir séu að jafnaði ekki

auglýstar og frá því á síðari hluta ársins 1966 hafi eftirspurn eftir slíkum lóðum vaxið og hafi mikið verið spurt um þessa lóð. Hann kvað lágmarksskilyrði þess, að byggingarskilyrði séu haldin, að undirstöður séu steyptar og það haldist í hendur við lágmarksskilyrði til útgáfu lóðarleigusamnings.

Ingólfur Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda, kvað byggingarfulltrúa sumarið 1968 hafa sagt sér, að ekkert væri fram komið, sem skerti rétt stefnanda til lóðarinnar, en hins vegar hafi hann ekki jákvætt tjáð sig um það, hvort lóðin tilheyrði stefnanda áfram. Þá kvað hann bæjarstjóra hafa tjáð sér munnlega vorið 1970 eftir brunann, að bygging á lóðinni Furuvöllum 1 yrði ekki heimiluð nema með nýrri lóðarumsókn. Var svo gert, bygging hafin og í lok s.l. janúarmánaðar taldist 1. áfangi fokheldur og undirstöður gerðar undir götuhlið hússins, og hélt verk áfram.

Í málinu hefur verið lagður fram lóðarsamningur milli bæjarstjórnar Akureyrar og Dofra h/f um lóðina nr. 11 við Furuvelli. Hann er gerður 5. marz 1968 að fengnum tillögum byggingarnefndar 9. október 1964 og 14. janúar 1966, staðfestum af bæjarstjórn. Byggingarleyfi var veitt 5. október 1966. Í desember s. á. var mælt út fyrir framhúsinu, grafnar og steyptar undirstöður undir helming þess. Lóðarréttindi þessi voru framseld 6. febrúar 1968 til Jóhanns Kristinssonar, sem hóf gerð bakhúss eftir nýju byggingarleyfi í apríl s. á.

Stefnandi hefur lagt fram álagningarseðla og kvittanir fyrir greiðslu lóðartökugjalds, kr. 800.00, frá 2. júlí 1964, og lóðarleigu frá 1. júní 1964 til 31. desember 1967, samtals kr. 45.512.50, allt varðandi lóðina Furuvelli 1. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að hann hafi í árslok 1968 boðið fram lóðarleigu fyrir árið 1968, en móttöku hafi verið hafnað.

Byggingarsamþykkt sú, sem nú gildir fyrir Akureyri, var staðfest 29. september 1967. Áður gilti byggingarsamþykkt frá 1. febrúar 1928. Í 10. lið 48. gr. þeirrar samþykktar segir, að byggingarleyfi falli úr gildi, ef ekki sé farið að nota það innan árs, og byggingarleyfi er skýrt svo í 1. lið sömu greinar: „Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi tekur til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar og bæjarstjórnar til að framkvæma verkið.“ Í núgildandi samþykkt eru efnislega samhljóða ákvæði, en þar er og sú skilgreining, að framkvæmdir teljist hafnar, er undirstöður hafa verið steyptar, sbr. 1. kafla 1.8.7.

Það er álit dómsins, að greiðsla stefnanda á lóðartökugjaldi,

kr. 800.00, hinn 2. júlí 1964, athugasemdalaus móttaka stefnda á lóðarleigu fyrir tímabilið 1. júní 1964 til 31. desember 1967, ítrekuð bókun byggingarnefndar 1. október 1965 um eins árs byggingarfrest og vottorð byggingarfulltrúa um lóðarréttindi stefnanda hinn 22. marz 1967 hafi gefið stefnanda ástæðu til að ætla, að hann hefði frjálsar hendur um hraða framkvæmda á lóðinni, og skilyrði, sem stefnanda voru sett við upphaflegu lóðarveitingu, varða aðeins greiðslu lóðarleigu og kvöð um bifreiðastæði. Í bókun byggingarnefndar er ekki tekið fram, hverju varði, ef byggingarfrestur rennur út. Hins vegar kemur fram hjá bæjarstjóra í bréfi hans til stefnanda, dagsettu 20. maí 1964, að hafi hús ekki verið reist á lóðinni innan eins árs frá dagsetningu bréfsins, falli lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Skilyrði þetta brýtur í bága við almennan skilning á byggingarfresti og hefur því ekki gildi, enda án lagastoðar. Samkvæmt þessu er ljóst, að markleysa er að setja ákvæði í lóðarveitingu um árs byggingarfrest, þegar byggingarleyfi, sem síðar er veitt, gildir allt að einu ári. Bókun byggingarnefndar 4. desember 1968 er því brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá er á það að líta, að ekki verður séð, að álagning gatnagerðargjalds og gjaldstofn þess eigi stoð í lögum, fyrr en lög nr. 87/1970 öðlast gildi. Lóðaumsækjendur geta að sjálfsögðu samið sig undir greiðslu slíks gjalds, en það hefur stefnandi ekki gert.

Samkvæmt þessum niðurstöðum telst heimta gatnagerðargjaldsins ólögmæt, og verður krafa stefnanda tekin til greina, þannig að honum er eigi skylt að greiða það.

Fyrir bæjarþingi Akureyrar 2. marz 1971 er mál milli sömu aðilja út af sama sakarefni var munnlega flutt (sic), kom fram, að stefnandi hafði þá greitt gatnagerðargjaldið með fyrirvara. Í þessu máli er fram komið, að sú greiðsla var afhending sýningarvíxils, sem gerð er krafa um afhendingu á af hálfu stefnanda. Mál þetta var þingfest hér fyrir bæjarþingi 20. júní s.l. Ekki er fram komið, að sýningarvíxill þessi hafi verið sýndur til greiðslu innan tilskilins ársfrests, sbr. 34. gr. víxillaga nr. 93 19. júní 1933. Þykir því ekki ástæða til þess að taka afstöðu til þeirrar kröfu stefnanda að fá skjal þetta afhent.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Stefnda, Reyni s/f, ber ekki að greiða framangreint gatna-

gerðargjald, kr. 372.992.00, til stefnanda, bæjarstjórans á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar.

Stefndi greiði stefnanda kr. 40.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum má fullnægja með aðför að lögum að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Föstudaginn 14. desember 1973.

Nr. 1/1972: **Guðmundur Þórðarson**
gegn
Bæjarsjóði Sauðárkróks.

Útivistardómur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, bæjarsjóði Sauðárkróks, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt málskostnaðar, kr. 7.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. desember 1973.

Nr. 177/1973: **Valdstjórnin**
gegn
Jörgen Inga Hansen.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjönsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Bréfhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Á dómþingi 30. nóvember 1973, sem dómari í ávana- og fíkniefnamálum samkvæmt lögum nr. 52/1973 háði, skaut varnaraðili hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 73/1973, en skjöl málsins bárust Hæstarétti 6. desember s. á. og greinargerð varnaraðilja 14. s. m.

Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Eins og í hinum kærða úrskurði getur, leikur grunur á því, að bréf það, er mál þetta fjallar um, merkt viðtökunúmerinu 8870, kunni að innihalda efni, er lög nr. 77/1970 og reglugerð nr. 257/1969 fjalla um. Ber því, sbr. 44. gr. laga nr. 73/1973, að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 30. nóvember 1973.

Ár 1973, föstudaginn 30. nóvember, var háð dómþing í fíkniefnamálum í lögreglustöð við Hverfisgötu 113 og þá af Ásgeiri Friðjónssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir: Í gær mætti hér fyrir dómi Sigurmundur Gíslason, deildarstjóri hjá tollstjóraembætti í Reykjavík, og lagði fram ýmis bréf og póstsendingar, sem ætla mætti, að innihéldu fíkni-

efni eða annan ólöglegan varning. Dómari ákvað að leggja hald á umræddd gögn, en meðal þeirra var eftirfarandi: I. Bréf merkt viðtökunúmeri 8870 af Tollpóststofu í Reykjavík, viðtakandi skráður Ingi Hansen, c/o Verzlunin Laugavegi 42, Reykjavík, Ísland, en sendandi tilgreindur Ingibergur Þorkelsson. Bréf er í máli þessu merkt dskj. nr. 10. II. Bréf merkt viðtökunúmeri 8871 af Tollpóststofu í Reykjavík, viðtakandi skráður Ingibergur Thorkelsson, c/o Box 7008, Reykjavík, Iceland, en sendandi tilgreindur Ole Johansen, Århusgade 24, Köbenhavn, og bréf póstlagt þar í borg 1. nóvember s.l. klukkan 1600. Bréf er í máli þessu merkt dskj. nr. 9. III. Bréf merkt viðtökunúmeri 8872 af Tollpóststofu í Reykjavík, viðtakandi skráður Sarah Record Co., P.O. Box 1299, Reykjavík, Iceland, en sendandi tilgreindur Ole Johansen, Århusgade 24, Köbenhavn, og bréf póstlagt þar í borg 1. nóvember s.l. klukkan 1600. Bréf er í máli þessu merkt dskj. nr. 8.

Í gær og í dag hafa vegna ofangreinds verið yfirheyrðir hér fyrir dómi Jörgen Ingi Hansen verzlunarmaður, til heimilis að Melhaga 12, og Ingibergur Einar Þorkelsson, stud. oceon., til heimilis að Víðimel 19. Jörgen Ingi Hansen staðfesti hér fyrir dómi í gær, að bréf, nú merkt dskj. nr. 8, væri stílað á fyrirtæki í hans einkaeign, og opnaði umbeðinn bréf í réttinum. Reyndist það innihalda grænt lyktarsterkt efni, sem útliti og litarprófun samkvæmt gæti verið cannabis, en efnagreining hefur ekki verið framkvæmd. Á sama hátt opnaði Ingibergur Einar Þorkelsson hér í réttinum í dag bréf, nú merkt dskj. nr. 9, og virtist umbúnaður og efni allt með sama hætti og varðandi dskj. nr. 8 með þar greindum fyrirvara þó. Hvorugur mættra kveðst kannast við rithönd á bréfum, tilgreindan sendanda né hafa átt slíkra sendinga von. Nefnd bréf voru bæði póstlögð í Kaupmannahöfn 1. nóvember s.l. og Ingibergur Þorkelsson sennilega, að eigin sögn, þar í borg þann dag.

Dómari telur ekki fært án sérfræðilegrar umsagnar að meta í því sambandi rithandarsýni Ingibergs, merkt dskj. nr. 12, til samanburðar við áritanir á bréf, nú merkt dskj nr. 8 og 9, en einnig utanáskrift bréfs, nú merkt dskj. nr. 10, sem Ingibergur Þorkelsson sendi 2. nóvember, að eigin sögn, frá Kaupmannahöfn og stílaði á Inga Hansen. Nefndur móttakandi neitaði umbeðinn að opna greint bréf (dskj. nr. 10) í viðurvist tollvarða, en krafðist að fá vörzlur þess með innsetningargerð í fógetamáli, og vísast um gang þess dómara kunnan til dskj. nr. 13, 14, 15, 16 og 17. Ingi Jörgen Hansen hefur hér fyrir dómi neitað að opna áður margnefnt bréf (nú dskj. nr. 10), en jafnframt lýst yfir, að sér velti á miklu að

fá þegar úr því skorið, hver verði afdrif þess. Með vísan til ofanritaðs og þrátt fyrir skort á endanlegri greiningu innihalds bréfa, nú merktra dskj. nr. 8 og 9, þykir dómara óhætt að telja yfirgnæfandi líklegt, að efni sé í báðum tilvikum cannabis, og vísar í því sambandi einnig til dskj. nr. 7. Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, svo og með vísun til 44. gr. laga nr. 73/1973 þykir rétt í þágu rannsóknar máls þessa að ákveða, að opna skuli og kannað innihald bréfs með viðtökunúmeri 8870 frá Tollpóststofu, en í máli þessu merkt dskj. nr. 10.

Úrskurðarorð:

Opna skal og kanna efni og innihald bréfs, sem merkt er nr. 8870, en dskj. nr. 10 og stílað er á Inga Hansen, c/o Verzlunin Laugavegi 42.

Miðvikudaginn 19. desember 1973.

Nr. 51/1973: **Vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegnt
Hochtief A.G. og Véltækni h/f
og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1973. Var aðalsök þingfest 2. apríl 1973, og fékk aðaláfrýjandi þá frest til fyrsta þingdags í júní s. á. Í áfrýjunarstefnu kveðst aðaláfrýjandi munu krefjast þess fyrir Hæstarétti, að allar kröfur hans fyrir héraðsdómi verði

teknar til greina og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu af sinni hálfu með stefnu 4. apríl 1973. Var gagnsökin þingfest 1. júní 1973 og sameinuð aðalsök, en málinu síðan frestað til 1. október 1973. Gagnáfrýjendur lýstu því í áfrýjunarstefnu sinni, að þeir mundu krefjast þess fyrir Hæstarétti, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi yrðu teknar til greina og að aðaláfrýjandi yrði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 1. október 1973 var málinu frestað til fyrsta þingdags í desember s. á. Á dómþingi þann dag, 3. desember, óskaði umboðsmaður aðaláfrýjanda eftir fresti til fyrsta þingdags í febrúar 1974 til að ljúka ágripi dómsgerða og skila greinargerð. Umboðsmaður gagnáfrýjanda mótmælti beiðni þessari og krafðist frávísunar málsins frá Hæstarétti. Umboðsmenn aðilja hafa skilað greinargerðum um ágreiningsefnið.

Kröfur gagnáfrýjanda í þessum þætti málsins eru þær, að synjað verði um frekari frest í málinu og því vísað frá Hæstarétti. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda.

Af hálfu aðaláfrýjanda er ítrekuð krafa um frest til fyrsta þingdags í febrúar 1974 til að ljúka ágripsgerð og skila greinargerð. Þá er mótmælt kröfu gagnáfrýjanda um frávísun málsins frá Hæstarétti.

Lögmenn málsaðilja hafa gert grein fyrir vinnubrögðum að ágripsgerð.

Lögmaður aðaláfrýjanda hefur eigi unnið að ágripsgerðinni, svo sem honum bar, og er það aðfinnsluvert. Á hitt ber að líta, að ráða má af þeim gögnum málsins, sem liggja fyrir Hæstarétti, að málið sé óvenju umfangsmikið og mörg skjöl á erlendum tungumálum. Má ljóst vera, að ágripsgerð sé bæði vandasöm og krefjist mikillar vinnu. Þegar atvik málsins eru virt í heild sinni, þykir rétt að fallast á kröfu aðaláfrýjanda um, að málinu verði frestað til fyrsta þingdags í febrúarmánuði 1974, sbr. 41. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt framansögðu verður eigi dæmt um málskostnað í þessum þætti málsins.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað til fyrsta þingdags í febrúarmánuði 1974.

Fimmtudaginn 20. desember 1973.

Nr. 57/7973: **H/f Raftækjaverksmiðjan**
(Knútur Bruun hdl.)
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Skúli Pálsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Skattamál. Söluskattur. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. apríl 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að lögtak verði aðeins leyft til tryggingar kr. 166.643.00 og að málskostnaður verði þá látinn niður falla. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. apríl 1973. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá aðaláfrýjanda til tryggingar söluskatti að fjárhæð kr. 219.995.00, vöxtum til 15. desember 1970, kr. 123.457.00, og

1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 219.995.00 frá 16. desember 1970 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, en fjárhæðum hefur eigi verið andmælt.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, H/f Raftækjaverksmiðjan, greiði gagnáfrýjanda, innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Hafnarfjarðar 18. október 1972.

Í máli þessu, sem þingfest var hinn 10. nóvember 1971 og tekið til úrskurðar í dag, hefur gerðarbeiðandinn, bæjarfógetinn í Hafnarfirði f. h. ríkissjóðs, krafizt þess, að framkvæmt verði lögtak í svo miklu af eignum gerðarþola, H/f Raftækjaverksmiðjunnar í Hafnarfirði, að nægi til tryggingar söluskattsskuld að fjárhæð kr. 219.995.00 auk dráttarvaxta fram til 15. desember 1970 að fjárhæð kr. 123.457.00 og 1½% dráttarvaxta á mánuði af kr. 219.995.00 frá 16. desember 1970 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur gerðarþola eru þessar:

Aðallega, að neitað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Til vara, að lögtak verði aðeins leyft fyrir kr. 166.643.00 eða annarri lægri fjárhæð, sem miðist við, að fyrningu endurálagningarheimildar hafi verið slitið með úrskurði ríkisskattanefndar hinn 19. maí 1971.

Til þrautavara, að aðeins verði leyft lögtak fyrir kr. 242.885.00.

Krafizt er málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að gerðarþoli, H/f Raftækjaverksmiðjan, seldi þrem öl- og gosdrykkjagerðum ölkæla fyrir samtals kr. 3.450.323.00 á árunum 1965—1969 að báðum meðtöldum. Þessi fyrirtæki voru Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f, sem keypti ölkæla

fyrir kr. 1.982.393.00, Sanitas h/f, sem keypti fyrir kr. 887.630.00, og Vífilfell h/f, sem keypti fyrir kr. 580.300.00. Gerðarþoli innheimti ekki söluskatt af verði umræddra ölkæla, og með bréfi, dags. 11. desember 1970, tilkynnti rannsóknardeild ríkisskattstjóra gerðarþola, að til greina gæti komið að leggja á hann söluskatt vegna umræddrar ölkælasölu.

Með bréfi, dags. 22. desember 1970, mótmælti gerðarþoli slíkri álagningu með svofelldum rökstuðningi:

„Þegar sala á framangreindum ölkælum hófst til ofangreindra fyrirtækja, lá ljóst fyrir, að hér var um að ræða tækjakaup til endursölu og hefir því söluskattur aldrei verið innifalinn í verði voru."

Á fundi ríkisskattanefndar hinn 28. desember 1970 var að tilhlutan ríkisskattstjóra tekin til endurskoðunar álagning söluskatts á gerðarþola, og úrskurðaði ríkisskattanefnd honum sem viðbótarsöluskatt fjárhæð þá, er krafin er í máli þessu.

Í forsendum úrskurðar ríkisskattanefndar segir m. a.:

„Gjaldandi hefur ekki haft heimild til að selja umræddum fyrirtækjum ölkæla þessa án þess að innheimta söluskatt af þeim, vegna þess að fyrirtæki þessi hafa ekki haft söluskattsskírteini, sem leyfði slík kaup án söluskatts. Verður því að líta þannig á, að gjaldandi sé ábyrgur fyrir að skila söluskatti af umræddri sölu.

Samkvæmt upplýsingum frá Sanitas h.f., munu þeir hafa skilað söluskatti af sölu á 26 ölkælum af 78, eða 13 á árinu 1965, 12 á árinu 1966 og 1 á árinu 1969.

Söluverð þessara ölkæla mun láta nærri að vera kr. 297.000.00, og kemur það því til frádráttar framangreindri sölu.

Viðbótarsöluskattur verður því fyrir árið 1965 kr. 53.352.00, fyrir árið 1966 kr. 48.974.00, fyrir árið 1967 kr. 43.059.00, fyrir árið 1968 kr. 37.774.00 og fyrir árið 1969 kr. 36.836.00.

Rétt þykir að reikna til viðbótar 1½% dráttarvexti á mánuði af kr. 53.352.00 frá 15. jan. 1966 til 14. jan. 1967, af kr. 102.326.00 frá 15. jan. 1967 til 14. jan 1968, af kr. 145.385.00 frá 15. jan. 1968 til 14. jan. 1969, af kr. 183.159.00 frá 15. jan. 1969 til 14. jan. 1970 og af kr. 219.995.00 frá 15. jan. 1970 til 15. des. 1970.

Dráttarvextir þannig reiknaðir nema samtals kr. 123.457.00.

Ákvörðun þessi telst hafa stoð í 12. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 15/1960."

Með bréfum, dags. 26. og 29. marz 1971, mótmælti gerðarþoli umræddri söluskattsálagningu og krafðist þess með svofelldum rökstuðningi, að hún yrði felld niður:

„Þegar sala á ölkælum þessum hófst, var það skilningur Rafha, að hér væri um endursölu vöru að ræða, enda gáfu verksmiðjurnar í upphafi upp söluskattsnúmer sín, og mun það almenn venja, að ekki séu lögð fram skírteinin sjálf, heldur litið á það sem heimild til vörukaupa án söluskatts, að viðkomandi hafi söluskattsnúmer. Einnig má benda á það, að mjög mikill misbrestur er á því, að skírteinin innihaldi þær heimildir til vörukaupa án söluskatts, sem þau raunverulega eru notuð til.

Sem mjög veigamikil rök máli okkar til stuðnings viljum við benda á söluskattsskil eins af kaupendunum, það er Sanitas h/f, og styður það mjög hið algerlega grandleysi Rafha, að hér væri um endursölu vöru að ræða, enda aldrei komið neitt það fram af kaupanda hálfu, sem benti til annars."

Í úrskurði ríkisskattanefndar vegna framangreindrar kröfu, uppkveðnum 19. maí 1971, segir svo að lokinni tilvitnun í ofangreindan rökstuðning gerðarþola:

„Ekki getur ríkisskattanefnd séð, að framangreind rök umboðsmanns kæranda gefi neina ástæðu til að leggja ekki áðurnefnda söluskattsviðbót á Rafha h.f., þar sem, eins og fram kemur í áðurnefndum úrskurði, að umrædd fyrirtæki höfðu ekki söluskattsskírteini, sem leyfðu slík kaup án söluskatts, og eru söluskattsskilin því á ábyrgð Rafha h.f."

Lagt hefur verið fram í málinu bréf skattstofunnar í Reykjavík til lögmanns gerðarbeiðanda, dag, 29. maí 1972, en í bréfinu segir m. a.:

„Samkvæmt beiðni yðar skal hér rakið í stuttu máli, hvernig söluskattskyldir aðilar fá skírteini hjá skattyfirvöldum til kaupa á vöru, vinnu og þjónustu til endursölu vegna starfsemi sinnar án söluskatts:

Umræddir aðilar útfylla eyðublöð (skírteini), sem fást hjá skattstjórum, en þar er þeim gert að gefa upplýsingar varðandi atvinnurekstur sinn, s. s. tegund atvinnurekstrar og helztu tegundir seldrar vöru, vinnu eða þjónustu.

Skírteinin eru gefin út til ákveðins tíma, en falla úr gildi, jafnskjótt og skírteinishafi hættir þeirri starfsemi, sem skírteinið tekur til.

Fyrst eftir setningu söluskattslaga 1960 voru umrædd skírteini gefin út til 1 árs í senn og endurnýjun þeirra tilkynnt með auglýsingu í árslok. Frá árinu 1964 hefir ekki verið auglýst, þar sem eftirlit með endurnýjun og skilum á skírteinum af hálfu skattyfirvalda reyndist afar miklum erfiðleikum bundið. Var til þess ætlazt, að viðskiptamenn skírteinishafa gengju úr skugga um gildi skírteinis hans, þ. e. til hvaða söluskattsfrjálsra kaupa skírteinið tók, enda er seljandi ábyrgur fyrir óinnheimtum söluskatti af söluskattskyldri sölu sinni.

Að öðru leyti vísast til 11. gr. l. nr. 10 frá 1960 um söluskatt svo og til 5., 6. og 9. gr. reglugerðar nr. 109 frá 1970 um söluskatt."

Lögð hafa verið fram í málinu ljósrit af söluskattsskírteinum ölgerðanna þriggja. Í söluskattsskírteini Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f, sem hefur útgáfunúmerið 96, segir, að tegund atvinnurekstrar fyrirtækisins sé iðnaður og að helztu tegundir seldrar vöru séu öl og gosdrykkir. Skírteinið er útgefið 5. janúar 1962 fyrir árið 1962 og endurnýjað árin 1963 og 1964.

Í söluskattsskírteini Sanitas h/f, sem er nr. 199, segir, að tegund atvinnurekstrar sé gosdrykkja-, sultu- og efnagerð og helztu tegundir seldrar vöru séu gosdrykkja- og efnagerðarvörur. Skírteinið er útgefið 19. marz 1964 fyrir árið 1964 og aldrei endurnýjað.

Í söluskattsskírteini Verksmiðjunnar Vífilfells h/f, sem er nr. 427, segir, að tegund atvinnurekstrar sé iðnaður og helztu tegundir seldrar vöru sé Coca-Cola. Skírteinið er útgefið árið 1962 og endurnýjað fyrir árin 1963 og 1964.

Eins og fram kemur í áður tilvitnuðum úrskurði ríkisskattanefndar, þá skilaði Sanitas h/f söluskatti af 26 ölkælum, sem fyrirtækið seldi á umræddu tímabili, og er söluverð þeirra talið hafa verið kr. 297.000.00. Í bréfi Sanitas h/f til skattstjórans í Reykjavík, dags. 22. desember 1970, kemur fram, að fyrirtækið keypti alls 78 ölkæla af Rafha á umræddu tímabili, seldi 26 með söluskatti, en án álagningar, en lánaði 52 gegn greiðslu tryggingarfjár, sem fyrirtækið telur yfirleitt hafa numið kr. 5.000.00 af hverri kistu.

Í bréfi Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar h/f til lögmanns gerðarbeiðanda, dags. 12. apríl 1972, segir, að fyrirtækið hafi á árunum 1965—1968 (incl.) lánað viðskiptamönnum sínum ölkælanda ekki heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjendurgreitt að fullu, ef kælunum var skilað, en árið 1969 hafi öl-

kælarnir verið seldir til viðskiptamanna fyrirtækisins á sama verði og þeir voru keyptir á af Raftækjaverksmiðjunni h/f.

Á söluskýrslu gerðarþola, sem lögð hefur verið fram í málinu, kemur fram, að Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f keypti alls á umræddu tímabili 184 ölkæla, þar af 20 ölkæla á kr. 300.000.00 á árinu 1969.

Í bréfi Verksmiðjunnar Vífilfells til lögmanns gerðarþola, dags. 19. apríl 1972, segir, að ölkælar þeir, sem fyrirtækið keypti af gerðarþola, hafi „verið lánaðir í sumum tilvikum, og seldir í öðrum, án álagningar".

Aðalkröfu sína um, að algerlega verði synjað um framgang hinnar umbeðnu gerðar, rökstyður gerðarþoli, auk þess sem áður er greint, með því, að það hafi legið ljóst fyrir, þegar salan hófst, að kaupendum hafi ekki verið seldir ölkælarnir til eigin notkunar og því um að ræða tækjakaup til endursölu og hafi söluskattur því aldrei verið innifalinn í verði gerðarþola til kaupenda. Kaupendum hafi verið þetta ljóst, þótt þess væri ekki sérstaklega getið á reikningum til fyrirtækjanna, að söluskattur væri ekki innifalinn í verðinu. Kaupendurnir hafi verið aðiljar, sem hafi haft söluskattsskírteini, sem hafi veitt þeim heimild til kaupa á vörum án söluskatts samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 15 frá 1960. Helztu tegundir framleiðslu hjá þeim séu öl, gosdrykkir og efnagerðarvörur. Ölkælar séu tæki, sem tilheyri iðnaði og í svo nánum tengslum við þær vörur, sem kaupendur framleiða og selja, að eðlilegt sé að telja, að sala á þeim sé einn þáttur í starfi slíkra fyrirtækja.

Kaupendur umræddra ölkæla muni allir að nokkru leyti selja vörur beint til neytenda og þá innheimta af þeim söluskatt, þar sem það sé aðalregla, að söluskattur skuli innheimtur á síðasta stigi viðskipta, sbr. 3. gr. laga nr. 10/1960. Þannig er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að söluskattsskírteini ölgerðanna hafi heimilað þeim kaup á umræddum ölkælum, án söluskatts, til endursölu.

Af hálfu gerðarbeiðanda er hins vegar lögð áherzla á, að samkvæmt lögum skuli þeir, sem reka söluskattsskylda starfsemi, fá skírteini hjá þar til bærum yfirvöldum og sé réttarstaða þeirra í þessu efni bundin við efni skírteinisins, þ. e. viðskipti aðiljanna verði að vera innan þeirra marka, sem skírteinin setja, og vitnar gerðarbeiðandi í þessu sambandi til niðurlagsákvæðis 11. gr. laga nr. 10/1960 og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 15/1960. Þá sé seljanda ekki heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjandi sé, að ekki sé um sölu til neytenda að ræða, sbr. 8. gr. laga

nr. 10/1960 og 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 15/1960, og samkvæmt 10. gr. laga nr. 10/1960 beri aðilja, sem ekki innheimtir söluskatt, eigi að síður að standa skil á honum.

Þannig sé það ljóst, að reglur um söluskatt leggi á seljanda þungar skyldur. Seljendum beri að ganga úr skugga um, hvort söluskattsskírteini viðsemjenda þeirra veiti þeim rétt til kaupa á vöru án söluskatts, og samkvæmt 10. gr. laganna skuli vanræksla á innheimtunni eigi koma í veg fyrir, að gerð séu skil á andvirði skattsins.

Allt þetta kerfi sé byggt upp á slíkum boðreglum og skírteini þau, sem út eru gefin, eigi að vera ráðandi um leyfi til kaupa og sölu án söluskatts. Það sé því ljóst, að kaupendur umræddra kælitækja hafi ekki haft heimild til kaupa á þeim án söluskatts, þar sem kaup og sala á slíkum tækjum hafi ekki verið innan yfirlýstrar starfsemi fyrirtækjanna, og hafi því seljanda, gerðarþola í máli þessu, borið að innheimta skattinn og hann sé ábyrgur fyrir skattgjaldinu, þótt hann léti undan fallast að innheimta það.

Það sé á áhættu seljanda, í þessu tilfelli gerðarþola, hvort þeir kynni sér söluskattsskírteini viðsemjenda sinna eða ekki og verði þeir að standa skil á þeim skatti, sem þeir ekki innheimta vegna vanrækslu á því.

Rökstuðningur gerðarþola fyrir varakröfu sinni um, að lögtak verði aðeins leyft fyrir kr. 166.643.00, byggist á því, að gerðarþola sé ekki skylt að greiða söluskatt fyrir árið 1965, þar sem ekki sé heimilt að gera aðilja að greiða söluskatt nema 5 ár aftur í tímann, sbr. síðustu mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960. Úrskurður ríkisskattanefndar hafi gengið hinn 19. maí 1971 og við þann dag beri að miða slit fyrningar álagningarfrests. Þess vegna sé með engu móti heimilt að krefja gerðarþola um söluskatt lengra aftur í tímann en fyrir 2. ársfjórðung ársins 1966 og líklega ekki nema til 19. maí 1966.

Til vara bendir gerðarþoli á, verði svo litið á, að 5 ára frestinn beri að miða við bréf rannsóknardeildar ríkisskattstjóra frá 11. desember 1971, þá verði gerðarþoli ekki krafinn um söluskatt lengra aftur í tímann en til 11. desember 1965 og þá í mesta lagi til greiðslu söluskatts af viðskiptum síðasta ársfjórðungs 1965, en sennilega ekki nema af viðskiptum eftir 11. desember 1965. Þar sem gerðarþoli hafi enga ölkæla selt umræddum öl- og gosdrykkjaverksmiðjum á síðasta ársfjórðungi ársins 1965, beri því a. m. k. að lækka söluskattsupphæðina sem nemur söluskatti þess árs, eða um kr. 53.352.00.

Þá er því enn fremur haldið fram, að ekki beri að gera gerðarþola að greiða dráttarvexti af söluskattsfjárhæðinni, þar sem söluskattur hafi aldrei verið lagður á söluna og aldrei innheimtur og fyrirtækið hafi verið í góðri trú um, að kaupendur legðu söluskattinn á við endursölu og gerðu skil á honum. Gerðarþoli hafi þannig aldrei haft söluskattsféð undir höndum. Hann hafi gert grein fyrir því á söluskattsskýrslum sínum, að hann seldi vörur til endurseljenda, sbr. 2. tl. B liðar 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 15/1960, og hafi verið reiðubúinn hvenær sem var til þess að gefa skattayfirvöldum yfirlit yfir þær vörur, sem seldar voru án söluskatts, og kaupendur þeirra. Þar sem dráttarvextir séu reiknaðir kr. 123.457.00 og við það bætist söluskattur ársins 1965, kr. 53.352.00, eða alls kr. 176.809.00, beri samkvæmt varakröfunni að draga það frá heildarfjárhæðinni, kr. 343.452.00, og standi þá eftir kr. 166.643.00, eða sú fjárhæð, sem varakrafan er miðuð við.

Þrautavarakrafa gerðarþola er við það miðuð, að ekki sé hægt að gera honum að greiða söluskatt lengra aftur í tímnn en 5 ár, sbr. þu rök, sem áður eru tilfærð, og þá eigi söluskatturinn að lækka um kr. 53.352.00, þ. e. um söluskatt fyrir árið 1965, og auk þess dráttarvexti af þeirri fjárhæð, kr. 57.215.00, eða alls kr. 100.567.00, og lækki þá söluskattsupphæðin með dráttarvöxtum í kr. 242.885.00 samkvæmt þrautavarakröfunni.

Varðandi varakröfu og þrautavarakröfu gerðarþola þá heldur gerðarbeiðandi því fram, að eðlilegast sé í þessu tilfelli að líta á allt árið 1965 sem eitt viðskiptaár, líkt og þegar um er að ræða verzlunarskuldir, og að fyrning byrji ekki fyrr en við áramót. Samkvæmt lögum um söluskatt megi reikna söluskatt, sem einhverra orsaka vegna hafi vanreiknazt, 5 ár aftur í tímann. Ekki sé í lögum nánar kveðið á um þetta atriði, en eðlilegast virðist að líta svo á, að hvert ár sé ein heild, þótt viðskiptin fari fram á fyrri hluta ársins. Þótt skylt sé að skila söluskattsskýrslum á vissu millibili og þannig gera upp viðskipti hvers tímabils, sé árið eigi að síður hinn eðlilegi reikningsgrundvöllur. Þetta lýsi sér m. a. í því, að sé vöru skilað, sé leyfilegt að lækka söluna sem því nemur. Einnig væri skylt að færa söluverð þeirrar vöru, sem seld væri samkvæmt samningi, þannig, að kaupandi tæki á sig áhættu af hækkun, þegar sú hækkun kæmi fram. Álagningartímabilin séu þannig einungis til hagræðis fyrir innheimtu. Þar sem gerðarþola hafi verið kunngerð hækkun skattsins og hann lagður á á fundi ríkisskattanefndar fyrir áramót 1970, þá falli skattur álagður 1965 innan 5 ára frestsins.

Vaxtakrafa sé í samræmi við ákvæði söluskattslaga, en þau heimili töku 1½% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð, sem greiðsla skattsins dregst. Ef talið verði, að einhverjar þær ástæður hafi verið fyrir hendi, sem valdi því, að það verði ekki talið eðlilegt, að gerðarþoli greiði fulla vexti, þá sé það a. m. k. ljóst, að hann hafi haft fjármagn það, sem um er að ræða, undir höndum og því eðlilegt í fyllsta máta, að hann greiði fyrir það peningaleigu, a. m. k. hæstu lögleyfða bankavexti.

Með ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 15/1960, er lögð sú skylda á seljanda vöru eða þjónustu að innheimta af henni söluskatt, nema óyggjandi sé, að ekki sé um sölu til neytenda að ræða, og með ákvæðum 10. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 15/1960, er seljandi gerður ábyrgur fyrir greiðslu þess söluskatts, sem honum hefði borið að innheimta.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu, þá endurseldu ölgerðirnar þrjár að hluta, en lánuðu eða leigðu að mestu leyti, ölkæla þá, sem um er fjallað í máli þessu. Sala á ölkælum eða hliðstæðum vörum var ekki meðal þeirrar starfsemi, sem ölgerðirnar tilkynntu skattayfirvöldum, að þær hefðu með höndum, en hin svokölluðu söluskattsskírteini eru afrit slíkra tilkynninga, árituð af skattayfirvöldum. Ölkælasala var þannig ekki meðal tilkynntrar starfsemi ölgerðanna, og þær endurseldu aðeins lítinn hluta ölkælanna.

Með því að ganga eigi úr skugga um, hvort ölgerðirnar hefðu óyggjandi heimild yfirvalda til kaupa umræddra ölkæla án söluskatts eða endurseldu þá með söluskatti, þá tók gerðarþoli á sig alla áhættu af vangreiðslu söluskattsins.

Samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 15/1960, fer álagning söluskatts fram ársfjórðungslega. Skattskyldir aðiljar skulu senda skattayfirvöldum söluskattsframtal fyrir hvern ársfjórðung sérstaklega, og skal framtalið hafa borizt í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs, og skal skattálagningu lokið innan mánaðar frá lokum hvers ársfjórðungs.

Í niðurlagsákvæði 21. gr. laga nr. 10/1960 er heimilað að gera aðilja að greiða söluskatt 5 ár aftur í tímann, sé söluskattur vanreiknaður eða undan dreginn. Þessi ákvæði verður að skýra svo, að í máli þessu beri að synja um framgang lögtaks fyrir söluskatti ársins 1965, en ómótmælt er, að gerðarþoli hafi enga ölkæla selt á síðasta ársfjórðungi þess árs.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins í samræmi við fjárhæð þrautavarakröfu gerðarþola að öðru leyti en því, að vaxtafjárhæð fram til 15. desember 1970 reiknast kr. 73.839.70.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Már Pétursson kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ná fram að ganga fyrir söluskatti að fjárhæð kr. 166.643.00 ásamt dráttarvöxtum fram til 15. desember 1970 að fjárhæð kr. 73.839.70 að viðbættum 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 166.643.00 frá 16. desember 1970 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1973.

Nr. 129/1972: **Kristinn Tómasson**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. Reykjavíkurborgar
(Páll Líndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjönsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Þinglýsing. Lóðaskrárritari. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. október 1972. Krefst hann aðallega dóms fyrir því, að afsal Bjarna Kristjánssonar til áfrýjanda, dags. 2. október 1968, um landspildu

þá úr landi jarðeignarinnar Reynisvatns við Reykjavík, sem greinir í héraðsdómi, verði metið tækt til þinglýsingar við borgarfógetaembættið í Reykjavík. Til vara krefst hann þess, að dæmt verði, að afsalið sé tækt til þinglýsingar með þeirri athugasemd, að lóðaskrárritarinn í Reykjavík hafi eigi áritað það, en til þrautavara, að það verði dæmt tækt til þinglýsingar „með þeirri eða þeim athugasemdum, sem borgarfógetaembættið telur nauðsynlegar". Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

II.

Áfrýjandi afhenti borgarfógetaembættinu í Reykjavík afsalið frá 2. október 1968 til þinglýsingar, en var synjað um þinglýsingu þess. Í málinu liggur fyrir skrifleg krafa áfrýjanda til borgarfógetaembættisins, dags. 18. apríl 1972, um, að skjali þessu verði þinglýst. Er sú kröfugerð undirstaða meðferðar málsins fyrir þinglýsingardómara, er veitti stefnda aðild að málinu. Hefur því ekki við rök að styðjast krafa stefnda um frávísun málsins frá héraðsdómi vegna þess, að ekki hafi verið gerðar kröfur á hendur borgarfógetaembættinu.

Svo sem skilmerkilega er rakið í úrskurði héraðsdómara, afsalaði Ólafur Jónsson á Reynisvatni Bjarna Kristjánssyni hinn 2. desember 1961 landspildu þeirri, sem afsalið frá 2. október 1968 lýtur að. Á fyrra afsalið ritaði lóðaskrárritari hinn 7. maí 1963, að „landinu hafi ekki verið skipt í byggingarnefnd Reykjavíkur", og á það orðalag rót að rekja til 11. gr., 2. málsgr., laga nr. 35/1914. Þessu afsali var þinglýst athugasemdalaust í Reykjavík hinn 11. maí 1963. Bjarni Kristjánsson afsalaði áfrýjanda þessa máls síðan landi þessu hinn 2. október 1968. Lóðaskrárritari synjaði áfrýjanda um áritun á afsal þetta, og fékk áfrýjandi engu um þokað, þótt hann leitaði atbeina borgarráðs, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði. Þinglýsingardómari synjaði áfrýjanda um þing-

lýsingu afsals þessa sakir ákvæða 11. gr. laga nr. 35/1914, sumpart sbr. við lög nr. 35/1923, 5. gr.

III.

Með fyrra afsalinu, sem greint er hér að framan, frá 2. desember 1961, var landspildunni skipt úr landi Reynisvatns. Var því afsali þinglýst án athugasemdar, svo sem fyrr er greint. Ákvæði 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 35/1914 eiga ekki við, eins og hér stendur á. Er þá athugunarefni, hvort ákvæði 1. málsgr. 11. gr. laganna, svo sem það ákvæði er orðað með 5. gr. laga nr. 35/1923, standi þinglýsingu í vegi. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja það, að lóðaskrárritara sé veittur kostur á að greina eigendaskipti í lóðamerkjabók eða lóðaskrá. Sannað er, að áfrýjandi hefur veitt lóðaskrárritara færi á að skrá eigendaskipti að landspildunni með því að leggja fyrir hann framangreint afsal. Synjun lóðaskrárritara um áritun á afsalið virðist vera reist á því, að byggingarnefnd hafi enn ekki veitt samþykki sitt til þess, að landspildunni væri skipt úr landi Reynisvatns. Samkvæmt framansögðu fær sú skoðun eigi staðizt, svo sem hér hagar til.

Synjun lóðaskrárritara um áritun á afsalið samkvæmt 1. málsgr. 11. gr. laga nr. 35/1914, sbr. 5. gr. laga nr. 35/1923, var því eigi á rökum reist. Samkvæmt þessu þykir áfrýjandi eiga rétt á að fá framangreindu afsali sínu þinglýst, eins og hér stendur á, þótt það beri eigi á sér áritun lóðaskrárritara um, að eigendaskipta sé getið.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi, borgarstjóri f. h. Reykjavíkurborgar, greiði áfrýjanda, Kristni Tómassyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi á rétt á að fá framangreindu afsali sínu þinglýst við borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar, greiði áfrýjanda, Kristni Tómassyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Við erum sammála atkvæði meirihluta dómenda fram að III, 2. málsgrein.

Synjun lóðaskrárritara um áritun á afsalið samkvæmt 1. málsgr. 11. gr. laga nr. 35/1914, sbr. 5. gr. laga nr. 35/1923, var eigi á rökum reist, en með því að afsalið skortir enn þessa áritun og ákvæði þau, sem greind voru, eru fortakslaus, verður að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður þinglýsingardóms Reykjavíkur 13. júlí 1972.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. júní s.l. að loknum munnlegum málflutningi, er fram fór þann dag.

Kröfur sóknaraðilja, Kristins Tómassonar, Laugateigi 20, Reykjavík, eru, eins og þær voru endanlega fram settar við munnlegan málflutning, að afsali til hans fyrir landspildu úr landi Reynisvatns, útgefnu 2. október 1968 af Bjarna Kristjánssyni, þá til heimilis að Móabarði 14, Hafnarfirði, verði þinglýst: aðallega án athugasemda, til vara með þeirri athugasemd, að lóðaskrárritari hafi ekki áritað afsalið, og til þrautavara, að afsalinu verði þinglýst með þeim athugasemdum, sem þinglýsingarrétturinn teldi nauðsynlegar. Í öllum tilvikum er og krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Kröfur varnaraðilja, Reykjavíkurborgar, eru þær, að synjað verði um þinglýsingu á afsali þessu og málskostnaðar krafizt eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 2. desember 1961 (rskj. nr. 8), seldi Ólafur Jónsson bóndi, Reynisvatni, Bjarna Kristjánssyni verkfræðingi, þá til heimilis að Heiðargerði 50, Reykjavík, spildu úr landi Reynisvatns, og er afsalið svohljóðandi:

„AFSAL

Undirritaður, Ólafur Jónsson, bóndi, Reynisvatni, Mosfellssveit, selur og afsalar Bjarna Kristjánssyni, verkfræðing, Heiðargerði 50, Reykjavík, spildu úr landi Reynisvatns, eignarjarðar sinnar. Landsspilda þessi takmarkast að austan af Langavatni, er hundrað metra — 100 metra — breið við vatnið og liggur til vesturs inn í land. Spildan er tveir — 2 — hektarar að flatarmáli.

Lega og takmörk eru sýnd og afmörkuð á meðfylgjandi mynd, sem tekin er úr lofti.

Landið er selt kvaðalaust.

Seljandi heimilar kaupanda notkun vegar að Reynisvatni og leggur til, án endurgjalds, land undir veg að hinu selda og afsalaða landi.

Kaupverð er að fullu greitt.

Með skírskotun til ofangreinds lýsir undirritaður Bjarna Kristjánsson réttan og löglegan eiganda nefndrar landsspildu í Reynisvatnslandi.

Gert að Reynisvatni, 2. des. 1961
Ólafur Jónsson.

Vottar:
Knútur Bruun?
Jón Ólafsson“

Afsal þetta er áritað af lóðaskrárritaranum í Reykjavík hinn 7. maí 1963 með þeirri athugasemd, að landinu hafi ekki verið skipt í byggingarnefnd, og afsalinu er síðan þinglýst í Reykjavík hinn 11. maí 1963 án athugasemdar.

Bjarni selur síðan sóknaraðilja þessa máls umrædda landspildu með afsali, dags. 2. október 1968 (rskj. nr. 2), og er afsalið svohljóðandi:

„AFSAL

Undirritaður, Bjarni Kristjánsson verkfræðingur, Móabarði 14, Hafnarfirði, selur og afsalar Kristni Tómassyni, Hofteigi 42, Reykjavík, spildu úr landi Reynisvatns.

Landsspilda þessi takmarkast að austan af Langavatni, er hundrað metra — 100 metra — breið við vatnið og liggur til vesturs inn í land. Spildan er tveir — 2 — hektarar að flatarmáli.

Lega og takmörk eru sýnd og afmörkuð á meðfylgjandi mynd, sem tekin er úr lofti.

Landið er selt kvaðalaust.

Landinu fylgir endurgjaldslaus afnotaréttur af vegi frá Reynisvatni að hinu selda landi.

Kaupverð er að fullu greitt.

Með skírskotun til ofangreinds lýsir undirritaður Kristin Tómasson réttan og löglegan eiganda nefndrar landsspildu í Reynisvatnslandi.

Gert í Reykjavík, 2. október 1968
Bjarni Kristjánsson.

Vottar:
Oddur Pétursson
Stefán Jónsson."

Sóknaraðili mun nú hafa hafizt handa um að þinglýsa afsali þessu, en það ekki tekizt vegna skorts á áritun lóðaskrárritara á afsalið.

Umboðsmaður sóknaraðilja, Tómas Gunnarsson héraðsdómslögmaður, ritar borgarráði bréf hinn 20. ágúst 1971, þar sem hann skýrir frá því, að sóknaraðili hafi óskað eftir því, að hann annaðist þinglýsingu afsalsins, en það hafi ekki tekizt enn, þar sem af hálfu borgaryfirvalda hafi verið neitað um skráningu á skjalið hjá lóðaskrárritara. Ástæður fyrir þeirri neitun hafi hann fengið hjá borgarlögmanni, Páli Líndal, en að hann telji engu að síður, að málið sé þannig vaxið, að rétt sé að fá úrskurð þinglýsingardómara um það. Af þessu tilefni óskar hann eftir, að borgarráð Reykjavíkur láti honum í té skriflega yfirlýsingu, helzt þar sem fallizt yrði á áritun á skjalið, en ella neitun.

Með bréfi borgarráðs Reykjavíkur, dags. 19. október 1971, óskar umboðsmaður sóknaraðilja eftir því, að borgarráð hraði eftir því sem kostur sé á afgreiðslu erindis hans í béfi frá 20. ágúst 1971.

Þessum bréfum báðum svarar borgarstjórinn í Reykjavík með bréfi, dags. 26. nóvember 1971 (rskj. nr. 4), þar sem hann skýrir frá því, að bréfunum frá 20. ágúst 1971 og 19. október 1971 hafi verið vísað til umsagnar borgarlögmanns. Á fundi borgarráðs hinn 25. nóvember 1971 hafi verið lögð fram umsögn hans, dags. 22. nóvember 1971, þar sem lagt sé til, að synjað verði um áritun á afsal fyrir nefndri spildu, og hafi borgarráð fallizt á umsögnina, en hún fylgdi með bréfi borgarstjóra og er svohljóðandi:

„Reykjavík 22. nóv. 1971.

Til *borgarráðs.*

Á fundi borgarráðs 11. þ. m. var vísað til mín hjálögðum bréf-

um Tómasar Gunnarssonar, hdl., dags. 19. okt. og 20. ágúst s.l., þar sem óskað er formlegrar afstöðu borgarráðs til málaleitunar hans um, að heimiluð verði hjá lóðaskráraitara áritun á afsal Bjarna Kristjánssonar, dags. 2. okt. 1968, til Kristins Tómassonar fyrir 2 ha spildu úr landi Reynisvatns.

Þar sem það er margítrekuð stefna borgarráðs að leyfa ekki slíkt, virðist mér ekki sem efni séu til að heimila umrædda áritun í þessu tilfelli.

Virðingarfyllst,
Páll Líndal."

Til frekari skýringar á málinu þykir rétt að vísa til rskj. nr. 11, en þar kemur fram, að hinn 29. janúar 1962 ritaði borgarverkfræðingur svohljóðandi bréf til lóðaskrárritarans í Reykjavík: „Að gefnu tilefni er hér með vakin athygli á 2. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914 um mælingar og skrásetningar lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sbr. 6. gr. laga nr. 35/1923, svohljóðandi: „Ef skrásettri lóð er skipt í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni."

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 1. mgr. 11. gr. áðurgreindra laga er með öllu óheimilt að árita uppdrætti eða skjöl um eigendaskipti að lóð eða hluta úr lóð, nema áður sé fengið samþykki byggingarnefndar á skiptingunni.

Á fundi borgarráðs 1. febrúar 1963 er gerð svohljóðandi bókun: „Borgarráð staðfestir aðalefni bréfs borgarverkfæðings, dags. 29. jan. 1962, að lóðaskárritari áriti ekki skjöl um eigendaskipti á lóðum og löndum í lögsagnarumdæminu, nema lóðaskipting hafi verið samþykkt af réttum aðilum.""

Eins og rskj. nr. 10 ber með sér, mætti Árni Þ. Árnason, þáverandi lóðaskrárritari í Reykjavík, sem vitni í þinglýsingarrétti Reykjavíkur hinn 21. janúar 1971 í þinglýsingarmálinu nr. 2/1970: Gísli Kr. Gíslason gegn borgarstjóranum í Reykjavík. Hann skýrði svo frá, að í raun og veru hafi alla tíð verið óheimilt að árita samninga um skipti lóða og landa í lögsagnarumdæminu, nema fyrir lægi samþykki byggingarnefndar. Þessu hafi þó lengst af ekki verið framfylgt, um tíma hafi verið farin sú leið, að lóðaskrárritari áritaði skjöl með athugasemd. Á árinu 1962 hafi borgarráð lagt svo fyrir, að ekki skyldi framvegis árita skjöl um eigendaskipti á lóðum og löndum í umdæminu, nema lóðaskipting hefði áður verið samþykkt.

Af þessu tilefni athugaði þinglýsingardómarinn efni afsals- og veðmálabóka fyrir tímabilið 29. janúar 1962 til 14. desember 1967 varðandi eignarheimildir fyrir löndum úr landi Reynisvatns, og leiddi sú athugun í ljós, að þinglýst hafði verið eftirtöldum eignarheimildarskjölum, sem öll hafa verið árituð af lóðaskrárritara, en að jafnaði með þeirri athugasemd, að skipting landsins hafi ekki verið samþykkt af byggingarnefnd:

Ltr.	M15-219	dags.	4/6 '64	þingl.	24/6 '64	Árit.	6/6 '64	með aths.
—	S15-37	—	24/6 '64	—	21/8 '64	—	21/8 '64	—
—	A17-190	—	29/12 '65	—	31/12 '65	—	30/12 '65	—
—	A17-191	—	29/12 '65	—	31/12 '65	—	30/12 '65	—
—	A17-192	—	29/12 '65	—	31/12 '65	—	30/12 '65	—
—	A17-193	—	29/12 '65	—	31/12 '65	—	30/12 '65	—
—	A17-189	—	29/12 '65	—	31/12 '65	—	30/12 '65	—
—	A17-194	—	29/12 '65	—	31/12 '65	—	30/12 '65	—
—	A17-195	—	30/12 '65	—	31/12 '65	—	31/12 '65	—
—	A17-196	—	29/12 '65	—	31/12 '65	—	30/12 '65	—
—	A17-197	—	29/12 '65	—	31/12 '65	—	30/12 '65	—
—	B19-282	—	21/11 '67	—	27/11 '67	—	23/11 '67	(sýnt)
—	V16-232	—	15/10 '65	—	22/10 '65	—	20/10 '65	með aths.
—	Æ16-342	—	25/11 '65	—	18/12 '65	—	11/12 '65	—
—	T16-322	—	22/9 '65	—	27/9 '65	—	27/9 '65	—
—	D19-76	—	15/11 '67	—	14/12 '67	—	11/12 '67	án aths.
—	T16-93	—	10/9 '65	—	17/9 '65	—	17/9 '65	með aths.
—	R16-416	—	10/7 '65	—	27/8 '65	—	27/8 '65	—
—	Q16-365	—	12/6 '65	—	7/8 '65	—	30/7 '65	—
—	P16-139	—	24/6 '64	—	14/7 '65	—	21/8 '64	—
—	O16-188	—	30/6 '65	—	5/7 '65	—	30/8 '65	—
—	U16-314	—	23/9 '65	—	12/10 '65	—	12/10 '65	—
—	R16-77	—	16/6 '65	—	16/8 '65	—	16/8 '65	—
—	N16-129	—	2/6 '65	—	21/6 '65	—	21/6 '65	—
—	T15-431	—	25/6 '64	—	4/9 '64	—	24/8 '64	—
—	A16-153	—	5/12 '64	—	24/12 '64	—	9/12 '64	—
—	L15-95	—	15/5 '64			—	19/5 '64	—
—	Æ15-75	afsal	ódags.	—	24/11 '64			
—	L17-255	dags.	25/5 '66	—	31/5 '66	—	27/5 '66	—
—	P18-475	—	29/8 '66	—	1/6 '67	—	1/6 '67	án aths.
(áletrun á þetta skjal A19-273)			dags. 12/11 '67	þingl.	13/11 67	(ekki áritað)		
—	M15-220	—	28/4 '64	—	20/6 '64	—	25/5 '64	með aths.
—	K16-420	—	25/5 '65	—	26/5 '65	—	25/5 '65	—
—	U15-125	—	11/6 '64	—	16/6 '65	—	16/6 '64	—
—	Z14-290	—	25/9 '63	—	25/11 '63	—	18/11 '63	—
—	Þ13-2	—	6/11 '62	—	20/11 '62	—	19/11 '62	—
—	Þ16-6	—	15/10 '65	—	6/12 '65	—	2/12 65	—
—	A17-188	—	30/12 '65	—	31/12 '65	—	31/12 '65	—
—	R16-73	—	23/7 '65	—	16/8 '65	—	10/9 '65	—
—	L16-240	—	30/12 '61	—	3/6 '65	—	2/5 '65	án aths.
—	R14-246	—	15/6 '63	—	7/8 '63	—	7/8 '63	—
—	Þ14-207	—	5/11 '63	—	4/12 '63	—	4/12 '63	—

(Áletrun á kaupsamning Litra D12-427)
Kaupmáli G-12 dags. 28/1 '66 skrásettur 28/2 '66. Árit. 25/2 '66 án aths.

Við lauslega athugun verður ekki séð, að eftir árslok 1967 hafi verið þinglýst eignarheimildarskjölum fyrir löndum úr landi Reynisvatns, en þinglýsingardómari minnist þess, að a. m. k. 2 aðiljar hafi skýrt sér frá því, að þeir hafi fengið neitun um áritun lóðaskrárritara á skjöl sín, og af þeim sökum hefur þessum skjölum ekki verið þinglýst.

Kröfur sínar byggir sóknaraðili á því, að það sé ótvírætt, að samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1928 um þinglýsing og aflýsing skjala, t. d. 4. gr. þeirra laga, eigi aðiljar ótvíræðan og skilyrðislausan rétt til þinglýsingar á skjölum. Ekki sé kunnugt um neina réttmæta hagsmuni, sem borgaryfirvöld Reykjavíkur kynnu að hafa af því, að hann fengi eignarheimild sinni að landi sínu ekki þinglýst. Sveitarfélög, þar með talin Reykjavíkurborg, hafi mjög víðtækar heimildir til að takmarka nýtingu landa innan takmarka sveitarfélagsins. Megi þar til nefna ákvæði skipulagslaga, byggingarsamþykkta, lögreglusamþykkta og vafalaust fleiri reglur, sem meðal annars geta bannað allar byggingarframkvæmdir á landinu, efnistöku og margt annað, sem eigandi kynni að vilja aðhafast, auk þess sem sveitarfélögin geti oft knúið eigendur landa til athafna, sem þeir sjálfir óski ekki eftir. Hins vegar sé ótvírætt af mörgum ástæðum, að forsvarsmenn sveitarfélags, sem hyggjast koma í veg fyrir, að eigandi lands fái eignarheimild sína skráða í veðmálabækur, séu komnir út fyrir heimildir sveitarfélaga til að hafa áhrif á umráð landsins.

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur hafi ekki stoð í lögum nr. 61 frá 31. október 1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur, en samkvæmt þeim lögum sé byggingarsamþykktin sett.

Ákvæði 31. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 séu yngri en umrædd skipting á landi þessu og komi því ekki til greina hér.

Tilvísun til 1. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914 dugi ekki, því ákvæðum hennar hafi verið fullnægt, með því að margoft sé búið að skrá eftir áritun lóðaskrárritara.

2. mgr. 11. gr. sömu laga séu gömul ákvæði. Markmiðið sé að afla sem beztra upplýsinga um eigendur lóða. Þetta eigi fyrrst og fremst um lóðir hér í borginni, en land þetta sé 2 ha að flatarmáli og langt utan byggðar. Það eigi ekki sömu sjónarmið við um land þetta og um lóðir hér inni í byggðinni.

Árið 1963 sé komin á áratuga hefð um að beita ekki takmörkun á skiptingu á landi.

Ákvæði 2. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914 séu eldri en ákvæði

þinglýsingarlaga nr. 30/1928 og beri því að fara eftir yngri lögunum að því leyti sem lögin séu ekki samrýmanleg.

Þá telur sóknaraðili, að borgaryfirvöld gætu fallið frá neitun um áritun í þeim tilfellum, þegar áritun hefði áður farið fram.

Að lokum ítrekaði sóknaraðili mikilvægi þess, bæði gagnvart einstaklingum og hinu opinbera, að veðmálabækur gæfu sem réttastar upplýsingar um eignarheimildir að fasteignum.

Enn fremur væri öryggi í því, að eignarheimildir að fasteignum væru skráðar á öðrum stað en í veðmálabókunum, ef það óhapp kynni að koma fyrir, að veðmálabækurnar mundu farast með einhverjum hætti.

Kröfu sína um synjun þinglýsingar styður varnaraðili með því, að lög heimili ekki þinglýsingu þessa, sbr. 1. mgr. 27. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965 og 31. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, en þeim hafi ekki verið fullnægt.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914 megi eigi, þá er merkjastefnu sé lokið, þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti að lóð eða hluta lóðar, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um, að eigendaskipta sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá, og í 2. mgr. sömu gr. komi fram, að ef skrásettri lóð sé skipt í hluta, tvo eða fleiri, megi ekki þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni.

Í þessu máli hafi ekki verið leitað til byggingarnefndarinnar þrátt fyrir skýlaus ákvæði þar að lútandi. Lóðaskrárritara hafi því verið óheimilt að árita afsalið, sbr. 6. gr. laga nr. 35/1923.

Ekki hafi verið leitað til byggingarnefndarinnar í þessu máli þrátt fyrir ákvæði 27. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur. Ef aðili vilji ekki una við afgreiðslu hennar, megi vísa málinu til borgarstjórnar og síðan ráðherra, sbr. 3. gr. byggingarsamþykktarinnar.

Þá mótmælir varnaraðili því, að lög nr. 30/1928 víki til hliðar 2. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914 að því leyti sem lögin séu ekki samrýmanleg. Löggjafinn undirstriki í 31. gr. laga nr. 19/1964 mikilvægi þess, að samþykki sveitarfélags komi til, þegar um skipti skipulagsskyldra landa eða lóða sé að ræða.

Það sé vitað, að borgaryfirvöld séu andvíg því, að skipt sé niður óskipulögðu landi, enda brýnir almannahagsmunir að slíkt sé ekki gert, því að slík skipting geti skapað mikil vandamál.

Fyrri áritun fyrir mistök réttlæti ekki áritun nú. Þá mótmælir

hann og þinglýsingu skjalsins með athugasemdum, því að hann telur, að þinglýsing með athugasemd muni verka á svipaðan hátt og athugasemdalaus þinglýsing.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 35/1914 má eigi, þá er merkjastefnu er lokið, þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti að lóð eða parti úr lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá, og í 2. mgr. sömu greinar segir, að ef skrásettri lóð sé skipt í hluta, tvo eða fleiri, megi ekki þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni.

Í þinglýsingarrétti Reykjavíkur 21. janúar 1971, sbr. rskj. nr. 10, upplýsti hr. Ellert B. Schram, þáverandi skrifstofustjóri borgarverkfræðings, að Reynisvatnsland hefði enn ekki verið skipulagt og að Reynisvatn væri á bújarðaskrá.

Samkvæmt fyrrgreindri lagagrein, 11. gr. laga nr. 35/1914, ber þinglýsingarbeiðanda að afla sér áritunar lóðaskrárritara á þau skjöl, er undir greinina falla. Má reikna með, að koma kunni til ágreinings milli þinglýsingarbeiðanda og borgaryfirvalda í sambandi við áritun þessa, en eigi verður séð, að það heyri undir þinglýsingardómara að úrskurða þann ágreining, heldur hina almennu dómstóla. Hafa því hin fortakslausu ákvæði 11. gr. laga nr. 35/1914 verið túlkuð svo, að skjal, sem ekki hafi verið áritað af lóðaskrárritara, væri ekki tækt til þinglýsingar, hins vegar hefur skjölum verið þinglýst, þegar um hefur verið að ræða sölu á spildu úr stóru landi, þótt lóðaskrárritari hafi látið þess getið, að byggingarnefnd hafi ekki samþykkt skiptinguna, sbr. hér að framan varðandi sölur á landspildum úr landi Reynisvatns.

Samkvæmt framanrituðu þykir því ekki verða hjá því komizt að vísa á bug kröfum sóknaraðilja, þ. e. bæði aðal- vara- og þrautavarakröfu varðandi þinglýsingu á afsali, útgefnu 2. október 1968 af Bjarna Kristjánssyni til Kristins Tómassonar fyrir spildu úr landi Reynisvatns, vegna skorts á áritun lóðaskrárritara.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur A. Pálsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan, en vegna annríkis hefur orðið nokkur dráttur á uppkvaðningu hans.

Því úrskurðast:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1973.

Nr. 27/1973: **Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir**
(Hörður Ólafsson hrl.)
gegn
Thorbergi Thorbergssyni
og Sigurgeir Jónssyni, skiptaráðanda
í Kópavogi f. h. dánarbús Kristins Eiríks Þorbergssonar
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skiptamál. Slysatryggingarfé. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Ólafur St. Sigurðsson, héraðsdómari í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða skiptadómsúrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1973. Hann gerir þær dómkröfur, að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um, að slysatryggingarfé, að fjárhæð kr. 600.000.00, frá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja skuli ekki renna til dánarbús Kristins Eiríks Þorbergssonar. Jafnframt krefst hann breytingar á úrskurðinum á þá lund, að slysatryggingarféð skuli allt greitt sér. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Thorbergs.

Stefndi Thorbergur Thorbergsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hinn stefndi skiptaráðandi hefur engar kröfur gert fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi og stefndi Thorbergur eru samkvæmt gögnum máls einkaerfingjar sonar síns, Kristins Eiríks Þorbergssonar, er lézt 25. marz 1971. Hann var þá skipverji á m/b Sjö-

stjörnunni, VE 92. Hafði útgerðarmaður bátsins slysatryggt skipverja hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja. Sú slysatrygging var keypt, að því er ætla verður, vegna ákvæðis í kjarasamningi útgerðarmanna og sjómanna, er kvað á um, skyldu útgerðarmanna til að slysatryggja þá sjómenn, sem samningurinn tók til.

Með bréfi 21. maí 1971 sendi Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja skiptaráðanda Kópavogs ávísun að fjárhæð kr. 600.-000.00. Voru það dánarbætur eftir Kristin heitinn samkvæmt nefndri slysatryggingu. Beiddist vátryggingarfélagið þess, að skiptaráðandi greiddi féð „lögerfingjum Kristins . . .“ heitins. Ágreiningur reis milli áfrýjanda og stefnda Thorbergs um tilkall til fjárins. Krafðist áfrýjandi þess, að slysatryggingarféð rynni ekki til dánarbúsins, heldur yrði það greitt beint til hans. Reisti hann tilkall sitt á því ákvæði kjarasamnings, er í héraðsdómi greinir, en hann taldi það ákvæði leiða til þess, að hann væri eini rétthafi til dánarbóta, sbr. 1. mgr. 102. gr. og 122. gr. laga nr. 20/1954. Stefndi Thorbergur taldi dánarbæturnar hins vegar eiga að falla til dánarbúsins og koma til skipta milli málsaðilja sem erfingja. Var þessi ágreiningur lagður undir úrskurð skiptaráðanda. Aðeins einn skuldheimtumaður hafði lýst kröfu í dánarbúið. Hafði hann ekki uppi kröfugerð vegna ágreinings þessa.

Skiptadómur úrskurðaði í fyrsta lagi, að slysatryggingarféð skyldi ekki renna inn í dánarbúið til skipta sem arfur. Fyrir Hæstarétti krefjast bæði áfrýjandi og stefndi Thorbergur staðfestingar á úrlausn skiptadóms um það atriði. Verður hinn áfrýjaði úrskurður því staðfestur að þessu leyti.

Í öðru lagi úrskurðaði skiptadómur, að slysatryggingarféð skyldi greiðast að jöfnu beint til áfrýjanda og stefnda Thorbergs. Samkvæmt framansögðu var það úrlausn skiptadóms, sem stendur óhögguð, að slysatryggingarféð ætti ekki að falla til dánarbúsins. Að svo vöxnu bar það ekki undir skiptaráðanda að leysa úr ágreiningi málsaðilja um tilkall þeirra til dánarbótanna. Verður því að ómerkja ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um það atriði og vísa málinu að því leyti frá skiptadóminum.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að áfrýjandi hefur stefnt Sigurgeir Jónssyni bæjarfógeta fyrir Hæstarétt, en eigi Ólafi St. Sigurðssyni héraðsdómara, svo sem rétt hefði verið samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1895. Enn fremur, að mjög þykir skorta á skýrleik í málflutningi lögmanna aðilja.

Dómsorð:

Framangreint ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar á að vera ómerkt, og er þeirri kröfu vísað frá skiptadómi Kópavogs.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um, að framangreint slysatryggingarfé frá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, að fjárhæð kr. 600.000.00, skuli ekki renna í dánarbú Kristins Eiríks Þorbergssonar, svo og ákvæði úrskurðarins um málskostnað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Kópavogs 17. janúar 1973.

Mál þetta ber að sem hér segir:

Hinn 25. marz 1971 lézt af slysförum við vinnu sína um borð í vélbátnum Sjöstjörnunni, VE 92, Kristinn Eiríkur Þorbergsson, Álfhólsvegi 143 í Kópavogi. Þegar slysið skeði, var verið að skipa upp afla úr bátnum í Vestmannaeyjahöfn, en Kristinn heitinn var lögskráður 2. vélstjóri bátsins. Hann var ókvæntur og barnlaus.

Kristinn Eiríkur Þorbergsson var fæddur í Kanada 24. júní 1952, sonur hjónanna Ólínu Hólmfríðar Kristinsdóttur, sem nú er búsett á Höfn í Hornafirði, og Thorbergs Thorbergssonar, nú til heimilis í New Westminster, British Columbia í Kanada. Þau hjón slitu samvistum árið 1955, og fluttist Ólína þá til Íslands með drenginn, þar sem hún hefur búið síðan, en Thorbergur varð eftir áfram í Kanada og býr þar nú, sem að ofan greinir.

Hinn 30. ágúst 1958 gaf dómsmálaráðherra út leyfisbréf til lögskilnaðar þeirra hjóna, Ólínu og Thorbergs, samkvæmt ósk Ólínu, og var þar ákveðið, að hún skyldi hafa forræði barns þeirra, Kristins Eiríks, sem hún hafði haft hjá sér, frá því þau fluttu frá Kan-

ada. Eigi var í greindu lögskilnaðarleyfisbréfi kveðið á um neinar meðlagsgreiðslur af hálfu Thorbergs vegna drengsins, enda hafði Ólína ekki gert neinar kröfur í þá átt.

Ólína giftist síðar Magnúsi Árnasyni matsveini, og bjó Kristinn heitinn æ síðan á heimili þeirra, síðustu árin að Álfhólsvegi 143 í Kópavogi, en þar var heimili þeirra, þar til þau fluttu til Hafnar í Hornafirði á s.l. hausti.

Með bréfi, dags. 21. maí 1971, sendi Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja skiptaráðandanum í Kópavogi tékka að fjárhæð kr. 600.000.00 ásamt tilmælum um greiðslu fjárins til lögerfingja Kristins heitins. Var hér um að ræða greiðslu tryggingarbóta vegna dauða Kristins heitins samkvæmt samningi Sjómannasambands Íslands f. h. íslenzkra sjómanna og samtaka útgerðarmanna hins vegar.

Innköllun var gefin út 8. júní 1971, þar sem skorað var á alla þá, er teldu til arfs eða skulda í dánarbúið, að lýsa kröfum sínum fyrir skiptaráðanda innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu.

Að loknum innköllunarfresti var haldinn skiptafundur í búinu 23. nóvember 1971. Fundinn sótti sóknaraðili, Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir, og með henni lögmaður hennar, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður. Hafði Ólína ein gert kröfu til arfs. Aðrar kröfur höfðu ekki verið gerðar utan krafa vegna þinggjalda ársins 1971 að upphæð kr. 8.021.00. Var þar lýst yfir, að engar eignir væru í búinu, en fyrrnefndar dánarbætur frá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 600.000.00, væru í vörzlu skiptaráðanda. Ákveðið var, að lögmaður sóknaraðilja tæki að sér að koma fram kröfu á hendur Tryggingastofnun ríkisins vegna lögboðinna dánarbóta. Þá upplýsti sóknaraðili, að faðir Kristins heitins, Thorbergur Thorbergsson, væri á lífi og búsettur einhvers staðar í Vesturheimi. Hefðu þau Thorbergur slitið samvistum, þegar drengurinn var tveggja ára, og hefði hann aldrei greitt neitt með barninu eða skipt sér neitt af því síðan.

Með bréfi Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 10. febrúar 1972, er þess farið á leit við skiptaráðanda, að sóknaraðilja verði greiddar út dánarbæturnar frá bátaábyrgðarfélaginu, þar sem enginn annar en hún hefði gert arfstilkall og innköllunarfrestur liðinn. Þá segir enn fremur svo í bréfi þessu:

„Drengurinn á föður á lífi vestur í Ameríku eða Canada. Hefur heyrzt, að hann muni gera kröfu til hlutdeildar í umræddum dánarbótum, en svo fremi að af því verði, mun þeirri kröfu mótmælt, auk þess sem til skuldajafnaðar yrði gerð krafa um greiðslu

föðurins á meðlagi með drengnum til fullnaðs 16 ára aldurs og til greiðslu lífeyris með konunni, en faðirinn hefur aldrei innt af hendi neinar greiðslur. Ennfremur mundi þess krafizt, ef maðurinn hugsar sér að deila um þetta hér fyrir dómi, að hann leggi fram fulla peningatryggingu fyrir málskostnaði í því máli, ef hann skyldi tapa því. Hjónin munu hafa gift sig 21. apríl 1951, en slitið samvistum 22. marz 1955. Lögskilnaðarleyfi var gefið út hér að manninum fjarverandi."

Með bréfi, dags. 16. febrúar 1972, til skiptaráðanda gerði Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður erfðatilkall í búið f. h. Thorbergs Thorbergssonar, varnaraðilja í máli þessu. Skiptaráðandi hafði þá rétt áður skrifað varnaraðilja og gert honum grein fyrir gangi málsins fram að því og fyrirhugaðri kröfugerð af hálfu sóknaraðilja, gerði hann tilkall til arfs úr búinu.

Á skiptafundi hinn 23. marz 1972 mótmælti sóknaraðili erfðatilkalli varnaraðilja sem of seint fram komnu. Jafnframt lýsti hann þeirri skoðun sinni, að í búinu væri ekki um neinn arf að ræða, þar sem dánarbæturnar væru. Var ákveðið að stofna til sérstaks skiptamáls um ágreininginn, en af hálfu sóknaraðilja var gerður áskilnaður þess efnis að koma á síðara stigi málsins fram kröfu um framfærslueyri vegna Kristins heitins og lífeyris til sóknaraðilja af hugsanlegum arfshluta varnaraðilja.

Sóknaraðili lagði fram greinargerð af sinni hálfu í þinghaldi 21. apríl 1972. Samkvæmt henni gerir hann þær kröfur, að sér verði greiddar þær dánarbætur, sem í málinu greinir, alls kr. 753.480.00, þ. e. samningsbætur, kr. 600.000.00, og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 153.480.00, svo og málskostnaður úr hendi varnaraðilja samkvæmt taxta L. M. F. Í. miðað við helming þeirrar fjárhæðar, sem um sé deilt, auk alls annars kostnaðar af þessu deiluefni sérstaklega.

Þá gerði sóknaraðili kröfu þess efnis, að varnaraðili skili jafnframt greinargerð af sinni hálfu málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 80.000.00 í peningum eða í bankatryggingu, ella verði kröfum hans vísað frá dóminum.

Greinargerð af hálfu varnaraðilja kom fram í þinghaldi 27. apríl 1972. Gerði hann þær kröfur, að helmingur eigna dánarbúsins verði lagður sér út sem arfur. Hann krafðist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Varðandi kröfu sóknaraðilja um málskostnaðartryggingu af sinni hálfu krafðist varnaraðili þess, að henni yrði synjað.

Leitað var sátta með aðiljum, bæði að því er varðaði kröfu sókn-

araðilja um málskostnaðartryggingu og um efnishlið málsins. Sættir tókust ekki, og krafðist varnaraðili, að úrskurður gengi um ágreininginn um málskostnaðartryggingu.

Að undangengnum munnlegum málflutningi var kveðinn upp úrskurður um atriðið 11. september s.l., og var kröfu sóknaraðilja synjað. Þessi niðurstaða skiptaréttarins var staðfest með dómi Hæstaréttar 17. október s.l.

Í þinghaldi 18. desember s.l. voru lögð fram ýmis skjöl, þ. á m. bréf, dags. 14. þ. m. frá Tryggingastofnun ríkisins til skiptaráðanda. Í bréfi þessu segir svo:

„Á fundi tryggingaráðs þann 13. des. s.l. var samþykkt að greiða Magnúsi Árnasyni, Álfhólsvegi 143, Kópavogi, dánarbætur föður vegna Kristins Eiríks Þorbergssonar, sem lézt af slysförum þann 25. marz 1971.

Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingadeild, mun greiða beint til móður og stjúpföður, Ólínar Hólmfríðar Kristinsdóttur og Magnúsar Árnasonar, Álfhólsvegi 143, Kópavogi, kr. 76.740.00 til hvors."

Lögmenn aðilja lýstu því yfir, að gagnasöfnun af þeirra hálfu væri lokið. Fór síðan fram munnlegur málflutningur hinn 8. þ. m., og var málið tekið til úrskurðar.

Kröfugerð aðilja, eins og hún er nú fram sett, er á þessa leið:

Sóknaraðili, Ólína Hólmfríður Kristinsdóttir, gerir þær dómkröfur, að sér verði með úrskurði réttarins greiddar þær kr. 600.000.00, þ. e. sú fjárhæð, sem dánarbúinu hefur greiðzt af Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, auk málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati réttarins.

Af hálfu varnaraðilja, Thorbergs Thorbergssonar, eru þær kröfur gerðar, að honum verði greiddar sem erfðahluti eftir látinn son hans, Kristin Eirík Þorbergsson, helmingur af nettóeign dánarbúsins, fjármunum og fjárréttindum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati réttarins og beri þá sérstaklega að hafa í huga þann þátt málsins, sem þegar hafi verið fluttur bæði í héraði og Hæstarétti.

Að málflutningi loknum var því lýst yfir af hálfu aðilja, að þeir væru sammála um, að úrskurður í máli þessu fjallaði eingöngu um ráðstöfun á þeim kr. 600.000.00, sem greiddar voru af Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja. Af hálfu varnaraðilja var bókaður áskilnaður þess efnis, að við áframhald skiptameðferðar búsins sé haldið fast við kröfu um greiðslu helmings af eignum búsins og fjárréttindum, þ. á m. bóta þeirra frá Trygginga-

stofnun ríkisins, sem greiddar hafi verið til móður og stjúpföður hins látna.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að umræddar dánarbætur séu ekki arfur, sem skipta beri eftir erfðalögum, enda eigi féð ekki að renna inn í dánarbúið. Heimilda til úthlutunar fjárins sé að leita í samningi hins látna við atvinnveitendur sína, þ. e. í samningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna frá 19. febrúar 1971. Í a lið 27. gr. þess samnings sé kveðið á um, að útgerðarmaður kaupi atvinnuslysatryggingu fyrir skipverja fyrir kr. 600.000.00 miðað við dauða, en kr. 800.000.00 við fulla örorku. Greiðist upphæðin aðstandendum hlutaðeiganda, ef hann deyi. Þeir aðstandendur, sem þarna sé átt við, séu þeir, sem voru á framfæri hins látna, eða þeir, sem hafi kostað og séð um uppeldi hans og framfærslu. Þessari skoðun til staðfestu bendir sóknaraðili á álitsgerð af hálfu Sjómannasambands Íslands, sem liggi fyrir í málinu.

Það sé upplýst og staðfest í málinu, að varnaraðili hafi ekkert meðlag greitt með syni sínum frá því hann var tveggja ára og ekkert skipt sér af honum síðan á nokkurn hátt. Sóknaraðili hafi því ein fyrst í stað og síðan ásamt eiginmanni sínum að öllu leyti kostað uppeldi og framfærslu Kristins heitins. Því sé það hún ein, sem eigi að hljóta dánarbæturnar. Slík niðurstaða sé að öllu leyti eðlileg og í samræmi við réttarvitund venjulegs fólks og öll siðfræðilögmál. Þá sé þess að geta, að ákvörðun tryggingaráðs varðandi dánarbætur samkvæmt lögum um almannatryggingar sýni ótvírætt, að slík niðurstaða varðandi hinar samningsbundnu dánarbætur sé rétt. Megi og fullyrða, að sú niðurstaða styðjist beint og óbeint við ýmis ákvæði almannatryggingalaganna og sérstaklega við anda þeirra.

Sóknaraðili heldur því fram, að ákvæði laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, og þá sérstaklega 105. gr. þeirra, geti alls ekki átt við hér, þegar af þeirri ástæðu, að atvik málsins leyfi það ekki, sbr. niðurlag 1. mgr. nefndrar 105. gr. laganna.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að tryggingarfé það, sem hér um ræðir, sé þáttur í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þ. e. þáttur í launakjörum, sem hinn látni naut, og því beri að líta á það sem eftirlátnar eignir hans. Hefði hinn látni aðeins orðið fyrir slysi, þá hefði hann sjálfur fengið greiddar bætur, en við dauðaslys greiðist bæturnar nánustu aðstandendum hans, þ. e. dánarbúi hans. Hins vegar sé það ekki á valdi samningsaðilja að kjarasamningum að segja til um það, hvernig

féð eigi að skiptast milli aðstandenda, enda engin tilraun gerð til þess. Þar skeri hin almennu erfðalög úr. Reglur erfðaréttarins setji því og ákveðin takmörk, að vátryggingartaki ráðstafi slíku tryggingarfé, sbr. og ákvæði í 2. mgr. 104. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Varnaraðili mótmælir því, að hjónalíf eða fjármálaviðskipti foreldra arfláta geti haft áhrif á réttarstöðu þeirra við erfðaskiptin eftir son þeirra. En eftir því, sem séð verði af gögnum málsins, og það sé í samræmi við staðreyndir, þá muni það í þessu tilfelli hafa verið sóknaraðili, sem yfirgaf eiginmann sinn, varnaraðilja, og tók með sér son þeirra heim til Íslands. Ekki sé vitað til þess, að hún hafi nokkru sinni krafið varnaraðilja um meðlag með drengnum né á annan hátt haft samband við hinn fyrrverandi eiginmann sinn, eftir að þau slitu samvistum. Í þessu sambandi tekur varnaraðili fram, að því sé ekki haldið fram, að sóknaraðili hafi á nokkurn hátt verið á framfæri hins látna, heldur þvert á móti sé það viðurkennt, að svo hafi ekki verið. Þá sé til þess að líta, að gagnkvæm framfærsluskylda sé milli kynforeldra og barna, en ekki milli stjúpbarna og stjúpforeldris samkvæmt íslenzkum lögum.

Um skiptingu fjárins kveður varnaraðili það ótvírætt, að fara beri eftir ákvæðum í 4. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, en þar sé vísað til erfðaréttarins. Sóknaraðili haldi ekki lengur fram kröfu sinni þess efnis, að arfstilkall sitt sé of seint fram komið, enda eigi slík málsástæða sér enga lagastoð.

Forsendur og niðurstaða.

Umrædd atvinnuslysatrygging er tekin af hlutafélaginu Höfn í Vestmannaeyjum, útgerðaraðilja m/b Sjöstjörnunnar, VE 92, til þess að fullnægja áðurnefndum ákvæðum í 27. gr. kjarasamnings milli útgerðarmanna og sjómanna. Í 13. gr. skilmála, sem fylgja tryggingarskírteininu, segir, að ákvæði laga nr. 20/1954 gildi um þau atriði, sem ekki séu ákvæði um í skírteininu eða sérskilmálum.

Í 122. gr. nefndra laga segir, að ákvæði 102.—106. gr. laganna gildi um slysa- og sjúkratryggingar eftir því, sem við eigi. Samkvæmt tryggingarskírteininu eru sex ónafngreindir menn tryggðir atvinnuslysatryggingu fyrir kr. 600.000.00 hver um sig, ef slys veldur dauða. Ekki eru í skírteini þessu greindir eða tilnefndir sérstakir rétthafar, sem greiða skuli tryggingarfjárhæðina, og ekki er fram komið, að tryggingarfélaginu hafi skriflega verið tilkynnt um rétthafa.

Telja verður það augljóst og ótvírætt, og um það er ekki deilt

í málinu, að tilgangur ákvæðanna í a lið 27. gr. kjarasamningsins sé sá, að tryggingarféð skuli koma aðstandendum skipverja, en engum öðrum, til góða, ef hann ferst, og verði þessu eigi breytt eða það afturkallað, hvorki af tryggingartaka né hinum tryggða. Útgerðarmaðurinn tekur trygginguna á þessum forsendum og með þetta í huga til þess að fullnægja samningsskyldum sínum, og er tryggingarfélaginu um það kunnugt.

Þar sem þessu er á þennan veg farið um kaup tryggingarinnar og önnur atvik, verður eigi talið, að hin ströngu formskilyrði í 103. gr. vátryggingarsamningalaganna eigi hér við. Því ber að líta á tryggingu þessa sem til hagsbóta aðstandendum hins tryggða og sé þar átt við „nánustu" aðstandendur. Verður því umrætt tryggingarfé ekki dregið inn í búið. Er sú úrlausn í samræmi við reglur erfðaréttar um líftryggingarfé, þar sem rétthafi er tilnefndur. Styðst hún og af gagnályktun af ákvæðum 104. gr. nefndra laga.

Eins og að ofan er getið, hefur einn aðili, skattheimta ríkissjóðs, gert kröfur í dánarbúið utan málsaðilja. Hefur þessi aðili eigi kosið að gera kröfur af sinni hálfu um sakarefni þessa máls.

Um skiptingu fjárins verður að telja, að fara beri eftir leiðbeiningum í 4. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1954, þar sem eigi verður talið, að sýnt hafi verið fram á, að atvik málsins eigi að leiða til annars.

Kristinn Eiríkur Þorbergsson var ókvæntur og barnlaus, eins og áður er greint. Eru því málsaðiljar, foreldrar hans, einu lögerfingjarnir.

Eftir því, sem nú hefur verið sagt, er niðurstaða sú, að umrætt tryggingarfé, kr. 600.000.00, sem er í vörzlum skiptaréttarins, skal ekki draga undir skipti í dánarbúinu, en greiðast að jöfnu beint til málsaðilja.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktunarorð:

Tryggingarfé að upphæð kr. 600.000.00 frá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja skal ekki renna inn í dánarbú Kristins Eiríks Þorbergssonar, heldur skal það greiðast að jöfnu beint til málsaðilja, Ólínu Hólmfríðar Kristinsdóttur og Thorbergs Thorbergssonar.

Málskostnaður fellur niður.